Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1949, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 4. febrúar 1952, nr. 26.

Lög um breyting á lögum nr. 44/1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kaaptúnnum, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 27.

Lög um gjald af kvikmyndasýningum, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 28.

Lög um heimild fyrir sveitarstjórnir til að innheimta með álagi fasteignaskatta til sveitarsjóða, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 29.

Lög um hámark húsaleigu o. fl., undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 30.

Lög um skipun prestakalla, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 31.

Lög um breyting á lögum nr. 32 7. maí 1928, um sundhöll í Reykjavík, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 32.

Lög um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 33.

Lög um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl., undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 34.

Fjárúkalög fyrir árið 1949, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 5. febrúar 1952, nr. 35.

Lög um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kaaptúnnum, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 16. febrúar 1952, nr. 36.

1

23/3'49

REGLUR

um starfrækslu talstöðva, sem landssíminn lætur á leigu í þágu öryggisþjónustu í verstöðum.

1. gr.

Talstöðvarnar eru opnar eingöngu til neyðar- og öryggisviðskipta á kall- og neyðarbylgjunni 1650 krið/s. (182 m).

2. gr.

Um talstöðvar þessar mega ekki önnur viðskipti eiga sér stað en þau, er beint varða öryggi skipa við landtöku og innsiglingu, aðstoð við miðanir og annað það, er talizt getur til neyðar- og öryggisþjónustu.

Talstöðvum þessum er skylt að sinna neyðarþjónustu og þjónustu vegna öryggis mannlífa á sjónum, og þegar svo ber undir má ekki loka stöðinni fyrir en neyðarþjónustunni er að fullu lokið.

3. gr.

Í leyfisbréfi talstöðva þessara er ákveðið kallmerki þeirra. Leyfishafi, sem tilgreindur er í leyfisbréfi stöðvanna, ber allan kostnað af og alla ábyrgð á starfrækslu þeirra.

Afnotagjald og önnur gjöld fyrir þessar talstöðvar ákveður póst- og símamálastjórnin.

4. gr.

Talstöðvarnar skulu starfræktar af manni, sem hefur tilskilið skírteini talstöðvarmanns gefið út af póst- og símamálastjórninni, og skal hann undirrita þagnarheiti, en auk þess eru þeir, er ábyrgð bera á starfrækslu talstöðva, bundnir slíku þagnarheiti, enda þótt þeir hafi ekki undirritað það.

5. gr.

Öll boð og orðsendingar, sem afgreiða á til eða frá skipum á hafi úti og send eru um talstöðvar þessar, skulu færðar í dagbók stöðvarinnar. Boð og orðsendingar frá skipum til slysavarnafélagsins eða björgunarsveita þess, skulu afgreidd með símtali eða í símskeyti, en kostnaður við slíkar sendingar skal starfrækjandi talstöðvanna bera ábyrgð á.

6. gr.

Verði talstöðvarvörður var við, eða fái hann tilkynningu um, að skip þurfi á aðstoð að halda, skal hann undantekningarlaust tilkynna það næstu strandarstöð landssímans, sem síðan tilkynnir það slysavarnafélaginu í Reykjavík.

7. gr.

Brjótí talstöðvarvörður reglur þessar eða aðrar gildandi reglur, alþjóða og innlendar um radióstöðvar, varðar það missi starfskírteinis og/eða lokun stöðvarinnar, ef brotið telst alvarlegs eðlis, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

8. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 13. gr. reglugerðar um rekstur radióstöðva, nr. 113 20. júní 1945, og ganga í gildi 1. apríl 1949.

Póst- og símamálastjórnin, 23. marz 1949.

Guðmundur Hlíðdal.

Einar Pálsson.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá Sundhallar Reykjavíkur, nr. 52 31. marz 1948.

I. Aðgangseyrir.

1., 2., 5. og 6. töluliðir breytist svo:

1. Fullorðnir, einstök skipti:

a. í eins manns klefum	kr. 3.00
b. í hópklefum	— 2.50
2. Börn, einstök skipti	— 1.00
5. Mánaðarkort fullorðinna	— 45.00
6. Mánaðarkort barna	— 15.00

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Þetta tilkynnist öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. janúar 1952.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

I. RAFORKA

Rafmagnsveita Reykjavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Þar, sem raforkan er aðallega notuð til lýsingar, skal hún seld:

1. Um kwst.mæli á 175 aura hver kwst.
2. Um hemil eða hemil-mæli á 220 kr. hvert árshektowatt, og skal hemilstillingin ávallt standa á heilu hw. og bil milli tveggja stillinga eigi vera minna en 10% hinnar hærri. Umframnotkun skal seld samkv. gjaldskrárlið A1. Samkvæmt þessum lið má selja útiljós, enda þótt mælitækjum verði ekki við komið.
3. Um kwst.mæli á 44 aura hver kwst. auk fastagjalds, er nemi 220 kr. á ári fyrir allt að 25 m² gólfflatarmáls í rúmi því, er lýsa skal, og 6.50 kr. fyrir hvern m² umfram 25 m². Fullt flatargjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal deila fermetragjaldinu með 3.5.
4. Um tvígjaldsmæla, ef um meir en 2.5 kw. afl er að ræða og notkunartíminn er meiri en 600 klst. á ári, á 175 aura á kwst. á ljósátíma, en 44 aura á kwst. utan ljósátíma. Ljósatíminn skal talinn þessi:

Í apríl til ágúst frá kl. 20½ til kl. 22.

Í sept. og marz frá kl. 19 til kl. 22.

Í okt. og febr. frá kl. 17½ til kl. 22.

Í nóv. og janúar frá kl. 16 til kl. 22.

Í desember frá kl. 15 til kl. 22.

Ef ársnotkun er meiri en 20000 kwst. má veita afslátt á notkun utan ljósátíma samkv. ákvæðum gjaldskrárliðs C4.

Verði tvígjaldsmæli ekki við komið, er heimilt að nota einfalda ljósmæla undir þessum gjaldskrárlið og skal þá reikna 7 kwst. ársnotkun á hvern fermetra gólfflatar, sem notkun á ljósátíma, en alla notkun umfram það, sem notkun utan ljósátíma, eins og ákveðið er hér að ofan.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

1. Um tvöna kwst.mæla, annan til ljósa, en hinn til heimilisvéla. Um ljósamælinn reiknast ljósagjald samkvæmt A1, á hinn mælinn 44 aurar á kwst. Þennan gjaldskrárlið má einnig nota fyrir skrifstofur, verzlánir og verkstæði, en þó ekki fyrir 3-fasa hreyfla.
2. Um einn kwst.mæli á 38 aura hver kwst., og auk þess fastagjald, kr. 36.00 á ári af hverju íbúðarherbergi heimilisins.

Leiga af mælinum er innifalin í fastagjaldinu.

Eftir þessum gjaldskrárlið má selja rafmagn til suðu til veitingahúsa, gistihúsa og annarra slikra staða, sem ekki verða taldir heimili, enda sé þá rafmagnið selt um sérmæli, og leiga goldin af sérmælinum, en herbergjagjald ekki reiknað.

3. Um hemil-mæla 1300 kr. hvert árskw., og auk þess 36 aura á kwst. fyrir umframnotkun. Hemilstillingin skal vera minnst 500 wött að viðbættum 100 wöttum fyrir hvert íbúðarherbergi fram yfir tvö.

Þennan gjaldskrárlið, B3, má einnig nota fyrir skrifstofur, verzlánir og verkstæði, þó eigi fyrir 3-fasa hreyfla, og skal þá miða stillingu hemilsins við 500 wött fyrir fyrstu 25 m² gólfplatar eða minna og síðan 100 wött fyrir hverja 12 m² eða minna, og skal reiknaður út eftir sömu reglum og settar eru fyrir gjaldskrárlið A3. 3 16. jan.

Reglur um útreikning herbergja.

Í útreikningi á fjölda herbergja í íbúð skal aðeins telja stofur og svefnherbergi o. þ. h., en ekki eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö.

Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m² má reikna með þeirri meðalstærð.

C. Vélar.

Þar, sem raforka er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst.mæli á 85 auru kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds frá 100 til 175 kr. á hvert uppsett kw. vélanna.

Eftir þessum gjaldskrárlið má selja raforku til barna- og unglingskóla, sjúkrahúsa, kirkna og annarra þess háttar opinberra stofnana. Svo og til vinnulagna við byggingar meðan á byggingum stendur.

2. Um mestumæla fyrir mesta notað afl á árinu þannig:

260 kr. á árskw. fyrir fyrstu 50 kw.
210 kr. á árskw. fyrir næstu 50 kw.
160 kr. á árskw. fyrir umfram 100 kw.

Og auk þess skal greiða kwst.gjald, er reiknast þannig:

Fyrstu 200 000 kwst. ársnotkun á 12 auru hver kwst.
Umfram 200 000 kwst. ársnotkun á 9 auru hver kwst.

3. Um hemilmæla á 860 kr. á árskw. og 44 auru á kwst. öll umframnotkun. Rafmagnsstjóri ákveður stillingu hemilmælisins í hvert skipti í hlutfalli við vélaaflið.

Þennan gjaldskrárlið má einnig nota til hitunar í iðnaði.

4. Um tvígjaldsmæli, ef um meira en 5 kw.afl er að ræða, og notkunartíminn er meira en 500 klst. á ári, á 175 auru á kwst. á dýra tímanum, sem talinn skal frá kl. 10.45 til 12.00, en 44 aurar á kwst. endranær.

Ef ársnotkun utan dýra tímans er meiri en 200 000 kwst., má veita afslátt á þeirri notkun, og reikna gjaldið þannig:

Fyrstu 20 000 kwst. á ódýra tímanum 44 auru á kwst.
Næstu 30 000 kwst. á ódýra tímanum 35 auru á kwst.
Umfram 50 000 kwst. á ódýra tímanum 26 auru á kwst.

Við þennan gjaldskrárlið má einnig nota einfalda kwst.mæla, en þá skal reikna gjaldið 60 auru á kwst.

Afslátt skal reikna þannig að gjaldið verði:

Fyrstu 20 000 kwst. á 60 auru á kwst.
Næstu 30 000 kwst. á 50 auru á kwst.
Umfram 50 000 kwst. á 40 auru á kwst.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 21 auru á kwst., enda sé þá minnsta notkun 10 000 kwst. á ári.
2. Um kwst.mæli á 17 auru á kwst., ef straumur er rofinn með klukkurofa, frá kl. 10.45 til 12.00 og frá kl. 18.30 til 19.45. Sameina má þennan gjaldskrárlið B2,

3
16. jan.

- enda skal þá talið á B2-lið 1000 kwst. notkun fyrir eins herbergis íbúðir og 600 kwst. að auki fyrir hvert herbergi, sem þar er fram yfir, allt að 3000 kwst. á ári.
3. Um kwst.mæli á 10 aura á kwst., ef straumurinn er rofinn með klukkurofa, frá kl. 9 til 12 og 6 klst. á tímanum frá kl. 15 til kl. 23.
 4. Um kwst.mæli á 7.5 aura á kwst., ef straumurinn er rofinn með klukkurofa, frá kl. 8 til 23, enda séu nægilega stórir hitageymar settir upp fyrir dagnotkunina. Þegar um er að ræða hitun í húsrúmi, sem er yfir 2000 m³ að stærð eða aðra hliðstæða notkun að afli, er heimilt að láta í té straum á tímanum 12½ til 15½ ef þörf gerist.
 5. Um tvígjaldsmæla á 10 aura kwst., frá kl. 23 til kl. 8, og 44 aura hver k½st. frá kl. 8 til kl. 23.

Selja má rafmagn samkvæmt þessum gjaldskrárlið til véla, sem uppfylla skilyrði fyrri gjaldskrárlið C4, ef straumur er rofinn af lögninni með klukkurofa, frá kl. 10.45 til kl. 12.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- a. Að vélaafl, götulinur og spennar þoli álagið að dómi rafmagnsstjóra.
- b. Að notandi kosti tengingu klukkurofa og greiði leigu fyrir hann samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum Rafmagnsveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

E.

Þegar sérstaklega stendur á, má rafmagnsstjóri selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema til komi samþykki bæjarráðs.

F.

Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn eftir tillögum bæjarráðs.

G.

Fyrir hver 10 stig, sem kaupgjaldsvisitatala Hagstofu Íslands hækkar eða lækkar frá 155 stigum, er heimilt að hækka eða lækka raforkureikning Rafmagnsveitunnar um 6%. Telji bæjarstjórn Reykjavíkur nauðsyn á að ráðstafanir séu gerðar til að draga úr rafmagnsnotkun, er henni heimilt, sem einn lið í þeirri ráðstöfun, að hækka rafmagnsverðið á notkun umfram meðalnotkun í hverjum gjaldskrárlið um allt að 10-földu verði. Í útreikningi meðalnotkunar skal tekið tillit til orku- og aflþarfar.

II. MÆLALEIGA

Rafmagnsstjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

Tegund mælitækja	Ársleiga í kr.		
	upp að 30 amp.	35-37 amp.	yfir 75 amp.
Einfasa kwst.mælar, hemilmælar og hemlar	27.00	„	„
Þrífasa kwst.mælar, þrífasa hemilmælar, einfasa frádráttarmælar, lausir	60.00	90.00	120.00
Tvígjaldsmælar, mestumælar	90.00	120.00	150.00
Lausar skiptiklukkur, einar sér	27.00	„	„

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem 3 næst 15% af mælitækis-verðinu, og semur rafmagnsstjóri nánari skrá um leiguna. 16. jan. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. OPNUNAR- OG TENGIGJÖLD

- a. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun 25 krónur.
- b. Ef bundin eru óleyfileg vör við skoðun eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 25 krónu gjald á skrifstofu Rafmagnsveitunnar.
- c. Fyrir skoðun á raflögn við úttekt skal greiða tengigjald, er reiknast þannig:

1. Nýjar veitur:

Fast gjald	12 kr.
og auk þess á hverja grein	4 —

2. Breyting á veitum:

Fast gjald	8 —
og auk þess á breytta grein	2 —
og auk þess á nýja grein	4 —

Fyrir endurskoðun skal greiða tvöfalt gjald.

Fyrir smávægilegar breytingar, þegar ekki er um að ræða aukningar, má falla frá innheimtu fastagjalds.

IV. HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugagjald innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur skal miða við rúmmál húsa á þann hátt, sem hér segir:

Rúmmál húsa í teningsmetrum:

Heimtaugargjöld:

	Jarðstrengur kr.	Lofllína kr.
Allt að 239	720.00	300.00
240— 299	960.00	400.00
300— 359	1080.00	560.00
360— 419	1200.00	700.00
420— 469	1320.00	800.00
470— 519	1540.00	880.00
520— 559	1640.00	940.00
560— 599	1640.00	1000.00
600— 679	1820.00	1100.00
680— 749	2000.00	1200.00
750— 889	2220.00	1300.00
890—1019	2400.00	1400.00
1020—1139	2540.00	1500.00
1140—1249	2640.00	1580.00
1250—1349	2740.00	1660.00
1350—1449	2810.00	1740.00
1450—1549	2880.00	1800.00
1550—1799	3000.00	1900.00
1800—1999	3120.00	2000.00

3 16. jan.	Rúmmál húsa í teningsmetrum:	Heimtaugargjöld:	
		Jarðstrengur kr.	Loftlína kr.
	2000—2399	3360.00	2100.00
	2400—2799	3600.00	2200.00
	2800—3199	3840.00	
	3200—3599	4080.00	
	3600—3999	4320.00	
	4000—4399	4560.00	
	4400—4699	4800.00	

Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 m eða lofttaugar fram úr 40 m skal húseigandi kosta það, sem fer yfir. Standi sérstaklega á eða séu sérstakir örðugleikar við lagningu heimtaugar, má krefjast sérstaks endurgjalds af húseiganda, en gera skal honum aðvart um það fyrir fram.

Standi sérstaklega á, er rafmagnsstjóra heimilt að semja um heimtaugargjaldið við húseiganda.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur, nr. 221 25. október 1950.

Atvinnumálaráðuneytið, 16. janúar 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

4
17. jan. um breytingu á lyfsöluskrá frá 15. marz 1951, sbr. auglýsingu 27. september 1951 um 10% hækkun á lyfjaverði frá því, sem greint er í nefndri lyfsöluskrá.

Frá og með 1. febrúar 1952 og þar til öðruvísi verður ákveðið hækkar verð á lyfjum, ilátum og umbúðum, svo og vinnu við lyfjagerð um 10%, og verður 20% — tuttugu af hundraði — hærri en greinir í lyfsöluskrá frá 15. marz 1951.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 17. janúar 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Rafveitu Seyðisfjarðar, nr. 108 8. ágúst 1949.

5
23. jan.

Auk heimildar í gjaldskránni til 20% hækkunar á raforkuverði, er bæjarstjórn heimilt að hækka öll gjöld samkvæmt gjaldskránni um 50%, þar til annað kann að verða ákveðið.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 23. janúar 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir rafveitu Kaupfélags Langnesinga, Þórshöfn.

6
24. jan.

I. RAFORKA

Rafveita Kaupfélags Langnesinga, Þórshöfn, selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Um kwst.mæli á kr. 2.50 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

B. Suða.

Um kwst.mæli á kr. 1.00 hver kwst. Eftir þessum gjaldskrárlið er einungis seld raforka til fastengdra suðutækja.

C. Vélar.

Þar sem orkan er seld til vélareksturs skal hún seld um kwst.mæli á kr. 1.80 hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til götu- og hafnarlýsingar, svo og til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur.

II. MÆLALÆIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- | | |
|---|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. | kr. 2.00 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni | — 3.00 — — |
| 3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp. | — 7.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem hér eru nefnd, skal leigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

6

III. HEIMTAUGAGJALD

24. jan.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við veitukerfi rafveitunnar, skal greiða heimtaugagjald. Skal það vera sem hér segir:

1. Grunnkjald fyrir hverja loftlínuheimtaug kr. 760.00
2. Grunnkjald fyrir hverja jarðlínuheimtaug — 1140.00

Auk þessa grunnkjalds skal greiða kr. 5.00 af hverju þúsundi króna af brunamati húsa og mannvirkja. Hálfu þúsundi eða minna í brunabótamati skal sleppt í útreikningi þessum, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt getur rafveitustjóri eða stjórnarnefnd Kaupfélags Langnesinga samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat. Húseigandi greiðir grunnkjald heimtaugar um leið og heimtaugaruppsetningu er lokið. Hinn hluti heimtaugargjaldsins fellur í gjalddaga, þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 metrar, og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar, og/eða gildleiki víra meira en 3 sinnum 70 mm², skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 20.00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð fyrir en notandinn hefur greitt kr. 20.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Stjórnarnefnd Kaupfélags Langnesinga, Þórshöfn, er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í þessari gjaldskrá, um allt að 20 af hundraði, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtinga-
blaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 frá 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 24. janúar 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

7
25. ján.

um breyting á gjaldskrá fyrir rafmagnsstöðina í Vík, nr. 23 5. febrúar 1951.

Auk heimildar til hækkunar í V. kafla gjaldskrárinnar, er hreppsnefnd heimilt að hækka gjöld samkvæmt lið B-2 í I. kafla um 50% og gjöld samkvæmt öðrum liðum I. kafla um 25%, þar til annað kann að verða ákveðið.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 25. janúar 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

8
26. jan.

um bann við heyflutningi.

Með tilvísun til 43. gr. laga nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, er hér með bannað með öllu að flytja hey úr sveitum, þar sem garnaveiki í sauðfé hefur orðið vart til staða, þar sem garnaveiki í sauðfé hefur ekki gert vart við sig, nema sérstakt leyfi sauðfjársjúkdómanefndar komi til í hvert sinn. Hið sama gildir um heyflutning inn á fjárlaus svæði, þar sem niðurskurður sauðfjár hefur átt sér stað.

Brot gegn þessu banni varða sektum allt að 10000 krónum eða fangelsi samkvæmt ákvæðum sömu laga.

Landbúnaðarráðuneytið, 26. janúar 1952.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

REGLUGERÐ

9
28. jan.

um bann við eldi refa og minka í Sauðárkrókskaupstað.

1. gr.

Bannað er að ala refi og minka í Sauðárkrókskaupstað. Séu loðdýrabú rekin í bænum, er reglugerð þessi tekur gildi, skal dýrunum lógað tafarlaust, enda greiði bæjarsjóður skaðabætur til eiganda, samkvæmt mati þriggja dómkvaddra manna.

2. gr.

Þegar reglugerð þessi hefur tekið gildi, felur bæjarstjórn bæjarstjóra að rannsaka hversu mörg loðdýrabú séu í bænum. Geri hann síðan ráðstafanir til, að farið sé með þau bú, er til kunna að vera, svo sem fyrir er mælt í fyrstu grein.

- 9
28. jan. Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 200—5000 kr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar hefur samið og samþykkt, er sett samkvæmt lögum nr. 56 25. maí 1949, um eyðingu refa og minka, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. janúar 1952.

Hermann Jónasson.

Dorv. K. Þorsteinsson.

- 10
28. jan. **REGLUGERÐ**
um breyting á reglugerð nr. 133/1950, sbr. reglugerð nr. 152 1. ágúst 1951, og reglugerð nr. 202 27. nóv. 1951, um stóreignaskatt sky. 12. gr. l. nr. 22/1950.

1. gr.

Síðasta málsgrein 21. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
Einnig geta skattgreiðandi og fjármálaráðherra, hvor um sig, skotið úrskurði ríkisskattanefndar til dómstóla, enda sé mál höfðað í síðasta lagi 29. febrúar 1952.

2. gr.

Með reglugerð þessari, sem öðlast þegar gildi, er felld úr gildi reglugerð nr. 202 27. nóv. 1951.

Fjármálaráðuneytið, 28. janúar 1952.

Eysteinn Jónsson.

Kjartan Ragnars.

- 11
30. jan. **REGLUGERÐ**
um viðauka við reglugerð nr. 82, 31. júlí 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun, gjaldeyrismeðferð og verðlagseftirlit.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Bannað er að flytja til landsins hvers konar vörur, nema þær hafi verið greiddar seljanda, gjaldeyrir til greiðslu þeirra hafi verið tryggður gegnum banka eða B-skírteini hafi verið gefið út til innflutnings varanna, áður en þær eru sendar til landsins. Gildir þetta jafnt þótt gjaldeyris- og innflutningsleyfi hafi þegar verið veitt fyrir vörunum.

2. gr.

Engar vörur má tollafgreiða, nema framvísað sé kaupreikningi með áritaðri kvittun seljanda fyrir greiðslunni eða með áritun banka um að varan sé greidd eða greiðsla tryggð í erlendum gjaldeyri.

3. gr.

Bankarnir skulu hafa eftirlit með því að erlendar innheimtur, sem til þeirra eru sendar, fullnægi ákvæðum reglugerðar þessarar. Sé innheimtum ekki gerð skil innan 30 daga frá komudegi og greiðslutrygging liggur ekki fyrir, er bönkunum skylt að tilkynna það gjaldeyriseftirlitinu, sem lætur rannsaka málið. Komi í ljós, að greiðsla vörunnar hafi ekki verið tryggð samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, ber gjaldeyriseftirlitinu að tilkynna það viðkomandi tollstjóra, sem gera skal ráðstafanir til að veran sé endursend innan tveggja mánaða frá því að tilkynningin kom honum í hendur.

4. gr.

Undanþegnar þessari reglugerð eru sendingar allt að 500 kr. að verðmæti, enda séu lögð fram skilríki eða á annan hátt færðar sönnur á, að um gjöf sé að ræða.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er reglugerð nr. 106 12. júní 1950, um viðauka við reglugerð nr. 82 31. júlí 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun, gjaldeyrismeðferð og verðlags-
eftirlit, numin úr gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 30. janúar 1952.

Björn Ólafsson.

Pórhallur Ásgeirsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Keflavíkur.

12

4. febr.

I. RAFORKA.

Rafveita Keflavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.70 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 0.65 hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 7.50 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því, sem lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 2.50 á ári af fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 38 aura hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 3.00 á mánuði af hverju herbergi íbúðarinnar.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö.

Þar, sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m², má miða við sameiginlegt flatarmál þeirra, þannig, að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og 5 m² hálfu herbergi.

12

C. Vélanotkun.

4. febr. 1. Um kwst.mæli á 95 aura hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds, frá kr. 190.00 til kr. 225.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum 38 aura hver kwst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fastra véla við fiskiðnað, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw., um kwst.mæli:
 Á 28 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
4. Um mæli á kr. 500.00 fyrir hvert kw. mesta notaðs afls á árinu, og auk þess 13 aura á notaða kwst.
5. Um mæli á kr. 315.00 fyrir hvert uppsett kw. vélanna, og auk þess 13 aura á notaða kwst.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 19 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst.
2. Um kwstmæli á 7.5 aura hver kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrir mælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum, og hitastillar notaðir.

E. Önnur orkusala.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra sliakra staða á 48 aura hver kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli, og suðutækin fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á 95 aura hver kwst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst-mæli á 19 aura hver kwst ef straumurinn er rofinn frá kl. 8.30 til 22, eða um tvígjaldsmæli á 19 aura hver kwst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30, á 95 aura hver kwst. frá kl. 8.30 til 22.
4. Til gatnalýsingar á 50 aura hver kwst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er, og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskyldu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 2.00 á mánuði.	12
2. — þrífasa mælum upp að 50 amp.	— 3.00 — —	4. febr.
3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp.	— 7.00 — —	
4. — þrífasa mælum yfir 200 amp.	— 10.00 — —	

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leiga skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJALD.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við brunabótamat á húsum og mannvirkjum, á þann hátt, sem hér segir:

<i>Brunabótamat:</i>	<i>Jarðlína:</i>	<i>Loftlína:</i>
0— 30 000.00	kr. 900.00	kr. 600.00
30 000.00— 50 000.00	— 1200.00	— 800.00
50 000.00—100 000.00	— 1600.00	— 1200.00
100 000.00—150 000.00	— 1800.00	— 1500.00
150 000.00 og yfir	— 2000.00	— 1700.00

Greiði húseigandi áætlaðan helming heimtaugagjalds um leið og heimtaugaruppsetningu er lokið, er heimilt að veita honum gjaldfrest í allt að 12 mánuði á effirstöðvunum. Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar brunabótamat hússins hefur farið fram.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 metrar, og loftlínuheimtaugar meiri en 40 metrar, og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD.

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 20.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 20.00 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi bæjarstjórn breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem rafveitunefnd Keflavíkur hefur samið og bæjarstjórn Keflavíkur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15. 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Keflavíkur, nr. 231 4. nóv. 1950.

Atvinnuálaráðuneytið, 4. febrúar 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

13
5. febr.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Selfoss.

I. RAFORKA.

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.90 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 60 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 8.50 á ári af fermetra gólfplatlar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 2.50 á ári af fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 42 aura hverja kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 7.00 á mánuði af einu herbergi hvarrar íbúðar og kr. 4.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Leiga af mælinum er innifalin í fastagjaldinu.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem eru ætluð til íbúðar, og eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar, sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m², má reikna með þeirri meðalstærð.

C. Vélnotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.00 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds, frá kr. 180.00 til kr. 210.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Ef uppsett rafvélaafli fastra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw., um kwst.mæli:
 - a. Á 48 aura hverja kwst.
 - b. Á 36 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegis og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
3. Um mestumæla á kr. 480.00 á ári fyrir hvert kw. mesta notaðs afls á árinu og auk þess 15 aura á notaða kwst.
4. Ef ekki eru tók á að mæla mesta notað afl, má selja þannig:

Um kwst.mæli á 15 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 360.00 á ári fyrir hvert kw. samanlagðs ástimplaðs rafvélaafls. Minnsta árgjald skal þó vera sem svarar 1000 kwst. ársnotkun á hvert kw. í ástimpluðu rafvélaafl.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 14 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegis og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 7 aura hver kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar.

13

5. febr.

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar notandinn þá tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 40 aura hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutækin fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á kr. 1.00 hverja kwst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 12 aura hverja kwst. ef straumurinn er rofinn frá kl. 8.30 til 22 eða um tvígjaldsmæli á 12 aura hverja kwst. á tímanum frá kl. 22 til 8,30 og á kr. 1.00 hverja kwst. frá kl. 8.30 til 22.
4. Til súgþurrkunar á heyi á 36 aura hverja kwst.
5. Til götulýsingar á kr. 1.00 hverja kwst., og annast rafveitan þá rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskyldu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- | | |
|---|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. | kr. 2.50 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni | — 4.00 — — |
| 3. — þrífasa mælum 50 til 100 amp. | — 8.00 — — |
| 4. — þrífasa mælum yfir 100 amp. | — 12.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20 prósent af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJALD.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald kr. 800.00 og auk þess 8 kr. af hverjum þúsund kr. af brunabótamati húsa og manvirkja upp að 500 þús. kr., en 4 kr. af hverjum þús. kr. þar yfir. Í útreikningi á heimtaugargjaldi skal sleppa hálfu þús. eða minna af brunabótamati, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri samræmt það nýju

13 mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný skal
5. febr. þó miða gjaldið við það mat.

Heimtaugargjaldið fellur í gjalddaga, þegar uppsetningu heimtaugar er lokið, eða þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt. Heimilt er að veita gjaldfrest á helmingi heimtaugargjalds í allt að 6 mánuði.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 m, og loftlínuheimtaugar, meiri en 40 m og (eða) gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun 20 kr.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 20 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI.

Verð til hitunar samkvæmt D-liðum I. kafla gjaldskrárinnar breytist með útsöluverði á kolum og dieselolíu á Selfossi, þannig, að gjaldskrárverðið teljist jafngilda 455.00 kr. verði á kolatanni og 770.00 kr. verði á oliutanni, en hækki eða lækki um 1 eyri hver kwst. á lið D1 og ½ eyri á lið D2 fyrir hverjar kr. 32.50, sem kolatonn hækkar eða lækkar eða hverjar 55.00 kr., sem oliutonn hækkar eða lækkar, þó þannig, að raforkuverðið miðist við það eldsneytisverðið, sem lægra er hlutfallslega miðað við grunnverðið 455.00 kr. á kolatonn og 770.00 kr. á oliutonn.

VI. HEIMILD TIL HÆKKUNAR.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 20 prósent, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Selfosshrepps hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2 apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Selfoss, nr. 235 7. nóvember 1950.

Atvinnumálaráðuneytið, 5. febrúar 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um veitingu sérleyfa til áætlunarflugs innanlands.

14

29. jan.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 119 28. des. 1950, um stjórn flugmála, hefur samgöngunálaráðuneytið í dag veitt eftirtöldum flugfélögum sérleyfi til áætlunarflugs, fyrst um sinn, þar til öðruvísi kynni að verða ákveðið, þó ekki lengur en til 31. janúar 1953, á eftirgreindum flugleiðum:

Flugfélag Íslands h/f:

1. Reykjavík — Akureyri.
2. Akureyri — Siglufjörður.
3. Akureyri — Norður- og Austurland.
4. Reykjavík — Kópasker.
5. Reykjavík — Austurland.
6. Reykjavík — Kirkjubæjarklaustur.
7. Reykjavík — Fagurhólmsmýri.
8. Reykjavík — Hornafjörður.
9. Reykjavík — Blönduós — Sauðárkrókur, 1.—18. hvers mánaðar, er telur 31. dag, 1.—17., er mánuður telur 30 daga og 1.—16. í febrúarmánuði.

Loftleiðir h/f:

1. Reykjavík — Sandur.
2. Reykjavík — Hólmavík.
3. Reykjavík — Ísafjörður.
4. Reykjavík — Vestfirðir (Vestfjarðaskaginn).
5. Vestfirðir — millifjarðaflug.
6. Reykjavík — Siglufjörður.
7. Reykjavík — Vestmannaeyjar (Hella).
8. Reykjavík — Blönduós — Sauðárkrókur, 19.—31. hvers mánaðar, er telur 31. dag, 18.—30., er mánuður telur 30 daga og 17.—28. (29) í febrúarmánuði.

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á framangreindum flugleiðum, en jafnframt skylda til að halda þar uppi áætlunarferðum eftir því, sem flutningaþörf þeirra krefur.

Samgöngunálaráðuneytið, 29. janúar 1952.

Björn Ólafsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá héraðslækna.

15

6. febr.

Frá og með 1. marz þ. á. og þangað til öðruvísi verður ákveðið hækka allir liðir gjaldskrár héraðslækna (sbr. auglýsingar ráðuneytisins nr. 2 11. janúar 1933 og nr. 30 1. marz 1943), um 50%.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 6. febrúar 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Gústav A. Jónasson.

16
6. febr.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Sauðárkróks.

I. RAFORKA.

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.90 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á 75 aura hverja kwst., auk fastagjalds af rúmi því, sem lýsa skal, er nemi kr. 9.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 3.00 á ári af hverjum fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli þannig reiknað:

- | | |
|---|-------------------|
| a. Grunnkjald (mælisleiga o. fl.) | kr. 5.00 á mán. |
| b. Orkugjald af allri notkun | — 0.50 hver kwst. |
| c. Fastagjald af hverju herbergi í íbúð | — 5.00 á mán. |

Til herbergja í íbúð skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m², má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og 5 m² hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.00 hverja kwst. Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds kr. 200.00 á hvert uppsett kw. vélnanna.
2. Til fisk-, kjöt og mjólkuriðnaðar ef uppsett rafvélaafl fastra véla er yfir 20 kw um kwst.mæli á 38 aura hverja kwst., enda sé rafveitunni heimilt að rjúfa strauminn í allt að 2 klst. á dag á tímum mesta álags hennar, en þó eigi lengur en eina klst. í senn.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 19 aura hverja kwst., enda sé þá minnsta notkun 6000 kwst. á ári. Sala á raforku samkvæmt þessum gjaldskrárlíð er háð því skilyrði, að straumurinn sé rofinn í allt að 3 klst. á dag á mesta álagstíma um hádegið og síðdegis, en eigi lengur en 1½ klst. í senn. Rafveitustjóri ákveður lokunartíma hjá hverjum notanda.
2. Um kwst.mæli á 7,5 aura hverja kwst. til næturhitunar, enda sé þá straumurinn rofinn frá kl. 8.30 til 22.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að klukkurofar séu fáanlegir og notandi kosti tengingu þeirra og greiði leigu af þeim samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

E. Önnur raforkunotkun.

16

6. febr.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 45 aura hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutækin fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á 105 aura hverja kwst.
3. Til hökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 12,5 aura hverja kwst., enda sé straumurinn rofinn frá kl. 8.30 til 22, eða um tviðjaldsmæli á 12,5 aura hverja kwst. frá kl. 22 til 8.30 og 105 aura hverja kwst. frá kl. 8.30 til 22.
4. Raforku til götu- og hafnarlýsingar á 60 aura hver kwst.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskyldu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALÆIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni	kr. 2.00 á mánuði.
2. — þrífasa mælum 25 amp. og minni	— 3.00 — —
3. — þrífasa mælum 25 til 50 amp.	— 5.00 — —
4. — þrífasa mælum 50 til 70 amp.	— 7.00 — —
5. — þrífasa mælum 70 amp. og yfir	— 10.00 — —

Að öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD.

Fyrir hverja húsveitu, sem tengd er við rafveitukerfi Sauðárkróks, skal greiða heimtaugargjald, miðað við rúmtak húss, samkvæmt eftirfarandi gjaldstiga:

Rúmmál húss í ten.m.			Heimtaugargjald.	
Frá	0 allt að	100	kr.	500.00
—	100 — —	150	—	575.00
—	150 — —	200	—	650.00
—	200 — —	250	—	725.00
—	250 — —	300	—	800.00
—	300 — —	350	—	900.00
—	350 — —	400	—	1000.00
—	400 — —	450	—	1100.00
—	450 — —	500	—	1200.00
—	500 — —	550	—	1300.00
—	550 — —	600	—	1400.00
—	600 — —	650	—	1500.00
—	650 — —	700	—	1600.00
—	700 — —	750	—	1700.00
—	750 — —	800	—	1800.00

16
6. febr.

<i>Rúmmál húss í ten.m.</i>		<i>Heimtaugargjald.</i>
Frá 800 allt að 850	kr. 1900.00
— 850 — — 900	— 2000.00
— 900 — — 1000	— 2200.00
— 1000 — — 1100	— 2400.00
— 1100 — — 1200	— 2600.00
— 1200 — — 1500	— 3000.00
— 1500 — — 1750	— 3500.00
— 1750 — — 2000	— 4000.00
— 2000 — — 2250	— 4500.00
— 2250 og yfir	— 5000.00

Gjald þetta er miðað við loftlínu að gildleika 3×70 m² eða grennri og allt að 60 metra að lengd. Fyrir jarðstreng skal greiða heimtaugargjald, sem er 20% herra, enda sé jarðstrengur ekki gildari en 3×70 m² eða lengri en 25 metrar.

Húseigandi greiðir auk þess allan kostnað af því, ef heimtaug er gildari eða lengri en að framan greinir. Sé fleiri en ein heimtaug að húsinu, greiði húseigandi eftir reikningi allan kostnað, er af því leiðir. Ef sérstök heimtaug er lögð í peningshús eða bifreiðaskúr á byggingarlóð íbúðarhússins, telst hún aukaheimtaug í húsið.

Verði síðan lögð jarðlína í stað loftlínu, greiðir húseigandi það, sem á vantar til þess að hann hafi greitt fullt jarðlínuheimtaugargjald.

IV. OPNUNARGJALD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 20.00
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 20.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár um allt að 10% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20 júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar í stað gildi, og birtist til eftirbreyttni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir rafveituna, nr. 30 28. febrúar 1951.

Atvinnumálaráðuneytið, 6. febrúar 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Miðneshrepps.

17

7. febr.

I. RAFORKA.

Rafveita Miðneshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.90 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á kr. 0.70 hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 8.25 á hvern fermetra gólfplatnar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 3.00 á ári af hverjum fermetra.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á 47 aura hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 7.50 á mánuði af einu herbergi hvernar íbúðar, og kr. 4.50 af hverju herbergi umfram eitt.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 ferm. skal telja sem hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélantökn o. fl.

1. Um kwst.mæli á 100 aura hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 200.00 til kr. 225.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
Eftir þessum gjaldskrárlið skal selja raforku um kwst.mæli til götu- og hafnarlýsingar. Einnig má eftir þessum gjaldskrárlið selja raforku til vinnulagna við byggingar, meðan á byggingu stendur.
2. Til fiskiðnaðar, ef uppsett rafvélaafl fastra véla er yfir 20 kw., um kwst.mæli á 30 aura hver kwst. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa straum allt að tveim stundum um hádegi og einni stund síðdegis.
3. Til fiskiðnaðar og heypurrkunar með fasttengdum vélum um kwst.mæli á 47 aura hver kwst.
4. Um kwst.mæli á 14 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 400.00 á ári fyrir hvert kw. samanlagðs ástimplaðs rafvélaafls.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 22 aura hver kwst., enda sé þá minnsta ársnotkun 6000 kwst. Heimilt er að rjúfa straum allt að þrem stundum í sólarhring, en þó mest 1½ stund í senn.
2. Um kwst.mæli á 8 aura hver kwst., ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til 23.
3. Önnur skilyrði fyrir raforku til hitunar:
 - a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
 - b. Að notandinn setji klukkurofa fyrir hitalögnina, og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.

- 17 c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum raf-
7. febr. veitunnar, ofnar fastengdir með sérstökum rofum, og hitastillar notaðir.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- | | |
|--|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni | kr. 2.00 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni | — 3.00 — — |
| 3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp. | — 7.00 — — |
| 4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. | — 10.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Grunngjald heimtaugar fyrir hverja húsveitu skal vera krónur 1500.00 fyrir jarðlínu, en kr. 1000.00 fyrir loftlínu. Auk þess skal greiða 10 pro mill (tíu af þúsundi) af brunabótamati hússins upp að kr. 500000.00, en 5 pro mill af þeim hluta brunabótaverðs, sem er yfir 500000.00 kr.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri samræmt það nýju mati, og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat.

Greiði húseigandi áætlaðan helming heimtaugargjalds um leið og uppsetningu heimtaugar er lokið, er heimilt að veita honum gjaldfrest á eftirstöðvunum í allt að 12 mánuði. Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 metrar, og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar, og (eða) gildleiki víra meiri en 3×70 qmm, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lögð er fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD.

1. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun, kr. 15.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur greitt kr. 25.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGAR.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Miðneshrepps hefur samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946,

staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni 17
öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 7. febr.

Jafnfram fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Miðneshrepps, nr. 34 28.
febrúar 1949.

Atvinnumálaráðuneytið, 7. febrúar 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar.

18

8. febr.

I. RAFORKA.

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.60 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á 45 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 8.50 á ári af hverjum fermetra (m²) gólfflatar, er lýsa skal. Þar, sem gólfletir eru tiltölulega stórir miðað við ljósmagn, er heimilt að veita afslátt á fastagjaldi skv. reglum, er rafveitustjóri setur. Minnsta fastagjald skal þó vera kr. 220.00 á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á 35 aura hver kwst., og auk þess fastagjald kr. 42.00 á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Heimilt er að miða fastagjald við gólfllöt, og skal þá greiða kr. 5.00 á ári af hverjum fermetra.

C. Vélanotkun.

1. Um einn kwst.mæli, þannig:

Fyrir fyrstu	1000 kwst.	ársnotkun	100 au.	hver kwst.
— næstu	2000	—	—	90 — — —
— —	4000	—	—	80 — — —
— —	8000	—	—	65 — — —
— —	15000	—	—	50 — — —
— —	30000	—	—	40 — — —
— umfram	60000	—	—	25 — — —

2. Um mæla þannig reiknað, enda sé vélaafli minnst 20 kw.:

260 kr. árskw.	fyrir fyrstu	50 kw.
210 — — —	næstu	50 —
160 — — —	umfram	100 —

Auk þess greiðist kwst.gjald, er reiknast þannig, miðað við eitt ár:

Fyrstu	200000 kwst.	á 12 aura	hver kwst.
Umfram	200000	— — 9 — — —	

3. Um einn kwst.mæli á 60 aura hver kwst. fyrstu notkunar, en á 40 aura hver kwst. af notkun umfram 1000 klst. á ári á hvert kw. vélaafli. Minnsta greiðsla samkv. þessum lið skal þó vera 600 kr. á ári fyrir hvert kw. vélaafli.

18

D. Hitun.

8. febr. 1. Til hitunar húsa, enda sé rafmagnsupphitun aðalupphitun hússins, um sérmæli fyrir hitalögnina:
- Á 35 aura hver kwst.
 - Á 20 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í eina klst. um hádegið.
 - Á 16 aura hver kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en eina og hálfra klst. í senn.
 - Á 8 aura hver kwst. næturnotkunar, er fram fer frá kl. 22 til kl. 8, enda sé notuð eingöngu, eða því nær eingöngu, næturrafmagn til upphitunar hússins.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar.

- Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- Að notandi kosti tengingu sjálfvirks klukkurofa og greiði leigu fyrir hann samkv. reglum, sem gilda fyrir leigu mæla.
- Að hitalagnir, þar með talin tæki öll, séu gerðar samkv. fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.
- Til hitunar í handiðn, iðnaði eða atvinnurekstri um tvígjaldsmæli á 13 aura hver kwst. frá kl. 22 til kl. 8 og á 65 aura hver kwst. frá kl. 8 til 22.

E. Önnur notkun.

- Rafveitustjórn er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðum A til D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
- Til nota við vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á kr. 1.10 hver kwst.
- Gjöld fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn eftir tillögu rafveitustjórnar.
- Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema til komi samþykki rafveitustjórnar.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækis, sem nota skal fyrir veitu hverri. Heimilt er að taka leigu fyrir mælitæki, er nemur allt að 20% af meðalverði hvernar tegundar.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, er miðast við brunabótamat á húsum og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir:

Fyrir jarðlínuheimtaug: Grunnjald kr. 780.00 og auk þess 0.8% af brunabótamati upp að 200 þús. kr. og 0.2% af brunabótamati umfram 200 þús. kr.

Fyrir loftlínuheimtaug greiðist 70% af heimtaugargjaldi fyrir jarðlínuheimtaug.

Þar sem brunabótamat er gamalt, skal heimtaugargjaldið miðast við umreiknað brunabótamat eftir vísitölu byggingarkostnaðar, er Hagstofa Íslands reiknar út. Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 m, loftlínuheimtaugar meiri en 40 m og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 qmm, skal húseigandi kosta það, sem þar er fram yfir. Standi sérstaklega á, eða séu óvenjulega miklir örðugleikar við lagningu heimtaugar, má krefjast sérstaks endurgjalds af húseiganda, en gera skal honum aðvart um það fyrir fram.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við 18 síðari heimtaugar eftir reikningi.

8. febr.

Ef breytt er um heimtaug úr loflínu í jarðlínu, skal húseigandi greiða þann mismun, sem er á loflínu- og jarðlínuheimtaug, eins og sá mismunur er í gjaldskrá, sem í gildi er, þegar breytingin er framkvæmd. Rafveitan skal hins vegar kosta breytingu á stofntaug innanhúss, sem þessu verður samfara, en ekki málningu eða rask, sem af þessu kynni að stafa. Sé mikill kostnaður við slíka breytingu, getur stjórn rafveitunnar skyldað húseiganda til að taka þátt í kostnaði stofntaugarinnar. Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar er lokið er lagningu heimtaugar.

IV. OPNUNARGJALD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun, 25 krónur.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur, fyrr en notandi hefur greitt 25 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 260 30. nóvember 1950.

Atvinnumálaráðuneytið, 8. febrúar 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

19

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 64 24. apríl 1946.

11. febr.

1. gr.

1. mgr. 36. greinar orðist þannig:

Öll skip, þau er um ræðir í 1. málslíð 10. gr., skulu hvort sem þau nota hafnsögumenn eða ekki, skyld til að greiða hafnsögugjald í fyrsta skipti á árinu, er þau koma á höfnina og leggjast við festar innan takmarka Ísafjarðarhafnar.

2. gr.

Á eftir orðinu „bryggjugjalds“, í 1. mgr. 52. greinar, komi: hafnsögugjalds.

3. gr.

54. grein orðist þannig:

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki og hafa þau forgangsrétt sem opinber gjöld. Enn fremur skulu öll skipagjöld tryggð með lögveði í skipi og gangi það veð í 2 ár fyrir sammingsveðskuldum.

19

4. gr.

11. febr.

Í stað „10 til 500 kr.“ í 59. gr. komi: allt að 10 þús. kr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946 um hafnargerðir og landingarbætur og lögum nr. 41 5. apríl 1948 um breyting á þeim lögum, til að öðlast gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 11. febrúar 1952.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

20

14. febr.

REGLUGERÐ

um varnir gegn gin- og klaufaveiki.

1. gr.

Sjúkdómsgreining og bráðabirgðasóttkvi.

Komi upp sjúkdómur í búfé og leiki grunur á, að um gin- og klaufaveiki sé að ræða, ber hlutaðeigandi bónda, eiganda eða forsjármanni gripanna að gera hér- aðsdýralækni eða yfirdýralækni viðvart án tafar og helzt simleiðis. Skal dýralæknir þá tafarlaust rannsaka hina grunuðu gripi. Reynist grunurinn réttur, skal dýralæknir banna, að frá bænnum sé flutt búfé, lifandi eða dautt, enn fremur bú- afurðir hvers konar. Búanda skal gert að skyldu að sjá um, að fólk fari ekki af heimilinu, nema lífsnauðsyn beri til, og þá eigi nema að hafa skipt um föt og þvegið og sóttthreinsað sig vandlega. Enn fremur skal banna brottflutning allra jarðávaxta, alls kálmetis, poka, alls heys og annars fóðurs, og mykju. Heimilisfólk má ekki hafa neinn samgang við gripi frá öðrum bæjum. Húsbónda skal gert ljóst, að hann er ábyrgur fyrir því, að ákvæðum þessum sé fylgt. Enn fremur skal hann sjá um, að hundarnir á bænnum séu lokaðir inni eða bundnir. Ketti, hænsni, endur og dúfur skal og loka inni.

Bannað er að flytja hvers konar dýr heim að bænnum, og allan samgang við heimilið skal banna. Dýralæknir skal taka nákvæma skýrslu af búanda, um samgang við heimilið og aðflutninga undanfarið. Skal dýralæknir, um leið og hann fer frá bænnum, setja spjöld við bæjarhlið, fjós- og fjárhúsdyr, áletruð: „*Gin- og klaufaveiki, aðgangur bannaður*“.

Strax og dýralæknir hefur staðfest sjúkdóminn, skal hann tilkynna það yfirdýralækni og hlutaðeigandi lögreglustjóra, og þær bráðabirgðaráðstafanir, sem hann hefur gert. Enn fremur hlutaðeigandi mjólkursamlagi og þeim, sem flytur mjólk frá bænnum. Yfirdýralæknir skal svo fljótt sem auðið er, ganga úr skugga um, hvort sjúkdómsgreining sé rétt.

2. gr.

Um lögregluftirlit með sóttkvi og grunuð svæði.

Strax og örugg vissa er fengin um að gin- og klaufaveiki sé komin upp, skal hlutaðeigandi lögreglustjóri setja heimilið í sóttkvi. Skal allur samgangur manna frá bænnum við aðra bæi, sem og gripi frá öðrum bæjum, stranglega bannaður, nema brýnasta nauðsyn beri til. Hlutaðeigandi yfirvald skal í samráði við dýralækni þann, sem kallaður hefur verið, og yfirdýralækni, ákveða sem allra fyrst, hve viðtækt svæði kringum hinn smitaða bæ, skuli teljast „grunað svæði“. Skal

það tilkynnt tafarlaust í útvarpi og birt í blöðum. Á sýktum bæ, þer heimilisfólki 20 skylda til þess að veita allar upplýsingar um, hvaða samgangur hafi verið frá bæn- 14. febr. um við fólk frá öðrum bæjum eða við skepnur frá öðrum bæjum, og hvort gripir, fódur eða annað, er smit getur borizt með, hafi verið flutt frá bænum vikuna áður en sjúkdómsins varð vart. Við nánari afmörkun, grunaðs svæðis, skal taka tillit til samgangna, þéttbýlis og landshátta.

3. gr.

Auglýsingar og umferðabann.

Þegar gin- og klaufaveiki hefur orðið vart, skulu án tafar settar upp auglýsingar um sjúkdóminn á afgreiðslum ætlungarþingreiða, í samkomuhúsum, verzlunum, á mjólkurbúum og á öðrum stöðum, er þurfa þykir. Skal í þessum auglýsingum einnig tekið fram, hver helztu einkenni sjúkdómsins eru, og hver ráð séu helzt til þess að forðast smitun. Ef nauðsyn þykir bera til er hlutaðeigandi lögreglustjóra heimilt að banna alla umferð um vegi, sem liggja yfir hið grunaða svæði eða nálægt bæ, þar sem sjúkdómsins hefur orðið vart. Við alla vegi, sem liggja frá grunuðum svæðum, skal festa skýrar auglýsingar um, að brottflutningur búfjár og annara húsdýra sé stranglega bannaður.

4. gr.

Um varúðarráðstafanir fólks á grunuðum svæðum og samkomubann.

Fólk, sem býr á grunuðu svæði, má ekki fara burt af svæði þessu, nema það hafi áður skipt um fót, yzt sem innst, svo og sokka og skófatnað, og þvegið hendur og andlit rækilega úr sápuvatni. Fólki á svæðinu er enn fremur bannað að, taka þátt í hvers konar samkomum og mannfundum.

Öllum óviðkomandi er bannaður aðgangur inn á grunað svæði, sérstaklega er öllum bannaður aðgangur að gripahúsum. Skólabörn sem búa á svæðinu, mega ekki sækja skóla, fyrr en sjúkdómurinn er um garð genginn, sóttthreinsun verið gerð, og sóttkví er aflétt. Nái gin- og klaufaveikin viðtækari útbreiðslu, er ráðuneytinu heimilt að setja á algert samkomubann í þeim landshluta eða héraði.

5. gr.

Um slátrun og flutning gripa á grunuðum svæðum.

Frá grunuðu svæði má einungis flytja gripri beint til slátrunar og eingöngu að fengnu leyfi landbúnaðarráðuneytisins, í samráði við yfirdýralækni. Skal við flutning þessara gripa hlýta nákvæmlega reglum, sem um það eru settar. Áður en dýr eru flutt af grunuðu svæði til slátrunar, skulu þau skoðuð af dýralækni. Skulu ekki líða meir en 6 tímar frá skoðun dýralæknis þar til gripirnir eru fluttir burt. Skal dýralæknir auðkenna gripina og skrifa vottorð með þeim, þar sem tekið er fram heilbrigðisástand þeirra, auðkenni dýranna, fjöldi o. s. frv. Vottorði skal skila í hlutaðeigandi slátruhús, og skal slátruhússtjóri eða dýralæknir sá, er annast kjötskoðun, undirrita að móttaka dýranna og slátrun hafi átt sér stað og endursenda síðan vottorðið til hlutaðeigandi dýralæknis. Slátrun búfjár af grunuðu svæði má eingöngu fara fram í viðurkenndum slátruhúsum og undir eftirliti dýralæknis, skal hann og hafa eftirlit með sóttthreinsun að lokinni slátrun.

Flutningur búfjár af grunuðum svæðum í slátruhús má eingöngu fara fram á sérstökum vörubílum, sem eru þannig yfirbyggðir og lokaðir, að smithætta geti ekki stafað af flutningnum, og að sóttthreinsun bílanna sé sem auðveldust.

Saur búfjár og undirburður á bílpalli, skal vandlega hreinsaður af bílnum í slátruhúsinu, og má ekki fara með bílinn frá slátruhúsinu, fyrr en slík sóttthreinsun

20 hefur farið fram. Þeir menn, er flutt hafa fénaðinn, skulu sápu-þvo andlit sitt 14. febr. vandlega, og sótthreinsa hendur með 0,2% natronlut (NaOH), skipta um föt, og föt þeirra skulu síðan sótthreinsuð. Frá grunuðu svæði má ekki flytja mjólk, hey, jarðar-ávexti, grænmeti, mykju, tað, poka eða annað, sem hætta getur stafað af, og bannaður er með öllu flutningur sláturfjárafurða hvers konar, og sé mjólkin notuð á heimilinu til smjörgerðar, skyrgerðar eða ostagerðar, skal hún fyrst hituð upp í 80°C.

Heilbrigðar skepnur má ekki reka yfir grunað svæði, flutningur þeirra má eingöngu fara fram í lokuðum vögnum undir sérstakri gæzlu og án þess að staðar sé numið á hinu grunaða svæði. Hunda, ketti, hænsni, endur og dúfur á grunuðu svæði, skal hafa í strangri vörzlu. Hundar skulu bundnir eða lokaðir inni, kettir og hænsni, endur og dúfur lokaðar inni. Búfjársýningar, uppboð og annað slíkt er bannað á grunuðu svæði.

6. gr.

Um mjólkurflutninga og sótthreinsun mjólkuriláta.

Mjólkurbúum er bannað að senda til bænda ógerilsneydda mjólk, áfir, undanrennu, síru eða annað, eftir að gin- og klaufaveiki hefur komið upp á mjólkur-svæði þess. Ef gin- og klaufaveiki hefur komið á mjólkursvæði mjólkurbús, er það skylda búsins að skola alla mjólkurbrúsa daglega að utan með natronlút, 0,2%, eða að dýfa þeim ofan í sjóðandi vatn, áður en þeir eru sendir aftur heim til bænda. Allir mjólkurvagnar skulu þvegnir vandlega með natronlút 0,2% áður en farið er með þá frá búinu. Bílstjórar á mjólkurbílum skulu þvo hendur sínar og skófatnað daglega úr 0,2% natronlút og skipta um vinnufatnað daglega. Ber mjólkurbúinu að sjá bílstjórum fyrir nægum og hentugum vinnufatnaði til þess. Mjólkurpóstar skulu forðast, eftir því sem unnt er, allan samgang við klaufdýr meðan gin- og klaufaveiki geisar. Heimilt er að fyrirskipa sótthreinsun brúsa, bíla o. a. á mjólkurbúum, í varúðarskyni, enda þótt gin- og klaufaveiki hafi enn ekki verið staðfest á mjólkursvæði þess.

Lögreglustjóra er heimilt að ráða sérstaka menn til þess að hafa efirlit með því, að sótthreinsun á mjólkurbrúsum og mjólkurbílum fari fram svo sem mælt er fyrir, að samgöngubanni við smitaða bæi sé fylgt o. s. frv.

7. gr.

Um gæzlu gripa og afnám sóttkvíar.

Sóttkví má ekki leysa fyrr en 6 vikur eru liðnar frá því, er sótthreinsun fór fram á hinum sýkta bæ. Ákvæði er taka til grunaðs svæðis, skulu gilda í 6 vikur eftir að sótthreinsun hefur verið framkvæmd á sýktum bæ. Á meðan sóttkví stendur, skal dýralæknir eða annar trúnaðarmaður ráðuneytisins, sem til þess er ráðinn, fylgjast með því, að minnsta kosti vikulega, að settum reglum sé fylgt. Hafi settum reglum verið fylgt og sóttkvíunartímabilið er útrunnið, skal tilkynna lögreglustjóra, að aflétta megi sóttkvínni. Ef ógerlegt er vegna fódurskorts að halda búfé á grunuðum svæðum í húsi, skal hafa það í afgirtum hólfum undir stöðugu eftirliti. Gæta skal þess, að búféð sé ávallt í 2 km fjarlægð frá búfénaði utan grunaðs svæðis. Þeir, sem eftirlit hafa með skepnunum, skulu fylgjast vel með heilsufari þeirra, sérstaklega skal því veitt eftirtekt, hvort nokkur skepna slefar eða er hölt. Komi slíkt einkenni í ljós, skal yfirvaldi eða dýralækni gert aðvart án tafar. Komi í ljós að um gin- og klaufaveiki sé að ræða, getur ráðherra fyrirskipað að lóga skuli öllu búfé sem í hólfinu er, og halda því síðan lokuðu fyrir öllum búpeningi og umferð allri í þrjá mánuði.

8. gr.

20

14. febr.

Um meðferð gripa og sóttþreinsun, þar sem gin- og klaufaveiki kemur upp.

Strax og staðfest er að gin- og klaufaveiki sé á bænum, skal gera ráðstafanir til þess, að öllum klaufdýrum á bænum verði tafarlaust slátrað, og öllum þeim húsdýrum, er samgang hafa haft við sjúka gripi, hvort sem klaufdýr eru eða ekki, svo sem fuglar. Gripahús, þar sem sjúkar skepnur eru, skulu vera lokað, einnig skulu gluggar vera lokaðir eða birgðir til varnar því að fuglar, meindýr og minkar komist inn. Slátrun má eingöngu fara fram á bænum sjálfum, nema sérstakt leyfi landbúnaðarráðuneytisins komi til. Eftir að slátrun hefur farið fram, skulu allir þeir, er unnið hafa að slátrun, þvo sér vandlega, bæði höfuð, handleggi og hendur, skipta um föt, svo og skófatnað og sokka. Föt þau, sem notuð voru við slátrunina, ásamt áhöldum skulu sóttþreinsuð.

Kjöt og sláturafurðir af búfé, sem drepíð hefur verið vegna gin- og klaufaveiki, má ekki flytja frá bænum nema með sérstöku leyfi ráðuneytisins. Húðir og lappir skal brenna eða grafa niður, svo og hausa með tungu, og júgur. Skepnur, sem drepast af gin- og klaufaveiki skal grafa niður sem allra fyrst, þannig að hræin verði hulin að minnsta kosti með eins metra þykku moldarlagi. Skulu skepnurnar grafnar með húð og hári, en áður en moldinni er mokað yfir, skal hella yfir hræin natrónlútupplausn, 2%. Sé óframkvæmanlegt að grafa hræin niður skulu þau brennd á tryggilegan hátt.

Hrossum, sem ekki hafa haft samgang við hinar sjúku skepnur og ekki hafa verið tekin í hús, þarf ekki að slátra. Sama máli gegnir um hænsni, sem geymd eru í sérstöku húsi. Þegar slátrun er lokið á bænum, skal fara fram allsherjar sóttþreinsun á öllum gripahúsum og fôðurgeymslum og öllum þeim áhöldum, sem verið hafa í nánu sambandi við búpening þann, er felldur var og öllum fötum, sem notuð hafa verið við gegningar og annað. Þá skulu enn fremur sóttþreinsuð þau herbergi, sem hin sóttmenguðu áhöld og föt hafa verið geymd í. Allir pokar, sem notaðir hafa verið undir fôðurvörur, skulu brenndir eða látnir liggja í natrónlút 0,2% í 4—5 daga. Sóttþreinsun öll skal gerð með 0,2% natrónlút. Slátrun og sóttþreinsun skal fara fram undir eftirliti dýralæknis, eða sérstaks trúnaðarmanns ráðuneytisins. Skal verkið vandað svo sem frekast er unnt, svo sóttþreinsunin sé tryggileg.

Í safnþró skal hella natrónlút 1% eða kalkvatni 5%. Leifar af drykkjarvatni, sem notað hefur verið handa sjúkum skepnum, skulu sæta sömu meðferð. Ef unnt er skal mykja, þvag og tað frá sjúkum dýrum, ekki hreyft fyrstu 3 mánuðina. Þurfi að aka því á völlum, skal mykjan bleytt með natrónlút. Skal leitast við að nota áburðinn í flög, og plægja hann niður jafnharðan. Frá bæ, sem er í sóttkví, má ekki flytja mjólk, hey, jarðaravexti, kál, hálm, poka, tað eða mykju fyrr en rækileg sóttþreinsun hefur farið fram á bænum og hann er leystur úr sóttkví. Bannað er að fara með bíla og önnur farartæki út af sýktum heimilum, sömuleiðis er óleyfilegt að nota hesta utan heimilisins.

9. gr.

Varúðarráðstafanir og samgöngur við sýkt heimili.

Túnhlið við heimreið á sýktum bæjum skal vera vandlega lokað (læst). Á hliðið skal fest greinileg áletrun: „*Gin- og klaufaveiki, aðgangur bannaður*“. Við hliðið skal standa stampur með 0,2% natrónlút, sem skipt skal um daglega. Allir sem nauðsynlega þurfa að fara frá heimilinu, skulu þvo þar skófatnað sinn. Póstkassa skal hengja upp utan túnhliðs, svo póstur þurfi ekki að koma heim að bænum. Húsbóndi skal hafa vakandi auga á því, að enginn komi heim að bænum, nema læknar og aðrir, er þangað eiga erindi, vegna gin- og klaufaveiki. Sé reglur þessar

20 brotnar, ber húsbónda að tilkynna það lögreglustjóra, og skal sá er í hlut á kyrr-
14. febr. settur á heimilinu, þar til nauðsynleg sóttþreinsun hefur farið fram á fötum hans og farangri. Aðvífandi skepnur, t. d. flækingshundar eða strokuhestar skulu kyrrsettir á bænum og settir í örugga vörzlu. Sé eigi unnt að handsama gripina, skal húsbóndi sjá um, að þeir séu skotnir og hræin grafin svo fljótt sem unnt er. Skulu slíkar aðgerðir tafarlaust tilkynntar lögreglustjóra.

Öllu heimilisfólki er stranglega bannað að fara burt af bænum áður en slátrun og sóttþreinsun hefur farið þar fram, nema lífsnauðsyn beri til. Þurfi einhver af heimilisfólkinu að fara af bæ, skal sá hinn sami fyrst skipta um föt og skófatnað og sokka og sápuþvo andlit og hendur. Skólaganga og þátttaka í hvers konar mannfundum, er stranglega bönnuð. Stundi einhver á sýktum bæ vinnu utan heimilis, eða þurfi heimilið að fá vinnuhjálp fólks frá öðrum bæjum, verða þær manneskjur, sem um er að ræða, annað hvort að taka fast aðsetur á sýkta heimilinu eða vera fjarvistum frá heimilinu meðan á sóttkví stendur.

10. gr.

Um bætur.

Þegar búfé er slátrað vegna gin- og klaufaveiki skal rikissjóður bæta það sanngjörnu verði. Enn fremur skal rikissjóður bæta eiganda búfjárins afurðatjón hæfilegan tíma.

Þeim bændum, er mjólkursölu stunda á „grunuðum svæðum“, skal bætt tjón það, er þeir verða fyrir af völdum flutningsbanns á mjólk. Skulu bætur þessar nema þeim mismun, sem er á verðgildi mjólkur til heimavinnslu og til sölu í mjólkurbú, að frádregnum flutningskostnaði mjólkurinnar í mjólkurbú.

Bætur þær, sem um ræðir í þessari grein, skulu ákveðast með mati þriggja manna, sem hæstiréttur tilnefnir, og verður mati þeirra ekki skotið til yfirmats.

Við ákvörðun bóta þessara ber matsmönnum að taka til greina sýkingu búfjárins eða yfirvofandi sýkingarhættu.

11. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt lögum nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, sbr. lög nr. 16 31. jan. 1952, um breyting á þeim lögum.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, sbr. lög nr. 16 31. jan. 1952 um breyting á þeim lögum.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. febrúar 1952.

Hermann Jónasson.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

um verndun fiskimiða umhverfis Ísland.

21

19. marz

1. gr.


Allar botnvörpu- og dragnótaveiðar skulu bannaðar umhverfis Ísland innan línu, sem dregin er 4 sjómilur frá yztu annesjum, eyjum eða skerjum og þvert fyrir mynni flóa og fjarða.

Markalínan skal dregin þannig, að fyrst skulu dregnar beinar grunnlínur milli eftirfarandi staða og síðan línan sjálf samhliða þeim, en 4 sjómílum utar. Grunnlínustaðirnir eru þessir:

1. Horn	66°27'4 n.br., 22°24'5 v.lg.
2. Íraboði	66°19'8 — 22°06'5 —
3. Drangasker	66°14'3 — 21°48'6 —
4. Selsker	66°07'3 — 21°31'2 —
5. Ásbúðaríf	66°08'1 — 20°11'2 —
6. Siglunes	66°11'9 — 18°50'1 —
7. Flatey	66°10'3 — 17°50'5 —
8. Lágey	66°17'8 — 17°07'0 —
9. Rauðinúpur	66°30'7 — 16°32'5 —
10. Rifstangi	66°32'3 — 16°11'9 —
11. Hraunhafnartangi	66°32'3 — 16°01'6 —
12. Langanes	66°22'6 — 14°32'0 —
13. Skálatóarsker	65°59'7 — 14°37'5 —
14. Bjarnarey	65°47'1 — 14°18'3 —
15. Almenningsfles	65°33'1 — 13°40'6 —
16. Glettinganes	65°30'6 — 13°36'4 —
17. Norðfjarðarhorn	65°10'0 — 13°31'0 —
18. Gerpír	65°04'7 — 13°29'8 —
19. Hólmur	64°58'9 — 13°30'7 —
20. Setusker	64°57'7 — 13°31'6 —
21. Þursasker	64°54'1 — 13°36'9 —
22. Yztiboði	64°35'2 — 14°01'6 —
23. Selsker	64°32'8 — 14°07'1 —
24. Hvítugar	64°23'8 — 14°28'1 —
25. Stokksnes	64°14'1 — 14°58'5 —
26. Hrollaugseyjar	64°01'7 — 15°58'8 —
27. Tvísker	63°55'6 — 16°11'4 —
28. Ingólfshöfði	63°47'8 — 16°38'6 —
29. Hvalsíki	63°44'1 — 17°33'7 —
30. Meðallandssandur I	63°32'4 — 17°56'0 —
31. Meðallandssandur II	63°30'6 — 18°00'0 —
32. Mýrnatangi	63°27'4 — 18°12'0 —
33. Kötlutangi	63°23'4 — 18°43'0 —
34. Lundadrangur	63°23'5 — 19°07'6 —
35. Geirfuglasker	63°19'0 — 20°30'1 —
36. Einidrangur	63°27'4 — 20°37'2 —
37. Selvogur	63°49'2 — 21°39'4 —
38. Hópsnes	63°49'3 — 22°24'6 —
39. Eldeyjardrangur	63°43'8 — 22°59'6 —

5

21
19. marz



40. Gáluvikurtangi	64°44'9 n.br., 23°55'2 v.lg.	21
41. Hraunvör	64°49'6 — 24°01'0 —	19. marz
42. Skálasnagi	64°51'2 — 24°02'7 —	
43. Bjargtangar	65°30'2 — 24°32'3 —	
44. Kópanes	65°48'3 — 24°06'3 —	
45. Barði	66°03'7 — 23°47'6 —	
46. Straumnes	66°25'7 — 23°08'5 —	
47. Kögur	66°28'3 — 22°55'8 —	
48. Horn	66°27'9 — 22°28'5 —	

Auk þess skulu dregnar markalínur í kringum eftirfarandi staði, 4 sjómílu frá þeim:

49. Kolbeinsey	67°07'5 n.br., 18°36'0 v.lg.
50. Hvalsbakur	64°35'8 — 13°16'7 —
51. Geirfugladrangur	63°40'6 — 23°17'3 —

Loks skal dregin markalína í kringum Grímsey, 4 sjómílu frá yztu annesjum og skerjum hennar.

2. gr.

Á svæði því, sem um ræðir í 1. gr., skulu útlendingum einnig bannaðar hvers konar aðrar veiðar, samkvæmt ákvæðum laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi.

3. gr.

Aflaskýrslur skulu sendar Fiskifélagi Íslands á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum nr. 55 frá 27. júní 1941, um afla- og útgerðarskýrslur.

Nú telur atvinnumálaráðuneytið, að um ofveiði verði að ræða, og getur það þá takmarkað fjölda veiðiskipa og hámarksafla hvers einstaks skips.

4. gr.

Útgerðarmenn þeir, sem hafa í hyggju að stunda sumarsildveiðar fyrir Norðurlandi á tímabilinu frá 1. júní til 1. október, skulu sækja um leyfi til atvinnumálaráðuneytisins fyrir 15. maí ár hvert og tilgreina í umsókn sinni, hvaða skip þeir ætli að nota til veiðanna og hvers konar veiðarfæri verði notuð.

5. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 5 8. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, laga nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi, með síðari breytingum eða, ef um er að ræða brot, sem ekki fellur undir framangreind lög, sektum frá kr. 1000.00 til kr. 100 000.00.

6. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð nr. 46 22. apríl 1950, um verndun fiskimiða fyrir Norðurlandi.

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 15. maí 1952.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, sbr. bráðabirgðalög nr. 37 19. marz 1952, um breyting á þeim lögum.

Atvinnumálaráðuneytið, 19. marz 1952.

Ólafur Thors.

Gunnlaugur E. Briem.

22
5. jan.

REGLUR

fyrir Fyrningarsjóð pósts og síma.

1. gr.

Tekjur sjóðsins eru árlegar fyrningar pósts og síma ásamt vöxtum af útlánum, innstæðum og verðbréfum, ef nokkur eru í eign sjóðsins.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að lána fé til hvers konar póst- og símaframkvæmda, húsa-kaupa fyrir póst og síma, svo og til aðstoðar þeim, sem byggja vegna pósts og síma, eða til annarra nauðsynlegra hluta í sambandi við póst eða síma. Allar lánveitingar úr sjóðnum skulu samþykktar af póst- og símamálaráðherra.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörzlu póst- og símamálastjóra og skulu reikningar sjóðsins árlega endurskoðaðir af endurskoðun fjármálaráðuneytisins.

4. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 20 milljónir króna, skal endurskoða þessar reglur.

Póst- og símamálaráðherra, 5. janúar 1952.

Björn Ólafsson.

Guðmundur Hliðdal.

23
11. febr.

SKRÁ

um nöfn á nýbýlum og breytingar á bæjanöfnum.

Í skrá þeirri, sem hér fer á eftir, og birt er samkvæmt fyrirmælum 7. laga nr. 51/1937, um bæjanöfn o. fl., eru talin nöfn býla, utan kaupstaða, sem hlotið hafa staðfesting ráðuneytisins fram til ársloka 1951 og eigi er getið í fasteignabók 1932:

1. Gullbringusýsla.

A. Nýbýli:

Nafn:	Úr landi:	
Akurgerði	Eyvindarstaða	Bessastaðahreppi
Austur-Klöpp	Klappar	Miðneshreppi
Grund	Breiðabólstaðar	Bessastaðahreppi
Hléberg	Setbergs	Garðahreppi
Lyngholt	Garða	Garðahreppi
Norður-Eyvindarstaðir	Eyvindarstaða	Bessastaðahreppi
Þórsberg	Setbergs	Garðahreppi

B. Breytingar á bæjanöfnum:

Nafn:	Úr landi:	
Arnarbæli	Endagerði	Miðneshreppi
Sólbakki	Bakki	Garðahreppi
Urriðavatn	Urriðakot	Gerðahreppi

2. Kjósarsýsla.

23

11. febr.

A. Nýbýli:

Nafn:	Úr landi:	
Ástún	Digraness	Kópavogshreppi
Birkihlíð	Digraness	Kópavogshreppi
Blómvangur	Reykjahvols	Mosfellshreppi
Efstaland	Digraness	Kópavogshreppi
Fell	Blönduholts	Kjósarhreppi
Grimstaðir	Valdastaða	Kjósarhreppi
Grund	Jörfa	Kjalarneshreppi
Grænahlíð	Digraness	Kópavogshreppi
Hlíð	S.-Reykja og Reykjavols	Mosfellshreppi
Holt	Jörfa	Kjalarneshreppi
Hulduhólar	Lágafells	Mosfellshreppi
Höfði	Miðdals	Mosfellshreppi
Katlagil	Helgadals	Mosfellshreppi
Lágahlíð	Lágafells	Mosfellshreppi
Litli-Krókur	Króks	Kjalarneshreppi
Lundur	Digraness	Kópavogshreppi
Lynghóll	Miðdals	Mosfellshreppi
Meltún	Lágafells	Mosfellshreppi
Meltunga	Digraness	Kópavogshreppi
Reykjadalur	Hlaðgerðarkots	Mosfellshreppi
Seljabrekka	Mosfells	Mosfellshreppi
Skálatún	Lágafells	Mosfellshreppi
Smárahvammur	Fífuhvamms	Kópavogshreppi
Sólheimar	Miðdals	Mosfellshreppi
Sæból	Digraness	Kópavogshreppi
Varmaland	Æsustaða	Mosfellshreppi

B. Breytingar á bæjanöfnum:

Nafn:	Hét áður:	
Leirvogsvatn	Svanastaðir	Mosfellshreppi

3. Borgarfjarðarsýsla.

A. Nýbýli:

Nafn:	Úr landi:	
Akur	Reykholts	Reykholtsdalshreppi
Birkihlíð	Skáneyjar	Reykholtsdalshreppi
Björk	Kleppjárnsreykja	Reykholtsdalshreppi
Borgartún	Elínarhöfða	Innra-Akraneshreppi
Brautartunga II	Brautartungu	Lundarreykjadalshreppi
Garður	Hurðarbaks	Reykholtsdalshreppi
Jaðar	Bæjar	Andakílshreppi
Laugarhóll	Langholts	Andakílshreppi
Minni-Ós	Óss	Skilmannahreppi
Nes	Skáneyjar	Reykholtsdalshreppi
Nýibær	Bæjar	Andakílshreppi

23 Nafn:
11. febr. Runnar
Vallanes
Viðigerði

Úr landi:
Stóra-Kroppss
Hvítanes
Deildartungu

Reykholtsdalshreppi
Skilmannahreppi
Reykholtsdalshreppi

B. Breytingar á bæjanöfnum:

Nafn:
Gíljahlíð

Hét áður:
Geirshlíðarkot

Reykholtsdalshreppi

4. Mýrasýsla.

A. Nýbýli:

Nafn:
Árbær
Ásar
Birkiból
Holt
Laugaland
Sólbakki
Staðarhús (fleirtala)

Úr landi:
Hvítstaða
Lunda
Valbjarnarvalla
Lækjarkots
Stafholtsveggja
Brúarreykja
Laxholts

Álftaneshreppi
Stafholtstungnahreppi
Borgarhreppi
Borgarhreppi
Stafholtstungnahreppi
Stafholtstungnahreppi
Borgarhreppi

5. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

A. Nýbýli:

Nafn:
Brautarholt
Fell
Forna-Krossnes
Hlíðarholt
Lækjamót
Lækur
Neðri-Kverná
Smáragarði
Sólbakki
Votilækur
Ytri-Berserkseyri
Ölkelda II

Úr landi:
Bergsholt
Arnarstapa
Krossness
Böðvarsholts
Hörgsholts
Bildhóls
Kvernár
Kolviðarness
Staðarbakka
Vatnsholts
Bergserkseyrar
Ölkeldu

Staðarsveit
Breiðavíkurreppi
Eyrarsveit
Staðarsveit
Miklaholtshreppi
Skógarstrandarhreppi
Eyrarsveit
Eyjahreppi
Helgafellssveit
Staðarsveit
Eyrarsveit
Staðarsveit

B. Breytingar á bæjanöfnum:

Nafn:
Hlíð

Hét áður:
Hlíðarkot

Fróðárhreppi

6. Dalasýsla.

A. Nýbýli:

Nafn:
Foss
Sveinsstaðir

Úr landi:
Innri-Fagradals
Kvennahóls

Saurbæjarhreppi
Klofningshreppi

B. Breytingar á bæjanöfnum:

Nafn:
Þrándargil

Hét áður:
Þrándarkot

Laxárdalshreppi

7. Barðastrandarsýsla.

A. Nýbýli:

Nafn:	Úr landi:	
Árbær	Staðar	Reykholahreppi
Grund	Neðrabæjar	Ketildalahreppi
Grænahlíð	Feitsdals	Ketildalahreppi
Teigsskógur	Hallsteinsness	Gufudalshreppi

23

11. febr.

8. Vestur-Ísafjarðarsýsla.

A. Nýbýli:

Nafn:	Úr landi:	
Ástún	Álfadals	Mýrahreppi
Grund	Hóls	Mosvallahreppi
Haukaberg	Ytri-Húsa	Mýrahreppi

9. Norður-Ísafjarðarsýsla.

A. Nýbýli:

Nafn:	Úr landi:	
Árbakki	Tyrðilmýrar	Snæfjallahreppi
Geirmundarstaðir	Atlastaða	Sléttuhreppi
Lyngholt	Bæja	Snæfjallahreppi
Svalbarð	Stakkadals	Sléttuhreppi
Sæborg	Sæbóls	Sléttuhreppi
Vonarland	Melgraseyrar	Nauteyrarhreppi

10. Strandasýsla.

A. Nýbýli:

Nafn:	Úr landi:	
Bakkagerði	Bæjar I	Kaldrananeshreppi
Lyngholt	Borðeyrar	Bæjarhreppi

11. Vestur-Húnavatnssýsla.

A. Nýbýli:

Nafn:	Úr landi:	
Auðunarstaðir II	Auðunarstaða	Þorkelshólshreppi
Brautarland	Galtarness	Þorkelshólshreppi
Brautarholt	Fallandastaða	Staðarhreppi
Selland	Krossaness	Þverárhreppi
Sólbakki	Þorkelshóls	Þorkelshólshreppi
Syðra-Kolugil	Kolugils	Þorkelshólshreppi
Syðri-Bessastaðir	Bessastaða	Ytri-Torfustaða
Syðri-Gauksmýri	Gauksmýrar	Kirkjuhvamshreppi
Syðsti-Ós	Stóra-Óss	Ytri-Torfustaðahreppi
Tjörn II	Tjarnar	Þverárhreppi

23

11. febr. Nafn:
Bakki
Giljaland
Laufás

B. Breytingar á bæjanöfnum:

Hét áður:
Bakkakot
Litla-Þverá
Tittlingastaðir

Þorkelshólshreppi
Fremri-Torfustaðahreppi
Þorkelshólshreppi

12. Austur-Húnavatnssýsla.

A. Nýbýli:

Nafn:
Ásholt
Fagranes
Nautabú
Syðri-Grund

Úr landi:
Harastaða
Holtastaða
Undirfells
Grundar

Höfðahreppi
Engihlíðarhreppi
Áshreppi
Svinavatnshreppi

B. Breytingar á bæjanöfnum:

Nafn:
Sunnuhlíð
Ártún

Hét áður:
Torfustaðakot (Kot)
Ytra-Tungukot

Áshreppi
Bólstaðarhlíðarhreppi

13. Skagafjarðarsýsla.

A. Nýbýli:

Nafn:
Ásgarðar
Ármúli
Eyyrarland
Fitjar
Gautland
Hraun II
Hrisar
Kýrholt II
Laugarból
Lindarbær
Nýrækt
Reiðholt
Sólvangur
Stekkjarból
Varmilækur

Úr landi:
Viðivalla
Holtsmúla
Brúarlands
Nautabús
Barðs
Hrauna
Grafar
Kýrholt
Steinsstaða
Gils
Stóra Holts
Mælifells
Óslands
Hólkots
Skíðastaða

Akrahreppi
Staðarhreppi
Hofshreppi
Lýtingsstaðahreppi
Haganeshreppi
Holtshreppi
Hofshreppi
Viðvíkurhreppi
Lýtingsstaðahreppi
Skarðshreppi
Holtshreppi
Lýtingsstaðahreppi
Hofshreppi
Hofshreppi
Lýtingsstaðahreppi

B. Breytingar á bæjanöfnum:

Nafn:
Ásgarður
Birkihlíð
Laufskálar
Sunnuhvoll

Hét áður:
Langhús
Hólkot
Brekukot
Úlfstaðakot

Viðvíkurhreppi
Staðarhreppi
Hólahreppi
Akrahreppi

14. Eyjafjarðarsýsla.

23

11. febr.

A. Nýbýli:

Nafn:	Úr landi:	
Arnarfell	Arnarstaða	Saurbæjarhreppi
Arnarholt	Arnarness	Arnarneshreppi
Austurhlíð	Ytri-Varðgjár	Öngulstaðahreppi
Ártún	Skáldstaða	Saurbæjarhreppi
Berg	Syðstabæjar	Hríseyjarhreppi
Brúnhús	Klaufar	Öngulstaðahreppi
Engihlíð	Krossa	Árskógshreppi
Garður	Einarsstaða	Glæsibæjarhreppi
Hlíðarfell	Hlíðarhaga	Saurbæjarhreppi
Leyningshólar	Leynings	Saurbæjarhreppi
Litli-Garður	Miklagarðs	Saurbæjarhreppi
Myrkárbakki	Myrkár	Skriðuhreppi
Ytri-Bægisá II	Ytri-Bægisár	Glæsibæjarhreppi

B. Breytingar á bæjanöfnum:

Nafn:	Hét áður:	
Laugahlíð	Tjarnargarðshorn	Svarfaðardalshreppi

15. Suður-Þingeyjarsýsla.

A. Nýbýli:

Nafn:	Úr landi:	
Akrar	Halldórsstaða	Reykðelahreppi
Arnarstaðir	Jarlsstaða	Bárððelahreppi
Árhvammur	Kasthvamms	Reykðelahreppi
Berg	Sands	Aðaldelahreppi
Birkihlíð	Sigriðarstaða	Hálshreppi
Bjarg	Reykjahlíðar	Skútustaðahreppi
Borg	Ytri-Neslanda	Skútustaðahreppi
Borgarhóll	Svínárness	Grýtubakkahreppi
Bólstaður	Mýrar	Bárððelahreppur
Brúar	Grenjaðarstaða	Aðaldelahreppi
Dalur	Jarlsstaða	Grýtubakkahreppi
Fornhagi	Haga	Aðaldelahreppi
Grænahlíð	Veturliðastaða	Hálshreppi
Halllandsnes	Halllands	Svalbarðsstrandarhreppi
Hnjúkur	Hóls	Ljósavatnshreppi
Hvoll	Grenjaðarstaða	Aðaldelahreppi
Höfðabrekka	Svæðis	Grýtubakkahreppi
Jaðar	Einarsstaða	Reykðelahreppi
Laufahlíð	Brekknakots	Reykjahreppi
Laugafell	Litlu-Lauga	Reykðelahreppi
Lautir	Hóla í Reykjadal	Reykðelahreppi
Lindahlíð	Mýlaugsstaða	Aðaldelahreppi
Lynghrekka	Daðastaða	Reykðelahreppi
Lyngholt	Arndísarstaða	Bárððelahreppi

23 Nafn:
11. febr. Mörk
Reykjarhóll
Reynihlíð
Réttarholt
Sandur II
Sólvangur
Staðarhóll
Sunnuhvoll
Syðri-Fornastaðir
Tunguvellir
Vallholt
Veturliðastaðir

Yzta-Fell II
Yzta-Fell III

Úr landi:
Lundar
Stóru-Reykja
Reykjahlíðar
Bárðartjarnar
Sands
Hallgilsstaða
Grenjaðarstaðar
Sigurðarstaða
Fornastaða
Ytri-Tungu
Stafns
Veturliðastaða
(eyðibýli, bærinn fluttur)
Yzta-Fells
Yzta-Fells

Hálshreppi
Reykjahreppi
Skútustaðahreppi
Grýtubakkahreppi
Aðaldælahreppi
Hálshreppi
Aðaldælahreppi
Bárðdælahreppi
Hálshreppi
Tjörneshreppi
Reykðalahreppi
Hálshreppi

Ljósavatnshreppi
Ljósavatnshreppi

Nafn:
Skógarhlíð

B. Breytingar á bæjanöfnum:

Hét áður:
Dýjakot
Tjörneshreppi

16. Norður-Þingeyjarsýsla.

A. Nýbýli:

Nafn:
Bjarmaland
Brúarland
Efra-Lón
Framnes
Gilhagi
Hagaland
Hlíðargerði
Hvoll
Höfði
Lindarbrekka
Lyngás
Miðtún
Oddgeirsstaðir
Sætún
Vatnsendi

Úr landi:
Hafursstaða
Gunnarsstaða
Ytra-Lóns
Kelduness
Gilsbakka
Hermundarfells
Ingveldarstaða
Snartarstaða
Hóls
Kelduneskots
Hóls
Nýhafnar
Oddsstaða
Brekna
Oddsstaða

Öxarfjarðahreppi
Svalbarðshreppi
Sauðaneshreppi
Kelduneshreppi
Öxarfjarðahreppi
Svalbarðshreppi
Kelduneshreppi
Presthólahreppi
Presthólahreppi
Kelduneshreppi
Kelduneshreppi
Presthólahreppi
Presthólahreppi
Sauðaneshreppi
Presthólahreppi

B. Breytingar á bæjanöfnum:

Nafn:
Arnarhóll
Ásbyrgi

Hét áður:
Arnarstaðir II
Byrgi
Presthólahreppi
Kelduneshreppi

17. Norður-Múlasýsla.

A. Nýbýli:

Nafn:
Árteigur
Ártún

Úr landi:
Hnitbjarga
Ketilstaða
Hlíðahreppi
Hjaltastaðahreppi

Nafn:	Úr landi:	
Bjarmaland	Djúpalækjar	Skeggjastaðahreppi
Breiðilækur	Hákonarstaða	Jökuldalshreppi
Breiðamörk	Sleðbrjót	Hlíðarhreppi
Eyjatunga	Eyjasels	Hlíðarhreppi
Eyland	Hólshjáleigu	Hjaltastaðahreppi
Eyrarland	Bessastaða	Fljótaldalshreppi
Fagurhóll	Lýtingsstaða	Vopnafjarðarhreppi
Flúðir	Bótar	Tunguhreppi
Gilsá	Skjöldólfsstaða	Jökuldalshreppi
Grænahlið	Hjaltastaðastekks	Hjaltastaðahreppi
Hjarðarból	Brekku	Fljótaldalshreppi
Hlaðir	Ekkjufells	Fellshreppi
Hlíð	Heiðarsels	Tunguhreppi
Hólmatunga	Torfustaða og Eyjasels	Hlíðarhreppi
Holt	Skeggjastaða II	Fellahreppi
Litla-Grund	Bessastaða	Fljótaldalshreppi
Sandur	Hólshjáleigu	Hjaltastaðahreppi
Skóghlið	Bótar	Tunguhreppi
Skriðufell	Torfastaða	Hlíðarhreppi
Skuggahlið	Hnefilsdals	Jökuldalshreppi
Smáragrund	Skeggjastaða	Jökuldalshreppi
Sunnuholt	Dvergasteins	Seyðisfjarðarhreppi
Vallholt	Hrafnkelsstaða	Fljótaldalshreppi

23

11. febr.

18. Suður-Múlasýsla.

A. Nýbýli:

Nafn:	Úr landi:	
Ásbrún	Kirkjubólssels	Stöðvarhreppi
Birkihlíð	Tunguhaga	Vallnahreppi
Brún	Mýra	Skriðdalshreppi
Framnes	Búlands	Búlandshreppi
Grænahlið	Stuðla	Reyðarfjarðarhreppi
Hjarðarhlíð	Borgar	Skriðdalshreppi
Lágafell	Fells	Breiðdalshreppi
Lindarbakki	Jórvíkur	Breiðdalshreppi
Lindarbrekka	Berufj. og Eyjólfstaða	Beruneshreppi
Ljósaland	Kirkjubóls	Búðahreppi
Lækjamót	Árnagerðis	Fáskrúðsfjarðarhreppi
Reynihagi	Hallbjarnarstaða	Skriðdalshreppi
Selnes III	Þverhamars	Breiðdalshreppi
Sólheimar	Hallormsstaða	Vallahreppi
Steinholt	Eyvindarár	Eiðahreppi
Þverá	Kirkjubóls	Helgustaðahreppi

B. Breytingar á bæjanöfnum:

Nafn:	Hét áður:	
Fagrihvammur	Tittlingur	Beruneshreppi

23

11. febr.

Nafn:
 Ás
 Brunnavellir
 Dynjandi
 Hjarðarnes
 Malarás

19. Austur-Skaftafellssýsla.**A. Nýbýli:**

Úr landi:	
Bjarnarness	Nesjahreppi
Brunna	Borgarhafnarhreppi
Pinganess	Nesjahreppi
Dilksness	Nesjahreppi
Hofsness	Hofshreppi

20. Vestur-Skaftafellssýsla.**A. Nýbýli:**

Nafn:
 Ás
 Stuðlafoss
 Vellir
 Úthlíð
 Ytri-Ásar

Úr landi:	
Brekkná I	Dyrhólahreppi
Foss	Hörgslandshreppi
Péturseyjar II	Dyrhólahreppi
Hlíðar	Skaftártunguhreppi
Ása	Skaftártunguhreppi

21. Rangárvallasýsla.**A. Nýbýli:**

Nafn:
 Akur
 Akurhóll
 Bjarg
 Borgarholt
 Brúarland
 Eyland
 Fróðholt
 Fosshólar
 Hamrahlíð
 Heiðarbrún
 Kornbrekkur
 Lyngás
 Tjaldhólar
 Ytra-Seljaland

Úr landi:	
Miðhúsa	Hvolhreppi
Gunnarsholts	Rangárvallahreppi
Ægissíðu	Djúparhreppi
Hárlausstaða	Ásahreppi
Helluvaðs	Rangárvallahreppi
Eyjar	V.-Landeyjahreppi
Fróðholtshjáleigu	Rangárvallahreppi
Lýtingsstaða	Holtahreppi
Varmahlíðar	V.-Eyjafjallahreppi
Árbæjar	Holtahreppi
Gunnarsholts	Rangárvallahreppi
Efri-Rauðalækjar	Holtahreppi
Stóra-Moshvols	Hvolhreppi
Seljalands	V.-Eyjafjallahreppi

B. Breytingar á bæjanöfnum:

Nafn:
 Bólstaður

Úr landi:	
Voðmúlastaða- Suðurhjáleiga	A.-Landeyjahreppi

Lindartún
 Sléttuból

Hraukur	A.-Landeyjahreppi
Efri-Úlfsstaðahjáleiga	A.-Landeyjahreppi

22. Árnessýsla.**A. Nýbýli:**

Nafn:
 Árbær III
 Auðsholt V

Úr landi:	
Árbæjar II	Ölfushreppi
Auðsholts II	Biskupstungnahreppi

Nafn:	Úr landi:		23 11. febr.
Böðmóðsstaðir II	Böðmóðsstaða	Laugardalshreppi	
Efri-Brúnavellir II	Efri-Brúnavalla	Skeiðahreppi	
Eystra-Geldingaholt II	Eystra-Geldingaholts	Gnúpverjahreppi	
Eystri-Grund	Bakkagerðis	Hveragerðishreppi	
Fljótsholt	Stóra-Fljóts	Biskupstungnahreppi	
Garður	Hvammis	Hrunamannahreppi	
Grund	Kolsholts	Villingaholtshreppi	
Gufudalur	Reykja	Ölfushreppi	
Hamarsholt	Hamarsheiðar, Ása og Stóra-Núps	Gnúpverjahreppi	
Hjarðarland	Holtakota	Biskupstungnahreppi	
Hverabakki	Grafarbakka	Hrunamannahreppi	
Kjartansstaðir	Hraungerðistorfunni	Hraungerðishreppi	
Laugarfell	Laugar	Biskupstungnahreppi	
Lyngholt	Súluholts	Villingaholtshreppi	
Lækjarbrekka	Steinsholts	Gnúpverjahreppi	
Lækjarhvammur	Grafar	Laugardalshreppi	
Merkiland	Laugardæla	Selfosshreppi	
Mæri	Kotstrandar	Ölfushreppi	
Núpur III	Núps II og I	Ölfushreppi	
Reykjabakki	Grafarbakka II	Hrunamannahreppi	
Reykjaból	Reykjadals	Hrunamannahreppi	
Reykjalundur	Reykjaness	Grímsneshreppi	
Skógar	Snorrastaða	Laugardalshreppi	
Skyggfir	Áss	Hrunamannahreppi	
Stóru-Mástungur II	Stóru-Mástungna	Gnúpverjahreppi	
Stöðulfell	Þrándarholts	Gnúpverjahreppi	
Vestri-Grund	Bakkagerðis	Stokkseyrarhreppi	
Porkelshóll	Brattholts	Stokkseyrarhreppi	

B. Breytingar á bæjanöfnum:

Nafn:	Hét áður:	
Ásatún	Snússa	Hrunamannahreppi
Ásbrekka	Glóra	Gnúpverjahreppi
Bjarg	Bolafótur	Hrunamannahreppi
Dalsmynni	Strittla	Biskupstungnahreppi
Hallkelshólar	Hólakot	Grímsneshreppi
Hvítárakki	Halakot	Biskupstungnahreppi
Ingólfshvoll	Borgarkot	Ölfushreppi
Lækjamót	Votmúla-Norðurkot	Sandvikurhreppi
Skrúðvangur	Suðurkot	Grímsneshreppi
Túnsberg	Reykjadalskot	Hrunamannahreppi
Vegatunga	Torfastaðakot	Biskupstungnahreppi

Í menntamálaráðuneytinu, 11. febrúar 1952.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Sigurður J. Briem.

24

15. febr.

REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Neskaupstað nr. 163 13. desember 1944.

35. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist svo:

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hver 100 kg:
Kol, salt, sement, kornvara, síld og sykur.
2. flokkur. Gjald 60 aurar fyrir hver 100 kg:
Saltfiskur og nýr fiskur með haus.
3. flokkur. Gjald 70 aurar fyrir hver 100 kg:
Nýr fiskur afhausaður, oliur, járn, lýsi, fiskimjöl, sildarmjöl og tilbúinn áburður.
4. flokkur. Gjald 85 aurar fyrir hver 100 kg:
Fræðfiskur, flatfiskur og fiskflök.
5. flokkur. Gjald 130 aurar fyrir hver 100 kg:
Kjöt.
6. flokkur. Gjald 175 aurar fyrir hver 100 kg:
Allar aðrar vörur, sem reiknaðar eru eftir þyngd.
7. flokkur. Gjald 12 aurar fyrir hvert teningsfet af trjávið og öllum öðrum vörum, sem reiknaðar eru eftir rúmmáli.
8. flokkur. Gjald 40 aurar fyrir hvert stykki:
Tómar tunnur og aðrar umbúðir.
9. flokkur. Gjald 6 krónur fyrir hvern stórgrip.
10. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hverja sauðkind.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946 um hafnargerðir og lendingarbætur til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur niður 3. gr. auglýsingar nr. 137 22. október 1946, um breyting á hafnarreglugerð fyrir Neskaupstað nr. 163 13. desember 1944.

Samgöngumálaráðuneytið, 15. febrúar 1952.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

25

29. febr.

um staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á samþykkt um breytingu á lögreglu-samþykkt fyrir Vestmannaeyjakaupstað frá 31. marz 1928.

Fyrsta málsgr. 7. gr. orðist svo: 1. gr.

Bönnuð er notkun hvers konar skotvopna við fugladráp á Heimaey. Enn fremur er bönnuð notkun skotvopna á innri höfninni.

2. gr.

Við 29. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Öllum er óheimilt að fara í húðkeipum (kajökum) út á sjó, hvort heldur er á höfninni eða annars staðar við Vestmannaeyjar.

3. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 29. febrúar 1952.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

26

18. febr.

um breytingu á gjaldskrá fyrir Rafveitu Hafnarhrepps, nr. 159 18. júlí 1950.

I. kafli gjaldskrárinnar orðist svo:

I. RAFORKA

Rafveita Hafnarhrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.60 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Til götu- og hafnarlýsingar um kwst.mæli á kr. 1.90 hver kwst.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á kr. 0.75 hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 5.00 á mánuði af 5 herbergjum hverrar íbúðar, og kr. 3.00 á mánuði af hverju herbergi umfram 5.

Til herbergja í íbúð skal telja öll íveruherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

C. Vélnotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.50 hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 200.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til vélareksturs í verksmiðjum og frystihúsum um kwst.mæli á kr. 0.75 hver kwst.

26 Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa straum allt að 2 stundum um hádegi og
18. febr. 1—2 stundir síðdegis. Einnig á öðrum tímum, ef spenna er mjög lág.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15
20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í
stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 18. febrúar 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

27
21. febr.

REGLUGERÐ um lánasjóð stúdenta.

1. gr.

Við Háskóla Íslands skal vera sjóður, er ber nafnið lánasjóður stúdenta. Skal sjóðnum varið til að veita stúdentum við háskólann námslán.

Þeir einir teljast stúdentar við Háskóla Íslands í reglugerð þessari, er lokið hafa prófi, er veitir rétt til innritunar í Háskóla Íslands, eru íslenzkir ríkisborgarar og skráðir á nemendaskrá háskólans og stunda þar nám reglulega, að dómi kennara sinna.

2. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum: tveim tilnefndum af háskólaráði, tveim af stúdentaráði háskólans og menntamálaráðherra skipar einn án tilnefningar. Menntamálaráðherra skipar síðan formann sjóðsstjórnar úr hópi stjórnenda. Framangreindir aðilar skulu tilnefna jafnmarga menn til vara og skulu stjórnarmennirnir skipaðir til þriggja ára í senn, en þó þannig, að eftir fyrstu tvö árin skulu tveir ganga úr eftir hlutkesti. Stjórnin skal halda gerðabók um störf sín. Í stjórninni ræður meiri hluti atkvæða úrslitum mála.

3. gr.

Lán úr sjóðnum skulu veitt þeim stúdentum einum, er um getur í 1. gr.

Sé eigi unnt að fullnægja öllum lánbeiðnum, skulu þeir stúdentar ganga fyrir að öðru jöfnu, sem lengst eru komnir í námi eða eru að búa sig undir meiri háttar próf.

4. gr.

Lán skulu veitt tvisvar á ári, í nóvember og marzmánuði. Heimilt er að lána árlega allt að 500 000 krónum. Sjóðsstjórn ákveður, hve mikið fé skal lána hvort skipti.

Umsóknum um lán skal skila eigi síðar en fyrsta þess mánaðar, sem lánin eru veitt, og skal umsóknarfrestur eigi skemmri en þrjár vikur.

5. gr.

Við veitingu lána skal taka tillit til efnahags umsækjanda og hæfilegs náms-tíma hans.

Rísi ágreiningur um, hvað teljast skuli hæfilegur námstími stúdents, skal sjóðsstjórnin leita umsagnar viðkomandi deildar.

6. gr.

Stúdentar skulu enga vexti greiða, meðan á námstíma stendur, en greiða lánin upp með jöfnum afborgunum og 3½% vöxtum á tíu árum. Skulu vaxtagreiðsl-

urnar og afborganirnar hefjast þremur árum eftir að námi lýkur. Miða skal við 27 próf eða síðustu lántöku, ef stúdent hverfur frá námi, nema sérstakar ástæður séu 21. febr. fyrir hendi. Metur sjóðsstjórnin það hverju sinni.

7. gr.

Þeir stúdentar, sem stunda nám í verkfræði við háskólann, skulu, meðan eigi er unnt að ljúka þar námi, ekki þurfa að hefja greiðslur vaxta og afborgana, fyrr en þrem árum eftir, að þeir hafa lokið námi erlendis.

8. gr.

Sjóðsstjórnin lætur gera skuldabréf og skulu á það prentaðir skilmálar þeir, er lántaki gengst undir. Lántakendur skulu setja tryggingu fyrir lánum, sem stjórn sjóðsins metur gildar.

9. gr.

Vörzlu sjóðsins, bókhald, innheimtu og eftirlit með greiðslum skal fela opinberri bankastofnun.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fresti þá, er um getur í 4. gr., má stytta, þegar veitt eru lán úr sjóðnum í fyrsta skipti. Skal stjórn sjóðsins ákveða þá.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1952, um lánasjóð stúdenta, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 21. febrúar 1952.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

28

21. febr.

um breyting á reglugerð nr. 185 22. okt. 1951, um breyting á reglugerð nr. 11 18. jan. 1947, um innheimtu iðgjalda o. fl. samkv. lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar.

Ákvæði til bráðabirgða við reglugerðina orðist svo:

Árið 1952 skulu iðgjöld samkv. 107. og 112. gr. tryggingalaga nr. 50/1946, sbr. 24. og 25. gr. laga nr. 1/1952, vera sem hér segir:

1. Iðgjöld hinna tryggðu samkvæmt 107. gr. laga nr. 50/1946:

a. Kvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 577.00
Á 2. ———	— 459.00

b. Ókvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði	— 518.00
Á 2. ———	— 414.00

c. Ógiftar konur:

Á 1. verðlagssvæði	— 385.00
Á 2. ———	— 311.00

- 28 2. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 112. gr. laga nr. 50/1946, sbr. 24. gr. laga nr. 21. febr. 1/1952:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 6.88 á viku
Á 2. ———	— 5.18 — —

Til loka febrúarmánaðar 1952 skulu iðgjöld samkv. 112. gr. laga nr. 50/1946, vegna lögskráðra sjómanna þó vera sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 6.70 á viku
Á 2. ———	— 5.05 — —

3. Árið 1952 skal greiða í janúar upp í iðgjöld samkv. 107. gr. eins og þau eru ákveðin í 1. lið hér á undan, sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði:

Karlar	kr. 280.00
Ógiftar konur	— 210.00

Á 2. verðlagssvæði:

Karlar	— 210.00
Ógiftar konur	— 170.00

4. Félagsmenn sérsjóða samkv. 133. gr. laga nr. 50/1946, skulu árið 1952 greiða iðgjald, sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði:

Kvæntir karlar	kr. 192.00
Ókvæntir karlar	— 163.00
Ógiftar konur	— 118.00

Á 2. verðlagssvæði:

Kvæntir karlar	kr. 148.00
Ókvæntir karlar	— 118.00
Ógiftar konur	— 89.00

5. Iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. og framlög samkvæmt 114. og 116. gr. laga nr. 50/1946 sbr. 24. gr. laga nr. 1/1952, skulu innheimt með álagi samkvæmt kaupgjaldsvisitölu marzmánaðar það ár, sem gjöldin eru á lögð. Iðgjöld vegna lögskráðra sjómanna samkv. 112. gr. laga nr. 50/1946 skulu innheimt með álagi samkvæmt kaupgjaldsvisitölu janúarmánaðar 1952, þar til visitöluálag ársins hefur verið ákveðið.

6. Skirteinagjald samkv. 127. gr. laga nr. 50/1946 ber að greiða með janúargreiðslu iðgjalds og skirteinin eða kvittun því aðeins afhent að skirteinisgjaldið og janúargreiðslan hafi verið innt af hendi.

Reglugerðarbreyting þessi, sem gerð er samkv. lögum nr. 1 1952, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau, gengur í gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld breyting á reglugerð nr. 185 22. okt. 1951, sem birt er með auglýsingu nr. 215 31. des. 1951.

Félagsmálaráðuneytið, 21. febrúar 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Jónas Guðmundsson.

AUGLÝSING

um flugferðir innanlands.

29
21. febr.

Með því að Loftleiðir h.f. hefur tilkynnt samgöngumálaráðuneytinu í bréfi, dags. 31. janúar s. l., að félagið muni ekki starfrækja að sinni áætlunarflug á neinum innlendum flugleiðum og telji sig ekki sérleyfishafa á þeim leiðum, sem taldar eru upp í auglýsingu ráðuneytisins, dags. 29. f. m., hefur ráðuneytið í dag gefið Flugfélagi Íslands h.f. heimild fyrst um sinn til að halda uppi áætlunarflugferðum til eftirtaldra staða:

1. Reykjavík—Sandur.
2. Reykjavík—Hólmavík.
3. Reykjavík—Ísafjörður.
4. Reykjavík—Vestfirðir (Vestfjarðaskaginn).
5. Vestfirðir — millifjarðaflug.
6. Reykjavík—Siglufjörður.
7. Reykjavík — Vestmannaeyjar (Hella).
8. Reykjavík—Blönduós—Sauðárkrókur.

Leiðirnar undir nr. 4 og 5 verða ekki starfræktar samkvæmt fastri áætlun, heldur eftir því, sem ástæður leyfa.

Samgöngumálaráðuneytið, 21. febrúar 1952.

Björn Ólafsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Rafveitu Neskaupstaðar, nr. 154 11. nóv. 1948.

30
25. febr.

Stafliðirnir A, B og C í I. kafla gjaldskrárinnar orðist svo:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.25 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á 105 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi 60 aurum á mánuði hvern m² gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í húðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir ganga og geymslur skal deila fermetragjaldinu með tveimur.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á 70 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 4.00 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Til herbergja skal ekki telja ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m² má reikna með þeirri meðalstærð.

30

25. febr.

C. Vélar.

Þar sem raforka er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst.mæli á 110 aura hver kwst. Hafi vélarinnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 125.00 til kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Um kwst.mæli til fiskiðnaðar, ef uppsett rafvélaafl fastra véla er yfir 40 kw.:

Fyrstu	50	þús. kwst.	ársnotkun	48	aura	hver kwst.
Næstu	100	—	—	—	44	— — —
—	100	—	—	—	38	— — —
Umfram	250	—	—	—	33	— — —

Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa straum allt að 2 stundum um hádegi og 1 stund að kvöldi.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um breytingu á sömu gjaldskrá, nr. 104 6. júní 1950.

Atvinnumálaráðuneytið, 25. febrúar 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

31

25. febr.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Ólafsfjarðarhöfn.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Ólafsfjarðarhöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin frá Hrafnavogum að vestan í svonefnda Ófærugjá. Innan nefndrar línu takmarkast hún af landinu á alla vegu meðfram ströndinni.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirumsjón þess ráðuneytis, sem fer með hafnamál.

3. gr.

Hafnarnefnd sér um viðhald og endurbætur hafnarinnar og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Hafnarnefnd annast reikningshald og fjárvörzlu hafnarsjóðs fyrir hönd bæjarins, þó getur hafnarnefnd falið öðrum aðila að sjá um reikningshaldið. Bæjarsjóður ber ábyrgð á eignum og skuldbindingum hafnarsjóðs.

4. gr.

31

Bæjarstjórn ræður hafnarvörð og aðra starfsmenn hafnarinnar, að fengnum tillögum hafnarnefndar, setur þeim starfsreglur og ákveður launa þeirra.

25. febr.

Hafnarnefnd kýs sér formann, er boðar til fundar og stýrir þeim, sér um bókanir á fundargerðum og ályktunum nefndarinnar og hefur umsjón og eftirlit með fjármálum hafnarinnar.

Hafnarnefnd heldur fundi svo oft sem þurfa þykir, og er formanni hafnarnefndar skylt að boða til fundar, æski einn nefndarmanna þess.

5. gr.

Við lok hvers reikningsárs skal hafnarnefnd semja reksturs- og efnahagsreikning sjóðsins, og ber henni að hafa fullgert reikninginn ekki síðar en í febrúarlok næsta reikningsárs. Reikningar skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og reikningar bæjarsjóðs.

Fyrir fyrsta nóvember ár hvert skal hafnarnefnd hafa samið og lagt fyrir bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Bæjarstjórn skal síðan fullsemja áætlunina og senda hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á gjalda- og tekjuliðum.

6. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari renna í hafnarsjóð Ólafsfjarðarkaupstaðar, er varið skal til byggingar hafnarmannvirkja og viðhalds á þeim, svo og til annarra umbóta á hafnarsvæðinu.

Fé úr sjóðnum veitir bæjarstjórn, að fengnum tillögum hafnarnefndar.

7. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

III. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

8. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ekki ferma og afferma, mega aldrei leggjast svo á höfnina, að þau tálmi affermingu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar um það, hvar þau megi liggja eða leggjast.

Aldrei mega nein skipa leggjast svo nærri bryggju, að eigi sé nægilegt svigrúm fyrir önnur skip, að komast að eða frá.

Tregðist eigandi, skipstjóri eða umráðamaður skipa við að hlýða boðum hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar, um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, getur hafnarnefnd látið gera það á kostnað eiganda.

9. gr.

Enginn má leggja sérstök legugögn í höfnina, nema leyfi hafnarnefndar komi til, og skal hún ákveða hvar þau skuli lögð.

Í hverju skipi, að undanskyldum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlous í lægi hafnarinnar, skal jafnan vera einn maður, að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum hafnarnefndar og látið framkvæma þær, hvort heldur á að færa skipið eða framkvæma eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

31

25. febr.

10. gr.

Ekki má festa skip við bólvirki né bryggju, nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig koma fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki þessa ekki nægilega gætt, má krefjast að bætt sé úr því tafarlaust. Skylt er að hafa tryggar hlifar milli skipa og bólvirkis eða bryggju.

11. gr.

Vélskip mega ekki láta vélar ganga með svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hættu af því. Ekki má hleypa vatni á bryggju eða bólvirki að óþörfu.

12. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarnefndar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarnefnd láta færa skipið burt á kostnað eiganda, og er henni heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

IV. KAFLI

Um notkun bryggna og bólvirkja.

13. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggju og bólvirki hafnarinnar í þeirri röð sem þau koma. Þó skulu að öðru jöfnu þau skip, sem sigla eftir fastrí auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rétt til að leggjast að bryggjum og bólvirkjum, þótt önnur skip liggi þar fyrir, og verða þau þá að víkja meðan hin eru afgreidd. Sams konar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að áliti hafnarnefndar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, er hún krefst þess. Enn fremur getur hafnarnefnd eða umboðsmaður hennar vísað skipum frá bryggjum og bólvirkjum, áliti hann það nauðsynlegt vegna veðurs.

14. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða bólvirki, sé lagt hlið við hlið, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, sem nær liggja.

15. gr.

Þeir munir eða vörur sem affermdar eru eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggjum né bólvirkjum og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til, nema með leyfi hafnarnefndar. Skal flytja vörur og muni á brott jafnskjótt og hún krefst þess. Óheimilt er að henda slógi, rusli eða öðrum úrgangi í höfnina innan garða.

16. gr.

Við uppskipun og útskipun á sandi, kjölfestu og öðru sliku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífðardúka milli skips og bólvirkis eða bryggju eða milli skipa, svo ekkert falli fyrir borð. Sé þessa ekki gætt, getur hafnarnefnd stöðvað verkið unz úr er bætt.

V. KAFLI
Um almenna reglu.

31
25. febr.

17. gr.

Hafnarnefnd sér um að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boði hennar og banni, og enn fremur annarra þeirra starfsmanna, er hún setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært það fyrir lögreglustjóra, en skipunum hafnarnefndar og starfsmanna hennar ber að hlýða tafarlaust.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

18. gr.

Skyllt er að gæta fyllstu varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós, nema í eldavélum skipsins eða á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu þeirra og affermingu, enda skal það greinilega auglýst. Álíti hafnarnefnd að hætta geti stafað af affermingu eða fermingu eldfimrar vöru, er henni heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni innan línu, sem hugsast dregin úr Brimnesá í Gunnólfsá.

VI. KAFLI

Hafnarmannvirki einstakra manna og félaga innan hafnarinnar.

19. gr.

Meðfram strandlengju hafnarinnar má ekki gera neina bryggju eða önnur mannvirki í sjó fram, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem fyrir eru, og ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema bæjarstjórn hafi veitt samþykki sitt til þess, að fengnum tillögum hafnarnefndar. Skjóta má úrskurði bæjarstjórnar til þess ráðuneytis, sem fer með hafnamál. Sé slíkt leyfi ekki notað innan tveggja ára, fellur það úr gildi.

Sá, sem fengið hefur leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal halda því svo vel við, að engin hætta stafi af því. Brot gegn því varðar sektum allt að 10 þúsund krónum, og getur hafnarnefnd látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda. Til meiri háttar framkvæmda og ráðstafana skal leita samþykkis ráðuneytisins.

20. gr.

Við bryggju eða uppfyllingu einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar, hafa skip rétt til að leggjast að í sömu röð og þau koma inn og sækja um það; þó skulu skip, sem sigla eftir fastri, auglýstri áætlun, hafa forgangsrétt næst skipum eiganda.

21. gr.

Við hverja bryggju einstakra manna eða félaga, sem skipum er ætlað að leggjast að, skal vera umsjónarmaður, sem hafnarnefnd samþykkir. Óheimilt skal einstaklingum eða félögum, sem eiga bryggjur eða bólvirki innan hafnarinnar, að taka vörugjald af þeim vörum, sem fara þar um, nema samþykki hafnarnefndar komi til.

22. gr.

Um lýsingu slíkra mannvirkja, þrifnað á þeim og ýmis nauðsynleg áhöld, svo sem stiga, landgöngubrýr, björgunarhringi o. s. frv., fer eftir þeim fyrirmælum, sem hafnarnefnd setur á hverjum tíma og gildir jafnt fyrir allar bryggjur, bólvirki og uppfyllingar á hafnarsvæðinu.

31
25. febr.

VII. KAFLI

Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

23. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn til þess að leggja megi í höfnina skipum, sem ætluð eru til geymslu eða lagt er í lægi, og skal eigandi láta taka skipið upp, ef það sekkur, svo að það skemmi eigi höfnina, og sé því eigi fullnægt innan hæfilegs frests, getur hafnarnefnd látið gera það á kostnað eiganda.

Hafnarvörður ákveður í hvert sinn, hvar slíku skipi skuli lagt, hve traust legufæri skuli vera og hvernig þeim skuli komið fyrir.

Skylt er eiganda að flytja skipið úr stað, ef hafnarnefnd eða hafnarvörður krefst þess.

Eigi ber hafnarsjóður ábyrgð á skipum, sem lagt er í lægi á höfninni.

VIII. KAFLI

Um hafnargjöld.

24. gr.

Skip og bátar, sem eiga heima í Ólafsfirði, skulu greiða lesta-, bryggju- og ljósagjöld einu sinni á ári.

- a. Árabátar kr. 10.00 (undanþegnir eru léttbátar skipa).
- b. Opnir vélbátar kr. 50.00.
- c. Allir þilbátar kr. 4.00 á smál., þó aldrei minna gjald en kr. 100.00 á ári.

Smábátar, eign manna búsettra á Kleifum, greiða ekkert fastagjald.

Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, nema herskip, björgunarskip og skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindarannsókna og skip, sem leita hafnar vegna sjóskeimda, skulu greiða kr. 0.30 í lestagjald af hverri brúttó smálest, þó ekki meira á ári en kr. 3.00 fyrir hverja brúttó-smálest. Minnsta gjald í hvert skipti skal vera kr. 10.00.

25. gr.

Um bryggjugjöld.

Aðkomuskip, sem leggjast við bólvirki eða bryggju, eða við skip, sem liggja við bólvirki eða bryggju, skulu greiða í bryggjugjald, miðað við brúttósmálest, kr. 0.20 af smálest á sólarhring, þó ekki meira á ári en kr. 2.00 af hverri brúttó-smálest. Minnsta gjald skal vera kr. 10.00.

Af opnum vélbátum skal bryggjugjald vera kr. 4.00 á sólarhring. Undanþegin bryggjugjaldi eru skip þau, sem undanþegin eru lestagjaldi samkvæmt 24. gr.

26. gr.

Ljósagjöld.

Öll skip, sem koma til hafnarinnar á tímabilinu 1. ágúst til 1. maí og lestagjald greiða, skulu greiða í ljósagjöld 5 auru fyrir hverja brúttósmálest, þó aldrei minna en kr. 5.00 í hvert skipti. Undanþegin ljósagjaldi eru sömu skip og undanþegin eru greiðslu lestagjalds, sbr. 24. gr.

27. gr.
Vörugjald.

31

25. febr.

Aðfluttar og útfluttar vörur:

1. flokkur. Gjald kr. 0.60 fyrir 100 kg:
Kol og koks.
2. flokkur. Gjald kr. 2.40 fyrir 100 kg:
Olía og benzín.
3. flokkur. Gjald kr. 1.50 fyrir 100 kg:
Garðávextir, korn, mjölvara, kaffi, sykur og aðrar matvörur í sekkjum og pökkum, cacao og te.
4. flokkur. Gjald kr. 2.00 fyrir 100 kg:
Steypustyrktar- og smíðajárn alls konar, annað járn, bárujárn, eldavélar, saumur, timbur, sem reiknað er eftir þyngd, legsteinar, eldfastur leir, gólf- og veggflisar, eldfastir steinar, kjöt, benzínvélar, varahlutir til véla, tjara, bik, kaðlar, pappír til húsagerðar, vatnsleiðslu- og miðstöðvarvörur, heyvinnuvélar, ull, fódurbætir, kalk, vörur til raflagna, síma og girðinga, rafmagnsdælur, strigi, bindigarn, vélatvistur, önglar, línur, net, nætur, taumar, torf, garnir, gærur, saltaðar húðir, mjólk og mjólkurafurðir, pokar, ullarballar, kassaumbúðir, fiskum-búðapappír.
5. flokkur. Gjald kr. 2.50 hver 100 kg:
Bifreiðar og varahlutir.
6. flokkur. Gjald kr. 0.60 hver 10 kg:
Málningarvörur og efni til málninga, kitti, lím, gips, veggfóður, korkvörur, brauðvörur, línoleum, gúmmi og gúmmívörur, pappír, bækur, blek, baðlyf, kerti, olíufatnaður, maccaroni.
7. flokkur. Gjald kr. 1.20 hver 10 kg:
Blikkvörur, tin, zink, hjólhestar og varahlutir til þeirra, garn, olíur, ofnar, verkfæri, rekur, vörur úr kopar, eir, messing, bronze, emailleraðar vörur, leirvörur, smávélar, prjónavélar, saumavélar, skilvindur, hreinlætisvörur, þvottaefni, skó- og húsgagnaáburður, glervörur, ölgerðarvörur, þar í gosdrykkir og efni til þeirra, burstavörur, skrár, lamir, eldhúsáhöld, barnavagnar, dívanar og efni í þá, leður og leðurvörur, bökunardropar og lyfjavörur.
8. flokkur. Gjald kr. 1.80 hver 10 kg:
Rafmagnsvörur, kryddvörur, ljósmyndavörur, viðtæki, kvikmyndir, eldspýtur, hljóðfæri, skrifstofuáhöld, vefnaðarvörur, klukkur, mælar, símar, áttavitar, sportvörur, skotfæri, sprengiefni, sælgæti, súkkulaði, húsgögn, peningaskápar, jólatré, leikföng, sýnishorn.
9. flokkur. Gjald kr. 3.20 hver 10 kg:
Tóbaksvörur, vín og spíritus.
10. flokkur. Gjald kr. 0.25 hvert teningsfet:
Trjáviður, sem reiknast í teningsfetum.
11. flokkur. Gjald fyrir:
Tómar tunnur og föt kr. 0.50 hvert.
Fullar síldartunnur kr. 1.00 hver tunna.
Full lýsisföt kr. 2.00 hvert fat.
Fiski- og síldarmjöl kr. 1.50 hver 100 kg.
Hraðfrystan fisk, saltfisk og þurrfisk kr. 2.25 hver 100 kg.
Ísaðan fisk í fiskkaupaskip kr. 0.60 hver 100 kg.

- 31
25. febr. Aðrar vörur, ótaldar annars staðar, sem reiknaður eru eftir þyngd, kr. 3.00 hver 100 kg.
Stórgripi kr. 10.00 fyrir grip.
Aðrar skepnur kr. 1.00 fyrir hverja.

12. flokkur. Gjald kr. 0.90 hver 100 kg:
Salt, sement, tilbúinn áburður.

13. flokkur. Gjald kr. 0.50 hvert teningsfet:
Allar aðrar ótaldar vörur, sem reiknast í teningsfetum.

Þessar vörur eru undanþegnar vörugjaldi:

- a. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- b. Bréfaþóstur og farangur ferðamanna.

28. gr.

Bátar og skip, sem leggja upp afla sinn í Ólafsfirði, skulu greiða aflagjald miðað við slægðan fisk með haus, kr. 5.00 fyrir smálest.

Af saltfiski, sem landaður er, kr. 7.50 fyrir smálest. Þó má hafnarnefnd lækka þetta gjald, ef sérstaklega er um það samið.

IX. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

29. gr.

Hafnarnefnd eða umboðsmaður hennar sér um innheimtu allra hafnargjalda.

30. gr.

Skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu lesta-, ljósa- og bryggjugjalds. Ef enginn skipstjóri eða formaður er á skipinu ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu gjaldanna.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt á skipinu, unz gjöld þessi eru greidd.

Að svo miklu leyti, sem ekki eru ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldunum, skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni.

Gjalddagi þeirra gjalda, sem greiðast eiga einu sinni á ári, er 1. júlí.

31. gr.

Eigandi skips eða umboðsmaður hans á staðnum ber ábyrgð á greiðslu vörugjalds og hefur hafnarsjóður haldsrétt á vörunum, unz gjaldið er greitt.

Vörugjald af aðfluttum vörum er gjaldkræft, er skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina og vörugjald af vörum, sem flytja á brott, er gjaldkræft er vörurnar eru komnar í skip.

Ef margir eiga vörur í sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

32. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

X. KAFLI
 Ýmis ákvæði.

31
 25. febr.

33. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum.

Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið.

Yfirmat skal framkvæmt af fimm dómkvöddum mönnum.

Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim, sem þess krafðist.

34. gr.

Seglfestu, sand, mól eða annað efni til bygginga, er bannað að taka á hafnar-svæðinu, nema með leyfi bæjarstjórnar og hafnarnefndar.

Beitutaka er bönnuð á hafnar-svæðinu, nema með leyfi hafnarnefndar, sem ákveður gjaldið fyrir beitutökuna.

35. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu, fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

36. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipinu, og eigi heldur umboðsmaður hans. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

37. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að 10 þúsund kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Ólafsfjarðarkaupstaðar.

38. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, til að öðlast gildi nú þegar, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um notkun bátabryggjunnar í Ólafsfirði, nr. 138 25. júlí 1938, ásamt síðari breytingum, og gjaldskrá fyrir Ólafsfjarðarhöfn, nr. 16 1. febrúar 1947.

Samgöngumálaráðuneytið, 25. febrúar 1952.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um félagsheimilið Félagslund.

1. gr.

Nafn félagsheimilisins er „Félagslundur“ í Gaulverjabæjarhreppi í Árnassýslu. Lóðin er leigð af ríkissjóði Íslands. Leiga 3% af mati lóðar. Lóðarstærð ca. 12000 fermetrar.

Eigendur félagsheimilisins eru: U. M. F. Samhyggð, Gaulverjabæjarhreppur og Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps.

2. gr.

Húsnefnd, kjörin árlega, stjórnar félagsheimilinu. Hún er þannig skipuð: 2 fulltrúar kjörnir af hreppnum, 2 frá ungmennafélaginu og 1 fulltrúi frá kvenfélaginu.

Varamenn skulu kjörnir á sama hátt. Húsnefnd skiptir sjálf með sér verkum. Hún skal halda nákvæma gerðabók um störf sín. Ef félagsheimilið hættir störfum, skal afhenda þjóðskjalasafni gerðabækur þess til vörzlu.

3. gr.

Húsnefnd heldur fundi, er þurfa þykir. Skylt er henni að halda fund ef $\frac{2}{5}$ nefndarmanna æskja.

Aðalfundur eigenda félagsheimilisins skal vera ár hvert. Skulu þangað kvaddir með hæfilegum fyrirvara stjórnendur allra þeirra félaga, sem eru eigendur félagsheimilisins. Á fundinum skal húsnefndin leggja fram rekstrar- og efnahagsreikning félagsheimilisins fyrir síðastliðið ár, endurskoðaða af endurskoðendum sveitar-sjóðsreikninga eða löggiltum endurskoðanda. Einnig leggur hún fyrir fundinn fjárhagsáætlun fyrir félagsheimilið á yfirstandandi ári.

Fjárhagsáætlun skal gerð svo nákvæm sem unnt er. Eigi má efna til verulegra útgjalda nema samþykkt hafi verið á aðalfundi eða aukafundi sömu aðilja og sæti eiga á aðalfundi. Gildir þetta jafnt um rekstrargjöld og stofnkostnað.

Reikninga og fjárhagsáætlun skal bera undir atkvæði fundarmanna. Húsnefndarmenn hafa hver um sig eitt atkvæði á aðalfundi og hver félagsstjórn þrjú atkvæði.

Félagsstjórnir skýra frá því á aðalfundi, hvern þær hafa valið af sinni hálfu í húsnefnd næsta ár. Afrit af ársreikningum félagsheimilisins skal senda félagsheimilissjóði.

Félagsheimilið skal rekið sem sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi. Almanaksárið skal vera reikningsár þess.

4. gr.

Aðalverkefni húsnefndar eru:

- a. Að ráða húsverð, þar sem þess er þörf, að dómi aðalfundar, setja honum starfsreglur og sjá um að þeim sé fylgt;
- b. að ráða annað starfsfólk, ef aðalfundur telur nauðsynlegt. Leita skal umsagnar húsvarðar um ráðningu starfsfólks, sem á að vinna undir hans stjórn;
- c. að ráðstafa félagsheimilinu til afnota fyrir eigendur og aðra;
- d. að ákveða gjöld fyrir afnot hússins;

- e. að annast kaup nauðsynlegra tækja og áhalda;
- f. að sjá um viðhald og endurbætur húseignar, húsbúnaðar og áhalda;
- g. að sjá um, að ræsting félagsheimilisins (húss og lóðar) sé jafnan í góðu lagi og að gætt sé ýtrasta hreinlætis í umgengni;
- h. að sjá um, að húsið sé hæfilega hitað og lýst;
- i. að sjá um að löggæzla sé á samkomum, ef þess er þörf.

32

26. febr.

5. gr.

Eigendur félagsheimilisins skulu eins og aðrir greiða leigu fyrir afnot hússins. Skytt er þeim að heimila félögum, er greinir í 1. gr. laga nr. 77 1947, um félagsheimili innan sama byggðarlags, afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi, ef eigi fer í bága við eðlilega þörf eigenda sjálfra fyrir húsið.

Verði ágreiningur um, hvort slíkt félag eigi rétt á afnotum af félagsheimili, sker fræðslumálastjóri úr. Úrskurði hans má skjóta til menntamálaráðuneytisins.

Eignist húsið vél til kvikmyndasýninga, skal allur ágóði af þeim renna óskiptur í rekstrarsjóð þess.

6. gr.

Leiga fyrir afnot félagsheimilisins skal ákveðin svo há, að nægilegt fé fái til þess að inna af höndum nauðsynleg gjöld, ef stofnuninni koma eigi aðrar tekjur.

7. gr.

Þess skal gætt, að húseignin, áhöld, húsbúnaður allur og fatnaður sé jafnan hæfilega váttryggt.

8. gr.

Félag, er samkomu heldur í félagsheimilinu, skal hafa þar gæzlumann af sinni hálfu. Ef húsvörður er enginn eða eigi við, þegar samkomu lýkur, skal gæzlumaður slökkva ljós, ganga örugglega frá hitunartækjum, opna loftræstingarop, koma húsbúnaði og áhöldum á sinn stað, koma óskilamunum í örugga vörzlu og loks loka vel gluggum og hurðum.

9. gr.

Að lokinni hverri notkun félagsheimilisins skal húsvörður eða húsnefnd sjá um ræstingu þess, þ. á m. að gólf séu þvegin úr sápuvatni, salerni hreinsuð vandlega með sótthreinsandi efni og fatageymslur, bað og búningsherbergi ræst. Árlega skal fara fram gagnger ræsting alls hússins.

10. gr.

Ganga skal þannig frá lóðinni umhverfis félagsheimilið, að auðvelt sé að halda henni snyrtilegri, og skal húsvörður eða húsnefnd sjá um að hún sé jafnan vel hirt. Lóðina skal girða traustri, gripheldri girðingu, er haldið sé vel við.

Hestagirðing og/eða bifreiðastæði skal vera í námunda við félagsheimilið, ef því verður við komið.

11. gr.

Fánastöng skal koma fyrir á húsinu eða við það. Hún skal vera traustlega fest og máluð hvít. Húnn og snerill mega þó vera í öðrum lit. Fánasnúran skal ávallt vera heil. Stöngin skal vera í tveim hlutum, þannig að auðvelt sé að fella hana, t. d. ef skipta þarf um snúru eða mála stöngina. Þess skal vandlega gætt að nota einungis fána með réttum litum og hlutföllum.

32

26. febr.

12. gr.
 Árlega skal athuga húseignina alla vandlega með viðgerð fyrir augum. Einkum skal athuga: múrhúðun, þak, þakrennur, niðurföll, hurðir og dyraumbúnaði, glugga (utan og innan), málningu, gólfduka, klæðningu veggja, hreinlætistöki, eldavél og hitunartæki, raflagnir og ljósatæki, vatnslögn og krana, gluggatjöld, leiksviðstjöld, gólf í samkomusal o. s. frv.

13. gr.

Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði umfram eðlilegt slit, skulu þeir bæta, er spjöllum valda.

14. gr.

Í félagsheimilinu má hvorki veita áfengi né neyta þess. Húsnefnd getur svipt þá, er gegn þessu brjóta, aðgangi að félagsheimilinu tiltekinn tíma.

15. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með skírskotun til 8. gr. laga nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili, öðlast gildi, þegar menntamálaráðuneytið hefur staðfest þær.

Framanskráðar reglur staðfestast hér með.

Menntamálaráðuneytið, 26. febrúar 1952.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Ásgeir Pétursson.

33

26. febr.

Staðfesting handhafa forsetavaldsins á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð Helga Ólafssonar, Hrærekslæk“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. febrúar 1952.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Styrktarsjóðs Helga Ólafssonar, Hrærekslæk.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Helga Ólafssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt ákvæðum í erfðaskrá Helga Ólafssonar, Hrærekslæk í Hróarstungu, og er að upphæð kr. 16447.37 — sextán þúsund fjögur hundruð fjörutíu og sjö 37/100 —. Höfuðstól þennan má aldrei skerða.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja efnilega nemendur af Fljótsdalshéraði til náms í Eiðaskóla eða framhaldsnáms þaðan, og skal verja til þess árlega allt að $\frac{4}{5}$ árs-vaxta.

Að öðru jöfnu skulu nemendur úr Hróarstungu sitja fyrir styrkveitingu úr sjóðnum.

4. gr.

Skólastjóri og kennarar Eiðaskóla ákveða hverjum skuli veitt úr sjóðnum. 26. febr.

Lágmarksstyrkur til hvers styrkþega skal vera kr. 500.00.

33

5. gr.

Árlega skal leggja minnst $\frac{1}{5}$ ársvaxta við höfuðstólinn, svo og gjafir, er sjóðnum kunna að berast.

6. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands eða öðrum jafntryggum stað. — Reikningshald sjóðsins annast skólastjóri Eiðaskóla og skulu reikningar hans birtir í skólaskýrslu Eiðaskóla.

7. gr.

Verði Eiðaskóli lagður niður, afhendist sjóðurinn hreppsnefnd Tunguhrepps, sem ráðstafar honum í anda þessarar skipulagsskrár.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Framanritaða skipulagsskrá höfum vér undirritaðir samið samkvæmt fyrir-
mælum í erfðaskrá Helga Ólafssonar, Hrærekslæk.

P. t. Rangá, 2. október 1951.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Björn Hallsson.

Pórarinn Pórarinsson.

REGLUGERÐ

34

um íslenzkar getraunir.

26. febr.

1. gr.

Menntamálaráðuneytið veitir Íþróttanefnd ríkisins heimild til þess að reka getraunastarfsemi (veðmálastarfsemi) til ágóða fyrir íþróttasjóð í sambandi við íþróttakappleiki og veitist leyfið til 3 ára í senn og framlengist um sama árabíl, ef leyfissvipting er eigi tilkynnt a. m. k. sex mánuðum fyrr en leyfistímabili lýkur.

2. gr.

Íþróttanefnd ríkisins felur stofnun, sem nefnist Íslenzkar getraunir, rekstur getraunastarfseminnar, og ber íþróttasjóður fjárhagslega ábyrgð á rekstri stofnunarinnar.

3. gr.

Í stjórn Íslenzkra getrauna skulu vera þrír menn og jafnmargir til vara, skipaðir af menntamálaráðuneytinu til 3 ára í senn, formaður að fengnum tillögum íþróttanefndar ríkisins, annar samkv. tilnefningu sambandsráðs Í.S.Í. og hinn þriðji eftir tilnefningu stjórnar U.M.F.Í.

Íþróttanefnd ákveður starfssvið stjórnarinnar og gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um þóknun hennar.

Íþróttanefnd ríkisins ræður framkvæmdarstjóra og gerir tillögur til ráðuneytisins um laun hans og önnur starfskjör.

- 34** Stjórn Íslenzkra getrauna ákveður fjölda starfsfólks og launakjör að fengnu
26. febr. samþykki ráðuneytisins, en framkvæmdarstjóri ræður það í samráði við stjórnina.
Framkvæmdastjóri situr stjórnarfundi án atkvæðisréttar.

4. gr.

Helmingi andvirðis seldra getraunaseðla skal ávallt varið til vinninga.
Íþróttanefnd ríkisins getur að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins lækkað þennan hundraðshluta.

Pegar greiddir hafa verið vinningar og allur rekstrarkostnaður Íslenzkra getrauna, rennur afgangurinn í íþróttasjóð að frádregnum 3% þeirrar fjárhæðar, er rennur í varasjóð stofnunarinnar.

Varasjóður lýtur stjórn Íslenzkra getrauna.

5. gr.

Reikninga Íslenzkra getrauna og skýrslu um starfsemi þeirra skal árlega senda menntamálaráðuneytinu fyrir 1. apríl.

Reikningarnir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

6. gr.

Stjórn Íslenzkra getrauna ræður umboðsmenn og gerir við þá samning.
Sala getraunaseðla fer einungis fram hjá umboðsmönnum Íslenzkra getrauna.
Stjórnin getur hvenær sem er svipt umboðsmann rétti til að selja getraunaseðla.

7. gr.

Getraunin miðar að því að geta rétt til um úrslit í sem flestum íþróttakapp-
leikjum, sem eru á getraunaseðli vikunnar.

Í tilgátu um úrslit leiks skal kveða á um sigur annars hvors eða jafntefli þeirra.

8. gr.

Getraunin er því aðeins gild, að notaður sé prentaður getraunaseðill, sem gefinn er út af Íslenzkum getraunum og gildir fyrir hlutaðeigandi getraunaviku.

Seðillinn skiptist í hluta 1, hluta 2 og stofn. Hluti 1 er sá hluti getraunaseðilsins, sem sker úr um, hvers getið er, sé ekki eins getið á öllum hlutunum. Hluti 2 er vinnuseðill stofnunarinnar. Stofninn er viðurkenning um, að seðillinn sé greiddur.

Á seðilinn er prentað númer vikunnar og dagsetning kappleikjanna (keppnisdagur). Seðlarnir eru tölusettir í óslitinni töluröð.

Vinstra megin á seðilinn eru prentaðir 12 íþróttakappleikir, en hægra megin eru 8 tölusettir dálkar, og er hverjum skipt í 3 reiti.

9. gr.

Við getraunina eru notuð merkin 1, X og 2.

Þau eru notuð eins og hér segir: Sigur þess félags, sem fyrr er nefnt, skal merkja með því að skrifa töluna 1 í þann reit, sem hefur yfirskriftina 1, jafntefli skal merkja með því að setja X í þann reit, sem hefur yfirskriftina X, og sigur þess félags, sem síðar er nefnt, skal merkja með því að skrifa töluna 2 í þann reit, sem hefur yfirskriftina 2.

Alla hluta seðilsins skal fylla eins út.

Seðilinn skal útfylla greinilega og skal hann vera heill og vel með farinn.

Ef hluti 1 er öðruvísi skráður en hluti 2, skal efni hluta 1 ráða, sbr. 20. gr.
3. mgr.

10. gr.

Útfylltir seðlar skulu vera komnir í hendur umboðsmönnum Íslenzkra getrauna utan Reykjavíkur í síðasta lagi kl. 18 miðvikudaginn fyrir keppnisdag, en í Reykjavík og nágrenni kl. 18 fimmtudaginn fyrir keppnisdag.

Stytta má þó þennan frest, ef nauðsyn krefur. Afhendingarfrestur skal auglýstur hjá umboðsmönnum.

Seðilhlutana 1 og 2 og stofninn skal afhenda í einu lagi.

Allir seðlar, sem koma eiga til greina við getraunina, skulu stimplaðir í öryggiskassa Íslenzkra getrauna. Þó má stjórn Íslenzkra getrauna veita undanþágu frá þessu.

Þegar greitt hefur verið fyrir seðil og seðillinn stimplaður, eru hlutí 1 og 2 eign Íslenzkra getrauna. Eftir það er óheimilt að breyta merkjum á seðlinum.

Umboðsmaður getur ógilt seðil. Því aðeins má ógilda seðil, að umboðsmanni sé afhentur stofn hans gegn endurgreiðslu. Við getraun gilda einungis þeir seðlar, sem berast aðalskrifstofu Íslenzkra getrauna í Reykjavík, áður en nokkur leikjanna á seðlinum hefst.

11. gr.

„Röð“ er það kallað, þegar aðeins eitt merki er sett í einn af reitunum við hvern af kappleikjunum í sama dálki.

„Kerfi“ er það kallað, þegar fleiri en eitt merki er í reitum sama dálks, við einn eða fleiri af kappleikjunum. Raðseðill er seðill með 1—8 röðum.

Kerfisseðill er seðill með kerfi, sem í eru 2—48 raðir. Fjöldi raða í kerfi fæst með því að margfalda saman tvímerkta leiki eða þrímerkta, en það margfeldi má hæst vera 48.

Seðil má einungis fylla út sem raðseðil eða kerfisseðil. Á kerfisseðli má ekki vera nema eitt kerfi. Í kerfi mega ekki vera fleiri en 48 raðir.

Kerfisseðil skal auðkenna með því að skrifa á hann orðið „Kerfi“ og tölufjölda raða, sem í kerfinu eru.

Allar raðir á getraunaseðli eru jafnrétt háar til vinnings.

12. gr.

Eftirfarandi seðlar eru ógildir og teljast ekki með í getrauninni:

1. a. Kerfisseðlar með fleiri en 48 röðum.
- b. Seðlar, sem á eru bæði raðir og kerfi.
- c. Seðlar með kerfi í fleiri en einum dálki.
- d. Seðlar, sem berast til aðalskrifstofunnar án hluta 1.
- e. Seðlar, sem giltu fyrri leikvikur.
- f. Seðlar, sem eru ekki greiddir fyrir lok afhendingarfrests.
- g. Seðlar, sem eru ekki greiddir að fullu.
2. Íslenzkar getraunir geta neitað að taka eftirfarandi seðla gilda:
 - a. Seðla, sem eru ógreinilega eða ólæsilega fylltir út.
 - b. Kerfisseðla, sem er ekki skrifað á orðið „kerfi“ og fjöldi raða.
 - c. Aðra seðla, sem eru ekki fylltir út samkvæmt reglunum.

13. gr.

Þótt greitt sé fyrir of margar raðir, gildir seðillinn í getrauninni með þeim röðum, sem getið er. Mismunurinn skal endurgreiddur.

Sé getraunamerki sett í rangan reit, sker reiturinn úr um það, hvers getið er, en ekki merkið.

Kappleikir, sem einskis er getið til um, eru ekki taldir með við útreikning á fjölda þeirra leikja í röðinni, sem rétt er getið til um.

Glatist seðill, sem afhentur hefur verið umboðsmanni Íslenzkra getrauna, eða berist hann til aðalskrifstofu þeirra eftir að einhver leikjanna er hafinn, á sá, sem

34 getið hefur, einungs rétt á að fá gjald sitt endurgreitt. Greiðsluna skal þegar svo 26. febr. ber undir, sanna með stimpluðum stofni.

Íslenzkar getraunir bera ekki ábyrgð á því tjóni, sem umboðsmaður kann að valda þátttakanda með töfum, með rangri meðferð á seðlunum, með því að reikna skakkt getraunagjaldið, eða á annan hátt.

14. gr.

Fari ekki einn eða fleiri kappleikir fram, sem á getraunaseðil eru skráðir, verður tala rétttra úrslita í engri röð hærri en tala þeirra leikja, sem háðir hafa verið.

Undanskilinn er þó leikur, sem færður er fram frá laugardegi til sunnudags. Ef leikur er hafinn og honum hætt vegna óveðurs, þoku eða annarra óviðráðanlegra ástæðna, þá gildir það sem úrslit þegar leiknum er hætt.

Þótt íþróttasamtök leiðrétti úrslit leiks eftir kærnu, hefur það engin áhrif á getraunina.

Sé hætt við að minnsta kosti helming kappleikja á getraunaseðlinum, ákvarðar stjórn Íslenzkra getrauna, hvort ógilda skuli getraunavíkuna. Verði getraunavíkan ógilt, skal getraunagjaldið, sem greitt hefur verið, ganga til greiðslu þátttakanda fyrir næstu getraunavíku gegn framvisun stofnsins.

15. gr.

Í byrjun hvers getraunatímabils ákveður stjórn Íslenzkra getrauna gjald fyrir hverja keypta röð, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

16. gr.

Heildarupphæð vinninga skiptist í 3 jafna hluta. $\frac{1}{3}$ upphæðarinnar rennur til 1. vinningsflokks og skiptist jafnt á þær raðir, sem hafa hæsta tölu rétttra úrslita.

$\frac{1}{3}$ upphæðarinnar rennur til 2. vinningsflokks og skiptist jafnt á þá, sem hafa næst hæsta tölu rétttra úrslita. $\frac{1}{3}$ upphæðarinnar rennur til 3. vinningsflokks og skiptist jafnt milli þeirra, sem hafa þriðju hæstu tölu rétttra úrslita.

Vinningar á kerfisseðla reiknast samkvæmt meðfylgjandi töflu:

Fjöldi vinninga við ágizkanir samkvæmt margföldunarkerfi, þegar 12 eða 11 ágizkanir eru réttar.

Kerfi:	12 réttar				11 réttar ef rangt er getið til um úrslit eins leiks á einn veg eða hætt við einn leik			11 réttar ef rangt er getið til um úrslit eins leiks á tvo vegu eða hætt við slíkan leik			11 réttar ef hætt er við leik, sem getið er til um á þrjá vegu		
	Fjöldi raða með 12	11	10	réttar	Fjöldi raða með 11	10	9 réttar	Fjöldi raða með 11	10	9 réttar	Fjöldi raða með 11	10	9 réttar
2 raðir	1	1	—		1	1	—	2	—	—	—	—	—
3 —	1	2	—		1	2	—	—	—	—	3	—	—
4 —	1	2	1		1	2	1	2	2	—	—	—	—
6 —	1	3	2		1	3	2	2	4	—	3	3	—
8 —	1	3	3		1	3	3	2	4	2	—	—	—
9 —	1	4	4		1	4	4	—	—	—	3	6	—
12 —	1	4	5		1	4	5	2	6	4	3	6	3
16 —	1	4	6		1	4	6	2	6	6	—	—	—
18 —	1	5	8		1	5	8	2	8	8	3	9	6
24 —	1	5	9		1	5	9	2	8	10	3	9	9
27 —	1	6	12		1	6	12	—	—	—	3	12	12
32 —	1	5	10		1	5	10	2	8	12	—	—	—
36 —	1	6	13		1	6	13	2	10	16	3	12	15
48 —	1	6	14		1	6	14	2	10	18	3	12	18

o. s. frv.

Frá skiptireglunum, sem nefndar eru hér að framan, er vikið eins og hér greinir: **34**

Allir vinningshlutar lækka þannig, að standi á heilum krónum. Mismunurinn **26. febr.** rennur í jöfnunarsjóð Íslenzkra getrauna. Hafi sjóðurinn náð hámarki sínu, samkvæmt 17. gr., skal hækka vinninga 3. flokks upp í heilar krónur. Mismunurinn greiðist úr jöfnunarsjóði.

Vinningar, sem nema minna en 10.00 kr., eru ekki greiddir.

Ef hver einstakur vinningur í 3. flokki nemur minna en 10.00 kr., getur stjórnin ákveðið, að vinningaupphæðin í þessum flokki flytjist í 2. vinningsflokk.

Ef hver einstakur vinningur í 2. vinningsflokki nemur minna en 10.00 kr., getur stjórnin ákveðið, að vinningaupphæð beggja flokkanna flytjist í 1. vinningsflokk.

17. gr.

Jöfnunarsjóður Íslenzkra getrauna má ekki nema meira en kr. 100 000.00. Fé úr sjóðnum skal varið til uppbóta á vinninga eftir ákvörðun stjórnarinnar.

18. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar eftirlitsmann til 3 ára í senn, sem gæta skal hagsmuna þátttakenda. Ráðuneytið ákveður þóknun fyrir starfanna, er telst með rekstrar-kostnaði starfseminnar. Starfssvið eftirlitsmannsins er:

1. að koma hluta 1 af getraunaseðlinum fyrir í læstri hirzlu;
2. að staðfesta vinningaskrá getraunavikunnar;
3. að úrskurða kærur, sem berast;
4. að hafa eftirlit með, að vinningar séu greiddir.

19. gr.

Íslenzkar getraunir gefa út vinningaskrá, staðfesta af eftirlitsmanninum. Í vinningaskránni eru númer þeirra getraunaseðla, sem á eru vinningsraðir. Skráin skal vera almenningi til sýnis hjá umboðsmönnum Íslenzkra getrauna og í aðalskrifstofu þeirra

Heildarupphæð vinninga breytist ekki frá því, sem birt er í skránni, en einstakir vinningshlutar geta lækkað við það, að kærur séu teknar til greina.

Getraunaseðilsnúmer á vinningaskrá veitir ekki rétt til vinningsgreiðslu.

20. gr.

Telji þátttakandi, að getraunaseðilsnúmer hans sé ekki birt á vinningaskrá eða að seðill hans eigi rétt til annars eða fleiri vinninga en á vinningaskrá er getið, verður hann sjálfur að leggja fram kærur til að fá leiðréttingu. Kæran skal vera skrifleg á þar til gerðu eyðublaði.

Eyðublöð fást hjá umboðsmönnum eða í aðalskrifstofu Íslenzkra getrauna. Kærur skal senda beint til aðalskrifstofunnar í Reykjavík í ábyrgðarbréfi, og skal það hafa borizt þangað fyrir kl. 12 á 21. degi frá dagsetningu vinningaskrárinnar. Kærufrests skal ætíð getið í vinningaskrá. Kærur, sem berast of seint, eða veita ekki allar nauðsynlegar upplýsingar til kærurúrskurðar, er ekki skylt að taka til greina.

Eftirlitsmaðurinn kveður upp fullnaðarúrskurð um kærur. Til grundvallar úrskurði skal leggja það, sem skráð er á seðilshluta 1. Íslenzkar getraunir tilkynna kæranda, ef kæra hans er ekki tekin til greina.

21. gr.

Að kærufresti liðnum skulu vinningar getraunavikunnar greiddir. Utan Reykjavíkur annast umboðsmenn stofnunarinnar greiðslu vinninga gegn framvísun stofns getraunaseðilsins, en í Reykjavík skrifstofa Íslenzkra getrauna. Þátttakendur

34 sem erlendis búa, eru háðir gjaldeyrisákvæðum þeim, sem í gildi eru á hverjum 26. febr. tíma, og skulu þeim sem öðrum greiddir vinningar í íslenzku fé.

22. gr.

Fái vinnandi ekki vinning sinn greiddan, skal hann tilkynna það Íslenzkum getraunum. Tilkynningin skal berast aðalskrifstofunni innan 3 — þriggja — mánaða frá því að vinningaskrá er birt, ella rennur upphæðin í jöfnunarsjóð Íslenzkra getrauna.

23. gr.

Verði getraunastarfsemi á vegum íþróttanefndar ríkisins hætt, skulu eignir Íslenzkra getrauna eða andvirði eignanna renna til íþróttasjóðs.

24. gr.

Án leyfis menntamálaráðuneytisins er öllum öðrum en íþróttanefnd ríkisins óheimilt að reka getraunastarfsemi. Brot á því varðar sektum, 1500—9000 krónum, er renna í íþróttasjóð.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 84/1940, um tekjuöflun til íþróttasjóðs, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 26. febrúar 1952.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

35

26. febr.

GJALDSKRÁ OG REGLUR

um breyting á gjaldskrá og reglum fyrir landssímann
frá 23. nóvember 1951.

1. gr.

Fyrirsögn I. kafla gjaldskrárinnar breytist og verður:

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í kaupstöðum, kaптúnunum, þorpum og hverfum, öðrum en Reykjavík, Hafnarfirði og Akureyri.

2. gr.

Á eftir 8. lið III. kafla kemur nýr liður, nr. 9, svo hljóðandi:

9. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum eða kaптúnunum eða í nágrenni þeirra og hafa síma á sérstakri línu eða fáir saman á línu, en um síma þeirra fer eftir ákvæðum I. eða II. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumarbústöðum, veiðiskálum, íþróttaskálum, héraðsskólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrekendum, atvinnurekendum eða verzlunum o. s. frv. samkvæmt I. eða II. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla, og það enda þótt þeir séu á sameiginlegri línu með sveitabæjum. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar eða eftir samkomulagi.

3. gr. 35
 Gjaldskrá þessi og reglur er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 1941, um fjar- 26. febr.
 skipti, og gengur í gildi nú þegar.

Póst- og simamálaráðherrann, 26. febrúar 1952.

Björn Ólafsson.

Guðmundur Hliðdal.

Staðfesting handhafa forsetavaldsins á skipulagsskrá fyrir „Minningargjafa- 36
 sjóð Landsspítala Íslands“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmála- 27. febr.
 ráðherra 27. febrúar 1952.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningargjafasjóð Landsspítala Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningargjafasjóður Landsspítala Íslands.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður árið 1916 og hefur hann aukizt síðan með fé því, er honum hefur gefizt til minningar um látna menn.

3. gr.

Sjóðurinn er nú að upphæð kr. 590123.79 — fimm hundruð og níutíu þúsund eitt hundruð tuttugu og þrjár 79/100 krónur —. Höfuðstól þennan, og það, sem við hann kann að bætast, má eigi skerða.

4. gr.

Árlega skal leggja við höfuðstól $\frac{1}{6}$ hluta vaxta.

5. gr.

Því, sem sjóðnum kann að áskotnast umfram vexti, skal ásamt þeim hluta vaxta, er eigi leggjast við höfuðstól samkv. 4. gr., varið í fyrsta lagi til hjálpar sjúklingum, er sjúkravist eiga í Landsspítala Íslands, til greiðslu sjúkrahúskostnaðar, og í öðru lagi er heimilt, ef fé er aflögu, að styrkja til sjúkrahúsdvalar erlendis þá sjúklinga, sem ekki geta fengið fullnægjandi læknishjálp hérlendis, að dómi yfir-lækna Landsspítalans, enda mæli þeir með styrkumsókn sjúklingsins.

Gjafir, er sjóðnum kunna að gefast í einhverju sérstöku skyni eða með sérstöku skilorði, koma þó eigi undir ákvæði þetta, enda sé gjöfin eigi lægri en kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur —.

6. gr.

Af eignum sjóðsins standa kr. 125000.00 — eitt hundruð tuttugu og fimm þúsund krónur — í Útborgunardeild Söfnunarsjóðs Íslands. Aðrar eignir sjóðsins eru nú sem stendur geymdar í ríkisskuldabréfum, jarðræktarsjóðsbrefum og í spari-sjóðsdeild Landsbanka Íslands. Eignir sjóðsins skal á hverjum tíma geyma á þeim stað, sem tryggastur er talinn.

36

27. febr.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 konur, búsettar í Reykjavík. Stjórn Landsspítalasjóðs Íslands kys stjórn sjóðsins og gildir kosningin til 6 ára. Stjórn sjóðsins skiptir sjálf með sér störfum, þannig að ein er formaður, önnur ritari, þriðja gjaldkeri, og tvær meðstjórnendur. Fatlist einhver stjórnarkona frá störfum á kjörtímabilinu, kjósa hinar konurnar aðra í hennar stað. Enn fremur skal stjórn Landsspítalasjóðs Íslands kjósa einn endurskoðanda til jafnlangs tíma og stjórn sjóðsins og ríkisstjórnin útnefna annan endurskoðanda til sama tíma.

Nú leggst það starf niður, sem stjórn Landsspítalasjóðs Íslands hefur með höndum, og leysist stjórn hans þess vegna upp. Skal þá stjórn Minningargjafasjóðs Landsspítalasjóðs Íslands sjálf kjósa konu í stjórn sjóðsins í hvert sinn, sem einhver stjórnenda hans segir af sér störfum, flytur hurt úr Reykjavík, deyr, eða verður af einhverjum orsökum ókleift að vera lengur í stjórn. En dóms- og kirkjumálaráðuneytið kys þá endurskoðendur til jafnlangs tíma og að framan greinir.

8. gr.

Stjórn Minningargjafasjóðs Landsspítala Íslands annast allar styrkveitingar úr sjóðnum.

9. gr.

Úthlutun styrks úr sjóðnum fer fram í byrjun hvers ársfjórðungs, og séu umsóknir um styrkinn komnar í hendur formanns sjóðsstjórnarinnar eigi síðar en viku fyrir úthlutunardag.

10. gr.

Umsóknum um styrk úr sjóðnum fylgi tillögur um styrkveitinguna frá yfir-lækni og yfirhjúkrunarkonu þeirrar deildar Landsspítala Íslands, sem umsækjandi liggur á, einnig vottorð um efnahag umsækjanda frá sóknarpresti hans og frá lækni þeim, sem stundað hefur sjúklinginn, áður en hann kom í spítalann. Styrkur sá, sem sjóðurinn veitir, má eigi nema minnu en $\frac{1}{3}$ hluta kostnaðar af sjúkrahúskostnaði umsækjanda. Komi það fyrir eitthvert ár, að ekki sé þörf á að úthluta öllu því fé, sem handbært er til úthlutunar, leggst afgangur þess við höfuðstól um næstu áramót.

11. gr.

Endurskoðaðan ársreikning og efnahagsreikning sjóðsins fyrir liðið ár skal árlega birta í febrúarmánuði í Lögbirtingablaðinu og í B-deild Stjórnartíðindanna. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

12. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og er þar með úr gildi fallin eldri skipulagsskrá sjóðsins frá 13. október 1930.

Lára Árnadóttir (formaður). Laufey Vilhjálmadóttir (ritari).

Staðfesting handhafa forsetavaldsins á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð séra 37 Ólafs Finnssonar og frú Þórunnar Ólafsdóttur frá Kálfholti“, útgefin á venjulegan 27. febr. hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. febrúar 1952.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs séra Ólafs Finnssonar og frú Þórunnar Ólafsdóttur frá Kálfholti.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður séra Ólafs Finnssonar og frú Þórunnar Ólafsdóttur frá Kálfholti, og er stofnaður í minningu um þau.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af sóknarfólki Kálfholtsprestakalls og myndast af gjöfum frá því og öðrum. Stofnfé er kr. 3246.93 31. des. 1951.

3. gr.

Sjóðnum skal varið til þess að efla safnaðarsöng í Kálfholtsprestakalli (Hábæjar-, Kálfholt- og Árbæjarsóknum). Þá er sjóðurinn er orðinn 10000.00 kr. skal fyrst veita úr honum og verja til þess helming vaxtanna. Hinn helminginn skal leggja við höfuðstól sjóðsins, unz hann er orðinn 20000.00 kr. Þá skal $\frac{3}{4}$ hluta vaxtanna varið til eflingar safnaðarsöngsins, unz sjóðurinn er orðinn 50000.00 kr., en $\frac{1}{4}$ hluti skal lagður við höfuðstól sjóðsins, unz hann verður 100000.00 kr. Eftir þann tíma skal leggja $\frac{1}{400}$ vaxta við höfuðstólinn.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þannig:

Sóknarprestur í Kálfholtsprestakalli og oddvitar sóknarnefnda í því prestakalli. Stjórn sjóðsins veitir móttöku gjöfum til hans og öðrum tekjum og ber ábyrgð á, að ekkert af eignum sjóðsins glatist. Hún semur reikninga sjóðsins við hver áramót og leggur þá fram fyrir næsta sýslufund Rangárvallasýslu til úrskurðar og skulu þeir síðan birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

5. gr.

Nú þykir hlutverki sjóðsins náð og má þá verja sjóðnum til eflingar öðru kirkjulegu starfi í Kálfholtsprestakalli.

6. gr.

Höfuðstóll sjóðsins skal geymdur og ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands.

Kirkjuhvoli, 20. desember 1951.

Sveinn Ögmundsson.

Friðrik Friðriksson.

Guðjón Jónsson.

Þórður Bjarnason.

38

1. marz

AUGLÝSING

um varúðarráðstafanir vegna gin- og klaufaveikihættu.

Þar sem gin- og klaufaveiki hefur orðið vart í Kanada í Norður-Ameríku, er hér með ákveðið að fyrirmæli auglýsinga landbúnaðarráðuneytisins, nr. 197 21. nóv. 1951 og nr. 208 6. des. 1951, skulu einnig taka til innflutnings á vörum frá Kanada.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. marz 1952.

Hermann Jónasson.

Gunnlaugur E. Briem.

39

25. febr.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Ólafsvíkurkaupún.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Ólafsvíkurhöfn takmarkast af línu, er hugsast dregin frá Sjávarfossi í Fossá í Bullusker, og þaðan lína, er hugsast dregin í vestur á Rif, og lína frá Loðnugjá í Ólafsvíkurenni hornrétt í fyrnefnda línu.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps hefur á hendi stjórn hafnarmálanna. Hver nýkjörin hreppsnefnd kys á fyrsta fundi sínum fimm manna hafnarnefnd og jafnmarga varamenn, til fjögurri ára í senn. Tveir nefndarmenn skulu vera hreppsnefndarmenn, svo og varamenn þeirra. Hinir þrír aðalmenn og varamenn skulu kosnir utan hreppsnefndar. Nýkosin hafnarnefnd velur sér formann á fyrsta fundi sínum, svo og hafnarvörð, og setur honum starfsreglur.

Hafnarnefnd hefur eftirlit með höfninni, sér um viðhald og endurbætur á henni, og stýrir framkvæmdum, annast alla innheimtu á gjöldum til hafnarinnar og hefur á hendi reikningshald, stjórnar sjóðum undir eftirliti hreppsnefndar, enda ber hreppsnefnd ábyrgð á innstæðu hans eins og öðrum eignum hreppsins.

Reikningar hafnarinnar skulu fylgja hreppsreikningum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

III. KAFLI

Hafnarsjóður.

3. gr.

Hafnarsjóði skal, eftir ákvörðun hreppsnefndar, eingöngu varið í þarfir hafnarinnar. Óheimilt er að nota fé hafnarsjóðs til annarra fyrirtækja hreppsins eða binda það í lánum til þeirra.

IV. KAFLI

Um reglu við höfnina.

39
25. febr.

4. gr.

Hafnarnefnd sér um, að gætt sé reglu í höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hennar og banni og enn fremur þeirra starfsmanna, er hafnarnefnd setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarnefnd, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

5. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu og affermingu skipa og báta eða öðrum störfum, sem þar eru framkvæmd. Meðferð skotvopna á landi hafnarinnar og bryggjum hennar er og stranglega bönnuð.

6. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa á höfninni. Í skipum og bátum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavél skipsins og lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og bátum á því svæði, sem unnið er að fermingu og affermingu.

Áliti hafnarnefnd eða starfsmaður hennar, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar ráðstafanir.

7. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða nýja báta eða gera við eldri báta, nema með leyfi starfsmanns hafnarnefndar og með þeim skilmálum, sem hann ákveður. Bannað er að leggja bátum upp í hafnarfjöruna, nema með leyfi hafnarnefndar eða umsjónarmanns.

8. gr.

Ekki má kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum eða neinu öðru, er valdið getur skemmdum á höfninni, frá skipum, er þar liggja, né flytja það úr landi út í höfnina.

Á svæðinu milli hafnargarðanna er bannað að kasta í höfnina hvers konar fiskúrgangi og öllu öðru, er óþrifum kann að valda. Hafnarnefnd eða umsjónarmaður hennar getur látið hreinsa allan fiskúrgang og annað það, sem kastað er í höfnina, á kostnað þess báts eða skips, sem slíku hefur í höfnina kastað.

Innan hafnartakmarkanna má ekki heldur gera nein hafnarmannvirki, né breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, ekki fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarnefndar og hreppsnefndar komi til.

V. KAFLI

Um legu skipa og báta og umferð þeirra í höfninni.

9. gr.

Fiskiskip og bátar, er ekki ferma eða afferma, mega aldrei leggjast svo í höfninni, að það tálmi fermingu eða affermingu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boði hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar um það, hvar þau skuli leggjast, ef slík skipun er gefin. Skip eða bátar mega aldrei leggjast svo frá sér strengi eða festar, að tálmi umferð. Festar skipa eða báta mega aldrei liggja yfir alfaraleið.

39

25. febr.

10. gr.

Skipum eða bátum má ekki leggja við akkeri eða festar innan hafnargarða, þannig að það tefji umferð um höfnina. Hafnarnefnd getur ákveðið, hvar og hvernig legutækjum báta og skipa verður lagt í höfnina.

Nú tregðast eigandi eða skipstjóri við að hlýða boðum hafnarnefndar eða starfsmanna hafnarinnar um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarnefndin látið gera það á ábyrgð og kostnað eiganda.

11. gr.

Í sérhverju skipi eða bát, sem er yfir 10 smálestir (að undanskildum skipum eða bátum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlauð á lægi á höfninni), skal jafnan vera einn maður, að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

12. gr.

Eigi má festa skipum eða bátum við bryggjur hafnarinnar, nema við festarhringir og þar til gerða festarstólpa á norðurbryggju hafnarinnar. Festum skal þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni. Þyki þess ekki nægilega gætt, má krefjast, að bætt verði úr því tafarlaust. Skyllt er að hafa tryggar hlífur milli skips og hafnargarðs eða bryggju, ef krafizt er.

13. gr.

Vélskip og vélbátar mega ekki láta vélar ganga af svo miklum krafti, að öðrum skipum eða bátum í höfninni eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af.

14. gr.

Ef skip eða bátur lendir á grynningu og sekkur, þar sem það, að áliti hafnarnefndar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt, svo fljótt sem auðið er. Verði minnsti dráttur á því, má hafnarnefnd láta færa skipið eða bátinn á kostnað eigenda, og er henni heimilt að láta selja skipið eða bátinn til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

VI. KAFLI

Um notkun hafnarbryggna.

15. gr.

Meðan hafnarnefnd ákveður ekki annað, er skipum og bátum heimilt að leggjast við bryggjur hafnarinnar í þeirri röð, er þeir koma. Þó skulu þau skip, sem sigla eftir fastri fyrir fram auglýstri ferðaáætlun og flytja póst og farþega, hafa rétt til þess að leggjast við bryggjur hafnarinnar, þó önnur skip liggja við þær, og verða þau þá að víkja burt, meðan hin fá afgreiðslu.

Þó skulu bátar, sem ferma eða afferma, hafa forgangsrétt til notkunar bryggna, fram yfir þau skip eða báta, sem ekki á að vinna við. Uppskipunarskip og bátar, sem skipa upp eða út vörum í skip, er liggja úti á höfninni, hafa rétt til þess að nota bryggjuna, þar sem upp- og útskipun er auðveldust.

Opnir vélbátar og uppskipunarskip skulu liggja svo ofarlega við suðurbryggjuna, sem frekast er unnt, til þess að tálma því eigi, að stærri bátar geti lagzt framur við bryggjuna.

Hafnarnefnd eða umboðsmaður hennar ákveður, hvar bátur skuli liggja við bryggju.

Ef nauðsynlegt telst vegna veðurs getur umboðsmaður hafnarnefndar fyrir- **39**
skipað þeim bátaeigendum eða formönnum, sem hafa umráð yfir opnum bátum 25. febr.
og uppskipunarbátum, að setja báta sína upp í fjöru á stað þann, er hann tiltekur.

Sé fyrirskipunum hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar ekki hlýtt í þessu efni, þá getur hann látið framkvæma þessar fyrirskipanir á kostnað og ábyrgð eigenda bátanna.

16. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum eða bátum, sem ferma eða afferma við bryggju, sé lagt samhliða, er heimilt að flytja farm þeirra skipa eða báta, er utar liggja, yfir þilför hinna. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa eða báta, er utar liggja, heimil umferð um þilför hinna, er nær liggja.

17. gr.

Öll skip, sem ætla að leggjast við norðurbryggju hafnarinnar, skulu skyld að hlífa henni við átökum. Sérhver skemmd, sem verður á bryggjunni, áhöldum hennar eða öðru því, sem skip nota, skal að fullu bæta af viðkomandi skipi, ef hún stafar af ásettu ráði eða vangá. Aðrar skemmdir, er bryggjan eða/og áhöld hennar verða fyrir af manna völdum, skal að fullu bæta af þeim, er skemmdunum valda af ásettu ráði eða vangá.

Áhöld þau, er fylgja hafnarmannvirkjunum, er óheimilt að nota, nema leyfi hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar komi til.

18. gr.

Bannað er að gera að fiski á bryggjum hafnarinnar eða láta fiskúrgang á bryggjurnar. Ef það er gert, varðar það sektum.

19. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu skips eða báts, skal skipstjóri, formaður eða afgreiðslumaður, ef þörf kerist, láta ræsta bryggjuna þar, sem hún hefur verið notuð. Farist það fyrir, skal hafnarnefnd eða umboðsmaður hennar sjá um, að það sé gert, en afgreiðslumaður, skipstjóri eða formaður greiðir kostnað, sem af því leiðir.

20. gr.

Bannað er að láta vörur eða muni standa eða vera þar á bryggjunni, sem þeir geta tálmað greiðri umferð um hana. Allar vörur eða muni skal flytja burt af bryggjunni samstundis og umboðsmaður hafnarnefndar krefst þess.

VII. KAFLI

Um skip og báta, sem geymd eru í höfninni.

21. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar eða umsjónarmanns hennar þarf til þess að geyma bát í höfninni. Skal hann þá geymdur þar, sem hann hindrar ekki umferð annarra báta, og á þeim stað, er umsjónarmaður hafnarnefndar tiltekur.

22. gr.

Eigi ber hafnarsjóður neina ábyrgð á bátum, sem geymdir eru í höfninni.

VIII. KAFLI Um lestagjald.

23. gr.

Öll skip, 5 smálestir brúttó og þar yfir, skulu greiða lestagjald, er þau koma á Ólafsvikurhöfn og hafa samband við land. Undanþegin lestagjaldi eru herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindarannsókn, skip, sem leita hafna vegna sjóskemmda og skip, er leita hafna vegna óveðurs, en hafa ekkert samband við land. Lestagjald greiðist af nettóstærð skips og reiknast í heilum tölum, en brotum skal sleppa.

24. gr.

- a. Innland veiðiskip greiði 30 aura fyrir hverja smálest, í hvert sinn er þau koma til hafnar, þó aldrei minna en kr. 15.00, og ekki oftár en 7 sinnum á ári.
- b. Öll önnur skip, er til hafnarinnar koma, skulu greiða 30 aura fyrir hverja smálest, í fyrsta sinn er þau koma til hafnar á ári, en 15 aura í hvert sinn er þau koma síðar á árinu. Lestagjald skal þó aldrei vera minna en kr. 15.00 í hvert sinn.

IX. KAFLI

Bryggjugjald fyrir báta.

25. gr.

Hvert skip eða bátur, sem leggst að bryggjum hafnarinnar eða skipi eða bát, sem við þær liggur, skal greiða bryggjugjald af nettóstærð skipsins, talið í heilum smálestum, en broti skal sleppt. Gjaldið skal greiða fyrir hverjar 48 klukkustundir eða minna.

Gjöldin greiðast sem hér segir:

- a. Bátar, sem heima eiga utan Ólafsvíkur, greiða:

Báatar innan 15 smálesta	kr. 10.00
Báatar 15—60 smálestir	— 15.00
Báatar yfir 60 smálestir	— 25.00

Þó má hafnarnefnd gefa aðkomubátum ívilnun á gjaldi þessu, en þó má gjaldið aldrei vera lægra en það, að samsvaraði því, að hann hefði komið 10 sinnum.

- b. Báatar, heimilisfastir í Ólafsvík, og báatar sem að staðaldri leggja afla sinn á land í Ólafsvík, greiða:

Báatar innan 5 smálesta	kr. 30.00 á ári.
Báatar 5—10 smálestir	— 50.00 —
Báatar 10—20 smálestir	— 100.00 —
Báatar yfir 20 smálestir	— 150.00 —

Gjald þetta fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert.

- c. Strandferða- og flutningaskip greiða 30 aura af hverri nettósmálest fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, þó aldrei minna en 20.00 krónur um sólarhringinn. Herskip og varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

X. KAFLI
Um vörugjald.

39
25. febr.

26. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, svo og skepnum, lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum, er um getur í næstu greinum.

27. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálf gjald.

Af vörum, sem settar eru á land og fara aftur með sama skipi, greiðist ekkert gjald, svo framarlega sem þær eru ekki á farmskrá skipsins ákvarðaðar til Ólafs-víkur.

28. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin nota, sem fluttar eru úr landi.
- b. Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur.

29. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd vörunnar með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skips við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur til að láta hafnarnefnd eða umboðsmanni hennar í té eftirrit af farmskrá skips hans. Sé engin farmskrá skal skipstjóri eða formaður báts, að viðlögðum sektum, gefa drengskaparvottorð um vörumagn það, er skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd eða umboðsmanni hennar ástæða til, getur hún hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hentugast þykir. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið eða báturinn kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá.

30. gr.

Vörugjaldskrá.

Vörugjald skal greiða sem hér segir:

1. flokkur. Gjald kr. 1.00 hver 100 kg:
Salt, kol, óverkaður saltfiskur, holfiskur óslægður og hert fiskbein.
2. flokkur. Gjald kr. 1.20 hver 100 kg:
Sement, útlendur áburður og holfiskur slægður með haus.
3. flokkur. Gjald kr. 1.50 hver 100 kg:
Frystur fiskur, fryst hrogn, fryst og ófryst síld, fullverkaður saltfiskur og holfiskur flattur.
4. flokkur. Gjald kr. 5.00 hver 100 kg:
Dúnn, eldspýtur, fiður, glervörur, glysvarningur, vefnaðarvörur, tóbak, skinnavara, skófatnaður, þurrkaðir ávextir, harðfiskur, kaffi brennt og malað, kakaó, lyf og lyfjavörur, niðursuðuvörur alls konar, te, ull, súkkulaði og sælgæti.
5. flokkur. Gjald kr. 3.00 hver 100 kg:
Flatfiskur slægður, beinamjöl og allar aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
6. flokkur. Gjald kr. 1.00 hver:
Tómar tunnur.
7. flokkur. Gjald kr. 1.80 hver 100 kg:
Steinolía og hráolía.

- 39 8. flokkur. Gjald kr. 0.30 hvert teningsfet:
25. febr. Búslóð og aðrar vörur, sem reiknast í teningsfetum.
9. flokkur. Gjald kr. 0.75 hvert teningsfet:
Timbur.
10. flokkur. Gjald kr. 15.00 fyrir hvern grip:
Hestar og nautgripir.
11. flokkur. Gjald kr. 35.00 fyrir hvert:
Bátar og bifreiðar.

XI. KAFLI

Um ljósagjald.

31. gr.

Öll skip, sem greiða lestagjald, skulu samtímis greiða ljósagjald, 5 aura af nettósmálest í hvert sinn. Fyrir ljós í innsiglingarvörður skal greitt eftir reikningi, ef um er beðið. Heimabátar greiða ljósagjald, kr. 5.00 af nettósmálest á ári, og er gjalddagi 1. júlí.

XII. KAFLI

Um ýmis gjöld til hafnarinnar.

32. gr.

Fyrir að leggja skipi eða bát upp í fjöru hafnarinnar til hreinsunar eða aðgerðar skal greiða 15 aura af hverri smálest af nettóstærð skipsins eða bátsins fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, en þó aldrei minna en kr. 5.00.

Undanþegnir þessu gjaldi eru skip og bátar, sem eiga heima í Ólafsvík.

33. gr.

Fyrir að geyma skip eða bát mannaust í höfninni, hvort heldur dregið á land eða bundið við bryggju, skal greiða 1 kr. árgjald af hverri brúttó smálest.

Undanþegnir þessu gjaldi eru skip og bátar, sem eiga heima í Ólafsvík.

34. gr.

Ef menn fá útmældar lóðir til bráðabirgðanotkunar af lóðum þeim, sem höfnin hefur umráð yfir, greiðir sá, sem afnot slíkrar lóðar fær, 1 kr. fyrir hvern fermetra á ári. Ársleiga fyrir bílavigt er kr. 250.00, og benzintanka kr. 150.00.

35. gr.

Þeir, sem þegar hafa fengið útmældar lóðir undir bráðabirgðaskúra eða byggingar, greiða hið umsamda gjald fyrir afnot lóðanna á meðan samningur sá, sem þeir hafa fengið, er í gildi, en eftir það greiða þeir gjöldin samkvæmt 34. gr., en þó aldrei minna en kr. 50.00 á ári fyrir skúrinn. Gjalddagi á gjaldi þessu er 1. júlí ár hvert.

XIII. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

36. gr.

Hafnargjaldkeri sér um innheimtu allra hafnargjalda, og skal greiða gjöldin til hans eða á skrifstofu hafnarnefndar.

37. gr.

Skipstjóri, formaður eða skipaafgreiðslur bera ábyrgð á greiðslu allra gjalda, sem innheimta skal samkvæmt reglugerð þessari. Ef enginn formaður er á skipi

eða báti, ber eigandi ábyrgð á greiðslu gjaldanna. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í 39 vörum fyrir vörugjöldum og haldsrétt og lögveðsrétt í báti eða skipi fyrir skipa- 25. febr. gjöldum, og gengur lögveðrétturinn fyrir sammingsveðskuldum í næstu 2 ár. Að svo miklu leyti sem ekki eru í reglugerð þessari ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldunum, skal greiða þau áður en skip eða bátur fer burt úr höfninni.

38. gr.

Ef margir eiga vörur með sama skipi eða báti, skal afgreiðslumaður skips eða báts standa skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldanna. Vörugjald fellur í gjalddaga við fermingu eða affermingu vörunnar. Útgerð hvers báts, sem fiskveiðar stundar í Ólafsvík, ber ábyrgð á vörugjaldinu af fiski þeim, er báturinn leggur á land.

39. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

XIV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

40. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum. Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því, er matsgerð var lokið. Yfirmat skal framkvæmt af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnað við yfirmat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira honum í vil en 10% af hinnu ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðili kostnaðinn.

41. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd tekur gilda.

42. gr.

Hverja þá skipun, sem hafnarnefnd eða umsjónarmaður hafnarnefndar má gefa skipi eða báti samkvæmt reglugerð þessari, skal gefa skipstjóra eða formanni, en stýrimanni, ef skipstjóri eða formaður er eigi við. Ef enginn er stýrimaður eða hann er fjarverandi, má gefa einhverjum af skipshöfninni fyrirskipunina, og er það jafngilt, sem skipstjóri eða formaður hefði sjálfur fengið skipunina.

43. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

44. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 41 5. apríl

39 1949, til að öðlast gildi nú þegar, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut 25. febr. eiga að máli. Jafnframt fellur niður hafnarreglugerð fyrir Ólafsvíkurkaupþún, nr. 157 20. september 1941.

Samgöngumálaráðuneytið, 25. febrúar 1952.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

40

11. febr.

REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Seyðisfjarðarkaupstað,
nr. 18 30. janúar 1948.

1. gr.

20. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Öll skip, seglskip, gufuskip og vélskip, stærri en 12 smálestir brúttó, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald. Undanþegin eru þó herskip, skip sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, þjörgunarskip, skip sem leita hafnar vegna sjóskaða, varðskip, vitaskip ríkissjóðs og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna.

- a. Skip, sem eru eign búsettra manna á Seyðisfirði og skrásett þar og ekki eru í millilandssiglingum, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, 5 krónur af hverri brúttó smálest.
- b. Skip, sem sigla eftir fyrirfram auglýstri áætlun og eingöngu sigla með ströndum landsins, skulu greiða 40 aura af hverri nettosmálest í hvert sinn, sem þau leggjast á höfnina, þó ekki oftari en tvisvar í mánuði.
- c. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, greiði 1 krónu af hverri nettosmálest í hvert sinn, sem þau leggjast á höfnina.

Ef skip liggur á höfninni lengur en 14 daga, skal það greiða hálf lestagjald að nýju fyrir hverja 14 daga eða brot úr þeim. Hafi skip verið tekið á land til viðgerðar, telst sá tími ekki með, sem það stóð uppi, né heldur þegar skip liggja á höfn, vegna þess að hafis lokar henni.

2. gr.

21. gr. orðist svo:

Hver skip, sem leggst við bólvirki eða bryggju eða við hlið annars skips, sem liggur við bryggju á höfninni, skal greiða bryggjugjald af nettóstærð skipsins, talinni í heilum smálestum, en brotum skal sleppa. Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, 20 aura af hverri smálest, þó ekki minna í hvert skipti en 20 krónur fyrir skip minni en 70 smálesta, og 40 krónur fyrir stærri skip.

Herskip og skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, má undanþiggja bryggjugjaldi.

Heimilt er hafnarnefnd og bæjarstjórn að ákveða, að gjöld af bryggjum í eign annarra en hafnarsjóðs skuli renna til bryggjueigenda, sem þá annist innheimtu gjaldanna.

3. gr.

Inn í reglugerðina bætist ný grein, er verði 22. gr. svo hljóðandi, og breytist greinatala til samræmis við það:

Öll skip, sem koma til hafnar á tímabilinu frá 1. ágúst til 15. maí og lestagjald greiða, skulu greiða ljósagjald þannig:

- a. Skip, sem um getur í 20. gr. a., greiði 30 krónur á ári.
 b. Önnur skip greiða 10 krónur í hvert skipti, sem þau koma til hafnar.

40
 11. febr.

4. gr.

25. gr., vörugjaldskrá, sem verður 26. gr., orðist þannig:

Vörugjaldskrá.

A. Aðfluttar vörur:

1. flokkur. Gjald 50 aurar af hverjum 100 kg:
 Kol, salt, sement.
2. flokkur. Gjald 75 aurar af hverjum 100:
 Alls konar óunnið járn, bárujárn, eldavélar, saumur, timbur, sem reiknað er eftir þyngd, legsteinar, eldfastur leir, gólf- og veggflísar, eldfastir steinar, garðávextir.
3. flokkur. Gjald 100 aurar af hverjum 100 kg:
 Korn- og mjölvörur, kjöt, gufuvélar, benzínvélar, varahlutir til véla, tjara, bik, asfalt, asbest, kaðlar, pappi til húsagerðar, vantsleiðslu- og miðstöðvarvörur, heyrinnuvélar, plógar, herfi, sykur, fóðurbætir, kalk, fræ, tilbúinn áburður, olíur og benzín til eldsneytis, til ljósa eða á mótora.
4. flokkur. Gjald 150 aurar af hverjum 100 kg:
 Bifreiðar og varahlutir til þeirra, feiti og olíur til smjörlíkisgerðar og sápu-gerðar, strigi, tvistur, hessian, bindigarn.
5. flokkur. Gjald 50 aurar af hverjum 10 kg:
 Málningarvörur og efni til málningar, lakk, kitti, lím, gips, veggfóður, hráefni til iðnaðar, svo sem sýrur, essensar, brennisteinn o. þ. h., hráefni til kaffihætisgerðar, korkvörur og óunnið kork, brauðvörur, kex, linoleum, gúmmí og gúmmívörur, pappír og pappírsvörur, blek, baðlyf, ljósaefni, svo sem vax, carbíd, glykosa o. þ. h., olíufatnaður, macaroni, útgerðarvörur, svo sem línur, önglar, net, nætur, lengdar- og hraðamælar til skipa.
6. flokkur. Gjald 45 aurar af hverjum 10 kg:
 Niðursuðuvörur, blikkvörur, tin, zink, hjólhestar og varahlutir til þeirra, seglgarn, umbúðagarn, ger og efni í það, olíuofnar, verkfæri, svo sem smíðatól, rekur, skóflur o. þ. h., vörur úr eir, messing, bronce o. þ. h., emalleraðar vörur, leirvörur, smávélar, svo sem prjónavélar, saumavélar, skilvindur, smáiðnaðarvélar o. þ. h., hreinlætisvörur, svo sem þvottaefni, skó-, gólf- og húsgagnavörur, gólfklútar, glervörur, ölgerðarvörur og hráefni til ölgerðar, hurstavörur og efni til burstagerðar, smá járnvara (isenkram), svo sem skrár og lamir, eldhúsáhöld, barnavagnar, dívanar og efni í þá, skóáburður, leður og leðurvörur, bökunarvörur, lyfjavörur, ávextir.
7. flokkur. Gjald 75 aurar af hverjum 10 kg:
 Rafmagnsvörur, kryddvörur, ljósmyndavörur, viðtæki, eldspýtur, smá hljóðfæri og tónvélaplötur, skrifstofuáhöld, vefnaðarvörur, klukkur, mælar og símar, áttvitar, sportvörur, skot, skotfæri, sprengiefni, sælgæti, súkkulaði, kakaóduft, te, kaffi, kaffibætir, húsgögn, peningaskápar, jólatré, leikföng, sýnishorn o. þ. h.
8. flokkur. Gjald 100 aurar af hverju kg:
 Tóbaksvörur, tóbak, vín og spiritus.
9. flokkur. Gjald 12 aurar af hverju teningsfeti:
 Trjáviður, sem reiknast í teningsfetum.
10. flokkur. Gjald 30 aurar af hverju teningsfeti:
 Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
11. flokkur. Gjald 15 aurar af hverju stykki:
 Tómar tunnur og föt.

40

B. Útfluttar vörur:

11. febr. 1. flokkur. Gjald 60 aurar af hverjum 100 kg:
Ull, ullarvörur, hert skinn, sundmagi.
2. flokkur. Gjald 60 aurar af hverjum 100 kg:
Síldarmjöl, fiskmjöl, lýsi.
3. flokkur. Gjald 30 aurar af hverjum 100 kg:
Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
4. flokkur. Gjald 75 aurar af hverri tunnu:
Krydduð, sykursöltuð eða flött síld.
5. flokkur. Gjald 45 aurar af hverri tunnu:
Kjöt.
6. flokkur. Gjald 30 aurar af hverri tunnu:
Saltsíld.
7. flokkur. Gjald 6 aurar af hverju teningsfeti:
Rjúpur og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
8. flokkur. Gjald 150 aurar af hverjum grip:
Hestar, nautgripir.
9. flokkur. Gjald 30 aurar af hverri kind:
Sauðfé.

Lægsta gjald í öllum flokkum aðfluttra og útfluttra vara skal þó aldrei vera lægra en 2 kr. Aldrei skal tekið tvisvar gjald af sömu vöru. Hafnarnefnd er heimilt að undanþiggja vörugjaldi innlendar afurðir, sem fluttar eru að eða frá bænum í smærri stíl.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 11. febrúar 1952.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

- 41 **Staðfesting handhafa forsetavaldsins á skipulagsskrá fyrir „Minningargjafasjóð**
13. febr. **Óháða-Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík**“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 13. febrúar 1952.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir **Minningargjafasjóð Óháða-Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir **Minningargjafasjóður Óháða-Fríkirkjusafnaðarins**. Hann er stofnaður með 1000 krónum af **Baldvin Einarssyni** aktygjasmið, til minningar um konu hans, **Kristine Karoline Einarsson**, sem var fædd **Heggem** í **Molde** í **Noregi** 21. nóvember 1883, dáið 15. apríl 1947 í **Reykjavík**.

2. gr.

Sjóðurinn er eign **Óháða-Fríkirkjusafnaðarins** í **Reykjavík** og er styrktarsjóður væntanlegrar safnaðarkirkju.

3. gr.

41

Í sjóðinn renna fyrst og fremst gjafir til minningar um látna menn og konur, auk annarra gjafa og áheita og annars slíks. 13. febr.

4. gr.

Haldin skal minningargjafabók, er varðveitast skal hjá presti safnaðarins, unz reist hefur verið safnaðarkirkja, en síðar í safnaðarkirkjunni sjálfri. Bók þessi sé með tölusettum blöðum. Hverjum einstaklingi, sem gjöf er gefin til minningar um, sé ætlað eitt blað í bókinni og á það sé fest nafn hans og nokkur helztu æviatriði, ásamt ljósmynd, ef hún er fáanleg. Enn fremur geymist á blaðinu nöfn þeirra, sem gjafir gefa til minningar um viðkomandi einstakling. Aftast á bókinni sé skrá yfir nöfn þeirra, sem gjafir eru gefnar til minningar um, og sé sú skrá færð jafnóðum, ásamt tilvisun til minningarblaðs hvers einstaks í bókinni, svo fyrirhafnarlaust sé að finna það þegar óskað er, eða á þarf að halda.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins, svo og það fé sem honum áskotnast í framtíðinni, varðveitist í bankabók á meðan það er ekki notað. Markmið sjóðsins er að efla byggingu safnaðarkirkju og kosta viðhald hennar og standa straum af kaupum kirkjulegra muna þegar hún er komin upp. Komi hann ætíð sem fyrst að sem beztum notum, en á hitt sé ekki litið sem takmark í sjálfu sér, að sem mest fé sé í honum á hverjum tíma. Þó má ekki veita óafturkræf framlög úr sjóðnum til kirkjubyggingar fyrr en hann er orðinn að upphæð 15 þúsund krónur, og aldrei má veita í óafturkræfum framlögum svo mikið úr honum, að hann komist niður fyrir þá upphæð, 15 þúsund krónur. Úr sjóðnum má aðeins verja fé til safnaðarkirkjunnar og viðhalds hennar og til öflunar kirkjulegra muna og má aldrei breyta markmiði sjóðsins.

6. gr.

Lána má fé úr sjóðnum til safnaðarstarfsemi þegar fé er fyrir hendi, enda sé lánið nægilega tryggt með veði eða ábyrgð, gegn 5% ársvöxtum. Þegar sjóðurinn er orðinn 15 þúsund krónur má verja $\frac{3}{4}$ vaxtateknanna til kirkjubyggingarinnar eða annarrar kirkjulegrar starfsemi, en $\frac{1}{4}$ hluti þeirra leggjast við höfuðstólinn.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Formaður safnaðarstjórnar, formaður bræðrafélags safnaðarins, formaður kvenfélags safnaðarins, fulltrúi unglíngafélags safnaðarins og fyrsti safnaðarráðsmaður. Varastjórn skipa: Varaformaður safnaðarstjórnar og annar safnaðarráðsmaður.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal hafa fjármuni sjóðsins alla til umráða og ráðstöfunar í samræmi við skipulagsskrá þessa og sjá um að minningarspjöld séu gefin út og jafnan fyrir hendi. Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram endurskoðaðir til samþykktar á aðalfundi safnaðarins ár hvert og þá skal kjósa tvo endurskoðendur og einn til vara.

9. gr.

Komi einhvern tíma til að söfnuðurinn hætti að starfa skal verja því fé, sem þá kann að vera í sjóðnum til einhverrar líknarstofnunar samkvæmt nánari ákvörðun þáverandi sjóðsstjórnar.

10. gr.

Sjóðsstjórn skal halda gerðabók og færa í hana allar ákvarðanir, sem gerðar eru á fundi hennar viðvikjandi ráðstöfunum á fé sjóðsins, svo og annað sjóðnum viðkomandi, ársreikninga hans undirritaða af formanni sjóðsstjórnar og endurskoðendum og annað slíkt.

42
29. febr.

JARÐRÆKTARSAMBÝKKT

fyrir Ræktunarsamband Svarfdæla.

Búnaðarfélag Svarfdæla og Búnaðarfélag Dalvíkur mynda félag, er nefnist Ræktunarsamband Svarfdæla, og gera á grundvelli laga nr. 7 frá 12. jan. 1945 svofellda jarðræktarsambýkkt:

1. gr.

Tilgangur félagsins er:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, engjaræktar og beitiræktar.
2. Að framkvæma jarðvinnslu á tünnum jarða á félagssvæðinu, sem ekki eru véltæk.
3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna eða garða.
4. Að framkvæma sléttun engja, svo þær verði véltækar.

Allt þetta skal framkvæmt eftir fyrirmælum hlutaðeigandi héraðsráðunauts eða trúnaðarmanns, sem Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

2. gr.

Stjórn Ræktunarsambandsins skal skipuð 5 mönnum, þrír skulu kosnir af Búnaðarfélagi Svarfdæla og tveir af Búnaðarfélagi Dalvíkurhrepps, til eins árs í senn. Þó getur enginn skorast undan kosningu þrjú ár í röð.

Stjórnin skiptir sjálf með sér störfum.

Varastjórn skal skipuð jafnmörgum mönnum, kosnum á sama hátt til jafnlangs tíma.

3. gr.

Stjórnin annast allar framkvæmdir.

Um kaup á vélum og áhöldum skal hafa samráð við vélaneftnd ríkisins.

Skýlt er að tryggja vélar og áhöld fyrir því verði, sem álizt hæfilegt á hverjum tíma.

4. gr.

Stjórnir búnaðarfélaganna skulu safna og skrá verkbeiðnir félagsmanna sinna og skal því lokið fyrir janúarmánaðarlok ár hvert.

Skýrslum þessum skal skila til ræktunarsambandsins fyrir aðalfund þess. — Heimilt er stjórninni, ef hún telur þess þörf, að krefjast ábyrgðar, sem hún tekur gilda, á vinnukostnaði.

5. gr.

Að fengnum verkbeiðnum skal gera áætlun um framkvæmdir á árinu. Skal þess þá sérstaklega gætt:

1. Að þær jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu, eftir því sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði í flutningi véla og verkfæra.
2. Að túnasléttun sé að öðru jöfnu látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum.
3. Að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi héraðsráðunauts.
4. Að framræsla bithaga komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið öðrum framræslu- og jarðvinnsluverkefnum, svo að því marki verði náð, að allur heyskapur verði tekinn á vélfæru landi.

6. gr.

Kostnaður við framkvæmdir þær, er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaupendum. Heimilt er stjórninni að láta greiðslu fara fram eftir áætlun meðan verkið stendur yfir, en fullnaðargreiðsla sé byggð á reikningum í árslok.

42

29. febr.

7. gr.

Til ræktunarkostnaðar telst greiðsla vinnulauna, viðhald og geymslukostnaður véla, kostnaður við flutning véla og verkfæra milli vinnustaða, fyrningargjald, vextir og afborganir lána og stjórnarkostnaður.

Heimilt er stjórninni að leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarkostnaði ár hvert.

8. gr.

Heimilt er stjórninni að láta vinna að öðrum verkefnum en að framan greinir, ef hagkvæmt þykir, enda brjóti það ekki í bága við hagsmuni félagsmanna.

9. gr.

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð að upphæð kr. 100000.00 — eitt hundrað þúsund krónur — til vélakaupa.

Tekjur stofnsjóðsins eru:

- a. Helmingur stofnfjárins er framlag Framkvæmdasjóðs ríkisins samkv. 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum frá 12. jan. 1948, jafnóðum og það greiðist sem styrkur til vélakaupa sambandsins.
- b. Einn fjórði hluti óafturkræft framlag frá búnaðarfélögum, er greiðist að $\frac{3}{4}$ af Búnaðarfélagi Svarfdæla og $\frac{1}{4}$ af Búnaðarfélagi Dalvíkurhrepps.
- c. Einn fjórði hluti stofnfjárlán, er tryggt sé með ábyrgð búnaðarfélaganna og endurgreiðist það innan 5 ára.
- d. Enn fremur leggst í stofnsjóð rekstursafgangur af áhættuþóknun, svo og ágóði ef verður af ákvæðisvinnu.
- e. Vaxtatekjur og aðrar tekjur, er til sjóðsins kunna að falla.

10. gr.

Komi í ljós að álitu stjórnar ræktunarsambandsins, að auka þurfi stofnsjóð, skal stjórnin senda tillögur sínar um stofnfjárukningu til hreppabúnaðarfélaga á svæðinu, og ber þeim að leggja tillögurnar fyrir almennan fund í félögum til samþykktar. Að fenginni meirihlutasamþykkt í hlutaðeigandi búnaðarfélögum skal til-lagan borin upp á aðalfundi ræktunarsambandsins, og verði hún samþykkt þar með meira en $\frac{2}{3}$ atkvæða, er hún bindandi fyrir hreppabúnaðarfélögin.

11. gr.

Heimilt er stjórninni að taka reksturslán gegn tryggingu á þeim jarðræktarstyrk, er á umbæturnar verður greiddur úr ríkissjóði.

12. gr.

Aðalfundur skal haldinn eigi síðar en 15. marz ár hvert. Þar skulu endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar.

Á fundinum skal lögð fram skýrsla um starfsemina á síðastliðnu ári og rædd framtíðarverkefni.

Fundurinn er lögmaður, ef hann er boðaður með 10 daga fyrirvara.

42

29. febr.

Reikningsár sambandsins er almanaksárið. Endurskoðendur séu tveir, kjörnir sinn frá hvoru búnaðarfélagi til þriggja ára í senn. Varaendurskoðendur skal kjósa á sama hátt og til sama tíma.

13. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari frá hreppabúnaðarfélagum eða framkvæmdastjórn, skulu sendar hreppabúnaðarfélagunum, er að samþykkt standa, til umsagnar. Þær skulu síðan lagðar fyrir aðalfund ræktunarsambandsins, enda sé þess getið í fundarboði. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ atkvæðisbærra fundarmanna, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

14. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi, að $\frac{2}{3}$ fundarmanna á lögmætum aðalfundi samþykki það, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til. Verði samþykktirnar felldar úr gildi, skiptist stofnsjóður og fyrningarsjóður á milli búnaðarfélaganna í sömu hlutföllum og framlag þeirra í stofnsjóð.

15. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögglumál.

16. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi, er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra. Jafnframt því er úr gildi numin jarðræktarsamþykkt nr. 173 frá 11. sept. 1947 fyrir Búnaðarfélag Svarfdæla.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. febrúar 1952.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

43

6. marz

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Gerðahrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Gerðahrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.80 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 0.70 hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 7.75 á ári af hverjum fermetra gólfplatari í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 2.50 á ári af fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

43

Um kwst.mæli á 47 aura hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 4.00 á mánuði af hverju herbergi íbúðarinnar. 6. marz

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem notuð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal teljast sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö.

Þar, sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m², má miða við sameiginlegt flatarmál þeirra, þannig, að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og 5 m² hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.00 hver kwst. Hafi vélnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds, frá kr. 190.00 til kr. 225.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum 47 aura hver kwst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fastra véla við fiskiðnað, kjöt eða mjólkuriðnað, er yfir 20 kw., um kwst.mæli á 30 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
4. Um mæli á 13 aura hver kwst., auk kr. 500.00 fyrir hvert kw. mesta notaðs afls á árinu
5. Um mæli á 13 aura hver kwst., auk kr. 315.00 fyrir hvert uppsett kw. vélanna á árinu.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 20 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 8 aura hver kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald hans. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

E. Önnur orkusala.

1. Raforku til suðu má selja til gisti og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 48 aura hver kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli, og suðutækin fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á kr. 1.00 hver kwst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 20 aura hver kwst., ef straumurinn er rofinn frá kl. 8.30 til 22, eða um tvígjaldsmæli á 20 aura hver kwst., á tímanum frá kl. 22 til 8.30, á 1.00 kr. hver kwst. frá kl. 8.30 til 22.
4. Til gatnalýsingar á kr. 1.00 hver kwst.

- 43 Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er, og ekki kemst undir aðra liði þessarar
6. marz gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A 1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 2.00 á mánuði.
2. — þrífasa mælum upp að 50 amp.	— 3.00 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp.	— 7.00 — —
4. — þrífasa mælumu yfir 200 amp.	— 10.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Grunngjald hvernar heimtaugar fyrir húsveitu skal vera kr. 1500.00 fyrir jarðlínu, en kr. 1000.00 fyrir loftlínu. Auk þess skal greiða 10% — tíu af þúsundi — af brunabótamati hússins upp að kr. 500000.00, en 5% — fimm af þúsundi — af þeim hluta matsins, sem er umfram kr. 500000.00. Ef brunabótamat hússins er gamalt, getur rafveitustjóri samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið að nýju, skal þó heimtaugargjaldið miðast við það.

Greiði húseigandi áætlaðan helming heimtaugargjalds um leið og heimtaugaruppsetningu er lokið, er heimilt að veita honum gjaldfrest í allt að 12 mánuði á eftirstöðvunum. Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar brunabótamat hússins hefur farið fram.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 20.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 20.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Gerðahrepps hefur samið og samþykkt, og 43 gerð er samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 6. marz 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Gerðahrepps, nr. 267 14. desember 1950.

Atvinnumálaráðuneytið, 6. marz 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Hveragerðis.

44

7. marz

I. RAFORKA

Rafveita Hveragerðis selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.90 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 60 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 9.00 á ári af fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 2.50 á ári af fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 50 aura hverja kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 7.00 á mánuði af einu herbergi hvorrar íbúðar og kr. 4.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem eru ætluð til íbúðar, og eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m² má reikna með þeirri meðalstærð.

C. Vélnotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.10 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 180.00 til kr. 210.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Ef uppsett rafvélaafl fastra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw., um kwst.mæli:
 - a. Á 50 aura hverja kwst.
 - b. Á 38 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
3. Um mestumæla á kr. 504.00 á ári fyrir hvert kw. mesta notaðs afls á árinu og auk þess 15 aura á notaða kwst.
4. Ef ekki eru tók á að mæla mesta notað afl, má selja þannig:

44
7. marz

Um kwst.mæli á 15 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 384.00 á ári fyrir hvert kw. samanlagðs ástimplaðs rafvélaafls. Minnsta árgjald skal þó vera sem svarar 1000 kwst. ársnotkun á hvert kw. í ástimpluðu rafvélaafli.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 16 aura kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tíma mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 8 aura hver kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a. Að vélaafli, línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar notandinn þá tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 45 aura hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutækin fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á kr. 1.10 hverja kwst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 13 aura hverja kwst., ef straumurinn er rofinn frá kl. 8.30 til 22, eða um tvegjaldsmæli á 13 aura hverja kwst., á tímanum frá kl. 22 til 8.30, og á kr. 1.10 hverja kwst. frá kl. 8.30 til 22.
4. Til súgþurrkunar á heyi á 36 aura hverja kwst.
5. Til götulýsingar á kr. 1.10 hverja kwst., og annast rafveitan þá rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A 1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjunum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 2.50 á mánuði.
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni	— 4.00 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 100 amp.	— 8.00 — —
4. — þrífasa mælum yfir 100 amp.	— 12.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

44

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald. 7. marz
Skal það vera sem hér segir:

1. Grunnjald fyrir hverja loftlínuheimtaug kr. 600.00
2. Grunnjald fyrir hverja jarðlínuheimtaug — 800.00

Auk þessa grunnjalds skal greiða kr. 10.00 af hverju þúsundi króna af brunabótamati húsa og annarra mannvirkja. Hálfu þúsundi eða minna í brunabótamati skal sleppa í útreikningi þessum, en elia hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri eða hreppsnefnd samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat.

Húseigandi greiði grunnjald heimtaugar um leið og heimtaugaruppsetningu er lokið. Hinn hluti heimtaugargjaldsins fellur í gjalddaga, þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal húseigandi greiða að fullu kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun 20 kr.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt 20 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

Verð til hitunar samkvæmt D-liðum I. kafla gjaldskrárinnar breytist með útsöluverði á kolum og dieselolíu í Hveragerði þannig, að gjaldskrárverðið teljist jafngilda 480 kr. verði á kولاتonni og 800 kr. verði á oliutonni, en hækki eða lækki um 1 eyri hver kwst. á lið D-1 og ½ eyri á lið D-2 fyrir hverjar fullar 30 kr., sem kولاتonn hækkar eða lækkar eða hverjar 50 kr., sem oliutonn hækkar eða lækkar, þó þannig, að raforkuverðið miðist við það eldsneytisverðið, sem lægra er hlutfallslega miðað við grunnverðið 480 kr. á kولاتonn og 800 kr. á oliutonn.

VI. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Hveragerðishrepps hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Hveragerðis, nr. 229 2. nóvember 1950.

Atvinnumálaráðuneytið, 7. marz 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

45
8. marz

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Eyrarbakka.

I. RAFORKA

Rafveita Eyrarbakka selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.90 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 60 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 9.00 á ári af fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 2.50 á ári af fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 50 aura hverja kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 6.00 á mánuði af einu herbergi hvernar íbúðar, og kr. 3.50 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem eru ætluð til íbúðar, og eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m² má reikna með þeirri meðalstærð.

C. Vélanotkun.

Skylt er að hafa tryggar hlífar milli skips og virkis eða bryggju, ef krafizt er.

12. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur þar sem það, að áliti hafnarnefndar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt, sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eiganda og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

V. KAFLI

Um notkun bryggna og bólvirkja.

13. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggjur og bólvirki hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip að öðru jöfnu, sem sigla eftir fyrir fram ákveðinni og auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rétt til þess að leggjast að bryggjum og bólvirkjum, þótt önnur skip liggi þar fyrir, og verða þau að vikja meðan hin eru afgreidd. Sams konar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að áliti hafnarstjóra, ber því að vikja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess. Enn fremur getur hafnarstjóri vísað skipum frá bryggjum og bólvirkjum, áliti hann það nauðsynlegt veðurs vegna.

14. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða bólvirki, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um, að það sé gert, en afgreiðslumaður eða skipstjóri greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

15. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða bólvirki og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum,

sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Skal flytja 83
burt vörur og muni jafnskjótt og hann krefst þess.

15. apríl

VI. KAFLI

Um notkun Norðurvararinnar.

16. gr.

Norðurvörin í Þorlákshöfn er ætluð til afnota fyrir opna vélbáta, sem gerðir eru út frá Þorlákshöfn og leggja þar upp afla sinn.

Verði meiri aðsókn báta að notkun vararinnar en rúm leyfir, hafa þeir bátar forgangsrétt, sem nú eru skrásettir í Þorlákshöfn, og þurfa nýir bátar leyfi hafnarnefndarinnar til afnotanna.

17. gr.

Verði hlé á veiðum einstakra fiskiskipa og báta svo vikum skiptir, vegna bilana, viðgerða eða af öðrum ástæðum, er eigendum skylt að taka þau úr Norðurvörinni til geymslu annars staðar meðan á hléinu stendur, ef hafnarvörður óskar þess.

18. gr.

Við alla notkun Norðurvararinnar eru notendur skyldir að hlýða fyrirmælum hafnarstjóra eða trúnaðarmanns hans, svo sem um legu skipa og báta, tilfærslu þeirra í höfninni og brottflutning úr henni, svo og hvar afli þeirra, veiðarfæri og annað er lagt á land, enn fremur um geymslu á afla, veiðarfærum og öðru á landi hafnarinnar o. s. frv.

Notendum er einnig skylt að gæta alls þrifnaðar við notkun Norðurvararinnar, og ber þeim að flytja burtu allan fiskúrgang og önnur óhreinindi, er berast kunna á land hafnarinnar af þeirra völdum.

Um vanrækslu á síðastnefndu atriði gilda ákvæði 14. gr. Á sama hátt gilda um alla notkun Norðurvararinnar öll önnur ákvæði þessarar reglugerðar, eftir því sem við á.

VII. KAFLI

Um hafnargjöld í Þorlákshöfn.

1. Lestagjald.

19. gr.

Öll skip og hvers konar fleytur stærri en 12 smálestir brúttó, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn, sem þau leggjast við festar á höfninni, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

20. gr.

a. Skip, 12 smálesta brúttó og stærri, sem eru skrásett í Þorlákshöfn og gerð þaðan út og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, 4 krónur fyrir hverja brúttó smálest.

b. Önnur innlend fiskiskip greiði 1 krónu fyrir hverja brúttó smálest í hvert skipti, sem þau koma til hafnar og hafa samband við land, þó ekki yfir 4 kr. af smálest á ári.

c. Öll önnur skip, sem til hafnar koma (nema þau, sem undanþegin eru lestagjaldi), skulu greiða 60 aura lestagjald af hverri nettó smálest í hvert sinn, er þau koma til hafnar og hafa samband við land. Strandferðaskip ríkissjóðs greiði þó aðeins 30 aura lestagjald.

d. Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, björgunarskip, vitaskip

83
15. apríl

rikissjóðs, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem eru gerð út til vísindalegri rannsókna, skip, sem sanna fyrir sjórétti, að þau hafi orðið að leita hafnar vegna sjóskemmda, og skip, sem eingöngu leita hafnar vegna veikinda.

2. Ljós gjald.

21. gr.

Öll skip og bátar, sem koma til hafnarinnar á tímabilinu frá 1. ágúst til 15. maí og lestagjald greiða, skulu greiða ljósgjald þannig:

- a. Skip, sem um ræðir í 20. gr. a., greiði kr. 100.00 á ári.
- b. Skip, sem um ræðir í 20. gr. b., greiði 5 krónur í hvert skipti, sem þau koma til hafnar.
- c. Öll önnur skip greiði 10 auru fyrir hverja nettó smálest, þó aldrei meira en 25 krónur í hvert skipti.

3. Bryggjugjald.

22. gr.

Hvert skip, sem leggst við bryggju hafnarinnar, eða að skipi, sem liggur við bryggju, skal greiða bryggjugjald eftir stærð skipsins talið í heilum smálestum, en broti sleppt.

Gjöldin skulu vera sem hér segir:

- a. Bátar og skip 12 smál. brúttó og stærri og skrásett eru í Þorlákshöfn og gerð þaðan út, greiði 4 krónur af hverri brúttó smálest á ári.
- b. Öll aðkomuskip greiði 16 auru af hverri nettó smálest fyrir hvern hálfan sólarhring eða hluta af hálfum sólarhring. Minnsta gjald skal þó vera 10 krónur í hvert sinn.

Liggi þau skip utan á öðru skipi, greiði þau hálf gjald.

Varðskip og björgunarskip eru undanþegin bryggjugjaldi, nema þegar þau flytja vörur eða farþega og taka gjald fyrir.

- c. Fyrir sérstaka notkun á bryggjum, bólvirkjum og uppfyllingum, svo sem aðgerð á fiski, flökun, fiskverkun, síldarsöltun o. fl., skal hafnarnefnd ákveða sérstakt gjald eða semja við viðkomandi aðilja.

4. Vörugjald.

23. gr.

Vörugjaldið skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum, sem getur um í næstu greinum.

24. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálf vörugjald.

Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, enda séu þær ákveðnar það samkvæmt farmskránni, greiðist ekkert vörugjald.

25. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskránni.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta, til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- c. Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur.
- d. Vörur, sem fluttar eru úr herskipi eða í herskip.

26. gr.

83

15. apríl

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds og er skipstjóri skyldur að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips hans. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt.

Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

27. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vöruskrá tiltekur og gjald greiðast eins og þar segir.

Ef vafi leikur á í hverjum flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnarstjóri, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

28. gr.

V ö r u g j a l d s k r á .

A. Aðfluttar vörur:

1. flokkur. Gjald 30 aurar fyrir hver 100 kg:
Kol, salt, sement, sódi, þakpappi, þakplötur, járn og járnvörur alls konar, stál og stálvörur, kaðlar, kitti, leir og steinn, tilbúinn áburður.
2. flokkur. Gjald 60 aurar fyrir hver 100 kg:
Áburðarolía, brennsluolía, baðlyf, benzín, bækur, feiti, fernisolía, fiskilínur, grænsápa, hey, kálmeti, kartöflur, kornvörur alls konar, fóðurbætir, leður, linoleum, pappír, pokar, pokastrigi, rúðugler, saumur, segldúkur, steinolía, tjara, vaxdúkur, þvottaefni, þvottasápa.
3. flokkur. Gjald 80 aurar fyrir hver 100 kg:
Ávextir, brauðvörur, jurtafeiti, kaffi, mjólkurduft, smjör, smjörlíki, sykur, te.
4. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hver 100 kg:
Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
5. flokkur. Gjald 10 aurar fyrir hvert teningsfet:
Timbur, tunnuefni.
Tómar tunnur 25—50 aurar fyrir hverja eftir stærð.
6. flokkur. Gjald 20 aurar fyrir hvert teningsfet:
Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

B. Brotfluttar vörur:

1. flokkur. Gjald 40 aurar fyrir hver 100 kg:
Fiskur, ísvarinn, hraðfrystur, nýr: slægður og óslægður, saltur: óverkaður og verkaður, þurr, harðfiskur, fiskimjöl, lýsi, gærur, gærur saltaðar í búntum eða pökkum, ís, síld.
2. flokkur. Gjald 60 aurar fyrir hver 100 kg:
Hrogn, kjöt (alls konar), mör, tólg.
3. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hver 100 kg:
Allar aðrar vörur en taldar eru hér.

83 4. flokkur. Gjald 5 krónur fyrir hvern grip:
15. apríl Hestar, nautgripir.

5. flokkur. Gjald 1 króna fyrir kind:
Sauðfé.

Þótt vörur, flokkaðar undir brottfluttar vörur, flytjist til staðarins eða vörur, flokkaðar undir aðfluttar vörur, flytjist frá staðnum, breytir það engu um vörugjaldið.

Vörugjald fyrir óvenjulegar vörur, sem vafasamt þykir hvernig flokka skuli, ákveður hafnarstjóri eða hafnarnefnd.

Lægsta vörugjald í öllum flokkum er 1 króna.

Allir bátar eða skip, sem leggja upp afla sinn í Þorlákshöfn, greiði 1% af söluverði afla upp úr sjó, sem landað er á hafnarvæðinu, að síld undanskilinni.

Af síld skulu sömu bátar og skip greiða kr. 0.70 af hverri tunnu, sem landað er á hafnarvæðinu.

Gjald þetta skal kræft þegar eftir löndun aflans.

5. Ýmis gjöld til hafnarinnar.

29. gr.

Fyrir uppsátur skipa og báta greiðist árgjald, miðað við brúttóstærð, sem hér segir: Allt að 5 smálestum 10 krónur, 6—12 smálesta 25 krónur, 13—50 smálesta 50 krónur, stærri skipa 100 krónur.

30. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

31. gr.

Fyrir kjölfestu greiðist gjald, sem hafnarstjóri ákveður í hvert sinn.

32. gr.

Utanbæjarbátar — minni en 12 smálestir brúttó — greiða hafnargjald, bryggjugjald og ljósgjald 10 krónur í hvert skipti, sem þeir koma til hafnar, eða 50 krónur í eitt skipti fyrir öll á ári.

Bátar, sem eiga heima í Þorlákshöfn, greiða 30 króna árlegt gjald.

Undanþegir þessi gjaldi eru bátar, sem aðeins eru hafðir í ferðir til heimilisþarfa.

VIII. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

33. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

34. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu lestagjalds, bryggjugjalds, vitagjalds, fjörugjalds og kjölfestugjalds. Ef enginn skipstjóri eða formaður er á skipinu, ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu gjaldanna, svo og annarra gjalda, sem skipinu ber að greiða.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt á skipinu, unz gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti sem ekki eru í reglugerð þessari ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldunum, skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni.

Gjalddagi þeirra gjalda, sem greiðast eiga einu sinni á ári, er 1. júlí.

35. gr.

83

Vörugjald af vörum, sem koma eiga til hafnarinnar, fellur í gjalddaga þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip.

15. apríl

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

36. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

37. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum.

Ef samningum verður ekki komið við um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðast af tveimur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð var lokið. Yfirmat skal fara fram af fjórum óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni hefur ekki verið breytt meira honum í vil en sem svarar 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

38. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarstjóri tekur gilda.

39. gr.

Enginn skipstjóri má vænta þess, að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá lögreglustjóra, nema hann sanni, að hann hafi borgað gjöld þau, er innheimtumaður hafnarinnar á að innheimta, svo og sektir og skaðabætur, sem honum ber að greiða.

40. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki í skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans samkvæmt 10. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

41. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggj við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Þorlákshafnar.

42. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

15. apríl **83** Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 15. apríl 1952.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

16. apríl **84**

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Grindavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Grindavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.87 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 70 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 7.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 3.00 á ári af fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 47 aura hverja kwst. Auk þessa skal greiða fastagjald kr. 6.50 á mánuði af einu herbergi hvernar íbúðar og kr. 4.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem eru ætluð til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli kr. 1.00 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds, frá kr. 200.00 til kr. 235.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar, ef uppsett rafvélaafl fastra véla er yfir 20 kw., um kwst.mæli á 30 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 kwst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 22 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 8 aura hver kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar.

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra; þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og

kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, 84
er gilda um leigu mæla.

- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

16. apríl

Alla raforku, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 2.50 á mánuði.
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni	— 4.00 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 100 amp.	— 9.00 — —
4. — þrífasa mælum yfir 200 amp.	— 13.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveitu, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

1. Grunnjald fyrir hverja loftlínuheimtaug kr. 800.00
2. Grunnjald fyrir hverja jarðlínuheimtaug — 1000.00

Auk þessa grunnjalds skal greiða kr. 12.00 af hverju þúsundi króna af brunabótamati húss og annarra mannvirkja. Hálfu þúsundi eða minna í brunabótamati skal sleppa í útreikningi þessum, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri eða hreppsnefnd samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar heimtaugaruppsetningu er lokið, eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt. Greiði húseigandi áætlaðan helming heimtaugargjaldsins um leið og heimtaugaruppsetningu er lokið, er heimilt að veita honum gjaldfrest í allt að 12 mánuði.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal húseigandi greiða að fullu kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 20 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrir en notandinn hefur greitt 20 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

84

16. apríl

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 23. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að ganga í gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Grindavíkur, nr. 32 21. febrúar 1949.

Atvinnumálaráðuneytið, 16. apríl 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

85

17. apríl

Staðfesting handhafa forsetavaldsins á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Páls Sveinssonar, yfirkennara“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 17. apríl 1952.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Páls Sveinssonar, yfirkennara.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Páls Sveinssonar, yfirkennara. Hann er eign Menntaskólans í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að verðlauna þá nemendur skólans, sem skara fram úr öðrum um þrúðmennsku og stundvísi að dómi skólastjórnar.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10385.00, sem nemendur Páls Sveinssonar og aðrir vinir sendu skólanum að honum látnum. Gjafafé, sem sjóðnum kann að áskotnast, skal leggja við höfuðstól, en auk þess fjórðung ársvaxta. Höfuðstól skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands eða verðbréfum, sem ríkið ábyrgist.

4. gr.

Þrem fjórðu hlutum ársvaxta skal verja til verðlauna. Skólastjórn ákveður í lok hvers skólaárs, hver hljóta skuli verðlaun, og afhendir rektor þau við skólauppsögn. Tvönn verðlaun, að minnsta kosti, skulu veitt fyrst um sinn, en fleiri, þegar sjóðurinn hefur eflzt til muna. Verðlaunum skal fylgja skrautprentað skjal, undirritað af rektor.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Rektor skólans hefur með höndum reikningshald og birtir reikninga í skólaskýrslum. Endurskoðun skal vera með sama hætti sem annarra sjóða undir stjórn rektors.

6. gr.

Sjóðurinn tekur þegar til starfa.

REGLUGERÐ

86

17. apríl

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Raufarhöfn, nr. 65 29. apríl 1941.

1. gr.

V. kafli reglugerðarinnar orðist svo:

Um lesta- og ljósagjald.

11. gr.

Öll skip, er leggjast við festar innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar getur, skulu greiða hafnargjald sem hér segir:

- a. Skip 8 smálesta og stærri, sem eru skrásett á Raufarhöfn og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða hafnargjald einu sinni á ári, 150 aura fyrir hverja smálest.
- b. Innlend veiðiskip greiði 40 aura fyrir hverja smálest, í hvert skipti er þau koma til hafnar, þó aldrei minna en 6 krónur.
- c. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, skulu greiða 60 aura fyrir hverja smálest. Þó er hafnarnefnd heimilt að lækka gjald þetta, eða fella burt, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Strandferðaskip ríkisins greiða aðeins 40 aura af smálest.

Undanþegin gjaldi þessu eru þó herskip, varðskip, björgunarskip, skemmtiskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, og skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda.

- d. Liggi skip lengur en 14 daga á höfninni í einu, skal það greiða lestagjald að nýju fyrir hverja 14 daga eða brot úr þeim. Hafi skipið verið tekið á land til aðgerðar, telst sá tími ekki, sem það stóð uppi.

12. gr.

Öll skip, sem koma til hafnarinnar á tímabilinu frá 1. ágúst til 14. maí, skulu greiða ljósagjald, sem hér segir:

- a. Skip þau, er um getur í 11. gr., a-lið, 9 krónur á ári.
- b. Skip þau, er um getur í 11. gr., b-lið, 6 krónur á ári.
- c. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, greiði 3 aura fyrir hverja nettó smálest í hvert skipti, sem þau koma til hafnar, þó aldrei minna en 10 krónur. Undanþegin gjaldi þessu eru þau skip, sem undanþegin eru gjaldi samkvæmt 11. gr., c-lið.

2. gr.

17. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

V ö r u g j a l d s k r á .

A. Aðfluttar vörur:

1. flokkur. Gjald 45 aurar fyrir hver 100 kg:
Kol, salt og aðrar vörur, er reiknast eftir þyngd og ekki er tekið sérstakt vörugjald af eða undanþegnar eru vörugjaldi.
2. flokkur. Gjald 105 aurar af hverjum 100 kg:
Oliur og benzín.
3. flokkur. Gjald 15 aurar fyrir hverja tunnu:
Tómar tunnur, uppsettar eða í stöfum.

- 86 4. flokkur. Gjald 30 aurar fyrir hvert fat:
17. apríl Tóm föt, uppsett eða í stöfum.
5. flokkur. Gjald 6 aurar af hverju kg:
Kryddvörur.
6. flokkur. Gjald 3 aurar af hverju kg:
Sykur til kryddsöltunar.
7. flokkur. Gjald 6 aurar af hverju teningsfeti:
Allar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

B. Útfluttar vörur:

1. flokkur. 30 aurar fyrir hver 100 kg:
Saltfiskur.
2. flokkur. Gjald 30 aurar fyrir hver 100 kg:
Ísaður fiskur.
3. flokkur. Gjald 42 aurar fyrir hver 100 kg:
Frystur fiskur.
4. flokkur. Gjald 42 aurar fyrir hver 100 kg:
Síldarmjöl og fiskimjöl, lýsi og aðrar vörur, er reiknast eftir þyngd og ekki eru undanþegnar vörugjaldi.
5. flokkur. Gjald 45 aurar fyrir hverja tunnu:
Saltsíld.
6. flokkur. Gjald 90 aurar fyrir hverja tunnu:
Kryddsíld, sykursöltuð eða flött.
7. flokkur. Gjald 6 aurar af hverju teningsfeti:
Vörur, er reiknast eftir rúmmáli.
8. flokkur. Gjald 30 aurar af hverri sauðkind.
9. flokkur. Gjald 3 krónur fyrir hvern stórgrip.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast gildi nú þegar, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 17. apríl 1952.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

Staðfesting handhafa forsetavaldsins á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð 87 Jóns Þorlákssonar, verkfræðings, til styrktar verkfræðinemum við Háskóla Íslands eða til framhaldsnáms þeirra við annan háskóla“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. apríl 1952.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóns Þorlákssonar, verkfræðings, til styrktar verkfræðinemum við Háskóla Íslands eða til framhaldsnáms þeirra við annan háskóla.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jóns Þorlákssonar, verkfræðings, til styrktar verkfræðinemum við Háskóla Íslands eða til framhaldsnáms þeirra við annan háskóla.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af ekkju Jóns Þorlákssonar, verkfræðings, frú Ingi-björgu Claessen Þorláksson, og kjördætrum þeirra, frú Önnu Margréti Hjartarson og frú Elínu Kristínu Halldórsson, á sjöttu og fimm ára afmæli Jóns Þorlákssonar, verkfræðings, 3. marz 1952.

Stofnfé sjóðsins er kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krónur —.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

Stendur hann nú í skuldabréfi, tryggðu með veði í húseigninni nr. 14 við Austurstræti í Reykjavík, en skal, eftir því sem það bréf greiðist niður, ávaxtaður í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, í ríkistryggðum skuldabréfum eða á annan hátt eftir ákvörðun sjóðstjórnarinnar.

Höfuðstólinn skal auka með því að leggja við hann árlega hluta af vöxtunum, svo sem greint verður hér á eftir, svo og með gjöfum og áheitum og á annan hátt, eftir því sem sjóðstjórnin ákveður.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja stúdenta til náms við verkfræðideild Háskóla Íslands eða til framhaldsnáms þeirra við annan háskóla, einkum þá er að dugnaði og reglusemi skara fram úr öðrum, og skulu fyrstu árin að öðru jöfnu ganga fyrir stúdentar ættaðir úr Húnavatns og Skagafjarðar sýslum.

5. gr.

Verja skal árlega til styrkveitinga samkv. 4. gr. tveimur þriðju af vöxtum sjóðsins. Mismunurinn leggst við höfuðstólinn á hverjum tíma. Þó skal riflegri styrkur veittur á tugsafmælum Jóns Þorlákssonar og á aldarafmæli hans skal verja ársvöxtum sjóðsins til styrkveitinga. Svo skal sjóðstjórninni, ef henni þykir henta, heimilt að draga saman handbært styrktarfé tveggja ára í senn, þannig að eitt ár sé enginn styrkur veittur, en hið næsta sé ráðstafað styrktarfé tveggja ára.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa rektor Háskóla Íslands, sem skal vera formaður stjórnarinnar, forseti Verkfræðideildar Háskóla Íslands og Geir G. Zoëga, vegamálastjóri, meðan hans nýtur við, en síðan formaður Verkfræðingafélags Íslands.

87

18. apríl

Stjórnin annast ávöxtun sjóðsins og setur sér að öðru leyti starfsreglur, eftir því sem henni þurfa þykir. Enn fremur annast hún um úthlutun styrkja úr sjóðnum eftir þeim reglum, er hér á undan greinir. Skal árleg úthlutun úr sjóðnum fram fara á afmælisdegi Jóns Þorlákssonar, verkfræðings, 3. marz.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda fundarbók og færa í hana skipulagsskrá sjóðsins, úthlutun styrkja úr sjóðnum og aðrar fundarsamþykktir, svo og annað það, er varðar hag og rekstur sjóðsins. Enn fremur skal stjórnin halda sérstaka bók yfir hag og rekstur sjóðsins.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal stjórnin hafa lokið ársreikningi hverju sinni eigi síðar en 1. febrúar. Sendir hún síðan reikninginn til endurskoðunar og skal endurskoðun framkvæmd af mönnum kjörnum af háskólaráði. Að lokinni endurskoðun skal reikningur sjóðsins árlega birtur í árbók háskólans eða í B-deild Stjórnartíðinda.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skal hún síðan prentuð í B-deild Stjórnartíðinda.

Reykjavík, 12. apríl 1952.

Ingibjörg Claessen Þorláksson.

Anna M. Hjartarson.

Elín K. Halldórsson.

88

19. apríl

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Neskaupstaðar, nr. 66 22. júní 1937.

1. gr. orðist svo:

1. gr.

Þæjarsjóður hefur einkasölu á vatni til hverra þarfa sem er, á því svæði kaupstaðarins, sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt, svo og á höfn hans.

4. gr. orðist svo:

2. gr.

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, öðrum en geymsluhúsum, sem ekkert vatn nota. Skal hann ákveðinn í gjaldskrá og miðaður við fasteignaverð húseigna. Aukagjald má leggja á þá, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa, og á þá, sem hafa vatnshana utanhúss. Skip, sem taka vatn úr vatnsveitu kaupstaðarins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna samkvæmt gjaldskrá.

5. gr. orðist svo:

3. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. júní ár hvert.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. apríl 1952.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

89

21. apríl

um breyting á reglugerð um fasteignaskatt í Neskaupstað, nr. 64 5. maí 1939.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

- a. Af húseignum, hafskipabryggjum, geymslubryggjum, oliu- og benzíngeymum, skal greiða 1%.
- b. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum, skal greiða 2%. Af sérstaklega útmældum túnnum og görðum greiðist ekkert gjald.
- c. Af bryggjum, þerrireitum, húsum og lóðum, sem eingöngu eru notuð til útgerðar eða landbúnaðar skal greiða 0,2%.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 67 1945, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. apríl 1952.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

GJALDSKRÁ

90

22. apríl

fyrir vatnsveitu Neskaupstaðar.

Vatnsskattur skal vera sem hér segir:

1. Af húseignum skal greiða í vatnsskatt 1% af fasteignamatsverði, þó þannig, að lægsta gjald af einbýlishúsi skal vera kr. 100.00 og af íbúðarhúsi með tveim íbúðum eða fleiri skal lægsta gjald vera kr. 75.00 af íbúð.
2. Fyrir vatn til skipa skal greiða kr. 8.00 fyrir smálest, þó aldrei lægra en kr. 20.00.
3. Fyrir vatn til saltfiskþvottar skal greiða 1 krónu fyrir hverja smálest af fiski.
4. Fyrir fiskþvott á bryggju greiðist 50 aurar fyrir hvert tonn af slægðum fiski með haus.
5. Fyrir vatn í síldarpækil og til síldarfrystingar greiðist 50 aurar fyrir hverja tunnu síldar.
6. Fyrir vatn til ísframleiðslu greiðist kr. 2.00 fyrir hvert tonn af framleiddum ís.
7. Fyrir bifreiðar, árlegt gjald:
 - a. Fyrir vörubifreiðar kr. 50.00.
 - b. Fyrir aðrar bifreiðar kr. 30.00.
8. Fyrir hraðfryst fiskflök greiðist kr. 2.00 fyrir hvert tonn frystra flaka.
9. Þar sem vatnsnotkun er mikil heimilast bæjarstjórn að krefjast greiðslu samkvæmt vatnsmælum, og skal þá greiða kr. 1.00 fyrir hverja smálest upp að 1000 árlegrar notkunar, en 50 aura fyrir hverja smálest, sem umfram er, enda verði þá ekki innheimtur vatnsskattur samkvæmt tölulíð 3—8 jafnframt.
10. Fyrir aðra notkun á vatni ákveður bæjarstjórnin gjaldið þegar ástæða þykir til. Gjöld þessi getur bæjarstjórn hækkað eða lækkað um allt að 50%.

90 Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar, stað-
22. apríl festist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947,
um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftir-
breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir vatnsveitu Neskaupstaðar, nr. 67
22. júní 1937.

Félagsmálaráðuneytið, 22. apríl 1952.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

91

22. apríl

REGLUGERÐ

um launakjör á símsstöðvum og póstafrgreiðslum.

1. gr.

Samkvæmt 21. gr. laga nr. 60 12. marz 1945, um laun starfsmanna ríkisins, og
8. gr. laga nr. 8 9. jan. 1935, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um launakjör á
símsstöðvum og póstafrgreiðslum.

2. gr.

Starfsmenn við póstafrgreiðslustörf á Akureyri, Ísafirði, Siglufirði, Seyðisfirði
og Vestmannaeyjum njóta sömu launakjara og starfsmenn póststofunnar í Reykja-
vík. Póst- og símamálastjórnin ákveður starfsmannafjölda á ofangreindum stöðv-
um og flokkun þeirra samkvæmt lögum um laun starfsmanna ríkisins.

3. gr.

Árslaun síma- og póstafrgreiðslumanna á eftirtöldum stöðum séu sem hér segir:
Kr. 25 200.00: Síma- og póstafrgreiðslumenn: Akranesi, Keflavík, Neskaupstað
og Selfossi.

4. gr.

Árslaun síma- og póstafrgreiðslumanna á eftirtöldum stöðum séu sem hér segir:
1. Kr. 23 400.00: Síma- og póstafrgreiðslumenn: Blönduósi, Borgarnesi, Eski-
firði, Reyðarfirði og Stykkishólmi. Símsstjórar: Húsavík, Höfn, Patreksfirði og
Sauðárkróki.

2. Kr. 21 600.00: Síma- og póstafrgreiðslumaður Egilsstöðum. Póstafrgreiðslu-
menn: Hafnarfirði, Húsavík og Sauðárkróki.

5. gr.

Árslaun síma- og póstafrgreiðslumanna á eftirtöldum stöðum séu sem hér segir:
1. Kr. 19 800.00: Síma- og póstafrgreiðslumenn: Dalvík og Ólafsfirði.

2. Kr. 18 000.00: Síma- og póstafrgreiðslumenn: Bildudal, Bolungavík, Brúar-
landi, Búðardal, Djúpuvík, Eyrarbakka, Fáskrúðsfirði, Gerðum, Grindavík, Hjalt-
eyri, Hrisey, Hveragerði, Hvolsvelli, Raufarhöfn, Sandgerði, Skagaströnd, Stokks-
eyri, Suðureyri, Vopnafirði, Þingeyri og Þórshöfn. Símsstjórar: Flateyri, Hólmavík,
Hvammstanga, Ólafsvík, Sauðárkróki og Vík í Mýrdal. Póstafrgreiðslumaður Patreks-
firði.

Launin samkvæmt 3., 4. og 5. gr. eru miðuð við það, að hlutaðeigandi símsstjórar
og póstafrgreiðslumenn vinni fyrir stofnunina fullkomið eins manns verk. Geti þeir
það eigi sjálfir af einhverjum ástæðum, ber þeim að greiða af eigin launum því

aðstoðarfólki, sem þeir taka þess vegna. Eigi skal þeim heldur greitt fyrir aðstoð 91
vegna starfs, sem greitt er fyrir sérstaklega, svo sem innheimtustarfa o. fl. Ef 22. apríl
þóknun fyrir störf vegna orlofslaganna fer yfir 1000.00 kr. á ári, greiðist það, sem
umfram er, stofnuninni. Gildir þetta jafnt fyrir alla póstafræiðslumenn í 3., 4., 5.
og 6. gr.

6. gr.

Síma- og póstafræiðslumenn á eftirtöldum stöðum hafa árslaun að meðtalinni
aðstoð sem hér segir:

1. Kr. 16 200.00: Síma- og póstafræiðslumenn: Hofsósi, Kirkjubæjarklaustri,
Kópaskeri, Laugarvatni og Sandi.

2. Kr. 14 400.00: Símsjórninn Krossum í Eyjafirði. Póstafræiðslumaðurinn
Hvammstanga.

3. Kr. 12 600.00: Síma- og póstafræiðslumenn: Borgarfirði, Grafarnesi og Súða-
vík. Póstafræiðslumenn: Flateyri, Hólmavík og Ólafsvík.

4. Kr. 10 800.00: Síma- og póstafræiðslumenn: Breiðdalsvík, Drangnesi, Eiðum,
Króksfjarðarnesi og Stöðvarfirði. Símsjórnar: Breiðumýri og Djúpavogi.

5. Kr. 9 000.00: Síma- og póstafræiðslumenn: Flatey á Breiðafirði, Fosshóli,
Reykholti, Skógum í Fnjóskadal, Svignaskarði og Grenjaðarstað. Símsjórnar: Hábae
í Vogum, Meiri-Tungu og Skútustöðum. Póstafræiðslumenn: Einarstöðum og Vík
í Mýrdal.

6. Kr. 7 200.00: Síma- og póstafræiðslumenn: Bakkafirði, Grenivík, Höfnum,
Svalbarðseyri, Torfastöðum, Varmahlíð í Skagafirði. Símsjórnar: Haganesvík og
Munkaþverá.

7. Kr. 6 300.00: Síma- og póstafræiðslumenn: Ási í Vatnsdal, Bólstaðarhlíð
og Minniborg. Símsjórninn í Ásgarði í Grímsnesi.

8. Kr. 5 400.00: Síma- og póstafræiðslumenn: Arnarstapa á Mýrum, Arngerð-
areyri, Ásgarði í Dölum, Fossvöllum, Gaulverjabæ, Síðumúla, Skarði í Lundar-
reykjadal, Skarðshlíð og Staðarfelli. Símsjórnar: Bessastöðum, Eyrarkoti, Galtafelli,
Hjarðarfelli, Hnausum, Hvanneyri, Mælifelli, Varmahlíð undir Eyjafjöllum og Þing-
völlum. Póstafræiðslumenn: Djúpavogi og Haganesvík.

9. Kr. 3 600.00: Síma- og póstafræiðslumenn: Ásum í Gnúpverjahreppi, Hólum
í Nesjahreppi, Miklabæ og Hallormsstað. Póstafræiðslumaðurinn í Mjóafirði.

7. gr.

Þeir símsjórnar og póstafræiðslumenn, sem laun taka samkvæmt 3. og 4. gr. í
þessari reglugerð, svo og fastráðnar starfsstúlkur á þeim stöðum, sem taldir eru í
3. gr., hafa sömu réttindi og skyldur sem aðrir starfsmenn pósts og síma.

Forstöðumönnum annarra símsstöðva og póstafræiðslna skal greiða orlofsfé
sérstaklega. Greiðsla fyrir aðstoð vegna forfalla telst innifalin í laununum. Þó er
póst- og símamálastjórninni heimilt að bæta forstöðumönnum á þessum stöðum
ef sérstök veikindi bera að höndum. Póst- og símamálastjórnin setur nánari ákvæði
um rekstur símsstöðva og póstafræiðslna.

8. gr.

Á póstafræiðslum og símsstöðvum, þar sem eru ein eða fleiri starfsstúlkur auk
forstöðumanns, skulu þær ráðnar af póst- og símamálastjórninni að fengnum til-
lögum forstöðumanns, og ákveður póst- og símamálastjórnin fjölda þeirra á hverj-
um stað.

Byrjunarlaun þessara stúlkna skulu vera kr. 10 800.00 á ári og hækka um kr.
900.00 á ári í 5 ár upp í kr. 15 300.00.

91

22. apríl

9. gr.

Húsaleigu, ljós, hita og ræstingu vegna reksturs póstafréiðslna og 1. fl. B. og 2. fl. símsstöðva greiðir stofnunin, og skal yfirs kattane fnd í hverju héraði meta þessar greiðslur árlega fyrir byrjun þess árs, sem þær gilda fyrir. Á þeim stöðvum, þar sem símsstjórar og póstafréiðslumenn hafa húsnaði til íbúðar í húseignum pósts og síma, skal það á sama hátt metið af yfirs kattane fnd og dregið frá launum mánaðarlega. Ljós og hita greiði þeir hlutfallslega við póst og síma.

Mati yfirs kattane fndar má skjóta til ríkiss kattane fndar.

10. gr.

Dóknun fyrir rekstur 3. flokks símsstöðva sé sem hér segir:

1. Föst ársþóknun, er nemi:

a. Til stöðva, sem hafa	150—400	útf. afgr.	kr. 360.00
b. — — — —	401—1000	— —	— 720.00
c. — — — —	1001—1800	— —	— 1080.00
d. — — — —	yfir 1800	— —	— 1440.00

miðað við afgreiðslufjölda næstliðins árs.

2. 105 aurar fyrir hvert útfarið viðtalsbil í símtölum og hvert útfarið símskeyti (önnur en þjónustu- og veðurskeyti).

3. Fyrir hvern símnotanda kr. 36.00 á ári miðað við 1. júlí.

11. gr.

Þar sem símsstöðvar eru á gisti- og veitingastöðum getur póst- og símamála- stjórnin krafizt þess, að þær stofnanir taki þátt í kostnaði við rekstur stöðvanna.

12. gr.

Á launagreiðslur samkvæmt reglugerð þessari greiðast uppþætur eftir sömu reglum og á laun opinberra starfsmanna.

13. gr.

Þriðja hvert ár skal endurskoða reglugerð þessa.

Ef breyting verður á rekstrarskilyrðum og afgreiðslu símsstöðvar eða póstafréiðslu vegna sameiningar pósts og síma eða færslu milli flokka, á milli þess sem endurskoðun fer fram, skal henni um leið skipað í nýjan launaflokk.

Endurskoðun reglugerðar þessarar skal framkvæmd af þriggja manna nefnd, er ráðherra skipar, og sé einn þeirra tilnefndur af BSRB.

Við aukaendurskoðun samkvæmt 2. mgr. greinar þessarar, skal kveðja til þann fulltrúa endurskoðunarnefndar, sem BSRB hefur tilnefnt.

14. gr.

Reglugerð þessi gildir frá 1. apríl 1952, og fellur þá úr gildi reglugerð um sama efni frá 6. júlí 1949.

Póst- og símamálaráðherrann, 22. apríl 1952.

Björn Ólafsson.

Guðmundur Hliðdal.

REGLUGERÐ

fyrir Vinnumiðlunarskrifstofu Hafnarfjarðarbæjar.

92

30. apríl

1. gr.

Vinnumiðlunarskrifstofa Hafnarfjarðarbæjar annast vinnumiðlun í Hafnarfirði.

2. gr.

Hlutverk Vinnumiðlunarskrifstofunnar er:

1. að veita verkamönnum og atvinnurekendum endurgjaldslausla milligöngu um vinnusölu og vinnukaup;
2. að miðla vinnu milli bæjarbúa eftir því, sem unnt er;
3. að úthluta vinnu þeirri, sem kostuð er af bæjarsjóði og ríkissjóði til atvinnubóta, svo og annarri vinnu, sem ríki, bær eða opinberar stofnanir fela skrifstofunni að úthluta;
4. að fylgjast með atvinnuháttum, eftir því sem auðið er, og safna skýrslum og gögnum í því augnamiði;
5. að aðstoða við atvinnuleysisskráningar eftir lögum nr. 57 frá 7. maí 1928 og láta fara fram atvinnuleysisskráningar eftir fyrirmælum bæjarstjórnar eða félagsmálaráðherra eða stjórnar Vinnumiðlunarskrifstofunnar;
6. að veita opinberum stofnunum svo og verkalýðsfélögum innan Alþýðusambands Íslands og félögum atvinnurekenda upplýsingar um tölu atvinnulausra og hagi þeirra eftir því, sem unnt er;
7. að halda uppi sambandi við skrifstofur, sem annast vinnumiðlun í öðrum kaupstöðum, svo og sambandi við sveitir varðandi vinnumiðlun eftir því, sem við verður komið;
8. að inna af höndum þau störf, er skrifstofunni verða falin af bæjarstjórn, bæjarstjóra eða í lögum og reglugerðum.

3. gr.

Allir þeir, sem hafa með höndum fastan atvinnurekstur í Hafnarfirði með aðkeyptu vinnuafli verkamanna, skulu eigi sjaldnar en mánaðarlega senda Vinnumiðlunarskrifstofunni afrit af kaupgjaldsskrám sínum, enda séu þær þannig útbúnar, að auðvelt sé að sjá af þeim, hve mikil upphæð hefur verið greidd í vinnulaun hverjum einstökum manni á þeim tíma, sem skráin nær yfir.

Vinnumiðlunarskrifstofan skal, að fengnum tillögum Vinnuveitendasambands Íslands, láta útbúa eyðublöð fyrir þessar kaupgjaldsskrár, og skulu þau afhent atvinnurekendum ókeypis.

4. gr.

Á Vinnumiðlunarskrifstofunni skulu haldnar bækur og gerðar skýrslur sem hér segir:

1. Spjaldskrár með upplýsingum um atvinnugrein, ómagafjölda og heimili allra atvinnulausra manna, er leita aðstoðar skrifstofunnar, og aðrar þær upplýsingar, er hún telur nauðsynlegar;
2. bók eða skýrslur um alla atvinnulausa menn, er mæta við hinar lögboðnu atvinnuleysisskráningar eða á skrifstofunni. Þar skal færa að minnsta kosti á hverjum ársfjórðungi nákvæmar upplýsingar um eignir, atvinnu, ómagafjölda og aðra afkomu mannsins, svo að fljótlega megi fá glögg yfirlit yfir möguleika hans til sjálfsbjargar;

- 92 3. bók, sem í er færð daglega tala og atvinnugrein þeirra manna, er koma á skrifstofuna í atvinnuleit;
30. apríl 4. bók eða skýrsla, sem í eru færðar allar ráðningar í vinnu, sem fram hafa farið að tilhlutun skrifstofunnar, enn fremur nöfn vinnukaupenda og vinnuseljenda, svo og upplýsingar um hvar vinnan sé, til hve langs tíma og fyrir hvaða kaup.

5. gr.

Stjórn Vinnumiðlunarskrifstofunnar skipa fimm menn, þrjú þeirra skulu kjörnir af bæjarstjórn Hafnarfjarðar með hlutfallskosningu, einn skal tilnefndur af fulltrúaráði verkalýðsfélaganna í Hafnarfirði og einn af samtökum atvinnurekenda í Hafnarfirði. Varamenn skulu vera jafnmargir og valdir af sömu aðilum.

Nú kýs eigi annar hvor eða hvorugur þeirra aðilja, er síðast voru taldir, fulltrúa í stjórn Vinnumiðlunarskrifstofunnar innan 15 daga frá því að þeir fá tilkynningu um að gera það, þá skal bæjarstjórn Hafnarfjarðar á næsta fundi sínum þar á eftir, kjósa fulltrúa til viðbótar í stjórnina, svo að hún verði jafnan skipuð fimm mönnum.

Kjörtímabil stjórnarmanna og varamanna er fjögur ár. Stjórnin kýs sér sjálf formann, varaformann og ritara til eins árs í senn. Laun stjórnarmanna skulu vera kr. 1000.00 á ári.

6. gr.

Stjórn Vinnumiðlunarskrifstofunnar skal halda fund að minnsta kosti einu sinni í mánuði og taka þá til athugunar skýrslur skrifstofunnar. Að öðru leyti boðar formaður stjórnina svo oft á fund, sem honum þykir þurfa, eða ef tveir úr stjórninni óska þess eða forstöðumaður fer þess á leit.

Forstöðumaður situr að jafnaði fundi stjórnarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

7. gr.

Stjórn Vinnumiðlunarskrifstofunnar ræður forstöðumann stofnunarinnar, svo og aðra starfsmenn, eftir því, sem þurfa þykir og bæjarstjórn samþykkir, setur þeim starfsreglur og hefur umsjón með störfum þeirra og rekstri stofunnar yfirleitt.

8. gr.

Forstöðumaður Vinnumiðlunarskrifstofunnar annast fjárreiður hennar undir eftirliti stjórnar Vinnumiðlunarskrifstofunnar.

Fastir starfsmenn skrifstofunnar og stjórn hennar fá laun sín greidd hjá bæjargjaldkera. Hann greiðir og reikninga stofunnar, er þeir hafa verið samþykktir af forstöðumanni og uppáskriðir af bæjarstjóra.

Reikningar Vinnumiðlunarskrifstofunnar skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar Hafnarfjarðarkaupstaðar.

9. gr.

Um laun forstöðumanns Vinnumiðlunarskrifstofunnar fer eftir samþykkt um laun fastra starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar, eftir ákvörðun bæjarstjórnar hverju sinni.

Hann hefur sömu skyldur og réttindi og aðrir fastir starfsmenn bæjarins.

10. gr.

Allur kostnaður, sem leiðir af framkvæmd reglugerðar þessarar, greiðist úr bæjarsjóði Hafnarfjarðarkaupstaðar, með þeim takmörkunum þó, sem um ræðir í 8. gr. laga nr. 41 15. marz 1951, um vinnumiðlun.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samið og samþykkt sam- 92
kvæmt lögum nr. 41 15. marz 1951, um vinnumiðlun, staðfestist hér með til þess að 30. apríl
öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. apríl 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Jónas Guðmundsson.

Staðfesting handhafa forsetavaldsins á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð 93
Árnesinga“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. maí 5. maí
1952. — Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Árnesinga.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður við lát síra Árna Sigurðssonar frikirkjuprests, sem var Árnesingur að ætt og uppruna, og er stofnféð gjafir þær, er söfnuðust til minningar um hann látinn.

2. gr.

Árnesingafélagið í Reykjavík, er hafði frumkvæði að sjóðstofnun þessari, ákvað þá þegar, að sjóðurinn skyldi efldur með minningargjöfum um látna Árnesinga og heita Minningarsjóður Árnesinga. Stofnfé sjóðsins er kr. 5685.00.

3. gr.

Þegar sjóðurinn hefur aukizt svo sem síðar segir, skal honum varið til styrktar fátækum, efnilegum námsmönnum úr Árnessýslu, hvort sem þeir stunda nám sitt innan héraðs síns eða utan.

4. gr.

Þegar fjárhæð minningarsjóðsins nemur kr. 25000 — tuttugu og fimm þúsund krónum —, heimilast stjórn sjóðsins að greiða $\frac{3}{5}$ hluta af vöxtum hans í styrk til 1—3 nemenda árlega, og eftir að sjóðurinn er orðinn kr. 100 000, þá alla vexti hans. Veita má sama nemanda styrk úr sjóðnum allt að þremur árum, eftir því sem námi hans og efnahag er háttað.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra valinn af sýslunefnd Árnessýslu, annar af Árnesingafélaginu í Reykjavík, en hinn þriðji tilnefndur af menntamálaráðherra, og skal hann vera formaður sjóðstjórnarinnar.

6. gr.

Verkefni stjórnarinnar skulu vera að varðveita sjóðinn hverju sinni á sem tryggilegastan og hagkvæmastan hátt og ákveða, hverjir skuli njóta styrks úr honum, er til þess kemur. Stjórnin lætur gera minningarspjöld, er minningargjafir til sjóðsins eru skráðar á, svo sem venja er til, og hefur þau til afhendingar á hæfilega mörgum stöðum. Enn fremur heldur stjórnin gerðabók og reikningabók fyrir fundargerðir sínar og fjárreiður sjóðsins. Í reikningabókina skulu færð nöfn allra þeirra, sem minningargjafir hafa verið gefnar um. Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram endurskoðaðir á aðalfundi Árnesingafélagsins í Reykjavík.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forsetans á skipulagsskrá þessari.

VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað

frá 16. maímánaðar 1952 til jafnlengdar 1953.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>A. Fríður peningur.</i>						
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. á	2300	00	2300	00	1917
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	250	00	1500	00	1250
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti hver á	»	»	»	»	»
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti hver á	»	»	»	»	»
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti hver á	»	»	»	»	»
6.	— 8 ær geldar á hausti hver á	182	73	1461	84	1218
7.	— 10 ær mylkar á hausti hver á	96	18	961	80	802
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	1362	50	1362	50	1135
9.	— 1½ hryssu, á sama aldri hver á	1261	11	1681	48	1401
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>						
10.	1 hndr., 120 pd. af hvíttri ullu, vel þveginni .. pd. á	12	09	1450	80	1209
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni pd. á	9	73	1167	60	973
12.	— 120 pd. af smjóri, vel verkuðu pd. á	19	04	2284	80	1904
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri pd. á	6	42	770	40	642
<i>C. Tóvara af ullu.</i>						
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvetlinga parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispesur hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpesur hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
<i>D. Fiskur.</i>						
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum .. vættin á	132	50	795	00	662
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum vættin á	»	»	»	»	»

		Í peningum		Hundrað á		Alin			
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.			
E. Lýsi.									
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis	8	pottar	á	»	»	»		
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis	8	pottar	á	»	»	»		
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis	8	pottar	á	»	»	»		
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis	8	pottar	á	»	»	»		
F. Skinnavara.									
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns	10	pund	á	18	50	74	00	62
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns	10	pund	á	18	72	112	32	94
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns	10	pund	á	15	06	90	36	75
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri	10	pund	á	»	»	»	»	»
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám	10	pund	á	»	»	»	»	»
36.	— 6 fjórðungar selskinns	10	pund	á	»	»	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit		hvert	á	»	»	»	»	»
G. Ýmislegt.									
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum ..		pundið	á	»	»	»	»	»
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum		pundið	á	»	»	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri		10	pund	á	»	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösom		10	pund	á	»	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir		á		101	33	»	»	2027
43.	— 1 lambsfóður		á		92	73	»	»	1855
Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:									
	Eftir A. eða í friðu	1544	60	1287					
	kr. 2 282 186.06

Rekstrarreikningur veðdeildar Búnaðarbanka Íslands 1951.

Tekjur:

1. Vextir af lánum	kr. 92 877.26
2. Lántökugjald	— 4 095.00
3. Vextir af verðbréfum	— 53.00
	kr. 97 025.26

Gjöld:

1. Rekstrarkostnaður	kr. 45 000.00
2. Vextir	— 36 146.25
3. Til varasjóðs	— 15 879.01
	kr. 97 025.26

Efnahagsreikningur Ræktunarsjóðs Íslands 31. desember 1951.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:		
4% Þjóðjarðasölulán	kr. 8 830.68	
4½% lán í 1. flokki	— 94 928.13	
4½% lán í 3. flokki	— 270 851.48	
4½% lán í 4. flokki	— 394 909.53	
2½% lán í 5. flokki	— 26 187 703.08	
		kr. 26 957 222.90

119	2. Verðbréf	kr. 1 320 000.00
	3. Ýmsir skuldunautar	— 152 000.00
	4. Óinnheimtir vextir	— 100 000.00
	5. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	— 3 401 582.21

Kr. 31 930 805.11

Skuldir:

1. Ríkissjóður	kr. 24 387 445.44
2. Höfuðstóll	— 7 543 359.67

Kr. 31 930 805.11

Rekstrarreikningur Ræktunarsjóðs Íslands 1951.

Tekjur:

1. Vextir af lánum	kr. 458 867.38
2. Verðbréfavextir	— 44 772.50
3. Lántökugjald	— 104 383.00
4. Ríkissjóðstillag	— 500 000.00

Kr. 1 108 022.88

Gjöld:

1. Vextir	kr. 223 791.09
2. Kostnaður	— 158 899.20
3. Þátttaka í kostnaði teiknistofu	— 70 000.00
4. Til höfuðstóls	— 655 332.59

Kr. 1 108 022.88

Efnahagsreikningur Byggingarsjóðs 31. desember 1951.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:	
a. Endurhýsingarlán, 1. flokkur	kr. 1 976 576.92
b. Nýbýlalán á ræktuðu landi	— 98 997.51
c. Nýbýlalán á óræktuðu landi	— 56 211.00
d. Endurhýsingarlán, 2. flokkur	— 31 173 958.44
	<hr/>
	kr. 33 305 743.87
2. Verðbréf	— 862 518.07
3. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	— 1 265 896.88

Kr. 35 434 158.82

Skuldir:

1. Ríkissjóður	kr. 19 171 946.51
2. Ógreiddir áfallnir vextir	— 274 997.86
3. Höfuðstóll	— 15 987 214.45

Kr. 35 434 158.82

Rekstrarreikningur Byggingarsjóðs 1951.

119

Tekjur:

1. Lántökugjald	kr.	86 695.00
2. Vextir af lánum	—	634 917.07
3. Verðbréfavextir	—	29 411.64
4. Ríkissjóðstillag	—	2 500.000.00

 Kr. 3 251 023.71

Gjöld:

1. Rekstrarkostnaður	kr.	572 460.47
2. Þátttaka í kostnaði teiknistofu	—	144 297.28
3. Laun byggingafulltrúa	—	35 212.40
4. Vextir	—	296 285.81
5. Til höfuðstóls	—	2 202 767.75

 Kr. 3 251 023.71

Efnahagsreikningur Viðlagasjóðs 31. desember 1951.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum	kr.	233 685.00
2. Verðbréf	—	158 815.00
3. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	—	938 959.76

 Kr. 1 331 459.76

Skuldir:

Höfuðstóll	kr.	1 331 459.76
------------------	-----	--------------

 Kr. 1 331 459.76

Rekstrarreikningur Viðlagasjóðs 1951.

Tekjur:

1. Vextir af lánum	kr.	11 006.41
2. Verðbréfavextir	—	11 305.92

 Kr. 22 312.33

Gjöld:

1. Kostnaður	kr.	20 000.00
2. Til höfuðstóls	—	2 312.33

 Kr. 22 312.33

Efnahagsreikningur Smábýladeildar 31. desember 1951.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum	kr.	27 110.96
2. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	—	280 441.19

 Kr. 307 552.15

Skuldir:

Varasjóður	kr. 307 552.15
	<u>Kr. 307 552.15</u>

Rekstrarreikningur Smábýladeildar 1951.

Tekjur:

Vextir af lánum	kr. 1 434.32
	<u>Kr. 1 434.32</u>

Gjöld:

Til varasjóðs	kr. 1 434.32
	<u>Kr. 1 434.32</u>

Efnahagsreikningur Nýbýlasjóðs 31. desember 1951.

Eignir:

Skuldabréf fyrir lánum	kr. 696 084.30
	<u>Kr. 696 084.30</u>

Skuldir:

1. Búnaðarbanki Íslands	kr. 45 694.67
2. Nýbýlabréf í umferð	— 205 100.00
3. Varasjóður	— 445 289.63
	<u>Kr. 696 084.30</u>

Rekstrarreikningur Nýbýlasjóðs 1951.

Tekjur:

Vextir af lánum	kr. 29 926.89
	<u>Kr. 29 926.89</u>

Gjöld:

1. Kostnaður	kr. 2 238.77
2. Vaxtamiðar	— 12 930.50
3. Afskrifað tap	— 1 085.55
4. Til varasjóðs	— 13 672.07
	<u>Kr. 29 926.89</u>

Efnahagsreikningur Fóðurlánasjóðs 31. desember 1951.

Eignir:

Skuldabréf fyrir lánum	kr. 3 011 000.00
	<u>Kr. 3 011 000.00</u>

Skuldir:

Höfuðstóll	kr. 3 011 000.00
	<u>Kr. 3 011 000.00</u>

Reykjavík, 1. janúar 1952.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Hilmar Stefánsson.

Framanritaða reikninga Búnaðarbanka Íslands fyrir árið 1951 höfum við yfir- 119
farið og borið saman við bækur bankans og ekkert fundið við að athuga.

Reykjavík, 16. febr. 1952.

Guðmundur Tryggvason. Einar Gestsson.

Með tilvísun til ofanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda kvittar bankaráð
Búnaðarbanka Íslands fyrir reikninginn.

Reykjavík, 21. marz 1952.

Hermann Jónasson. Þorst. Þorsteinsson. Sigurjón Á. Ólafsson.

Efnahagsreikningur Kreppulánasjóðs bæjar og sveitar félaga 31. des. 1951.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum	kr. 207 934.02
2. Óinnheimtir vextir	— 37 000.00
3. Óinnheimt tillag úr ríkissjóði	— 5 210.00
	<hr/>
	Kr. 250 144.02

Skuldir:

Búnaðarbanka Íslands	kr. 250 144.02
	<hr/>
	Kr. 250 144.02

Rekstrarreikningur Kreppulánasjóðs bæjar og sveitar félaga 1951.

Tekjur:

1. Vextir af lánum	kr. 10 000.00
2. Ríkissjóðstillag	— 5 210.00
	<hr/>
	Kr. 15 210.00

Gjöld:

Vextir	kr. 15 210.00
	<hr/>
	Kr. 15 210.00

Reykjavík, 1. janúar 1952.

KREPPULÁNASJÓÐUR BÆJAR OG SVEITAR FÉLAGA

Hilmar Stefánsson.

Framanritaða reikninga Kreppulánasjóðs bæjar og sveitar félaga fyrir árið 1951
höfum við undirritaðir endurskoðað og borið saman við bækur sjóðsins og ekkert
fundið við að athuga.

Reykjavík, 16. febr. 1952.

Guðmundur Tryggvason. Einar Gestsson.

Með tilvísun til ofanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda kvittar bankaráð
Búnaðarbanka Íslands fyrir reikninginn.

Reykjavík, 21. marz 1952.

Hermann Jónasson. Þorst. Þorsteinsson. Sigurjón Á. Ólafsson.

119

Efnahagsreikningur Landnámssjóðs 31. desember 1951.

Eignir:

1. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	kr. 5 865 975.80
2. Stofnkostnaður nýbýlahverfa	— 2 962 629.08
3. Innanstokksmunir	— 13 317.77
4. Vélar og áhöld	— 498 459.61
5. Ýmsir skuldunautar	— 296 697.70
	<hr/>
	Kr. 9 637 079.96

Skuldir:

1. Ýmsir kröfuhafar	kr. 147 314.41
2. Óráðstafað til næsta árs	— 9 489 765.55
	<hr/>
	Kr. 9 637 079.96

Rekstrarreikningur Landnámssjóðs 1951.

Tekjur:

1. Tillag úr rikissjóði	kr. 2 500 000.00
2. Vextir	— 105 044.29
	<hr/>
	Kr. 2 605 044.29

Gjöld:

1. Kostnaður	kr. 162 177.53
2. Ferðakostnaður	— 40 288.34
3. Styrkveitingar samkv. lögum um landnám og nýbyggðir	— 879 514.88
4. Styrkveitingar samkv. bráðabirgðaákvæðum sömu laga	— 5 000.00
5. Óráðstafað til næsta árs	— 1 518 063.54
	<hr/>
	Kr. 2 605 044.29

Reykjavík, 1. janúar 1952.

Pálmi Einarsson,
landnámsstjóri.

Efnahags- og rekstrarreikningana höfum við yfirfarið og borið saman við bækur sjóðsins og fylgiskjöl og ekkert fundið athugavert við þá.

Reykjavík, 16. febrúar 1952.

Guðmundur Tryggvason. Einar Gestsson.

Með hliðsjón af ofanritaðri yfirlýsingu endurskoðenda kvittar nýbýlastjórn fyrir reikningana.

Reykjavík, 4. marz 1952.

Jón Pálmason. Haukur Jörundsson. Ásmundur Sigurðsson.
Jón Sigurðsson. Steingr. Steinþórsson.

Eftirlaunasjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands.

119

Yfirlit um tekjur og gjöld árið 1951 og efnahag 31. desember 1951.

Tekjur:

1. Eign 1. janúar 1951:			
a. Verðbréf	kr. 880 715.28		
b. Innstæða í sparisjóði Búnaðarbanka Íslands	— 73 998.63		
c. Óhafið tillag	75 000.00		
			kr. 1 029 713.91
2. Vextir	kr. 62 182.42		
3. Tillög bankans og sjóðsfélaga	— 163 438.50		
4. Viðbótartillag bankans	— 250 000.00		
			— 475 620.92
			Kr. 1 505 334.83

Gjöld:

1. Endurgreiðsla til sjóðsfélaga	kr. 1 771.64		
2. Greidd eftirlaun	— 10 608.80		
3. Eign í árslok:			
a. Verðbréf	kr. 1 116 124.10		
b. Innstæða í sparisjóði Búnaðarbanka Íslands	— 137 439.09		
c. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	— 239 391.20		
			— 1 492 954.39
			Kr. 1 505 334.83

REIKNINGUR

120

yfir tekjur og gjöld Styrktar jóðs Páls Jónssonar árið 1951.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1951 B., bls. 311):	
1. Innstæða í Landsbankanum	kr. 808.56
2. Vextir af bankainnstæðu	— 28.28
	Kr. 836.84

Gjöld:

Sjóður til næsta árs í Landsbankanum	kr. 836.84
	Kr. 836.84

Í samgöngumálaráðuneytinu, 9. apríl 1952.

Páll Pálmason.

121

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar
og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1951.

Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári (Stj.tíð. 1951 B., bls. 309):		
a. Söfnunarsjóðsinnstæða	kr. 23230.64	
b. Innstæða í Búnaðarbankanum	— 3491.03	
		kr. 26721.67
2. Vextir:		
a. Af söfnunarsjóðsinnstæðu 1951	kr. 1115.05	
b. Af bankainnstæðu 1951	— 111.79	
		— 1226.84
		kr. 27948.51

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
a. Söfnunarsjóðsinnstæða	kr. 23342.19	
b. Innstæða í Búnaðarbankanum	— 4606.32	
		kr. 27948.51

Í samgöngumálaráðuneytinu, 9. apríl 1952.

Páll Pálmason.

122

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1951.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1951 B., bls. 312):		
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 43668.94	
2. Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu	— 2096.09	
		kr. 45765.03

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 45765.03	
		kr. 45765.03

Í samgöngumálaráðuneytinu, 9. apríl 1952.

Páll Pálmason.

SAMÞYKKTIR

fyrir Sparisjóð Reykdæla.

123

14. maí

I. KAFLI

Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Reykdæla og skal heimili hans og varnarþing vera í Reykdælahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins skal vera minnst kr. 6000.00, er skiptist í 200 kr. hluti og stendur sem trygging fyrir innstæðufé viðskiptamanna. Stofnfjáreigendur skulu ekki vera færri en 30, og er stjórninni skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur til að sjá um, að stofnfjáreigendur séu aldrei færri. Vextir af stofnfé skulu ekki vera hærri en í sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands á hverjum tíma og greiðist stofnfjáreigendum við hver áramót.

Ábyrgð getur eigi fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning úr lögsagnar-umdæminu, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga eða ef maður verður öreigi á annan hátt. Stofnfjárframlag endurgreiðist eigi fyrr en við löglegt niðurfall ábyrgðar eða samkvæmt heimildinni í 22. gr. laga nr. 69 27. júní 1941.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn. Skulu tveir þeirra kjörnir á aðalfundi úr flokki stofnfjáreigenda, en sá þriðji af sýslunefnd á sama tíma, og gildir kosning þeirra allra til fjögurra ára. Varamenn skulu kosnir af sömu aðilum. Hafi stjórnar- nefndarmaður setið í stjórn í fjögur ár samfleytt, er honum ekki skylt að taka kosningu fyrr en að fjórum árum liðnum. Stjórnin kýs formann úr sínum flokki. Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur úmsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Tilkynna skal Stjórnarráðinu tafarlaust, hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

Birta skal í blaði því, sem flytur auglýsingar stjórnarvalda, hverjir séu stjórn- endur sjóðsins og starfsmenn og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýs- ingar svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðs- ins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutað- eigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir hegningu eins og lög- standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

4. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

5. gr.

Við sparisjóðinn skulu að minnsta kosti vera tveir starfsmenn, féhirðir og bókarí. Skulu þeir eigi ráðnir til skemmri tíma en eins árs í senn, og er stjórninni heimilt að vikja þeim frá fyrirvaralaust, ef henni þykja nægar sakir til, en tafar-

123 laust skal fundur stofnfjáreigenda leggja fullnaðarúrskurð á málið. Það skal jafnan
14. maí vera aðalregla, er því verður við komið, að bæði féhirðir og bókarí séu viðstaddir, er greiðslur fara fram úr sjóðnum og í hann, og skulu allar greiðslur skráðar tafarlaust í dagssjóðbókina og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í.

6. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir a. m. k. tvisvar á ári og ákveður stjórnin hvernig haga skuli daglegri starfrækslu sjóðsins. Aðalfundur skal haldinn eigi síðar en í aprilmánuði ár hvert og boðar formaður hann öllum stofnfjáreigendum með minnst viku fyrirvara.

Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar, og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst fimm stofnfjáreigendur æskja þess.

Fundur er lögmætur þegar helmingur stofnfjáreigenda mætir. Mæti eigi helmingur stofnfjáreigenda skal boða fund að nýju og er hann lögmætur hversu fáir sem mæta. Á fundinum ræður afl atkvæða og má enginn stofnfjáreigandi fara með meira en eitt atkvæði.

Ekki má gera breytingar á samþykktum sparissjóðsins, nema $\frac{2}{3}$ hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki.

7. gr.

Árságóði sjóðsins, að frádregnum öllum reksturskostnaði, skal lagður í sérstakan sjóð, og er það varasjóður sparissjóðsins og stendur sem trygging fyrir viðskiptum hans. Varasjóður sparissjóðsins skal vera í tryggum og auðseldum verðbréfum eða inneign hjá Búnaðarbanka Íslands eða Landsbanka Íslands.

II. KAFLI

Innlög, vextir o. fl.

8. gr.

- Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færast inn í innstæðubók, og fær hver innlagsmaður reikning.
- Sem skírteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur.
- Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparissjóðinn eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft a. m. k. eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
- Um eigur manna í sparissjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

9. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparissjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga. Sjóðnum er ekki skylt að borga vexti af því fé, sem stendur skemur en tvo mánuði í sjóðnum. Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þritugnættum og gjaldast vextir í eigi minni pörtum en heilum eyri.

10. gr.

Af fé, sem sparissjóðurinn ávaxtar með sparissjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta

má, að upphæðum, sem eru 1000 kr. og þar yfir, sé sagt upp með mánaðar fyrir- **123**
vara, og eigi er sparisjóðnum skylt að borga meira en kr. 2000.00 út úr sömu við- **14. mai**
skiptabók á mánuði hverjum.

11. gr.

Ekki má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd, og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Ef sparisjóðurinn tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að taka innstæðuna með ávisun, skal greinilega letrað á bókina, að hún sýni ekki ávallt rétta innstæðu og sé því ekki vedhæf.

Það er ekki á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi ekki haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum.

12. gr.

Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni án endurgjalds, og glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum. Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 6 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur auglýsingar stjórnarvalda, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sparisjóðsins.

III. KAFLI

Um útlán.

13. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

- a. Með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem telja má jafngóð;
- b. með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi $\frac{3}{5}$ af virðingarverði því, er lögskipaðir virðingarmenn meta, eða gegn sjálf-skuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum má þó því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingu;
- c. með því að kaupa vixla, sem sparisjóðsstjórnin álitur tryggja;
- d. Á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

14. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af öllum útlánnum. Vextir skulu ávallt greiddir ekki síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautur 1% árlega í dráttarvexti um þann tíma, sem dregist hefur að borga fram yfir gjalddaga.

15. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykktur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Skylt er sjóðnum, til þess að það sé tryggt, að hann geti, hvenær sem er, fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, að eiga í sjóði innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum, auðseljanlegum verðbréfum, minnst $\frac{1}{10}$ af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæður mega þó aldrei vera minni en 7% af innlánsfénu.

123 Þegar verðbréf, sem sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust
14. maí láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins.

Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnar samþykki.

16. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnarinnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það. Veðsetji sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf fyrir slíkum lánum, skal þess nákvæmlega gætt, að jafnan sé í vörzlu sparisjóðsins fullgild skirteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd og hver þau séu.

17. gr.

Ekki má sparisjóðurinn gefa út handhafaávisun á sjálfan sig.

IV. KAFLI

Um reikninga sparisjóðsins.

18. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok marz mánaðar ár hvert.

19. gr.

Ársreikningur skal vera þannig gerður, að af honum sjáist glögg:

1. Hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu;
2. hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið. Skal í því skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins á liðnu ári;
3. hverjar séu eignir sjóðsins í árslok og hverjar skuldir, eða hverjar skuldbindingar hvíla á honum. Skal í því skyni semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn eins og hagur hans stóð í árslok.

20. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda, að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) sjást nákvæmlega af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, sem sparisjóðurinn á útistandandi, svo sem fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán.

Semja skal sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna. Skrár þessar skulu bera með sér fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo glögg sjáist hversu mikið er greitt fyrir fram af vöxtum, og eins af hverjum vextir eru vangildnir. Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, sem sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og ekki eru innleystir. Gjaldldagi víxlanna skal tilgreindur á skránni og einnig skal sjást hvernig víxilréttar hefur verið gætt. Á öllum þessum skráum skal geta nafns hvers innstæðueiganda eða lántakanda svo og einkennistölu. Loks skal semja sundurliðana skrá yfir allar aðrar eignir sparisjóðsins svo og skuldir þær, sem hann er í við aðra.

21. gr.

Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því horfi, er fyrirmyndir stjórnnarráðsins sýna,

V. KAFLI
Um endurskoðun.

123

14. maí

22. gr.

Endurskoðun á reikningum sjóðsins hafa með höndum 2 menn þar til kjörnir af sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu til eins árs í senn. Þeir eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru háðir í einu eða hvor um sig.

23. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gæta þess, að fylgt sé gildandi fyrirmælum um bókfærslu og rekstur sjóðsins í hvívetna. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugavert, svo að úr verði tafarlaust bætt.

24. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir aðalfund. Rita skulu þeir á reikninginn að rannsókn sinni lokinni vottorð sitt, að endurskoðun reikningsins sé lokið.

Reikningurinn með athugasemdum endurskoðenda skal síðan lagður fyrir aðalfund sparisjóðsins til úrskurðar.

25. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu þeir leggja ágreiningsatriðin fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar. Eins skal farið að, ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og ekki í samræmi við gildandi lög um sparisjóði, svo og reglugerð og önnur gildandi fyrirmæli um rekstur sparisjóða, ef stjórn sjóðsins bætir ekki tafarlaust úr því, sem ábótavant er.

26. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun til endurskoðenda fyrir starf þeirra.

VI. KAFLI
Önnur ákvæði.

27. gr.

Þau atriði, sem eigi eru í samþykktum þessum, en varða þó sparisjóðinn, skal fara með samkvæmt gildandi lögum um sparisjóði og reglugerð fyrir sparisjóði frá 15. febrúar 1942.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 14. maí 1952.

Björn Ólafsson.

Yngvi Ólafsson.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Grindavíkurhöfn í Grindavík.

I. KAFLI**Takmörk hafnarinnar.****1. gr.**

Hafnarsvæðið er öll Járngerðarstaðavík með öllum víkum og vogum, ásamt Hópinu. Takmarkast það af Hópsnesi að austan og hugsaðri línu gegnum bæina Krosshús og Hlíð að vestan.

II. KAFLI**Stjórn hafnarinnar.****2. gr.**

Hreppsnefnd Grindavíkurhrepps hefur á hendi stjórn hafnarmála, en þrír menn, kosnir af hverri nýkjörinni hreppsnefnd á fyrsta fundi hennar, til 4 ára í senn, hafi á hendi framkvæmd þeirra. Hreppsnefndin kýs formann nefndarinnar, en nefndarmenn kjósa hafnarvörð.

3. gr.

Hafnarnefnd hefur eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á mannvirkjum hennar, annast fjárhald hennar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar. Reikningur hafnarsjóðs skal fylgja hreppsreikningnum og endurskoðast ásamt honum.

III. KAFLI**Um hafnarsjóði.****4. gr.**

Stofna skal sérstakan sjóð, er nefnist hafnarsjóður. Renna í hann allar tekjur hafnarinnar, sem ákveðnar eru í reglugerð þessari. Hafnarsjóði skal eingöngu varið í þarfir hafnarinnar, til greiðslu á nauðsynlegum mannvirkjum, viðhaldi þeirra og umsjón, svo og til kaupa á landi í þarfir hafnarinnar, ef nauðsynlegt þykir. Óheimilt er að nota fé hafnarsjóðs til annarra fyrirtækja hreppsins eða binda það í lánum til þeirra.

IV. KAFLI**Um legu báta og umferð þeirra um hafnarsvæðið.****5. gr.**

Bátar, sem ganga til veiða frá Grindavík, hafa rétt til notkunar á bryggjum hafnarinnar í þeirri röð, sem þeir koma að þeim. Strax og bátar hafa fengið afgreiðslu, skulu þeir rýma til fyrir öðrum, sem þurfa að komast að. Meðan bátar eru á floti við bryggjurnar, skal jafnan vera einn maður til taks af skipshöfninni, ef færa þarf bátinn, eða framkvæma aðrar skipanir frá hafnarverði.

6. gr.

Bannað er að leggja legufærum innan hafnarsvæðisins, nema með sérstöku samþykki trúnaðarmanna hafnarnefndar.

7. gr.

Ef bátar þurfa að keyra vélar sínar meðan þeir eru festir við bryggjur eða múrningar, ber þeim að framkvæma slíkt með allra aðgæzlu, svo ekki hljóttist af skemmdir á öðrum bátum eða mannvirkjum hafnarinnar.

124

15. maí

8. gr.

Ef skip lendir á grunni eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarnefndar, torveldar notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Dragist það of lengi, má hafnarnefnd láta flytja það burt á kostnað eigenda, og er henni heimilt að láta selja skipið til greiðslu kostnaðar, er af því leiðir.

V. KAFLI

Hafnarmannvirki annarra innan hafnarinnar.

9. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram bryggjur eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem fyrir eru. Ekki má fylla upp eða dýpka út frá landi, nema hreppsnefnd hafi veitt samþykki sitt til þess, að fengnum tillögum hafnarnefndar.

Skjóta má úrskurði hreppsnefndar undir úrskurð stjórnarráðsins. Sá, sem fær leyfi til að byggja bryggju innan hafnarinnar, skal halda henni svo vel við, að ekki stafi hætta af. Brot gegn því varðar sektum, og ef um ítrekað brot er að ræða má rífa mannvirkið á kostnað eigenda.

10. gr.

Við bryggjur eða uppfyllingu einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar, hafa bátar rétt til að leggjast að í sömu röð sem þeir koma inn og sækja um það, þegar eigandi ekki þarf að nota mannvirkin sjálfur.

VI. KAFLI

Um almenna reglu.

11. gr.

Hafnarnefnd sér um að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlíta boði hennar og banni, og starfsmanns þess, er hún setur til að halda uppi reglu.

Þykist einhver vera beittur órétti, getur hann kært það fyrir hreppstjóra eða sýslumanni, en skipunum hafnarnefndar eða starfsmanns hennar ber tafarlaust að hlýða. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisí í starfi sínu.

12. gr.

Ekki má kasta seglfestu, ösku, fiskúrgangi eða neinu öðru, sem orsakað getur grynnkun hafnarinnar, í Hópið, innsiglinguna í það eða við bryggjuna þar.

Ekki má heldur kasta seglfestu, netjasteinum eða neinu slíku í varirnar við ytri bryggjurnar, sem gæti verið hættulegt fyrir botn eða byrðing þeirra báta, sem þar eru látnir standa.

Brot gegn þessum ákvæðum varðar sektum.

13. gr.

Á vertíð, þegar vont er um bryggjupláss, skulu að minnsta kosti þrír menn kasta fiskinum á bilana, og sé um sjóveður að ræða, skal línan vera komin um borð um leið og síðasti fiskur fer í land.

124

15. maí

14. gr.

Öll aðgerð á bryggjum hafnarinnar er bönnuð. Notendur fiskaðgerðarhúsa, sem liggja að höfninni, ber að gæta fremsta þrifnaðar og aka burt öllum fiskúrgangi jafnarðan, þangað sem hafnarvörður tilvísar í hverju tilfalli.

VII. KAFLI

Hafnargjöld.

15. gr.

Öllum bátum, sem gerðir eru út frá Grindavík, ber að greiða til hafnarsjóðs 2% af brúttó-andvirði alls þess afla, sem þeir landa á hafnarsvæðinu og er gjald þetta kræft strax og afli er seldur úr hverri veiðiför.

16. gr.

Aðrir bátar, hvort heldur utan eða innan héraðs, skulu í hvert skipti sem þeir nota hafarmannvirkin greiða:

- a. Fyrir að sækja eða láta í land veiðarfæri, hafa samband við heimastöðvar sínar eða til kaupa á nauðsynjum, 35 aura á brúttó-smálest, þó aldrei minna en 3 kr. í hvert sinn;
- b. þeir, sem vilja leggja upp afla sinn, hvort heldur til heimaksturs eða sölu á staðnum, greiði 2% af andvirði afla. Þessir bátar greiði enn fremur ljósagjald á tímabilinu frá 1. sept. til 1. maí, 3 krónur í hvert sinn, ef þeir fara inn í Hópið. Innland strandferða- og millilandaskip, sem sigla eftir föstum, auglýstum áætlunum, svo og vöruflutningaskip, greiða í hvert sinn, er þau koma í Grindavíkurhöfn, 30 aura af hverri brúttó-smálest í hafnargjöld.

Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, og hafa samband við land, greiða 7½ (7,5) eyri af smálest hverri í hvert skipti, er þau koma í Grindavíkurhöfn.

Bátar, sem koma inn undan óveðri, skulu undanþegnir gjaldi.

VIII. KAFLI

Vörugjald.

17. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi og dauðum, sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, með þeim undantekningum, sem síðar getur.

Undanteknar eru vörur, sem látnar eru í land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

18. gr.

Þessar vörur eru undanþegnar vörugjaldi:

- a. Olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, enn fremur kol, salt og ís, sem flutt er úr landi í íslensk skip til eigin notkunar. En hálfvörugjald skal greiða af kolum, salti og ís til útlendra skipa, þó það sé til eigin notkunar;
- b. vörur og tæki til hafnarinnar.

19. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil gjaldeining. Vörugjald skal ákveðast eftir farmskrá skips. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður gefa drengskaparvottorð um vörumagnið, sem skipið hefur fermt eða affermt.

Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún hvenær sem er látið ákveða vörumagnið 124 á þann hátt, sem henni þykir hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var 15. maí gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

20. gr.

Flokkar vörugjaldskrárinnar.

1. flokkur. Gjald 26 aurar hver 100 kg:
Blý, brýni, sement, eldfastur leir, gaddavír og stálvír, gærur saltaðar í pökkum, hverfisteinar, ís, járn, stál, koparvír, járnkeðjur og járnþípur, kaðlar, kítli, kol, krít, litarvörur þungar, prentsverta, saltsíld, sódi, togleður, þakjárn, þakpappi, ísvarinn fiskur, nýr fiskur, slægður og óslægður, óverkaður saltfiskur. Gjald þetta af fiski greiðist aðeins þegar honum er skipað út.
2. flokkur. Gjald 40 aurar hver 100 kg:
Áburðarolía, baðlyf, benzín, feiti, fernisolia, fiskilínur, garnir, hrogn, hey, kálmeti, kartöflur, kornvörur, alls konar kjöt, leður, leirvörur, linoleum, mör, pappír og bækur, pokar, vaxdúkur, pokastrigi, rjúpur og aðrir fuglar, rúðugler, saltfiskur þurr, saumur, sápa, segldúkur, seglgarn, steinolia, tó, tjara, tvistur.
3. flokkur. Gjald 67,5 aurar hver 100 kg:
Ávextir, nýir, þurrkaðir og niðursöðnir, brauðvörur, harðfiskur, kaffi, kókó, lyf og lyfjavörur, lýsi, mjólk, niðursuðuvörur alls konar, jurtafeiti, smjör, smjörlíki, súkkulaði, sundmagi, sykur, te, ull.
4. flokkur. Gjald 100 aurar hver 100 kg:
Dúnn, eldspýtur, fiður, glervörur, glysvarningur og þess háttar léttar vörur, rjól, rulla, reyktóbak, skinnvörur, skófatnaður, vefnaðarvörur, vindlar, vindlingar.
5. flokkur. Gjald 84 aurar hver 100 kg:
Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
6. flokkur. Gjald 270 aurar hver teningsmetri:
Timbur, tunnur og þess háttar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
7. flokkur. Gjald 546 aurar hver teningsmetri:
Bífreiðar, húsgögn, orgel, píanó, saumavélar, stundakiukkur og þess háttar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
8. flokkur. Gjald 340 aurar hver gripur:
Hross, nautgripir, svín.
9. flokkur. Gjald 42 aurar hver kind:
Sauðfé.

IX. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

21. gr.

Formaður hafnarnefndar sér um innheimtu hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

22. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda. Hafnarsjóður hefur haldsrétt og lögveðrétt í skipum, unz hafnargjöld eru greidd. Þegar gjald dagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

Hafnarnefnd hefur rétt til að athuga reikninga og uppgjör báta, ef hún óskar þess.

23. gr.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið sem vörurnar flytur, er komið á legu. Vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá

124 bryggjunní, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skíp. Hafnarsjóður 15. maí hefur haldsrétt á vörunum, unz gjaldið er greitt.

24. gr.

Gjald fyrir að nota krana, sporbrautir eða önnur tæki og áhöld, greiði sá, sem semur við hafnarnefnd um afnotin.

25. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

26. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið, um skaðabætur fyrir skaða eða skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum mönnum dómkvöddum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af fimm óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meir en nemi 10% af hinni ákveðnu skaðabótaupphæð.

Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

27. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji trygging, er hafnarnefnd tekur gilda.

28. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10 000 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Grindavíkurhafnar.

29. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið sem almenn lög-reglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, og lögum um breytingu á þeim lögum, nr. 41 5. apríl 1948, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Járngerðarstaðahverfi í Grindavík, nr. 70 14. marz 1945.

Samgöngumálaráðuneytið, 15. maí 1952.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um nýja lyfsöluskrá I.

125

20. maí

Frá og með 1. júní 1952 gengur í gildi ný lyfsöluskrá I, útgefin af þessu ráðuneyti 19. þ. m. Jafnframt fellur úr gildi lyfsöluskrá I frá 15. marz 1951, ásamt breytingum frá 1. júní 1951, 1. október 1951 og 1. febrúar 1952.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 20. maí 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Gústav A. Jónasson.

SAMÞYKKT

126

20. maí

um forkaupsrétt Ísafjarðarkaupstaðar á fasteignum á kaupstaðarlóðinni.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 frá 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur bæjarstjórn Ísafjarðar gert eftirfarandi samþykkt:

Ísafjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á eftirgreindum fasteignum á kaupstaðarlóðinni:

1. Edinborgareign með lóðum og mannvirkjum, eign Kaupfélags Ísfirðinga.
2. Wardslóð, svonefnd, neðan Skipagötu, eign Kaupfélags Ísfirðinga.
3. Lóð Sigurðar Bentssonar og Kaupfélags Ísfirðinga, Aðalstræti 12.
4. Norðurtanginn, lóð og bryggja, eign Hraðfrystihússins Norðurtanginn h.f.
5. Lóð og húseign Ágústs Péturssonar, við Sundstræti, Sundamegin. — Hvíta pakkhús.
6. Lóð Bjarna Gunnarssonar og Ólafs Sigurðssonar, nr. 8 við Aðalstræti.
7. Lóð Hilmars Arnórssonar, nr. 11 við Aðalstræti.
8. Lóð nr. 13 við Aðalstræti, eign Jóns Kristjánssonar trésmiðs.
9. Lóð nr. 15 við Aðalstræti, eigendur Valdimar Veturlíðason o. fl.
10. Lóð nr. 20 við Aðalstræti, eign Ásu Grímsson.
11. Lóð nr. 11 við Hafnarstræti, eigendur Arngr. Fr. Bjarnason, verzlun Jónasar Magnússonar og H. Herlufsen.
12. Lóð Guðbjargar Guðjónsdóttur við Hafnarstræti.
13. Lóð Elíasar J. Pálssonar, nr. 1 við Hafnarstræti.
14. Lóð Finnbjörns Finnbjörnssonar, nr. 3 við Hafnarstræti.
15. Lóðin nr. 4 við Silfurgötu, eign Jóns Ísaks Magnússonar.
16. Lóð undir svonefndri Soffiubúð við Silfurtorg, eign Jóns Ísaks Magnússonar.
17. Lóð Guðmundar Karlssonar o. fl. nr. 2 við Silfurgötu.
18. Lóð nr. 6 við Silfurgötu, eign Kristjáns Friðbjörnssonar.
19. Lóðin nr. 8 við Silfurgötu, eign Sveinbjörns Benediktssonar.
20. Lóðin nr. 8 A við Silfurgötu, eign Sigurðar Ásgeirssonar.
21. Lóðin nr. 12 við Silfurgötu, eign Sigríðar Ísaksdóttur, dbú.
22. Lóðin nr. 12 A við Silfurgötu, eign Ásmundar Jóhannessonar.
23. Lóðin nr. 14 við Silfurgötu, eign Eyjólfssonar.
24. Lóð Gests Sigurðssonar, nr. 11 við Sundstræti.
25. Lóð Örnólfs Hálfánarsonar, milli Skipagötu og Sundstrætis.

- 126 26. Lóð Skúla Þórðarsonar og Júlíusar Guðmundssonar við Sundstræti.
 20. maí 27. Lóð Ágústss Péturssonar við Sundstræti og Skipagötu.
 28. Lóð Ágústss Péturssonar, undir svonefndum Ásgeirshjalla.
 29. Lóð Sigurgeirs Sigurðssonar við Skipagötu og Sundstræti.
 30. Lóð Önnu Óladóttur, nr. 14 við Skipagötu.
 31. Lóð Benedikts Egilssonar o. fl. við Skipagötu nr. 12.
 32. Lóð h.f. Fiskimjöl, Torfnesi.
 33. Lóð og aðrar fasteignir við Aðalstræti 9, eign h.f. Munins.
 34. Íbúðarhúsið og lóðin nr. 17 við Hafnarstræti, eign dánarbús Sveinbjörns Hall-
 dórssonar.
 35. Húseignin og lóðin Hafnarstræti 33, eigendur Jón B. Jónsson og Hjörtur Ein-
 arsson.
 36. Húseignin og lóðin Smiðjugötu 12, eigendur Daníel Jónsson og Eggert Samúels-
 son.
 37. Húseignin og lóðin Sundstræti 31, eigendur Halldór Sigurðsson og Hermann
 Jakobsson.
 38. Húseignin og lóðin Tangagötu 28, eigandi Daníel Kristjánsson.
 39. Húseignin og lóðin Fjarðarstræti 47, eigandi Baldvin Jónsson.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningardegi hennar
 að telja, og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 20. maí 1952.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

127

30. maí

AUGLÝSING

um framboð til kjörs forseta Íslands.

Frestur til að skila framboðum til kjörs forseta Íslands, er fram á að fara
 29. júní 1952, rann út kl. 24.00 laugardaginn 24. þ. m.

Í kjöri til forsetaembættisins eru:

Ásgeir Ásgeirsson, bankastjóri,
 Bjarni Jónsson, vígslubiskup,
 Gísli Sveinsson, fyrrv. sendiherra.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt lögum nr. 36 12. febr. 1945, um framboð
 og kjör forseta Íslands.

Í dómsmálaráðuneytinu, 30. maí 1952.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

S A M Þ Y K K T

128

4. júní

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Saurbæjarhrepps.

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktar- og veiðifélag Saurbæjarhrepps. Heimili þess og varnarþing er á þingstað Saurbæjarhrepps í Dalasýslu.

2. gr.

Markmið félagsins er að auka laxveiði á félagssvæðinu og arð af henni, með því:

- a. að stunda laxaklak;
- b. að reka laxveiði fyrir alla félagsmenn, sameiginlega á einum eða fleiri stöðum, ef henta þykir.

3. gr.

Félagið hefur umráð yfir öllum rétti til laxveiða í þessum vötnum: Hvolsá og Staðarhólsá ásamt síkjum og lækjum og öðrum ám, sem falla í árnar.

Félagsmenn eru allir ábúendur þeirra jarða, er land eiga að nefndum vötnum: Stórholt, Litlaholt, Neðri-Brunná, Efri-Brunná, Máskelda, Hvoll, Neðri-Brekka, Fremri-Brekka, Bersatunga, Hvítidalur, Belgsdalur, Litli-Múli, Stóri-Múli, Þurranes, Ós, Lambanes, Staðarhóll, Mikligarður, Þverfell, Hvammsdalskot, Hvammsdalur, Kjarlaksvellir, Þverdalur, Bjarnastaðir, Kverngrjót, Saurhóll, Tjaldanes.

4. gr.

Óheimilt er öllum að veiða lax og silung í vötnum þessum, nema með sérstöku og skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Skal þar tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

5. gr.

Heimilt er félagsstjórn að leigja ár á félagssvæðinu, eða hlut af þeim einstökum mönnum eða félögum, til stangaveiði, ef sýnilegt þykir, að það sé hagur fyrir félagið. Þó má það leyfi eigi vera til lengri tíma en eins árs, nema lögmætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði að slíkt veiðileyfi yrði til umræðu.

6. gr.

Nú tekur félagið upp sameiginlega veiði og ræður það þá mann til að standa fyrir veiðinni. Hann nefnist veiðistjóri.

Veiðistjóri annast um framkvæmdir félagsveiðinnar. Ræður hann menn sér til aðstoðar eftir þörfum. Hann sér um verkun og sölu á veiðinni, og færir alla reikninga þar að lútandi, allt í samráði við félagsstjórn.

7. gr.

Félagið starfrækir laxaklak á þeim stað eða stöðum, sem félagsstjórn velur í samráði við fiskiræktarráðunaut. Kostnaði við það skal jafna á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, sem arðskrá félagsins tiltekur. Klekja skal út minnst 100 seiðum fyrir hvern lax, sem veiðist á félagssvæðinu.

8. gr.

Stjórnina skipa þrjú menn: formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl, þannig: Formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir hlutkesti eftir tvö ár.

128 Síðan helzt sama röð. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema lögmæt forföll hamli, eða hann hafi verið þrjú ár í stjórn.

9. gr.

Stjórnin hefur á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli aðalfunda. Hún ræður veiðistjóra og klakstjóra og gerir við þá samninga um kaup og önnur kjör, enda samþykki lögmætur félagsfundur þá samninga. Hún hefur eftirlit með því, að samþykkt félagsins sé hlýtt og má ráða menn sér til aðstoðar, þó án kostnaðar fyrir félagið.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með störfum félagsins og fjárreiðum þess öllum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á félagsfundum.

10. gr.

Aðalfund heldur félagið í janúarmánuði ár hvert. Aðalfundur er lögmætur:

- a. ef hann er boðaður símleðis með þriggja daga fyrirvara og sé fundarefnis getið í fundarboði;
- b. sé meiri hluti stjórnar mættur á fundinum.

Nú er aðalfundur ekki lögmætur og skal þá boða til hans á ný með minnst þriggja daga fyrirvara, og er þá fundurinn ávallt lögmætur.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári, leggur fram áætlun og tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þar leggur hún fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn þá. Aðalfundur kys stjórn og tvo endurskoðendur félagsreikninga. Hann kveður á um laun stjórnar og annarra starfsmanna félagsins. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, nema um breytingar á samþykktum sé að ræða eða félagsslit.

11. gr.

Aukafund heldur stjórnin, þegar henni þykir ástæða til eða ef $\frac{1}{4}$ félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefni.

12. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar fullgerðir fyrir aðalfund og lagðir þar fram endurskoðaðir til úrskurðar.

13. gr.

Arði af sameiginlegri veiði, svo og öllum gjöldum, er af starfsemi þess leiða, skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur samþykkir og undirrituð er af $\frac{2}{3}$ félagsmanna. Gildir hún um 5 ár í senn. Náist ekki samkomulag um nýja arðskrá, að þeim tíma liðnum, gildir gamla arðskráin áfram.

14. gr.

Eigi má úthluta arði samkvæmt 13. gr. fyrr en eftir aðalfund, enda tekjuafgangur á ársreikningi. Verði útgjöld meiri en tekjur, skal jafna þeim niður á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, er arðskrá ákveður.

15. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum frá 100—500 kr. og veiði eða andvirði hennar gerð upptæk og renni í sýslusjóð.

16. gr.

Samþykkt þessari verður ekki breytt, nema $\frac{2}{3}$ mættra félagsmanna á aðalfundi samþykki breytinguna.

17. gr.

Félaginu má slita, ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkja það.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, 128 um lax- og silungsvéiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni 4. júní öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 188/1951.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. júní 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

129

11. júní

um breyting á hafnarreglugerð Höfðakaupstaðar, nr. 209 18. nóvember 1947.

1. gr.

23. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist svo:

Öll aðkomuskip, sem fara inn fyrir hafnargarð, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða ekki skyld til að greiða hafnsögugjald eins og hér segir:

Innlend skip greiða hafnsögugjald aðeins einu sinni á ári, nema þau noti hafnsögumann.

Herskip og varðskip eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

- a. Fyrir leiðsögu til hafnarinnar 100 krónur hvert skip allt að 300 brúttósmálestir og 10 aura fyrir hverja smálest, sem þar er yfir.
- b. Fyrir leiðsögu frá höfninni 100 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 300 brúttósmálestir og 5 aura fyrir hverja smálest, þar þar er yfir.
- c. Fyrir leiðsögu um höfnina greiðist hálf gjald samkvæmt a-lið.
- d. Fyrir að gera úti í skipum greiðist 100 krónur fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, unz hafnsögumaður er aftur kominn heim. Jafnframt greiðist hafnsögugjald undir staflið a. og b.

2. gr.

24. gr. orðist svo:

- a. Allir bátar og skip, sem heima eiga í Höfðakaupstað, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, 5 krónur fyrir hverja brúttósmálest, þó aldrei minna en 100 kr.
- b. Aðkomubátar og skip, sem stunda fiskveiðar héðan og liggja innan hafnargarðs, skulu greiða 1 krónu fyrir hverja brúttósmálest fyrir hvern mánuð, þó ekki minna en 75 krónur fyrir mánuð eða hluta úr mánuði.
- c. Öll önnur skip, sem koma til hafnar, skulu greiða 40 aura fyrir hverja brúttósmálest í hvert sinn, sem þau koma til hafnar, þó skulu innlend fiskiskip aðeins greiða hálf gjald. Strandferðaskip ríkisins skulu ekki greiða gjald þetta oftar en tvisvar í mánuði.

3. gr.

26. gr. breytist þannig:

Í stað „15 kr.“ í staflið a. komi: 25 kr.

b-liður greinarinnar og greinin til loka orðist svo:

- b. Skip, sem getið er um í 24. gr., b-lið, skulu í hvert sinn og þau koma til hafnar greiða 10 kr.
- c. Öll önnur skip greiði í hvert sinn er þau koma til hafnar:

Skip undir 200 smálestum	kr. 15.00
Skip frá 200—400 smálestir	— 30.00
Skip yfir 400 smálestir	— 60.00

129

11. júní

27. gr. breytist þannig:

Í stað „10 aura“ komi: 15 aura, og í stað „kr. 5.00“ komi: kr. 10.00.

Aftan við greinina bætist:

Peir, sem vilja hafa skip sín í skipakvinni vetrarlangt, snúi sér til hafnarnefndar fyrir 1. september ár hvert. Skipakviargjald fer eftir samningi.

4. gr.

31. gr. orðist svo:

5. gr.

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald 65 aurar hver 100 kg:
Kol, salt, sement, brennsluolía (fuelolía).
2. flokkur. Gjald 100 aurar hver 100 kg:
Alls konar óunnið járn, eldavélar, bárujárn, saumur, timbur, sem reiknað er eftir þyngd, legsteinar, eldfastur leir, gólf- og veggflísar, eldfastir steinar, steyptir steinar og garðávextir.
3. flokkur. Gjald 125 aurar hver 100 kg:
Korn, mjölvörur, sykur, kjöt, saltfiskur, sildarmjöl, lýsi, fiskimjöl, freðsild, alls konar vélar og varahlutar í vélar, alls konar vírar, kalk, fódurbætir, áburður, oliur (þó ekki fuelolía), smurningsfeiti, benzín, strigi, vélatvistur, hessian, bindigarn. Gætur, skinn, ull og aðrar slíkar vörur.
4. flokkur. 50 aurar á hver 10 kg:
Málningarvörur og efni til málninga, lökk, lím, gibbs, veggfóður, hráefni til iðnaðar, korkvörur og óunnið kork, brauðvörur, kex, línóleum, gúmmi og gúmmívörur, pappír og pappírsvörur, bækur, blek, baðlyf, ljósefni, olíufatnaður, útgerðarvörur (önglar, net, nætur o. s. frv.), kálmeti og plöntur.
5. flokkur. Gjald 100 aurar á 10 kg:
Allar vörur, sem ekki heyra undir aðra flokka og flutningsgjald greiðist af eftir þyngd.
6. flokkur. Gjald 25 aurar á teningsfet:
Timbur unnið og óunnið.
7. flokkur. 50 aurar á teningsfet:
Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
8. flokkur. 15 aurar fyrir hvert stykki:
Tómar tunnur og föt, uppsett eða óuppsett.
9. flokkur. 50 aurar hver tunna:
Sild.
10. flokkur. 200 aurar hver skepna:
Sauðkindur, geitur, kálfar, loðdýr.
11. flokkur. 500 aurar hver skepna:
Nautgripir og hross.

6. gr.

32. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:
Af heildarafla skips greiðist 8 kr. af smálest af slægðum fiski með haus, sem landað er á hafnarsvæðinu, nema sild.

Af hverju máli síldar greiðist 50 aurar.

Gjald þetta er kræft um leið og afla er landað. Eigandi skips er ábyrgur fyrir greiðslunni. Nú er afli afhentur eða seldur án þess að gjald þetta hafi verið greitt og hvílir þá greiðsluskýlda einnig á þeim aðila, er þá hefur umráð yfir aflanum.

7. gr.

33. gr. breytist þannig:

Í stað „5 kr.“ komi: 10 kr., og í stað „10 kr.“ komi: 20 kr.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 129 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi, og gilda til 1. 11. júní júní 1953, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 11. júní 1952.

F. h. r.
Páll Pálmason.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

130

12. júní

um iðnfræðslu.

I. KAFLI

Iðngreinar.

1. gr.

Iðnfræðslu til sveinsprófs skal halda uppi í þeim iðngreinum, sem löggiltar eru.

2. gr.

Löggiltar iðngreinar eru þessar:

Bakaraiðn,	klæðskurður:
beykisiðn,	karla,
bifreiðasmíði,	kvenna,
bifvélavirkjun,	kökugerð,
blikksmíði,	leirkerasmíði,
bókbandsíðn,	leturgröftur,
feldskeraiðn,	ljósmyndun,
flugvélavirkjun,	ljósprentun,
framreiðsluiðn,	matreiðsla,
gaslagning,	málaraiðn,
glerslípun og speglagerð,	mjólkuriðnaður,
gull- og silfursmíði,	mótasmíði,
hattasaumur,	múrun,
hárgreiðsluiðn,	myndskurður,
hárskera- og rakaraiðn,	netjagerð,
hljóðfærasmíði,	pípulögn,
húsasmíði,	prentiðn:
húsgagnabólstrun,	setning,
húsgagnasmíði,	prentun,
járniðnaður:	prentmyndaljósmyndun,
eirsmíði,	prentmyndasmíði,
járnsníði,	rafmagnsíðn:
ketil- og plötusmíði,	rafvirkjun,
málmsteypa,	rafvélavirkjun,
rennismíði,	reiða- og seglasaumur,
vélvirkjun,	reiðtygja- og aktyggjasmíði,
kjólasaumur,	skriftvélavirkjun,
kjötiðnaður,	skipa- og bátasmíði,

130
12. júní

skósmíði,
steinsmíði,
sútaraiðn,
tágariðun,

úrsmíði,
útvarpsvirkjun,
vagnasmíði,
veggfóðrun.

II. KAFLI Námstíminn.

3. gr.

Námstími iðnnema skal vera sem hér segir:

a. 5 ár:

Flugvélavirkjun.

b. 4 ár í eftirtöldum iðngreinum:

Bakaraiðn,
beykisiðn,
bifreiðasmíði,
bifvélavirkjun,
blikksmíði,
bókbandsíðn,
feldskeraiðn,
gaslagningu,
glerslípun og speglagerð,
gull- og silfursmíði,
hárskera- og rakaraiðn,
hljóðfærasmíði,
húsasmíði,
húsgagnabólstrun,
húsgagnasmíði,
járniðnaði:
eirsmíði,
járnsmíði,
ketil- og plötusmíði,
málmsteypu,
rennismíði eða
vélvirkjun,
kjötiðnaði,
klæðskurði karla,
kökugerð,
leirkerasmíði,
leturgrefti,

ljósprentun,
matreiðslu,
málaraiðn,
mjólkuriðnaði,
mótasmíði,
múrun,
myndskurði,
pípulögn,
prentiðn:
setningu eða
prentun,
prentmyndaljósmyndun,
prentmyndasmíði,
rafmagnsiðn:
rafvirkjun eða
rafvélavirkjun,
reiðtygja- og aktygjasmíði,
skipa- og bátasmíði,
skósmíði,
skriftvélavirkjun,
steinsmíði,
sútaraiðn,
tágariðun,
úrsmíði,
útvarpsvirkjun,
vagnasmíði,
veggfóðrun.

c. 3 ár í eftirtöldum iðngreinum:

Framreiðsluiðn,
hattasaumi,
hárgreiðsluiðn,
kjólasaumi,

klæðskurði kvenna,
ljósmyndun,
netjagerð,
reiða- og seglasaumi.

4. gr.

Á stöðum, þar sem ekki er unnt að hafa samfellda vinnu allt árið í einhverri iðn og nemandinn getur fengið aðra atvinnu nokkurn hluta ársins, má dreifa náminu á fleiri ár, þó svo, að samantlagður mánaðafjöldi við námið samsvari þeim ára-

fjölda, er að framan greinir. Þetta skal þó aðeins gert, að hlutaðeigendur séu því **130** samþykkir, enda komi samþykki Iðnfræðsluráðs til. Vinna við iðnnámið má þó 12. júní aldrei vera minni en 6 mánuðir á ári.

5. gr.

Nú hefur nemandi áður stundað nám í verklegum skóla eða námskeiði og ákveður Iðnfræðsluráð þá, hverju sinni, samkvæmt umsókn, hversu námstíminn skuli styttest af þeim sökum, enda leggi umsækjandi fram skilríki um fyrra nám sitt.

6. gr.

Iðnaðarmaður, sem lokið hefur námi og prófi í einhverri iðngrein, og vill gerast nemandi í annarri iðngrein innan sama flokks, skal ekki þurfa nema hálfan náms-tíma þeirrar iðnar. Geta skal í námssamningnum ástæðunnar til þess, að samið er um styttri tíma en venjulega. Sama gildir þótt viðbótar- eða framhaldsnámið fari fram í skólum og verkstæðum erlendis.

7. gr.

Hafi nemandi áður stundað nám hjá öðrum meistara í sömu iðn, en slitið námssamningi við hann á löglegan hátt, skal sá tími, er hann vann hjá honum, dragast frá fullum námstíma hjá hinum síðari, nema að telja meg, að nemandinn hafi eigi notið þeirrar kennslu, sem eðlilegt er með tilliti til hversu langt er liðið á námstímann.

Sé um skylda iðngrein að ræða, ákveður Iðnfræðsluráð, að hve miklu leyti skuli taka fyrri námstímann til greina.

8. gr.

Hafi nemandi ekki staðizt sveinspróf í iðninni, skal hann eiga rétt á að ganga undir það á ný, þegar það er næst haldið, enda sé hann sjálfráður um það, hvar og á hvern hátt hann heldur náminu áfram.

Enginn nemandi getur átt rétt til að ganga undir próf í sömu iðngrein oftari en þrisvar sinnum. Þó má ekki líða lengri tími en tvö ár frá því hann þreytti próf fyrst í iðninni, þar til hann þreytir próf í þriðja sinn.

Ráðherra getur þó veitt undanþágu til að lengja tveggja ára frestinn, ef sérstaklega stendur á.

Nemandi, sem ekki hefur staðizt sveinspróf, en óskar að ganga undir próf á ný, skal ávallt ganga undir próf í sama lögsagnarumdæmi og hann gekk undir próf í fyrsta sinn.

Iðnfræðsluráð getur veitt undanþágu frá ákvæðum síðustu málsgreinar.

9. gr.

Námstíminn telst hafinn á dagsetningardegi námssamnings, sem staðfestingu hlýtur, enda hafi nemandi þá byrjað nám sitt.

Námssamning skal senda Iðnfræðsluráði eða iðnfulltrúa til staðfestingar innan eins mánaðar frá dagsetningardegi námssamningsins og er við áritun Iðnfræðsluráðs eða iðnfulltrúa heimilt að breyta byrjunartíma námsins, ef samningur berst eigi innan þess tíma.

10. gr.

Daglegur vinnutími nemanda skal vera hinn sami sem sveina í hlutaðeigandi iðngrein; þó skal vinnutími nemanda á vinnustað, á meðan skólavist stendur, vera 12 stundum styttri á viku en vinnutími sveina.

Fari iðnskólakennsla fram í dagskóla með fullum kennslustundum, heldur nemandi kaup sínu, en mætir ekki til vinnu. Ekki er nemanda skylt að inna af höndum eftirvinnu eða helgidagavinnu,

130 : Þar sem iðnskólar starfrækja verkleg námskeið fyrir nemendur sína, skal við-
12. júní komandi iðnmeisturum skylt að láta nemendur sína sækja þau eins og aðrar náms-
greinar skólans.

11. gr.

Nú hefur nemandi verið frá vinnu sökum veikinda í meir en 6 mánuði samtals á námstímanum, og getur þá Iðnfræðsluráð hverju sinni ákveðið, að námstíminn skuli framlengjast um hæfilegan tíma.

Nú stendur vinnudeila svo lengi að telja má, að nemandi missi verulega í verklegu námi hennar vegna, og getur þá Iðnfræðsluráð ákveðið að framlengja náms-
samninginn um hæfilegan tíma.

12. gr.

Sumarleyfi iðnnema skal vera 12 virkir dagar með fullu kaupi.

III. KAFLI

Námssamningar.

13. gr.

Iðnfræðsluráð skal löggilda meistara og iðnfyrirtæki, sem hafa hæfa meistara í þjónustu sinni, sem hæf til að taka nemendur til náms, og ákveða hverju sinni hversu marga nemendur þau megi hafa út frá því sjónarmiði einu, að nemendur fái notið fullkominnar kennslu í iðninni. Við ákvörðun sína skal Iðnfræðsluráð taka tillit til venjulegs fjölda sveina á vinnustöð, húsnæðis, vélakosts, áhaldna og verkefna.

14. gr.

Meistari eða iðnfyrirtæki, sem taka vill nemendur til iðnnáms, skal senda um það skriflega tilkynningu til iðnfulltrúa.

Nú vill einhver komast í iðnnám og skal hann þá sækja um það til iðnfulltrúa og geta þess í umsókninni, hvort hann eigi kost á kennslu hjá ákveðnum meistara eða fyrirtæki. Sé svo ekki, skulu iðnfulltrúar aðstoða umsækjanda við að koma sér í nám eða heina umsókninni til Iðnfræðsluráðs.

Iðnfræðsluráð skal eins fljótt og kostur er á koma á fót hæfniprófum fyrir alla umsækjendur um iðnnám, og ber því að neita að ráða umsækjendur til náms, ef árangur prófsins er neikvæður.

15. gr.

Ekki má unglingur hefja iðnnám yngri en 16 ára. Þó er heimilt, með sérstöku samþykki Iðnfræðsluráðs í hvert sinn, að veita nemendum í léttum iðngreinum undanþágu í þessu efni, enda sé umsækjandi orðinn fullra 15 ára og samþykki foreldra eða lögráðamanns komi til.

16. gr.

Heimilt er Iðnfræðsluráði að ákveða lágmarkskaup nemenda með hliðsjón af gildandi kjarasamningum í hverri iðngrein á hverjum stað.

Kaup nemenda skal vera viku- eða mánaðarkaup, miðað við fulla vinnuviku, og hafa verkefni hjá meistara ekki áhrif á það.

Heimilt er að breyta kaupákvörðunum meðan á námstíma stendur, ef kaupbreytingar verða í iðninni. Leita skal álits hlutaðeigandi iðngreina, áður en slíkar ákvarðanir eru teknar.

Nú líður einhver tími frá því nemandi lýkur námstíma, þar til næst fer fram sveinspróf í iðninni, og á hann þá rétt á lágmarkskaupi sveina frá því er námstími er á enda samkvæmt námssamningi.

17. gr.

Þegar meistari eða iðnfyrirtæki tekur nemanda til náms, skal gera um það skriflegan námssamning í tveimur eintökum, og heldur hvor sínu eintaki. Viðkomandi iðnfulltrúar skulu staðfesta námssamninga með áritun sinni, og eru þeir ógildir ella. Synji iðnfulltrúi um staðfestingu námssamnings, má áfrýja því til Iðnfræðsluráðs.

130

12. júní

18. gr.

Iðnfræðsluráð leggur til ókeypis eyðublöð undir námssamninginn og ræður gerð hans, og eru námssamningar gerðir á önnur eyðublöð ógildir. Skal námssamningurinn gerður í bókarformi.

19. gr.

Nú fer meistari sá, sem skráður er í námssamningi sem lærimeistari nemanda, úr þjónustu iðnfyrirtækis, sem löggildingu hefur hlotið (sbr. 13. gr. reglugerðar þessarar), og ber þá iðnfyrirtækinu að sjá nemanda fyrir öðrum hæfum lærimeistara í iðninni.

Iðnfyrirtækið skal tafarlaust tilkynna Iðnfræðsluráði meistaraskipti, enda skal geta þeirra í námssamningnum.

20. gr.

Nú hefur meistari eða iðnfyrirtæki rofið námssamning tvisvar eða vanrækt kennslu eða brotið á annan hátt gegn lögum og reglugerðum um iðnfræðslu í verulegum atriðum, og getur þá Iðnfræðsluráð svipt hlutaðeiganda rétti til þess að hafa nemendur um tiltekinn tíma eða að fullu. Úrskurði Iðnfræðsluráðs samkvæmt þessari grein má þó áfrýja til dómstóla, enda sé það gert innan 30 daga frá því að úrskurðurinn er birtur hlutaðeigandi aðila.

IV. KAFLI

Slit námssamninga.

21. gr.

Fyrstu þrjú mánuðir námstímans skoðast sem reynslutími. Hvenær sem er á reynslutímanum getur hvor samningsaðila um sig slitið námssamningi, án þess að tilgreina ástæður, sbr. þó 28. gr.

22. gr.

Meistari eða iðnfyrirtæki geta krafizt slita námssamnings:

- a. Ef nemandi vanrækir nám sitt, verklegt eða bóklegt, eða gerir sig sekan um brot gegn öðrum samningsskyldum sínum;
- b. hafi nemandi verið sex mánuði samfleytt frá verki sakir sjúkleika síns;
- c. ef nemandi, að álitu embættislæknis, hefur ekki heilsu til að stunda iðnina.

23. gr.

Nemandi getur krafizt slita námssamnings:

- a. Ef komið er ósæmilega fram við hann á vinnustöð;
- b. ef meistari eða iðnfyrirtæki brýtur samningsskyldur sínar;
- c. ef meistari eða iðnfyrirtæki verður gjaldþrota eða hættir að reka iðn sína af öðrum ástæðum;
- d. ef nemandi sakir sjúkdóms eða annarra orsaka verður óhæfur til þess að geta unnið að iðninni, eða ef það, að álitu embættislæknis, er hættulegt fyrir líf hans eða heilsu að stunda iðnina;
- e. ef námsstúlka giftist.

130

12. júní

24. gr.
Iðnfræðsluráð eða iðnfulltrúar geta slitið námssamningi, að undangenginni rannsókn, ef komið er ósæmilega fram við nemanda á vinnustað, eða ef meistari eða iðnfyrirtæki brýtur samningsskyldur sínar, en nemandinn slitur ekki samningi af sjálfsdáðum. Skjóta má þó ákvörðun iðnfulltrúa til Iðnfræðsluráðs.

25. gr.

Rísi ágreiningur milli nemanda og meistara eða iðnfyrirtækis út af námssamningi, skal gerðardómur úrskurða og dæma skaðabætur, nema aðilar komi sér saman um annað.

Úrskurðir gerðardóms eru aðfararhæfir.

Áfrýja má úrskurði gerðardóms til dómstóla og er áfrýjunarfrestur til héraðsdóms 30 dagar frá birtingu úrskurðarins.

26. gr.

Í gerðardómi skulu sitja: lögreglustjóri, þar sem námið fer fram, og er hann oddviti, og tveir menn aðrir, sinn tilnefndur af hvorum málsaðila.

Nú vill einhver beiðast gerðar, og skal hann þá snúa sér til oddvita, og ákveður hann síðan gerðarfund og kveður báða málsaðila til að sækja þann fund ásamt gerðarmönnum þeirra, með 8 daga fyrirvara í mesta lagi. Skal á þeim fundi leggja úrskurð á málið, og ræður afl atkvæða úrslitum. Heimilt er oddvita að fresta fundi, þó ekki oftar en þrisvar sinnum, og ekki lengur en 8 daga í hvert skipti, enda hafi gerðarmaður tjáð honum lögleg forföll eða oddvita þykir nauðsyn bera til, til þess að réttur úrskurður verði á lagður. Nú sækir annar hvor gerðarmanna ekki fund og hefur ekki tjáð lögleg forföll, og getur þá oddviti og hinn gerðarmaðurinn lagt fullnaðarúrskurð á málið.

27. gr.

Jafnan er aðilum heimilt að slíta námssamningi, ef þeir koma sér saman um það.

28. gr.

Slit námssamninga eru því aðeins lögleg, að Iðnfræðsluráð eða iðnfulltrúar hafi samþykkt þau með áritun sinni.

29. gr.

Svipti Iðnfræðsluráð meistara eða iðnfyrirtæki rétti til þess að hafa nemendur um tiltekinn tíma eða að fullu, falla úr gildi námssamningar þeir, er hlutaðeigandi meistari eða iðnfyrirtæki er aðili að.

Iðnfræðsluráð skal, þegar þannig stendur á, sjá nemendum þeim, er þannig verða samningslausir, fyrir áframhaldandi kennslu í iðninni.

Meta skal Iðnfræðsluráð hverju sinni, að hve miklu leyti fyrri námstími skuli dragast frá hinum síðari.

V. KAFLI

Iðnskólanám.

30. gr.

Meistari og iðnfyrirtæki skulu láta nemendur ganga í iðnskóla og greiða fyrir þá skólagjöld, pappír, bækur og áhöld, sem námið útheimtir.

Þó skal meistara eða iðnfyrirtæki eigi skylt að standa straum af kostnaði þessum lengri tíma en venjulegt iðnskólanám stendur (4 ár).

Hafi nemandi áður lokið námi í iðnskóla, eða ljúki því á styttri tíma en fjórum árum, ber meistara að greiða honum í peningum það, sem meistari hefði að öðrum kosti þurft að greiða hans vegna í skólakostnað.

Um skólanámið fer svo sem lög og reglur um iðnskóla segja til um.

31. gr.

130

Lágmarkskröfur til burtfararprófs úr iðnskólum, hvar sem er á landinu, skulu vera sem hér segir:

- I. **Íslenzka.** Nemandi skal geta ritað íslenzku sæmilega, framsetningu og stafsetningu. Hann skal hafa lesið málfræði hliðstætt því, sem kennt er í héraðs- og gagnfræðaskólum. Próf skal vera skriflegt.

Þá er lög nr. 48 7. maí 1946 eru komin til framkvæmda, fellur íslenzkukennsla niður að öðru leyti en því, að nemendum skal kennt að gera verklysingu, útfylla skýrsluform og annað raunhæft, er við kemur iðninni.

- II. **Reikningur.** Nemandi skal kunna: Samlagningu, frádrátt, margföldun og deilingu með heilum tölum, almennum brotum, tugabrotum og nefndum tölum. Enn fremur einföld og samsett hlutföll (þríliðu), prósentu- og rentureikning og allar helztu mælieiningar lengdar, flatar, rúmmáls, þyngdar og tíma, sem eru löggiltar hér á landi. Auk þess skulu nemendur í húsgagnabólstrun, járníðnaði, myndagerð, klæða- og feldskurði, leirkerasmíði, málun, múr- og stein-smíði, netagerð, prentiðn, rafmagnsiðn, reiðtygja- og aktygjasmíði, reiða- og seglasaum, sútun, trésmíði, úrsmíði, vagnasmíði og skriftvélavirkjun, kunna að leysa uppsettar jöfnur, með einum og tveimur óþekktum stærðum, og frumatriði flatar- og rúmmálsreiknings.

Þegar lög nr. 48 frá 7. maí 1946, um gagnfræðanám, eru að fullu komin til framkvæmda, skal miðskólapróf vera inntökuskilyrði í iðnskóla, þó með þeirri undantekningu, að þeir nemendur, sem ekki hafa miðskólapróf, skulu taka inntökupróf í iðnskóla og séu prófkröfur ekki minni en til miðskólaprófs.

- III. **Efna- og eðlisfræði.** Nemandi skal kunna undirstöðuatriðin í eðlis- og efnafræði og enn fremur undirstöðuatriðin um þau efni og áhöld, sem óhjákvæmileg eru til iðnaðarstarfsins.
- IV. **Bókhald.** Nemandi skal kunna að gera kostnaðaráætlanir um efni og vinnu, halda frumbók, vinnubók, efnisbók, dagbók með tvöföldu dálkakerfi og höfuðbók, sömuleiðis jafnaðar- og efnahagsreikning.
- V. **Erlent tungumál.** Nemandi skal hafa lesið vandlega sem svarar 100 bls. í 8 bl. broti. Ræður skólanefnd á hverjum stað, hvaða erlent tungumál skuli kennt.
- VI. **Teikning.**

1. *Almenn frihendisteikning.* Hver nemandi skal hafa teiknað a. m. k. 10 flatarmyndir og 10 klossamyndir. Auk þess skal hann sýna með prófi, að hann geti teiknað nokkurn veginn rétt einfalda hluti. Allir nemendur skulu taka þátt í frihendisteikningu.
2. *Flatarteikning.* Nemendur skulu kunna að mynda horn, hringa, sporbauga, þríhyrninga og aðra marghyrninga, skipta línun, bogum og hornum og innrita og umrita hringa.

Flatarteikningu þurfa ekki að kunna nemendur í brauðgerð, framreiðslu, hárskurði, hárgreiðslu, kjötvinnslu, kvenhattasaum, matreiðslu, mjólkurvinnslu, skriftvélavirkjun og sútun.

3. *Rúmteikning.* Nemendur skulu kunna að gera fallmyndir á tvo fleti af punktum, línun, strendingum, strýtum, keilum, keflum og kúlum og sýna skurðarfleti í þeim hlutföllum í báðum flötum. Einnig að nota hjálparflöt og finna sanna stærð flatar og rissa frihendis fallmyndir af hlutum.

Rúmteikningu þurfa þessir nemendur ekki að kunna: Bakarar, köku-gerðarmenn, bókbindarar, framreiðslumenn, hárskerar, hárgreiðslukonur,

130
12. júní

hattasaumakonur, kjötiðnaðarmenn, klæðskerar, kjólasaumarar, kvenna-klæðskerar, feldskerar, leturgrafarar, matreiðslumenn, mjólkuriðnaðarmenn, prentarar, rakarar, skósmiðir, skriftvélavirkjar, sútarar og veggfóðrarar.

4. *Iðnteikning.*

- a. Öllum nemendum, sem iðnteikningu læra, skal kennd teiknskript, og skal hún notuð við alla teiknikennslu.
- b. Kökugerðarmenn skulu teikna kökur og kransa, tertur og skraut á þær.
- c. Báta- og skipasmiðir skulu gera línuteikningu af bát eða skipi, er sýnir lag skipsins og stærð, útfærsluteikningu, er sýnir, hvernig línuteikningin er færð út á flöt og hvernig smíðað er eftir henni, miðbandsteikningu og vinnuteikningu, er sýnir langskurð skips og þilfarsflöt, enn fremur lestarop og seglateikningu, er sýnir lengd og gildleika siglu og reiða.
- d. Beykjar skulu gera útlits- og vinnuteikningar af helztu hlutum, sem þeim ber að geta smíðað.
- e. Bókbindarar skulu gera teikningar af skreytingum á spjöld og kili.
- f. Bifreiðasmiðir, bifvélavirkjar, blikksmiðir, eirsmiðir, flugvélavirkjar, ketil- og plötusmiðir, málmsteypumenn, vélvirkjar, járn- og rennismiðir, pípu- og gaslagningarmenn og skriftvélavirkjar, skulu gera frihendis frumdrátt að minni háttar hlutum, sem til iðnar þeirrar teljast. Eftir þeim frumdráttum skulu þeir gera útlits- og vinnuteikningar með öllum nauðsynlegum málum.
- g. Gull- og silfursmiðir, leirkerasmiðir, leturgrafarar, ljósprentarar, myndgerðarmenn, glerslíparar og speglagerðarmenn, myndskerar, prentarar og veggfóðrarar, teikni frihendis stafi og skreytingar og hluti hver úr sinni iðn.
- h. Hárgreiðslukonur geri teikningu af hárgreiðslu, er hæfi mismunandi andlitsfalli o. fl.
- i. Húsasmiðir skulu gera vinnuteikningar að hurðum, gluggum, stigum, þökum, bitalögum, handriðum og skápum í eldhús og víðar, með öllum nauðsynlegum málum. Enn fremur teikna einföld hús, bæði grunnmyndir, þverskurði og útlitsteikningar.
- j. Húsgagnabólstrarar geri frihendis teikningar af fjaðrahúsgögnum og dýnum, svo og vinnuteikningar af virkjum og fjaðrasetningu.
- k. Húsgagnasmiðir geri útlits- og vinnuteikningar af nokkrum algengum húsgögnum.
 - l. Klæðskerar og feldskerar, kjólasaumarar, kvennaklæðskerar, netjarar, seglasaumarar og skósmiðir geri myndir af hlutum þeim, er þeirra iðn tilheyra, og sýni mál og snið á efnispörtum í hlutina.
- m. Hattasaumakonur teikni skreytingu á hatta og húfur, sem skreytingar eiga að vera á.
- n. Málarar teikni frihendis stafi, skreytingar og hluti. Einkum séu þeir æfðir í skuggateikningum.
- o. Múrarar skulu gera útlits- og vinnuteikningar af hlöðnum múrbogum, múrbindingum, dregnum listum, tröppum, handriðum o. fl., er að iðn þeirra lýtur. Þeir skulu og skilja járn-teikningar í járn-benta steinsteypu og geta gert grein fyrir, hvernig járn verði lögð í steypu eftir uppdrætti, er prófnefnd leggur fram, enn fremur einfaldar húsateikningar.
- p. Steinsmiðir skulu teikna stólpa, legsteina og minnismerki, svo og skreytingar á þau.

- q. Rafvirkjar skulu fá skurðar- og grunnmyndir af 3—4 húsum til mis- 130
munandi nota, teikna raflagnir í þau og gera verklýsingu. Séu teikn- 12. júní
ingar valdar þannig, að þær sýni algengar raflagnir í íbúðarhús, verk-
smiðjur og iðjuver. Enn fremur skulu rafvirkjar gera tengimyndir af
ýmsum tækjum og búnaði, er við kemur iðn þeirra.
- r. Rafvélavirkjar teikni vélar og tækjahluti, er viðkoma þeirra iðn, svo og
vinnuteikningar að einfaldri rafstöð eða háspennistöð.
- s. Reiðtygja- og aktygjasmíðir, tágara (körfugerðarmenn), mótasmíðir og
vagnasmíðir geri útlits- og vinnuteikningar af þeim hlutum, sem þeim
ber að kunna að smíða.
- t. Úrsmíðir teikni ganga og hjól í úr.
- u. Útvarpsvirkjar teikni mismunandi viðtækjahluti ásamt tengingum
þeirra.

VII. Sérgreinar. Hárgreiðslukonur og hárskerar kunni lífeðlisfræði um hárið og meðferð þess. — Rafvirkjar og rafvélavirkjar kunni undirstöðuatriði í rafmagnsfræði. — Matsveinar, bakarar, kökugerðarmenn, kjötiðnaðarmenn og mjólkuriðnaðarmenn kunni undirstöðuatriðin í almennri efnafræði og helztu efnasamböndum fæðutegunda. — Leirkerasmíðir, málarar og prentarar, skulu kunna undirstöðuatriði almennrar litarfræði og um samsetningu lita.

Í teikningu og sérgreinum þarf minnst einkunnina 5 til að ná prófi, og aðaleinkunn má ekki vera lægri en 5, miðað við hámarkseinkunn 10.

32. gr.

Í almennum námsgreinum er heimilt að leysa nemendur undan prófskyldu, ef þeir sýna skirteini um burtfararpróf frá gagnfræða- eða héraðsskóla, og hafa hlotið I. einkunn í þeim greinum.

33. gr.

Lágmark skólatíma fyrir nemendur, sem ekki hafa annan undirbúning en barna-skólanám, skal vera samtals 720 klukkustundir yfir allan námstímamann.

34. gr.

Viðverubækur þær, er iðnskólar láta nemanda í té, með vikulegum athuga-semdum um tímasókn, skal nemandi sýna meistara sínum vikulega og fá áletrun hans um sýningu.

35. gr.

Iðnfræðsluráð getur veitt undanþágu frá skólanámi:

1. Hafi nemandi þegar lokið iðnskólaprófi eða prófi við annan skóla, sem ekki hefur veitt minni fræðslu í neinni grein en heimtuð er til burtfararprófs úr iðnskóla.
2. Hafi meistari séð nemandu fyrir annarri kennslu, fullgildri að dómi Iðnfræðsluráðs, enda ljúki hann fullnaðarprófi frá iðnskóla.

VI. KAFLI

Verklegt nám.

36. gr.

Meistari skal veita nemandu sínum kennslu í iðngreininni og sjá svo um, að hann hafi að námstíma loknum hlotið hæfilega æfingu í öllum þeim störfum, er iðngreinin tekur til venjum samkvæmt og hafi lært meðferð, hirðingu og heitingu allra áhalda, er tíðkuð eru í iðngreininni.

130

12. júní

37. gr.

Heimilt er Iðnfræðsluráði, að fengnum tillögum hlutaðeigandi iðngreina, að setja námsreglur fyrir hverja iðngrein, þar sem sagt er fyrir um störf þau, er nemendur skulu hljóta æfingu í á hverju ári námstímans.

Iðnfræðsluráð getur enn fremur ákveðið, að færðar skuli vinnuskýrslur fyrir nemendur, hvaða verk þeir stundi daglega og hve lengi á dag. Vinnuskýrslur þessar skulu gerðar eftir fyrirmynd, er Iðnfræðsluráð samþykkir.

38. gr.

Iðnfræðsluráð skal gefa út eyðublöð undir missirislega umsögn meistara um hæfni nemanda, iðn hans og hegðun. Meistari skal missirislega útfylla eyðublöð þessi og senda þau tafarlaust Iðnfræðsluráði.

39. gr.

Nemendur skulu ganga til þeirra starfa, sem þeim er skipað til í vinnutíma þeirra (sbr. 10. gr. reglugerðar þessarar). Þó skal þeim ekki skylt að inna af höndum þá vinnu, sem þeim er um megn eða skaðleg getur talizt heilsu þeirra.

40. gr.

Iðnfulltrúar skulu hafa eftirlit með iðnnámi, hver í sínu umdæmi. Þeir skulu koma á vinnustöðvar, er nemendur eru að verki, skoða vinnuskýrslur að minnsta kosti árlega og árita þær þar um. Hafi nemandi, að dómi iðnfulltrúa og prófnefndar, ekki hlotið fullnægjandi fræðslu og æfingu, miðað við það, sem liðið er á námstímann, geta þeir lagt fyrir meistarann að bæta úr því innan ákveðins tíma.

Hafi iðngrein fengið námsáætlun staðfesta af Iðnfræðsluráði, skulu iðnfulltrúar fylgjast með að námsáætlun sé framfylgt, og geta í því skyni látið fram fara skyndipróf, hvenær sem er á námstímanum. Iðnfulltrúar skulu kveðja viðkomandi prófnefnd sér til aðstoðar við eftirlit með verklegu námi.

41. gr.

Nú stendur yfir verkfall eða verkþann á vinnustöð þeirri, er nemandi stundar nám sitt á, og skal hann þá ekki taka þátt í framleiðslustörfum á meðan. Aftur á móti er nemanda skylt að mæta til æfinga og meðferðar véla og verkfæra á vinnustöð, þar sem því verður við komið.

VII. KAFLI

Prófnefndir.

42. gr.

Iðnfræðsluráð skipar prófnefndir innan hverrar iðngreinar og á þeim stöðum, sem þörf er á og hæfir prófnefndarmenn eru á staðnum. Iðnfræðsluráð setur prófnefndum starfsreglur.

43. gr.

Í prófnefnd skulu vera þrír samiðnaðarmenn, að jafnaði bæði meistarar og sveinar, starfandi í iðninni, og eru þeir skipaðir af Iðnfræðsluráði til þriggja ára í senn, og jafnmargir til vara, séu þeir til á staðnum. Skulu þeir skipaðir að fengnum tillögum hlutaðeigandi iðnráðs, en iðnaðarmannafélaga, þar sem iðnráð er ekki til, enda hafi það áður ráðfært sig við hlutaðeigandi iðnfélög, séu þau til á staðnum, en annars við samiðnaðarmenn í iðnaðarmannafélaginu.

Nú er hvorki iðnráð né iðnaðarmannafélag á staðnum og getur Iðnfræðsluráð

þá ráðfært sig við einhverja samiðnaðarmenn á staðnum um skipun prófnefndar- 130
innar.

12. júní

Iðnfræðsluráðið tilkynnir prófnefndarmönnum skipunina og sendir þeim jafn-
framt eitt eintak af reglugerð þessari ásamt einu eintaki af lögum um iðnfræðslu.

Nefndin velur sér sjálf formann, en tilkynna skal hún Iðnfræðsluráði formanns-
valið þegar að því loknu.

44. gr.

Nú er á einhverjum stað ekki til nægilega margir samiðnaðarmenn í prófnefnd
og getur Iðnfræðsluráð þá skipað menn úr skyldum iðngreinum í prófnefndina.
Einn samiðnaðarmaður skal þó vera í prófnefndinni hið fæsta, sé fulllærður iðn-
aðarmaður í iðninni til hérlendis.

45. gr.

Nú er á einhverjum stað enginn samiðnaðarmaður annar en meistari próftaka,
og skal þá prófið fara fram á öðrum stað innan sama lögsagnarumdæmis, þar sem
samiðnaðarmenn eru fáanlegir í prófnefnd. Nú er enginn slíkur staður til innan
lögsagnarumdæmisins og skal þá prófið fara fram utan lögsagnarumdæmis próf-
taka, þar sem hentast er að fá prófnefnd. Þó má halda próf á þeim stað, þar sem
námið fór fram, ef því verður við komið, að prófnefnd komi þangað, enda sé það
sameiginleg ósk meistara og próftaka, og greiði meistari kostnað, sem af því leiðir.
Hið sama gildir, þurfi nemandi að fara til prófs utan dvalarstaðar síns.

46. gr.

Meistari próftaka greiðir 300 krónur í prófgjald, sem rennur í rikissjóð og fylgir
prófbeiðninni, og annan kostnað við prófið, að svo miklu leyti sem hann greiðist ekki
af opinberu fé, enda á hann sveinsstykkið að prófinu loknu. Þó má próftaki kosta
prófið og eiga sveinsstykkið, ef hann óskar þess.

Prófnefnd afhendir viðkomandi lögreglustjóra innborguð prófgjöld við undir-
ritun sveinsbréfa, en hann greiðir þóknun til prófnefndar samkvæmt reikningi, er
miðast við það, að prófnefndarmenn fái greitt vinnutap sitt.

47. gr.

Prófnefndir skulu vera iðnfulltrúum til aðstoðar við eftirlit með verklegri iðn-
fræðslu eftir því, sem nánar er fyrir mælt í reglugerð þessari.

48. gr.

Verksvið prófnefnda er:

- a. Að vera iðnfulltrúum til aðstoðar við eftirlit með iðnnámi, eins og nánar segir
í reglugerð þessari;
 - b. að sjá um sveinspróf og dæma þau.
- Prófnefnd getur tekið sér eftirlitsmann til yfirsetu á prófstað og greiði meistari
próftaka þann kostnað.

49. gr.

Þá er nemandi hefur lokið iðnnámi, skal meistari hans snúa sér til formanns
prófnefndar í iðninni á viðkomandi stað, með beiðni um, að nemandinn fái að ganga
undir sveinspróf. Beiðninni, sem skal vera skrifleg, skal fylgja:

1. Námssamningur nemandans;
2. fæðingar- og skírnarvottorð nemandans;
3. vottorð meistara eða iðnfyrirtækis um, að nemandinn hafi lokið verklegu námi;
4. hurtfararprófsskírteini frá iðnskóla;
5. prófgjald það, er um ræðir í 46. gr.

130

12. júní

Pegar svo er ástatt, sem segir í 8. gr. reglugerðar þessarar, getur nemandi jafnan sjálfur snúið sér til formanns prófnefndar á viðkomandi stað, með beiðni um að fá að ganga undir sveinspróf á ný.

Beiðnin skal vera skrifleg, og skal fylgja henni það, er greinir í 49. gr. reglugerðar þessarar, enda greiði nemandi þá sjálfur prófgjaldið.

51. gr.

Sé prófnefnd ekki til á staðnum, ber meistara eða iðnfyrirtæki að snúa sér til Iðnfræðsluráðs um að fá skipaða prófnefnd.

52. gr.

Prófnefndarmaður vikur sæti í prófnefnd, ef hann er meistari nemanda eða skyldur honum að feðgatali eða niðja, eða öðrum lið til hliðar, maki hans, unnusti eða unnusta, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn. Enn fremur skal prófnefndarmaður vikja sæti sé hann starfsmaður hjá meistara þeim eða iðnfyrirtæki, er próftaki stundaði nám hjá.

Víki prófnefndarmaður sæti tekur varamaður sæti í prófnefndinni. Sé enginn varamaður til, skal Iðnfræðsluráð skipa prófnefndarmann hverju sinni.

Aldrei mega tveir menn frá sama fyrirtæki vera prófdómendur samtímis.

53. gr.

Iðnfræðsluráð getur vikið prófnefndarmanni úr starfi, ef hann vanrækir starf sitt eða brýtur af sér á annan hátt, að mati Iðnfræðsluráðs.

54. gr.

Prófdómendur ákveða í samráði við meistara hver prófverk skuli vera (sbr. ákvæði prófverkefna).

55. gr.

Kostnaður við prófnefndir greiðist úr ríkissjóði.

VIII. KAFLI

Próf.

56. gr.

Prófið er:

- a. Ákveðið smíði eða verk, samkvæmt 59. gr., er sýni kunnáttu nemandans í iðninni;
- b. vinna á verkstæði eða vinnustað, er sýni leikni nemandans, handlagni og vinnuhraða, 2—6 klukkustundir;
- c. teikning (sbr. 58. gr.);
- d. munnlegt próf um handbrögð, efni, verkefni, tæki og vélar, er varða iðn hans.

57. gr.

Heimilt er Iðnfræðsluráði að setja reglur um munnlegt próf í einstökum iðngreinum eða öllum, enda hafi sérfélög í hlutaðeigandi iðnum haft tillögur um það til meðferðar áður.

58. gr.

Skylt er nemanda að gera prófverk eftir teikningu í þessum iðngreinum:

Beykisiðn, bifreiðasmíði, blikksmíði, hárgreiðslu, bókbandi, feldskurði, glerslípun og speglagerð, gull- og silfursmíði, hattasaumi, húsasmíði, húsgagnabólstrun,

húsgagnasmíði, eirsmíði, járnsmíði, ketil- og plötusmíði, málmsteypu, rennismíði, 130
 vélvirkjun, klæðskurði, kjólasaumi, kvennaklæðskurði, kökugerð, leirkerasmíði, 12. júní
 leturgrefti, málaraiðn, mótasmíði, múrsmíði, myndskurði, netagerð, prentletur-
 setningu, rafvirkjun, rafvélavirkjun, reiðtygja- og aktygjasmíði, seglasaumi, skipa-
 smíði og bátasmíði, skósmíði, skriftvélavirkjun, steinsmíði, tágariðun, úrsmíði,
 útvarpsvirkjun, vagnasmíði, veggfóðrun.

Í öllum þessum iðngreinum, og enn fremur í pípulögn og gaslögn, skal próftaki sýna, að hann skilji teikningar og geti unnið eftir þeim.

59. gr.

Prófnefnd ákveður prófverkið í samræmi við það, sem segir í reglugerð þessari. Í þeim iðngreinum þar sem um val verkefna er að ræða, skal haft samráð við viðkomandi meistara um val prófverks. Hún ákveður, hve langan tíma nemandi fær til prófsins og hvernig umsjón með því skuli hagað samkvæmt fyrirmælum Iðnfræðsluráðs. Hér fara á eftir verkefni, sem hæf skulu teljast til prófs, eftir vali prófnefndar; þó skulu önnur verkefni, sem valin kunna að verða, ekki auðleystari en þau, er hér greinir. Þótt tvö eða fleiri tölusettt verkefni séu tiltekin í sömu iðn, skal aðeins eitt lagt fyrir nemanda, nema annað sé ákveðið í reglugerð þessari.

1. Brauðgerð og kökugerð.

- a. Í bakaraiðn leysi próftaki af hendi undirbúning brauðgerðar og sýni kunnáttu sína í almennri brauðgerð, svo sem með því að afgreiða pöntunarlista, sem prófnefnd hefur samið fyrir ákveðna tölu brauða, með tilliti til fjölbreytni þeirrar, er nauðsynlegt má teljast í brauðgerðarhúsi á hverjum tíma. Enn fremur skal próftaki reyndur munnlega í ýmsu því nauðsynlegasta, er iðn hans varðar, eins og t. d. í því, er lýtur að ofninum, lifrænni og ólifrænni gerjun, orsökum algengustu brauðgalla og vörnum gegn þeim o. fl.
- b. Kökugerðarmenn skulu undirbúa og fullgera „hátiðarhorn“, rjómaköku, tertu, kransaköku, eða einhverja aðra tilsvarenda hlaðna köku (aufsatz), sem prófnefnd dæmir gilda samkvæmt teikningu. Skreyta möndludeigsköku (marcipan-tertu) eða rjómaköku (tertu) eftir gerðri fyrirmynd. Gera blaðdeig (butterdeig) og gera úr því brauðkollu (postej), og sniðtíglu. Gera vinarbrauðsdeig í ákveðna tölu vinarbrauða og annars, sem gert er úr slíku deigi. Enn fremur skal próftakinn gefa munnlegar skýringar um sykursuðu og ýmislegt annað, er iðn hans varðar.

2. Bifreiðasmíði.

Próftaki skal velja með drætti eitt atriði úr hverjum neðanskráðra flokka og framkvæma þau atriði, sem hann dregur. Auk þess skal hann sýna kunnáttu sína í rafsúðu og logsjóða saman tvær 1 mm þykkar járnplötur, er séu að minnsta kosti 50 cm á hvern veg.

1. flokkur:

- a. Smíða stafi í bogna hurð;
- b. smíða bita í þak;
- c. setja saman eitt hurðarhorn.

2. flokkur:

- a. Smíða járnklofa, er tengi framstykki við undirvagn;
- b. smíða járnbeygju, er tengi framstykki við hlið;
- c. leggja járn á gluggahorn;
- d. kúpa 1 mm járnplötu;
- e. smíða upp og breyta aurhlífum,

130

12. júní

3. flokkur:
- Líma gúmmí á sætisramma og klæða sætið með dúk;
 - leggja raflögn í þak með tilheyrandi rofa;
 - skera og slípa hreyfanlega rúðu.

3. Bifvélavirkjun.

Próftaki skal:

- Stilla legur á sveifarás og gera í þær olíurásir;
- stilla undirlyftuás og loka;
- stilla ganghjól;
- stilla rafkveikju;
- stilla bullubolta og hringi;
- stilla öxultengil;
- stilla stýri;
- stilla fjögurra hjóla hemla og aðalhemla;
- finna gangtrufun í venjulegri bifvél;
- finna straumleka í rafmagnskerfi bifreiðar;
- rétta, bæta og logsjóða aurhlíf og bifreiðarhús;
- bora og slípa bullustrokk;
- lýsa gangskiptakassa og ganghjólum, vinnu þeirra og tilgangi;
- teikna rafmagnskerfi bifreiðar.

Próftaki skal draga þrjú af framantöldum atriðum og leysa úr þeim verkefnum, er hann dregur. Enn fremur skal prófnefnd leggja fyrir hann spurningar um þau atriði, sem hann tekur ekki próf í á annan hátt.

4. Blikksmíði.

Próftaki skal gera eitt af eftirfarandi verkefnum:

- Kaffikönnu, lítrataeka, úr látúni eða eir;
- þakglugga úr zinkjárnri og þakrennu með horni, stút, niðurfalli, botnstút og rennublöndun;
- ljósker á skip;
- kökumót eða ísmót;
- baðker úr zinki;
- skjalaskrín úr eir, látúni eða zinki eða annað, er prófnefnd tekur gilt, til að sýna leikni og kunnáttu próftakans.

5. Bókband.

Verkefni sé í eftirfarandi átta liðum:

- Ein bók í alskinn, bogahorn og skinnlögg, gljád snið og allituð eða gyllt, gyllt á kjöl, þrykkt eða gyllt á báðar hliðar eftir eigin teikningu. Minnsta stærð 26 cm á hæð og $2\frac{1}{2}$ —3 cm á þykkt;
- ein bók í skinn á kjöl og hornum, upphleypt, gljád snið eða ýrð, gyllt á kjöl, ekki minni en 22 cm á hæð og 3 cm á þykkt;
- ein bók í skinn, grunnfals, saumuð á bendla (nótnabókarband), lín á hliðum, gylltur kjölur, ýrð snið, bogahorn, minnst 35 cm hæð;
- ein bók allín, grunnfals, ýrð snið, gylltur kjölur, minnst 21 cm hæð;
- tvær bækur í upplagaband, önnur í rexín, hin í skinn. Búa skal til bindin og gylla í vél, setja skinnbókina inn í bindið með kjöhlólk, hina eins og venjulega;
- ein bók, minnst 15 arkir, sé heft og sett í kápu. Próftaki handbrjóti arkirnar;

- g. unnar séu minnst tvær blokkir, límdar og límt á kjöl;
 h. unnar séu minnst tvær blokkir, límdar, vírheftar og límt á kjöl.

130

12. júní

Jafnframt verkega prófinu sé munnlegt próf, þar sem próftaki lýsi öllum aðferðum við verkefnið í rétttri röð.

6. Flugvélavirkjun.

Við prófið skal próftaki sýna að hann kunnir:

- Grundvallaratriði í byggingu, samsetningu, viðhaldi og viðgerðum á skrokkum loftfara, vængjum þeirra, hreyflum, mælitækjum og öðrum þeim hlutum og áhöldum loftfara, sem þörf þykir á að hann viti skil á. Einnig þær loftferðareglur, sem snerta flugvélavirkjun;
- skoðun (eftirlit) á loftfari áður en lagt er upp í flugferð;
- hvernig prófa á ýmis efni, sem notuð eru til smíða á loftförum, og þekkja þá galla, sem gera þau ónothæf til smíða eða viðgerða á loftförum;
- hitunaraðgerðir, svo sem logsuðu, rafsuðu, kveiking, líming og vatnsþétting hinna ýmsu hluta loftfara;
- aðgerðir til varnar íkvikunum í loftfarinu;
- jafnvæghlutföll loftfara við mismunandi hleðslu;
- mismunandi gerðir hreyfla, svo sem vökvakælda og loftkælda hreyfla, hvernig þeir starfa o. s. frv.;
- reglubundið eftirlit, sem framkvæmt er með vissu millibili (svo sem með 10, 50, 100 og 200 klst. millibili o. s. frv.) og grannskoðun;
- skil á eldsneytis- og oliutegundum, eiginleikum þeirra og notagildi;
- færslu flugvéladagbóka fyrir hreyfla og skrokk;
- grundvallaratriði flugeðlisfræðinnar.

7. Gaslögn.

Við prófið skal próftakinn innna þessi verk af hendi:

Bora gat á götuleiðslu, tengja hana við gasmæli, og fullgera tengslin eftir að lögnin hefur staðið í fullar 20 mínútur undir þéttireynslutæki. Enn fremur leggja gasleiðslu frá gasmæli að minnst þremur gaseldavélum eða baðofni, stilla gaseldavélar og bökunarofnabrennara og slípa þollás. Uppdrátt að lögnum skal ávallt afhenda nemanda fyrir prófið.

8. Glerslípun og speglagerð.

Próftaki skal:

- Skera, kantslípa og bora glerplötu í innbú verzlunar. Skal glerplatan vera 60×125 cm hið minnsta og ekki þynnri en 6 mm;
- skera og slípa 25 mm snið (facet) á spegli úr 6—8 mm þykku gleri og sé hann ekki minni en hálfur fermetri að stærð;
- skera, kantslípa og skáslípa 5 mm breiðan kant á kringlótta glerplötu úr 6—8 mm þykku gleri og sé glerplatan ekki minni en 80 cm í þvermál;
- skera, kantslípa og slípa handgróp í glerhurð úr 6—8 mm þykku gleri og sé hún ekki minni en 100 cm á hæð og 60 cm breið;
- gera spegil úr 3 mm gleri, og sé hann ekki minni en 25×40 cm að stærð.

9. Gull- og silfursmíði.

Próftaki skal smíða:

- Úr gulli:
 - Armband;
 - brjóstnál;
 - hálsmen.

130
12. júní

- b. Úr silfri:
1. Stokkabelti;
2. koffur;
3. kónnu;
4. bikar;
5. kökuspaða.

10. Hattasaumur.

Próftaki skal gera vetrarhatt og sumarhatt fyrir fullorðna og einn kvenhatt (úr flóka, silki, ull eða bómullarefni), eftir tízku þess tíma, er prófið er tekið á. Einn hattur skal saumaður eftir teikningu, er prófnefnd velur. — Nemandi velur sjálfur allt efni í hattana.

11. Hárskurður og hárgreiðsla.

I. Há r s k u r ð u r :

Próftaki skal sýna leikni í eftirfarandi atriðum:

- Að klippa skípt og uppstandandi hár með skærum og vél, og að klippa skegg eftir tízku hvers tíma;
- að liða og greiða hár og skegg;
- að þvo og þurrka hár og að nudda hársvörð með höndum og rafmagni;
- að nudda andlit með höndum og rafmagni;
- að hjóldraga og brýna hníf og skæri, bera sápu á og raka mann. Skal einkum aðgætt, hvernig nemandi beitir hnífnum og hvernig hann stendur að verkinu.

II. H á r g r e i ð s l a :

Próftaki á að liða hár með járnum, setja upp hár, leggja hár og klippa, snyrta andlit og snyrta hendur.

12. Hljóðfærasmíði.

Próftaki skal sýna hæfni í:

Plánósmíði:

- hvers konar strengjavinnu;
- samsetning og stilling á verki;
- hljómstillingu.

Harmóníumsmíði:

- koma fyrir lokum, lokutappa og hnéspaða;
- smíða lokufjaðrir og koma fyrir nótnaborði og áttundatengslum;
- hljómstilla harmóníum;
- setja saman, setja upp og stilla verk, belg og nótnaborð.

13. Húsgagnabólstrun.

Próftaki skal bólstra stól eða sófa með fjöðrum í sæti og baki. Einnig skulu armar vera bólstraðir, með eða án fjaðra. Léreft skal nota yfir bólstrið, en síðan skal klætt með húsgagnaáklæði. Léreft (shirting) eða önnur efni má og nota sem áklæði.

14. Járniðnaður.

130

12. júní

Í járniðnaðargreinum skal prófi háttað sem hér segir:

I. Eirsmíði:

Próftaki skal logsjóða eirpíputé, eir í eir, logsjóða látúnshné, kveikja saman eirpípu, logsjóða saman bronz, beygja eirpípu, kveikja stétt á eirpípu, kveikja gildan látúnsklampa á þunna látúnspötu, logsjóða saman látúnspötur eða annað svipað.

II. Eldsmíði:

Próftaki skal smíða eldverkfæri, eldfæri, mastursspennu með auga, eða eitthvað svipað, og sýna kunnáttu í eldsuðu.

III. Ketil- og plötusmíði:

Próftaki skal smíða og merkja upp ketilbotn eða kjölplötu eftir gefnu máli og hnoða kúlu- og sléttþnoð og logskera hnoð og plötur, þetta hnoð og plötubrún, logsjóða plötur, sýna að hann kunni að rafsjóða o. s. frv.

IV. Málmsteypa:

Próftaki skal móta samsett stykki með kjarna, bræða járn og rauðmálm og steypa í tilbúinn mótakassa, og sýna blöndun á kjörnum og móta-sandi.

V. Rennismíði:

Próftaki skal smíða og renna eftir teikningu laggarskrúfþoll og ró, eða stimpil, hefla samhliða flöt á fleyg, renna skífu á ás o. s. frv.

VI. Vélvirkjun:

Próftaki skal steypa hvítmálm í leg, fella leg á ás, máta fleyg í fleygspor, logsjóða plötu, kveikja hólk á pípu, geira tönn, vinda gorm eða eitthvað þess háttar, finna gangtruflun í mótör og sýna hæfni í rennismíði.

15. Kjötiðnaður.

Próftaki skal:

- a. Skera helming af nauti til vinnslu;
- b. skera alikálfsskrokk í því augnamiði, að búa til kálfsvefju;
- c. hluta sundur hálfvín;
- d. hluta sundur lambsskrokk;
- e. vefja svínlæri;
- f. búa til Bæjarabjúgu;
- g. búa til blóðmör eða lifrarpylsu;
- h. búa til kjötkæfu eða lifrarkæfu;
- i. enn fremur skal nemandinn munnlega skýra reykingu, suðu, söltun og annað, sem iðninni tilheyrir.

16. Klæðskurður og feldskurður.

I. Klæðskurður:

Próftaki skal teikna, sníða og sauma eitt af eftirfarandi verkefnum:

1. Venjuleg jakkaföt á karlmann;
2. kjölföt á karlmann, handstungin;
3. viðhafnar stuttreyfuföt (smoking);
4. vetrarfrakka (ulster);
5. hálfþóðraðan og venjulegan frakka.

130

12. júní

II. **Feldskurður:**

Próftaki skal sauma eitt af eftirfarandi verkefnum:

1. Vandaða skinnhúfu með fódri og broti;
2. fódra frakka með feldum úr heilum skinnnum og setja á hann skinnkraga;
3. feldkápu úr 30 heilum skinnnum eða fleirum (nota skal aftursting við samsaum skinnanna);
4. lausan loðkraga og loðstúku úr skunkskinnnum eða marðarskinnnum og fódra hvort tveggja með rykkingum og skrautsaum. Í loðstúkunni skulu vera fleiri en eitt skinn, ef því verður við komið.

III. **Kjólasaumur:**

Próftaki skal teikna, sníða og sauma eitt af eftirfarandi verkefnum:

1. Síðdegiskjól;
2. kvöldkjól;
3. samkvæmiskjól; eða:
 1. upphlut;
 2. peysuföt (treyju og pils).

IV. **Kvennaklæðskurður:**

Próftaki skal teikna, sníða og sauma eitt af eftirfarandi verkefnum:

1. Vetrarkápu með skinni;
2. frakka (ulster, svagger);
3. skinnlausa kápu;
4. peysufatafrakka;
5. jakka og pils (dragt).

17. **Leirkerasmíði:**

1. Próftaki skal móta og renna eftirtalda þrjá gripi:
 - a. Skrautker (vasa), hæð ca. 35 cm;
 - b. skál, þvermál ca. 30 cm;
 - c. könnu, hæð 25 cm.

Einn af þessum munum skal nemandi skreyta með upphleyptu mynda-skrauti.

2. Próftaki móti í leir kjertastjaka, geri af honum gibbsform og taki svo leir-afsteypu af mótinu.
3. Próftaki sjái um þurrkun þessara fjögurra muna, máli þá og brenni. Glerung og liti skal hann blanda sjálfur og skrifa litalýsingu. Að lokum skal hann slípa botnfleti munanna í slípivél og með handverkfærum.

18. **Leturgröftur.**

Próftaki skal handgrafa fjórar mismunandi leturgerðir á ýmsa lund, inn-sigli (með eiginhandarskrift, skrifletri eða prentlettri), dyraspjöld með lakki í stöfunum og þrjá stálstimpla, einn með lettri, annan með mynd og þriðja með skrauti (ornament).

19. **Ljósprentun.**

Próftaki skal:

- a. Taka strikmynd og netmynd af góðri fyrirmynd og framkalla þær. Enn fremur stækka mynd og minnka;
- b. undirbúa filmur undir gegnumlýsingu;
- c. undirbúa plöturnar með sýrum;
- d. gera plöturnar ljósnæmar með tilheyrandi efnum;

- e. gegnumlýsa filmurnar á plötu;
- f. framkalla plöturnar með tilheyrandi efnunum;
- g. undirbúa plötu fyrir prentun eða til þess að geymast án þess að hún ryðgi;
- h. stemma plötu við pappír;
- i. jafna svertu eða liti og stilla hlutfall á milli svertu og vatnskefla;
- j. prenta myndirnar í 100 eintökum.

130

12. júní

20. Málun.

- a. Próftaki skal grunnmála, slétta (spartla) og mála húsgagn eða tréflöt, $1 \times 1,5$ m að stærð, með einum eða fleiri litum. Á þennan flöt máli nemandinn þrjár línur í mismunandi litum og breiddum, þannig að fram komi rétthyrndir flétir. Prófflötinn skal gljálakka eða lakka hann með móðublæ;
- b. próftaki skal mála flöt (pappír strengdan á ramma), $1 \times 1,5$ m að stærð, með ógljáðum oliulit eða oliumáli, lökkðu með móðublæ, sem hér segir: Efri hluti flatarins málist með lit, eftir sýnishorni, er nemandinn dregur í lokuðu umslagi. Neðri hlutinn málist með lit, er nemandinn velur sjálfur. Milli þessara tveggja lita sé málaður 10 cm breiður borði með þriðja litnum. Á borðann skal mála skreytingu með oliulitum og skal nemandinn samræma áður nefnda liti og skreytingu;
- c. tréflöt, $1 \times 0,6$ m að stærð, skal grunnmála, slétta (spartla) og mála. Á þennan flöt skal nemandinn mála tré eða marmaralíkingu, lakka og fága með móðublæ;
- d. tréflöt, $1 \times 0,5$ m að stærð, skal grunnmála, slétta (spartla), mála og lakka. Á þennan flöt skal nemandinn mála sýnishorn af spjaldletri, ekki minna en 25 bókstafi og tölustafi. Próftaki velur stafagerð, en prófnefnd ákveður texta;
- e. á pappaspjald, $0,4 \times 0,4$ m að stærð, skal mála með limlitum sömu liti og í grunnlitinn í verkefni b.

21. Matreiðsla og framreiðsla.

I. Matreiðslumenn:

Próftaki skal:

- a. Taka bein úr kjöti eða fiski (er kjötið og fiskurinn tölusett og próftakinn dregur eina tölu, og tekur bein úr því, er talan vísar til);
- b. útbúa fiskrétt og kjötrétt til morgunverðar (skal um þrjá rétti í hvoru að velja og dregur próftakinn sinn af hvoru);
- c. skreyta kalda framreiðslu, sem próftakinn má búa til eftir vild, enda hafi hann sjálfur búið til réttinn hjálparlaust;
- d. búa til tvær ídýfur, aðra heita en hina kalda, t. d. „mayonnaise“, „bernaise“ eða „hollandaise“;
- e. gefa skriflega lýsingu á rétti (á matseðli), er prófnefnd tiltekur, hvað í honum sé og hvernig hann sé gerður;
- f. skýra munnlega matseðil, súpu, fisk, millirétti, steik og ábæti. Dregur nemandinn einn réttinn og skýrir hvað í honum sé og hvernig hann sé gerður.

II. Framreiðslumenn:

Próftaki undirbúi og leggi á borð, þar sem framreiða skal kalda rétti (kalt borð) með tilheyrandi glösum, og annist síðan framreiðsluna. Enn fremur skal hann undirbúa og leggja á borð, þar sem framreiða skal heitan samkvæmismat, með tilheyrandi glösum, og annast síðan framreiðsluna,

130 22. Mjólkuriðnaður.

12. júní

Próftaki skal:

- a. Vega inn mjólk með sæmilegum flýti, og taka sýnishorn fyrir fitu- og „reduktase“-mælingar. Hann skal fitumæla mjólk eftir aðferð dr. Gerbers og kanna gerlamagn mjólkur eftir aðferð dr. Barthels og Jensens (reduktase-prófun);
- b. setja í gang vélknúna skilvindu, gerilsneyða undanrennu til skyr- og ostagerðar, og rjómann til smjörgerðar. Próftakinn skal gera grein fyrir byggingu og meðferð skilvindna, Pasteurs-hitunartækja, gufuvéla, frystivéla og gufukatla;
- c. hleypa skyr og skýra áhrif hitastigs hleypis og þétta;
- d. búa í vélknúinn strokk, segja um hvenær fullstrokkað er, salta, hnoða og vatnsmæla smjörið, sýna handleikni við töku smjörsins úr strokknum og við smjörmótun (pökkun) með borði eða vél. Próftakinn skal og gera grein fyrir áhrifum mismunandi hitastigs við skaksturslok og áhrif eltingar á smjörið;
- e. sýna kunnáttu við að sýra rjóma;
- f. gera Gautaost eða einhverja tilsvarendi ostategund (úr 1000—2000 lítra ostakeri), sýna handleikni við mótun hans, skýra aðalganginn í þeim efna-breytingum, er eiga sér stað frá því ostamjólkin er hleyppt og þar til osturinn er fullgerður. Próftaki skal og sjóða mysuost, hræra hann og móta, og sýna leikni í vinnu í vörugeymslu.

23. Múr- og steinsmíði.**I. Múrsmíði:**

Próftaki skal:

1. Múra upp $1\frac{1}{2}$ steins múr með eins steins bindingu, 1,88 m langan og 1,25 m háan, bindinguna og öll 4 horn hennar skal slétthúða;
2. hlaða um dyr eða gluggaop og loka að ofan með hringboga, sporöskjuboga eða oddboga. Auk þess skal próftaki sýna leikni í að draga loftlista og skera saman horn, leggja gólf- og veggflisar og loka að blanda, leggja og binda járnþenta steinsteypu eftir uppdrætti.

II. Steinsmíði:

Próftaki skal:

1. Höggva og fullgera áttstrendan girðingarstöpul með strendan topp;
2. höggva og fullgera millistein í legstein með holboga umhverfis að ofan;
3. gera legstein með slípuðum og gljádum framfleti og inngreiptum, gylltum krossi.

24. Myndagerð.**I. Ljósmyndagerð:**

Próftaki skal:

- a. Framkvæma myndatökur í ljósmyndastofu (mannamyndatökur) við dagsljós eða rafljós og endurtöku á gömlum og nýjum myndum;
- b. framkvæma „negativ Retusch“ (plötur eða filmur), „positiv Retusch“ á myndatökum, ásamt sömu vinnu á endurtökumyndum í frumstærð og stækkuðum;
- c. fullgera myndatökur sínar og stækkanir eftir nýjum og gömlum myndum, í „Kabinet“ að $\frac{1}{4}$ úr örku eða stærra, eftir vali prófnefndar;

- d. munnlegt próf skal ná yfir alla almenna byggingu á „Objektivum“ 130 (linsum), skal skilgreina mismunandi tækni þeirra hvers fyrir sig í 12. jáni notkun;
- e. notkun á litskífum skal sundurgreinast, verkun þeirra á mismunandi liti og áhrif þeirra, lit og ljósnæmi á ljósmyndaplötu (film);
- f. öll kemisk efni, er nota þarf við ljósmyndagerð, skulu greind sundur, þau er nota þarf til framköllunar á filmur og plötur og pappír, litunarböðum og alls annars, er nota þarf til daglegrar vinnu;
- g. þekkja nákvæmlega mismunandi gerðir af filmum og plötum, hraða þeirra, ljósnæmi og litnæmi þeirra, bæði utanhúss og innan, einnig þekkja breytilegar pappírstegundir og hæfni þeirra við mismunandi vinnuskilyrði.

II. Prentmynda smíði :

Próftaki skal grafa myndir í zink eða eir, punktamyndir fyrir myndapappír og grófari pappír, og punktalaus mynd (strikmynd), bæði með einum lit og allt að fjórum litum. Skal hann skila sýnishornum af myndunum og plötunum tilbúnum til prentunar.

III. Prentmynda ljósmyndun :

Próftaki skal ljósmynda punktamynd og strikmynd (teikningu), bæði með einum lit og allt að fjórum litum. Einnig skal hann framleiða (framkalla) myndirnar og færa (kopiera) þær á zink eða eir. — Próftaki skal vera fær um að undirbúa ljósmyndaplötur og geta gert munnlega grein fyrir meðferð þeirra efna, er starfinu tilheyra.

25. Netagerð.

Próftaki skal gera eftirlíkingu (model) af botnvörpu, og teikna og gera eftirlíkingu af síldarnót. Stærð eftirlíkinganna ákveði prófdómendur.

26. Pípulögn.

Próftaki skal leggja einfalda hitalögn og einföld hreinlætistæki á stað, sem prófnefnd útvegar til þess. Skulu verkefni valin, með tilheyrandi teikningum, einu fleiri en próftakar eru hverju sinni, og dregur hver próftaki sitt verkefni í hvorum flokki. Hann skal og sýna kunnáttu sína við að logsjóða og logskera pípur og tinkveikingu, enn fremur gera beygju eða té, eftir því sem prófverkefnið gefur ástæðu til og prófnefnd ákveður.

27. Prentiðn.

I. Setning :

Fræðilegt :

Próftaki skal gefa munnleg svör við nokkrum spurningum út úr undirstöðuatriðum, áhaldafræði, ífnisfræði, listfræði og vinnufræði setningar og íslenzkri málfræði áhrærandi stafsetningu, og enn fremur leiðrétting á skakkt stafsettu, en læsilega skrifuðu handriti.

Verklegt :

Próftaki skal :

- Setja samfellt lesmál í eina klukkustund úr meginmálsletri, fyrirlagt með 4 dt. flögum, línulengd 16—20 dt., setja stafrófsmæli neðan við, lausan frá, prófarka sátrið og leiðrétta síðan og prófarka aftur;
- leiðrétta í meðallagi slæma próförk;

130

12. júní

- c. setja titilsíðu; prófnefnd leggur til handrit og segir til um bókarbrotið, en próftaki ákveður letur og hlutföll;
- d. setja auglýsingu í blað eða tímarit og eyðublað fyrir verzlunarviðskipti, og segir prófnefnd fyrir um stærðir, en próftaki ákveður letur og fyrirkomulag;
- e. setja töflu eftir greinilega skrifuðu handriti, er prófnefnd leggur til, og segi hún til um stærð, en próftaki ræður letri og strikaskiptingu;
- f. framkvæma niðurhlutun („umbrot“) á vélsettu letri í tímaritsopnu (enda á grein og upphaf á annarri), tví- eða þrídálka, og auglýsingin og taflan felld í; próftakinn ákveður fyrirkomulag blaðsíðutitils og fyrir-sagnar.

II. Prentun:

Fræðilegt:

Próftaki skal gefa munnleg svör við nokkrum spurningum um undirstöðuatriði prentunar, um mismunandi gerðir véla og áhöld, eðli og gerðir pappírs, prentliði og tegundir þeirra og mismunandi gerðir prentmynda.

Verklegt:

Próftaki skal prenta hjálparlaust venjulega bókarörk í hraðpressu, ákveða hlutföll jaðra, litarmagn og aðlögun. Auk þess skal hann raða fram fjórum 8 síðna og tveimur 16 síðna örkum í tvennu lagi, prenta með einum lit eða fleirum í fergispressu eða handpressu sjálfstæða auglýsingu, strikasamfellu eða bréfhhaus, prenta mynd (autotypi) á myndapappír; myndina skal aðlaga með undanskurði.

28. Rafmagnsiðn.

I. Rafvirkjun:

Húsalagnir:

Próftaki skal framkvæma:

- a. Samanskrúfaða pípulögn í steypulofti, ekki færri en 3 dósir, 4—6 stúta;
- b. samanskrúfaða pípulögn í bitalofti og tréskilrúm;
- c. ídrátt og tengingu í loftdósum, uppsetning á rofum og tenglum;
- d. blýstrengslögn, minnst 5 metra bugðótta lögn, með eigi færri en 4 þétti-stútum.

Verkstæðisvinna:

- a. Tengja sjálfvirkan rofa eða annað fjarstýrt áhald;
- b. tengja stjörnuþríhyrningsrofa;
- c. tengja jafnstraumsrafal eða töflu fyrir hann;
- d. setja saman hitatæki með þrískiptum rofa.

Teikningar o. fl.:

- a. Gera uppdrátti af prófverkefnum þeim, er um getur hér að framan, eða öðrum hliðstæðum verkefnum;
- b. sýna þekkingu á gildandi reglum um raflagnir og kunnáttu í að fara eftir þeim;
- c. sýna kunnáttu í meðferð og notkun nauðsynlegra mælitækja;
- d. gera efnisáætlun og verklýsingu á raflögn í húsi með ekki færri en 30 lampastæðum.

Vinnuhraði, frágangur o. fl.:

Prófnefnd skal taka tillit til:

- a. Vinnuhraða, vinnuafkasta;
- b. frágangs á verki, smekkvísi og vandvirkni;
- c. meðaleinkunnar við undangengin árspróf.

130

12. júní

Heimilt er prófnefnd að fá próftaka önnur verkefni til úrlausnar, en að framan greinir, enda sýni þau ekki síður hæfni hans og kunnáttu í iðninni.

II. Rafvéla virkjun:

Próftaki skal:

1. Vefja snúð og sátur rafvéla, gera mælingar á vafi straumvendis og gera grein fyrir árangrinum, reikna út og gera ræsi fyrir rafvél;
2. setja upp vélar í 10 hestafla oliuvélarstöð, eða 10 hestafla vatnsaflsstöð með lágspennu, tengja spjöld fyrir vélar og útiliggjandi línur, leggja allar lagnir í stöðinni og ganga svo frá öllu, að stöðin verði reynd í góðum gangi;
3. setja háspennutæki í 50 kw. spennistöð með straumrofa og teinrofa, ásamt tengingu við spennu báðum megin, tengja lágspennuspjald fyrir útiliggjandi línur, grunntengja stöðina, þurrka eða hreinsa olíuna, svo að spennirinn geti starfað öruggt;
4. ganga frá straum- og spennumælum á 500 kw. háspennustöð.

III. Útvarps virkjun:

Próftaki skal setja upp útvarpsviðtæki með loftneti og grunntengingu, gera við 3 viðtæki (eitt fyrir rafhlöður, eitt fyrir rakstraum og eitt fyrir riðstraum) og teikna í aðaldráttum straumrásarmynd í tækin og gera grein fyrir gerð þeirra og orsökum bilana, framkvæma deyfingu útvarpstruflana frá ákveðnum raforkuvirkjum, sýna að þeir hafi nægilega þekkingu í rafmagnsfræði, útvarpsfræði og hljóðfræði til þess að geta framkvæmt hvers konar mælingar og viðgerðir á flóknum útvarpsviðtækjum, sem nauðsynlegar eru til þess að koma þeim í fullkomið lag, enn fremur, að þeir þekki gildandi lög og reglugerðir, er varða útvarps- og loftskeytatæki.

29. Reiða- og seglasaumur.

Próftaki skal:

- a. Taka mál af gaffalsegli á 60 smálesta skipi eða stærra, eða öðru segli jafnvandasömu, gera uppdrátt af því, skipta niður í dúka, sníða það og sauma í höndum með öllum rifgötum saumuðum (ekki „patent kósa“), laga það (afsetja) og sauma utan um það kantkaðal (ligtov), eins og við á;
- b. draga upp reiða á 60 smálesta skipi eða stærra, ákveða gildleika víranna í reiða, búa reiðann til og gera grein fyrir, hvernig á að vinna verkið. Setja síðan reiðann upp og alla stagi, eins og við á. Enn fremur skal hann gera öryggisáhöld eftir nánari ákvörðun prófnefndar.

30. Reiðtygja- og aktygjasmíði.

Próftaki skal smíða:

1. Járnvirkjahnakk, ísaumaðan rósum;
2. spaðahnakk með lafaþófum;
3. kragaaktygi;
4. kvensöðul.

130 31. Skósmíði.

12. júní

Próftaki skal:

- a. Botna eina randsaumaða skó að öllu leyti;
- b. botna og sauma vaðstígvél að öllu leyti.

32. Skriftvélavirkjar.

Próftaki dragi þrjú af eftirfarandi verkefnum og leysi úr þeim, sem hann dregur:

1. Renna vals og undirrúllur í reiknivél;
2. stilla bandflutning ásamt sjálfvirkri skiptingu í reiknivél;
3. stilla valshæð í reiknivél;
4. stilla aðalhreyfistykki ritvéla (Skridtmekanisme);
5. kveikja staf í ritvél;
6. renna skrúfu og tilheyrandi ró, með öfugum skrúfugangi;
7. geira tönn;
8. vinda gorm;
9. taka út stillidælu, skipta um olíu í henni og setja hana í aftur;
10. stilla dós í 10 lykla reiknivél;
11. taka geira úr reiknivél og stilla hann inn aftur;
12. gera grein fyrir höfuðatriðum í byggingu reiknivéla.

33. Sútun.

Próftaki skal rota, súta, strá eða kasa og fullgera eina húð og tvö kálfs-skinn (slétt, rauðsútuð), hvítsúta fjögur loðskinn, tvö af dilkum og tvö af öðrum dýrum (fínsútun). Í munnlegu prófi skal nemandi gera grein fyrir sýtunar-aðferðum.

34. Tágarið.

Próftaki skal gera körfu-hægindastól eða kistu úr grönnum tágum.

35. Trésmíði.**I. B á t a s m í ð i :**

Próftaki skal smíða:

1. Smábát, fjögurra manna far;
2. skipsbát á togara.

II. B e y k i s i ð n :

Próftaki skal smíða:

1. Sívala tunnu;
2. sporöskjulagaðan kút;
3. sporöskjulagaðan bala;
4. sívala skipstunnu.

Próftakinn reikni út stærð ílátsins, sem hann smíðar.

III. H ú s a s m í ð i :

Próftaki smíði að nokkru eða öllu leyti eitt eða tvö af eftirtöldum verkefnum:

1. Úti- eða innihurð;
2. járna hurð í umgerð;
3. stiga, beinan eða snúinn;
4. handrið á stiga eða svalir;

5. eldhús- eða fataskápa;
 6. glugga með opnanlægum ramma;
 7. bursta- eða valmaþak;
 8. steypumót: þakbrún með strikum; margkantað eða sivalt súlumót með gjörðum, úrskorið fyrir krossbita.
- Enn fremur sýni próftakinn hæfni sína í að gera við verkfæri.

130

12. júní

IV. Húsgagnasmíði:

- a. Próftaki skal leysa af hendi smíði á hlut, sem í er hurð, skúffa eða annað það, sem prófnefnd telur að sýni hæfni próftaka í iðninni. Prófverk skal bóna, mattslípa eða gljáfægja. Heimilt er próftaka að fá vélunnið í prófverkið. Prófverk skulu valin þannig, að þeim sé unnt að ljúka á 150 vinnustundum;
- b. auk þess skal próftaki sýna leikni sína í handbrögðum og vinnuhraða, samkvæmt nánari reglum, þegar því verður við komið.

Teikning:

Gera skal rissmynd og hlutateikningu af prófverki. Nú hefur próftaki staðizt fullnaðarpróf í húsgagnateikningu við iðnskóla, þarf hann þá ekki að teikna prófverkið, en er heimilt að fá teikningar hjá húsgagnateiknara.

Munnlegt próf:

Að aflokinni smíði skal próftaki svara spurningum um efni, verkefni og annað, er varðar iðnina.

V. Mótasmíði:

Próftaki smíði mót að einhverjum mislaga (ósýmmetriskum) hlut, er sé samsettur úr þrem eða fleiri stykkjum, og tilheyrandi kjarnakassa.

VI. Myndskurður:

Próftaki skal skera:

1. Hurðarspjald;
2. spegilfald;
3. myndfald;
4. hillufjöl;
5. stól;
6. skáp;
7. setubekk;
8. rafmagnslampa.

VII. Skipasmíði:

Próftaki skal smíða:

1. Seglás;
2. mastur;
3. ljóra;
4. niðurgönguskýli;
5. lestarop með öllu, er því fylgir;
6. tréstýri á skip, járnað og að öllu fullgert og ásett;
7. háglugga með umgerð (skylight);
8. stefni í skip eða bát og setja það í;
9. þröm, 30—40 fet, ásetta, og festa á meginþiljur (Waterboard);
10. ytri klæðningu, 30—40 fet, og sé nokkur hluti hennar með beygju.

130 36. Úrsmíði.

12. júní

Próftaki skal:

- a. Gagnskoða úr (aftrækning);
- b. fódra við miðhjól (centrumshjól) í plötu og stag;
- c. renna og setja steinlegur (steinfatningu) í plötu og stag;
- d. renna óróaás;
- e. setja inn tvöfalda gormfjöður;
- f. renna uppdráttarás.

37. Vagnsmíði.

Próftaki skal smíða:

- a. Framhjól á fjórhjóra kerru og setja möndulinn í;
- b. tvíhjóra kerru að öllu leyti.

Eitt ár af námstímanum skal nemandi vera við járnsmíði (eldsmíði).

38. Veggfóðrun.

Próftaki skal sýna aðferðir við:

- a. Strigalögn á súðarherbergi með pappírslímingu undir málun;
- b. veggfóðrun á herbergi (kantsett);
- c. skreyting á herbergi með veggfóðri;
- d. að dúkleggja beinan eða snúinn stiga (samf.) með línóleum eða gúmmi;
- e. að dúkleggja herbergi með línóleum og skreyta úr sama efni;
- f. að leggja gúmmi á baðherbergi með húlkilum.

60. gr.

Nú vill próftaki vinna annað verk eða gera annan grip, en prófnefnd hefur ákveðið, og er þá prófnefnd heimilt að leyfa það, ef hún telur það sýni eins mikla kunnáttu próftaka í iðn sinni, og lærimeistari hans lýsir yfir því, að próftaki kunninnig að gera það verk, er prófnefnd hafði ákveðið.

61. gr.

Sveinspróf skal halda tvisvar á ári, þannig að þau byrji fyrri helming mánaðanna maí, júní, október og nóvember. Skal Iðnfræðsluráð auglýsa prófin með a. m. k. tveggja vikna fyrirvara. Umsóknir um próftöku skulu komnar til formanns prófnefndar fyrir 1. þess mánaðar, er próf skal fara fram í. Iðnfræðsluráð getur, að fengnum tillögum viðkomandi prófnefndar, leyft að próf fari fram á öðrum tíma en ofan greinir.

62. gr.

Til þess að tryggja samræmi í störfum prófnefnda, skipar ráðherra sá, er fer með iðnaðarmál, að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs, einn eða fleiri eftirlitsmenn með prófunum, til 4 ára í senn. Skulu þeir hafa ákveðið eftirlitssvæði, ef fleiri eru en einn, og heimsækja hverja prófnefnd í umdæmi sínu ekki sjaldnar en annað hvort ár, og leiðbeina þeim um það, sem þurfa þykir. Eftirlitsmenn þessir skulu gefa Iðnfræðsluráði árlega skýrslu um störf sín, enda eru þeir háðir fyrirmælum Iðnfræðsluráðs. Kostnaður við ferðir og störf eftirlitsmanna greiðist úr ríkissjóði.

63. gr.

Þar, sem prófnefnd eða eftirlitsmaður telja ekki ástæðu til að hafa sérstakan prófstað, skal meistari sjá próftaka fyrir verkstæði og verkfærum við prófið, er metið sé gilt af prófnefnd og eftirlitsmanni.

64. gr.

Prófnefnd færir gerðabók um störf sín. Skal hún gerð eftir fyrirmynd, er Iðnfræðsluráð samþykkir. Þá er gerðabók er útskrifuð, skal hún afhendast Iðnfræðsluráði til varðveislu. Enn fremur skal prófnefnd halda bók, er í sé fært nafn próftaka, fæðingardagur hans, fæðingarár og staður, nöfn foreldra hans og atvinna, náms-tími og iðn, nafn og heimili lærimeistara, prófverkefni, svo og einkunnir í einstökum greinum og aðaleinkunn, er nemandi fær við prófið. Nefnist sú bók prófbók, og skal færast í fjórriti. Skal prófnefnd, að loknu sveinsprófi, afhenda viðkomandi lögreglustjóra eitt eintak, Iðnfræðsluráði annað, Landssambandi iðnaðarmanna hið þriðja og Iðnsveinaráði Alþýðusambands Íslands fjórða eintakið.

130

12. júní

65. gr.

Hlutaðeigandi lögreglustjóri heldur skýrslu um öll sveinsbréf, sem gefin eru út í hans lögsagnarumdæmi. Skal þar tilgreint nafn nemanda, fæðingardagur hans, fæðingarár og staður, nöfn foreldra hans og atvinna, námstími og iðn, nafn og heimili lærimeistara, prófverkefni, svo og einkunnir í einstökum greinum og aðaleinkunn, er próftaki fær við prófið.

66. gr.

Óheimilt er að taka mann til sveinsprófs, sem ekki hefur skriflegan náms-samning, áritaðan samkvæmt lögum um iðnfræðslu, og vottorð meistara um, að hann hafi lokið námi sínu samkvæmt samningi, skirteini um fullnaðarpróf frá viðurkenndum iðnskóla, svo og önnur tilskilin vottorð. Undantekningar frá þessu má þó gera, þegar svo stendur á, sem segir í 75. gr., ef Iðnfræðsluráð mælir með þeim.

67. gr.

Óheimilt er próftaka að byrja á verki við prófið, fyrr en prófdómendur hafa samþykkt verkstæði eða vinnustað prófsins, uppdrætti, þar sem þeirra er krafizt, og annan undirbúning undir prófið, ákveðið hvenær verkið skuli byrja og því vera lokið, og fullvissað sig um, að próftaki sé við því búinn að inna verkið af hendi. Eftir að próf er byrjað ber prófdómendum að hafa eftirlit með framkvæmd verksins eftir þörfum, og er þeim í því skyni heimill aðgangur að öllu, er lýtur að verkinu.

Verði ágreiningur milli prófnefndar og próftaka eða meistara hans, skal hon-um vísað til úrskurðar Iðnfræðsluráðs.

68. gr.

Við prófið skal gefa einkunnir frá 1—10. Skal sérstök einkunn gefin fyrir hvern lið, sem nefndur er í 56. gr., og verður meðaltal af þeim einkunnum aðal-einkunn prófsins. Ekki má láta neinn fá sveinsbréf, sem fær minna en 5 í aðal-einkunn í verklegu prófi, eða minna en 3 í nokkurri prófgrein. — Einkunnin 9 og þar yfir telst ágætiseinkunn, 7,25—8,99 telst I. einkunn, 6,00—7,24 telst II. einkunn, 5—5,99 telst III. einkunn.

69. gr.

Þegar nemandi hefur lokið prófi og staðizt það, skal prófnefndin þegar gefa lögreglustjóra skýrslu um prófið. Hann lætur síðan útbúa sveinsbréf handa nemandanum. Lögreglustjóri leggur til eyðublöð undir sveinsbréfið. Skulu sveinsbréfin gerð í bókarformi eða samanbrotin í hylki úr léreftsklæddum (shirtingsklæddum) pappa 12 × 21 cm að stærð, og hljóða sem hér segir:

130
12. júní

SVEINSBRÉF

.....
(Nafn.)

fædd..... í
hinn hefur lokið sveinsprófi í
.....
(Iðn.)

þann og fengið þessar einkunnir:
Fyrir prófverkið Fyrir munnlegt próf
Fyrir teikningu Fyrir vinnuhraða

Aðaleinkunn
sem er einkunn.

Aðaleinkunn við burtfararpróf frá iðnskóla
var

Prófverkið var

.....
(Staður.) (Dagur.)

.....
formaður prófnefndar. meistari.

.....
prófnefndarmaður. skólastjóri.

.....
prófnefndarmaður. lögreglustjóri.

Hæsta einkunn er 10. Til að standast próf þarf fyrir prófverkefnið og teikningu 5, fyrir vinnuhraða og munnlegt próf 3, en í aðaleinkunn 5.

70. gr.

Sveinsbréfin skulu vera gefin út á íslenzku, ensku og þýzku. Óski einhver sér-iðn að hafa sérstaka umgerð á bréfinu, skal það vera heimilt á kostnað hlutaðeig-andi iðngreinar, en þó því aðeins, að Iðnfræðsluráð samþykki útlit umgerðarinnar.

IX. KAFLI

Veikindaföll og slys.

71. gr.

Skylt er meistara eða iðnfyrirtæki að greiða iðgjöld fyrir nemendur sína samkvæmt gildandi lögum um almannatryggingar.

72. gr.

Meistara eða iðnfyrirtæki er skylt að greiða nemanda í veikindaförföllum fullt kaup í allt að 6 mánuði samtals yfir allan námstímann. Ekki er meistara eða iðnfyrirtæki skylt að greiða nemanda veikindadaga, nema fyrir liggja vottorð um veikindi nemandans frá lækni, sem meistari eða iðnfyrirtæki hefur samþykkt.

Þó á nemandi aldrei rétt á greiðslu í veikindaförföllum vegna sjúkdóma, er orsakast af áfengisneyzlu eða notkun deyfilyfja.

73. gr.

Nemandi skal ekki neins í missa af launum sínum fyrstu 14 dagana eftir að hann forfallast frá vinnu sökum slysa eða sjúkdóma, sbr. þó 1. mgr. 72. gr. reglugerðar þessarar.

Ekki er meistara eða iðnfyrirtæki þó skylt að greiða nemanda kaup, ef slysið stafar af áfengisneyzlu, notkun deyfilyfja eða öðrum orsökum, er nemandi á sjálfur sök á beint eða óbeint, með vitaverðu hirðuleysi eða gáleysi.

74. gr.

Nú hefur meistari eða iðnfyrirtæki innt af hendi greiðslu samkvæmt 72. og 73. gr. reglugerðar þessarar, en þriðji maður hefur valdið sjúkdómnum eða slysinu með bótaskyldu atferli sínu samkvæmt almennum skaðabótareglum, á þá meistarinna eða iðnfyrirtækið endurkröfurétt á hendur honum á því fé, sem meistarinna eða iðnfyrirtækið hefur þess vegna greitt nemandanum.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

75. gr.

Nú fatlast iðnnemi andlega eða líkamlega, meðan á námstíma stendur eða hefur þegar fatlast þannig, þegar þessi reglugerð öðlast gildi, að hann telst ekki fær um að leysa af hendi sveinspróf eða ljúka iðnskólanámi, en telst þó fullgildur verkmaður í sumum greinum iðnarinnar, og skal þá Iðnfræðsluráð, að fengnum tillögum viðkomandi iðngreinar og álitu trúnaðarlæknis, gera tillögur til ráðuneytisins um það, hvort veita megi hlutaðeiganda réttindi til að stunda iðnina, án réttar til meistarabréfs, og tekur ráðuneytið ákvörðun um það, að fengnum þeim tillögum.

76. gr.

Það varðar sektum, ef ekki liggur þyngrri refsing við brotinu samkvæmt öðrum lögum, að:

1. Taka nemanda til náms gagnstætt ákvæðum laga um iðnfræðslu, nr. 46 frá 25. maí 1949, og reglugerðar þessarar;
 2. brjóta gegn ákvæðum framangreindra laga og reglugerðar þessarar, um daglegan vinnutíma nemanda;
 3. vanrækja að láta nemanda stunda skólanám;
 4. koma ósæmilega fram við nemanda;
 5. óhlýðnast fyrirmælum iðnfulltrúa eða Iðnfræðsluráðs um kennslu nemanda.
- Sektir skulu renna í ríkissjóð. Mál út af brotum þessum skulu rekin sem almenn lögglumál.

77. gr.

Kostnaður við starf Iðnfræðsluráðs, iðnfulltrúa og prófnefnda, þ. á m. eftirlit prófnefnda með iðnnámi, greiðist úr ríkissjóði.

130

12. júní

78. gr.

Nú kemur upp starfsgrein, sem ekki er gert ráð fyrir í reglugerð þessari, en telja má að heyri undir iðnað, og skulu þá hlutaðeigendur, sem starfsgreinina stunda, senda Landssambandi iðnaðarmanna erindi um, að starfsgreinin verði viðurkennd sem iðngrein, og leggja fyrir það tillögur um nafn iðngreinarinnar, námstíma, kunnáttukröfur og prófkröfur. Skal síðan Landssambandið undirbúa málið undir næsta iðnþing og leggja málið fyrir það. Samþykki iðnþingið, að rétt þyki að gera starfsgreinina að sérstakri iðngrein, skal Landssambandið leita samþykkis ráðuneytisins til þess. Fallist ráðuneytið á að gera starfsgreinina að iðngrein, breytir það reglugerð þessari eftir þörfum í samræmi við það og gefur lögreglustjórum í kaupstöðum, að fengnum tillögum Landssambands iðnaðarmanna, fyrir mæli um það, hversu haga skuli veitingu starfsréttinda í hinni nýju iðngrein, þangað til fylgt geti orðið almennum ákvæðum þessarar reglugerðar.

79. gr.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 30. gr. laga nr. 46 25. maí 1949, um iðnfræðslu, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 12. júní 1952.

Björn Ólafsson.

Páll Pálmason.

131

16. júní

REGLUGERÐ

um veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar Hestamannafélagsins „Hörður“ í Kjósarsýslu.

1. gr.

Veðfjárupphæðir greinast í: 2 kr., 5 kr., 10 kr., 25 kr. og 50 kr., sem greiðast veðmálastofunni gegn afhendingu veðmiða.

2. gr.

Veðjað er um það, hver hestur verður hlutskarpastur í hverjum flokki, svo og í úrslitahlaupum.

3. gr.

Veðfjárupphæðum skal skipt þannig:

- a. 75% skal skipt hlutfallslega á þá upphæð, sem veðjað hefur verið um, á þann hest, er vinnur;
- b. afganginum (25%) sé varið til reksturs kappreiðanna, viðhalds og umbóta á skeiðvelli félagsins, til tamningarstöðvar og til reiðvega á félagssvæðinu. Tillagið til reiðvegarins má þó aldrei vera minna en 10% af hagnaði félagsins af starfsemi þessari.

4. gr.

Að hverju hlaupi loknu skulu veðmálin reiknuð út, útkoman auglýst, og vinningar útborgaðir þegar í stað, gegn framvísun veðmiða.

5. gr.

Engin upphæð verður endurgreidd, ef hestur hleypur upp eða fer ekki af stað, og komi, af þeim eða öðrum orsökum, ekki til greina samkvæmt kappreiðareglum félagsins.

6. gr.

Ef hlaup verður ógilt, endurgreiðist veðféð aftur, að frádregnum 20%.

131

16. júní

7. gr.

Vinningar útborgist aðeins í heilum krónum, og er ekki ábyrgt að innskot fáist að fullu aftur.

8. gr.

Þeir, sem veðja, eru í einu sem öllu háðir kappreiðareglum félagsins og úrskurði dómnefndar, t. d. þegar knapi er dæmdur úr leik, missir hestur hans rétt til veðfjár o. s. frv.

9. gr.

Veðmiðar verða ekki innleystir síðan en 1 klukkustund eftir síðasta hlaup, og því aðeins, að þeir séu með læsilegum tölum.

10. gr.

Unglingar innan 18 ára fá ekki að veðja.

11. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. júní og gildir til fimm ára.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 23 frá 1945 og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 16. júní 1952.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

REGLUGERÐ

132

23. júní

um sölu og útflutning saltsildar, þar með talin kryddsild, sykursild og önnur sérverkuð sild.

Samkvæmt lögum nr. 74 29. des. 1934, um sildarútvegsnefnd, útflutning á sild, hagnýtingu markaða o. fl., eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Sildarútvegsnefnd hefur með höndum sölu til útlanda og útflutning saltsildar, þar með talin kryddsild, sykursild og önnur sérverkuð sild, eftir því sem atvinnu-
málaráðherra ákveður árlega, að fengnum tillögum Sildarútvegsnefndar.

Hafi Sildarútvegsnefnd eigi einkaútflutning allrar saltaðrar sildar, skal hún þó ákveða lágmarkssöluverð fyrir hvern markað og gæta þess, eftir föngum, að ekki sé boðin eða seld sild undir hinu ákveðna lágmarksverði.

2. gr.

Heimili og varnarþing er á Siglufirði. Til þess að skuldbinda Sildarútvegsnefnd þarf undirskrift þriggja nefndarmanna.

Sildarútvegsnefnd ræður framkvæmdarstjóra og aðstoðarfólk. Framkvæmdarstjórar hafa prókúruumboð fyrir Sildarútvegsnefnd og skuldbinda hana eftir reglum um prókúru, að svo miklu leyti, sem öðruvísi er ekki ákveðið.

132

23. júní

Sildarútvegsnefnd selur sildina í eigin nafni. Hver tunna skal við útflutning greinilega merkt, svo að séð verði, hver hefur verkað sildina og afhent hana til útflutnings. Heimilt er nefndinni, ef þurfa þykir, að láta auðkenna sildina með sérstöku vöru- eða útflutningsmerki.

Hver sildareigandi ber fulla ábyrgð gagnvart Sildarútvegsnefnd á sild þeirri, er hann afhendir til sölu. Verði Sildarútvegsnefnd skaðabótaskyld til kaupenda vegna galla, sem framleiðanda eða sildareiganda er að, kenna, á hún endurgjaldsrétt hjá hlutaðeigandi framleiðanda eða sildareiganda.

Nú verður verðfall eða skylt verður að greiða kaupanda skaðabætur, sem eigi verður rakin til einstakra sildareigenda, og er þá heimilt að jafna þeim greiðslum niður á heildarútflutning þess árs.

Sildarútvegsnefnd skal, þar sem því verður við komið, semja svo við kaupendur sildarinnar, að þeir viðurkenni gæði hennar áður en útskipun fer fram og sé sildin að því leyti þá jafnframt úr ábyrgð nefndarinnar.

Sildarútvegsnefnd skal gera sitt ýtrasta til að selja sildina ákveðnu verði, og má hún ekki senda sild í umboðssölu, nema brýn nauðsyn beri til.

4. gr.

Sildarútvegsnefnd er skylt, eftir því sem við verður komið, að haga útskipun þannig, að sem mestur jöfnuður verði á útflutningi frá söltunarstöðvum í hlutfalli við magn verkaðrar sildar til útflutnings.

Skylt er sildareigendum (söltunarstöðvum) að afhenda sild til útflutnings, þegar Sildarútvegsnefnd telur það nauðsynlegt. Nefndin hefur rétt til að láta skoða sildina áður en hún er flutt út. Reynist sildin gölluð getur Sildarútvegsnefnd neitað að taka hana til sölumeðferðar eða útflutnings.

5. gr.

Sildarútvegsnefnd úthlutar söltunarleyfum til saltenda. Sildarútvegsnefnd getur sett þau skilyrði, er hún telur þurfa til þess að tryggja sem bezt rétt hlutföll söltunar á hina einstöku markaði, góða verkun og geymslu sildarinnar. Til söltunar fyrir innanlandsmarkað þarf leyfi Sildarútvegsnefndar.

Nú hefur söltunarleyfi verið úthlutað, en leyfishafi uppfyllir eigi sett skilyrði eða hlýtir eigi þeim fyrirmælum Sildarútvegsnefndar, sem sett hafa verið um verkun og söltun sildarinnar, og getur þá nefndin fyrirvaralaust svipt leyfishafa leyfinu.

Heimilt er Sildarútvegsnefnd að setja umráðamönnum skipa þeirra, er veiða sild til söltunar, reglur um meðferð sildarinnar um borð í skipunum og við löndun sildarinnar. Sé settum reglum eigi hlýtt getur nefndin svipt viðkomandi rétti til þess að leggja upp sild til söltunar um lengri eða skemmri tíma.

6. gr.

Greiðslu fyrir sildina til sildareigenda skal hagað þannig, að allir sildareigendur fái jafnt verð miðað við gæði sildarinnar, pökkun og tegundir.

Heimilt er að greiða af óskiptu sildarandvirði, áður en jafnaðarverð er fundið, hæfilegt gjald, að dómi Sildarútvegsnefndar, fyrir geymslu, pökkun eða aðrar sérstakar verkunarráðstafanir.

7. gr.

Til að standast kostnað af rekstri Sildarútvegsnefndar, er heimilt að halda eftir 2% af söluverði seldrar sildar, og allt að 5% af söluandvirði tunnu, salts o. fl., ef nefndin annast slíka fyrirgreiðslu.

Tekjuafgangur hvers árs leggst við höfuðstól. Hætti Síldarútvegsnefnd störf- 132 um fer um ráðstöfun höfuðstóls samkv. 2. gr. laga nr. 74 29. des. 1934, 2. málsgr., 23. júní tveim síðustu málsliðum.

8. gr.

Síldarútvegsnefnd tekur ákvarðanir um sölu síldarinnar. Afl atkvæða ræður úrslitum, en samþykki þriggja nefndarmanna þarf til lögmætra samþykktá.

9. gr.

Ráðherra ákveður laun nefndarmanna og greiðast þau af tekjum Síldarútvegsnefndar.

10. gr.

Reikningsár Síldarútvegsnefndar skal vera frá 1. maí til 30. apríl. Síldarútvegsnefnd skal gera reikningsskil fyrir starfsárið, svo fljótt sem auðið er. Ber Síldarútvegsnefnd að senda atvinnumálaráðuneytinu afrit af endurskoðuðum rekstrar- og efnahagsreikningi nefndarinnar, svo og skýrslu framkvæmdarstjóra um störf og rekstur á árinu, ásamt skrá um eignir og skuldir í lok reikningsárs.

Endurskoðendur skulu vera tveir. Ráðherra skipar annan en hinn skal kosinn af síldareigendum. Ráðherra ákveður þóknun þeirra.

Að lokinni endurskoðun skulu reikningar nefndarinnar ásamt nauðsynlegum skráum um eignir og skuldir hennar, svo og skýrsla framkvæmdarstjóra, sendir í afriti til allra þeirra síldareigenda, er afhent hafa Síldarútvegsnefnd síld til sölumeðferðar á því ári. Sömu gögn skal senda Alþýðusambandi Íslands og Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Nú er sölu og útflutningi síldar lokið að fullu fyrir lok reikningsárs, skal þá Síldarútvegsnefnd gera reikningsskil síldarreiknings svo fljótt sem verða má, og greiða síldareigendum að fullu eftirstöðvar síldarandvirðis. Skylt er endurskoðendum, ef þess er óskað, að endurskoða þennan þátt reikningsskila, þó að fullnaðar- reikningsskil hafi ekki fram farið.

Nú telur Síldarútvegsnefnd þess þörf að boða til fundar með útvegsmönnum og/eða síldareigendum varðandi mikilvæg atriði um sölu eða verkun síldar, og getur hún þá boðað til slíks fundar með hæfilegum fyrirvara.

Ef a. m. k. $\frac{2}{3}$ löggiltra saltenda yfirstandandi starfsárs óska eftir að boðað verði til fundar um mikilvægari mál síldarútvegs eða síldarsölu er Síldarútvegsnefnd skylt að halda fund þar um svo fljótt sem við verður komið, með viðkomandi aðilum.

11. gr.

Um brot á reglugerð þessari fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 74 29. des. 1934.

Með reglugerð þessari er úr gildi fallin reglugerð nr. 33 8. apríl 1935.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 23. júní 1952.

Ólafur Thors.

Gunnlaugur E. Briem.

133

24. júní

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Raufarhöfn, nr. 65 29. apríl 1941.

1. gr.

b-liður 12. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Skip þau, er um getur í 11. gr., b-lið, greiði 6 krónur í hvert skipti, er þau koma til hafnar, þó ekki yfir 30 krónur á ári.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 24. júní 1952.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

134

26. júní

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Vopnafjarðarkauptún, nr. 33 25. febr. 1949.

1. gr.

22. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Skip og bátar, sem eru eign búsettra manna á Vopnafirði, skulu greiða hafnargjöld einu sinni á ári, kr. 7.50 af hverri brúttó smálest, opnir trillubátar, 6 smál. og minni, kr. 30.00 á ári. Gjaldlagi sé 1. ágúst ár hvert. Öll önnur skip, nema þau, sem undanskilin eru í 21. gr., 12 smál. og stærri, greiði kr. 0.60 af hverri brúttó-smálest í hvert sinn, er þau koma til hafnar, þó ekki oftar en 6 sinnum á ári.

Innlend strandferðaskip skulu einungis greiða hafnargjald í fyrsta sinn, er þau koma í höfn ár hvert.

2. gr.

25. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Hvert skip, er leggst að bryggju eða skipi, sem við hana liggur, skal greiða bryggjugjald af brúttóstærð skipsins, talið í heilum tölum:

a. Af aðkomubátum:

5—12 smálestir	kr. 15.00
12—40	—	25.00
40—60	—	30.00
60—100	—	45.00
100 smálestir og stærri	70.00

b. Heimabátar (árgjald):

6—12 smálestir	kr. 75.00
12 smálestir og stærri	120.00
Trillubátar	40.00

c. Öll önnur skip, þar á meðal strandferðaskip, skulu greiða kr. 0.30 af hverri nettósmálest.

3. gr.

134

Á eftir 25. gr. reglugerðarinnar bætist við ný grein, sem verður 26. gr. og breytist 26. júní greinatala reglugerðarinnar til samræmis við það:

Skip, sem halda til í höfninni eða hafa uppsátur innan takmarka hafnarinnar 4 mánuði af árinu eða lengur og eru minni en 100 smálestir brúttó, skulu greiða ljósagjald, kr. 10.00 tvisvar á ári og er gjalddagi 15. janúar og 15. júlí ár hvert.

Öll önnur skip skulu greiða ljósagjald í hvert sinn er þau koma til hafnarinnar, kr. 4.00 fyrir fyrstu 50 smál. af stærð skipsins og 4 aura af hverri nettósmálest þar fram yfir, þó aldrei minna en kr. 5.00.

Undanþegin greiðslu ljósagjalds eru sömu skip og undanþegin eru greiðslu lestagjalds, sbr. 23. gr.

4. gr.

29. gr. reglugerðarinnar, sem verður 30. gr., orðist þannig:

A. Gjald fyrir aðfluttar vörur:

1. flokkur. Gjald kr. 0.45 fyrir hver 100 kg:
Kol, salt, sement, áburður.
2. flokkur. Gjald kr. 0.60 fyrir hver 100 kg:
Blý, brýni, eldfastur leir og steinn, vír, hverfisteinar, kaðlar, kitti, járn- og stálvörur, kritt, málningarvörur, sódi, þakpappi, þakjárn, asbest, rafmagnsvörur, laus olía.
3. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir hverja tunnu:
Benzín og olía á tunnum.
4. flokkur. Gjald kr. 0.90 fyrir hver 100 kg:
Bækur, smurningsolíur, haðlyf, sápuvörur, fiskilínur, kálmeti, kartöflur, hey, kornvörur, leður, linoleum, pappír, strigavörur, rúðugler, segldúkur, seglgarn, tvistur, togleður.
5. flokkur. Gjald kr. 1.20 fyrir hver 100 kg:
Ávextir, kaffi, kakó, brauðvörur, jurtafeiti, te, sykur, leirvörur.
6. flokkur. Gjald kr. 1.80 fyrir hver 100 kg:
Þurrir ávextir, niðursuðuvörur, eldspýtur, glervörur, glysvarningur, leðurvörur, leikföng, lyfjavörur, léttar vörur, nýlenduvörur, tóbaksvörur, sælgætisvörur, vefnaðarvörur.
7. flokkur. Gjald kr. 1.20 fyrir hver 100 kg:
Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
8. flokkur. Gjald kr. 0.10 fyrir hvert teningsfet:
Timbur, tunnuefni og líkar vörur.
9. flokkur. Gjald kr. 0.30 fyrir hvert teningsfet:
Húsmunir, hljóðfæri.
10. flokkur. Gjald kr. 0.25 fyrir hvert stykki:
Tómar tunnur.

B. Gjald fyrir brottfluttar vörur:

1. flokkur. Gjald kr. 0.60 fyrir hver 100 kg:
Fiskur í hvers konar ástandi, lýsi, gærur, ís, síld, kjöt, garnir, hrogn, mör, tólg.
2. flokkur. Gjald kr. 1.20 fyrir hver 100 kg:
Ull og ullarvörur, hert skinn.
3. flokkur. Gjald kr. 1.80 fyrir hvert kg:
Dúnn, fiður.
4. flokkur. Gjald fyrir hvern lifandi grip:
Kindur kr. 1.50, stórgripir kr. 6.00,

134 5. flokkur. Gjald kr. 0.25 fyrir hvert stykki:
26. júní Tómar tunnur.

6. flokkur. Minnsta gjald kr. 0.90 fyrir hvert stykki.

Þótt vörur flokkaðar undir brottfluttar vörur flytjist til staðarins eða vörur flokkaðar undir aðfluttar vörur flytjist frá staðnum, breytir það engu um vörugjaldið. Vörugjaldið fyrir óvenjulegar vörur, sem vafasamt þykir hvernig flokka skuli, ákveður hafnarnefnd.

5. gr.

Á eftir 29. gr. reglugerðarinnar, sem verður 30. gr., bætist við ný grein, sem verður 31. gr., og greinatala reglugerðarinnar breytist til samræmis við það:

Greiða skal aflagjald til hafnarinnar af afla, sem landað er á hafnarsvæðinu, kr. 0.40 fyrir hver 100 kg af síld eða öðrum fiski.

Gjald þetta er kræft um leið og afla er landað og ber eigandi skips eða umboðsmaður hans ábyrgð á greiðslu þess. Skyldir eru skipstjórar og formenn að gefa hafnarverði upp heildarafla skips í hvert sinn. Ef það er ekki gert, skal hafnarvörður áætla aflamagnið og innheimta aflagjald samkvæmt þeirri áætlun.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt á afla, þar sem aflagjöld eru að fullu greidd. Heimilt er hafnarnefnd að semja um aflagjöld heimabáta.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast gildi nú þegar, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 26. júní 1952.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

135
27. júní

REGLUGERÐ

um bann við nautgripaflutningum, heyflutningum, sláturflutningum o. fl.

I. KAFLI

Um flutning nautgripa.

1. gr.

Garnaveikisvæði teljast í reglugerð þessari:

1. Frá Héraðsvötnum austur að varnargirðingum í Eyjafjarðarsýslu.
2. Frá Jökulsá á Fjöllum austur um land að Hornafjarðarfljóti.
3. Frá Jökulsá á Sólheimasandi vestur og norður að Hvalfjarðargirðingu.

Allir flutningar nautgripa frá þessum svæðum eru bannaðir.

Inn á garnaveikisvæðin er hins vegar leyfilegt að flytja nautgripi af ósýktum svæðum.

2. gr.

Innan garnaveikisvæðanna 1. og 3. er óheimilt að flytja nautgripi milli bæja til dvalar, nema með skriflegu leyfi fulltrúa sauðfjársjúkdómanefndar, er styðjist við umsögn hlutaðeigandi eftirlitsmanns.

Algerlega er bannaður flutningur nautgripa frá bæjum, þar sem grunur er um garnaveiki, til bæja, sem veikinnar hefur ekki orðið vart, eða í girðingahólf, þar sem heilbrigðir nautgripir eru geymdir.

3. gr.

Á garnaveikisvæði 2 (Austurlandi) er bannað að flytja nautgripi milli sveita (hreppa), nema með leyfi sauðfjársjúkdómanefndar eða fulltrúa hennar á Austurlandi. Innan sveitar er bannað að flytja nautgripi frá bæjum, þar sem vitað er um garnaveiki í sauðfé eða nautgripum, til dvalar þangað, sem veikinnar hefur ekki orðið vart.

4. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að greiða að nokkru bætur fyrir bann við búferlaflutningum nautgripa, enda liggja fyrir að eigandi gripanna hafi ekki komizt hjá verulegu tjóni vegna bannsins.

II. KAFLI

Um eftirlit og rannsóknir.

5. gr.

Hver hreppsnefnd eða bæjarstjórn á garnaveikisvæðunum 1. og 3. skal í samráði við sérfræðing sauðfjársjúkdómanefndar ráða eftirlitsmann í hreppnum eða kaupstaðnum.

Skal eftirlitsmaður í umboði hreppsnefndar (bæjarstjórnar) starfa eftir fyrir-mælum sérfræðingsins. Eftirlitsmaður skal sjá um skráningu allra nautgripa í sínu umdæmi og skýrsluhald þar að lútandi. Hann skal eftir því, sem fyrir hann er lagt, sjá um húðprófanir nautgripa, taka sýnishorn af blóði og saur og koma slíkum sendingum til skila svo fljótt, sem kostur er á.

6. gr.

Eftirlitsmaður skal gæta þess að tekin séu garnasýnishorn úr öllum nautgripum, 1 árs og eldri, sem fargað er eða farast á hans eftirlitssvæði, og þau send til rannsóknar. Er forstöðumönnum sláturhúsa, bændum og öðrum, sem slátra nautgripum á 1. og 3. garnaveikisvæði, skylt, í samráði við eftirlitsmann, að sjá um að slík sýnishorn séu tekin og send til rannsóknar. Verða þessir aðilar látnir sæta ábyrgð, ef þeir bregðast þeirri skyldu. Skulu eftirlitsmenn ganga fast eftir, að þetta sé gert og tilkynna sérfræðingi sauðfjársjúkdómanefndar ef út af er brugðið.

7. gr.

Á svæðum, þar sem nautgripir eru sýktir eða grunaðir af garnaveiki, skal rannsókn gerð á öllum gripum svo fljótt sem unnt er. Lyf, tæki, kennsla og leiðbeiningar skal lagt til á kostnað ríkissjóðs, en gripaeigendur, hrepps- eða bæjarsjóður greiða störf eftirlitsmanns og annan kostnað við framkvæmd verksins.

8. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd getur fyrirskipað slátrun nautgripa, ef þeir reynast sýktir eða grunaðir við rannsóknir. Greiða skal bætur fyrir nautgripi, sem fyrirskipað er að slátra af þessum sökum, eftir mati sauðfjársjúkdómanefndar.

Við ákvörðun bótanna skal taka tillit til verðgildis gripanna og hvort veiki sannast í þeim eða ekki.

III. KAFLI

Um sláturflutninga og heyflutninga.

9. gr.

Bannað er, fyrst um sinn, að flytja sauðfjárslatur frá slátrunarstöðum eða sveitum innan þeirra svæða, þar sem vitað er um garnaveiki, þangað sem veikin hefur ekki fundizt, eða ætlað er að henni hafi verið útrýmt.

135 Bann þetta er miðað við ósviðna hausa og fætur, ristla og ristlamör, ósaltaðar 27. júní garnir og enn fremur ósaltaðar gærur.

10. gr.

Við slátrun í sláturhúsum eða heimaslátrun sauðfjár og nautgripa, sem sýkt er af garnaveiki eða grunur um að geti verið sýkt, skal gæta þess að úrgangur frá slátruninni valdi ekki smithættu.

Allan slíkan úrgang, sem hægt er að hafa hönd á, skal grafa, brenna eða sjóða, og vandleg hreinsun fara fram á slátrunarstað.

11. gr.

Bannað er að flytja hey úr sveitum eða af bæjum, þar sem garnaveiki hefur orðið vart til staða, þar sem garnaveiki hefur ekki gert vart við sig, nema sérstakt leyfi sauðfjársjúkdómanefndar komi til í hvert sinn.

Nefndin getur ákveðið algert bann á slíkum flutningum, um lengri eða skemmri tíma, af tilteknum svæðum yfir vissar varnarlinur.

12. gr.

Yfirumsjón framkvæmda samkvæmt reglugerð þessari skal vera í höndum sauðfjársjúkdómanefndar. Annast hún þær í samráði við landbúnaðarráðherra og í samræmi við ákvæði í gildandi lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma.

13. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10 000 krónum, eða fangelsi, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, til að öðlast gildi þegar í stað, birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Reglugerð nr. 78 frá 12. maí 1946, um varnir gegn útbreiðslu garnaveiki í nautgripum og af völdum þeirra, er um leið úr gildi numin.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. júní 1952.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

136

30. júní

SAMPYKKT

fyrir Veiðifélagið Hængur.

1. gr.

Félagið heitir: Veiðifélagið Hængur. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

2. gr.

Verkefni félagsins er:

- a. Að auka og vernda fiskigengd á félagssvæðinu, með þeim ráðum, sem henta á hverjum tíma;
- b. að stunda sameiginlega veiði eða leigja vatnasvæðið allt eða hluta þess til stangarveiði.

3. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að ytri Laxá í Húnavatnssýslu frá ósi til upptaka, og Norðurá frá því hún fellur í Laxá að Fossi í Gálgagili, en þær eru þessar:

Höskuldsstaðir, Syðri-Hóll (með Kollugerði), Njálstaðir, Skrapatunga, Bala-skarð, Mánaskál, Núpur, Núpsóxl, Kirkjuskarð, Sneis, Vesturá, Refsstaðir, Kárahlíð, Eyrarland, Tungubakki, Illugastaðir, Úlfagil, Mýrarkot, Neðri-Mýrar, Efri-Mýrar, Neðri-Lækjardalur, Neðstibær, Kirkjubær, Skúfur, Þverá, Hvammhlíð, Höskuldsstaðasel, Skrapatunguafrétt og Barð.

4. gr.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

5. gr.

Heimilt er félagsstjórninni að leigja veiði á félagssvæðinu einstökum mönnum, eða félögum; þó má slíkt leyfi ekki vera nema til eins árs í senn, nema lögmaður fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt veiðileyfi verði til umræðu.

6. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur, og jafn-margir til vara. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl, þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli eða hann hafi verið þrjú ár í stjórn. Tvo endurskoðendur skal kjósa til tveggja ára í senn, þannig að annar endurskoðandinn gangi úr annað árið en hinn hitt. Tvo vara-endurskoðendur skal kjósa á sama hátt.

7. gr.

Stjórn félagsins hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur umsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Á aðalfundi ræður afl atkvæða úrslitum, nema um breytingar á samþykktum félagsins og gjaldskrá. Ef jöfn eru atkvæði ræður atkvæði formanns úrslitum.

8. gr.

Aðalfund heldur félagið ekki síðar en í maímánuði ár hvert. Aðalfundur skal boðaður skriflega með minnst viku fyrirvara, og sé fundarefnis getið í fundarboðinu.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

9. gr.

Aukafund heldur stjórnin, þegar henni þykir ástæða til eða ef $\frac{1}{4}$ félagsmanna æskir þess, og tilgreinir fundarefni.

10. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, gjaldskrá, fund-argerðir og bréf.

136

30. júní

11. gr.
Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur hefur samþykkt og undirrituð er af að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna. Gildir hún til 5 ára. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

12. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum frá 300 kr., og skal sektarféð renna í sýslusjóð. Fara skal með mál út af brotum sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Samþykkt félagsins verður ekki breytt nema með samþykki $\frac{2}{3}$ félagsmanna.

14. gr.

Félaginu má slíta, ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkja það á tveimur lögmætum félagsfundum í röð, sem boðaðir séu í þeim eina tilgangi, og skal ekki líða skemmra milli funda en mánaðartími.

Bráðabirgðaákvæði.

Meðan samningar hafa ekki verið gerðir við umráðamenn árinna neðan fossanna (þ. e. þar sem áin nú er laxgeng) er sá hluti árinna ekki talinn til félagssvæðisins, þrátt fyrir orðalag upphafs 3. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. júní 1952.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

137

30. júní

Staðfesting handhafa forsetavaldsins á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Herdísar Jónsdóttur og foreldra hennar, Klöpp á Akranesi“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. júní 1952.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Herdísar Jónsdóttur og foreldra hennar, Klöpp á Akranesi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Herdísar Jónsdóttur og foreldra hennar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2443.12 — tvö þúsund fjögur hundruð fjörutíu og þrjár krónur og tólf aurar — ánafnað Sjúkrahúsi Akraness af móður Herdísar, Valgerði Helgadóttur, og nú til varðveislu í Sparisjóði Akraness.

3. gr.

Sjóður þessi ávaxtast í B-deild Söfnunarsjóðs Íslands. Leggja skal alla vextina við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 10 000 — tíu þúsund krónur —, þá

má fara að verja allt að $\frac{1}{2}$ vaxtanna til nauðsynlegra áhaldakaupa handa Sjúkra- **137**
húsi Akraness, eftir því sem stjórnin ákveður. Árið 1964 má taka það fé, sem þá **30. júní**
kann að vera fram yfir kr. 10 000 — tíu þúsund krónur — og verja því til sömu
nota, en annars má aldrei skerða höfuðstólinn. Sjóðurinn tekur við gjöfum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Héraðslæknir, sóknarprestur og yfirlæknir Sjúkrahúss Akraness. Stjórnin skal halda gerðabók fyrir sjóðinn, þar sem skráðir eru ársreikningar hans og áhaldakaup þegar þar að kemur. Skal ársreikningur samþykktur af tveim endurskoðendum, skipuðum af stjórn Sjúkrahúss Akraness. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

5. gr.

Á skipulagsskrá þessari, sem samin er af undirritaðri stjórn sjóðsins, í samræmi við fyrirmæli gefanda, skal leitað samþykkis forseta Íslands og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Akranesi, 9. júní 1952.

Árni Árnason. Jón M. Guðjónsson. Haukur Kristjánsson.

S A M Þ Y K K T

um breyting á samþykkt um ýmis atriði, er snerta fuglaveiðar í Vestmanna- **138**
eyjum, frá 16. júlí 1895. **30. júní**

1. gr.

1. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Lundi skal algerlega friðaður á heimalandi, þar með taldir Heimaklettur, Miðklettur og Yztiklettur, og í öllum úteyjum allan ársins hring, nema frá og með 1. júlí til og með 10. ágúst. Háfa má nota til veiða, en engin önnur veiðarfæri.

2. gr.

Með þessari breytingu falli niður samþykkt frá 13. júlí 1937, um breytingu á samþykkt um ýmis atriði, er snerta fuglaveiðar í Vestmannaeyjum, frá 16. júlí 1895.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar hefur gert samkv. lögum nr. 13 13. apríl 1894, sbr. lög nr. 22 9. júlí 1909, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. júní 1952.

Hermann Jónasson.

Gunnlaugur E. Briem.

139
3. júlí

Staðfesting handhafa forsetavaldsins á skipulagsskrá fyrir „sjóð Snorra Sigfússonar og nemenda hans á Flateyri 1912—30“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. júlí 1952.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjóð Snorra Sigfússonar og nemenda hans á Flateyri 1912—30.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Snorra Sigfússyni, námsstjóra, til minningar um kennarastarf hans við barnaskólann á Flateyri 1912—1930, og þó einkum í sambandi við kæra nemendur hans þessi ár.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2500.00 — tvö þúsund og fimm hundruð 00/100 krónur —.

Peningagjöf þessi var afhent skólanefnd Flateyrarskóla ásamt gjafabréfi dags. 17. júní 1950, og er skipulagsskrá þessi gerð samkvæmt því bréfi.

2. gr.

Sjóðurinn vex af vöxtum stofnfjár, samkvæmt skipulagsskrá þessari og gjöfum eða tillögum, er honum kunna að berast.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Öfundarfjarðar. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, og skal einn fimmti ($\frac{1}{5}$) ársvaxta jafnan leggjast við höfuðstólinn, en fjórum fimmtu ($\frac{4}{5}$) ársvaxta skal árlega varið til verðlauna úr sjóðnum.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er sá, að verðlauna árlega allt að því þrjú börn eða unglínga, er námi ljúka við barnaskólann á Flateyri.

Rétt til verðlauna úr sjóðnum hafa fyrst og fremst þeir nemendur skólans, er að dómi skólastjóra og kennara hafa skarað fram úr að háttþrýði og samvizkusemi, og hafa öll sin námsár reynzt góðir skólaþegnar og neytt námsgetu sinnar vel, hvort sem hún er mikil eða lítil.

Verðlaun skulu veitt án tillits til hárra eða lágra einkunna, er nemendur kunna að hafa hlotið við almenn próf.

5. gr.

Stjórn sjóðsins er í höndum skólastjóra og skólanefndar barnaskólans á Flateyri, og skal skólanefnd samþykkja verðlaun, og hvaða börn skulu njóta þeirra ár hvert.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir af endurskoðunarmönnum hreppsreikninga Flateyrarhrepps.

7. gr.

Leita skal staðfestingar stjórnarvaldanna á skipulagsskrá þessari.

Flateyri, 15. september 1950.

Í skólanefnd Flateyrarskólahéraðs.

Margrét Jónsdóttir.

Trausti Friðbertsson.

Kristján G. Brynjólfsson.

Staðfesting handhafa forsetavaldsins á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð 140 Reykjaskóla“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 4. júlí 4. júlí 1952.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð Reykjaskóla.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður Reykjaskóla.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2500.00 — tvö þúsund og fimm hundruð krónur —.

3. gr.

Stofnendur sjóðsins eru Kaupfélag Hróttfirðinga, Borðeyri, og vinir og velunnarar skólans í Bæjar- og Staðarhreppi.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita viðurkenningu þeim nemendum í þriðja bekk skólans, einum eða fleiri, sem skara fram úr í náms hæfni, ástundun og háttprýði, að dómi skólastjóra og kennara. Ekki skal veita viðurkenningu fyrir frammistöðu í einstakri námsgrein, nema um afburða náms hæfni og árangur sé að ræða.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

a. Vextir af höfuðstól.

b. Samskot og gjafir manna, sem vilja styrkja sjóðinn, svo og aðrar tekjur, sem sjóðnum kann að áskotnast.

6. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta hjá Kaupfélagi Hróttfirðinga eða í sparisjóði Hróttfirðinga.

7. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal aldrei skerða og $\frac{1}{3}$ af vöxtum af fé sjóðsins skal ávallt leggjast við höfuðstólinn, svo og allt það fé, sem sjóðnum kann að áskotnast með gjöfum eða á annan hátt.

8. gr.

Tveir þriðju af vöxtum sjóðsins skal varið samkvæmt ákvæðum 4. gr.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Skólastjóri Reykjaskóla, einn maður kosinn af aðalfundi Kaupfélags Hróttfirðinga og einn maður tilnefndur af kennurum skólans.

10. gr.

Stjórn sjóðsins ber að gera árlegan reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins og senda hann þeim, sem hafa á hendi eftirlit með þeim sjóðum, er hafa fengið skipulagsskrá sína staðfesta lögum samkvæmt.

11. gr.

Leita skal staðfestingar viðkomandi stjórnarvalda á skipulagsskrá þessari.

Reykjaskóla, 14. apríl 1952.

Guðm. Gíslason.

Bjarni Þorsteinsson.

Þorvaldur Böðvarsson.

141
8. júlí

REGLUGERÐ

um breytingar og viðauka við fjallskilareglugerð Vestur-Húnavatnssýslu,
nr. 121 frá 24. júlí 1940.

1. gr.

12. gr. orðist svo:

Hreppstjóri skal, áður en 14 vikur eru af sumri, senda hlutaðeigandi hreppsnefnd skýrslu um tölu sauðfjár og hrossa, er sundurliðuð sé í samræmi við ákvæði 2. gr.

Skýrsla þessi skal samin eftir síðasta skattframtali. Verði breyting á búfjártölu framteljanda frá síðasta skattframtali, skal hann sannanlega tilkynna hana hreppstjóra áður en 12 vikur eru af sumri, og tekst hún þá til greina á skýrslu hreppstjóra.

Eins ber að tilkynna um öll kaup og sölu búpenings, sem fram hefur farið á þessu tímabili, enda sé kaupandi fjallskilaskyldur af keyptum búpeningi.

2. gr.

13. gr. orðist svo:

Fjallskilaskyld er allt sauðfé og öll hross veturgömul og eldri. Undanskilin eru brúkunarhross, þó eigi fleiri en 5 hjá sama eiganda.

Hver fjallskilaskyldur maður skal leggja til fjallskila á þann hátt, er hreppsnefnd ákveður.

Hreppsnefnd skal meta allan fjallskilakostnað upprekstrarfélagsins til peninga- verðs og jafna honum niður á alla þá, sem fjallskil eiga að greiða, samkvæmt eftirfarandi gjaldskylduákvæðum. Fjallskilakostnaði skal jafna niður á búfjáreign samkvæmt skýrslu þeirri frá hreppstjóra, er um ræðir í 1. gr. Skal þá jafnt auratal lagt á hverja hryssu sem 6 kindur, og hvert hross annað sem 4 kindur, en á tvær ær framtaldar sem 3 kindur. Þó er hreppsnefndum Hvammstangahrepps, Kirkjuhvammshrepps og Þverárhrepps heimilt að leggja lægra gjald á hross.

Hreppsnefndir skulu taka afréttartoll, allt að kr. 50.00 auk fjallskila, af hrossum í héraðinu, sem eru eign manna búsettra utan þess.

3. gr.

Við 14. gr.:

Í stað „fjáreigandi“ í annarri málsgrein, komi: hann.

4. gr.

Við 15. gr.:

Í stað „skýrslu um tölu fjár og stóðhrossa manna í hreppnum að vorinu“ komi: Skýrslur þær, er um getur í 1. gr.

5. gr.

Við 18. gr.:

Úr greininni falli orðin „á fjáreigendur“.

6. gr.

22. gr. orðist svo:

Ef fjallskilaskyldur maður hefur engan hæfan mann til gangna og getur eigi útvegað hann, skal hann tilkynna það skriflega hreppsnefnd eða fjallskilastjóra, 6 dögum áður en fjallgöngur byrja, og borgar hann þá göngurnar sektarlaust, en án tillits til mats á þeim, en hreppsnefnd eða fjallskilastjóri annast um að útvega mann

í göngurnar fyrir sanngjarna borgun. Á sama hátt skal útvega hesta, fæði og annað, **141**
sem vantar. 8. júlí

Skylt er hverjum fjallskilaskyldum manni, ef krafizt er, að borga sanngjarnlega ómak og fyrirhöfn hreppsnefndar eða fjallskilastjóra.

7. gr.

28. gr. orðist svo:

Ef enginn rekstrarfær maður er heima, er rekstur kemur á bæ, skal rekstrarmaður skilja úr fé það, er eftir á að verða, en reka svo reksturinn til næsta rekstrarfærs manns. Greiða skal rekstrarmanni þóknun fyrir rekstur umfram eina bæjarleið, er sé kr. 0.70 á einfaldan km, að viðbættri verðlagsuppbót.

Rekstrarmaður fær þóknun sína greidda úr fjallskilasjóði, en fjallskilasjóður innheimtir gjaldið aftur hjá hlutaðeigandi ábúendum eða eigendum, ef um eyðibýli er að ræða.

8. gr.

Við 40. gr.:

Inn í 3. málsgr. greinarinnar, á eftir orðunum „50 aurum um sólarhringinn“ bætist: að viðbættri verðlagsuppbót.

9. gr.

Breytingar þessar og viðaukar við fjallskilareglugerð Vestur-Húnavatnssýslu gilda fyrst um sinn, meðan fjárfækkunar gætir af völdum fjárskiptanna, og sýslunefnd hefur ekki gert aðra ákvörðun.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 12 31. maí 1937, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 101 frá 23. júlí 1949, um breytingar og viðauka við fjallskilareglugerð Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 121 frá 24. júlí 1940.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. júlí 1952.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

REIKNINGUR

142

yfir tekjur og gjöld Framfarasjóðs Jóns prófasts Melsteds og
frú Steinunnar Bjarnadóttur Melsteds árið 1951.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1951 B., bls. 450)	kr. 6297.68
2. Óafhentir trjáræktarsjóðir	— 685.88
3. Vextir árið 1951 af aðalsjóðnum	— 302.26
4. Vextir árið 1951 af sparissjóðsinnstæðum trjáræktarsjóða	— 23.93

Kr. 7309.75

142

		G j ö l d :	
Í sjóði til næsta árs:			
1.	Í Söfnunarsjóði		kr. 6599.94
2.	Í Landsbankanum:		
a.	Trjáræktarsjóður Úlfljótsvatnskirkjugarðs	kr. 186.64	
b.	— Þingvallakirkjugarðs	— 183.46	
c.	— Hlíðar í Grafningi	— 173.66	
d.	— Keldnakots í Stokkseyrarhreppi .	— 166.05	
			— 709.81
			Kr. 7309.75

Í atvinnumálaráðuneytinu, 5. apríl 1952.

Gunnlaugur E. Briem.

143

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs C. Liebe's árið 1951.

		T e k j u r :	
1.	Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1951 B., bls. 450):		
	Söfnunarsjóðsinnstæða		kr. 14738.46
2.	Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu		— 707.43
			Kr. 15445.89
		G j ö l d :	
1.	Greitt Búnaðarfélagi Íslands	kr. 636.66	
2.	Sjóður í árslok:		
	Söfnunarsjóðsinnstæða		— 14809.23
			Kr. 15445.89

Í atvinnumálaráðuneytinu, 5. apríl 1952.

Gunnlaugur E. Briem.

144

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðsins Þorvaldarminning árið 1951.

		T e k j u r :	
1.	Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1951 B., bls. 448):		
a.	Í Söfnunarsjóði	kr. 18453.72	
b.	Í Landsbankanum	— 394.59	
			kr. 18848.31
2.	Vextir:		
a.	Af söfnunarsjóðsinnstæðu	kr. 885.74	
b.	Af bankainnstæðu	— 13.98	
			— 899.72
			Kr. 19748.03

Gjöld:

1. Veittir styrkir	kr.	400.00	
2. Sjóður til næsta árs:			
a. Í Söfnunarsjóði	kr.	18748.98	
b. Í Landsbankanum	—	599.05	
			<u>19348.03</u>

Kr. 19748.03

*Í atvinnumálaráðuneytinu, 5. apríl 1952.***Gunnlaugur E. Briem.**

REIKNINGUR

145

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs verðugra og þurfandi þjóðjarðalandseta
í hinu fyrrverandi Suðuramti árið 1951.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1951 B., bls. 448):		
Söfnunarsjóðsinnstæða	kr.	25438.00
2. Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðum	—	1221.02

Kr. 26659.02

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	26659.02

Kr. 26659.02*Í atvinnumálaráðuneytinu, 5. apríl 1952.***Gunnlaugur E. Briem.**

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs V. Gigas's árið 1951.

146

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1951 B., bls. 449):		
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	20560.72
2. Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu	—	986.89

Kr. 21547.61

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	21547.61

Kr. 21547.61*Í atvinnumálaráðuneytinu, 5. apríl 1952.***Gunnlaugur E. Briem.**

147

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Christians konungs Niunda árið 1951.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tið. 1951 B., bls. 447):			
a. Innritunarskírteini	kr.	8600.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	11232.98	
c. Bankainnstæða	—	4890.65	
			kr. 24723.63
2. Vextir:			
a. Af innritunarskírteini	kr.	711.26	
b. — söfnunarsjóðsinnstæðu	—	541.24	
c. — bankainnstæðu	—	160.58	
			— 1413.08
			Kr. 26136.71

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:			
a. Innritunarskírteini	kr.	8600.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	11360.13	
c. Bankainnstæða	—	6176.58	
			Kr. 26136.71

*Í atvinnumálaráðuneytinu, 5. apríl 1952.***Gunnlaugur E. Briem.**

148

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Frederiks konungs Áttunda árið 1951.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tið. 1951 B., bls. 449):			
a. Söfnunarsjóðsinnstæða	kr.	26891.72	
b. Bankainnstæða	—	4777.47	
			kr. 31669.19
2. Vextir:			
a. Af söfnunarsjóðsinnstæðu	kr.	1290.78	
b. — bankainnstæðu	—	149.48	
			— 1440.26
			Kr. 33109.45

Gjöld:

1. Heiðurslaun til Guðm. Friðfinnssonar	kr.	300.00	
2. Sjóður til næsta árs:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	27020.87	
b. Innstæða í Búnaðarbankanum	—	5788.58	
			— 32809.45
			Kr. 33109.45

*Í atvinnumálaráðuneytinu, 5. apríl 1952.***Gunnlaugur E. Briem.**

GJALDSKRÁ**fyrir Rafveitu Njarðvíkur.**

149

16. febr.

I. RAFORKA

Rafveita Njarðvíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.55 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á 66 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 6.00 á ári af hverjum fermetra gólfplatari í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 2.00 á ári af fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 45 aura hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 4.00 á mánuði af hverju herbergi íbúðarinnar.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö.

C. Vélanothkun.

1. Um kwst.mæli 96 aura hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds, frá kr. 180.00 til kr. 210.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum 60 aura hver kwst. Eftir þessum gjaldskrárlið skal selja raforku á neytluvatnsdælur.
3. Ef uppsett rafvélaafl fastra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw., um kwst.mæli á 29 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
4. Um mæli á kr. 300.00 fyrir hvert uppsett kw. vélanna, og auk þess 12 aura á hverja notaða kwst.
5. Um kwst.mæli á kr. 480.00 fyrir hvert kw. mesta notaðs afls á árinu, og auk þess á 12 aura á hverja notaða kwst.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 20 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 7 aura hver kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

149

E. Önnur raforkusala.

16. febr. 1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slikra staða á 42 aura hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli, og suðu-tækin fasttengd.
2. Til bókunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 18 aura hver kwst., ef straumurinn er rofinn frá kl. 8.30 til 22, eða um tvgjaldmæli á 18 aura hver kwst., á tímanum frá kl. 22 til 8.30, á 96 aura hver kwst., frá kl. 8.30 til 22.
3. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur um kwst.-mæli á 96 aura hver kwst.
4. Til götu og hafnarlýsingar á 96 aura hver kwst., og annast rafveitan þá rekstur og viðhald á lýsingarkerfinu.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er, og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A 1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskyldu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstök-um samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- | | |
|--|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. | kr. 2.00 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni | — 3.00 — — |
| 3. — þrífasa mælum 50 amp. til 200 amp. | — 7.00 — — |
| 4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. | — 10.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leiga skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við brunabótamat á húsum og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir:

Brunabótamat:		Jarðlina:	Loftlina:
Frá kr.	0 til 25 000	kr. 1050.00	kr. 670.00
— —	25 000 — 30 000	— 1170.00	— 800.00
— —	30 000 — 40 000	— 1320.00	— 900.00
— —	40 000 — 50 000	— 1470.00	— 960.00
— —	50 000 — 60 000	— 1590.00	— 1020.00
— —	60 000 — 70 000	— 1670.00	— 1090.00
— —	70 000 — 80 000	— 1740.00	— 1160.00
— —	80 000 — 90 000	— 1810.00	— 1220.00
— —	90 000 — 100 000	— 1880.00	— 1290.00
— —	100 000 — 125 000	— 1950.00	— 1350.00
— —	125 000 — 150 000	— 2100.00	— 1500.00
— —	150 000 — 175 000	— 2250.00	— 1650.00
— —	175 000 og yfir	— 2400.00	— 1800.00

Greiði húseigandi áætlaðan helming heimtaugargjalds um leið og heimtaugaruppsetningu er lokið, er heimilt að veita honum gjaldfrest í allt að 12 mánuði á eftir-

stöðvunum. Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar brúnabótamat hússins hefur verið framkvæmt. 149
16. febr.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 40 metrar og gildleiki víra meiri en 3×70 qmm., skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir endurofnun, kr. 25.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt kr. 25.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Njarðvíkur, nr. 255 20. nóv. 1950.

Atvinnumálaráðuneytið, 16. febrúar 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt nr. 104 24. ágúst 1944, um lokunartíma sölubúða og sölustaða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík, með breytingum 12. febr. 1947 og 13. nóv. 1948. 150
29. maí

1. gr.

Á eftir 4. gr. komi ný grein, sem verður 5. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

Söluturnum, sem fengið hafa sérstakt leyfi bæjarráðs, má halda opnum til sölu blaða, tímarita, frímerkja, bréfsfna, sælgætis í umbúðum, gosdrykkja og tóbaksvara, sem hér segir:

Á virkum dögum frá kl. 8 til 23.30.

Á helgidögum, eingöngu til blaðasölu, frá kl. 8 til kl. 11 og frá kl. 15 til kl. 23.30. Þó skal lokað á föstudaginn langa, páskadag, jóladag, hvítasunnudag og aðfangadag jóla eins og venjulegum sölubúðum.

Bæjarráð getur bundið leyfi samkvæmt 1. mgr. þeim skilyrðum, er það telur nauðsynlegt, og ákveðið árlegt gjald í bæjarsjóð fyrir hvert leyfi.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi,

150 Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar samkvæmt
29. maí lögum nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með, og birtist til eftirbreytni öllum þeim,
er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. maí 1952.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Gísli Jónasson.

151
8. júlí

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Hnífsdalskaupún.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Hin löggilta höfn nær yfir skipalægið meðfram strandlengju verzlunarlóðarinnar, þ. e. frá Skarfaskeri að utan, að innri takmörkum bryggjulandsins að innan.

II. KAFLI

Um stjórn hafnarinnar, hafnarsjóð o. fl.

2. gr.

Hreppsnefnd Eyrarhrepps hefur á hendi yfirstjórn hafnarmála undir yfirumsjón samgöngumálaráðuneytisins. Að nýafstöðnum hreppsnefndarkosningum skal hreppsnefnd Eyrarhrepps kjósa 3 menn í hafnarnefnd og jafnmarga til vara. — Kjörtímabil hafnarnefndar er hið sama og hreppsnefndar. Hafnarnefnd annast framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að líta. Þá annast hafnarnefnd reikningshald og fjárvörzlu hafnarsjóðs fyrir hönd hreppsnefndar, enda ber sveitarsjóður ábyrgð á eignum og skuldbindingum hafnarsjóðs. Oddviti Eyrarhrepps er hverju sinni sjálfkjörinn formaður hafnarnefndar. Heimilt skal hreppsnefnd að velja einn hafnarnefndarmann af þremur utan hreppsnefndar.

Heimilt er hreppsnefnd að ráða hafnarvörð eftir tillögu hafnarnefndar og ákveða laun hans. Hafnarnefnd setur honum erindisbréf.

3. gr.

Til þess að standast kostnað við hafnarmannvirki og árlegan rekstur þeirra, skal stofna hafnarsjóð.

Í hafnarsjóð renna allar þær tekjur hafnarinnar, sem ákveðnar eru í reglugerð þessari. Halda skal reikning yfir allar tekjur hafnarsjóðs og gjöld. Við lok hvers reikningsárs skal hafnarnefnd semja reksturs- og efnahagsreikning sjóðsins og ber henni að hafa fullgert reikninginn ekki síðar en í febrúarlök næsta reikningsárs. Reikningar hafnarsjóðs skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og hreppsreikningar.

4. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert skal hafnarnefnd hafa samið og lagt fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal síðan fullsemja áætlunina og senda hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum.

III. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

151

8. júlí

5. gr.

Enginn má leggja legufærum í höfnina, nema leyfi hafnarvarðar eða hafnarnefndar komi til, og ákveða þeir aðilar, hvar þau skulu lögð.

6. gr.

Bannað er að láta kjölfestu eða annað það, sem grynningu getur valdið, falla niður eða láta það útbyrðis nálægt bryggjunni. Hafnarnefnd eða hafnarvörður segir til, hvar kasta megi kjölfestu eða öðru því, er til fellur innan hafnarinnar.

7. gr.

Ekki má festa skip við bryggjuna, nema við festarhringi eða festarstólpa. Skal festum þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni. Þá skal og skylt að hafa tryggar hlifar milli skips og bryggju.

8. gr.

Vélskip þau, er að bryggju koma, mega ekki vera knúin svo miklu vélaafli, að öðrum skipum við bryggjuna eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af. Ekki má hleypa vatni eða sjó á bryggjuna að öpörfu.

IV. KAFLI

Um notkun bryggjunnar.

9. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggju eða bólvirki hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma að. Þó skulu þau skip, sem sigla eftir fastri, auglýstri áætlun og flytja póst, að öðru jöfnu hafa rétt til að leggjast að bryggju og bólvirkjum, þótt önnur skip liggi þar fyrir, og verða þau þá að víkja meðan hin eru afgreidd.

Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að áliti hafnarvarðar eða hafnarnefndar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef krafizt er. Þá getur hafnarnefnd eða umboðsmaður hennar einnig vísað skipum frá bryggjunni, áliti hún það nauðsynlegt vegna veðurs.

10. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjuna, sé lagt hlið við hlið, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilfar hinna á bjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför skipanna, sem nær liggja.

11. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífðardúka milli skipa og bryggju, eða milli skipa, svo ekkert falli fyrir borð. Sé þessa ekki gætt, getur umboðsmaður hafnarnefndar stöðvað verkið unz úr er bætt.

12. gr.

Þeir munir eða vörur, sem láta á í skip eða affermdir eru, mega ekki liggja á bryggjunni og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stað, er hafnarnefnd eða umboðsmaður hennar vísar á.

Hvers konar vöru, muni eða fiskafla, skal flytja burt af bryggjunni jafnóðum og því er skipað upp á hana.

151

8. júlí

V. KAFLI

Hafnarmannvirki einstakra manna og félaga innan hafnarinnar.

13. gr.

Meðfram strandlengju hafnarinnar má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nema leyfi hreppsnefndar komi til, að fengnum tillögum hafnarnefndar. Sá, sem fengið hefur leyfi til bryggju- eða mannvirkjagerðar, skal halda henni svo vel við, að engin hættu stafi af því. Sé slíkt leyfi til bryggjuerðar ekki notað innan tveggja ára, fellur það úr gildi. Ekki mega einstaklingar eða félög heldur fylla upp eða dýpka út frá landi, nema sams konar leyfi og að framan getur komi til.

14. gr.

Við bryggjur eða uppfyllingar einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar, hafa skip rétt til að leggjast að í sömu röð og þau koma að og æskja þess. Þó skulu skip, sem sigla eftir fastri áætlun, hafa forgangsrétt, næst á eftir skipum eigenda.

15. gr.

Óheimilt er einstaklingum eða félögum, sem bryggjur eiga innan takmarka hafnarinnar, að taka vörugjald af þeim vörum, sem fara þar um, nema samþykki hreppsnefndar komi til.

16. gr.

Um lýsingu slíkra mannvirkja, þrífnað á þeim o. fl., fer eftir þeim fyrirmælum, er hafnarnefnd setur á hverjum tíma, og gildir fyrir allar bryggjur og uppfyllingar á hafnarsvæðinu.

VI. KAFLI

Um almenna reglu.

17. gr.

Hafnarnefnd sér um að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við öll hafnarmannvirki innan hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hennar og banni, sem og þeirra starfsmanna, er hún setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært það fyrir hreppsnefnd, en skipun hafnarnefndar eða starfsmanna hafnarinnar ber þó að hlýða tafarlaust.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

18. gr.

Öll skot við og á höfninni eru stranglega bönnuð.

19. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar um meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavelum skipsins eða ljóskerum.

VII. KAFLI

Hafnargjöld.

20. gr.

Lestagjald.

Öll skip, 5 brúttósmálestir og stærri, sem leggjast við festar á Hnífsdalshöfn og hafa samband við land, skulu greiða lestagjald. Þó skulu eftirtalin skip undanþegin lestagjaldi: Herskip, varðskip, vitaskip, skip, sem leita hafnar vegna illviðris,

sjóskaða eða skemmda á skipi og hafa ekki samband við land, skip, sem leita þurfa 151
læknishjálpar eða koma til þess að taka eða skila á land heimilisföstum Eyrhrepp- 8. júlí
ingum, enda stundi skipin ekki strandferðir og fái ekki aðra afgreiðslu í höfninni.
Lestagjöld, sem og önnur gjöld til hafnarinnar, renna í hafnarsjóð.

Alls staðar þar, sem miðað er við lestatölu skipa í neðanskráðum gjaldskrá, er átt við brúttórúmllestir.

21. gr.

Lestagjald.

Lestagjald skal greiða eftir neðanskráðri gjaldskrá:

I. Skip, skrásett eða heimilisföst í Hnífsdal:

- | | |
|---|------------------|
| a. Árabátar | kr. 10.00 á ári. |
| b. Vélbátar undir 5 lestum | — 45.00 — — |
| c. Vélbátar 5—12 lestir | — 75.00 — — |
| d. Vélbátar og skip, 12 smál. og stærri, greiði | — 75.00 — — |
- og auk þess kr. 3.00 af hverri smálest umfram 12 smálestir.

II. Önnur skip:

1. Fiskiskip:

- | | |
|--|--------------------------|
| a. Árabátar | kr. 2.50 í hvert skipti. |
| b. Vélbátar undir 5 lestum | — 7.50 — — — |
| c. Vélbátar 5—12 lestir | — 12.50 — — — |
| d. Vélbátar og skip, 12 smál. og stærri, greiði | — 12.50 — — — |
- og auk þess kr. 0.60 af hverri smálest, sem umfram er þá stærð.

2. Önnur skip:

- | | |
|----------------------------|---|
| a. Skip undir 1000 lestum | kr. 0.30 af hverri lest í hvert skipti. |
| b. Skip yfir 1000 lestir | kr. 300.00 og kr. 0.10 í hvert skipti af hverri lest þar umfram. |
| c. Innland strandferðaskip | kr. 0.15 af hverri lest í hvert skipti eða 0.50 af hverri lest á ári. |

22. gr.

Ljósagjald.

Öll skip, sem greiða lestagjald, greiði samtímis ljósagjald eftir neðanskráðri gjaldskrá:

I. Skip, skrásett eða heimilisföst í Hnífsdal:

Vélbátar eða skip yfir 12 lestir kr. 15.00 á ári.

II. Önnur skip:

1. Fiskiskip:

- | | |
|--|--|
| a. Yfir 12 lestir, en undir 50 lestum, | kr. 4.50 í hvert skipti eða kr. 15.00 á ári. |
| b. Yfir 50 lestir, | kr. 6.00 í hvert skipti eða kr. 20.00 á ári. |

2. Önnur skip:

- | | |
|---|---------------------------|
| a. Skip undir 200 lestum, | kr. 7.50 í hvert skipti. |
| b. Skip yfir 200 lestir, en undir 400 lestum, | kr. 15.00 í hvert skipti. |
| c. Skip yfir 400 lestir, | kr. 45.00 í hvert skipti. |
| d. Innland strandferðaskip undir 1000 lestum, | kr. 25.00 á ári. |
| e. Innland strandferðaskip yfir 1000 lestir, | kr. 40.00 á ári. |

23. gr.

Bryggjugjald.

Bryggjugjald skulu öll skip, sem leggjast að hafnargörðum eða hafnarbryggjum í Hnífsdalshöfn, greiða eftir neðanskráðri gjaldskrá:

- 151 I. Skip, skrásett eða heimilisföst í Hnífsdal:
8. júlí Skip 12 lestir eða stærri kr. 80.00 á ári.

II. Önnur skip:

1. Fiskiskip:
 - a. Bátar, 1—12 smál., kr. 1.25 af hverri lest fyrir hvern byrjaðan sólarhring.
 - b. Skip yfir 12 smálestir, kr. 15.00, og auk þess kr. 0.30 fyrir hverja smál. sem umfram er þá stærð, fyrir hvern byrjaðan sólarhring.
2. Flutningaskip alls konar greiði kr. 0.30 af hverri brúttó smálest fyrir hvern byrjaðan sólarhring.

24. gr.

Bryggjulgjald greiðist einu sinni fyrir hvern sólarhring, sem skip liggur við bryggju, þegar greitt er fyrir hvert skipti.

25. gr.

Fyrir að taka neyzluvatn eða vatn til véla skipa úr vatnsleiðslu hafnarinnar, skal greiða vatnsgjald samkvæmt neðanskráðri gjaldskrá:

- I. Skip skrásett eða heimilisföst í Hnífsdal, kr. 10.00 í hvert skipti.

II. Önnur skip:

1. Skip undir 150 lestum, kr. 20.00 í hvert skipti.
2. Skip yfir 150 lestir, kr. 40.00 í hvert skipti.

III. Sé vatn afgreitt eftir máli, má taka allt að kr. 10.00 fyrir hverja smálest.

26. gr.

Skipstjóri aðkomuskipis ber ábyrgð á öllum gjöldum af skipi sínu til hafnarinnar. Skip má ekki leggja úr höfn, nema gjöld þess séu greidd. Er heimilt eftir kröfu hafnarvarðar eða hafnarstjóra að stöðva för skipis með fógetavaldi, ef gjöld þess hafa ekki verið greidd áður en það fór úr höfninni, og hefur hafnarsjóður haldsrétt í því, unz gjöldin eru greidd.

Afgreiðslumaður aðkomuskipis ber ábyrgð á gjöldum skipis, sem hann annast afgreiðslu fyrir. Eigandi skipis og útgerðarmaður bera einnig ábyrgð á gjöldum skipa sinna, hvort sem um aðkomuskip er að ræða eða ekki.

Gjaldþagi árgjalda samkv. framanskráðum skráum er 31. desember fyrir hvert liðandi ár eða í fyrsta skipti, sem skip kemur í höfnina á árinu.

27. gr.

Vörugjald.

Af öllum vörum og skepnum, sem fluttar eru úr skipi eða í innan hafnarinnar, svo og af afla þeirra eða skipa, sem gerð eru út frá Hnífsdal og/eða leggja afla sinn þar á land, skal greiða vörugjald til hafnarsjóðs Hnífsdals samkvæmt gjaldskrá þeirri, sem hér fer á eftir:

1. flokkur, aflagjald:
 - a. 1.00 kr. hver 100 kg:
Allur fiskafli, slægður með haus, þ. á m. síld.
 - b. 0.50 kr. hvert mál:
Skelfiskur.
2. flokkur, 1.50 kr. hver 100 kg:
Hertur fiskur alls konar.
3. flokkur, 0.60 kr. hver 100 kg:
Hraðfrystur fiskur.

4. flokkur, 0.50 kr. hver 100 kg:

Brúnkol, kol, koks, mór, salt.

5. flokkur, 0.75 kr. hver 100 kg:

Saltfiskur, fiskbein, kalk, múrsteinn, sement, steinsteyptar vörur, steypu-járn, steypustyrktarjárn, vikur, vikursteinn, þakjárn, þakplötur.

6. flokkur, 1.00 kr. hver 100 kg:

Beitusild, fiskbein (hörð), fiskilínur, fiskimjöl, fiskur nýr eða ísvarinn, slægður eða óslægður (brottfluttur), hey, hráolía, kornvörur allar, sildarlýsi, síldarmjöl, smokkfiskur.

7. flokkur, 2.00 kr. hver 100 kg:

Áburðarolía, áburður (tilbúinn), asbestpípur, ávextir (nýir, niðursoðnir og þurrkaðir), baðlyf, blý, blöð, brauðvörur, brýni, bækur, dráttarvélar og aðrar skyldar vélar, eldavélar, eldfastur leir og steinn, feiti, gaddavír, garnir, gólfdukar, grænsápa, gærur, heyvinnsluvélar, hverfisteinar, ís, jarðvinnsluvélar, járn, járnkeðjur, járnþráur, kaðlar, kaffi, kakaó, kartöflur og aðrir garðávextir, kitti, kjöt, kopar, koparvír, kork, krít, kæliskápar, leður, leirvörur, litarvörur, mör, niðursuðuvörur, nýlenduvörur, ofnar, pappi, hvers konar pokar, poka-strigi (hessian), rúðugler, saumavélar, saumur, segldúkur, seglgarn, skilvindur, smjör, smjörliki, smjörlikisolíur, steinn, sódi, stál, stálvír, stálvörur, steypur járnvörur, sykur, te, tjara, togleður, tólg, tvistur, ull, vaxdúkur, vélar, véla-hlutar, vír, vírnet, vörubifreiðar, þvottaefni, þvottasápa, þvottavélar.

Allar vörur, ótaldar annars staðar, sem reiknast eftir þyngd.

8. flokkur, 3.00 kr. hver 100 kg:

Dúnn, eldspýtur, fiður, glervörur, glysvörur og þess háttar, leðurvörur, leik-föng, þrjónavörur, skinnavörur, skófátnaður, súkkulaði, sælgætisvörur, tóbaks-vörur, vefnaðarvörur, vín, vínandi.

9. flokkur, 4.00 kr. hver 100 kg:

Fólksflutningsbifreiðar, húsgögn, orgel, pianó. Fyrir ferðabifreiðar hvers konar skal aðeins greiða kr. 15.00 fyrir hverja, fyrir hvert skipti fram og aftur samanlagt. Líði meira en 6 mánuðir milli ferða, reiknast gjaldið aftur. Sama gjald greiðist fyrir jarðvinnsluvélar, sem fluttar eru til vegna vinnu og um höfnina fara. Séu vélarnar yfir 6 smálestir er gjaldið kr. 50.00.

10. flokkur, 1.25 kr. hver kassi með ca. 50 flöskum, hverri á $\frac{1}{4}$ — $\frac{3}{8}$ lítra:

Gosdrykkir, svaladrykkir, öl.

Hver gripur: Sauðfé.

11. flokkur, 2.00 kr. hvert fat yfir 100 kg eða lítra, 1.00 kr. hver tunna 100 kg eða lítra eða minni:

Benzín, fernisólía, lýsi, lýsiskvoða, kjöt, síld, smurningsólía, steinólía og aðrar vörur, fastar eða fljótandi, sem fluttar eru í þess konar ílátum, ótaldar annars staðar.

12. flokkur, 1.00 kr. hvert stykki:

Endursendar umbúðir, loðdýr, stykkjavara 10—50 kg, ótalin annars staðar, tóm föt og tunnúr, vín, öl- og gosdrykkjakassar.

Fyrir stykkjavöru undir 10 tonn greiðist hálf gjald.

13. flokkur, 2.00 kr. hvert stykki:

Súr- og gashylki, full og tóm, stykkjavara 50—100 kg, ótalin annars staðar.

14. flokkur, 5.00 kr. hver gripur:

Hestar, nautgripir, svín.

15. flokkur, 20 aura hvert teningsfet:

Timbur og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli, ótaldar annars staðar.

151

8. júlí

Vörugjald af afla greiðist að hálfu leyti af óskiptum afla, en að hálfu leyti af kaupanda aflans. Kaupandi skal innheimta aflagjald það, sem reiknast af óskiptum afla og standa skil á því til hafnarsjóðs innan viku frá gjalddaga. Kaupandi ber ábyrgð á öllu gjaldinu gagnvart hafnarsjóði. Gjaldið fellur í gjalddaga, þegar afla er skipt, eða hann afreiknaður hjá kaupanda.

Vörugjald af öllum aðfluttum vörum greiðir móttakandi, en sendandi af útfluttum vörum, og er það gjaldkræft, er skipið, sem vöruna flytur, er komið á höfnina eða áður en það flytur vöru brott.

Afgreiðslumaður skips skal ávallt standa innheimtumanni skil á vörugjaldinu. Rétt á afgreiðslumaður á innheimtulaunum samkvæmt samningi við hafnarnefnd.

Brot úr gjaldeiningu reiknast sem heil eining og lægsta vörugjald er 50 aurar. Leiki vafi á því, í hvaða gjaldaflokki skuli telja einhverja vöru, sker hafnarstjóri úr.

Skipstjóri skips, sem hefur farm sinn skráðan, skal láta hafnarstjóra eða hafnarverði í té eftirrit af farmskránni. Skipstjóri skips, sem ekki hefur farm sinn skráðan, skal gefa hafnarstjóra eða hafnarverði skýrslu um farminn, þegar er skipið kemur í höfnina og áður en það lætur úr höfn. Sama skylda hvílir á afgreiðslumanni skips. Verði ekki sannreynt hvert vörumagn skip flytur, er hafnarstjóra heimilt að meta magnið til vörugjalds. Sá, sem lætur fyrirfarast að gefa nefnda skýrslu eða gefur ranga eða villandi skýrslu um farm skips, hefur með því gerst brotlegur við reglugerð þessa. Skipstjóri og útgerðarmaður þess skips, sem flytur óskráðar vörur, bera ábyrgð á greiðslu vörugjalds af þeim vörum, og einnig sá, sem annast afgreiðslu slíkra skipa. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á vörum, unz vörugjald er greitt.

29. gr.

Undanþeginn vörugjaldi er pósthlutningur, farþegaflutningur, vistir og aðrar nauðsynjar til skipa til eigin þarfa, svo og vörur, sem lagðar eru á land til umskipunar til annarra hafna.

30. gr.

Öll gjöld og sektir samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

31. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum. Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhøllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af fimm dómkvöddum mönnum. Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim, er þess krafðist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt honum í vil, svo að nemi 10% af hinnu ákveðnu skaðabótupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnað við yfirmat.

32. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggir við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Hnífsdals.

33. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um 151
hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni 8. júlí
öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir
Hnifsdalsverzlunarstað, nr. 34 10. apríl 1935.

Samgöngumálaráðuneytið, 8. júlí 1952.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

152
9. júlí

um breyting á reglum um veitingu einkarafstöðvalána úr raforkusjóði,
nr. 114 30. júní 1947.

1. gr.

1. gr. reglnanna orðist svo:

Úr raforkusjóði má veita lán samkvæmt 3. tölul. 35. gr. raforkulaganna, allt
að kr. 350 000 samtals á hverju almanaksári. Slík lán verða hér eftir í reglum
þessum nefnd einkarafstöðvalán.

2. gr.

5. gr. orðist svo:

Vextir af einkarafstöðvalánnum skulu vera 3% og greiðist eftir á árlega. Lánin
mega vera afborganalaus fyrstu tvö árin, en greiðist síðan upp með jöfnum af-
borgunum á 15 árum, eða fyrr, ef lántakandi óskar.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, og
öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnumálaráðuneytið, 9. júlí 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

153
10. júlí

um breyting á reglum um veitingu mótórrafstöðvalána úr raforkusjóði,
nr. 107 12. júní 1950.

1. gr.

5. gr. reglnanna orðist svo:

Vextir af mótórrafstöðvalánnum skulu vera 3½% og greiðast eftir á árlega.
Lánin mega vera afborgunarlaus fyrsta árið, en greiðast síðan upp með jöfnum
afborgunum á 7 árum eða fyrr, ef lántaki óskar þess.

2. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, og
birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 10. júlí 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

154
12. júlí

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 74 17. apríl 1950, um búfjárrækt.

39. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Skipta skal landinu í fjögur sýningarsvæði, og héraðssýningar haldnar fjórða hvert ár á eftirtöldum stöðum, eða öðrum í grennd við þá, eftir ákvörðun hlutaðeigandi búnaðarsambands:

1. Þjórsártún, fyrir sambandssvæði Búnaðarsambands Suðurlands.
2. Ferjukot, fyrir búnaðarsambandssvæðin milli Hvalfjarðar og Gilsfjarðar.
3. Sveinsstaðir, fyrir Húnavatnssýslur.
4. Sauðárkrókur, fyrir Skagafjarðarsýslu.
5. Meðalfellsrétt, fyrir Austur-Skaftafellssýslu.

Enn fremur er Búnaðarfélagi Íslands skylt að halda sýningar á fleiri stöðum, ef þess er óskað af hlutaðeigandi búnaðarsamböndum eða sýslunefndum. Sýningar skulu því aðeins haldnar að búnaðarsamböndin óski eftir þeim eða samþykki, að þær skuli haldnar og annist um þær eins og reglugerð þessi gerir ráð fyrir.

Stjórnir búnaðarsambanda skulu kjósa meðdómendur á héraðssýningum, þó skulu þær gefa stjórn Landssambands hestamannafélaga kost á að tilnefna einn meðdómanda. Fjöldi meðdómenda fer eftir þörf, en skal ávallt vera jöfn tala. Þær skulu enn fremur kjósa minnst þriggja manna sýningarstjórn, sem annast umbúnað sýningarsvæðis og annan undirbúning og framkvæmd sýningarinnar í samráði við hrossaræktarráðunaut. Búnaðarsamböndin skulu greiða meðdómendum á héraðssýningum fyrir störf þeirra og sýningarstjórn, og sjá um allan kostnað, sem af héraðssýningum leiðir. Þó greiðir Landssamband hestamannafélaga kostnað vegna starfa fulltrúa sinna sem meðdómenda á héraðssýningum.

Búnaðarsambönd skulu sjá um að fram fari sveitasýningar fjórða hvert ár, ef þess er óskað af héraðsmönnum, eða stjórnir sambandanna telja nægan áhuga vera fyrir því í héraðinu. Flokka skal hross á sveitasýningum í 1., 2. og 3. flokk. Hross, sem eru í 1. flokki á sveitarsýningu, hafa rétt til að mæta á héraðssýningum, en dómnefnd héraðssýninga er heimilt að vika frá héraðssýningu hrossum frá sýningu. Henni er enn fremur heimilt að vika frá héraðssýningu hrossum, sem þannig eru með farin, að til vansæmdar má telja, þótt þau hafi verið dæmd í 1. flokk á sveitarsýningu.

Stjórn búnaðarsambands kys í hverri sveit meðdómendur á sveitasýningar, en gefa skal þó stjórn Landssambands hestamannafélaga kost á að tilnefna einn meðdómanda í dómnefnd hverrar sýningar. Hafi búnaðarsambandið ráðunaut, skal hann vera oddamaður dómnefndar á sveitasýningum, ella hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands eða annar, er Búnaðarfélag Íslands tilnefnir. Búnaðarsamböndin sjá um allan kostnað við sveitasýningar. Þó greiðir Landssamband hestamannafélaga kostnað vegna starfa fulltrúa sinna, sem meðdómenda á sýningum þessum.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 19 22. marz 1948, um búfjárrækt, og lögum nr. 11 14. febr. 1950, um breyting á lögum nr. 19 22. marz 1948, um búfjárrækt, öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. júlí 1952.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

Staðfesting handhafa forsetavaldsins á skipulagsskrá fyrir „Afmælissjóð Ing- **155**
veldar Kjartansdóttur“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráð- 14. júlí
herra 14. júlí 1952.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Afmælissjóð Ingveldar Kjartansdóttur.

1. gr.

Sjóður þessi var stofnaður á áttæðisafmæli frú Ingveldar Kjartansdóttur 31. maí 1943, af afkomendum hennar, tengdabörnum og vinum.

Nafn sjóðsins er: Afmælissjóður Ingveldar Kjartansdóttur.

Stofnfé sjóðsins var kr. 14500.00. Eign sjóðsins er nú kr. 16394.99.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er: að styrkja með fjárframlögum eða á annan hátt nám, rannsóknir og aðrar framkvæmdir, sem að því miða að efla hagsýni og vöndun í vinnubrögðum almennings hér á landi.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þannig: Kennslumálaráðherra tilnefnir einn mann í stjórn og sé hann formaður hennar. Stjórn Atvinnudeildar Háskólans tilnefnir annan og stjórn Handíða- og myndlistarskólans í Reykjavík hinn þriðja.

Stjórnin skal skipuð til fimm ára í senn, í fyrsta skipti 31. maí þ. á. Stjórnin annast reikningshald sjóðsins og úrskurðar um styrkveitingar úr honum.

4. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands, ríkistryggðum skuldabréfum eða á annan jafntryggilegan hátt. Allir vextir sjóðsins og aðrar tekjur, sem honum kunna að berast, skal leggja við höfuðstólinn unz hann er orðinn kr. 25000.00 — tuttugu og fimm þúsund krónur —. Þá má í þrjú ár í röð veita alla vexti síðasta árs sem styrk samkv. ákvæðum 2. gr., enda leggist vextir og aðrar tekjur sjóðsins á næstu tveimur árum óskertar við höfuðstólinn, og þannig koll af kalli.

Þau ár, sem styrkur er veittur úr sjóðnum, skal úthlutun hans fara fram á afmælisdegi frú Ingveldar Kjartansdóttur, 31. maí.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskránni og skal hún birt í Stjórnartíðindunum.

6. gr.

Fyrsta stjórn sjóðsins, sem skipuð er samkv. 3. gr., skal semja reglugerð fyrir sjóðinn, og sé það gert í samráði við undirritaða umboðsmenn stofnenda sjóðsins. Leita skal staðfestingar kennslumálaráðherra á reglugerðinni.

7. gr.

Megintilgangi sjóðsins samkv. 2. gr. má aldrei breyta. Aðrar breytingar á skipulagsskránni, sem síðar kunna að þykja nauðsynlegar, má þó því aðeins gera, að til komi einróma samþykki sjóðstjórnarinnar.

155
14. júlí8. gr.
Reikningar sjóðsins skulu árlega birtir í Stjórnartíðindunum.

Reykjavík, 28. apríl 1952.

Halldór Kjartansson.

Lúðvíg Guðmundsson.

Ingvar Kjartansson.

156
15. júlí

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 214 frá 1951, um notkun heimildar laga nr. 94 frá 27. nóv. 1951, um innheimtu ýmissa gjalda 1952 með viðauka.

Ákvæði f-liðar auglýsingarinnar orðist þannig:

Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60 1939, nema gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi, aldinsaft og límonaðisaft samkv. 5. og 6. tölulið sama kafla með 100% álagi og kaffibæti samkv. 1. tölulið 3. kafla með 50% álagi.

Fjármálaráðuneytið, 15. júlí 1952.

Eysteinn Jónsson.

*Sigtr. Klemenzson.*157
16. júlí

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 92 17. maí 1951, um jarðrækt.

1. gr.

Á eftir tölulið VII. í 11. gr. reglugerðarinnar komi nýr liður, er verði VIII. töluliður og hljóði svo:

VIII. Garðávaxtageymslur:

- a. Steyptar með þaki úr varanlegu efni kr. 5.50 á m³
 b. Garðávaxtageymslur úr öðru efni — 3.00 á m³
 Töluliður VIII., sem nú er, verði IX.

2. gr.

Á eftir tölulið VII. í 12. gr. reglugerðarinnar komi nýr liður, er verði töluliður VIII. og hljóði svo:

VIII. Garðávaxtageymslur:

- a. Steyptar garðávaxtageymslur skulu vera með steiptum veggjum vel vatns-heldum og einangruðum. Gólf skal vera steipt og svo frá gengið, að eigi geti stafað hætta af jarðvatni. Enda skal byggingarstæði valið með tilliti til þess. Þak skal vera þétt og vel einangrað. Rimlagrindur skulu vera í botni á stíum. Loftræsting skal vera góð. Hurðir skulu vera tvöfaldar.
 b. Garðávaxtageymslur úr öðru efni:
 Þær skulu vera með vel þéttu og einangruðu þaki og þannig byggðar að þær séu öruggar gegn frosti. Loftræsting skal vera góð og hurðir tvöfaldar.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða breytist þannig:
Í stað 1952 í 3. málsgrein komi: 1954.

157

16. júlí

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 45 17. maí 1950 og lögum nr. 8 24. janúar 1952, um breyting á jarðræktarlögum nr. 45 17. maí 1950, til að öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 16. júlí 1952.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

AUGLÝSING

158

17. júlí

um skiptingu Reykjavíkurprófastsdæmis í sóknir og prestaköll.

Að fengnum tillögum safnaðarráðs Reykjavíkur og meðmælum biskupsins yfir Íslandi, er Reykjavíkurprófastsdæmi hér með, fyrst um sinn, skipt í sóknir og prestaköll, og takmörk þeirra ákveðin sem hér segir:

1. Nesprestakall: Nessókn.

Sóknin nær yfir Seltjarnarnes og þann hluta lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, sem verður vestan og sunnan línu, sem dregin er frá sjó, vestan við Ánanaust, eftir miðju Hringbrautar og Melavegar (Suðurgötu) að Sturlugötu. Því næst ræður Sturlugata og framhald hennar, að gatnótum við Njarðargötu og þaðan bein lína yfir Reykjavíkurflugvöll í Skerjafjörð, austan við olíustöð h/f Shell.

2—3. Dómkirkjuprestakall (I og II): Dómkirkjusókn.

Sóknin nær frá mörkum Nessóknar, að línu, sem dregin væri sunnan Njarðargötu, að mótum Nönnugötu og Njarðargötu og því næst austan Nönnugötu, Óðinsgötu, Týsgötu og Klapparstígs, í sjó.

4—5. Hallgrímssprestakall (I. og II): Hallgrímssókn.

Sóknin nær frá mörkum Dómkirkjusóknar og Nessóknar að línu, sem dregin væri frá sjó í Rauðarárvík um Skúlatorg, austan Rauðarárstígs að Miklubraut, austan Engihlíðar, milli húsanna nr. 12 og 14 við Eskihlíð um heitavatnsgeyma á Öskjuhlið, í sjó við Nauthólsvík.

6. Háteigsprestakall: Háteigssókn.

Sóknin nær frá mörkum Hallgrímssóknar að línu, sem dregin væri frá Rauðarárstíg, sunnan Laugavegar að Kringlumýrarvegi, því næst austan og sunnan Kringlumýrarvegar um Öskjuhlið í heitavatnsgeymanum.

7. Bústaðaprestakall: Bústaða- og Kópavogssóknir.

Bústaðasókn nær frá mörkum Kópavogshrepps og mörkum Hallgrímssóknar og Háteigssóknar, að Miklubraut og að Elliðaán.

Kópavogssókn nær yfir Kópavogshrepp.

8. Laugarnesprestakall: Laugarnessókn.

Sóknin nær frá mörkum Hallgrímssóknar, Háteigssóknar og Bústaðasóknar að línu, sem dregin væri frá Miklubraut, vestan Háaleitisvegar, Múlavegar, Kambsvegar, í sjó, vestan við Vatnagarða.

158 9. Langholtsprestakall: Langholtssókn.

17. júlí Sóknin nær frá mörkum Laugarnessóknar og Bústaðasóknar að sjó og Elliðaám.

Kirkjumálaráðuneytið, 17. júlí 1952.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

159

21. júlí

REGLUR**um félagsheimilið Snæfell í Breiðavíkurbreppi.****1. gr.**

Nafn félagsheimilisins er Snæfell, í Breiðavíkurbreppi, Snæfellsnessýslu.

Stærð lóðarinnar umhverfis húsið er 660 fermetrar.

Eigendur félagsheimilisins eru: Breiðavíkurbreppur og ungmennafélagið Trausti.

2. gr.

Húsnefnd, kjörin árlega, stjórnar félagsheimilinu. Hún er þannig skipuð: Einn maður frá ungmennafélaginu Trausta, annar úr hreppsnefnd Breiðavíkurbrepps og þriðji maðurinn kjörinn á aðalfundi eigenda. Varamenn skulu kjörnir á sama hátt.

Húsnefnd skiptir sjálf með sér verkum. Hún skal halda nákvæma gerðabók um störf sín. Ef félagsheimilið hættir störfum, skal afhenda þjóðskjalasafninu gerðabækur þess til vörzlu.

3. gr.

Húsnefnd heldur fund, er þurfa þykir. Skyld er henni að halda fund ef $\frac{1}{3}$ nefndarmanna æskja. Aðalfundur eigenda félagsheimilisins skal vera ár hvert. Skulu þangað kvaddir með hæfilegum fyrirvara hreppsnefnd Breiðavíkurbrepps og stjórn ungmennafélagsins Trausti. Á fundinum skal húsnefnd leggja fram rekstrar- og efnahagsreikning félagsheimilisins fyrir s. l. ár, endurskoðaða af endurskoðendum sveitarsjóðsreikninga eða löggiltum endurskoðara. Einnig leggur hún fyrir fundinn fjárhagsáætlun fyrir félagsheimilið á yfirstandandi ári. Fjárhagsáætlunin skal gerð svo nákvæm sem unnt er. Eigi má efna til verulegra útgjalda, nema samþykkt hafi verið á aðalfundi eða aukafundi sömu aðila og sæti eiga á aðalfundi. Gildir þetta jafnt um rekstrargjöld sem stofnkostnað.

Reikninga og fjárhagsáætlun skal bera undir atkvæði fundarmanna. Húsnefndarmenn hafa hver um sig eitt atkvæði á aðalfundi og hver félagsstjórn þrjú atkvæði. Félagisstjórnir skýra frá því á aðalfundi, hvern þær hafa kjörið af sinni hálfu í húsnefnd næsta ár. Aðalfundur kýs síðan oddamann, sbr. 2. gr.

Afrit af ársreikningum félagsheimilisins skal senda félagsheimilissjóði.

Félagsheimilið skal rekið sem sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi. Almanaksárið skal vera reikningsár þess.

4. gr.

Aðalverkefni húsnefndar eru:

- a. Að ráða húsvörð, setja honum starfsreglur og sjá um að þeim sé fylgt;
- b. að ráða annað starfsfólk, ef aðalfundur telur nauðsynlegt. Leita skal um-sagnar húsvarðar um ráðningu starfsfólks, sem á að vinna undir hans stjórn;
- c. að ráðstafa félagsheimilinu til afnota fyrir eigendur og aðra;
- d. að ákveða gjöld fyrir afnot hússins;

- e. að annast kaup nauðsynlegra tækja og áhalda;
- f. að sjá um viðhald og endurbætur húseignar, húsbúnaðar og áhalda;
- g. að sjá um, að ræsting félagsheimilisins (húss og lóðar) sé jafnan í góðu lagi og að gætt sé ýtrasta hreinlætis í umgengni;
- h. að sjá um, að húsið sé hæfilega lýst og hitað;
- i. að sjá um, að löggæzla sé á samkomum, ef þess er þörf.

159

21. júlí

5. gr.

Eigendur félagsheimilisins skulu eins og aðrir greiða fyrir afnot hússins. Skyllt er þeim að heimila félögum, er greinir í 1. gr. laga nr. 77 1947, um félagsheimili innan sama byggðarlags, afnot hússins gegn hæfilegu gjaldi, ef eigi fer í bága við eðlilega þörf eigenda sjálfra fyrir húsið. Verði ágreiningur um hvort slíkt félag eigi rétt á afnotum af félagsheimili, sker fræðslumálastjóri úr. Úrskurði hans má skjóta til menntamálaráðuneytisins.

6. gr.

Leiga fyrir afnot félagsheimilisins skal vera svo há, að nægilegt fé fái til þess að inna af höndum nauðsynleg gjöld, ef stofnuninni koma eigi aðrar tekjur.

7. gr.

Þess skal gætt, að húseignir, áhöld, húsbúnaður allur og fatnaður sé jafnan hæfilega váttryggt.

8. gr.

Félag, er samkomu heldur í félagsheimilinu, skal hafa þar gæzlumann af sinni hálfu. Ef húsvörður er eigi við, þegar samkomu lýkur, skal gæzlumaður slökkva ljós, ganga örugglega frá hitunartækjum, opna loftræstingarop, koma húsbúnaði og áhöldum á sinn stað, koma óskilamunum í örugga vörzlu og loks loka vel gluggum og hurðum.

9. gr.

Að lokinni hverri notkun félagsheimilisins, skal húsvörður sjá um ræstingu þess, þ. á m. að gólf séu þvegin úr sápuvatni, salerni hreinsuð vandlega úr sótt-hreinsandi efnun og fatageymslur, bað og búningsherbergi ræst. Árlega skal fram fara gagnger ræsting alls hússins.

10. gr.

Ganga skal þannig frá lóðinni umhverfis félagsheimilið, að auðvelt sé að halda henni snyrtilegri, og skal húsvörður eða húsnefnd sjá um, að hún sé jafnan vel hirt. Lóðina skal girða traustri gripaheldri girðingu, er haldið sé vel við.

Hestagirðing og bifreiðastæði skal vera í námunda við félagsheimilið, ef því verður við komið.

11. gr.

Fánastöng skal koma fyrir á húsinu eða við það. Hún skal vera traustlega fest og máluð hvít. Húnn og snerill mega þó vera í öðrum lit. Fánasnúran skal ávallt vera heil. Stöngin skal vera í tveim hlutum, þannig að auðvelt sé að fella hana, t. d. ef skipta þarf um snúru eða mála stöngina. Þess skal vandlega gætt að nota einungis fána með réttum litum og hlutföllum.

12. gr.

Árlega skal athuga húseignina alla vandlega með viðgerð fyrir augum. Einnig skal athuga múrhúðun, þak, þakrennur, niðurföll, hurðir og dyraumbúnaði, glugga (utan og innan), málningu, gólfduka, klæðningu veggja, hreinlætistöki, eldavél og hitunartæki, raflagnir og ljóstæki, vatnslögn og krana, gluggatjöld, leiksviðstjöld, gólf í samkomusal o. s. frv.

159

21. júlí

13. gr.
Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði umfram eðlilegt slit, skulu þeir bæta, er spjöllum valda.

14. gr.

Í félagsheimilinu má hvorki veita áfengi né neita þess né hleypa inn ölvuðum mönnum. Húsnefnd getur svipt þá, er gegn þessu brjóta, aðgangi að félagsheimilinu tiltekinn tíma.

15. gr.

Barnaskóli Breiðavíkurhrepps, sem er í félagsheimilinu, fær til afnota 1 stofu, aðgang að salerni og fatageymslum, einnig að samkomusal hússins fyrir leikfimi. Leiga fyrir það húsnæði, sem að framan greinir, skal vera samningsbundin frá ári til árs milli hreppsnefndar og húsnefndar. Ef annar skóli eða námskeið er í félagsheimilinu, skal hann eða það sæta sömu kjörum.

16. gr.

Taki leigjandi að sér ræstingu, skal hún vera framkvæmd samkvæmt 9. gr. reglugerðar fyrir félagsheimili. Hafi húsið ekki verið hreingert innan tveggja daga frá því að samkomu lauk, er húsverði heimilt að láta þrifa húsið á kostnað þess aðila, er tók húsið á leigu. Enn fremur, ef húsverði þykir ekki nógu vel gengið frá húsinu, er honum heimilt að láta þrifa það betur á kostnað leigjanda. Að öðru leyti skal gengið frá húsinu eftir hverja skemmtun samkvæmt 8. gr. reglugerðar um félagsheimili.

17. gr.

Ef reksturshalli verður á félagsheimilinu, verður hann greiddur af eigendum þess, til jafns af hvorum aðila.

18. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með skírskotun til 8. gr. laga nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili, öðlast gildi þegar menntamálaráðuneytið hefur staðfest þær.

Framanskráðar reglur staðfestast hér með.

Í menntamálaráðuneytinu, 21. júlí 1952.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Jóhannes Eltasson.

160

21. júlí

REGLUGERÐ

um skemmtanaskatt í Ólafsvíkurhreppi í Snæfellsnessýslu.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Ólafsvíkurhreppi, og aðgangur er seldur að og eigi eru undanþegnar skatti með lögum.

2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

I. flokkur:

- a. Fyrirlestrar og upplestrar.
- b. Söngur.

- c. Sjónleikir.
- d. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- e. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

160
21. júlí

II. flokkur:

- a. Dansleikir.
- b. Hljómleikir.
- c. Loddara- og fjölleikasýningar.
- d. Allar aðrar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að, og ekki eru taldar hér sérstaklega.

3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem undir I. flokk heyra, skal greiða 15% af aðgöngueyri, og af þeim, sem taldar eru í II. flokki 20%. Ef skemmtun er margþætt, skal miða skattinn við þann þátt hennar, sem hæst er skattaður.

4. gr.

Undanþágu frá skattgreiðslu getur hreppsnefnd veitt, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðarskyni eða fræðslu, eða til styrktar góðum og þörfum félagsskap, eða menningar- og framfaramálum hreppsins.

5. gr.

Hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps hefur eftirlit með að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins og hefur eftirlit með skemmtunum. Hún getur ráðið sérstakan mann til að annast þetta starf fyrir sína hönd og nefnist hann eftirlitsmaður skemmtana.

6. gr.

Hver sá, sem halda vill skemmtun, skal tilkynna það oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær hún skuli haldin, og afhenda honum til stimplunar, í tæka tíð, alla þá aðgöngumiða er nota á við skemmtunina. Eigi síðar en 2 dögum eftir að samkomu er lokið, skal sá er fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða og greiða um leið skatt, samkvæmt 3. gr. þessarar reglugerðar, af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið.

7. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

8. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í sveitarsjóð, en halda skal fénu aðgreindu frá öðrum tekjum hreppsins, og verja til hvers konar menningar- og framfaramála í Ólafsvíkurhreppi, eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar á hverjum tíma.

9. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að 1000.00 krónum.

Með mál, sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í menntamálaráðuneytinu, 21. júlí 1952.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Jóhannes Eliasson.

161
22. júlí

REGLUGERÐ

um skemmtanaskatt í Hrafnagilshreppi.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 21. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem aðgangur er seldur að og eigi eru að lögum undanþegnar skatti.

2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

1. flokkur:
 - a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
 - b. Sjónleikir.
 - c. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
 - d. Fyrirlestrar og upplestrar.
 - e. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.
2. flokkur:
 - a. Dansleikir og danssýningar.
 - b. Loddara- og fjölleikasýningar.
 - c. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að, og ekki eru taldar hér sérstaklega.

3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í fyrsta flokki, skal greiða 10% og 20% af skemmtunum í öðrum flokki. Ef skemmtun er margþætt, skal miða skattinn við þann þátt hennar, sem hæst er skattlagður.

Skatturinn er hundraðshluti af inngangseyri.

4. gr.

Undanþágu frá skattgreiðslu getur hreppsnefnd veitt, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðarskyni eða fræðslu, til styrktar listum o. s. frv.

5. gr.

Hreppsnefnd Hrafnagilshrepps hefur eftirlit með því, að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins og er heimilt að hafa eftirlit með skemmtunum og sölu aðgöngumiða. Hún getur ráðið til þess sérstakan mann, fyrir sína hönd, og nefnist hann þá eftirlitsmaður skemmtana.

6. gr.

Hver sá, sem halda vill skattskylda skemmtun, skal tilkynna oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær hún skuli haldin og afhenda honum til stimplunar, í tæka tíð, alla þá aðgöngumiða, sem nota á við skemmtunina.

Eigi seinna en tveim dögum eftir að samkomu er lokið, skal sá sem fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana alla ónotaða aðgöngumiða og greiða um leið skatt, samkvæmt 3. gr., af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið.

Oddviti eða eftirlitsmaður skemmtana getur þó ákveðið, að skatturinn skuli greiddur um leið og aðgöngumiðar eru stimplaðir.

7. gr.

Forstöðumaður skemmtana ber ábyrgð á greiðslu skattsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, ef um félög er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

161

22. júlí

8. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renni í sérstakan sjóð, sem hreppsnefnd Hrafnagilshrepps stjórnar. Fé sjóðsins skal varið til menningarstarfsemi í hreppnum eftir því sem hreppsnefnd ákveður á hverjum tíma. Reikningar sjóðsins skulu fylgja hreppsreikningunum og endurskoðast með þeim.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 1000.00 krónum. Mál, sem rísa kunna út af reglugerð þessari, skal farið með að hætti almennra lögreglumála.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í menntamálaráðuneytinu, 22. júlí 1952.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Jóhannes Eliasson.

AUGLÝSING

um kosningu alþingismanns í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

162

29. júlí

Með því að Ásgeir Ásgeirsson, alþingismaður, hefur lagt niður þingmennskumboð sitt fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu frá 25. júlí 1952 að telja, þá er hér með samkvæmt 135. gr. laga nr. 80 1942, um kosningar til Alþingis, fyrirskipað, að kosning alþingismanns fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu fyrir þann tíma, er hinn fráfarandi þingmaður átti eftir, skuli fara fram 21. september n. k.

Frestir er um ræðir í 19. gr. kosningalaganna stytast þannig, að kjörskrár skulu lagðar fram 7 vikum fyrir kjördag, en auglýsingafresturinn skal felldur niður.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 29. júlí 1952.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

FJALLSKILAREGLUGERÐ**fyrir Dalasýslu.****I. KAFLI****Um sauðfjármörk.****1. gr.**

Sérhver sauðfjáreigandi er skyldur að hafa glöggt eyrnamark á fé sínu, og brennimerkja allt sitt hyrnda fé með sýslu- og hrepps Brennimerki. Enginn má hafa afeyrt að marki.

Ef kindur koma fyrir í haustleitum með óglöggu marki, skulu þær seldar í skilarétt, þar sem þær koma fyrir, sbr. 24. gr., nema einhver geti sannað eignarétt sinn á þeim með áreiðanlegra manna vitnisburði.

2. gr.

Sérhver fjáreigandi er skyldur að láta prenta mark sitt, þegar markaskrá er prentuð, og borga sýslusjóði prentun þess.

Markaskrá fyrir sýsluna skal prenta 5. til 10. hvert ár. Skulu hreppsnefndir annast um að safna öllum eyrna- og brennimerkum í hreppnum og rita þau greinilega á skrá eftir stafrófsröð. Skulu þær sendar manni þeim, er sýslunefnd hefur falið að búa markaskrána undir prentun, og skal hann sjá um, að sammerkingar eigi sér ekki stað innan sýslunnar.

II. KAFLI**Um notkun upprekstrarlands.****3. gr.**

Ef þrír eða fleiri jarðarabúendur óska þess, skal hreppstjóri skyldur til að láta kjósa 3 menn í nefnd, er kallast ítölunefnd, á næsta sveitarfund. Hlutverk þessarar nefndar er að meta, hve margt sauðfé megi vera í fjallöndum og heima- högum hreppsins. Kjörgengir í nefndina eru allir búendur hreppsins. Oddamaðinn má kjósa utan hrepps. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr hlutaðeigandi sveitarsjóði.

4. gr.

Ef ítölunefnd hrepps kemst að þeirri niðurstöðu, að ekki sé til nægilegt sumar- gönguland fyrir sauðfé hreppsþúa, skal hreppsnefnd útvega upprekstrarland innan hrepps eða utan fyrir fé þeirra, sem ekki hafa nóg land; þó er þeim, er upprekstrarland vantar, heimilt að útvega sér það sjálfir, ef þeir tilkynna það hreppsnefndinni fyrir 1. apríl árlega, og reki svo fénaðinn þangað að vorinu; að öðrum kosti borgar hann upprekstur til hlutaðeigandi hreppsnefndar samkv. 7. gr.

5. gr.

Ef einhverjum þykir of- eða vantalið í heima- eða fjallland sitt eða annarra, utan eða innan hrepps, má hann gera um það skriflega umkvörtun til sýslumanns, er þá kveður einn mann í yfiritölunefnd ásamt tveim öðrum, er kærandi og sam- burðarmaður hans tilnefna. Ef kærandi tekur mörg lönd til samamburðar, eða ekk- ert land, velur hreppsnefndin þriðja mann í nefndina. Yfiritölunefnd leggur full- aðarúrskurð á málið. Nefndin á heimtingu á þóknun fyrir starf sitt, og skal hún greidd úr sveitarsjóði, ef kærandi vinnur málið, ella af kæranda.

6. gr.

Í þeim hreppum, sem að álitni tölunefndar hafa aðeins fjalllönd fyrir innan-hreppsfé, er öllum bannað að taka sauðfé til sumargöngu úr öðrum sveitum eða sýslum. Þó má hver sá, sem fjallland er eigi notað hjá af innanhreppsmönnum, taka í það til sumargöngu svo margt fé utanhreppsmanna sem ítölunefnd hefur metið.

163

30. júlí

7. gr.

Upprekstartoll skal hver maður greiða með 2 álnum fyrir hverjar 10 sauð-kindur, jafnt lömb sem fullorðið fé, nema öðruvísi sé um samið, hvort sem hann notar upprekstrarlandið eða ekki (sbr. þó 4. gr.). Gjald þetta skal greiða innan októbermánaðarloka ár hvert; ber hreppsnefnd að innheimta það, þar sem hún hefur verið í útvegum með upprekstrarland, ef eigandi þess krefst.

8. gr.

Heimaland telst allt það land, sem hefur verið notað og nota þarf til búfjárgöngu, þegar fært er frá, og til slæгна.

9. gr.

Áður en lömbum er sleppt eftir fráferur, skal gæta þeirra í tvo sólarhringa að minnsta kosti, annaðhvort heima eða í fjallendi því, er þau eiga að ganga í yfir sumarið.

Enginn má leyfislaut reka fé sitt eða sleppa því í annarra manna lönd.

Þá er lömb eða annað sauðfé er rekið á sumarhaga gegnum annarra manna lönd, skal það gert með þeirri varúð, að ekki hljóttist skaði af.

Öllum er bannað að veita sauðfé móttöku til vor- eða sumargöngu úr öðrum sýslum, nema það hafi áður verið rækilega skoðað af hreppstjóra þess hrepps sýslunnar, sem féð kemur fyrst í.

III. KAFLI

Um fjallskil.

10. gr.

Alla þá menn í hverjum hreppi, sem skyldir eru til, samkv. 11. gr., að gera fjallskil, skal hreppsnefnd kveðja til þess skriflega á ári hverju með nægum fyrirvara. Í slíkum fjallskilaboðum skal taka fram, hvaða fjallskil hver og einn eigi að inna af hendi, í hvaða landi hver skuli ganga, hvernig fjalleitum skuli haga, rekstrum til réttar, geymslu safnsins við réttina þar til réttarhald byrjar, hverjir sækja skuli fé í réttir utan hrepps, hverjir skuli vera leitarstjórar og hve margir, og yfirleitt sérhvað annað, er að fjalleitum lýtur. Fjallskilaboð gangi sem þingboð um hreppinn, og varðar sektum, ef það tefst eða glatast fyrir vanrækslu eða hirðuleysi.

Allir fjáreigendur skulu, að forfallalausum, skyldir til að taka við leitarstjórastarfi og hafa það á hendi svo oft sem hreppsnefnd vill. Til þess að sækja sauðfé og hross í réttir utanhrepps skulu ávallt valdir markglöggir og aðgætnir menn, og skulu þeir hafa með sér markaskrá sýslunnar, er ný mörk séu færð inn í.

11. gr.

Fjallskilaskyldur er hver sá, sem á kindur eða ótamið hross, hvort sem það er í heimahögum eða ekki. Skal hver leggja til fjallskila það, sem hreppsnefnd ákveður. Hreppsnefndin skal meta allan fjallskilakostnað leitarsvæðisins til peningaverðs, og ber að jafna því gjaldi niður á alla þá, er fjallskilaskyldir eru, eftir réttu hlutfalli, nefnist sú upphæð fjallskilasjóður. Skal jafnt auratal lagt á hvert hross sem á 3 sauðkindur. Þegar fjallskil einhvers nema hálfu dagsverki eða meiru, á hrepps-

163 nefnd heimting á, að hann leggi mann til fjallskila, ef þörf krefur. Reki maður fénað 30. júlí sinn í aðra hreppa, skal hreppsnefnd færa niður fjallskil hans að nokkru. Full fjallskil greiðist af fé því, sem utanhreppsmenn reka til sumargöngu í hreppinn, og ber sá, er tekur fénaðinn, ábyrgð á greiðslunni. Húsráðendur skulu inna af hendi fjallskil fyrir heimafólk sitt gegn endurgjaldi frá hlutaðeigendum.

Tekjum fjallskilasjóðs skal varið til að greiða kostnað við fjallskil á hausti og vori, gæzlukostnað á úrtíningsfé o. fl., eftir ákvæðum hreppsnefndar. Hreppsnefnd gerir, fyrir 15. jan. ár hvert, reikning fjallskilasjóðs, sbr. 25. gr. sveitarstjórnarlaganna 31. maí 1927.

Tekjur fjallskilasjóðs hafa lögtaksrétt.

12. gr.

Allir búendur hreppsins eru skyldir að láta smala heimalönd sín rækilega fyrir hverja rétt, svo snemma, að allt ókunnugt fé, er finnast kann í heimalandi, geti náð til réttar áður en réttarhald byrjar, og skal reka það beinustu leið eða bæ frá bæ til réttar eða í réttarsafn. Á eyðijörðum skilvir smölunar- og rekstrarskylda á eigendum jarðanna. Sé ákvæði þessu ekki hlýtt, varðar það sektum frá 10 til 100 kr., og skal hreppsnefnd kaupa mann á kostnað þess, er brotið hefur, til að smala landið. Þeim, sem hafa stór heimalönd að smala, skal hreppsnefnd vægja í fjallskilum, er hún jafnar þeim á. Enginn má smala fjalllönd fyrir leitir né heldur heimalönd annarra, eða reka sauðfé úr þeim fyrir fyrstu rétt, nema með leyfi hlutaðeigandi hreppsnefnda.

13. gr.

Fjallleitir skulu vera tvær: Fyrri leit mánudaginn í 22. viku sumars, og skal réttað sama dag í Dunksrétt í Hörðudalshreppi, Skarðsrétt í Haukadalshreppi, Gillastaðarétt í Laxárdalshreppi, Skerðingsstaðarétt í Hvammshreppi, Flekkudalsrétt í Fellsstrandarhreppi, Sveinsstaðarétt í Klofningshreppi og Múlarétt í Saurbæjarhreppi, en að morgni næsta dags (þriðjudags) í Hólsrétt í Hörðudalshreppi, Fellsendarétt í Miðdalshreppi og Skarðsrétt í Skarðshreppi. Endist ekki mánudagur til réttarhalds í hinum 7 fyrstnefndu réttum, verður því fram haldið næsta dag.

Önnur leit mánudaginn í 23. viku sumars í öllum hreppum sýslunnar, og skal réttað næsta dag. Þar, sem veður banna leit áðurnefnda daga, skal hún fara fram skilaréttardagana.

Þriðju leit má hreppsnefnd fyrirskipa, ef henni þykir þörf á.

14. gr.

Leitarstjórar skulu gæta þess vandlega, að allir þeir, sem menn eiga að leggja til í fjallleitir, sendi svo marga fullgilda leitarmenn, sem hreppsnefnd hefur fyrirskipað, og að allir leitarmenn fylgi fjársafni sínu til réttar. Þeir skulu og sjá um, að leitir fari vel og skipulega fram, að leitarmenn hefji leit sína strax og sauðljóst er orðið, bíði hver eftir öðrum á gatnamótum, að svo miklu leyti sem því verður við komið, og haldi leitunum samhliða.

Ef einhver sendir mann í leit, sem leitarforingi og helmingur leitarmanna í hans flokki telur óhæfan, sökum galla eða ills útbúnaðar, skal vísa honum heim aftur, og er þá sá, er slíkan mann sendir, skyldur að borga eins og hann hafi engan sent. Sama gildir og um þann, er sendir ófullgildan mann í útréttir; auk þess greiði hann sekt.

Ef leitarmaður finnur fatlaða kind í leit sinni, og sér engin ráð til að koma henni lifandi til réttar, án þess að missa fé úr göngu sinni, skal hann skera höfuð af henni, dysja skrokkinn svo vel, að hann vargétist ekki, hlaða glögg merki hjá dysinni og tilkynna svo leitarstjóra sínum hvar hún er og hvaða mark hafi verið á

kindinni. Leitarstjóra ber að tilkynna eiganda sem fyrst hvar dysin er, en annars hreppsnefnd, ef enginn hirðir. 163

30. júlí

15. gr.

Ef einhver vanrækir að láta mann til fjallskilastarfa, skulu leitarstjórar eða hreppsnefnd kaupa mann í staðinn, á hans kostnað.

Ef einhver óhlýðnast skipun leitarstjóra í leitum, eða hreppsnefndar eða réttarstjóra við réttarhöld, skal það tafarlaust kært fyrir lögreglustjóra til sekta.

Ef leitarstjórar, hreppsnefndir eða réttarstjórar vanrækja skyldustörf sín, misbeita valdi sínu eða hylma yfir með öðrum, er hver og einn skyldur til að kæra það fyrir sýslumanni.

16. gr.

Enginn má reka fjallsafn heim á bæi í fyrstu leit til þess að draga sitt eða annarra fé úr því, nema hreppsnefnd leyfi.

IV. KAFLI

Um réttir, réttarhöld og úrtíning.

17. gr.

Valdi réttarbygging grasnámi eða jarðusla, skal, ef þess er krafizt, fullt endurgjald koma fyrir úr hreppssjóði, eftir mati óvilhallra manna, er sýslumaður útnefnir.

18. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um að fjárréttir séu ávallt í gildu standi. Skulu dilkar svo stórir, að eigi þurfi að hleypa út úr þeim fyrr en fjárdrætti öllum er lokið. Allir þeir hreppar, er sauðfé gengur saman hjá á sumrum, skulu byggja hæfilega stóra dilka í þeim hreppum, sem nokkur fjárvon er í, eftir nánari fyrirskipun hreppsnefndar. Einnig getur hreppsnefnd krafizt þess, að einstakir utanhreppsmenn, sem fá upprekstur í hreppnum, byggi sér dilka. Skyldur er hver fjáreigandi að vinna eða láta vinna að réttarbyggingu eða viðgerð hennar, eftir fyrirskipun hreppsnefndar, er jafnar helming slíkrar vinnu niður á alla hreppsbúa eftir fjártölu þeirra, en helming á búendur eina eftir landverði jarða.

19. gr.

Lögréttir skulu vera þessar:

- Í Hörðudalshreppi á Hóli,
- Miðdalahreppi á Fellsenda,
- Haukadalshreppi á Skarði eða við Villingadalsá,
- Laxárdalshreppi á Gillastöðum,
- Hvammshreppi á Skerðingsstöðum,
- Fellsstrandarhreppi á Flekkudal í Staðarfellslandi,
- Klofningshreppi í Sveinsstaðalandi,
- Skarðshreppi á Skarði,
- Saurbæjarhreppi á Litlamúla.

Aukarétt skal og vera á Dunki á Hörðudalshreppi. — Breyta má um lögréttarstaði, ef meiri hluti hreppsbúa og sýslunefnd samþykkja.

20. gr.

Oddviti hreppsnefndar skal stjórna réttarhöldum, en kjósa má þó hreppsnefnd annan mann fyrir réttarstjóra. Réttarstjóri sér um réttarhaldið, að það fari vel og skipulega fram, og eru allir, sem að réttarhaldinu vinna, skyldir til að hlýða öllum

163 þeim fyrirskipunum hans, er samhljóða eru þessari reglugerð, og nauðsynlegar til 30. júlí að halda reglu og skipulagi. Hreppstjórar skulu vera viðstaddir réttarhöld í hverri lögrétt til þess að annast lögreglu.

21. gr.

Réttarstjórar skulu skipa hæfa menn til að sjá um, að fé misdragist ekki í réttum, að svo miklu leyti sem unnt er.

Ef einhver hreppsbúi hefur of fáa menn til að draga fé sitt í réttinni, svo að réttarhald fyrir það tefst, er réttarstjóra leyfilegt að kaupa menn, á hans kostnað, til að draga fé hans. Sama er og ef utanhreppsmenn eða hreppsnefndir annarra hreppa leggja of fáa eða lélega menn til í réttina.

22. gr.

Enginn má marka nokkra kind á eyrum eða hornum í lögrétt, nema með leyfi réttarstjóra og undir hans umsjón.

23. gr.

Réttarstjóri skal hafa sterkar gætur á, að ekki séu teknir ómerkingar úr réttinni fyrr en sundurdrætti er lokið. Þá ómerkinga, sem engin ær helgar sér, skal láta í sérstakan dilk, og hleypa þangað þeim ám, sem líkur eru til að vantí dilk. Þeir ómerkingar, sem engin sérstök ær helgar sér, skulu seldir í skilarétt.

24. gr.

Mýétningar og allar þær kindur, sem að dómi tilkvaddra manna, hafa skemmd eyru af sólbrúna, kali o. fl., og auðsjáanlega hefur skemmt svo mark á, að ekkert mark er hægt að gera úr eyrum þeirra eða hornum, skulu seldar þegar að afloknu réttarhaldinu, ef enginn sannar eignarrétt sinn á þeim; þó skal, ef lömb eru, fara með þau sem ómerkinga, sbr. 23. og 27. gr. Andvirði þeirra rennur í sveitarsjóð þar, sem þær eru seldar. Séu slíkar kindur með sérstökum einkennum, skulu þær seldar samkvæmt 1. gr.

25. gr.

Búanda þeim, sem ábúð hefur á landi þar sem lögrétt stendur á, skal gjalda réttartoll úr viðkomandi sveitarsjóði, er eigi fari þó fram úr 20 álnum árlega, en að Dunki í Hörðudalshreppi sé hámark 7 álnir.

26. gr.

Þeir menn, sem sendir eru í lögréttir utanhrepps, samkv. 2. lið 10. gr., skulu skila í lögrétt síns hrepps öllu því sauðfé, sem þeir hafa tekið í utanhreppsréttum. Þó mega þeir sjálfir skila fé þeim eigendum, sem heima eiga á bæjum á leiðinni. Afganginn skulu þeir reka á lögréttarstað, en ef þeir geta ekki náð í fyrstu rétt, vegna vegalengdar, skulu þeir skila rekstrinum eftir því, sem hreppsnefnd hefur ákveðið.

Fé það, sem kemur úr öðrum hreppum í síðari réttum, skal ganga tafarlaust bæ frá bæ beinustu leið til eigenda. Stöðvist rekstur á bæ að degi til, skal honum haldið til beitar, ef fært er veður. Sá, sem sleppir rekstri, er honum hefur verið afhentur, eða fer illa með sauðfé annarra, svo sem með því að, svelta það inni í húsum eða girðingum meira en næturlangt, borgi 3 kr. í sekt fyrir hverja kind, nema þyngri hegning liggja við. Sektir þessar renna í sveitarsjóð.

27. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um geymslu hjá áreiðanlegum manni í hreppnum á þeim kindum öllum, sem enginn hirðir í 1. rétt, og engin ráðstöfun hefur verið gerð fyrir, svo og ómerkingum þeim, er eigi má selja samkv. 23. gr. Telst slík

geymsla til fjallskila. Hreppsnefnd getur heimtað sér þetta fé endurgoldið af fjár- **163**
eigendum. 30. júlí

28. gr.

Skilaréttir skulu haldnar þriðjudaginn í 23. viku sumars, í öllum hreppum sýslunnar.

Réttarhöld má hreppsnefnd fyrirskipa í tilefni af öðrum leitum en fyrstu og annarri, ef hún telur það nauðsynlegt.

29. gr.

Allt það sauðfé, sem enginn vill hirða í skilarétt, og það, sem ekki þekkist mark á, skal selt skilaréttardaginn, þó eigi fyrr en kl. 4 e. h.

30. gr.

Ef sauðfé, sem innanhreppsmenn eða menn í nágrannahreppum eiga, finnst í afréttum eftir allar réttir, skal það tafarlaust rekið bæ frá bæ stytztu leið til eiganda. Finnandi getur krafizt borgunar fyrir fyrirhöfn sína af eiganda; þó má sú borgun aldrei fara fram úr 6 álnum fyrir fullorðna kind og 3 álnum fyrir lamb.

Ef kindur finnast eftir allar réttir, en eigandi þeirra er svo fjarri, að ekki þykir gerlegt að senda honum þær eða koma þeim til skila á annan hátt, skal selja slíkar kindur, að auglýstum sölustað og stund með nægum fyrirvara. Þjóðist einhver til að veita þeim móttöku og greiða áfallinn kostnað, skulu þær eigi seldar. Kindur, sem finnast á þessum tíma, og ekki þekkist eigandi að, skulu seldar strax og búið er að auglýsa þær með nægum fyrirvara.

31. gr.

Um hver áramót skal hreppstjóri senda sýslumanni mörk og lýsingu á því óskilafé, er hann hefur selt á uppboðum í hreppnum, og enginn eigandi hefur leitt sig að, en sýslumaður auglýsir þetta í Lögbirtingablaðinu. Þeir, sem sanna eignarrétt sinn á hinum seldu kindum fyrir Mikaelsmessu næstu á eftir, eiga heimtingu á að fá andvirði kindanna hjá hlutaðeigandi hreppstjóra, að frádregnum kostnaði. Andvirði óskilafénaðar, sem enginn sannar eignarrétt sinn á, rennur í hlutaðeigandi sveitarstjóð. Hreppstjórar skulu sýna hreppsnefnd kvittanir fyrir fjárverði því, er þeir hafa greitt eigendum.

V. KAFLI

Um vorleitir.

32. gr.

Almenn vorsmölun skal fara fram í öllum hreppum sýslunnar mánudaginn í 11. viku sumars. Enginn má reka lambær til fjalls, fyrr en eftir vorleit.

33. gr.

Allt það sauðfé í ullu og ær með ómörkuðum lömbum, sem finnst í hinni fyrirskipuðu vorleit, skal rekið heim til næstu bæja og skilið þar sundur eftir vild fjáreigenda. Það fé, sem engin ráðstöfun hefur verið gerð fyrir, skal rúið og ómörkuð lömb mörkuð fyrir eigendur. Skulu leitarmenn annast þetta, og ber þeim 2 kr. og 50 aurar fyrir að taka ull af kind, en skylt er þeim að marka lamb hvert fyrir ekkert. Ullin skal geymd á góðum stað, og eigendum gert viðvart um hana.

VI. KAFLI

Um ótamin hross.

34. gr.

Hver sá, sem á ótamin hross, skal koma þeim á afrétt til sumargöngu eigi síðar en 8 vikur af sumri, eða þá er nægur gróður er kominn, nema land hans liggi svo, að ekki geri þau öðrum skaða með ágangi.

35. gr.

Sumargöngutoll skal eigandi greiða afréttarbónda með 4 álnum fyrir hvert hross, nema öðruvísi sé um samið.

36. gr.

Leiti afréttarhross niður í byggð á þeim tíma, sem þeim er ætlað að ganga á fjalli, skal sá ábúandi, sem þau leita til, skyldur að reka þau til fjalls aftur. Ef afréttarhross gera mikinn ágang í heimalöndum, má sá ábúandi, sem fyrir þeim verður, reka þau beint til rétttra eigenda, eða þeirra, er tekið hafa hrossin til sumargöngu. Reki hann hross í annars manns heimalönd, skal hann skyldur til að gjalda þeim ábúanda fyrir átroðning af þeim.

37. gr.

Öllum ótömdum hrossum skal smalað til rétta í annarri leit. Þó er Hörðdælingum heimilt að smala hrossum til fyrstu réttar. Með óskilahross skal farið sem óskilakindur, þó skulu þau seljast með þriggja vikna auglýsingarfresti fyrir sölundag og 9 vikna innlausnarfresti eftir sölundag. Hross eru ekki í ábyrgð kaupanda fyrr en að innlausnarfresti liðnum. Gjaldfrestur á söluverðinu sé einnig 9 vikur. Kostnað allan greiðir eigandi.

VII. KAFLI

Um sláturfé.

38. gr.

Á sláturfénaði eða öðrum förgunarfénaði skal rekstrum hagað svo, að þeim sem búa á löndum, sem fé er um rekið, eða áð er í, verði sem minnstur bagi að, og skulu hverjum rekstri fylgja minnst 2 menn með 150 kindum eða færri, við fyrsta tug hvers hundraðs, sem fram yfir er 150, bætist einn maður við.

Áður en fé er aflífað á slátursstöður eða selt á markaðsstöðum — en markaðsstaðir teljast hvert það heimili, er fjárkaupmenn kaupa fé á — skal markglöggur maður, annar en eigandi, athuga mark á hverri kind. Allt markaðsfé skal, um leið og það er keypt, merkja glöggu og haldgóðu rekstrarmerki, og sé hver markaðs-kind merkt tveim litum, til aðgreiningar frá heimamerktu fé bændna, annar liturinn sé jafnan rauður. Ákvæði þessarar greinar ná einnig til allra þeirra, sem reka fé út úr héraðinu til slátrunar, þótt ekki hafi þeir keypt það af öðrum.

VIII. KAFLI

Um brot o. fl.

39. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum frá 10 til 500 krónum, er renna í sveitar-sjóð, þar sem brot er framið, nema þar sem öðruvísi er ákveðið.

Mál, er rísa út af broti á reglugerðinni, skal farið með sem opinber lögglu-mál.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Dalasýslu hefur samið og samþykkt sam- **163**
kvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12 frá 31. maí 1927, staðfestist hér með til að 30. júlí
öðlast gildi 1. september 1952, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að
máli. Jafnframt er úr gildi numin fjallskilareglugerð fyrir Dalasýslu, nr. 60 frá
17. ágúst 1923, og breytingar á henni frá 12. maí 1930 og 4. júní 1934.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. júlí 1952.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

REGLUGERÐ

164

6. ágúst

um náttúrurannsóknir erlendra vísindamanna á Íslandi.

1. gr.

Engum útlendingum er heimilt að stunda náttúrufræðilegar vísindaiðkanir á Íslandi, nema að fengnu rannsóknarleyfi, sem ríkisstjórn Íslands gefur út.

2. gr.

Umsóknir um rannsóknarleyfi skulu sendar til rannsóknaráðs ríkisins, sem gefur um þær skriflega umsögn til ríkisstjórnarinnar.

3. gr.

Umsókn skal fylgja ýtarleg greinargerð um fyrirhugaða rannsóknarstarfsemi, þar sem meðal annars séu tilgreind tæki þau, sem nota á. Nöfnum umsækjenda skulu fylgja upplýsingar um þjóðerni, menntun og fyrri störf við svipuð verkefni og fyrirhuguð eru á Íslandi. Æskilegt er að umsóknum fylgi einnig hæfnisvottorð frá þekkttri vísindastofnun.

4. gr.

Rannsóknarleyfi eru yfirleitt ekki veitt nema vel hæfum vísindamönnum. — Rannsóknarleyfi er jafnan bundið við ákveðið svæði og ákveðinn tíma. Leyfi er ekki veitt til rannsókna á þeim verkefnum, sem íslenzkir vísindamenn hafa með höndum eða ætla að taka fyrir í náinni framtíð. Rannsóknirnar ber að framkvæma á þann hátt, að ekki hljóti af spjöll á náttúru landsins, og að ekki sé gengið á lögmætan rétt landeigenda. Leyfi til að skjóta fugla eða veiða þá á annan hátt verða ekki veitt nema um brýna nauðsyn sé að ræða. Sama gildir og um söfnun eggja. Leiðangursmenn skulu gæta þess að halda friðunarlögin og önnur landslög. Ný staðarnöfn má ekki nota á landabréfum eða í prentuðu máli, nema leyfi ríkisstjórnarinnar komi til.

5. gr.

Náttúrugripi má ekki flytja úr landi nema með leyfi rannsóknaráðs, og aðeins með því skilyrði, að náttúrugripasafninu í Reykjavík sé gefinn kostur að að velja úr þá gripi, er það telur sig hafa þörf fyrir.

6. gr.

Erlendir vísindaleiðangrar skulu jafnan vinna að rannsóknum sínum í samráði við einhvern íslenzkan aðila, sem rannsóknaráð tilnefnir. Skal öll tilhögun rannsóknanna rædd við þann aðila og hann látinn fylgjast með gangi rannsókna.

164

6. ágúst

Strax að rannsóknum loknum og áður en leiðangurinn yfirgefur landið skal rannsóknaráði afhent bráðabirgðagreinargerð um rannsóknirnar með nöfnum leiðangursmanna og tilgreiningu þeirra staða, sem heimsóttir hafa verið.

7. gr.

Þegar unnið hefur verið úr rannsóknunum, skal rannsóknaráði send fullnaðarskýrsla. Einnig skulu rannsóknaráði send tvö eintök af öllum greinum, bókum eða kortum, sem gefin eru út varðandi starfsemi leiðangursins.

8. gr.

Þrot gegn reglugerð þessari varða sviptingu rannsóknaleyfis og fjársektum samkvæmt því, sem lög mæla fyrir um.

9. gr.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 68 7. maí 1940, um náttúrurannsóknir, og öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnumálaráðuneytið, 6. ágúst 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

165

21. júlí

REGLUGERÐ

um notkun gjaldmæla í leigubifreiðum.

1. gr.

Skylt er að hafa gjaldmæli í öllum allt að 7 farþega leigubifreiðum, sem aka fólki gegn borgun á þeim stöðum á landinu, þar sem aðstæður henta að dómi samgöngumálaráðuneytisins.

Lögreglustjórar, hver innan síns umdæmis, skulu hafa eftirlit með, að meðferð og notkun gjaldmæla verði í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

2. gr.

Óheimilt er að taka gjaldmæli í notkun, eftir að hann hefur verið settur í bifreiðina, fyrr en löggilding hefur farið fram á mælinum, sbr. 8. gr.

Ef skipt er um drif, breytt hjóla- eða gúmmístærð bifreiðar, skal endurskoða löggildingu mælisins.

Skoðun á gjaldmælum skal fara fram svo oft sem lögreglustjóra þykir þurfa, þó ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

Löggildingarmaður gefur vottorð að löggildingu lokinni.

3. gr.

Gjaldmælirinn skal settur þannig í bifreiðina, að farþegar sjái glögg uppæð ökugjalds á gjaldskífu mælisins.

4. gr.

Verði þær verðsveiflur á ökugjaldi bifreiða, að erfitt sé að breyta mælinum samkvæmt því, þá skal vera verðskrá í hverri bifreið, sem sýni greinilega verðbreytinguna.

5. gr.

Heimilt er að aka án gjaldmælis:

1. Ef mælir bilar í ökuferð, enda er bifreiðastjóra einungis heimilt að ljúka ferðinni. Þó getur lögreglustjóri veitt frekari undanþágu, ef sérstaklega stendur á.

2. Ef ökuferð tekur fleiri en einn dag. 165
3. Þegar um er að ræða akstur erlendra ferðamanna, sem ferðast á vegum stofnana í landinu, og sem þurfa að semja um fargjald áður en farþegarnir eru komnir til landsins. 21. júlí
4. Hópfreiðir gegn ákveðnu sætagjaldi.
Við tölulið í 1, 2 og 4 skal með verðlagningu aksturs farið eftir gjaldskrá bifreiðastjórafélaganna á hverjum stað og tíma.

6. gr.

Samgöngumálaráðuneytið ákveður hverja tegund eða tegundir gjaldmæla skuli nota og hver eða hverjir skuli annast útvegum þeirra og leigu, svo og leigukjör.

7. gr.

Notkun gjaldflokka gjaldmælisins fer eftir gjaldskrá leigubifreiða á hverjum tíma. — Þegar breyting verður á gjaldskrá, skal það auglýst greinilega, svo allur almenningur eigi þess kost að fylgjast með breytingunni.

8. gr.

Samgöngumálaráðuneytið skipar löggildingarmann, einn eða fleiri, fyrir mæla og skal löggildingarmaður framkvæma mælingar á þeim og löggildingunni, svo og viðgerðir, breytingar og innsíglun, gegn gjaldi, er samgöngumálaráðuneytið ákveður.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23 16. júní 1941.

Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Sektir fyrir brot renna í ríkissjóð.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 32. gr. bifreiðalaga, nr. 23 16. júní 1941, til að öðlast gildi 1. október 1952, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 21. júlí 1952.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

um rafveitusjóð Suður-Þingeyjarsýslu.

166

19. ágúst

1. gr.

Til þess að standa straum af héraðsframlagi til héraðsrafmagnsveitna ríkisins í Suður-Þingeyjarsýslu, og að stuðla að því á annan hátt, að fullnægt verði þörfum íbúa sýslunnar á raforku, stofnar sýslan sjóð, er nefnist „Rafveitusjóður Suður-Þingeyjarsýslu“.

2. gr.

Í rafveitusjóð skulu renna:

- a. Heimtaugagjöld samkvæmt 4. og 5. gr. þessarar reglugerðar;
- b. hluti Suður-Þingeyjarsýslu af tekjuafgangi héraðsrafmagnsveitna ríkisins samkvæmt 30. gr. raforkulaganna;
- c. vextir af fé sjóðsins.

166 Sjóðnum má enn fremur afla tekna á hvern þann hátt, sem sýslunefnd ákveður
19. ágúst og lög heimila.

3. gr.

Sýslunefnd getur tekið lán handa rafveitusjóði, ef gjöld sjóðsins verða í bili meiri en tekjur hans hrökkva fyrir, en vextir og afborganir af þeim lánum teljast síðan til gjalda sjóðsins.

4. gr.

Hver sá, er óskar að fá rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu ríkisins í sýslunni eða fá heimtaug úr héraðsrafmagnsveitu ríkisins, sem fyrir er, eða fá tengt hús, sem er grunngjaldsskylt (sbr. 5. gr.), skal hafa greitt heimtaugargjald í rafveitusjóð áður en lagning veitunnar er hafin, áður en heimtaug er lögð, eða áður en hús er tengt, eða gert skriflegan samning um greiðslu þess, og má þá krefjast þess, að trygging verði sett fyrir greiðslunni. Upphæð heimtaugargjalds ákveðst samkvæmt fyrirmælum 5. greinar.

Af nýjum húsum eða viðbótarbyggingum, sem ekki eru grunngjaldsskyldar (útihús, geymsluhús o. þ. h.), er heimtaugargjald hundraðshluti af fasteignamatsverði samkv. 5. gr., og fellur í gjalddaga þegar er húsin eru tekin í notkun.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar og þess konar fer eftir nánari ákvæðum í reglugerð héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

5. gr.

Heimtaugargjald skal vera grunngjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatsverði. Grunngjald skal vera 1000 kr. af hverju íbúðarhúsi, hverri kirkju og hverju samkomuhúsi o. þ. h. húsum, sem ekki eru notuð til atvinnurekstrar, og auk þess 2000 kr. af hverju búi, hverjum skóla o. þ. h. stofnunum og hverri fasteign, sem notuð er til atvinnurekstrar annars en búrekstrar, og til viðbótar við grunngjald skal greiða 60 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða allt að 55000 króna matsverði, 20 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem fer fram yfir 55000 krónur allt að 500000 króna matsverði og 5 af hundraði af því, sem er þar fram yfir, enda sé samanlögð lengd háspennu og lágspennulína veitunnar ekki yfir einn km á hverjar 3000 krónur, sem áætlað er að greiðist í grunngjöldum.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur sýslumaður áætlað matsverðið og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti eigandi meta fasteignina áður en heimtaugargjald fellur í gjalddaga, skal þó miða við það mat.

Fari línulengd veitu fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsg., skulu heimtaugargjöld hækka samtals sem nemur áætluðu kostnaðarverði af þeim línunum, sem fram yfir eru, og skal kostnaðarverðinu deilt jafnt á alla gjaldendur hinnar fyrirhuguðu veitu, nema samkomulag verði með þeim um aðra skiptingu sín á milli.

6. gr.

Oddviti sýslunefndar hefur allt bókhald, fjárreiður og innheimtu fyrir rafveitusjóð. Hann semur árlega reikning rafveitusjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld rafveitusjóðs yfirstandandi árs. Skal oddviti sýslunefndar leita tillagna raforkumálastjóra um lagningu nýrra héraðsrafmagnsveitna og aukningar eldri veitna í sýslunni á hverju ári nægilega snemma til þess að leggja þær fyrir fundinn. Framlag til héraðsrafmagnsveitu getur sýslunefndin bundið við ákveðin mannvirki. Afrit af rafveitu-

sjóðsreikningi og áætlun um tekjur og gjöld skal oddviti sýslunefndar senda raf- **166**
orkumálastjóra að afstöðnum sýslufundi. 19. ágúst

7. gr.

Úr rafveitusjóði má ekki greiða styrk til annarrar héraðsrafmagnsveitu í sýslunni en héraðsrafmagnsveitu ríkisins, nema veitan hafi reglugerð, staðfesta af ráðherra, er heimili henni að njóta styrks úr rafveitusjóði sýslunnar, og rafmagnsnotendur hennar greiði sjóðnum heimtaugargjöld samkvæmt 4. og 5. gr. þessarar reglugerðar.

8. gr.

Ef einstakir bændur í sýslunni eða fleiri saman reisa vatnsaflsrafstöðvar til heimilisnota utan þess svæðis, sem héraðsrafmagnsveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð, má veita þeim til þess lán úr rafveitusjóði, allt að $\frac{2}{3}$ kostnaðar með 2% vöxtum til 15 ára, enda séu stöðvarnar vel gerðar að dómi raforkumálastjóra. Umsóknir um lán úr sjóðnum sendist oddvita sýslunefndar, en sýslunefnd ákveður lánveitingar.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 19. ágúst 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um veðlán úr lífeyrissjóði barnakennara og ekkna **167**
þeirra, nr. 131 4. júlí 1951. 19. ágúst

1. gr.

Fyrri málslíður 4. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:
Lántakandi greiðir árlega 6% vexti af skuld sinni.

2. gr.

Í stað orðanna „6% ársvexti af skuld sinni“ í 6. gr., 2. mgr., komi: hæstu lögleyfða fasteignalánavexti.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 19. ágúst 1952.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

168

19. ágúst

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um veðlán úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins,
nr. 91 17. maí 1951.

1. gr.

Fyrri málslíður 4. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:
Lántakandi greiðir 6% ársvexti af skuld sinni.

2. gr.

Í stað orðanna „6% ársvexti af skuld sinni“ í 6. gr., 2. mgr., komi: hæstu lög-
leyfða fasteignalánavexti.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 19. ágúst 1952.

Eysteinn Jónsson.

Sigr. Klemenzson.

169

23. ágúst

AUGLÝSING

um skrásetningargjald bifreiða.

Samkvæmt heimild í 14. gr. bifreiðalaga, nr. 23 frá 1941, er ákveðið, að gjald til ríkissjóðs fyrir skrásetningu bifreiða og bifhjóla skuli vera kr. 100.00. Ber eiganda að greiða hlutaðeigandi lögreglustjóra gjaldið, er skrásetning eða umskráning fer fram.

Ákvæði auglýsingar þessarar ganga í gildi þegar í stað.

Í dómsmálaráðuneytinu, 23. ágúst 1952.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.

AUGLÝSING

170

20. ágúst

um bann við veiði göngusilungs við vestari ós Héraðsvatna.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 40 30. júní 1942, um breytingu á lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, er ádráttur fyrir göngusilung bannaður fyrir strandlengjunni frá vestari ósi Héraðsvatna að Gönguskarðsárósi. Leyfilegt skal þó að draga á fyrir síld til beitu í apríl til ágúst ár hvert að fengnu leyfi sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Sauðárkróki hverju sinni, sbr. lög nr. 94/1943.

Bann þetta gengur í gildi þegar í stað.

Atvinnumálaráðuneytið, 20. ágúst 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir raforkusjóð Dalasýslu, útgefin á 171 venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. ágúst 1952. 22. ágúst

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Raforkusjóð Dalasýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Raforkusjóður Dalasýslu.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af hjónunum Ingibjörgu Jensdóttur og Halldóri Guðmundssyni, Magnússkógum í Dalasýslu, á fimmtíu ára hjúskaparafmæli þeirra, 5. ágúst 1949 með 2000 — tvö þúsund — krónum.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja búendur í Dalasýslu, fyrst og fremst í Hvammsveit, til þess að hagnýta sér raforku til heimilisnota, þegar rafveita hefur verið lögð um héraðið.

4. gr.

Þessum tilgangi skal náð með því, að veita einstökum búendum, er efnalitlir eru, styrki úr sjóðnum til kaupa á hvers konar rafmagnsáhöldum og heimilivélum, sem nauðsynlegar eru við venjulega hagnýtingu rafmagns á heimili.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Gjafir til sjóðsins svo og vexti af honum skal leggja við höfuðstólinn, þar til er sjóðurinn nemur kr. 10 000.00, en þá má úthluta allt að $\frac{4}{5}$ hlutum vaxtanna.

6. gr.

Styrkveitingar úr sjóðnum skulu fara fram eftir umsóknum, og ber sjóðstjórninni að auglýsa eftir þeim þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn það mikill, að styrki

171 megi veita samkvæmt 5. gr., enda verði raforkumálum héraðsins þá komið svo langt 22. ágúst áleiðis, sem ráð er gert fyrir í 3. gr.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa sýslumaður Dalasýslu og tveir afkomendur stofnenda sjóðsins. Skulu þeir vera kosnir af styrktarmönnum hans, ef þeir óska þess, en ella vera skipaðir af sýslumanni Dalasýslu. Þó skal Halldór Guðmundsson vera sjálfkjörinn í stjórnina á meðan hans nýtur við.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulags-skrána, gjafir til sjóðsins, umsóknir um styrki, styrkveitingar, fundarsamþykktir og annað, sem varðar rekstur og hag sjóðsins. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega með reikningum sýslusjóðs Dalasýslu.

9. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í tryggu lánsstofnunum, í bankavaxtabréfum eða á annan öruggan hátt.

10. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Magnússkógum, í desember 1949.

Halldór Guðmundsson.

172

23. ágúst

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 202 frá 1950, um skoðunargjald bifreiða og prófgjald bifreiðarstjóra.

1. gr.

8. gr. orðist svo:

Fyrir próf bifreiðarstjóra greiði umsækjandi kr. 100.00.

2. gr.

Reglugerðin öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, birtist hér með til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 23. ágúst 1952.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1952.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 44 5. apríl 1948, um visindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 19. marz 1952, nr. 37.

Auglýsing um aðild Íslands að viðbótarsamningi við Norður-Atlantshafssamninginn varðandi þátttöku Grikklands og Tyrklands, undirskrifuð af utanríkisráðherra 8. febrúar 1952, nr. 38.

Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Finnlands, undirskrifuð af utanríkisráðherra 6. marz 1952, nr. 39.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 37/1944, um laun forseta Íslands, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 20. marz 1952, nr. 40.

Auglýsing um framboð og kjör forseta Íslands, undirskrifuð af forsætisráðherra 21. marz 1952, nr. 41.

Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings við Vestur-Þýzkaland, undirskrifuð af utanríkisráðherra 28. marz 1952, nr. 42.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna byggingar áburðarverksmiðju, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 18. apríl 1952, nr. 43.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann við botnvörpuveiðum, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 30. apríl 1952, nr. 44.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlags- eftirlit og verðlagsdóm, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 6. maí 1952, nr. 45.

Auglýsing um vöruskiptasamkomulag milli Íslands og Danmerkur, undirskrifuð af utanríkisráðherra 13. marz 1952, nr. 46.

Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Svíþjóðar, undirskrifuð af utanríkisráðherra 19. apríl 1952, nr. 47.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 73 19. júní 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 15. maí 1952, nr. 48.

Auglýsing um viðskipta- og greiðslusamning milli Íslands og Tékkóslóvakíu, undirskrifuð af utanríkisráðherra 30. maí 1952, nr. 49.

Auglýsing um loftferðasamning milli Íslands og Svíþjóðar, undirskrifuð af utanríkisráðherra 9. júní 1952, nr. 50.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 84 1940, um tekjuöflun til íþróttasjóðs, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 16. júní 1952, nr. 51.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 52.

Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Brasílu, undirskrifuð af utanríkisráðherra 24. júlí 1952, nr. 53.

Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings við Vestur-Þýzkaland, undirskrifuð af utanríkisráðherra 26. júlí 1952, nr. 54.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, undirskrifuð af forsetanum 20. ágúst 1952, nr. 55.

Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 47 frá 30. júní 1942, undirskrifuð af skrifstofustjóranum í menntamálaráðuneytinu 27. ágúst 1952, nr. 56.

Forsetabréf um að reglulegt Alþingi 1952 skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 1. október 1952, undirskrifað af forsetanum 4. september 1952, nr. 57.

Bráðabirgðalög um manntal 16. október 1952, undirskrifuð af forsetanum 10. september 1952, nr. 58.

173

2. ágúst

SAMÞYKKT

fyrir Veidifélag Eyjafjarðarar.

1. gr.

Félagið heitir „Veidifélag Eyjafjarðarar“. Heimili þess og varnarþing er sama og formanns.

2. gr.

Verkefni félagsins er að auka silungs- og laxveiði í Eyjafjarðará og þverám þeim og lækjum, er í hana renna, með innflutningi fiskseiða, klaki, friðun á fiski og settum reglum um veiðitæki og veiðiaðferðir, eftir því sem lög mæla fyrir.

3. gr.

Félagssvæðið nær yfir allar þær jarðir í Öngulstaða-, Saurbæjar- og Hrafna-gilshreppum og lögsagnarumdæmi Akureyrarkaupstaðar og Veigastaði á Svalbarðs-strönd, sem land eiga að ánum, en félagsmenn eru allir ábúendur jarðanna, en þær eru: Veigastaðir, Austurhlíð, Ytri-Varðgjá, Syðri-Varðgjá, Eyrarland, Arnarhóll, Knararberg, Leifsstaðir, Kaupangsbakki, Kaupangur, Þórustaðir, Gröf, Skálpagerði, Ytri-Hóll, Syðri-Hóll, Garðsá, Þröm, Þverá, Jódisarstaðir, Staðarhóll, Öngulsstaðir, Björk, Borgarhóll, Munkaþverá, Rifkelsstaðir, Stóri-Hamar, Bringa, Rútsstaðir, Öxna-fell, Öxnafellskot, Guðrúnarstaðir, Helgastaðir, Möðruvellir, Stekkjarfletir, Björk, Finnastaðir, Seljahlíð, Gnúpufell, Hrisar, Æsustaðir, Æsustaðagerði, Arnarstaðir, Arnarfell, Hólar, Hólkot, Jökull, Halldórsstaðir, Tjarnir, Hólsgerði, Torfufell, Ytri-Villingadalur, Leyningur, Jórunnarstaðir, Ártún, Skáldstaðir, Kolgríma-staðir, Gullbrekka, Gilsá, Nes, Hleiðargarður, Krónustaðir, Sandhólar, Saurbær, Vellir, Rauðhús, Melgerði, Mikligarður, Yzta-Gerði, Miðgerði, Ölvesgerði, Sam-komugerði, Tjarnargerði, Vatnsendi, Litli-Garður, Torfur, Gilsbakki, Möðrufell, Hraungerði, Árbær, Grund I, Grund II, Hólshús, Dvergsstaðir, Litlihóll, Espihóll, Espigrund, Stokkahlaðir, Botn, Hrafnagil, Kroppur, Kristnes, Grísará, Reykhús, Teigur, Syðragil, Ytragil, Vaglar, Hvammur, Litlihvammur, Akureyrarkaupstaður.

4. gr.

Óheimilt er öllum öðrum en félaginu að veiða silung og lax í vötnum þeim, er um getur í 2. gr., nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnar eða framkvæmdarstjóra. Skal þar tekið fram um veiðitíma, veiðitæki og með hvaða kjör-um leyfið er veitt.

5. gr.

Heimilt er félagsstjórn að leigja ár á félagssvæðinu eða hluta af þeim einstök-um mönnum eða félögum til stangarveiði, ef sýnilegt þykir að það sé hagur fyrir félagið. Þó má það leyfi eigi vera til lengri tíma en eins árs í senn, nema lögmaður félagsfundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt veiðileyfi yrði til umræðu.

6. gr.

Nú ákveður félagið að hafa sameiginlega veiði. Er þá stjórninni heimilt að ráða mann til að standa fyrir veiðinni og er hann framkvæmdastjóri félagsins. Hefur hann aðgang að veiðivötnum þess, þar sem samþykkt hefur verið að stunda félagssveiði, hvenær sem er, á meðan veiðitími stendur yfir. Heimil er honum öll nauðsynleg aðstaða við veiðina, en skylt er að félagið greiði jarðeiganda skaða-bætur fyrir spjöll, er verða kunna á arðbærum eignum, eftir samkomulagi eða mati, ef ekki næst samkomulag.

7. gr.

173

2. ágúst

Framkvæmdastjóri annast um framkvæmd félagsveiðinnar, sér um verkun og sölu aflans og færir alla reikninga þar að lútandi. Hann hefur umsjón með því að samþykktir félagsins séu haldnar og gerir leigusamninga, allt í samráði við félagsstjórn.

8. gr.

Stjórn félagsins skipa 5 menn, formaður og 4 meðstjórnendur, og jafnmargir til vara. Stjórnin skiptir með sér verkum. Skulu stjórnarmenn kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Skal einn þeirra að minnsta kosti vera búsettur í Öngulstaðahreppi, einn í Saurbæjarhreppi, einn í Hrafnagilshreppi og einn í Akureyrar-kaupstað, og jafnmargir varamenn úr sömu félagsdeildum. Ganga menn úr stjórn til skiptis þannig: Formaður gengur úr eftir eitt ár, tveir meðstjórnendur ganga úr eftir tvö ár, með hlutkesti, og tveir eftir þrjú ár. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu í stjórn eitt kjörtímabil í senn, nema lögmæt forföll séu. Þó er honum ekki skylt að taka endurkosningu jafnlengi og hann hefur setið í stjórn. Heimilt er stjórninni að velja sér trúnaðarmenn til eftirlits friðuninni.

Kjósa skal tvo endurskoðendur og tvo varaendurskoðendur til tveggja ára í senn og ræður hlutkesti hverjir ganga úr eftir fyrsta árið.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála.

9. gr.

Stjórnin hefur á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins. Hún ræður framkvæmdarstjóra, sbr. 6. gr., og gerir við hann samning um kaup og önnur kjör, enda samþykki lögmætur aðalfundur þann samning. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með störfum þess og fjárreiðum öllum.

10. gr.

Aðalfund heldur félagið eigi síðar en í júnimánuði ár hvert.

Aðalfundur er lögmætur ef hann er boðaður skriflega og sé fundarefnis getið í fundarboði, má eigi boða hann með minni fyrirvara en þremur dögum. Nú mætur minna en $\frac{1}{4}$ félagsmanna á fundi, er fundur þá að visu ályktunarfær, en boða má aftur til fundar samkvæmt 11. gr., og getur sá fundur upphafið samþykktir hins fyrra, enda sé hann haldinn innan eins mánaðar og eigi minna en helmingur félagsmanna mættur.

Á aðalfundum skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu ári, og leggur fram áætlun og tillögur um starfsemi þess næsta ár. Þar leggur hún og fram reikninga félagsins endurskoðaða og úrskurðar fundurinn þá.

Aðalfundur kveður á um laun stjórnar og annarra starfsmanna félagsins.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, nema um breytingar á samþykktum sé að ræða eða félagslit.

11. gr.

Aðra félagsfundi heldur stjórnin þegar henni þykir ástæða til eða ef $\frac{1}{4}$ félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefni.

12. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

13. gr.

Arður, sem aðalfundur ákveður að úthluta, skiptist milli félagsmanna eftir arðskrá, er lögmætur fundur samþykkir, $\frac{2}{3}$ félagsmanna hafa undirritað og ráð-

173 herra staðfest. Gildir hún til 5 ára í senn. Þó er þeim, er telja sig vanhaldna um 2. ágúst skiptingu arðs, heimilt að krefjast þess að arðskrá sé ákveðin með matsgerð.

Náist ekki samkomulag um nýja arðskrá að liðnum fimm árum, gildir gamla arðskráin áfram, þar til ný arðskrá er samþykkt. Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sama hlutfalli og þeir taka arð.

14. gr.

Samþykktum þessum verður ekki breytt nema á aðalfundi og þarf $\frac{2}{3}$ atkvæða með breytingunni.

Félaginu má slíta, ef tillaga um það er samþykkt með $\frac{2}{3}$ atkvæða á tveimur fundum í röð.

15. gr.

Brot gegn þessum samþykktum varða sektum allt að 1000 krónum, sem renna í sýslusjóð. Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögglumál.

Samþykkt þessi, sem er gerð samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 2. ágúst 1952.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

174

25. ágúst

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir Borgarfjarðarsýslu.

I. KAFLI

Stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Sýslunefnd hefur á hendi yfirstjórn allra fjallskilamála, samkvæmt gildandi sveitarstjórnarlögum á hverjum tíma, en hreppsnefnd alla umsjá með framkvæmd þeirra.

2. gr.

Hreppsnefndir geta gert nákvæmari ákvarðanir um fjallskil í einstökum atriðum. Þó má eigi þar með raska reglugerð þessari, og skulu hreppsnefndir gæta þess að farið sé eftir ákvæðum hennar.

II. KAFLI

Afréttir og notkun þeirra.

3. gr.

Allt land skiptist í heimalönd og afrétti. Það skulu vera afréttir, sem áður hafa verið. Þó geta hreppsnefndir tekið nýja afrétti, breytt takmörkum afrétta og lagt til þeirra heimalönd eða landshluta einstakra jarða, með samþykki landeigenda og umráðamanna, enda sé landið ekki varið annarra fénaði.

4. gr.

Enginn má nota annan afrétt en þann, sem hann á upprekstur á, nema hlut-
aðeigandi hreppsnefnd leyfi. Enginn nema hreppsnefnd getur tekið fénað af mönn-
um búsettum utan hrepps í sameiginlegt upprekstarland. Enginn má taka upp-
rekstur í land sitt nema hreppsnefnd í þeim hreppi, er land liggur í, samþykki.
Skylt er að láta menn búsetta innan hrepps hafa forgangsrétt að upprekstrarleyfi.

174

25. ágúst

5. gr.

Enginn má taka sameignarafrétt til sérstakra afnota fyrir sjálfan sig, svo
sem til slæгна eða beitar, nema hann lögum samkvæmt eigi tilkall til þess í af-
réttinum.

Ef einhver þarf að ná fé sínu af afrétti til sölu eða annarrar förgunar fyrir
aðalleitir, skal hann fá til þess leyfi hreppsnefndar, sem veitir það með þeim skil-
yrðum, er henni þykir við eiga.

III. KAFLI

Fjársmalanir á vorum.

6. gr.

Hver sá, sem hefur jörð til ábúðar eða umráða, er skyldur til að smala heima-
land sitt á vorum, eftir því sem hver hreppsnefnd ákveður. Vanræki einhver að
láta smala heimaland sitt, skal hreppsnefnd láta smala það á hans kostnað.

7. gr.

Nú finnst fé, er sloppið hefur úr höndum eiganda eða kemur fyrir fjarri
eiganda, hvort heldur eru geldar kindur eða lambær, og er þá finnandi skyldur, ef
honum er unnt, að hirða og rýja geldfé og sömuleiðis ær, þegar tími er til kominn
og einnig að marka ómörkuð lömb gegn sanngjarnri greiðslu.

IV. KAFLI

Um rekstur í afrétt og ágangsfénað.

8. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að sauðfé þegar það er komið úr ull, svo og stóð-
hross, sé rekið til afréttar svo tímanlega að vorinu, sem árferði og önnur atvik
leyfa (sbr. þó 13. gr.).

Reka skal þannig í gegnum heimalönd manna, að sem minnstur bagi verði að,
og aldrei yfir tún og engjar, nema önnur leið sé ófær.

Aldrei má reka fénað annarra manna til afréttar án leyfis, nema afréttarfén-
aður sé, fé komið úr ullu og tryppi og lömb mörkuð.

9. gr.

Enginn, sem hefur rétt til að nota afrétt, má hafa stóðhross eða sauðfé í heima-
landi að sumrinu, nema í fjárheldri girðingu sé eða hreppsnefnd og nágrennar
leyfi, enda ábyrgist eigandinn að fénaðurinn geri engan skaða.

Nú er fénaður eigi rekinn til afréttar og má þá hreppsnefnd láta reka hann á
kostnað eiganda.

10. gr.

Ef sauðfé eða hross ganga úr afrétti á sumrin í heimalönd, getur sá, er fyrir
ágangi verður, gert hreppsnefndinni aðvart um það. Skipar hún þá fyrir um
smölun þess og rekstur til afréttar, eða til hreppstjóra, hafi ágangurinn stafað af

- 174 fénaði af öðru upprekstrarsvæði, og lætur hann eiganda hirða fénaðinn. Ber þá hreppsnefnd í þeim hreppi, sem ágangsfénaðurinn var úr, að greiða kostnað við smölunina og reksturinn. Ella greiði landráðandi $\frac{1}{4}$ hluta, en fjallskilasjóður $\frac{3}{4}$ hluta kostnaðar.

V. KAFLI

Fjallskilaskyldur og fjallskil.

11. gr.

Skyllt er að gera fjallskil af öllu sauðfé og stóðhrossum, hvort sem fénaðurinn er rekinn úr heimalandi eða ekki (sbr. þó 13. gr.).

Hreppsnefnd jafnar niður fjallskilum. Skal hver leggja til fjallskila það sem hreppsnefnd ákveður.

Hver húsbóndi er skyldur að inna af höndum fjallskil fyrir allan þann fénað, sem hann hafði á fóðrum veturinn næsta á undan og einnig þann fénað, er hann og heimamenn hans fluttu inn í hreppinn frá þeim tíma, er fóðurskoðun fór fram, enda er honum skyllt að tilkynna flutninginn til oddvita hreppsnefndar fyrir júlilok.

Heimilt er hreppsnefnd, ef afréttarskyldum búpeningi hefur fækkað mjög, svo að afréttir séu ekki að fullu nýttir að áliti hreppsnefndar, að jafna fjallskilakostnaði á landverð bújarða eftir gildandi fasteignamati. Ef um miklar hlunnindajarðir er að ræða, er þó skyllt að draga frá landverð, er stafar af hlunnindunum.

12. gr.

Tvennar aðalleitir skal gera á hverju hausti í afréttum og heimalöndum og skal þá smalað bæði fé og hrossum. Auk aðalleita skal fara fram smölun allra heimalanda fyrsta mánudag í nóvember. Senda skal menn, eftir því sem þörf krefur til að hirða fé í útréttum, sem fjárvon er í. Útréttir kallast réttir utan leitarsvæðisins

Hver bóndi er skyldur til að leita land ábýlisjarðar sinnar, nema hreppsnefnd telji landið að einhverju leyti notað sem afrétt eða hafi gert samning um það við umráðendur jarðarinnar (sbr. 3. gr.). Skyllt er og bónda að koma öllum aðkomufénaði til skilaréttar í tæka tíð.

Þótt jörð sé ekki í ábúð, hvíla sömu skyldur á eiganda hennar eða umráðanda.

13. gr.

Nú á búandi tilkall til afréttar á viðkomandi leitarsvæði, en kaupir með leyfi hreppsnefndar annars staðar upprekstur eða er eigandi að upprekstrarlandi í öðru leitarsvæði, er hann kys að nota, og notar þá eigi sinn eiginn afrétt heima fyrir, greiðir hann þá fjallskil á báðum stöðum, þó ekki nema hálf gjald heima fyrir.

Eigi sveitarfélag engan afrétt, né hafi umráðarétt yfir upprekstrarlandi, verða hreppsþúar að hafa fénað sinn í heimalöndum, gera þeir þá ekki fjallskil á afrétt. Eigi að síður ber þeim skylda til að sjá um hirðingu fjár síns í útréttum.

14. gr.

Hreppsnefndir allra hreppa innan hvers leitarsvæðis skulu á sameiginlegum fundi setja reglur um fyrirkomulag leita, sendingu manns í útréttir og annað það, er þörf þykir, að samvinna sé um. Hafi tveir eða fleiri hreppar sameiginlegt upprekstrarland, skulu hreppsnefndir þeirra hafa árlega fund með sér og gera áætlun um fjallskilakostnað á upprekstrarsvæðinu og skipta með sér sameiginlegum kostnaði. Til þess fundar boðar oddviti þess hrepps, er skilarétt stendur í.

15. gr.

174

25. ágúst

Hver hreppsnefnd jafnar niður fjallskilum á hreppsbúa sína. Við niðurrjöfnun skal leggja fjallskilaskyldan fénað í einingar, þannig að 1 kind telst ein eining og eitt hross 5 einingar. Hreppsnefnd má leggja allt að helmingi fjallskilakostnaðar á í peningum og skal gæta þess, að það gjald komi sem jafnast niður að rétttri til- tölu. Sé einungis um fjallskilakostnað af jarðeign að ræða, má þó leggja hann allan á í peningum. Rennur gjald þetta í sjóð er nefnist fjallskilasjóður og er eign þess hrepps, þar sem það er lagt á, og skal goldið til oddvita fyrir nóvemberlok ár hvert.

Öll vinna við fjallskil skal lögð í dagsverk og dagsverk metið sem næst gildandi kauptaxta.

Á niðurrjöfnunarfundi skal kjósa leitarstjóra og rekstrarstjóra, enn fremur tvo marklýsingamenn. Þeir skulu kosnir af hreppsnefnd þess hrepps, er skilarétt stendur í. Niðurrjöfnun skal birt þannig, að fjallskilaseðill gangi bæ frá bæ um hreppinn og hafi hann þingboðsrétt. Á fjallskilaseðli skal tilgreina upphæð fjallskilakostnaðar hvers einstaks manns, hvaða fjallskil hver á að inna af höndum, hversu mikið ber að greiða í peningum og annað það, sem þörf þykir að taka fram fjallskilum viðvíkjandi. Niðurrjöfnun skal lokið svo tímalega, að hún geti orðið öllum hlutaðeigendum kunn eigi síðar en viku áður en leitir byrja.

16. gr.

Leitarsvæði hverrar skilaréttar skal hafa sameiginlegan fjallskilasjóð, er oddviti þess hrepps, er skilarétt stendur í, varðveitir. Í þann sjóð rennur andvirði allra ómerkinga og óskilafjár og hrossa, er ekki finnst eigandi að. Geti sjóðurinn ekki staðið undir þeim gjöldum, er úr honum ber að greiða, leggja fjallskilasjóðir hreppanna honum það til, er á vantar. Framlag fjallskilasjóða hreppanna greiðist eftir því hlutfalli, sem hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli hafa samþykkt á sameiginlegum fundi sínum.

Reikningur fjallskilasjóðs skal árlega sendur með hreppsreikningum til sýslunefndar. Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

Allur kostnaður við fjallskilamál skal greiðast úr fjallskilasjóði nema öðruvísi sé ákveðið. Komist fé eða hross ekki til réttis eiganda, heldur sé selt eða ráðstafað á annan hátt, af því að hreppsnefnd í þeim hreppi, sem fénaður er úr, telji það hagkvæmara, skal borga allan áfallinn kostnað á þann fénað úr fjallskilasjóði. Þó skal hreppsnefnd tilkynna eiganda, ef um hross er að ræða, áður en hún ráðstafar því til sölu, og má eigandi þá sækja hrossið á sinn kostnað.

17. gr.

Sérhver maður, er fjallskil á að inna af hendi, skal vanda vel tillag sitt, svo sem það að senda fullgilda og vel útbúna menn í leitir og útréttir, o. s. frv.

Láti einhver farast fyrir að senda mann í leitir eða gera þau fjallskil, sem hann er kvaddur til á fjallskilaseðli, skal hann borga tvöfalt dagkaup fyrir hvern leitardag miðað við gildandi verkamannakauptaxta.

Ef einhver sendir mann í leitir, sem leitarstjóri telur óhæfan sökum ágalla eða ills útbúnaðar, skal vísa honum heim aftur, og er þá sá er þann mann sendi, skyldur að borga fjallskil eins og hann hefði engan sent. Sama gildir um mann í útréttir.

Sannist það, að leitarmaður eða annar, sem fjallskil á að vinna, vanræki skyldu sína, getur hreppsnefnd krafizt uppbótar frá honum, eða þeim sem hann sendi. Vilji hann ekki hlýta úrskurðinum, getur hann skotið máli sínu til sýslunefndar.

Gjaldi fyrir leitarsvik og aðra vanrækslu á fjallskilum má verja til að kaupa mann til fjallskilanna, ella renni það í fjallskilasjóð þess hrepps, sem hlut á að máli.

18. gr.

Hlutverk og skyldur leitarstjóra.

Enga aðalleit má gera nema leitarstjóri sé í henni og stjórn henni, enda skulu leitarmenn skyldir að hlýða honum. Áður en leit hefst kannar leitarstjóri lið sitt, og ef svo reynist að einhverja vanti eða einhverjir reynast óhæfir til að fara í leit, kaupir hann menn í þeirra stað. Leitarstjóri skipar fyrir um, hvernig hver leitarmaður hagar göngu sinni, gætir þess vel að allir vandi verk sín, að söfnin séu rekin með reglu til rétta, svo að þau séu þangað komin í tæka tíð, allrar mannúðar sé gætt við skepnurnar, að lamakindur séu fluttar til byggða eða þeim lógað, sé ekki annað unnt, og að safnsins sé gætt unz réttarstjóra ber að taka við því.

19. gr.

Hlutverk og skyldur rekstrarstjóra.

Rekstrarstjóri stjórnar útréttarmönnum, og eru þeir skyldir að hlýða honum. Rekstrarstjórar skulu gera sitt ítrasta til þess að ekki verði fé eða hross eftir í útréttum, og fari fram töfludráttur mega réttarmenn ekki fara frá réttinni, fyrr en hann er afstaðinn. Sé einhver skepna svo fötluð, að hún verði ekki rekin með öðru fé, skal rekstrarstjóri koma henni í gæzlu eða ráðstafa henni á annan hátt, þyki honum það hagkvæmara fyrir eiganda. Komi hann kindinni í gæzlu, skal hann svo fljótt sem verða má tilkynna það eiganda, sem þá sækir hana eða ráðstafar á sinn kostnað. Sama máli gegnir ef kind fatlast eða uppgefist í rekstri, að rekstrarstjóri verður að koma kindinni til bæja eða lóga henni sé ekki annað unnt. Rekstrarstjóri skal og gæta þess, að fé sé rekið gætilega, svo að það ekki uppgefist eða meiðist að óþörfu.

20. gr.

Um eftirleitir.

Eftir að aðalleitir eru afstaðnar geta hreppsnefndir, ef þeim þykir ástæða til, látið gera enn eina almenna leit á leitarsvæðum þeim, er þær eiga að sjá um. Til þeirrar leitar má gera aukaniðurjöfnun á alla hlutaðeigendur. Leitin kallast eftirleit og sé ákveðin og boðuð með nægum fyrirvara.

21. gr.

Nú þykir einhverjum niðurjöfnun fjallskila eigi rétt og vill fá leiðrétting á því, ber honum þá engu að síður að inna þau af hendi, en sent getur hann rökstudda kæru til hreppsnefndar fyrir 15. okt. og beðið hana lagfæringar. Sætti kærandi sig ekki við aðgerðir hreppsnefndar, getur hann krafizt úrskurðar sýslunefndar.

VI. KAFLI

Réttir og réttahöld.

22. gr.

Réttir, leitarsvæði og réttardagar:

Þessar skulu vera skilaréttir sýslunnar:

1. **Rauðsgilsrétt.** Leitarsvæði: Hvítá takmarkar að norðan, en Langjökull að austan. Ok og Flókadalsá að sunnan.

Fyrri Rauðsgilsrétt skal vera föstudaginn í 23. viku sumars, síðari föstudaginn í 25. viku sumars. Á þessu leitarsvæði skal vera sundurdráttarrétt á Húsafelli. Úrtíningur rekist til Rauðsgilsréttar.

2. **Oddsstaðarétt.** Leitarsvæði: Takmarkast að norðan af Hvitá og leitarsvæði Rauðsgilsréttar. Að austan ræður Þórisjökull og síðan sýslumörk Borgarfjarðarsýslu um Brunnvatnsós og í Kvígindisfell. Að sunnan stefna úr Kvígindisfelli syðst í Suðarárupptök og síðan Suðurá í Eiríkuvatn. Úr Eiríkuvatni hreppamörk Lundarreykjadal og Skorradals út á Stórafell og þaðan bein stefna suður í Skorradalsvatn. Síðan ræður Skorradalsvatn og Andakilsá til sjávar. Fyrri Oddsstaðarétt skal vera miðvikudaginn í 22. viku sumars, síðari laugardaginn í 25. viku sumars. Heimilt er hreppsnefnd að láta rétta stóði í Oddsstaðarétt þriðjudaginn í 22. viku sumars. Á þessu leitarsvæði skal vera sundurdráttarétt á Reykjum mánudaginn í 22. viku sumars og fimmtudaginn í 25. viku sumars. Úrtíningur rekist til Oddsstaðaréttar og Bakkakotsréttar.
3. **Bakkakotsrétt.** Leitarsvæði: Lönd Efstabæjar, Sarps, Fitja, Vatnshorns og Bakkakots. Fyrri Bakkakotsrétt skal vera mánudaginn í 22. viku sumars, síðari fimmtudaginn í 25. viku sumars.
4. **Hrafneyrarrétt.** Leitarsvæði: Syðst úr Kvígindisfelli um suðurtakmörk Stóra-Botnsdals til sjávar. Að vestan hreppamörk Hvalfjarðarstrandahrepps og Leirársveitar upp á Miðfitjahól. Þaðan ræður há Skarðsheiði í upptök Villingadalsár, þá Villingadalsá og síðan Dragaá í Skorradalsvatn. Að norðan Skorradalsvatn að landamerkjum Vatnshorns og Haga. Síðan ræður leitarsvæði Bakkakotsréttar. Fyrri Hrafneyrarrétt skal vera miðvikudaginn í 22. viku sumars, síðari laugardaginn í 25. viku sumars.
5. **Hreppsrétt.** Leitarsvæði: Að norðan ræður leitarsvæði Oddsstaðaréttar. Að austan og sunnan leitarsvæði Hrafneyrarréttar að Miðfitjahól. Þaðan bein lína í upptök Seleyrargils. Þaðan ræður Seleyrargil til sjávar. Fyrri Hreppsrétt skal vera mánudaginn í 22. viku sumars, síðari fimmtudaginn í 25. viku sumars.
6. **Hafnarrétt.** Leitarsvæði: Leirár- og Melahreppur að leitatakörkum Hreppsréttar og Hrafneyrarréttar. Fyrri Hafnarrétt skal vera þriðjudaginn í 22. viku sumars, síðari föstudaginn í 25. viku sumars.
7. **Reynisrétt.** Leitarsvæði: Skilamannahreppur, Innri-Akranshreppur og Akraneskaupstaður. Fyrri Reynisrétt skal vera mánudaginn í 22. viku sumars, síðari fimmtudaginn í 25. viku sumars.

23. gr.

Allir þeir, sem jörð hafa til ábúðar eða nytja eða fé eiga, eru skyldir til að vinna að byggingu rétta og ómerkingadilka og viðhaldi þeirra, hver að sínum hluta, eftir því, sem hreppsnefnd ákveður.

Við hverja aðalrétt skulu allar jarðir í upprekstrarfélaginu eiga nægilegt dilkrúm, hver fyrir sig eða fleiri í félagi, og eru ábúendur þeirra skyldir að kosta byggingu dilkana og viðhald þeirra eftir réttri tiltölu.

Enn fremur skulu vera sérstakir dilkar, einn eða fleiri eftir þörfum, fyrir fé úr öðrum leitarsvæðum eða hreppum, er íbúar hlutaðeigandi upprekstrarfélags eða hrepps byggja og viðhalda á sinn kostnað, nema svo sé um samið, að upprekstrarfélagið kosti byggingu þeirra og viðhald á móti því, að hlutaðeigandi upprekstrarfélag sýni því aftur sömu skil.

174

25. ágúst

Hreppsnefnd skal sjá um:

24. gr.

- a. að almenningar rétta séu nógu stórir,
- b. að sérhver maður innan leitarsvæðisins, sem fjárvon á við réttina, hafi nógu stórt dilkrúm fyrir fé sitt, svo ekki þurfi að hleypa út úr dilknum fyrr en að afstöðnu réttarhaldi,
- c. að til séu nógu margir og stórir dilkar fyrir útréttarfé og nægilega stór ómerkingadilkur,
- d. að allir veggir réttanna séu traustir og stöðugir og svo háir, að engin sauðkind geti stokkið yfir þá,
- e. að grindur séu í öllum dilkshliðum.

25. gr.

Vanræki einhverjir að vinna að réttar- og dilkbyggingu, má hreppsnefnd útvega til þess menn á þeirra kostnað.

Vilji upprekstrarfélagið byggja leitarskála eða gerði til þess að geyma safnið í að næturlagi, skal vinnu og kostnaði við það jafnað niður eftir sömu hlutföllum og fjallskilum.

26. gr.

Réttarbóndi, þar sem safns er gætt náttlangt, fær fyrir usla og átroðning allt að 300 kr. að viðbætti vísitöluhækkun.

27. gr.

Réttarstjóri stjórnar skilarétt og tekur hann við af leitarstjóra, þegar markljóst er, og lætur þá þegar fara að rétta. Hann gerir sér far um, að allt fari skipulega fram meðan á réttarhaldinu stendur, hefur vald til að banna fjárkaup, slark, óreglu og allt annað, sem tafið getur fyrir réttarhaldinu. Skyldir eru allir að hlýða skipunum réttarstjóra og getur hann kært þá til sekta, ef út af er brugðið. Hann getur skipað annan í sinn stað, ef á þarf að halda.

Réttarstjóri skal sjá um, að ómerkingar séu settir í ómerkingadilk, svo að eigendum gefist kostur á að láta ær helga sér þá.

Enginn má taka ómerking án leyfis réttarstjóra.

Enginn má hleypa út úr dilk fyrir en réttarstjóri leyfir og búið er að kanna féð í dilknum. Að þeim starfa eru allir skyldir að vinna, þeir sem réttarstjóri nefnir til þess. Hvert dilksfélag kys sér dilkstjóra, og ber þeim að aðstoða réttarstjóra eftir því, sem þörf krefur.

Hreppstjóri þess hrepps, sem rétt liggur í, skal ætíð vera við réttina og gæta lögreglu.

Marklýsingamenn skulu lýsa öllum mörkum eftir að töfludráttur hefst. Greini þá á um mark, skal réttarstjóri tilnefna þrjá menn, er þá lýsa markinu og telst það rétt mark skeppunnar, sem meiri hluti þeirra telur rétt vera.

28. gr.

Það er skylda sérhvers manns á upprekstrarsvæðinu, er fjárvon á í skilaréttinni, að hafa þar nægan mannafla að hirða fénað sinn. En ef einhver vanrækir þetta, er réttarstjóra heimilt að láta draga fénað hans og reka heim til hans á hans kostnað.

VII. KAFLI

Eftirleitir einstakra manna og fundarlaun.

174

25. ágúst

29. gr.

Einstökum mönnum er heimilt að leita að fénaði í afréttum eftir að aðalleitir hafa farið fram að haustinu. Hafi hreppsnefnd ákveðið eftirleit, en einstakir menn finna féð í afrétt áður en hún er framkvæmd, eiga þeir ekki kröfu á fundarlaunum úr fjallskilasjóði fyrir þann fénað, en heimilt er hreppsnefnd þó að greiða einhverja þóknun fyrir slíkt úr sjóðnum, ef henni þykir ástæða til.

Ákveða skal á fjallskilafundi, hver skuli fundarlaun fyrir fénað, áður óheimtan, er finnst í afrétti eftir leitir.

Fundarlaun fyrir óheimt fé, er finnst í eftirleitum eða endranær, greiðist úr fjallskilasjóði þess upprekstrarfélags, sem fjallskil voru greidd í af hinu fundna fé.

Fyrir heiman að sloppið fé, er finnst í eftirleitum, borgar eigandi sjálfur fundarlaun.

Kostnað við rekstur hins fundna fjár, eftir að það er komið til byggða, innan leitarsvæðisins, ber eigandi sjálfur.

Hið sama gildir um hross.

VIII. KAFLI

Meðferð óskilafjár.

30. gr.

Alla ómerkinga, svo og allt fé með vafasömum mörkum eða marki, sem ekki finnst við töfludrátt, enda hafi þá verið notaðar markaskrár úr nærliggjandi sýslum, skal afhenda hreppstjóra. Skal hann í lok hvernar réttar selja allt það fé, og ómörkuð folöld, sem ekki hefur gengið út við opinbert uppboð. Uppboðið gerir hann heyrum kunnugt, birtir söluskilmála, nefnir uppboðsvotta og ritar hjá sér í uppboðsbók hreppsins mörk og lýsingu á sölufé eftir marklýsingamönnum.

31. gr.

Óskilafé, sem finnst eftir réttir, skal hreppstjóri selja við opinbert uppboð.

32. gr.

Fyrir lok hvers árs skal hreppstjóri senda sýslumanni eða þeim, er sýslunefnd ákveður, skýrslu um selt óskilafé í sínum hreppi. Sýslumaður eða sá, er sýslunefnd ákveður, skal síðan auglýsa hinn selda fénað í Lögbirtingablaðinu.

33. gr.

Af andvirði óskilafjár greiðist uppboðskostnaður, þar með talin sölulaun, auglýsingakostnaður, svo og fundarlaun. Að öðru leyti greiðist eiganda fjárverðið, ef hann innan næstkomandi septembermánaðarloka sannar eignarrétt sinn.

Þegar lokið er útborgun óskilafjárverðs hvers árs, skal hreppstjóri senda oddvita afrit af uppboðsbók hreppsins um óskilafjárölu á árinu, ásamt sundurliðaðri skýrslu um það, hverjum fjárverðið er greitt. Jafnframt sendi hann oddvita eftirstöðvar af óskilafjárverðinu og skal það renna í viðkomandi fjallskilasjóð.

Skilríki hreppstjóra fyrir sölu óskilafjár skal síðan fylgja fjallskilasjóðsreikningnum sem fylgiskjal.

IX. KAFLI

Hirðing hrossa á haustum.

34. gr.

Réttarstjóri skal gæta þess, að hryssum sé gefinn kostur á að helga sér ómörkuð folöld, og má enginn taka þau til hirðingar án leyfis hans. Einnig skal hann eftir mætti gæta þess, að hryssur klumsi ekki meðan á réttarhaldi stendur.

Hross þau, sem eftir eru, þegar töfludrætti er lokið, skulu þegar seld af hreppstjóra í þeim hreppi, er réttin stendur í. Gilda um það sömu ákvæði og um sölu óskilafjár, þó með þeirri undantekningu, að hross skal ætíð selja með 12 vikna innlausnarfresti. Hrossin eru í geymslu kaupanda frá söludegi, en ekki í ábyrgð hans fyrr en að innlausnarfrestinum liðnum. Gæzlukaup og hagatollur er 100 aurar um sólarhringinn og reiknast frá söludegi til þess tíma, er hrossið er tekið, þó aldrei lengur en 12 vikur.

Komi hross á hús og hey, skal fóðurkostnaður greiddur eftir mati hreppsnefndar í þeim hreppi, sem hrossið var geymt í.

Verði hæstbjóðandi eigandi hrossins að innlausnarfresti liðnum ber honum hvorki hagatollur, gæzlukaup né greiðsla fyrir fóður.

35. gr.

Almenn hrossasmölun skal fara fram fyrsta föstudag í vetri. Skulu þá öll ókunn hross, sem fyrir koma í heimalöndum, rekin á þann stað í hreppi hverjum, sem viðkomandi hreppsnefnd ákveður, og þeim réttað þar.

Um óskilahross, sem fyrir koma við smölun þessa, gilda sömu reglur og um óskilahross við réttir. Sé ekki unnt vegna veðurs að smala hinn tiltekna dag, skal það gert næsta virkan dag, sem veður leyfir.

36. gr.

Eftir hvert uppboð á óskilahrossum, skal hreppstjóri, innan tveggja daga, hafa sent á stað til hreppstjóra í aðliggjandi hreppum tilkynningu um söluna, ásamt lýsingu á hinum seldu hrossum. Í tilkynningunni skal tilgreina nafn og heimili kaupanda. Gangi hrossin ekki út, skal auglýsa þau sem annað óskilafé.

X. KAFLI

Mörk sauðfjár og hrossa og markaskrár.

37. gr.

Hver maður skal einkenna fé sitt og hross með glöggu marki, og brennimerkja hyrnt fé með hreppsrennimarki á hægra horni.

Hreppabrennimörk skulu vera þessi:

Fyrir	Hvalfjarðarstrandarhrepp	B 1
—	Innri-Akranshrepp	B 2
—	Skilmannahrepp	B 3
—	Leirár- og Melahrepp	B 4
—	Andakílshrepp	B 5
—	Skorradalshrepp	B 6
—	Lundarreykjadalshrepp	B 7
—	Reykholtisdalshrepp	B 8
—	Hálsahrepp	B 9
—	Akraneskaupstað	A K

Ef fullorðið fé er ekki hreppsmerkt á hornum eða plötumerkt í eyra, getur eigandi þess ekki krafizt skaðabóta þótt fé hans verði eftir í útréttum, enda ber þá fjallskilasjóði ekki að borga gæzlukostnað og annan kostnað, er á slíkt fé kann að falla. 174 25. ágúst

38. gr.

Fé skal draga eftir mörkum. Markið helgar eiganda kind, nema sönnun komi fyrir, að annar eigi. Kind, sem ekki ber rétt mark manns, er honum óheimilt að draga sér, hve lítið sem á vantar. Úr öllum ágreiningi, er rísa kann út af vafamörkum, skera marklýsingamenn. Verði þeir ekki sandóma, fer um það svo sem fyrir er mælt í 30. gr. Ef kind er með brennimarki eða hornamarki annars en þess, er á eyrnamarkið, skal sá talinn eigandi, sem á brennimarkið eða hornamarkið og skal hann þá, ef eigandi eyrnamarks krefst þess, gera grein fyrir því, hvernig hann hefur eignazt kindina. Kind, sem hefur eyrnamark eins, brennimark annars og hornamark þess þriðja, skal talin eign þess, er brennimarkið á, þó skal hann ef krafizt er, gera grein fyrir því, hvernig hann hefur eignazt hana.

39. gr.

Enginn má taka upp mikil særingarmörk né mörk, sem vandi er að marka svo auðþekkjjanleg séu. Ekki má nota mörk, sem eru meira en níu hnífsbrögð alls. Þessi mörk er leyfilegt að nota: Andfjaðrað, biti, blaðrifað, blaðstýft, fjöður, gagnbitað, gagnfjaðrað, gat, hamrað, hangfjöður, heilhamrað, heilrifað, hvatrifað, hvatt, jaðrað (hálf af), lögg, miðhlutað, oddfjaðrað, sneiðrifað, sneitt, stig, stúffjaðrað (stýft hálf af), stúfrifað, stýft, sýlt, tvírifað í sneitt, tvírifað í heilt, tvírifað í stúf, tvístýft.

Fleiri en tvö undirben má ekki nota sama megin á eyra.

Mörk þau, sem ekki er leyft að nota samkvæmt þessari grein, mega þó notast af núverandi eigendum þeirra, en mega ekki ganga að erfðum, kaupum eða gjöfum.

Jafnan skal auglýsa í markaskrá sýslunnar hvaða mörk leyfilegt er að nota.

40. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá sýslunnar 10. hvert ár, þegar ártalið stendur á heilum tug. Skal hver markeigandi koma marki sínu í hana, og má enginn nota mark, sem ekki er prentað í markaskránni (sbr. þó 45. gr.). Sýslunefnd ákveður greiðslu fyrir hvert mark, en markeigandi fær ókeypis eitt eintak af markaskránni. Einnig skal sýslunefnd sjá um, að nægilega mörg eintök af markaskránni séu send ókeypis til allra hreppa utan sýslu, sem fjársamgöngur eru við.

Gjald það, er sýslunefnd ákveður fyrir mörkin, skal ætíð vera svo hátt, að það nægi fullkomlega fyrir öllum kostnaði við markasöfnun, umsjón með skrásetningu og prentun markanna. Ef afgangur verður, þegar allur kostnaður við markasöfnun og prentun er greiddur, skal hann leggjast í sýslusjóð.

41. gr.

Sýslunefnd kys mann til að sjá um útgáfu markaskrár og til þess að hafa umsjón með upptöku nýrra marka á milli þess að markaskrá er gefin út (sbr. 45. gr.).

Markasöfnun skal fara fram í októbermánuði árið áður en prenta skal skrá. Hreppstjórar safna mörkum hver í sínum hreppi.

Hvert mark skal ritað á sérstakan seðil með tilgreindu nafni og heimilisfangi markeiganda. Að öðru leyti ákveður markaskrárhöfundur gerð markaseðla.

174

25. ágúst

42. gr.

Að lokinni söfnun markaseðla senda hreppstjórar þá markaskrárhöfundi, er sýslunefnd hefur valið. Skal hann athuga markaseðlana, raða upp mörkum og athuga um sammerkingar innan sýslu og í nærliggjandi sýslum. Skal hann fella niður þau nýupptekin mörk, sem eru sammerkt eða um of lík eldri mörkum, svo og mörk er líkjast um of hvert öðru, og enn fremur mörk, sem ekki má upptaka samkvæmt ákvæðum reglugerðar. Nú hefur markaskrárhöfundur felld niður mark og skal hann þá tilkynna það marktakanda bréflega og jafnframt benda honum á annað mark, er hann geti fengið, sem líkast því, er hann hefur kosið. Hafi hann eigi svarað bréfi markaskrárhöfundar fyrir febrúarlok, skal líta svo á, að hann taki markið, er markaskrárhöfundur benti honum á, og skal þá prenta það í markaskránni. Enginn maður má eiga fleiri en tvö sauðfjármörk og eitt hrossamark.

Vilji einhver taka upp nýtt mark, milli þess er markaskrá er prentuð, skal hann tilkynna það markaskrárhöfundi og fá til þess leyfi hans. Að því fengnu skal hann láta prenta það á sinn kostnað í Lögbirtingablaðinu og er það þá fyrst heimilt til notkunar. Sama máli gegnir um þann, er flyzt inn í sýsluna, að hann verður að fá samþykki markaskrárhöfundar til þess að mega nota áfram það mark, er hann áður átti.

Hreppstjórum er skylt að færa öll mörk úr sýslunni, sem auglýst eru í Lögbirtingablaðinu, inn í markaskráreintök þau, sem nota skal við töfludrátt í skilarettum.

Sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu skal leita samvinnu við sýslunefndir í Mýrasýslu, Dalasýslu, Strandasýslu, Húnavatnssýslu, Árnessýslu, Kjósarsýslu og Gullbringusýslu um ráðstafanir til þess að afstýra sammerkingum á þeim svæðum, er fjársamgöngur geta komið fyrir á.

XI. KAFLI

Fjárrekstrar.

43. gr.

Þegar sauðfé eða hross er rekið um héraðið, skal þess gætt, að rekstri hverjum fylgi ætíð nægilega margir og duglegir rekstrarmenn, svo að sem minnstur bagi verði að fyrir þá, er lönd þau eiga, sem um er rekið eða í er áð. Eigi má leggja upp með slíka rekstra fyrri en markljóst er orðið og eigi má halda áfram á kvöldi, þegar mjög er orðið skuggsýnt, nema brýn nauðsyn beri til.

Allt fé í slátur-fjárrekstrum skal vera merkt ákveðnum rekstrarmerkjum, er séu svo glögg, að þau sjáist tilsýndar í björtu og svo traust, að þau máist ekki af í votviðrum. Rekstrarforingja ber að gæta þess vandlega, að annað fé lendi ekki saman við reksturinn. En komi það fyrir, skal hann, þegar hann verður þess var, draga það fé úr rekstrinum og annast um, að það komist í áthaga sína, eigendum að kostnaðarlausu.

Skaða, sem hlýzt af því, að út af þessu er brugðið, ber eiganda eða umsjónarmanni rekstursins að greiða eiganda fjárlins. En sannist það, að skaðinn stafi af skeytingarleysi rekstrarmanns, skal hann sæta sektum.

Skylt er eigendum sláturhúsa að láta fara fram markaskoðun á öllu fé, sem þar er slátrað.

44. gr.

Það er stranglega bannað að svelta fénað, frekar en minnst verður hjá komizt, hundbeita hann að óþörfu eða misþyrma honum á nokkurn hátt við fjárréttir, í rekstrum, gæzlu, fjallgöngum eða heimasmölun.

XII. KAFLI
Almenn ákvæði.

174
25. ágúst

45. gr.

Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda út af fjallskilamálum. Undir úrskurð hennar heyra líka allar kærur og kröfur á hendur hreppsnefndum og hreppstjórum snertandi fjallskil. Enn fremur geta einstakir menn komið sér saman um að leggja slík mál undir úrskurð sýslunefndar.

46. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá 50 til 2000 kr., nema þyngri hegning liggja við eftir öðrum lögum, og renna sektirnar í fjallskilaskjóð þess leitarsvæðis, sem brotið er framið í.

47. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitastjórnarlaga, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi fjallskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu, nr. 74 9. ágúst 1920, ásamt síðari breytingum.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. ágúst 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

175
26. ágúst

fyrir Mýrasýslu.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Sýslunefndin í Mýrasýslu hefur á hendi yfirstjórn allra fjallskilamála innan takmarka sýslunnar, eins þótt afréttur eða fénaður, er þar gengur, sé eign utan-sýslubúa. Hún sker úr ágreiningi og kærumálum, er til hennar verður skotið samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

Málefni þau, sem nefnd eru í 1. gr., standa undir umsjón og framkvæmd hreppsnefndanna í Mýrasýslu, hverrar í sínum hreppi. Þær skulu gæta þess, að reglugerðinni sé hlýtt og ef eitthvað er vanrækt af því, er hún fyrirskipar, eða brotið gegn ákvæðum hennar, að fullar bætur komi fyrir.

Hreppsnefndir, hver í sínum hreppi, gera allar nákvæmari ákvarðanir um fjallskil og aðrar framkvæmdir samkvæmt reglugerð þessari eftir þörfum. Þær hafa úrskurðarvald í öllum ágreinings- og kærumálum innan hrepps. Úrskurðum þeirra má skjóta til sýslunefndar.

- 175 Þar sem tveir eða fleiri hreppar eða partar af hreppum eiga einn afrétt saman,
26. ágúst hafa hreppsnefndir allra þeirra stjórn fjallskilamála á hendi í sameiningu. Oddvitinn í þeim hreppi, er rétt sú liggur í, er afrétturinn á að leitast til, skal kveðja til funda þeirra, er skipa eiga slíkum málum. Á fundum þessum ræður afl atkvæða.

3. gr.

Nú er afréttur innan ummerkja Mýrasýslu notaður af hreppsfélagi annarrar sýslu, og er þá heimilt að fela hreppsnefndinni í þeim hreppi umsjón og framkvæmd fjallskila á afréttinum. Fer þetta eftir samkomulagi við hreppsnefnd þess hrepps, er afréttur liggur í, en að öðru leyti eftir fyrirmælum þessarar reglugerðar.

II. KAFLI

Um notkun afrétta.

4. gr.

Skylt er að láta stóðhross, geldfé og dilkær ganga á afrétti til sumarbeitar. nema fengið sé leyfi hreppsnefndar og nággranna til þess að hafa það í heimahögum eða leyft sé í löggiltri samþykkt, þó svo, að eigandi fénaðar ábyrgist, ef skaði hlýzt af.

5. gr.

Enginn má nota annan sameignarafrétt en þann, er hann á upprekstur á, nema hlutaðeigandi hreppsnefnd eða hreppsnefndir leyfi. Enginn má heldur taka hross eða sauðfé í sameiginlegt upprekstrarland af öðrum en þeim, sem heimili eiga í því upprekstrarfélagi, enda hafi fénaðurinn verið fóðraður á upprekstrarsvæðinu undanfarandi vetur.

6. gr.

Enginn má nota sameiginlegt upprekstrarland til annars en sumarbeitar fyrir afréttarfénað, nema hann hafi sérstaka lagaheimild til þess. Enginn má ná sauðfé eða ótömdum hrossum úr afrétti, frá því 11 vikur eru af sumri til fjallgangna, nema hann fái til þess leyfi hreppsnefndar þess hrepps, er afréttur liggur í, enda fullnægi þeim skilyrðum, er hún setur.

Þetta ákvæði nær og til þeirra afréttarnota, er nefnd eru í 7. grein.

7. gr.

Nú er afréttarland eða fjalllendi einstaks manns sameiginlegt leitarsvæði með sameignarafrétti, og ætlar hann að leigja það öðrum til sumarbeitar, þá er hann skyldur að tilkynna það fyrir 10. júnímánaðar hreppsnefnd þess hrepps, er landið liggur í, og jafnframt skýra frá, fyrir hve mikinn fénað landið er ætlað og hverjir notendur eru. Þó er honum óheimilt að taka annan eða meiri fénað í landið en hreppsnefnd samþykkir.

III. KAFLI

Um fjársmalanir á vorum og rekstur í afrétt.

8. gr.

Allir, sem jörð eða jarðarpart hafa og búfjárhagar fylgja, skulu smala á vorum þegar rýja þarf sauðfé eða reka það eða stóðhross í afrétt, allt eftir því sem hreppsnefnd ákveður. Vanræki einhver slíka smölun, þá er nágrönnunum heimilt að smala landið og reka fénað í aðhald til sundurdráttar, en haga skulu þeir framkvæmdum svo, að landsnotanda verði sem minnst mein að og aldrei má reka hans eigin fénað úr hagagirðingu nema hann leyfi. Hreppsnefnd getur einnig látið smala landið á kostnað þess, er á að gera það.

9. gr.

175

Nú finnast sauðkindur, er sloppið hafa úr heimahögum eða fjarri eiganda, órúnar, eða ómörkuð unglömb, er þá finnanda skylt að handsama þær og koma þeim áleiðis til eiganda, ef hann er í nágrenni, að öðrum kosti að rýja þær, ef tími er til þess kominn, og marka unglömb. Skal hann gera eiganda full skil á ull og grein fyrir merki og öðrum einkennum á hverri kind, er hann hefur rúið eða markað.

Geti finnandi eigi vitað með vissu hver eigandi er slíkra kinda, ber honum að inna af hendi sömu skil við hreppstjóra í hreppi sínum. Hreppstjóri ráðstafar ull eins og öðru óskilafé.

Í ómakslaun fær finnandi allt að kr. 3.00 fyrir að rýja kind og kr. 5.00 fyrir að marka lamb, ef eigi umsemst öðruvísi.

10. gr.

Ef gróðurleysi eða illviðri banna eigi, eða undanþága fengin, sbr. 4. gr., á allur fjallskilaskyldur fénaður að vera kominn á afrétt fyrir 30. júní ár hvert, ella svo fljótt sem tíð leyfir. Eigi má þó fénað á afrétt reka fyrr en nægur gróður er þar kominn.

11. gr.

Aldrei má án leyfis eiganda eða ráðstöfunar hreppsnefndar reka fénað annarra manna á afrétt, nema vist sé að hann eigi þangað að fara og sé ekki tekinn í sínum heimahögum. Reka skal þannig gegnum heimalönd, að sem minnstur bagi verði, og aldrei yfir tún né engi, nema ómögulegt sé að fara aðra leið.

12. gr.

Hreppsnefnd hvers hrepps skal ákveða fyrir eitt eða fleiri ár í senn, hvað íbúar hreppsins, er á afrétt reka, skuli skemmst mega fara með rekstra sína, til þess að skilja þá eftir. Þó skal heimilt að skilja eftir á leiðinni allt að 20 kindum úr rekstri, ef þær eru örþreyttar og komnar í afrétt þann, er þær eiga að ganga á.

13. gr.

Hver, sem heimildarlaust rekur fénað í annars manns land, hvort sem það er heimaland eða afréttur og skilur hann þar eftir, er skaðabótaskyldur til landsnot-hafa eftir því sem hæfa þykir, auk sektar.

14. gr.

Ef kindur í rekstri gefast upp á leið til afréttar og þess vegna eða af öðrum ástæðum verður að skilja þær eftir í landi, sem ekki er heimilt að láta þær ganga í til beitar, þá skal eigandi eða umráðamaður þeirra sem skjótast láta umráðamann landsins vita um það og semja við hann, hversu með skal fara. Vanræki eigandi eða umráðamaður fénaðarins þetta, skal álíta, að hann hafi brotlegur orðið samkvæmt 13. grein.

15. gr.

Nú er afréttarfénaður ekki rekinn í afrétt þá er tími er til kominn, eða hafður annars staðar samkvæmt 4. gr., en skilyrðum ekki fullnægt að áliti hreppsnefndar, og má hún þá láta reka fénaðinn í afrétt á kostnað eiganda eða umráðamanns.

16. gr.

Ef sauðfé eða hross ganga úr afrétti að sumri í búfjárhaga, þá má sá, er fyrir ágangi verður, reka fénaðinn aftur í afrétt þann, er hann hyggur hann úr vera.

Skylt er nágrönnum hans að gera þetta með honum, ef hann kveður þá til. Skal haga rekstri svo að ágangsfénaði verði ekki mein að. Kostnaður við slíkan rekstur í eitt skipti fæst ekki endurgoldinn, en verði að endurtaka slíka vörn fyrir

175 ágangi það sama sumar, þá getur sá er fyrir ágangi verður, gert hreppsnefnd aðvart um það og skipar hún þá fyrir um smölun og rekstur til afréttar, kveður hún til þess öðrum fremur þá, er fyrir ágangi verða og næstir eru ágangssvæðinu, en öllum sem til eru kvaddir er skylt að hlýða. Kostnaður greiðist úr sveitarsjóðum eða fjallskilasjóðum þeirra hreppa, er eiga eða nota afrétt þann, er ágangsfénaður kom frá.

Gangi stóðhross úr afrétti, og tolli þar ekki eftir itrekaðan rekstur, er þeim, sem fyrir ágangi verður, heimilt að tilsegja þau eiganda, sem þá er skyldur að hirða þau.

17. gr.

Nú safnast fénaður að girðingu, sem er því til fyrirstöðu, að hann gangi sjálfkrafa á leið til afréttar og er þá stranglega bannað að sleppa honum um hlið eða á annan hátt yfir girðinguna. Ef sá, sem fyrir slíkum ágangi verður, getur ekki á hagkvæmari hátt umsamið, þá gerir hann hreppsnefnd í sínum hreppi aðvart um áganginn og ber henni þá, að láta smala ágangsfénaði og reka þangað sem hann má vera, á kostnað eiganda, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykkt, er nái yfir ágangssvæðið.

IV. KAFLI

Um fjallskil og leitir.

18. gr.

Fjallskilaskyldur er hver sá, sem á kind eða stóðhross, hvort sem það er rekið á afrétt eða eigi. Öllum fjallskilakostnaði skal jafnað niður eftir fénaðarfjöldi, er miðast við tölu geldra kindi. Hvert stóðhross jafngildir 5 kindum geldum, tvær ær með dilkum jafngilda 3 geldum kindum.

Heimilt er hreppsnefnd, ef afréttarskyldum búpeningi hefur fækkað mjög, svo að afréttir eru ekki að öllu leyti nýttir, að álitu hreppsnefndar, að jafna allt að helmingi fjallskilakostnaðar niður á landverð bújarða eftir gildandi fasteignamati.

19. gr.

Hver búandi eða húsráðandi er skyldur að halda uppi fjallskilum heimilismanna sinna gegn fullu endurgjaldi.

20. gr.

Tvennar aðalleitir skal gera á hverju hausti, til þess að smala til réttar. Í báðum leitum skal smala sauðfé, en hrossum í annarri leit. Þó má hreppsnefnd eða hreppsnefndir á fjallskilafundi ákveða, að hross skuli smöluð til fyrstu rétta, og þeim þá réttað, en þá skal það tilkynnt í þá hreppa upprekstrarfélagsins, er þar eiga hrossa von.

Einnig skal eftir þörfum senda menn til þess að hirða fé og hross í útréttir, er fjárvon er við.

21. gr.

Til Fljótstunguréttar skal gera fyrstu leit föstudag, laugardag og sunnudag í 22. viku sumars, og aðra leit þriðjudag og miðvikudag í sömu sumarviku og föstudag næsta á eftir.

Til Þverárréttar skal gera fyrstu leit sunnudag, mánudag og þriðjudag í 22. viku sumars, og aðra leit föstudag, laugardag og sunnudag í 23. viku sumars.

Til Brekkuréttar skal gera fyrstu leit mánudaginn í 22. viku sumars, og aðra leit mánudag í 23. viku sumars.

Til Skarðsréttar skal gera fyrstu leit mánudag og þriðjudag í 22. viku sumars, og aðra leit mánudag og þriðjudag í 23. viku sumars.

Til Hraundalsréttar skal gera fyrstu leit mánudag, þriðjudag og miðvikudag í 175
22. viku sumars, og aðra leit mánudag og þriðjudag í 23. viku sumars.

Til Hítardalsréttar skal gera fyrstu leit mánudag og þriðjudag í 22. viku sumars,
og aðra leit mánudag og þriðjudag í 23. viku sumars.

Í öllum hreppum sýslunnar skal smala heimalönd til annarrar og þriðju réttar.

26. ágúst

22. gr.

Fyrir 10. ágúst ár hvert skal hreppstjóri hafa samið og sent oddvita þeirrar hreppsnefndar, er jafnar niður fjallskilum viðkomandi hrepps, skrá yfir alla framteljendur og fjölda sauðfjár og stóðhrossa eins og það er fram talið eða hann telur rétt vera. Í Norðurárdalshreppi og Stafholtstungnahreppi skal skrá þessi vera í tvennu lagi og skipting hin sama og hreppanna í upprekstrarfélög.

Skylt er hreppsnefnd, ef henni er kunnugt um annan eða meiri fjallskilaskyldan fénað í upprekstrarfélagi en á skrá stendur, að jafna fjallskilum einnig á hann.

23. gr.

Hreppsnefnd hver jafnar niður fjallskilum á hreppsbúa sína og þá utanhreppsbúa, er fjallskil eiga að gera í hreppnum, nema öðruvísi sé um samið, sbr. 3. gr. Skal niðurrjöfnun lokið svo tímanlega, að hún geti orðið öllum kunn eigi síðar en þremur dögum áður en leitir byrja.

Niðurrjöfnun skal birta með fjallskilaseðli eða fjallskilaseðlum, er ganga bæ frá bæ um hreppinn, og hefur hann eða þeir þá þingboðsrétt. Utanhreppsmönnum má boða fjallskil svo sem haganlegast þykir.

Í fjallskilaseðli skal skráð, hvaða fjallskil hver á að gera það haust, hvernig leitum og rekstrum skal haga, hver verði leitarforingi og annað því um líkt, eftir þörfum.

24. gr.

Hver búandi er skyldur til að leita heimaland ábýlisjarðar sinnar á hausti, að svo miklu leyti og svo oft sem hreppsnefnd ákveður, og reka skilvíslega til réttar eða annað allan óskilafénað, eftir nánari ráðstöfun hreppsnefndar. Nú er jörð í eyði og færast þá skyldur ábúanda yfir á jarðareiganda.

Vanræki einhver slíka smölun, er heimilt að fara svo að sem fyrir er mælt í 8. grein.

25. gr.

Hreppsnefnd eða hreppsnefndir skulu árlega meta allan fjallskilakostnað upprekstrarfélagsins til peningaverðs. Eftir því mati skal fara þá er eitthvað til fjallskila er greitt í peningum. Tillagi hvers einstaklings til fjallskila skal jafna niður með vinnu eða öðru þess háttar, að svo miklu leyti sem auðveldlega verður við komið. En heimilt er hreppsnefnd, ef hún telur það hagkvæmt, að ákveða að einhver hluti fjallskilatillags greiðist í peningum, án þess þó að jafnað sé á alla eða eftir sömu hlutföllum.

26. gr.

Hreppsnefnd skal árlega kjósa leitarstjóra fyrir hvert leitarsvæði, er hún á yfir að segja. Enga aðalleit má gera, nema leitarstjóri sé í henni og stjórn henni, enda er leitarhöfningur skyldur að hlýða honum.

Einnig skal hún kjósa réttarstjóra og foringja, er stjórn ferðum í útréttir, eftir því sem þurfa þykir.

27. gr.

Í gerðabók hreppsnefndar skal skrá niðurrjöfnun fjallskila og yfir höfuð allar ákvarðanir, er hún gerir viðvikjandi fjallskilum, leitum, réttum og smölunum.

175

26. ágúst

Hver, sem fjallskil á að inna af hendi, skal vanda vel tillag sitt, svo sem með því að senda fullgilda og vel útbúna menn í leitir, útréttir og annað því um líkt. Láti einhver farast fyrir að senda mann í leit eða gera önnur þau fjallskil, er hann hefur verið kvaddur til í fjallskilaboði og eigi má fresta, skal hann borga einum þriðja parti hærra verði en metið er tillag það, er vantar.

Ef einhver sendir mann í leit, sem leitarforingi og helmingur manna í hans flokki telur óhæfan sökum galla eða ills útbúnaðar, skal vísa honum heim aftur, og er þá sá, er slíkan mann sendir, skyldur að borga eins og hann hefði engan sent. Sama gildir um mann í útréttir.

Sannist það eftir á, að einhver, sem fjallskil á að framkvæma, hafi vanrækt verk sitt, getur hreppsnefnd krafizt uppbótar frá honum eða þeim, er sendi hann, eftir því er hæfa þykir.

29. gr.

Áður en leit byrjar, skal leitarforingi gæta þess í hæfilegan tíma, hvort nokkrum manni verði að vísa heim, hvort nokkurn vantar eða annað, er til leitarinnar þarf. Kaupir hann þá mann eða annað í stað þess er vantar, ef þörf krefur og þess er nokkur kostur.

Leitarforingi hefur á hendi alla stjórn á leitunum. Hann skipar fyrir um hvernig hver leitarmaður hagar göngu sinni, gætir þess að farið sé eftir fyrirskipunum hans, að úr sé bætt, ef eitthvað fer óskipulega, að ekki sé illa farið með skepnur, að fatlaðar kindur og kindalamar sé flutt til byggða, að safnsins sé vel gætt þar til það er í rétt komið og réttarstjóri tekur við stjórn og yfir höfuð alls þess, er tilheyrir göðu skipulagi í leitum.

30. gr.

Þeir, sem sendir eru í útréttir, skulu hlýða foringja sínum. Hann skal gera það, sem unnt er, til þess að ekki verði kindur eða hross eftir í útréttum, og fari þar fram markaskráryfirlestur, má ekki fara frá réttinni fyrr en honum er lokið.

Sé einhver skepna svo fötluð, að hún verði ekki rekin með öðrum fénaði, þá skal útréttarmannaforingi ráðstafa henni svo sem hann telur hagkvæmast fyrir eiganda og á hans kostnað. Ráðstöfunina tilkynnir hann eiganda svo fljótt sem unnt er.

Fatlaða kind má ekki skilja eftir milli bæja eða á víðavangi.

Foringi útréttarmanna gætir þess, að skepnum sé ekki hætta búin í rekstri, í vatnsföllum, hraungjótum, af ofþreytu og öðru því um líku.

31. gr.

Eftir að aðalleitir eru afstaðnar getur hreppsnefnd, ef henni þykir ástæða til, látið gera enn eina leit á leitarsvæði þau, er hún á um að sjá, og það er henni skylt að gera, ef fé hefur eftir leitir sézt á þeim svæðum, en ekki náðst til byggða. Til þeirrar leitar má gera auðaniðurjöfnun á alla hlutaðeigendur.

Leitin kallast eftirleit og skal hún ákveðin svo fljótt sem við verður komið að afstöðnum aðalleitum. Heimilt er einstökum mönnum að gera eftirleit eða leita að fénaði í afrétti eftir aðalleitir á haustum. Finni þeir fénað í afrétti eftir aðalleitir er þeim heimilt að taka fundarlaun, nema fénaðurinn finnist áður en eftirleit, sem hreppsnefnd hefur ákveðið að láta gera, hefur verið framkvæmd. Náist ekki samkomulag við eiganda, metur viðkomandi hreppsnefnd fundarlaun, en ekki mega þau hærri vera en einn fjórði verðs af sauðfé og einn tíundi verðs af hrossum.

32. gr.

Nú þykir einhverjum niðurjöfnun fjallskila ekki rétt og vill fá leiðréttingu á því, ber honum engu að síður að inna þau af hendi, en sent getur hann rökstudda

kæru til hreppsnefndar fyrir lok októbermánaðar og beðið hana lagfæringar, og 175 fer þá um hana sem útsvarskæru. Kæru út af aukaniðurjöfnun fjallskila fer um 26. ágúst á sama hátt og kæru yfir aukaniðurjöfnun útsvara.

V. KAFLI

Um réttir og réttahöld.

33. gr.

Þessar skulu vera aðalréttir í sýslunni:

1. **Fljótstungurétt.** Leitarsvæði hennar er: Heimalönd allra jarða í Hvitársíðu frá Gilsbakka að Kalmanstungu, að báðum meðtöldum, eins og Hvitá ræður að sunnan og girðingar að vestan og norðvestan að Skammá, svo og afréttur Reykdæla og Hálsasveitar og önnur heiðalönd að afréttarlöndum Þverárréttar og að löndum Húnvetninga að norðan og jöklum að austan.

Fyrsta rétt skal vera mánudaginn í 22. viku sumars, önnur rétt föstudaginn í 23. viku sumars og skilarétt föstudag í 24. viku sumars.

2. **Þverárrétt.** Leitarsvæði til hennar er: Öll heimalönd, heiðalönd og afréttarlönd allra jarða í Norðurárdal og Stafholtstungum austan Sanddalsár og Norðurár, svo og allra jarða í Þverárhlið og Hvitársíðu allt að girðingum þeim, er áður eru nefndar, að löndum Húnvetninga að norðaustan og að löndum Strandasýslu og Dalasýslu að norðvestan. Þó getur stjórn Þverárréttarfélags leyft að Lambatungur séu leitaðar til Fljótstunguréttar.

Fyrsta rétt skal vera miðvikudaginn í 22. viku sumars, önnur rétt mánudaginn í 23. viku sumars, og skilarétt laugardag í 25. viku sumars.

3. **Brekkurétt.** Leitarsvæði er: Öll afréttarlönd og heimalönd tilheyrandi Norðurárdal og Stafholtstungum fyrir vestan Sanddalsá og Norðurá allt að löndum Dalamanna og Borghreppinga að norðan og norðvestan.

Fyrsta rétt skal vera þriðjudag í 22. viku sumars, önnur rétt þriðjudag í 23. viku sumars og skilarétt föstudag í 25. viku sumars.

4. **Skarðsrétt.** Leitarsvæði er: Öll afréttarlönd og heimalönd tilheyrandi Borgarhreppi og Borgarneshreppi.

Fyrsta rétt skal vera miðvikudag í 22. viku sumars, önnur rétt miðvikudag í 23. viku sumars og skilarétt föstudag í 26. viku sumars.

5. **Hraundalsrétt.** Leitarsvæði er: Öll afréttarlönd og heimalönd tilheyrandi Álftaneshreppi, svo og fjalland Ytri-Hraundals.

Fyrsta rétt skal vera fimmtudaginn í 23. viku sumars, önnur rétt fimmtudaginn í 24. viku sumars og skilarétt mánudag í 26. viku sumars.

6. **Hítardalsrétt.** Leitarsvæði er: Öll afréttarlönd og heimalönd í Hraunhreppi, að undanskildu fjalllendi Ytri-Hraundals.

Fyrsta rétt skal vera miðvikudag í 22. viku sumars, önnur rétt miðvikudag í 23. viku sumars, og skilarétt þriðjudag í 26. viku sumars.

Aðrar og þriðju réttir í Álftaneshreppi og Hraunhreppi er heimilt að halda annars staðar en í aðalrétt, og heimilt að viðhalda aukaréttum til þess.

34. gr.

Aukaskilarétt má halda í hverju upprekstrarfélagi fyrir sig, hvenær sem hreppsnefnd ákveður.

35. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um:

- a. Að almenningur réttar sé hæfilega stór og svo haganlega gerður, að engin hætta sé á, að fé þrengi sér meira saman á einum stað en öðrum og að gólfllötur sé sem næst láréttur;

- 175 b. að veggir réttar og dilka séu svo vel gerðir, stöðugir og háir, að engin sauðkind
26. ágúst geti stokkið upp á þá;
c. að sérhver fénaðareigandi innan upprekstrarfélagsins hafi nóg dilkrúm fyrir fé sitt við réttina, að ómerkingadilkur sé til og að nægir dilkar séu til fyrir fé annarra upprekstrarfélaga;
d. að grindur eða hurðir séu í öllum dilkadyrum, sem dregið er um úr almenn- ingi, og ytri og innri dyrum réttar.

36. gr.

Hver sem jörð, eða jarðarpart hefur til ábúðar eða notkunar eða fénað á, er skyldur til að vinna að byggingu aðalréttar, aukaréttar, dilka, girðingar til að geyma safn í, leitarmannaskýlis og hverrar annarar byggingar, sem notuð kann að verða við leitir eða réttir, og að viðhaldi þeirra, eftir því sem hreppsnefnd ákveður.

Við hverja aðalrétt skulu allar jarðar í upprekstrarfélaginu eiga nóg dilkrúm, hver fyrir sig eða fleiri saman, og eru ábúendur skyldir til að kosta bygging þeirra, eftir þeim hlutföllum, er hreppsnefnd ákveður. Vanræki einhver að vinna að dilkbyggingu eða viðhaldi svo sem skylt er, getur hreppsnefnd látið vinna verkið á hans kostnað.

Enn fremur skulu vera til sérstakir dilkar fyrir fé úr öðrum hreppum eða upprekstrarfélögum, er byggja skal og viðhalda á kostnað hlutaðeiganda, nema öðruvísi sé um samið.

37. gr.

Nú þykir meiri hluta hreppsnefndar eða 5 bændum í upprekstrarfélagi þörf á að færa aðalrétt á annan stað eða endurbyggja rétt úr steinsteypu eða útlendu efni, þá skal hreppsnefnd sjá um að allir búendur, er hlut eiga að máli, verði kvaddir á fund til þess að ræða og greiða atkvæði um það mál. Verði meiri hluti fundarmanna með breytingunni, skal málið, ásamt sundurliðaðri áætlun um kostnað og fjáröflun til byggingarinnar, borið undir sýslunefnd og leggur hún úrskurð á það.

Kostnað við byggingu, endurbyggingu eða viðhald réttar og annarra bygginga, sem taldar eru í 31. gr., svo og vexti og afborganir af lánum til slíkra bygginga, skal jafnað niður eftir þeim hlutföllum, er hreppsnefnd ákveður og sýslunefnd samþykkir.

38. gr.

Skylt er að leggja til land undir rétt, en engin umráð hefur landeigandi eða landsnothafi þess vegna yfir réttinni, en þóknun fyrir átroðning á landið við réttarhaldið fær hann eftir því sem um semur. En verði ágreiningur ákveður sýslunefnd gjaldið.

39. gr.

Í fyrstu rétt skal byrjað að rétta þá markljóst er, enda er þá öllum þeim, sem fjárvon eiga við réttina skylt að vera þar til að hirða fénað sinn. Réttarstjóri sér um að allt fari skipulega fram við réttarhaldið og hefur vald til að banna allt, sem getur hindrað það eða tafið. Öllum, sem í rétt eru, er skylt að hlýða skipunum hans og getur hann kært til sekta, ef út af er brugðið. Hann getur skipað annan í sinn stað eða sér til aðstoðar, ef þörf er á.

Réttarstjóri sér um að ómerkingar séu látnir í þar til gerðan dilk og gefur hverjum, sem óskar þess, kost á að láta á helga sér lamb. Hann skal einnig sjá um að hryssur fái að helga sér folöld, þó ekki séu þau látin í ómerkingadilk. Enginn má taka ómerking án leyfis réttarstjóra. Enginn má draga sauðfé eða hross nema látið sé í dilk eða annað aðhald, þar sem auðvelt er að kanna það, áður en út er hleypt.

Enginn má hleypa úr dilk, fyrr en réttarstjóri leyfir og búið er að kanna féð eða hrossin, ef réttarstjóri fyrirskipar það.

Hreppstjóri þess hrepps, er rétt liggur í, skal ætíð vera við þá réttað er, og gæta lögreglu. 175

26. ágúst

40. gr.

Skytt er hverjum þeim, er kindavon eða hrossavon á í aðalrétt eða aukarétt síns réttarfélags, að hafa þar nægan mannafla til þess að hirða þar fénað sinn. Vanræki einhver þetta, er réttarstjóra heimilt að láta hirða fénaðinn og reka heim á kostnað eiganda.

41. gr.

Þá er réttarstjóri álitur tíma til kominn skal töfludráttur fara fram og markaskrár Mýrasýslu og nærliggjandi sýslna vera við hendina. Allar sauðkindur og hross, sem að því loknu hefur ekki verið ráðstafað á leið til eiganda, skal fara með sem óskilafé.

VI. KAFLI

Um meðferð óskilafénaðar.

42. gr.

Alla ómerkinga, sem eigi hafa fundizt eigendur að, svo og allar aðrar kindur, er eftir verða í rétt hverri þá drætti er lokið og ekki hefur verið ráðstafað öðruvísi á ábyrgð eiganda, skal hreppstjóri í þeim hreppi, er réttin liggur í, selja þegar í stað við opinbert uppboð, þó má hreppsnefnd láta geyma úrtíning úr fyrstu rétt til annarrar réttar.

Hreppsnefnd kveður til 2 menn að lýsa mörkum og öðrum einkennum á fénaði þeim, er selja skal. Verði þeir ekki á eitt sáttir um lýsingu á marki, kveður nefndin til þriðja mann til þess að skera úr ágreiningnum. Vafaatriða skal þó getið í uppboðsgerðinni.

43. gr.

Óskilafénað, sem finnst eða fram kemur eftir allar réttir og verður ekki komið til eiganda, skal reka til hreppstjóra í þeim hreppi, er fénaðurinn fannst í, og skal hann að því búnu seldur við uppboð, svo fljótt sem verða má.

44. gr.

Nú heimtir einhver kind með sínu marki, en kannast ekki við hana sem sína eign, þá skal með hana fara sem annað óskilafé.

45. gr.

Þá er óskilahross er selt, skal, auk venjulegra söluskilmála, áskilja að eiganda sé heimilt að innleysa það innan 12 vikna frá söludegi. Hið selda hross skal vera í gæzlu kaupanda, en ekki í ábyrgð hans, fyrr en að innlausnarfresti liðnum. Gæzlu-kaup og hagatollur má ekki meiri vera en 1 króna um sólarhring og telst frá söludegi þar til hross er hirt af eiganda. Komi hross á hús og hey áður en innleyst er, greiðist kostnaður af því eftir samkomulagi. Hreppsnefnd þess hrepps, sem hross er selt í, sker úr ágreiningi út af kostnaði.

Eiganda er því aðeins heimilt að innleysa hross, að hann um leið greiði allan áfallinn kostnað.

46. gr.

Eftir hvert uppboð á óskilahrossum, skal hreppstjóri, svo fljótt sem verða má, senda auglýsingu til birtingar hreppstjórum í aðliggjandi hreppum. Í auglýsingunni skal getið um kynferði, aldur, lit og auðkenni hins selda, svo og verð, nafn kaupanda og bústað.

175

26. ágúst

Fyrir lok janúarmánaðar skal hreppstjóri senda sýslumanni skýrslu um óskilafénað með mörkum, seldan á síðastliðnu ári, og þá er ekki útgenginn. Sýslumaður auglýsir hinn selda fénað í Lögbirtingablaðinu. Sýslunefnd getur kvatt annan til þess, ef hún telur það hentugra.

48. gr.

Af andvirði óskilafénaðar greiðist uppboðskostnaður, gæzla og fóðurkostnaður, fundarlaun, auglýsingagjald og burðargjald með pósti. Að öðru leyti greiðist andvirði hins selda, til hvers þess, er kröfu gerir fyrir lok septembermánaðar það ár, sem auglýst er, er hann þykir hafa sannað eignarrétt sinn.

49. gr.

Þá er kröfufrestur er útrunninn samkvæmt 47. gr., skal hreppstjóri senda oddvita í sínum hreppi afrit af uppboðsbók um seldan óskilafénað haustið áður, ásamt skýrslu um hverjir hafa fengið útborgað verð óskilafénaðar. Jafnframt sendir hann oddvita það sem þá er óútgengið af óskilafjárverðinu, að frádregnum kostnaði.

Andvirði ómerkinga — þar með talið mýétningar og fé með óþekktanlegum mörkum vegna skemmda — að frádregnum kostnaði, greiði hreppstjóri til oddvita fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

50. gr.

Andvirði ómerkinga og óskilafénaðar, er greiðist til oddvitanna í Hvítársíðu-hreppi, Þverárhliðarhreppi og Stafholtstungnahreppi rennur í sjóð, er heitir fjallskilasjóður Þverárréttar og skal honum aðallega varið til viðhalds réttinni með tilheyrandi girðingum. Oddviti Þverárhliðarhrepps gerir árlega reikninga sjóðsins og skulu þeir endurskoðaðir og úrskurðaðir af oddvitum Hvítársíðu- og Stafholtstungnahreppa.

Andvirði ómerkinga og óskilafénaðar í öðrum hreppum sýslunnar rennur í sveitarsjóð hvers hrepps fyrir sig, eins og það er greitt til oddvita.

Heimilt er þó hreppsnefnd í hreppi, er rétt liggur í, að greiða þóknun til marklýsingamanna og réttarstjóra af óskilafjárverði, er hrepps sjóði eða fjallskilasjóði tilheyrir, og af óskiptu því, er skipta á milli hreppa.

VII. KAFLI

Um mörk og markaskrár.

51. gr.

Hver maður skal einkenna fé sitt og hross með glöggu marki á eyrum. Enginn má fleiri mörk eiga í senn en tvo á sauðfé og eitt á hrossum. Enginn má heldur nota annars manns sauðfjármark á hrossum eða hrossamark á sauðfé. Ef kind er með annars manns marki á eyrum, skal marka hana glöggu hornamarki eða brennimarki.

Skylt er að nota hrepps brennimark á sauðfé og setja það á vinstra horn. Hrepps brennimörk eru:

Hvítársíðuhrepps	M 1
Þverárhliðarhrepps	M 2
Norðurárdalshrepps	M 3
Stafholtstungnahrepps	M 4
Borgarhrepps	M 5
Álftaneshrepps	M 6
Hraunhrepps	M 7
Borgarneshrepps	M 8

52. gr.

Mark helgar eiganda kind, nema sönnur komi fyrir, að annar eigi eða eigandi marks viðurkenni hana ekki sem sína eign, sbr. 43. gr. Kind, sem ekki ber rétt mark manns, er óheimilt að draga sér, hversu lítið sem á vantar eða umfram er. Ef kind er með hornamarki eða brennimarki annars en þess, sem eyrnamarkið á, skal sá talinn eigandi, sem á brennimarkið eða hornamarkið. Skal hann þó, ef eigandi eyrnamarks krefst, gera grein fyrir, hvernig hann hefur eignast kindina. Kind, sem er með eyrnamarki eins manns, hornamarki annars og brennimarki hins þriðja, skal talin eign þess, er brennimarkið á, en sönnur skal hann færa á eignarrétt sinn, ef krafizt er.

175

26. ágúst

53. gr.

Enginn má upptaka mikil særingarmörk, sem vandi er að marka svo auðþekkt séu. Hin helztu þeirra eru: Afeyrt, blaðstúfrifað, blaðtvístúfrifað, blaðtvístýft, gat-rifað, geilrifað, geirrifað, hvatblaðstýft, hvathamrað, hvattvírifað, miðhlutað í sneitt, netnál, sneiðblaðstýft, sneiðfráblaðstýft, sýlrifað, tíglað, tvíhamrað, tvístúfrifað, vagl-lögg, vaglrifað, vinkill, þrírifað í heilt, þrírifað í sneitt, þrírifað í stýft og þrístýft. Mörk þessi má heldur ekki nota þó fengin séu að erfðum, gefins eða keypt eftir að reglugerð þessi gengur í gildi.

54. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá sýslunnar 10. hvert ár, þá er ártal stendur á tug. Ef nauðsynlegt þykir má einnig prenta hana það ár, sem endar á tölunni 5. Skal þá hver markeigandi koma marki sínu eða mörkum í hana og gjalda fyrir svo sem sýslunefnd ákveður. Fá markeigendur ókeypis jafnmörg eintök af markaskránni og mörk þeirra eru, sem í hana eru skráð.

Sýslunefnd sér um að nægilega margar markaskrár séu sendar í þá hreppa utan sýslu, er fjársamgöngur eru við.

Gjald það, er sýslunefnd ákveður fyrir mörkin, skal áætla svo hátt, að það nægi fyrir kostnaði við markasöfnun, skrásetningu og prentun markanna. Verði afgangur rennur hann í sýslusjóð, en nægi gjaldið eigi fyrir öllum kostnaði, greiðist það sem á vantar úr sýslusjóði.

55. gr.

Sýslunefnd kys einn mann til þess að hafa umsjón með upptöku marka og búa markaskrá undir prentun. Þóknun fyrir þetta starf fær hann eftir því sem um semur og skal hún talin með kostnaði þeim, sem nefndur er í 54. gr.

Starfstilhögun markaumsjónarmanns skal nánar ákveðin af sýslunefnd.

56. gr.

Hreppsnefnd, hver í sínum hreppi, skal kjósa mann til að safna mörkum hreppsins, næsta ár á undan því, sem markaskrá er prentuð. Hreppsnefnd tilkynni markaumsjónarmanni kosninguna. Markaumsjónarmaður kveður á um tilhögun markasöfnunar og tilkynnir það markasafnara þegar þörf gerist. Markasafnari innheimtir markagjöld í sínum hreppi um leið og hann safnar mörkunum. Í þóknun fyrir starf sitt fær hann hundraðshluta af markagjöldum, eftir því sem sýslunefnd nánar ákveður.

Þegar markasöfnun er lokið í hreppnum skulu markaseðlar sendir markaumsjónarmanni ásamt markagjöldum, að frádreginni þóknun markasafnara.

57. gr.

Markaumsjónarmaður skal gera sér far um að koma festu og samræmi í nöfn og röðun marka. Þegar mörkum er safnað, skal hann heimta sérstaka skýrslu um nýupptekin mörk. Markaskýrslur hreppanna skal hann bera saman og þær allar

175 saman við gildandi markaskrár innan sýslu og utan, þar sem samgöngur geta verið. Heimilt er honum að fella niður nýupptekin mörk, sem of lík eru eldri mörkum og þau sem bannað er upp að taka, ef nokkur eru á skýrslu. Nú hefur hann ákveðið að fella niður mark eða breyta marki, svo sem hann telur nauðsynlegt, þá skal hann svo fljótt, sem við verður komið tilkynna það hlutaðeigendum og benda þeim á önnur mörk eða breytingu á marki, er komið geti í staðinn. Verði tillögum hans ekki mótmælt innan 6 vikna frá því að hann sendi þær, skulu þau mörk gilda til skrásetningar að því sinni.

Að öðru leyti ber honum að taka til greina óskir eða kröfur markeiganda, svo fremi að þær geta samrýmzt ákvæðum þessarar reglugerðar.

Vilji einhver mark upp taka í milli þess að markaskrá er samin, ber honum að fá til þess samþykki markaumsjónarmanns. Að því fengnu skal markeigandi auglýsa það í Lögbirtingablaðinu, og er það þá heimilt til notkunar.

58. gr.

Sýslunefndinni í Mýrasýslu er heimilt að leita samvinnu við sýslunefndir Snæfellsnessýslu, Dalasýslu, Strandasýslu, Húnavatnssýslu og Borgarfjarðarsýslu til þess að afstýra sammerkingum innan þessara sýslna, eftir því sem henta þykir.

Kostnaður við það greiðist úr sýslusjóði.

VIII. KAFLI

Um eftirlit með förgun á fé o. fl.

59. gr.

Heimilt er að kaupa og selja fé í réttum, en skylt er kaupanda að gera réttarstjóra aðvart um það áður en kaup byrja, og vera háður eftirliti og fyrirskipunum hans.

60. gr.

Vilji einhver kaupa fé eða hross, eða boða markað annars staðar en í réttum, þá er honum skylt að gera hreppsnefnd í þeim hreppi, er markaðsstaður er í, það vitanlegt fyrir fram. Er henni þá heimilt að skipa eftirlitsmann á markaðinum.

Skylt er eftirlitsmanni að stuðla að góðri reglu við markaðshald. Þóknun fær hann svo sem um semur.

61. gr.

Svo skal rekstrum haga á sölufénaði eða öðrum förgunarfénaði, að sem minnstur bagi verði að, þeim sem lönd eiga, sem um er rekið eða áð er í. Varast skal að rekstri lendi saman við annan sams konar fénað.

Verði rekstrarmenn sannir að því, að hafa tekið kind eða hross frá öðrum saman við í rekstur, er þeim skylt að koma hinu tekna á sinn stað aftur eiganda að kostnaðarlausu. Hver, sem fyrir rekstri ræður, greiði auk þess fullar skaðabætur, ef tjón hlýzt af, og sekt eftir atvikum, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

62. gr.

Við hvert sláturhús eða aðra slátrunarstaði skal vera markaeftirlitsmaður um aðalslátrunartímann, skipaður af sýslumanni eftir tillögum forstöðumanns félags eða verzlunar er í hlut á. Fyrir starf sitt fær hann þóknun hjá félaginu eða kaupmanni, er ekki skal minni vera en dagkaup verkamanna almennt. Hann skal athuga mark á hverri kind áður eða um leið og hún er leidd til slátrunar, og hafa vakandi auga á því, að misdráttur eða ruglingur eigi sér ekki stað. Þyki eftirlitsmanni eignarheimild á kind vafasöm, er honum skylt að leita upplýsinga um málið þegar í stað, eða síðar eftir atvikum.

63. gr.

Markaeftirlitsmönnum, er starfa í Borgarnesi um sláturtímann, er og skylt að hafa eftirlit með fé, er flytja á sjóleið þaðan til Reykjavíkur eða Suðurlands, áður eða um leið og það er flutt á skip, gegn þóknun frá sendanda. Er hverjum þeim, sem kindur annast til burtflutnings, skylt að gera grein fyrir hverjir eiga eða senda kindurnar, ef eftirlitsmaður krefst þess.

175

26. ágúst

64. gr.

Nú kemur fyrir kind í sláturhúsi, eða á slátrunarstöð, sem eigi tilheyrir neinum af þeim, er þar eru viðstaddir, eða eigi verður ráðstafað þegar í stað af eiganda eða öðrum úr hans byggðarlagi, þá skal forstöðumaður slátrunar ráðstafa kindinni, svo sem hann telur hagkvæmast fyrir eiganda, ef kunnugt er hver hann er. Ef ekki er kunnugt um eiganda slíkra kinda, skal fara með þær sem annað óskilafé í þeim hreppi, sem þær eru þá komnar í.

Ef sannað verður hverjir rekið hafa óráðstafaðar kindur til slátrunarstöðva, skal þeim refsað samkvæmt niðurlagi 61. gr.

IX. KAFLI

Ýmisleg ákvæði.

65. gr.

Hver, sem veldur er að illri meðferð á skepnum, svo sem með því að etja hundum um of, svelta þær eða misþyrma, hindra ekki í tæka tíð, að þær troðist undir, skal sæta sektum og skaðabótum, ef tjón hlýzt af, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

66. gr.

Þegar einhver, sem fer með umboð hreppsnefndar samkvæmt reglugerð þessari, hefur samið um borgun fyrir vinnu eða annað, er þörf krefur, eins þótt innheimta þurfi hjá þriðja manni, ber hreppsnefnd ábyrgð á slíkum greiðslum og innheimtum.

Um það, hver ber ábyrgð athafna eða vanrækslu og ekki er berum orðum fram tekið í reglugerð þessari, fer eftir almennum lögum.

67. gr.

Brot gegn fyrirmælum þessarar reglugerðar varða sektum frá 50—2000 krónum, nema þyngri refsing liggja við eftir öðrum lögum, og renna í sveitarsjóð eða sveitarsjóði þess upprekstrarfélags, er brot er framið í, eftir sömu hlutföllum og andvirði óskilafénaðar.

68. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn fyrirmælum reglugerðarinnar, skal farið að hætti opinberra mála.

69. gr.

Fjallskilareglugerð fyrir Mýrasýslu, nr. 60 2. júní 1921, svo og síðari breytingar á þeirri reglugerð, eru hér með úr gildi felldar.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 26. ágúst 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

176

8. sept.

AUGLÝSING

um staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á samþykkt um breytingu á lögreglu-samþykkt fyrir Vestmannaeyjakaupstað frá 31. marz 1928.

1. gr.

58. gr. orðist þannig:

Á almannafæri mega hestar og kýr ekki ganga umhirðulaus. Hesta og kýr, sem ráfa umhirðulaust um götur bæjarins, skal lögreglan hýsa og fóðra á kostnað eigenda þeirra. Hestaeigendur eru skyldir til að eiga hús fyrir hesta sína og hýsa þá í vondum veðrum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 8. september 1952.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.

177

28. ágúst

REGLUGERÐ

um störf fræðslumálastjóra.

1. gr.

Fræðslumálastjóri stýrir framkvæmdum í kennslu og skólamállum undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins. Þetta nær þó ekki til mála, er varða Háskóla Íslands. Fræðslumálastjóri hefur ekki á hendi fullnaðarafgreiðslu annarra mála en þeirra, er ráðuneytið felur honum sérstaklega. Hann skal líta eftir því, að gildandi lögum og fyrirmælum menntamálaráðuneytisins um skólamál sé framfylgt og safna fyrirskipuðum og nauðsynlegum skýrslum um skólahald í landinu. Fræðslumálastjóri ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart menntamálaráðuneytinu og skal láta því í té skriflegt álit og tillögur um þau mál, er það ber undir hann. Svo skal hann og gera tillögur til ráðuneytisins um hvað eina, er hann telur að verða mætti til bóta í starfsgrein hans.

2. gr.

Fræðslumálastjóri skal í umboði ráðuneytisins auglýsa með hæfilegum umsóknarfresti kennarastöður þær, sem lausar eru og ráðstafa á. Skulu umsóknirnar stílaðar til ráðuneytisins, en sendar skólanefnd (fræðsluráði) eða skólastjóra þar sem eigi er skólanefnd (fræðsluráð), en fræðslumálastjóri lætur fylgja þeim umsögn sína og tillögur til ráðuneytisins. Fræðslumálastjóra ber að sjá um, að tala kennara við skóla sé jafnan í samræmi við gildandi fyrirmæli um þau efni.

3. gr.

Fræðslumálastjóri gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um ráðning far-kennara og lætur fylgja skrá um laun þeirra.

4. gr.

Fræðslumálastjóri gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um skipan próf-dómenda við framhaldsskóla, er undir menntamálaráðuneytið heyra, nema Háskóla Íslands.

5. gr.

Fræðslumálastjóri gerir tillögur til ráðuneytisins um skipun skólanefndarformanna, bæði er aðalskipanir fara fram og eins ef sæti verður laust milli aðalskipana.

6. gr.

Fræðslumálastjóri skal árlega, ef eigi er annars óskað, gera tillögur til menntamálaráðuneytisins um bygging skólahúsa og skólastjóraibúða, og fjárbörf úr ríkissjóði til þeirra bygginga og má ekki hefja slíkar framkvæmdir nema fyrirfram hafi verið aflað skriflegs samþykkis menntamálaráðuneytisins. Fræðslumálastjóri skal árlega gera menntamálaráðuneytinu grein fyrir fjárbörf úr ríkissjóði til skólahlalds í landinu.

7. gr.

Fræðslumálastjóra ber að gæta þess, að eigi sé að því er skólamál varðar, efnt til útgjalda umfram fjárlög eða aðrar greiðsluheimildir Alþingis eða menntamálaráðuneytis, og þarf til slíkra frávíka skriflega heimild menntamálaráðuneytisins hverju sinni.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 35/1930, um fræðslumálastjórn.

Menntamálaráðuneytið, 28. ágúst 1952.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

178

12. sept.

um gerð reikninga tryggingafélaga yfir lögboðnar ábyrgðartryggingar, endurskoðun þeirra og birtingu.

1. gr.

Við lok hvers árs skal tryggingafélag gera sérstakan rekstrarreikning yfir tryggingastarfsemi sína vegna lögboðinna ábyrgðartrygginga bifreiða.

2. gr.

Í hverju tryggingafélagi skal halda sérstaka reikninga fyrir eftirtalda bókhaldsliði, sem einungis snerta lögboðnar ábyrgðartryggingar:

A. Tekjur:

1. Iðgjöld.
2. Umboðslaun frá endurtryggjendum.
3. Hluti endurtryggjenda í tjónum.
4. Yfirfært frá fyrra ári til vara fyrir tjónum.
5. Yfirfærð iðgjöld frá fyrra ári.

B. Gjöld:

1. Tjón greidd.
2. Hluti endurtryggjenda í iðgjöldum.
3. Umboðslaun til umboðsmanna.

178
12. sept.

4. Lagt til hliðar vegna óuppgerðra tjóna.
5. Iðgjöld yfirfærð til næsta árs.
6. Afsláttur veittur tryggingatökum.
7. Annar kostnaður, sem hægt er að sérgreina að fullu á ábyrgðartryggingar.

3. gr.

Í þeim tryggingafélögum, sem hafa sjálfstæðar bifreiðadeildir, skal færa sérstakan kostnaðarreikning fyrir deildina og á hann skal færa allan kostnað, sem hægt er að sérgreina að fullu.

Að svo miklu leyti, sem hægt er að sérgreina að fullu fyrir bifreiðatryggingar eftirtalda liði, skulu þeir færðir á kostnaðarreikning bifreiðadeilda samkv. 1. mgr.:

1. Laun starfsmanna og önnur friðindi (t. d. lífeyrissjóður).
2. Húsaleiga, ljós, hiti, ræsting, símakostnaður.
3. Prentun, rittföng, bækur, blöð og tímarit, póstkostnaður.
4. Ferðakostnaður, risna, auglýsingar, skrifstofuáhöld.
5. Leyfisgjöld, bankakostnaður, vextir.
6. Gengistap, fyrningar, tapaðar skuldir og kostnaður vegna tryggingasöfnunar.
7. Önnur gjöld, sem dómsmálaráðuneytið samþykkir, að til útgjalda skuli koma á reikning ábyrgðartrygginga.

Kostnaði þessum skal skipta milli lögboðinna ábyrgðartrygginga og frjálsra bifreiðatrygginga í hlutfalli við iðgjaldatekjur.

4. gr.

Kostnaður samkv. 3. gr. 2. mgr. 1—7, sem ekki getur færzt að öllu á bifreiðadeild samkv. 3. gr., skal færast að öllu leyti með hliðstæðum liðum á öðrum rekstri tryggingafélags og síðan jafnað niður þannig, að bifreiðadeild beri hluta í samræmi við hluta bifreiðadeildar í heildariðgjaldatekjum félagsins og síðan jafnað milli ábyrgðartrygginga og frjálsra bifreiðatrygginga samkv. 3. mgr. 3. gr.

Á sama hátt skal bifreiðadeild bera að réttu hlutfalli kostnað við yfirstjórn fyrirtækisins, endurskoðun, skatta, opinber gjöld og aðra liði, sem dómsmálaráðuneytið samþykkir, að til útgjalda skuli teljast.

5. gr.

Hafi tryggingafélag tekjur, sem ekki falla undir 2. gr. a., skal færa þær samkvæmt 2. gr. a., ef þær verða sérgreindar fyrir lögboðnar ábyrgðartryggingar, en í samræmi við 3. gr. eða 4. gr., ef þær verða ekki sérgreindar og bókfærast ábyrgðartryggingin eftir þeim hlutföllum, sem í 3. gr. og 4. gr. segir.

6. gr.

Við endurskoðun skulu endurskoðendur bera rekstursreikning samkv. 1. gr. saman við bækur félagsins og fylgiskjöl og gæta þess, að allir liðir rekstursreikningsins séu rétt samdir samkv. bókum þeim, sem hann er byggður á, og fylgiskjöllum, sbr. reglugerð þessa og 4. mgr. 36. gr. bifreiðalaganna.

Telji endurskoðendur ástæðu til frekari athugunar á einstökum liðum, skulu þeir snúa sér til dómsmálaráðuneytisins, sem þá getur fyrirskipað, að frekari gögn og fylgiskjöl varðandi þau atriði, sem það fellst á, að þurfi sérstakrar athugunar við, skuli látin endurskoðendum í té.

Skylt skal tryggingafélögum að láta endurskoðendum í té skýrslu um, hvaða bilar séu kaskótryggðir hjá félaginu.

7. gr.

Tryggingafélag skulu hafa reikninga tilbúna eigi síðar en 1. júlí ár hvert og endurskoðendur skulu hafa lokið störfum eigi síðar en 20. september ár hvert.

8. gr.

Tryggingafélögum er skylt að birta reikninga um lögboðnar ábyrgðartryggingar eigi síðar en 1. okt. ár hvert, ásamt athugasemdum endurskoðenda og svörum tryggingafélaganna, ef reikningum félags hefur ekki áður verið breytt í samræmi við þær.

178

12. sept.

9. gr.

Dómsmálaráðherra skipar 2 endurskoðendur til 4 ára í senn til að endurskoða reikninga tryggingafélaganna, samkv. 4. mgr. 36. gr. bifreiðalaganna, annan þeirra eftir tilnefningu frá samtökum bifreiðaeigenda, Vörubilstjórafélaginu Þrótti, Bifreiðastjórafélaginu Hreyfli, Félagi sérleyfishafa og Félagi íslenskra bifreiðaeigenda. Tryggingafélög greiða endurskoðendum laun eftir ákvörðun dómsmálaráðherra.

10. gr.

Ágreiningi milli endurskoðenda eða milli þeirra og tryggingafélaga skal skjóta til dómsmálaráðuneytisins, sem einnig veitir skýringar á reglugerð þessari.

11. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum samkv. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaganna.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. gr. laga nr. 7 24. jan. 1952, um breyting á bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 (4. mgr. 36. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941) og öðlast gildi þegar í stað.

Í dómsmálaráðuneytinu, 12. september 1952.

Bjarni Benediktsson.

Baldur Möller.

AUGLÝSING

um afnám ákvæða auglýsingar nr. 38 1. marz 1952, um varúðarráðstafanir vegna gin- og klaufaveikihættu frá Kanada.

179

13. sept.

Þar sem talið er fullvíst, að gin- og klaufaveiki hafi verið útrýmt að fullu og öllu í Kanada, eru hér með felld úr gildi ákvæði auglýsingar nr. 37 1. marz 1952, um takmarkanir á innflutningi á vörum frá Kanada.

Auglýsingar landbúnaðarráðuneytisins nr. 191 8. nóv. og 197 21. nóv. 1951 og nr. 208 6. des. 1951, um takmarkanir á innflutningi á vörum frá Evrópulöndum vegna gin- og klaufaveikihættu, eru enn í gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 13. september 1952.

F. h. r.

Gunnlaugur E. Briem.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

fyrir Ráðningarstofu Reykjavíkurbæjar.

1. gr.

Ráðningarstofa Reykjavíkurbæjar annast vinnumiðlun í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk Ráðningarstofunnar er:

1. Að veita verkamönnum og atvinnurekendum endurgjaldslausla milligöngu um vinnusölu og vinnukaup;
2. að miðla vinnu milli bæjarbúa eftir því sem unnt er;
3. að úthluta vinnu þeirri, sem kostuð er af bæjarsjóði og bæjarstofnunum eða af bæjarsjóði og ríkissjóði til atvinnubóta, svo og annarri vinnu sem ríki, bær eða opinberar stofnanir fela skrifstofunni að úthluta;
4. að fylgjast með atvinnuháttum, eftir því sem auðið er, og safna skýrslum og gögnum í því augnamiði;
5. að aðstoða við atvinnuleysisskráningar eftir lögum nr. 57 frá 7. maí 1928 og láta fara fram atvinnuleysisskráningar eftir fyrirmælum bæjarstjórnar eða félagsmálaráðherra;
6. að veita opinberum stofnunum svo og verkalýðsfélögum innan Alþýðusambands Íslands og félögum atvinnurekenda upplýsingar um tölu atvinnulausra og hagi þeirra eftir því sem unnt er;
7. að halda uppi sambandi við skrifstofur, sem annast vinnumiðlun í öðrum kaupstöðum, svo og sambandi við sveitir varðandi vinnumiðlun, eftir því sem við verður komið;
8. að inna af höndum þau störf, er skrifstofunni verða falin af bæjarstjórn, borgarstjóra eða í lögum og reglugerðum.

3. gr.

Allir þeir, sem hafa með höndum fastan atvinnurekstur í Reykjavík með aðkeyptu vinnuafli verkamanna, skulu eigi sjaldnar en mánaðarlega senda Ráðningarstofunni afrit af kaupgjaldsskrám sínum, enda séu þær þannig útbúar, að auðvelt sé að sjá af þeim, hve mikil upphæð hefur verið greidd í vinnulaun hverjum einstökum manni á þeim tíma, sem skráin nær yfir.

Ráðningarstofan skal, að fengnum tillögum Vinnuveitendasambands Íslands, láta útbúa eyðublöð fyrir þessar kaupgjaldsskrár, og skulu þau afhent atvinnurekendum ókeypis.

4. gr.

Á Ráðningarstofunni skulu haldnar bækur og gerðar skýrslur sem hér segir:

1. Spjaldskrá með upplýsingum um atvinnugrein, ómagafjölda og heimili allra atvinnulausra manna, er leita aðstoðar skrifstofunnar, og aðrar þær upplýsingar, er hún telur nauðsynlegar.
2. Bók eða skýrslur um alla atvinnulausa menn, er mæta við hinar lögboðnu atvinnuleysisskráningar eða á skrifstofunni. Þar skal færa að minnsta kosti á hverjum ársfjórðungi nákvæmar upplýsingar um atvinnu, ómagafjölda og afkomu mannsins, svo að fljótlega megi fá glöggt yfirlit um möguleika hans til sjálfsbjargar.
3. Bók, sem í er færð dagleg tala og atvinnugrein þeirra manna, er koma á skrifstofuna í atvinnuleit.

4. Bók eða skýrsla, sem í eru færðar allar ráðningar í vinnu, sem fram hafa farið 180 að tilhlutun skrifstofunnar, enn fremur nöfn vinnukaupenda og vinnuseljenda, 16. sept. svo og upplýsingar um hvar vinnan sé.

5. gr.

Stjórn Ráðningarstofunnar skipa fimm menn. Þrír þeirra skulu kjörnir af bæjarstjórn Reykjavíkur með hlutfallskosningu, einn skal tilnefndur af fulltrúa-ráði verkalýðsfélaganna í Reykjavík og einn af Vinnuveitendasambandi Íslands. Varamenn skulu vera jafnmargir og valdir af sömu aðilum.

Nú kýs eigi annar hvor eða hvorugur þeirra aðilja, er síðast voru taldir, fulltrúa í stjórn Ráðningarstofunnar innan tveggja mánaða frá því að þeir fá tilkynningu um að gera það, þá skal bæjarstjórn Reykjavíkur á næsta fundi sínum þar á eftir kjósa fulltrúa til viðbótar í stjórnina, svo að hún verði jafnan skipuð fimm mönnum.

Kjörtímabil stjórnarmanna og varamanna er fjögur ár.

Stjórnin kýs sér sjálf formann, varaformann og ritara, til eins árs í senn.

Laun stjórnarmanna skulu vera kr. 1000.00 á ári.

6. gr.

Stjórn Ráðningarstofunnar skal halda fund að minnsta kosti einu sinni í mánuði og taka þá til athugunar skýrslur skrifstofunnar. Að öðru leyti boðar formaður stjórnina svo oft á fund, sem honum þykir þurfa eða ef tveir úr stjórninni óska þess eða forstöðumaður fer þess á leit.

Forstöðumaður situr að jafnaði fundi stjórnarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

7. gr.

Stjórn Ráðningarstofunnar ræður forstöðumann stofunnar, svo og aðra starfsmenn, eftir því sem þurfa þykir og bæjarstjórn samþykkir, setur þeim starfsreglur og hefur umsjón með störfum þeirra og rekstri stofunnar yfirleitt.

8. gr.

Forstöðumaður Ráðningarstofunnar annast fjárreiður hennar undir eftirliti stjórnar Ráðningarstofunnar.

Fastir starfsmenn stofunnar og stjórn hennar fá laun sín greidd hjá bæjargjaldkera. Hann greiðir og reikninga stofunnar, er þeir hafa verið samþykktir af forstöðumanni.

Reikningar Ráðningarstofunnar skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar Reykjavíkurkaupstaðar.

9. gr.

Um laun forstöðumanna og annarra fastra starfsmanna Ráðningarstofunnar fer eftir samþykkt um laun fastra starfsmanna Reykjavíkurbæjar, eftir ákvörðun bæjarstjórnar hverju sinni.

Þeir hafa sömu skyldur og réttindi og aðrir fastir starfsmenn bæjarins, þar á meðal rétt til eftirlauna úr eftirlaunasjóði Reykjavíkurborgar.

10. gr.

Allur kostnaður, sem leiðir af framkvæmd reglugerðar þessarar, greiðist úr bæjar-sjóði Reykjavíkur með þeim takmörkunum, sem um ræðir í 8. gr. laga nr. 41 15. marz 1951, um vinnumiðlun.

- 180 Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. laga nr. 41 15. marz 1951,
16. sept. um vinnumiðlun, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. september 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Jónas Guðmundsson.

181

YFIRLIT

um hag Búnaðarbanka Íslands 30. júní 1952.

	Eignir:		
1. Skuldabréf fyrir lánum:			
a. Sparisjóðsdeild	kr. 18 533 429.95		
b. Veðdeild	— 2 863 798.77		
c. Ræktunarsjóður	— 30 263 147.85		
d. Byggingarsjóður	— 35 922 386.24		
e. Viðlagasjóður	— 224 267.18		
f. Smábýladeild	— 24 473.86		
g. Nýbýlasjóður	— 688 211.49		
			kr. 88 519 715.34
2. Verðbréf:			
a. Sparisjóðsdeild	kr. 15 791 699.68		
b. Veðdeild	— 10 100.00		
c. Ræktunarsjóður	— 1 337 000.00		
d. Byggingarsjóður	— 866 718.07		
e. Viðlagasjóður	— 131 956.67		
			— 18 137 474.42
3. Vixlar			— 41 296 476.63
4. Lán í hlaupareikningi			— 11 868 846.84
5. Ýmsir viðskiptamenn:			
a. Sparisjóðsdeild	kr. 432 053.89		
b. Ræktunarsjóður	— 82 000.00		
c. Byggingarsjóður	— 19 581.78		
			— 533 635.67
6. Teiknistofa			— 103 340.63
7. Tryggingar fyrir ábyrgðum			— 1 195 990.00
8. Innanstokksmunir			— 311 756.16
9. Sameiginlegur kostnaður			— 1 281 189.99
10. Kreppulánasjóður II			— 225 704.25
11. Fasteignir			— 3 620 000.00
12. Innheimtur			— 826 773.62
13. Bankainnstæða og peningar í sjóði			— 15 519 527.85
			— 183 440 431.40
			Kr. 183 440 431.40
	Skuldir:		
1. Innstæða í sparisjóði og á skirteinum	kr. 69 185 268.64		
2. Innstæða í hlaupareikningi	— 23 526 616.99		
3. Innstæða í reikningslánnum	— 39 656.34		

4. Ýmsir viðskiptamenn:			181
a. Sparisjóðsdeild	kr.	1 032 065.40	
b. Nýbýlasjóður	—	205 100.00	
			kr. 1 237 165.40
5. Ríkissjóður:			
a. Veðdeild	kr.	1 000 000.00	
b. Ræktunarsjóður	—	24 387 445.44	
c. Byggingarsjóður	—	19 446 944.37	
			— 44 834 389.81
6. Ábyrgðir			— 1 195 990.00
7. Vextir og aðrar tekjur:			
a. Sparisjóðsdeild	kr.	2 968 037.68	
b. Veðdeild	—	609.36	
c. Ræktunarsjóður	—	314 496.82	
d. Byggingarsjóður	—	1 389 629.46	
e. Viðlagasjóður	—	14 455.52	
f. Smábýladeild	—	417.50	
g. Nýbýlasjóður	—	10 435.88	
			— 4 698 082.22
8. Útibú á Akureyri			— 189 091.91
9. Austurbæjarútibú			— 3 563 609.17
10. Ógreitt tap: Sparisjóðsdeild			— 1 000 000.00
11. Skuldlaus eign:			
a. Sparisjóðsdeild	kr.	6 796 574.67	
b. Veðdeild	—	1 559 110.59	
c. Ræktunarsjóður	—	7 543 359.67	
d. Byggingarsjóður	—	15 987 214.45	
e. Viðlagasjóður	—	1 331 459.76	
f. Smábýladeild	—	307 552.15	
g. Nýbýlasjóður	—	445 289.63	
			— 33 970 560.92
			Kr. 183 440 431.40

Reykjavík, 30. júní 1952.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

REIKNINGUR ÚTVEGSBANKA ÍSLANDS H.F. 182

1. janúar — 31. desember 1951.

Rekstursreikningur Útvegsbanka Íslands h.f. og útibúa hans 1951.

Gjöld:

Kostnaður við bankareksturinn	kr.	5371132.57
Fært á afskriftareikning	—	1500000.00
Arður til hluthafa 4%	—	292616.00
Til varasjóðs	—	1500000.00
Til húsbýggingarsjóðs	—	500000.00
Framlag til eftirlaunasjóðs	—	500000.00
Til næsta árs yfirfærast	—	352714.86

Kr. 10016463.43

182

Tekjur:

Yfirfært frá fyrra ári	kr.	353864.88
Vextir, umboðslaun og aðrar tekjur	—	9662598.55

 Kr. 10016463.43

Efnahagsreikningur Útvegsbanka Íslands h.f. og útibúa hans 31. desember 1951.

Activa:

Fasteignaveðslán	kr.	182166.14
Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	1811992.09
Reikningslán	—	32305054.28
Skuldir á hlaupareikningi	—	66762634.39
Vixlar	—	166362124.63
Ýmsir skuldunautar	—	11685056.89
Verðbréf	—	6354170.78
Erlend mynt	—	117715.15
Húseignir bankans og útibúa hans og aðrar fasteignir	—	144247.42
Erlendir bankar	—	7205820.25
Ógoldnir vextir	—	89768.53
Skuldir viðskiptamanna vegna ábyrgða	—	37678867.80
Sjóður	—	6895004.75

 Kr. 337594623.10

Passiva:

Hlutfé	kr.	7315400.00
Varasjóður	—	14000000.00
Afskriftareikningur	—	14000000.00
Gengisreikningur	—	1500000.00
Ógreiddur arður 1943—1950	—	34725.00
Arður til hluthafa fyrir árið 1951	—	292616.00
Hlaupareikningur	—	50641278.53
Sparisjóðsfé	—	123659710.33
Ýmsir skuldheimtumenn	—	38784845.89
Endurseldir vixlar	—	35425671.50
Innlendir bankar	—	11889383.94
Erlendir bankar	—	247381.33
Fyrir fram greiddir vextir	—	1772027.92
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna	—	37678867.80
Yfirfært til næsta árs	—	352714.86

 Kr. 337594623.10

Reykjavík, 4. febrúar 1952.

ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS H.F.

Helgi Guðmundsson.

Ásg. Ásgeirsson.

Valtýr Blöndal.

 Einar E. Kvaran.

Reikningur þessi er í fullu samræmi við bækur Útvegsbanka Íslands h.f., Reykjavík, og ársreikninga útibúanna.

Reykjavík, 31. marz 1952.

H. Guðmundsson.

Björn Steffensen.

Með skírskotun til áritunar endurskoðenda, kvittar fulltrúaráðið hér með fyrir 182 reikningi þessum til úrskurðar aðalfundar.

Reykjavík, 9. apríl 1952.

FULLTRÚARÁÐ ÚTVEGSBANKA ÍSLANDS H.F.

Stefán Jóh. Stefánsson. Eyjólfur Jóhannsson. Lárus Fjeldsted.

Gísli Guðmundsson. Gunnar Einarsson.

Efnahagsreikningur Útvegsbanka Íslands h.f., Reykjavík, 31. desember 1951.

Activa:

Fasteignaveðslán	kr.	74965.93
Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	803892.09
Reikningslán	—	24027756.50
Skuldir á hlaupareikningi	—	48648824.76
Vixlar	—	111385291.12
Ýmsir skuldunautar	—	8335996.96
Verðbréf	—	6241611.88
Erlend mynt	—	30813.25
Bankahúsið og aðrar fasteignir	—	786.00
Erlendir bankar	—	7205820.25
Útibúið á Ísafirði	—	6578423.30
Útibúið á Seyðisfirði	—	13197405.18
Útibúið í Vestmannaeyjum	—	25085467.86
Skuldir viðskiptamanna vegna ábyrgða	—	34395072.71
Sjóður	—	5743195.93

Kr. 291755323.72

Passiva:

Hlutfé	kr.	7315400.00
Varasjóður	—	14000000.00
Afskriftareikningur	—	14000000.00
Gengisreikningur	—	1500000.00
Ógreiddur arður 1943—1950	—	34725.00
Arður til hluthafa fyrir árið 1951	—	292616.00
Hlaupareikningur	—	38014347.75
Sparisjóðsfé	—	92247041.87
Ýmsir skuldheimtumenn	—	37043392.06
Endurseldir vixlar	—	35425671.50
Innlendir bankar	—	11889383.94
Erlendir bankar	—	247381.33
Útibúið á Akureyri	—	3781781.13
Fyrir fram greiddir vextir	—	1215795.57
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna	—	34395072.71
Yfirfært til næsta árs	—	352714.86

Kr. 291755323.72

Við höfum endurskoðað reikninga Útvegsbanka Íslands h.f. fyrir árið 1951 og vottum, að efnahagsreikningur þessi er í fullu samræmi við bækur bankans.

182 Við höfum einnig fullvissað okkur um, að birgðir bankans af víxlum, verðbréf og aðrar eignir samkvæmt reikningi þessum eru fyrir hendi.

Reykjavík, 31. marz 1952.

H. Guðmundsson. Björn Steffensen.

Efnahagsreikningur útibúa Útvegsbanka Íslands h.f. 31. desember 1951.

I. Útibúið á Akureyri.

Activa:

Inneign hjá Útvegsbanka Íslands h.f.	kr.	3781781.13
Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	852600.00
Reikningslán	—	3125778.31
Skuldir á hlaupareikningi	—	4208128.87
Víxlar	—	7001102.01
Ýmsir skuldunautar	—	886065.98
Verðbréf	—	112558.90
Húseign útibúsins	—	2.00
Skuldir viðskiptamanna vegna ábyrgða	—	784559.52
Sjóður	—	316674.76
		<hr/>
	Kr.	21069251.48

Passiva:

Hlaupareikningur	kr.	7824409.20
Sparisjóðsfé	—	11188041.41
Ýmsir skuldheimtumenn	—	1105269.02
Fyrir fram greiddir vextir	—	166972.33
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna	—	784559.52
		<hr/>
	Kr.	21069251.48

II. Útibúið á Ísafirði.

Activa:

Fasteignaveðslán	kr.	107200.21
Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	5500.00
Reikningslán	—	1746137.03
Skuldir á hlaupareikningi	—	1028486.39
Víxlar	—	10338810.44
Ýmsir skuldunautar	—	94214.30
Húseign útibúsins	—	1.00
Sjóður	—	416167.87
Skuldir viðskiptamanna vegna ábyrgða	—	15797.47
		<hr/>
	Kr.	13752314.71

Passiva:

Skuld við Útvegsbanka Íslands h.f.	kr.	6578423.30
Hlaupareikningur	—	1056560.79
Sparisjóðsfé	—	5522668.87
Ýmsir skuldheimtumenn	—	470876.08
Fyrir fram greiddir vextir	—	107988.20
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna	—	15797.47
		<hr/>
	Kr.	13752314.71

III. Útibúið á Seyðisfirði.

182

Activa:

Sjálfskuldarábyrgðarlán	kr.	150000.00
Reikningslán	—	1690922.40
Víxlar	—	8625271.99
Skuldir á hlaupareikningi	—	5292151.83
Ýmsir skuldunautar	—	461165.91
Erlend mynt	—	69126.25
Húseign útibúsins og aðrar fasteignir	—	143457.42
Ógreiddir vextir	—	84297.99
Skuldir viðskiptamanna vegna ábyrgða	—	5000.00
Sjóður	—	128447.96

Kr. 16649911.75

Passiva:

Skuld við Útvegsbanka Íslands h.f.	kr.	13197405.18
Hlaupareikningur	—	413470.90
Sparisjóðsfé	—	2942670.60
Ýmsir skuldheimtumenn	—	32208.04
Fyrir fram greiddir vextir	—	59157.03
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna	—	5000.00

Kr. 16649911.75

IV. Útibúið í Vestmannaeyjum.

Activa:

Reikningslán	kr.	1714390.04
Víxlar	—	29011649.07
Skuldir á hlaupareikningi	—	7585042.54
Erlend mynt	—	17775.65
Ýmsir skuldunautar	—	1907613.74
Húseign útibúsins	—	1.00
Ógreiddir vextir	—	5470.54
Skuldir viðskiptamanna vegna ábyrgða	—	2478438.10
Sjóður	—	290518.23

Kr. 43010898.91

Passiva:

Skuld við Útvegsbanka Íslands h.f.	kr.	25085467.86
Hlaupareikningur	—	3332489.89
Sparisjóðsfé	—	11759287.58
Ýmsir skuldheimtumenn	—	133100.69
Fyrir fram greiddir vextir	—	222114.79
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna	—	2478438.10

Kr. 43010898.91

REIKNINGUR

Bjargráðasjóðs Íslands fyrir árið 1951.

A. Sjóðreikningur.

Innborgað:

1. Sjóður í ársbyrjun:			
a. Bjargráðasjóður sveitarfélaga	kr.	1551625.51	
b. Hinn sameiginlegi Bjargráðasjóður	—	412285.49	
			kr. 1963911.00
2. Bjargráðasjóður sveitarfélaga:			
a. Innborguð árgjöld 1951	kr.	69750.00	
b. Innborguð árgjöld 1950	—	6664.00	
			— 76414.00
3. Hinn sameiginlegi Bjargráðasjóður:			
a. Tillag úr ríkissjóði	kr.	282000.00	
b. Árgjöld sveitarfélaga 1951	—	69750.00	
c. Árgjöld sveitarfélaga 1950	—	6664.00	
			— 358414.00
4. Vextir af innstæðu í bönkum:			
a. Af innstæðum Bjargráðasjóðs sveitarfélaga .	kr.	53332.71	
b. Af innstæðum sameiginlegs Bjargráðasjóðs .	—	3411.85	
			— 56744.56
5. Vextir af verðbréfum hins sameiginlega Bjargráðasjóðs			— 19137.50
6. Vextir af lánum:			
a. Af lánum úr Bjargráðasjóði sveitarfélaga ..	kr.	60.00	
b. Af lánum úr sameiginlegum Bjargráðasjóði .	—	2950.00	
			— 3010.00
7. Afborganir lána:			
a. Af lánum úr Bjargráðasjóði sveitarfélaga ..	kr.	1200.00	
b. Af lánum úr sameiginlegum Bjargráðasjóði .	—	47400.00	
c. Verðbréf hins sameiginlega Bjargráðasjóðs .	—	3500.00	
			— 52100.00
8. Hinn sameiginlegi Bjargráðasjóður:			
Vixillán í Landsbanka Íslands			— 50000.00
			kr. 2579731.06

Útborgað:

1. Kostnaður við sjóðinn:			
a. Stjórnarlaun	kr.	16000.00	
b. Annar kostnaður	—	2544.50	
			kr. 18544.50
2. Vextir og stimpilgjald af vixlum	—	21163.25	
3. Vaxtalaus lán til sveitarfélaga	—	213800.00	
4. Óendurkræfir styrkir til sveitarfélaga	—	67500.00	
5. Keypt bankavaxtabréf	—	27000.00	
6. Keypt skuldabréf með ríkisábyrgð	—	148000.00	
7. Fyrirfram greiddir vextir	—	1496.25	

8. Greitt af vixlum:			183
a. Greiddur víxill í Landsbanka Íslands	kr.	50000.00	
b. Greitt af víxli í Búnaðarbanka Íslands	—	20000.00	
		<hr/>	kr. 250000.00
9. Sjóður í árslok:			
I. Bjargráðasjóður sveitarfélaga:			
Innstæða í bönkum	—	1682632.22	
II. Hinn sameiginlegi Bjargráðasjóður:			
Bankainnstæða	—	149594.84	
		<hr/>	Kr. 2579731.06

B. Eignareikningur.

Activa:

Eign í ársbyrjun:			
I. Bjargráðasjóður sveitarfélaga:			
a. Í útlánunum	kr.	1200.00	
b. Ógreidd tillög 1950	—	11035.00	
c. Innstæða í bönkum	—	1551625.51	
		<hr/>	kr. 1563860.51
II. Hinn sameiginlegi Bjargráðasjóður:			
a. Í útlánunum	kr.	87200.00	
b. 5½% ríkisskuldabréf 1938	—	58000.00	
c. 4½% ríkisskuldabréf 1941	—	70000.00	
d. 4% bankavaxtabréf	—	103000.00	
e. 5% bankavaxtabréf	—	63000.00	
f. 5% skuldabréf með ríkisábyrgð	—	164000.00	
g. 4% skuldabréf með ríkisábyrgð	—	33000.00	
h. Vaxtalaus skuldabréf sveitarfélaga	—	550000.00	
i. Ógreidd tillög sveitarfélaga 1950	—	11035.00	
j. Innstæða í bönkum	—	412285.49	
		<hr/>	kr. 1551520.49
÷ Vixilskuld í Búnaðarbanka Íslands	—	500000.00	
		<hr/>	— 1051520.49
Eignaaukning 1951			— 391688.06
		<hr/>	Kr. 3007069.06

Passiva:

Eign í árslok:			
I. Bjargráðasjóður sveitarfélaga:			
a. Ógreidd tillög 1950	kr.	4371.00	
b. Innstæða í bönkum	—	1682632.22	
		<hr/>	kr. 1687003.22
II. Hinn sameiginlegi Bjargráðasjóður:			
a. Í útlánunum	kr.	84000.00	
b. 5½% ríkisskuldabréf 1938	—	58000.00	
c. 4½% ríkisskuldabréf 1941	—	70000.00	
d. 4% bankavaxtabréf	—	98000.00	
e. 5% bankavaxtabréf	—	93500.00	
f. 5% skuldabréf með ríkisábyrgð	—	254000.00	

183	g. 4% skuldabréf með ríkisábyrgð	kr. 89000.00	
	h. Vaxtalaus skuldabréf sveitarfélaga	— 719600.00	
	i. Ógreidd tillög sveitarfélaga 1950	— 4371.00	
	j. Innstæða í bönkum	— 149594.84	
			kr. 1620065.84
	÷ Vixilskuld í Búnaðarbanka Íslands	— 300000.00	
			<u>kr. 1320065.84</u>
			Kr. 3007069.06

Reykjavík, 1. febrúar 1952.

F. h. bjargráðasjóðsstjórnarinnar.

Jónas Guðmundsson.

184

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Kristjáns læknis Jónssonar árið 1951.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf, 500.00, 1000.00, nafnverð	kr. 1500.00		
b. Sogsvirkjunarbréf, nafnverð	— 1000.00		
c. Rafmagnsveitubréf	— 1000.00		
d. Innstæða í Útvegsbanka Íslands	— 1311.33		
e. Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands	— 7536.55		
			<u>kr. 12347.88</u>
2. Vextir:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr. 75.00		
b. — Sogsvirkjunarbréfi	— 40.00		
c. — rafmagnsveitubréfi	— 40.00		
d. — innstæðu í Útvegsbanka Íslands	— 44.12		
e. — innstæðu í Söfnunarsjóði	— 361.73		
			<u>560.85</u>
			Kr. 12908.73

Gjöld:

1. Leiga fyrir bankahólf	kr. 60.00	
2. Eign í árslok:		
a. Veðdeildarbréf, 500.00, 1000.00, nafnverð	kr. 1500.00	
b. Innstæða í Útvegsbanka Íslands	— 3450.45	
c. Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands	— 7898.28	
		<u>— 12848.73</u>
		Kr. 12908.73

Reykjavík, 18. febrúar 1952.

Sigurgeir Sigurðsson.

Sigurjón Jónsson.

Helgi Ingvarsson.

SNORRASJÓÐUR 1930

185

Ársreikningur 1951.**Höfuðstóll:**

Eign frá fyrra ári samkvæmt birtum reikningi	kr. 162186.19
Aukning á árinu samkvæmt neðangreindu	— 1892.27

 Kr. 164078.46
Eignum sjóðsins er varið þannig:

Skuldabréf Siglufjarðarkaupstaðar	kr. 150000.00
Innstæða í Búnaðarbanka	— 14078.46

 Kr. 164078.46
Tekjur:

Vextir af skuldabréfum Siglufjarðarkaupstaðar	kr. 6280.00
Vextir af sparisjóðsinnstæðu	— 112.27

 Kr. 6392.27
Gjöld:**Styrkur til náms í Noregi:**

Ingvar Emilsson, stúdent, til náms í haffræði (oceanografi) við háskólann í Bergen	kr. 2250.00
Ingvar Hallgrímsson, stúdent, til náms í fiskifræði í Oslo	— 2250.00

 Kr. 4500.00

Lagt við höfuðstól	— 1892.27
--------------------------	-----------

 Kr. 6392.27

Reykjavík, 25. júlí 1952.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

REGLUGERÐ

186

yfir tekjur og gjöld sjóðsins „Stígur“ árið 1951.**Tekjur:**

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tið. 1951 B., bls. 452)	kr. 4943.70
2. Vextir af innstæðu í Söfnunarsjóði	— 243.60

 Kr. 5187.30
Gjöld:

Innstæða í Söfnunarsjóði til næsta árs	kr. 5187.30
--	-------------

 Kr. 5187.30

Í félagsmálaráðuneytinu, 15. marz 1952.

Jónas Guðmundsson.

187

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs hjónanna Jóhanns Jóhannessonar
og Sigurbjargar Guðnadóttur, árið 1951.

Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári (Stj.tið. 1951 B., bls. 451): Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 714756.85
2. Afhent af dánarbúi Eggerts Claessen:	
a. Veðskuldabréf, útg. 21. febr. 1942	— 390000.00
b. Sparisjóðsbók við Útvegsbanka Íslands, nr. 9253	— 58737.00
c. Í bankaávisun	— 500.00
3. Vextir:	
a. Af innstæðu í Söfnunarsjóði	— 34308.29
b. Af bankainnstæðu	— 1757.59
	<hr/>
	Kr. 1200059.73

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:	
a. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 749065.14
b. Bankainnstæða	— 3994.59
c. Veðskuldabréf	— 390000.00
d. 5% bankavaxtabréf	— 42000.00
e. 4% skuldabréf með ríkisábyrgð	— 15000.00
	<hr/>
	Kr. 1200059.73

Í félagsmálaráðuneytinu, 15. marz 1952.

Jónas Guðmundsson.

188

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs hjónanna Steinunnar Sighvatsdóttur og
Magnúsar Ólafssonar frá Bjargarsteini á Akranesi, árið 1951.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tið. 1951 B., bls. 452)	kr. 6267.87
2. Vextir af innstæðu í Söfnunarsjóði	— 308.83
	<hr/>
	Kr. 6576.70

Gjöld:

Innstæða í Söfnunarsjóði til næsta árs	kr. 6576.70
	<hr/>
	Kr. 6576.70

Í félagsmálaráðuneytinu, 15. marz 1952.

Jónas Guðmundsson.

REIKNINGUR

189

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs W. Fischers árið 1951.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1951 B., bls. 402):		
a. Innritunarskírteini	kr. 20000.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 36072.52	
c. Innstæða í Búnaðarbankanum	— 10486.16	
		<u>kr. 66558.68</u>
2. Vextir:		
a. Af innritunarskírteini	kr. 1654.10	
b. — söfnunarsjóðsinnstæðu	— 1731.46	
c. — bankainnstæðu	— 264.52	
d. — skuldabréfum með ríkisábyrgð	— 160.00	
		<u>— 3810.08</u>

Kr. 70368.76

Gjöld:

1. Styrkur veittur	kr. 2100.00
2. Sjóður til næsta árs:	
a. Innritunarskírteini	kr. 20000.00
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 36245.72
c. Innstæða í Búnaðarbankanum	— 8023.04
d. Skuldabréf með ríkisábyrgð	— 4000.00
	<u>— 68268.76</u>

Kr. 70368.76

*Í félagsmálaráðuneytinu, 15. marz 1952.***Jónas Guðmundsson.****REIKNINGUR**

190

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs sjómanna árið 1951.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1951 B., bls. 451)	kr. 42.51
2. Vextir	— 1.47
	<u>kr. 43.98</u>

Kr. 43.98

Gjöld:

Sjóður til næsta árs	kr. 43.98
----------------------------	-----------

Kr. 43.98

*Í félagsmálaráðuneytinu, 15. marz 1952.***Jónas Guðmundsson.**

191

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Þórarins Tulinius árið 1951.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1951 B., bls. 453):			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	19051.27	
b. Innstæða í Búnaðarbankanum	—	1116.48	
			kr. 20167.75
2. Vextir:			
a. Af söfnunarsjóðsinnstæðu	kr.	914.45	
b. — bankainnstæðu	—	26.48	
			— 940.93
			Kr. 21108.68

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	19142.76	
b. Innstæða í Búnaðarbankanum	—	1965.92	
			kr. 21108.68
			Kr. 21108.68

Í félagsmálaráðuneytinu, 15. marz 1952.

Jónas Guðmundsson.

192

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs þeirra, sem bíða tjón af jarðeldum,
fyrir árið 1951.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1951 B., bls. 455):			
a. Ríkisskuldabréf	kr.	27000.00	
b. Veðskuldabréf	—	16250.00	
c. Bankavaxtabréf	—	15000.00	
d. Verðbréf með ríkisábyrgð	—	15000.00	
e. Bankainnstæða	—	9254.29	
			kr. 82504.29
2. Vextir:			
a. Af ríkisskuldabréfum	kr.	1285.00	
b. — veðskuldabréfum	—	812.50	
c. — bankavaxtabréfum	—	750.00	
d. — skuldabréfum með ríkisábyrgð	—	825.00	
e. — bankainnstæðu	—	115.50	
			— 3788.00
			Kr. 86292.29

Gjöld:

192

1. Styrkur til Búnaðarsambands Austurlands	kr. 1200.00
2. Styrkur til Hallormsstaðaskóla	— 1000.00
3. Sjóður til næsta árs:	
a. Ríkisskuldabréf	kr. 27000.00
b. Veðskuldabréf	— 16250.00
c. Bankavaxtabréf	— 15500.00
d. Skuldabréf með ríkisábyrgð	— 22000.00
e. Bankainnstæða	— 3342.29
	<hr/>
	— 84092.29
	Kr. 86292.29

Í félagsmálaráðuneytinu, 15. marz 1952.

Jónas Guðmundsson.

REIKNINGUR

193

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Vestur-Ísafjarðarsýslu árið 1951.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1951 B., bls. 454)	kr. 2355.56
2. Vextir af innstæðu í Söfnunarsjóði	— 113.05
	<hr/>
	Kr. 2468.61

Gjöld:

Innstæða í Söfnunarsjóði til næsta árs	kr. 2468.61
	<hr/>
	Kr. 2468.61

Í félagsmálaráðuneytinu, 15. marz 1952.

Jónas Guðmundsson.

REIKNINGUR

194

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Gísla Jóns Nikulássonar árið 1951.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1951 B., bls. 453):	
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 28334.43
2. Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu	— 1360.03
	<hr/>
	Kr. 29694.46

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:	
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 29694.46
	<hr/>
	Kr. 29694.46

Í félagsmálaráðuneytinu, 15. marz 1952.

Jónas Guðmundsson.

195

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs W. Fiskes til Grímseyinga árið 1951.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1951 B., bls. 454):			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	50761.39	
b. Innstæða í Búnaðarbankanum	—	3726.50	
			kr. 54487.89
2. Vextir:			
a. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr.	2436.53	
b. Af bankainnstæðu	—	52.77	
			— 2489.30
			Kr. 56977.19

Gjöld:

1. Styrkur til Grímseyinga	kr.	2378.11	
2. Sjóður til næsta árs:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	50883.34	
b. Bankainnstæða	—	3715.74	
			— 54599.08
			Kr. 56977.19

Í félagsmálaráðuneytinu, 15. marz 1952.

Jónas Guðmundsson.

196

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Christians konungs hins Tíunda og Alexandrine drottningar, til styrktar fátækum sjómannaekkjum í Reykjavík, árið 1951.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1951 B., bls. 451):			
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	24717.72	
2. Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu	—	1186.43	
			Kr. 25904.15

Gjöld:

Innstæða í Söfnunarsjóði til næsta árs	kr.	25904.15	
			Kr. 25904.15

Í félagsmálaráðuneytinu, 15. marz 1952.

Jónas Guðmundsson.

AUGLÝSING

um nýja lyfsöluskrá II.

197
23. sept.

Frá og með 1. október 1952 gengur í gildi ný lyfsöluskrá II, útgefin af þessu ráðuneyti 19. þ. m.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 23. september 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 195 15. nóv. 1951, um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

198
25. sept.

1. gr.
3. gr. b. 5. reglugerðarinnar orðist svo:

5. svæði: Sléttanes -- Horn.

1. janúar — 31. maí.

1. október — 31. desember.

2. gr.
Reglugerðarbreyting þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, og hirtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 25. september 1952.

Ólafur Thors.

Gunnlaugur E. Briem.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 188 1. okt. 1947, um mótornámskeið.

199
1. okt.

1. gr.
Á minna og meira námskeiðinu skal — auk þess, er greinir í reglugerð nr. 188 1917, — kenna meðferð og umhirðu eftirtalinna tækja: talstöðva, viðtækja, miðunarstöðva og dýptarmæla, ásamt búnaði þessara tækja í skipum.

Kennslustundir í þessari grein skulu vera minnst 24.

2. gr.
Að loknu námi skal jafnhliða mótörvélstjóraprófi halda próf í þessari grein. Skal það haldið af hinni skipuðu prófnefnd ásamt einum sérfróðum prófdómara, er Landssími Íslands tilnefndur.

199

3. gr.

1. okt. a. Til hins minna námskeiðsprófs þarf:

Þekking á höfuðatriðum byggingu nefndra tækja, hvernig þau vinna, kunna að starfrækja þau, þar á meðal viðskiptareglur, og vita hvernig á að prófa hvort þau séu í lagi.

Vita í hverju almenn umsjón og umhirða tækjanna, ásamt búnaði þeirra í skipum, er fólgin.

Þekking tengingu tækjanna við rafmagnskerfi skipsins, hleðslutöflur, rafmagnsgeyma, rafhlöður, loftnet, jarðsambönd o. s. frv.

Geta sett upp bráðabirgðaloftnet og geta tengt tækin við aðra geyma í skipinu, ef á þarf að halda, út á sjó.

Vita hvaða varahluti er nauðsynlegast að hafa um borð, og geta skipt um þá.

Vita hvað þarf að gera til þess, að gera tækin starfhæf til bráðabirgða, ef sjór kemst í þau, eða önnur óhöpp gera þau óstarfhæf.

Kunna að miða og reikna út stefnu skipsins frá ákveðnum radiovitum.

Þekking einföldustu aðferðir til að deyfja radiotruflanir frá rafölum og rafvélum í skipum.

b. Til hins meira námskeiðsprófs þarf fyllri þekkingu á framanskráðu.

4. gr.

Prófið er bæði munnlegt og verklegt. Verkefni velja prófdómararnir, en kennarinn í þessari grein heldur prófið og dæmir um kunnáttu prófsveina ásamt prófdómurunum.

5. gr.

Við prófið skal gefin ein einkunn með tölugildinu 0—8 með þriðjungs millistigum.

Að loknu prófi skulu prófsveinar fá sérstakt prófvottorð í þessari námsgrein eftir þessari fyrirmynd:

Hr. fæddur

hefur lokið stunda námskeiði og staðizt próf í starfrækslu venjulegra talstöðva, viðtækja, miðunarstöðva, dýptarmæla og tilheyrandi búnaði tækjanna, hirðingu þeirra og lagfæringu einföldustu bilana, sem hægt er að gera án þess að hreyfa við lóðningum eða innri byggingu sjálfra tækjanna.

Þetta nær til talstöðva allt að wött í loftnet.

Einkunn.

Reykjavík,

.....
kennari.
.....

.....

6. gr.

Glati mótórvéltjóri prófskirteini sínu, á hann rétt á að fá eftirrit af því hjá Fiskifélagi Íslands, ef hann æskir þess.

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

199

1. okt.

Menntamálaráðuneytinu, 1. október 1952.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Kirkjubyggingarsjóð Ytri-Njarð- 200 vikur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 1. okt. 1952. 1. okt.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Kirkjubyggingarsjóð Ytri-Njarðvíkur.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Þórlaugu Magnúsdóttur í Höskuldarkoti í Ytri-Njarðvík, til minningar um látna unga ástvini hennar frá Höskuldarkoti. Stofnfé sjóðsins er kr. 1000.00.

2. gr.

Starfsemi sjóðsins skal vera á þessa leið: Þegar höfuðstóll sjóðsins hefur vaxið það, að hann nemur kr. 100000.00 — eitt hundrað þúsund krónum —, skal sjóðnum varið til kirkjubyggingar í Ytri-Njarðvík.

3. gr.

Sjóðurinn tekur á móti minningar- og dánargjöfum; einnig tekur hann á móti almennum gjöfum. Allar gjafir skal skrá í sérstaka gjafabók. Þar skal skrá nafn þess, er gjöfin er gefin til minningar um, ásamt fæðingar- og dánardegi; síðan skal skrá fjárupphæðina og nafn þess, er gefur. Almennar gjafir skal skrásetja með nafni gefanda og fjárupphæð. Allar gjafir skal skrá með dagsetningu.

4. gr.

Sjóðurinn má gefa út minningarspjöld.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal falin þremur mönnum. Kvenfélag Njarðvíkur skipar einn, Ungmennafélag Njarðvíkur annan, og hinn þriðji skal tilnefndur af hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps, og skal hann vera formaður sjóðstjórnar. Hætti Njarðvíkurhreppur að vera til sem sjálfstætt sveitarfélag, skal sýslunefnd Gullbringusýslu tilnefna formann sjóðstjórnar. Ef Ungmennafélag Njarðvíkur og Kvenfélag Njarðvíkur leggjast niður, skal biskupinn yfir Íslandi tilnefna tvo menn, búsetta í Ytri-Njarðvík, í stjórn sjóðsins. Stjórnarmenn sjóðsins skal tilnefna til fjögurra ára í senn.

6. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í hinum Almenna kirkjusjóði Íslands, en yfirumsjón með sjóðnum hafa forráðamenn kirkjunnar, eins og kirkjulöggjöfin mælir fyrir um.

200

1. okt.

Stjórn sjóðsins skal hafa bók, auk gjafabókarinnar, sem í er skráð hverjir séu í stjórn sjóðsins á hverjum tíma. Í bók þessa skal skrá ársreikninga sjóðsins, og skulu þeir undirritaðir af öllum stjórnarmönnum.

7. gr.

8. gr.
Tilgangi sjóðsins má aldrei breyta. Sjóðurinn skal óvæfengjanlega ávallt vera eign byggðarlagsins í Ytri-Njarðvík.

9. gr.

Þegar tilgangi sjóðsins samkvæmt 2. gr. er náð, skal vera heimilt að sjóðurinn starfi áfram við kirkjuna í Ytri-Njarðvík. Starfsemi sjóðsins skal þá miða að því að fegra kirkjuna og þrýða utan sem innan.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Ytri-Njarðvík, 4. nóvember 1950.

Karvel Ögmundsson. Valgerður Pálsdóttir. Vésteinn Bjarnason.

201

8. okt.

REGLUGERÐ

um öryggisráðstafanir gegn slysaþættu við vinnu í kötlum, kerum og geymum.

1. gr.

Þegar unnið er í kötlum, kerum eða geymum, þar sem vinnan getur leitt af sér eittraðar gastegundir, skal sérstakrar varúðar gætt til þess að forðast gaseitrun verkamanna.

Sem hættulega vinnu má nefna:

Logsuðu með rafmagni eða gasi, sem orsakað getur kolsýring og aðrar hættulegar gastegundir.

Ræstingu og þvott með sýrum, feitileysandi vökvum og öðrum svipuðum efnum.

Málningarvinnu með lakki, asfalti og öðrum efnum, sem leyst eru upp með vökvum, sem gefa frá sér hættulegan eim.

Vinnu í geymsluhylkjum og tækjum, sem notuð eru til að geyma í og vinna efni, sem gefa frá sér eittraðar lofttegundir og eim.

Ekki má nota triklorethylen, tetraklorkolefni, bensol eða aðra vökva, sem gefa frá sér álíka eittraðan eim, til þvotta í geymum, kerum eða hylkjum.

2. gr.

Áður en byrjað er á vinnu í geymi skal loftræsta hann rækilega með þrýsti-lofti eða loftblásara. Slíkrar loftræstingar er þó ekki þörf, ef op bæði efst og neðst á geyminum hafa staðið opin í langan tíma, svo dragsúgur hafi verið í gegnum hann.

Nauðsynlegt er einnig að loftræsta opin ker, því þungar lofttegundir geta um lengri tíma legið við botn þeirra.

Aldrei má nota hreint súrefni til loftendurnýjunar, þegar unnið er við suðu í geymi, því súrefnið getur orsakað íkviknun í fötum verkamanna.

3. gr.

Meðan unnið er í geymi, sem um getur í 1. gr., skal loft í honum endurnýjað með því að leggja niður í hann þrýstiloftsleiðslu, eða koma fyrir loftblásara við stórt op neðarlega á geyminum. Verði loftendurnýjunartækjum ekki komið við, skulu verkamenn bera hentugar gasgrímur eða öndunartæki, sem veiti þeim nægilegt ferskt loft eða súrefni. Þegar svo ber undir má þó vinna hvers verkamanns ekki standa lengur en eina klukkustund í einu.

Meðan unnið er í geymi, skal að staðaldri vera vörður við inngönguopið í geyminn og skal hann hafa vakandi auga með líðan þeirra, sem í geyminum vinna.

4. gr.

Ekki má verkamaður hefja ræstingu, viðgerð eða annars konar vinnu í olíugeymi, sem í hefur verið brennanlegur vökvi, fyrr en húið er að eima út geyminn og öryggiseftirlitið hefur gefið út vottorð um, að í honum sé ekki eldfimur eimur.

Ef geymir er í skipi, og í honum hefur verið flutt eldfim olía eða vökvi með blossamarki við 21° C. eða þar fyrir neðan, skal eima út alla hluta skipsins þar sem gas getur safnað fyrir, og vottorð um gaseyðinguna gefið út fyrir allt skipið.

Ákvæði fyrstu málsgreinar þessarar greinar á ekki við um eftirlits- eða skoðunarstörf verkstjóra, eða rannsóknarstörf eftirlitsmanns öryggiseftirlitsins, sem framkvæma þarf til þess að hægt sé að gefa út vottorð um, að úteiming hafi farið fram.

Við rannsókn og eftirlit skal nota hentuga gasgrímu.

5. gr.

Þar sem vinna er þess eðlis, að hætta geti verið á íkviknun, vegna opins elds, neista eða glóheitra hluta, enda þótt slík vinna sé ekki framkvæmd í geymi, má ekki hefja vinnuna fyrr en úteimingarvottorð hefur verið gefið út.

Ef trygging er fyrir því, að allir geymar um borð í skipi séu lokaðir, má þó framkvæma vinnu þá, sem um getur í fyrstu málsgrein þessarar greinar, ef bann við umferð með opinn eld liggur ekki fyrir.

6. gr.

Meðan vinna stendur yfir í geymi skips skulu öll op og mannsmugur hafðar opnar og á fulltryggan hátt séð fyrir nægilegri loftendurnýjun í geyminum.

Á aðgengilegum stað nálægt opi geymis, skal vera nægilegur fjöldi af öryggis-linum með beltum, sem auðveldlega verði gripið til, ef hjarga þarf manni út úr geymi. Á sama stað skal einnig vera eldslökkvitæki af viðurkenndri gerð, svo og gasgrímur.

7. gr.

Verði olíu vart í geymi, vegna leka frá leiðslum eða af öðrum ástæðum, meðan vinna stendur yfir, svo ætla megi að eldfimur olíueimur myndist, skal þegar stöðva vinnuna og má ekki hefja vinnu á ný, fyrr en nýtt úteimingarvottorð hefur verið gefið út, að undangenginni rannsókn samkv. 4. gr.

8. gr.

Rannsókn sú, sem um getur í 4. gr., skal framkvæmd af eftirlitsmönnum öryggiseftirlitsins eða öðrum, sem til þess hafa næga þekkingu og öryggismála-stjóri kann að fela starfið.

Við rannsóknina má einungis nota tæki af gerð, sem öryggiseftirlitið viðurkennir.

201

8. okt.

Úteimingarvottorð skal fest upp á áberandi stað á vinnustaðnum. Sé um eimun um borð í skipi að ræða, skal vottorðið fest upp við landgöngubrú. Vottorðið skal vera uppi meðan á vinnu stendur.

9. gr.

10. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 50—5000 krónum, nema þyngri hegning liggja við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í ríkissjóð. Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 23 1. febrúar 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 8. október 1952.

Björn Ólafsson.

Páll Pálmason.

202

8. okt.

REGLUGERÐ

um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir við sprautumálun.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar ná til vinnustöðva, þar sem málun er framkvæmd á þann hátt, að málningarúða er blásið með þjöppuðu lofti á flöt þann, sem mál-aður er, og notuð eru heilsuspillandi eða eldfim efni með blossamark undir 25° C, til þess að þynna með málninguna, leysa upp harðnaða málningu, eða til að hreinsa með fleti undir málningu.

Til slíkra efna heyra eftirtalin efni, sem eru notuð til þynningar eða upp-leysingar: Metanol, etanol (etyl alkohol), propylalkohol, butylalkohol, amylalkohol. Aseton, metyl, etyl, ketone og cyclohexanon. Rentan, n- og iso-hexan, heptan, ligroin, petroleum eter, benzin, minerölsk terpentína, steinolía, gasolía og aðrar eldfimar steinolíur. Benzol, toluol, xylol, solventnafta, steinkolanafta. Eter, dioxan, metylasetat, propylasetat, butylasetat, amylasetat, cellosolveasetat, etyllaktat. Terpentína, dipenten, cellosolve, metyl-cellosolve, butyl-cellosolve og di-aseton-alkohol. Tetraklórkölefni, dikloretylen, trikloretylen (kloroform), metylessklorid.

2. gr.

Sprautumálun má einungis framkvæma í sérstaklega til þess gerðum sölum, klefum eða skápum, sem uppfylla kröfur þær, sem gerðar eru í reglugerð þessari.

3. gr.

Að jafnaði má aðeins sprautumála í sérstæðum einnar hæðar húsum. Ef salur eða herbergi til sprautumálunar er í húsi, sem er meira en ein hæð, skal þeim valin staður á efstu hæð. Hús eða hluti húss, sem ætlað er til sprautumálunar, skal vera úr eldtraustu, eða að minnsta kosti logatryggu efni, t. d. steinsteypu eða úr múrhúðuðu timbri.

Í stað múrhúðunar má klæða timburveggi til eldvarnar öðru eldvarnarefni, svo sem asbesti og jární, eða plötum úr asbestsementi.

Húsrými til sprautumálunar skal þannig staðsett, að fólki, sem í húsinu vinnur 202 eða býr, geti ekki stafað hætta af. Ef húsrými til sprautumálunar er meira en 8. okt. 20 m² að flatarmáli, skal vera á því varaútgöngudyr, sem fjærst aðaldyrum. Hurðir allar skulu opnast út.

4. gr.

Þegar sprautumálun er framkvæmd innanhúss, en ekki í sérstöku þar til gerðu húsrými, má einungis framkvæma hana í sprautuklefa eða sprautuskáp.

Fletir í sprautuklefa eða sprautuskáp, veggir, loft og gólf, skulu vera sléttir og efni þeirra plötujárn, asbestsement, vírfléttað gler, steinsteypa eða annað líkt efni. Horn mega ekki vera hvöss og gólfið skal vera lagt efni, sem ekki getur myndað neista.

Við op eða dyr á sprautuklefa, hvort heldur er til þess að flytja inn verkefni í klefann og frá honum, eða op fyrir loftaðstreymi til klefans, skal blossavarnarbretti vera fyrir opinu, ef það veit út að öðrum vinnustað. Hurðir á sprautuklefa skulu opnast út.

5. gr.

Sérhvert húsrými, sem notað er til sprautumálunar, sprautuklefi eða sprautuskápur, skal hafa tæki, sem sagnar loft út, sem myndast við vinnuna. Skal tækjum þessum þannig fyrir komið og þau það afkastamikil, að verkamenn séu sem best verndaðir gegn heilsutjóni og slysaþættu af völdum sprenginga eða eldsvoða.

Ávallt skal vinnan framkvæmd svo nálægt útsogsstað, sem frekast er unnt og varast eftir megni, að verkamaðurinn standi við vinnu sína milli sogopsins og þess hlutar, sem hann er að vinna við.

6. gr.

Fyrir sogopinu skal vera málningargildra, sem stöðvi málningarúðann við útstreymið, svo að sem minnst af honum berist út í loftpípurnar og loftblásarann. Gildrunni skal þannig fyrir komið, að auðvelt sé að taka hana til hreinsunar.

Í stað gildru má nota síur, en þá skulu þær vera úr óbrennanlegu efni.

7. gr.

Loftsogsbúnaðurinn skal þannig gerður og svo fyrir komið, að ekki geti myndast í honum rafmagnsneisti, eða neisti kviknað á annan hátt.

Sogblásari skal að jafnaði vera skrúfublásari, en sé miðflótttaafslásari notaður, skal hjól hans vera opið og með beinum skóflum.

Loftræstiblásari skal ræstur áður en vinna byrjar og hafður í gangi hið minnsta í 5 mínútur eftir að sprautun er hætt.

8. gr.

Afköst loftræstiblásara skulu miðuð við stærð sprautunarherbergis eða sprautunarklefa og loftið eigi endurnýjast sjaldnar en eftirfarandi tafla sýnir:

Stærð húsrýmis eða klefa í m³ 100 — 200 — 300 — 400 — 500

Loftið endurnýist minnst 60 — 53 — 45 — 38 — 30 sinnum á klukkustund.

Í opnum sprautunarklefum og sprautunarskápum má hraði endurnýjunarloftsins í innstreymisopin ekki vera minni en 0.4 m/sek.

9. gr.

Nauðsynlegar ráðstafanir skulu gerðar til þess, að endurnýjunarloft geti óhindrað borizt í sprautunarhúsrými eða klefa. Ef sprautunarskápur er í stórum sal, sem er vel loftræstur, þarf ekki að gera sérstakar ráðstafanir til að fá endurnýjunarloft í skápinn.

Þess skal gætt, að endurnýjunarloftið hafi hæfilegt hitastig.

202

8. okt.

Pípur fyrir loft frá sprautumálun skulu vera úr plötujárni, eða öðru jafneldtryggu efni. Pípurarnar skulu vera nægilega víðar og sem beinastar, svo loftviðnám í þeim verði sem minnst. Pípurarnar skulu þannig gerðar, að auðvelt sé að komast inn í þær og halda þeim hreinum. Þær skulu enda undir beru lofti í það mikilli fjarlægð frá húsum eða gluggum húsa, að ekki sé hætt á að frá þeim berist eimur eða gas til annarra húsa eða vinnusala.

10. gr.

11. gr.
Þar, sem sprautumálun er framkvæmd, skal lýsingu þannig háttáð, hvort heldur er um dagsljós eða annað ljós að ræða, að hún veiti nægilega birtu á vinnustaðnum, án þess að blinda og án þess að verkamaður þurfi að standa milli verkfnisins og sogops loftræstingarinnar.

Þar, sem sprautumálun er framkvæmd, má auk dagsljóss einungis nota rafljós til lýsingar. Lampar skulu fastir á veggjum eða lofti og af gasþéttri gerð.

12. gr.

Til hitunar í húsrými eða klefum til sprautumálunar má einungis nota vatn, lágbrýstan eim eða loft, sem hitað er með vatni eða eimi. Rafmagnshitun má einungis nota verði framantöldum hitunaraðferðum ekki komið við, en þó skal rafbúnaður allur vera af gerð, sem Rafmagnseftirlit ríkisins telur fulltryggt að nota til hitunar á slíkum stað.

Ofnar og pípur skulu standa svo nálægt veggjum sem við verður komið vegna hitunarinnar. Ofan við ofna skulu vera heilar hallandi plötur og um ofna kápa úr götuðum plötum eða rimlum.

13. gr.

Rafmagnsvélar og raftæki, sem notuð eru við sprautumálun, svo sem rafhreyflar og ræsar þeirra, gangstillar og rofar mega ekki vera inni í rúmi því, sem notað er til sprautumálunar. Rafknúin handverkfæri má heldur ekki nota á slíkum stöðum, nema utan þess tíma, sem sprautun fer fram.

Verði ekki komið hjá því að hafa rafhreyfil í sprautumálunarrúmi, eða loft-ræstigöngum frá því, t. d. hreyfil, sem knýr loftræstiblásara, skulu slíkar vélar vera fullkomlega lokaðar og af neistatryggri gerð.

Þar, sem drifreimar eru notaðar til aflyfjrfærslu í rúmi, sem notað er til sprautumálunar, skulu ráðstafanir gerðar til að leiða frá þeim til jarðar stöðu-rafmagn, sem ella gæti kveikt neista.

Í sama augnamiði skulu járnþípur frá loftræstiblásara vera jarðtengdar.

14. gr.

Loftþjappa sú, sem framleiðir þrýstiloft til sprautumálunar, má ekki vera þar inni, sem sprautumálun fer fram, og ekki má loftþjappan heldur draga til sín loft þaðan.

Hylki fyrir þrýstiloft, sem notað er við sprautumálun, skulu að öllu uppfylla kröfur þær, sem öryggiseftirlitið gerir um styrkleika, efni, smíði og prófun hylkja fyrir innanþrýsting.

15. gr.

Sérhver verkamaður, sem vinnur við sprautumálun, skal hafa til umráða sína ferskloftsgrímu, eða rykgrímu (respirator) af heppilegri gerð. Sé það nauðsynlegt að dómi eftirlitsmanns skulu augnahlífar vera á grímunni.

Pegar sprautumálað er í vel loftræstum sprautumálunarskápum, getur eftirlitsmaður leyft, að ekki sé notuð gríma við vinnuna.

16. gr.

202

Ekki má fara með opinn eld eða nota verkfæri, sem myndað geta neista, þar sem sprautumálun fer fram. Án undangenginnar vandlegrar ræstingar má ekki skipta frá sprautumálun með olíumálningu yfir í sprautumálun með cellolose-lakki eða gagnstætt.

8. okt.

Aðvörun um þetta skal vera á áberandi stað á vinnustað.

17. gr.

Eldslökkvitæki skal vera á aðgengilegum stað í eða við sprautumálunarrúm. Filt dúkur, eða mjúkur, þéttur strigadúkur, hið minnsta 1.25×1.25 m að stærð, verndaður gegn efnum þeim, sem unnið er með, skal til taks í eða við sprautumálunarrúm, svo grípa megi til hans, ef kviknar í klæðum manna.

18. gr.

Blöndun og þynningu lita til sprautumálunar má ekki framkvæma innanhúss, nema í sprautunarherbergi, — klefa eða skáp, og þá skal það gert nálægt sogopi loft-ræstingar, með sogblásara í gangi.

Þurfi að hita málningarefni, má einungis gera það með heitu vatni eða lág-þrýstum eimi. Með sérstöku leyfi skoðunarmanns má nota rafmagn til hitunar á málningarefnum, en þá skulu tæki þau, sem notuð eru, vera búin hámarkshita-stilli og fulltrygg, þannig að af þeim geti ekki myndast neisti.

19. gr.

Í sprautunarrúmi eða klefa má ekki geyma meira af eldfimum vökva með blossamarki undir 25° C en sem svarar til dagsnotkunar, þó aldrei meira en 25 kg.

20. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 50—5000 krónum, nema þyngri hegning liggja við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í rikissjóð. Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 23 1. febrúar 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 8. október 1952.

Björn Ólafsson.

Páll Pálmason.

203 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Indriða og Guðrúnar
14. okt. frá Skarði“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 14.
október 1952.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Indriða og Guðrúnar frá Skarði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Indriða og Guðrúnar frá Skarði, og er stofnaður til minningar um Indriða Indriðason hreppstjóra frá Skarði í Skarðs-hreppi í Dalasýslu og konu hans, Guðrúnu Eggertsdóttur, af vinum þeirra í Skarðs-hreppi og 2 sonum þeirra.

Stofnfé sjóðsins er 1500 — fimmtán hundruð — krónur.

2. gr.

Stjórn sjóðsins skulu ávallt skipa hreppsnefnd og sóknarprestur Skarðshrepps.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands og skulu vextir allir lagðir við höfuðstól, þar til sjóðurinn nemur einni milljón. Frá þeim tíma skal til útborgunar falla $\frac{1}{2}$ vextir samkvæmt því, sem hér segir í 4. gr., en helmingur vaxta skal ávallt leggjast við höfuðstól.

4. gr.

Á því ári, er sjóðurinn nemur 1 000 000 — einni milljón — króna skulu hálfir vextir koma til útborgunar og árlega úr því. Fé þessu skal varið til umbótastarfs og menningarauka, sem til landbúnaðar telst.

Fjárveiting er fast bundin við takmörk Skarðshrepps, þau, sem nú eru.

5. gr.

Heimilt er að veita móttöku minningargjöfum í sjóðinn og fer um slíkar gjafir að öllu, sem segir í 3. og 4. gr.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók, sem hún lætur löggilda, og í hana skal færa þessa skipulagsskrá og ársreikninga sjóðsins.

Skulu þeir endurskoðaðir árlega af endurskoðendum hreppsreikninga.

7. gr.

Þegar til úthlutunar kemur, samkv. 4. gr., skal ávallt geta þeirra með nafni, er styrks verða aðnjótandi, og til hvers er veitt og hvað mikið.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Hvalgröfum, 12. júlí 1952.

Brynjólfur Haraldsson,
fyrir hönd gefenda.

Sigvaldi Indriðason.

Kristinn Indriðason.

REGLUGERÐ

204

16. okt.

um einkennisbúning starfsmanna flugmálastjórnarinnar.

1. gr.

Einkennisbúningur sá, sem um getur í reglugerð þessari, og hin ýmsu einkenni, sem á honum eru, er gerður sérstaklega til þess að gefa til kynna að sá, sem ber hann, sé starfandi hjá flugmálastjórninni og hvert starf hans sé.

2. gr.

Einkennisbúningur starfsmanna flugmálastjórnarinnar skal vera að gerð og sniði, sem hér segir:

1. Karlar:

- a. Húfa úr blágráu ullarefni með 5 cm breiðri uppstandandi gjörð, 6 cm hárrí reisin, gljáleðurskyggni og hökubandi. Á gjörð skal vera 4 cm breiður svartur borði. Á reisin skulu vera gylltir útsaumaðir vængir og á þá fest skjaldarmerki Íslands, 4 cm hátt, gyllt, úr málmí, en þetta er merki flugmálastjórnarinnar. Í stað ofangreindrar húfu má nota bátslaga kollhúfu, með merki flugmálastjórnarinnar á vinstri hlið. Skyggnisskreyting skal vera á hífum þeirra starfsmanna, sem um getur í 4. gr. a. og b., og er um gerð hennar nánar kveðið á þar.
- b. Jakki úr blágráu ullarefni, einhnepptur með venjulegum kraga, tveim hliðarvösuum og tveim brjóstvösuum utanáliggjandi með vasalokum, hnepptum litlum einkennishnöppum. Á jakkanum skal vera ein röð einkennishnappa, þ. e. þrír hnappar og skal jakkinn hnepptur á þá alla. Á ermum skulu vera minni einkennishnappar, tveir á hvorri. Einkennishnappar skulu vera gylltir, með merki flugmálastjórnarinnar. Áfast jakkanum skal vera beltí, úr sama efni og jakkinn, með gylltri spennu og liggur klauf upp að beltinu að aftan. Á öxlum skulu vera einkenni, er tákna stöðu viðkomandi starfsmanns, sem nánar er lýst síðar. Í stað jakka má nota blússu, með földum hnöppum, sem nær niður í mitti, með sömu einkennum og á jakka.
- c. Buxur úr sama efni og jakkinn (blússan), síðar, án uppbrota. Vídd skálma skal vera því sem næst, að þær nái fram á miðja rist.
- d. Frakki úr blágráu „gaberðine“ eða svípuðu efni. Skal hann vera tvíhnepptur, með beltí og án gylltra hnappa eða annarra einkenna. Ef þykkur vetrarfrakki er notaður, skal hann vera með einkennum og gylltum hnöppum. Einnig má nota hlífðarúlpu með hettu eða skjólföt flugmanna, eftir því, sem við á.
- e. Við búninginn skal nota ljósa, blágráa skyrtu, úr þaðmull eða svípuðu efni, með áföstum, linum, tvöföldum flíbbá. Við sérstök tækifæri má nota hvíta skyrtu. Slífsi skal vera svart, einlitt, hnýtt einföldum hnút. Hálsklútur dökkblár.
- f. Skór skulu vera svartir leðurskór. Sokkar svartir eða dökkbláir. Hanzkar skulu vera dökkir, við sérstök tækifæri skal þó bera hvíta hanzka. Hlífðarstígvél má nota þegar við á.
- g. Afgreiðslumenn flugvéla og aðrir, sem gegna svípuðum störfum, skulu klæðast bláleitum vinnufötum, með einkennum þeim, sem síðar verða ákveðin.

2. Konur:

- a. Húfa úr blágráu ullarefni, bátslaga, með merki flugmálastjórnarinnar á vinstri hlið.

204
16. okt.

- b. Jakki úr blágráu ullarefni, einhnepptur, með venjulegum kraga, tveimur hliðarvösum og einum brjótvasa, loklausum, á vinstra barmi. Á jakkanum skal vera ein röð stórra einkennishnappa, þ. e. fjórir hnappar, og skal jakkinn hnepptur á þá alla.
- c. Pils úr sama efni og jakkinn, slétt, með djúpri, einfaldri fellingu að aftan.
- d. Yfirhöfn skal vera úr blágráu efni.
- e. Skór skulu vera svartir, lokaðir.
- f. Einkennismerki skal vera merki flugmálastjórnarinnar, á brjóstvasa.
- g. Blússur skulu vera hvítar, einfaldar.
- h. Hálsklútur skal vera sem líkastur einkennisbúningnum að lit.

3. gr.

Eftirfarandi starfsmenn flugmálastjórnarinnar skulu bera einkennisbúning við störf sín:

- a. Á Keflavíkurflugvelli:
Allir starfsmenn flugmálastjórnarinnar.
- b. Á Reykjavíkurflugvelli:
Flugumferðarstjórar, slökkviliðsmenn.
- c. Flugvallastjóri ríkisins og fulltrúar hans skulu að jafnaði bera einkennisbúning, þegar þeir eru að störfum á Keflavíkurflugvelli, sbr. a-lið, og annars, er þurfa þykir.

4. gr.

Einkennismerki, er tákna stöðu þeirra, sem bera einkennisbúning, skulu vera sem hér segir:

- a. Flugvallastjóri: Á húfuskyggni tveir gylltir, útsaumaðir borðar. Axlaeinkenni eru skjaldarmerki Íslands, silfurlitað, á 5 cm breiðum gullborða.
- b. Fulltrúar flugvallastjóra: Á húfuskyggni einn gylltur, útsaumaður borði. Axlaeinkenni: 4 silfurlitaðir vængir milli tveggja 11 mm breiðra gullborða.
- c. Yfirflugumferðarstjóri flugstjórnarmiðstöðvarinnar: Axlaeinkenni: 3 silfurlitaðir vængir milli tveggja 11 mm breiðra gullborða.
- d. Deildarstjóri flugvélaafgreiðslu, yfirflugumferðarstjóri á Keflavíkurflugvelli, yfirflugumsjónarmaður: Axlaeinkenni: 2 silfurlitaðir vængir milli tveggja 11 mm breiðra gullborða.
- e. Varðstjórar flugstjórnarmiðstöðvarinnar, varðstjórar flugumsjónar, yfirmaður sjóflughafnar, yfirmaður slökkviliðs: Axlaeinkenni: 1 silfurlitaður vængur milli tveggja 11 mm breiðra gullborða.
- f. Flugumferðarstjórar, flugumsjónarmenn, skrifstofumenn á Keflavíkurflugvelli, varðstjórar flugvélaafgreiðslu: Axlaeinkenni: 1 eirlitaður vængur milli tveggja 11 mm breiðra gullborða.
- g. Aðstoðarflugumferðarstjórar, aðstoðarflugumsjónarmenn, aðstoðarmenn í flugvélaafgreiðslu, aðstoðarslökkviliðsstjóri, verkstjóri í flugvélaafgreiðslu: Axlaeinkenni: 11 mm breiðir gullborðar.
- h. Aðstoðarmenn í sjóflughöfn, flokksstjórar í flugvélaafgreiðslu, slökkviliðsmenn: Axlaeinkenni: Tveir 8 mm breiðir gullborðar.
- i. Afgreiðslumenn í flugvélaafgreiðslu: Axlaeinkenni engin.

5. gr.

Starfsmönnum er óheimilt að nota önnur einkenni en þau, sem eiga við stöðu þeirra, og lýst er hér að framan. Þó getur flugmálastjórnin síðar sett ákvæði um merki, sem starfsmenn mega bera, önnur en þau, sem þegar eru talin.

6. gr.

204

Flugvallastjóri setur nánari reglur um framkomu og hegðun starfsmanna flugmálastjórnarinnar, þegar þeir bera einkennisbúning.

7. gr.

Starfsmenn fá ein ný einkennisföt og húfu til afnota, ókeypis, allt að einu sinni á ári. Yfirhöfn á tveggja ára fresti. Annað búningnum tilheyrandi, svo sem skyrtur, skó o. þ. h. skal starfsmaður kaupa sjálfur.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 119 28. des. 1950, um stjórn flugmála, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 16. október 1952.

Björn Ólafsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

205

um breyting á reglugerð nr. 96/1950 um breyting á reglum um starfrækslu og starfsmenn landssímans.

17. okt.

1. gr.

Aftan við a-lið 1. gr. komi ný setning, svohljóðandi:

Þó skal hinn reglulegi starfstími þeirra, sem annast gæzlu í veljarasal sjálfvirku stöðvarinnar í Reykjavík og á Akureyri, vera innan tímabilsins kl. 0800—1800, og gildir það frá 1. janúar 1951.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Póst- og simamálaráðherrann, 17. október 1952.

Björn Ólafsson.

G. Briem.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Menningarsjóð Önnu Ingibjargar Eyjólfsdóttur og Eriks Alfreds Johanson frá Flateyri“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 17. október 1952.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð Önnu Ingibjargar Eyjólfsdóttur og Eriks Alfreds Johanson frá Flateyri.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Menningarsjóður Önnu og Alfreds.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Önnu Ingibjörgu Eyjólfsdóttur og Erik Alfred Johanson, Flateyri, með erfðaskrá undirritaðri 27. september 1948.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er andvirði eigna þeirra kr. 93 940.29.
Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í íslenskum ríkisskuldabréfum eða í Landsbanka Íslands.

5. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 100 000.00, má veita úr honum styrki, er nemi allt að $\frac{3}{4}$ ársvaxta. Þegar sjóðurinn hefur náð kr. 150 000.00, má veita úr honum styrki, er nemi allt að sömu upphæð og vaxtatekjur sjóðsins. Falli styrkveiting niður eitthvert ár má næsta ár á eftir veita styrki, er nemi allt að $1\frac{1}{2}$ ársvöxtum.

Sá hluti vaxtanna, sem ekki er veittur sem styrkur, skal leggjast við höfuðstól.

6. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja til fullnaðarnáms unga, reglusama og efnilega húsgagnasmiði, er lokið hafa sveinsprófi og ætla að gera þá iðn að ævistarfi. Einnig ungar stúlkur, er vilja fullnuma sig í vefnaði.

Styrkir veitast aðeins Önfirðingum og miðast við það, að styrkþegi stundi nám við „Svenska Hantverks Institutén“ í Stokkhólmi og að því námi loknu minnst eitt ár í sömu iðn við sænskt iðnfyrirtæki.

7. gr.

Styrkur má nema allt að náms- og dvalarkostnaði svo og ferðakostnaði.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum: Elzta syni Jóns Eyjólfssonar á Flateyri og síðan afkomendum hans. Skal hann vera formaður sjóðstjórnar. Annar sé tilnefndur af Landssambandi íslenskra iðnaðarmanna og hinn þriðji af atvinnu- málaráðherra.

Stjórnin skal halda gerðabók fyrir sjóðinn, varðveita eignir hans og úthluta styrkjum.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikninga sjóðsins skal árlega senda sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu til endurskoðunar.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Skrifstofu Ísafjarðarsýslu, 18. apríl 1952.

F. h. dánarbúsins.

Jóh. Gunnar Ólafsson.

(L. S.)

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Líknarsjóð Áslaugar Maack“, út- 207
gefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. okt. 1952. 22. okt.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Líknarsjóð Áslaugar Maack.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Líknarsjóður Áslaugar Maack.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Kvenfélagi Kópavogshrepps, til minningar um Áslaugu Maack, sem var fyrsti formaður félagsins.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1000.00 — þúsund krónur —. Sjóðinn skal ávaxta á tryggan hátt, t. d. í sparisjóði eða banka.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja, eftir því sem ástæður leyfa, fjölskyldur eða einstaklinga, sem vegna veikinda þurfa á hjálp að halda.

5. gr.

Höfuðstólinn, kr. 1000.00, má aldrei skerða, en vexti af höfuðstól og aðrar tekjur sem sjóðnum kunna að áskotnast, má nota jafnóðum.

6. gr.

Sjóðnum skal afla tekna með sölu á minningarspjöldum, áheitum og enn fremur með því að hafa fjáröflunardag árlega á fæðingardegi Áslaugar Maack, hinn 29. janúar.

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega, ásamt reikningum félagsins.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa 5 konur úr Kvenfélagi Kópavogshrepps, sem kosnar eru árlega á aðalfundi.

9. gr.

Leysist Kvenfélag Kópavogshrepps upp og hætti að starfa, skal hreppsnefnd Kópavogshrepps kjósa árlega 5 konur í sjóðsstjórnina.

10. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisvaldsins á skipulagsskrá þessari.

208 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðmundar Korts-
22. okt. sonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. okt. 1952.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðmundar Kortssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðmundar Kortssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með kr. 1000.00 af kirkjukór Kálfatjarnarsóknar 25. júlí 1952, til minningar um Guðmund Kortsson, Bræðraparti í Vogum á Vatnsleysuströnd, eins af stofnendum og ötulum stuðningsmanni kirkjukórsins meðan hans naut við. F. 25. júlí 1895, d. 20. maí 1951.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja ungt fólk í Vatnsleysustrandarhreppi til þess að læra söng og orgelleik.

4. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum, er leggjast skulu við höfuðstól hans.

5. gr.

Ekki má veita fé úr sjóðnum fyrr en höfuðstóll hans nemur kr. 10000.00 — tíu þúsund krónum —. Þann höfuðstól má aldrei skerða. Fjárveitingar úr sjóðnum og rekstur hans og stjórn skal annast nefnd, sem skipuð sé af kirkjukór Kálfatjarnarsóknar. Ef ekki er starfandi kirkjukór í hreppnum, skal sóknarnefnd Kálfatjarnarsóknar taka sjóðinn í sína vörzlu og stjórna honum samkvæmt skipulagsskrá þessari.

6. gr.

Nefndin haldi gerðabók um störf sín. Í hana skal færa skipulagsskrá þessa.

7. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands eða á öðrum tryggum stað. Styrk úr sjóðnum skal jafnan veita 25. júlí.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið, og skal sóknarprestur Kálfatjarnarsóknar vera sjálfkjörinn endurskoðandi reikninganna.

Vogum, 19. september 1952.

Stjórn kirkjukórs Kálfatjarnarsóknar.

Hulda Þorbjörnsdóttir,
formaður.

Katrín S. Ágústsdóttir,
ritari.

Helgi Davíðsson,
gjaldkeri.

Símon Kristjánsson.

Sigurjóna Jóhannsdóttir.

REGLUGERÐ

209

21. okt.

um gjald af nýreistum húsum í kaupstöðum og kaupþúnum til greiðslu kostnaðar vegna skipulagsmála.

1. gr.

Af hverri nýbyggingu, sem reist er í kaupstöðum þeim og kaupþúnum, sveitaþorpum eða orkuverum, þar sem skipulagsuppdráttur hefur verið staðfestur, eða þar sem byrjað er að vinna að skipulagsgerð, skal greiða 3% í eitt sinn af brunabótavirðing hverrar húseignar.

2. gr.

Nýbygging samkvæmt 1. gr. telst hvert nýreist hús, sem virt er til brunabóta, svo og viðbyggingar við eldri hús, ef virðingarverð hinnar nýju viðbyggingar nemur $\frac{1}{5}$ verðs eldra hússins.

3. gr.

Gjaldið skal greiða til lögreglustjóranna í því lögsagnarumdæmi, sem húsið er í, en í Reykjavík til tollstjóra. Það fellur í gjalddaga þegar brunabótavirðing fer fram og má taka það lögtaki.

Gera skal skil fyrir gjaldinu til ríkisféhirðis með skilagrein sem öðrum ríkis-sjóðstekjum.

4. gr.

Brunabótafélög og umboðsmenn þeirra skulu skriflega tilkynna innheimtumannni fjárhæð brunabótavirðingar nýreists húss þegar eftir að virðing hefur farið fram, og skulu þau veita honum greiðan aðgang að skjölum sínum og bókum um brunabótavirðingu nýreistra húsa.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 64 11. júní 1938, um breyting á lögum nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kaupþúna og sjávarþorpa, og kemur í stað reglugerðar nr. 97 5. ágúst 1938, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1953, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. október 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Jónas Guðmundsson.

REGLUGERÐ

210

28. okt.

um uppbætur á sparifé samkvæmt 13. gr. laga nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu o. s. frv.

1. gr.

Rétt til bóta á sparifé eiga einstaklingar, en ekki félög, stofnanir, sjóðir eða aðrir ópersónulegir aðilar.

2. gr.

Til sparifjár, sem bætur greiðast á samkvæmt 1. gr., telst fé, sem lagt hefur verið til ávöxtunar í banka, sparisjóði, innlánsdeildir samvinnufélaga og aðrar lánastofnanir, sem hafa fengið löggildingu hins opinbera sem slíkar og ávaxtað hafa fé með sparisjóðskjörum. Hins vegar skulu ekki greiddar bætur á innstæður í hlaupareikningum og öðrum hliðstæðum reikningum. Enn fremur skulu bætur

210 greiddar á innstæður einstaklinga í verzlunarreikningum, sem venjulegir innláns-
28. okt. vextir sparisjóða hafa verið greiddir af.

3. gr.

Það er skilyrði bótagreiðslu, að innstæða hafi verið talin fram til skatts á eigna-
framtali frá 31. desember 1941 til 31. desember 1945 og öll árin þar á milli samkvæmt
lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt. Innstæður einstaklinga í
verzlunarreikningum skulu ekki bættar, nema innstæðueigandi leggi fram yfirlýs-
ingu skattanefndar um innstæðuna og skattgreiðslu af henni.

4. gr.

Bætur verða því aðeins greiddar, að innstæðan hafi staðið inni óslitið frá árs-
lokum 1941 til júníloka 1946 til ávöxtunar í viðskiptastofnunum þeim, sem taldar
eru í 2. gr.

Réttur til bóta fellur ekki niður, þótt sparifé hafi verið flutt úr einum spari-
fjárreikningi í annan reikning sama einstaklings í sömu stofnun eða úr spari-
fjárreikningi í einni stofnun í sparifjárreikning í annarri stofnun, enda hafi flutn-
ingurinn ekki tekið meira en tvo daga, ef flutt er innan sama bæjarfélags, en
annars ekki meira en tvær vikur.

5. gr.

Bætur skulu því aðeins greiddar, að innstæðueigandi hafi verið á lífi við gildis-
töku laga nr. 22 19. marz 1950. Þó skal maka látins innstæðueiganda, foreldri hans
eða nið greiddar bætur á innstæðu, sem hefur gengið að erfðum til þeirra.

6. gr.

Heimilt skal að greiða bætur með ríkisskuldabréfum.

7. gr.

Landsbanki Íslands hefur með höndum framkvæmd úthlutunar bótanna.

8. gr.

Landsbanki Íslands skal gefa út innköllun til sparifjäreigenda og skulu þeir
hafa lýst kröfum sínum um bætur fyrir bankanum innan fjögurra mánaða frá
síðustu birtingu innköllunarinnar, að viðlögðum kröfumissi.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 13. gr. laga nr. 22 19. marz 1950, um
gengisskráningu o. s. frv., öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 28. október 1952.

Björn Ólafsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Ástriðar Þórarins- 211
dóttur frá Þykkvabæ“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. okt.
29. október 1952.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ástriðar Þórarinsdóttur frá Þykkvabæ.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ástriðar Þórarinsdóttur frá Þykkvabæ.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af eftirlátum eigum Ástriðar Þórarinsdóttur, samkvæmt arfleiðsluskrá hennar, dags. 18. des. 1939.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 25 321.89 — tuttugu og fimm þúsund þrjú hundruð tuttugu og ein 89/100.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en vöxtunum skal verja samkvæmt skipulagsskrá þessari eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnarinnar.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vernda og prýða heimagrafreitinn í Þykkvabæ I í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu.

6. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn: Sóknarpresturinn í Kirkjubæjarklaustursprestakalli, og skal hann vera formaður stjórnarinnar, oddviti Kirkjubæjarhrepps og ábúandi Þykkvabæjar I.

8. gr.

Stjórnin hefur á hendi reikningsfærslu sjóðsins. Reikningurinn nær yfir almanaksárið og skal árlega sendur endurskoðendum hreppsreikninga Kirkjubæjarhrepps til athugunar. Stjórnin heldur gerðabók og skulu í hana færðar allar fundargerðir, ályktanir og bréf, er hún ritar viðkomandi sjóðnum, svo og reikningar sjóðsins. Hún varðveitir og öll bréf hans og önnur skjöl, er hann snerta.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Kirkjubæjarklaustri, 10. okt. 1952.

Gísli Brynjólfsson.

Valgerður Helgadóttir.

Siggeir Lárusson.

212
7. nóv.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 133/1950, sbr. reglugerðir nr. 152/1951,
nr. 202/1951 og nr. 10/1952, um stóreignaskatt, samkvæmt
12. gr. laga nr. 22/1950.

1. gr.

Síðasta málsgr. 21. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Einnig geta skattgreiðandi og fjármálaráðherra, hvor um sig, skotið úrskurði
ríkisskattaneftndar til dómstóla, enda sé mál höfðað í síðasta lagi 15. nóvember 1952.

2. gr.

Með reglugerð þessari, sem öðlast þegar gildi, er felld úr gildi reglugerð nr.
10 28. jan. 1952.

Fjármálaráðuneytið, 7. nóvember 1952.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

213
31. okt.

AUGLÝSING

um breyting á kærufresti ríkisskattaneftndar.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 16 10. apríl 1946, um breyting á lögum nr. 6 9.
jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að á þessu ári
skuli kærufrestur til ríkisskattaneftndar út af tekju- og eignarskatti vera til 15. nóv-
ember n. k.

Fjármálaráðuneytið, 31. október 1952.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Kjartan Ragnars.

214

EFNAHAGSREIKNINGUR

Fiskveiðasjóðs Íslands 31. desember 1951.

Eignir:

1. Útlán	kr. 28070697.55
2. Skuldabréf ríkissjóðs	— 2687778.54
3. Vaxtabréf Skuldaskilasjóðs	— 1284250.00
4. Önnur verðbréf	— 526500.00
5. Viðskiptamenn	— 17450.93
6. Inneign í Útvegsbanka Íslands h.f.	— 5695638.52
	<hr/>
	Kr. 38282315.54
7. Styrktarlán	— 628000.00
8. Bankainnstæða Styrktarlánasjóðs	— 9580769.28
	<hr/>
	Kr. 48491084.82

Skuldir:

1. 3½% lán frá 1944	kr. 1200000.00
2. Viðskiptamenn	— 55207.70
3. Fyrir fram greiddir vextir	— 197128.80
4. Stofnsjóður	— 31250000.00
5. Varasjóður	— 2700000.00
6. Afskriftarreikningur	— 2700000.00
7. Yfirfært til næsta árs	— 179979.04

 Kr. 38282315.54

8. Stofnsjóður Styrktarlána	— 9580769.28
9. Jöfnunarsjóður Styrktarlána	— 628000.00

 Kr. 48491084.82

Reykjavík, 2. janúar 1952.

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

Helgi Guðmundsson. Valtýr Blöndal. Ásg. Ásgeirsson.

Eliás Halldórsson.

Reikning þennan höfum við endurskoðað og borið hann saman við bækur og skjöl sjóðsins, og ekkert fundið við hann að athuga.

*Einar Bjarnason.**Benedikt Sveinsson.*

REIKNINGAR LANDSBANKA ÍSLANDS

215

ÁRIÐ 1951.

I. SEÐLABANKINN

Efnahagur seðlabankans 31. desember 1951.

Eignir:

1. Gulleign	kr. 5731331.63
2. Inneign hjá erlendum bönkum*)	— 40276314.98
3. Erlend verðbréf*)	— 73344200.42
4. Víxlar og ávisanir til greiðslu erlendis	— 22018193.56
5. Erlend mynt	— 557156.86
6. Lán til ríkissjóðs vegna Alþjóðabankans og Alþjóðagjald- eyrissjóðsins	— 17116458.65
7. Skuldabréf ríkissjóðs vegna stofnlána útvegsins	— 22645000.00
8. Ríkissjóður, ýmsir reikningar	— 99269152.10
9. Ríkissjóður vegna vangreiddra afborgana af stofnlánadeildar- lánnum	— 574752.00
10. Skuld á millireikningum vegna Mótvirðissjóðs	— 11065012.78
11. Skuld erlendra viðskiptamanna í hlaupareikningi	— 186.52
12. Endurkeyptir víxlar:	
a. Frá sparisjóðsdeild Landsbankans	kr. 139000000.00
b. Frá Útvegsbanka Íslands h.f.	— 35770671.50
c. Aðrir víxlar	— 793151.91

 — 175563823.41

215 13.	Lán til innlendra banka og sparisjóða	kr.	12985269.05
14.	Reikningslán	—	1004176.17
15.	Greiddar, óinnleystar ábyrgðir	—	19339745.20
16.	Skuldir viðskiptamanna vegna ábyrgða	—	81741089.93
17.	Skuld stofnlánadeildarinnar	kr.	81056489.66
	Að viðbættri skuldbindingu ríkissjóðs vegna		
	vangreiddra afborgana A-lána	—	4613504.00
			<hr/>
		—	85669993.66
			1.00
18.	Bankabyggingar með búnaði	—	2709380.74
19.	Tékkar á innlenda banka	—	10952282.61
20.	Innlend verðbréf	—	5768129.29
21.	Skuld sparisjóðseildarinnar	—	74859.08
22.	Ýmsir skuldunautar	—	653914.55
23.	Ógreiddir vextir	—	215273.27
24.	Peningar í sjóði	—	
			<hr/>
			Kr. 689275697.46

*) Nýbyggingarreikningur í árslok 1951:

Dollara-gjaldeyrir	÷ kr.	50791297.00
Punda-gjaldeyrir	÷ —	132834690.00
		<hr/>
	÷ kr.	183625987.00

Skuldir:

1.	Seðlar í umferð	kr.	197555000.00
2.	Innlán banka og sparisjóða	—	6288343.17
3.	Innstæðufé í reikningslánum	—	401715.92
4.	Skuld við erlenda banka	—	51282274.21
5.	Inneign erlendra viðskiptamanna í erlendum gjaldeyri	—	29372.59
6.	Inneign erlendra viðskiptamanna í hlaupareikningi	—	17278192.34
7.	Mótvirðissjóður E.C.A. og E.P.U.	—	162872688.45
8.	Innstæða ríkissjóðs í hlaupareikningi	—	82793000.00
9.	Innstæða innlendra viðskiptamanna í hlaupareikningi	—	38910.39
10.	Ábyrgðir vegna viðskiptamanna	—	81741089.93
11.	Innheimt fé fyrir aðra	—	1181405.97
12.	Tilkynntir tékkar	—	257086.51
13.	Ýmsir skuldheimtumenn	—	5331516.98
14.	Fyrir fram greiddir vextir	—	1352222.65
15.	Stofnfé	—	4800000.00
16.	Varasjóður	—	4800000.00
17.	Afskriftareikningur	—	6000000.00
18.	Gengisreikningur	—	11988411.48
19.	Húsbyggingarsjóður	—	9500000.00
20.	Óráðstafaður tekjuafgangur:		
	a. Frá árinu 1950	kr.	753074.26
	b. Samkvæmt rekstrarreikningi 1951	—	12024835.69
			<hr/>
			kr. 12777909.95

Frá dregst:

a.	Vextir af stofnfé	kr.	180000.00
b.	Lagt í húsbyggingarsjóðs	—	1000000.00

c. Fært á afskriftareikning	kr. 1013443.08	
d. Lagt í varasjóð	— 1000000.00	
	<hr/>	kr. 12193443.08
		<hr/>
		kr. 584466.87
		<hr/>
		Kr. 689275697.46

LANDSBANKI ÍSLANDS, Reykjavík, 16. janúar 1952.

Framkvæmdastjórnin:

Jón G. Maríasson. Jón Árnason. Gunnar Viðar.

Svanbjörn Frimannsson.

Rekstrarreikningur seðlabankans árið 1951.

Gjöld:

1. Vaxtayfirtærsla frá fyrra ári	kr. 325637.94
2. Útborgaðir vextir á árinu	— 2226095.07
3. Kostnaður við rekstur bankans	— 5239855.73
4. Rekstrarhagnaður	— 12024835.69

Kr. 19816424.43

Tekjur:

1. Innborgaðir vextir og forvextir	kr. 14476687.23
Þar af tilheyrandi næsta ári	— 1352222.65
	<hr/>
	kr. 13124464.58
Ógreiddir vextir	— 653914.55
	<hr/>
2. Ýmsar tekjur	kr. 13778379.13
	— 6038045.30

Kr. 19816424.43

Framanritaðan efnahags- og rekstrarreikning höfum við endurskoðað og borið saman við bækur bankans, og er hann í samræmi við þær. Einnig höfum við á árinu sannreynt, að verðbréf og aðrar bókfærðar eignir eru fyrir hendi.

Guðbrandur Magnússon. Jón Kjartansson.

Með skírskotun til framanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda kvittar Landsbankanefndin fyrir reikninginn.

Reykjavík, 19. marz 1952.

Gunnar Thoroddsen,
forseti.

II. SPARISJÓÐSDEILDIN

Efnahagur sparisjóðsdeildarinnar ásamt útibúum bankans 31. desember 1951.

Eignir:

1. Bankavaxtabréf		kr. 14596793.20
2. Ríkissjóðsskuldabréf og önnur innlend verðbréf		— 112624050.42
3. Vixlar innlendir og ávísanir		— 284242533.70
4. Afborgunarlán:		
a. Fasteignaveðslán	kr. 8697814.55	
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	— 16939652.42	
c. Handveðslán	— 31220.00	
d. Lán veitt opinberum aðilum	— 2439515.00	
e. Búnaðarlánadeildarlán	— 500.00	
		— 28108701.97
5. Lán í hlaupareikningi		— 134853375.42
6. Reikningslán		— 2919539.39
7. Viðskiptalán		— 36285491.69
8. Inneign hjá erlendum bönkum		— 1018556.62
9. Erlend mynt		— 35861.14
10. Fasteignir:		
a. Bankahús og húsbúnaður	kr. 956076.00	
b. Aðrar fasteignir	— 454000.00	
		— 1410076.00
11. Ýmsir skuldunautar		— 943469.02
12. Ógreiddir vextir		— 2958059.21
13. Mismunur á færslum aðalbankans og útibúanna		— 3704094.96
14. Inneign hjá öðrum bönkum		— 47683.17
15. Peningar í sjóði		— 1028026.31

Kr. 624776312.22

Skuldir:

1. Innstæðufé í hlaupareikningi		kr. 121485898.71
2. Innstæðufé í reikningslánum		— 29050.12
3. Innstæðufé í viðskiptalánum		— 151348.49
4. Innstæðufé í sparisjóði		— 271016871.55
5. Innstæðufé gegn viðtökuskirteinum		— 9680728.34
6. Vixlar endurseldir seðlabankanum		— 139000000.00
7. Skuld við erlenda banka		— 43929.89
8. Skuld við seðlabankann		— 5768129.29
9. Inneign veðdeildarinnar		— 2204847.74
10. Ýmsir skuldheimtumenn		— 384518.84
11. Fyrir fram greiddir vextir		— 3664224.49
12. Varasjóður		— 35000000.00
13. Afskriftareikningur		— 31650000.00
14. Húsbyggingarsjóður útibúanna		— 3486479.34
15. Óráðstafaður tekjuafgangur:		
Frá árinu 1950	kr. 2316001.72	
Samkvæmt rekstrarreikningi 1951	— 15979348.34	

kr. 18295350.06

Frá dregst:

Lagt í varasjóð	kr. 8000000.00	
Fært á afskr.reikning	— 7170776.03	
Lagt í húsbýggingarsjóði		
útibúanna	— 1325989.14	
Afskr. af lánum og víxlum	— 588299.47	
		kr. 17085064.64
		kr. 1210285.42
		Kr. 624776312.22

LANDSBANKI ÍSLANDS, Reykjavík, 16. janúar 1952.

Framkvæmdastjórnin:

Jón G. Maríasson. Jón Árnason. Gunnar Viðar.

Svanbjörn Frimannsson.

Rekstrarreikningur sparisjóðsdeildarinnar ásamt útibúum bankans árið 1951.

Gjöld:

1. Vaxtaylorfærsla frá fyrra ári	kr. 546562.70
2. Útborgaðir vextir	— 17591111.08
3. Kostnaður við rekstur bankans	— 2838232.87
4. Fasteignarekstur	— 28063.67
5. Rekstrarhagnaður	— 15979348.34
	Kr. 36983318.66

Tekjur:

1. Innborgaðir vextir og forvextir á árinu	kr. 37035164.16
Þar af tilheyrandi næsta ári	— 3664224.49
	kr. 33370939.67
Ógreiddir vextir	— 2958059.21
2. Ýmsar tekjur	kr. 36328998.88
	— 654319.78
	Kr. 36983318.66

Framanritaðan efnahags- og rekstrarreikning höfum við endurskoðað og borið saman við bækur bankans, og er hann í samræmi við þær. Einnig höfum við á árinu sannreynt, að verðbréf og aðrar bókfærðar eignir bankans og útibúa hans eru fyrir hendi.

Guðbrandur Magnússon. Jón Kjartansson.

Með skírskotun til framanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda, kvittar Landsbankanefndin fyrir reikninginn.

Reykjavík, 19. marz 1952.

Gunnar Thoroddsen,
forseti.

Sundurliðun á efnahagsreikningi sparisjóðs-

		Sparisjóðsdeildin í Reykjavík	
		Kr. aur.	
A. Eignir:			
1.	Bankavaxtabréf	kr.	12977755.70
2.	Ríkissjóðsskuldabréf og önnur innlend verðbréf	—	100214530.69
3.	Vixlar innlendir og ávísanir	—	200463326.99
4.	Afborgunarlán:		
a.	Fasteignaveðslán	—	2156832.55
b.	Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	13341372.42
c.	Handveðslán	—	29500.00
d.	Lán veitt opinberum aðilum	—	262315.00
e.	Búnaðarlánadeildarlán	—	500.00
	Afborgunarlán alls	kr.	15790519.97
5.	Lán í hlaupareikningi	—	112905324.06
6.	Reikningslán	—	—
7.	Viðskiptalán	—	36285491.69
8.	Inneign hjá erlendum bönkum	—	—
9.	Erlend mynt	—	—
10.	Inneign hjá innlendum bönkum	—	—
11.	Inneign aðalbankans hjá Ísafjarðar-útibúinu	—	7894995.03
12.	Inneign aðalbankans hjá Akureyrar-útibúinu	—	18779254.45
13.	Inneign aðalbankans hjá Eskifjarðar-útibúinu	—	19086275.62
14.	Inneign aðalbankans hjá Selfoss-útibúinu	—	13700591.45
15.	Mismunur á færslum aðalbankans og útibúanna	—	3704094.96
16.	Bankahús og húsbúnaður	—	1.00
17.	Aðrar fasteignir	—	—
18.	Ýmsir skuldunautar	—	73943.06
19.	Ógreiddir vextir	—	2362838.19
20.	Peningar í sjóði	—	769858.85
			Kr. 545008801.71
B. Skuldir:			
1.	Innstæðufé í hlaupareikningi	kr.	109169000.24
2.	Innstæðufé í reikningslánnum	—	—
3.	Innstæðufé í viðskiptalánnum	—	151348.49
4.	Innstæðufé í sparisjóði	—	212875630.00
5.	Innstæðufé gegn viðtökuskírteinum	—	7030067.24
6.	Vixlar endurseldir seðlabankanum	—	139000000.00
7.	Skuld við erlenda banka	—	—
8.	Inneign seðlabankans	—	5768129.29
9.	Inneign veðdeildarinnar	—	2204847.74
10.	Skuld útibúa við aðalbankann	—	—
11.	Ýmsir skuldheimtumenn	—	158171.54
12.	Fyrir fram greiddir vextir	—	2314986.03
13.	Varasjóður	—	3500000.00
14.	Afskriftareikningur	—	3100000.00
15.	Húsbyggingarsjóður útibúanna	—	—
16.	Óráðstafaður tekjuafgangur	—	336621.14
			Kr. 545008801.71

deildarinnar ásamt útibúum 31. desember 1951.

215

Útibúið á Ísafirði		Útibúið á Akureyri		Útibúið á Eskifirði		Útibúið á Selfossi		
kr.	Kr. aur.	kr.	Kr. aur.	kr.	Kr. aur.	kr.	Kr. aur.	
kr. 176000.00		kr. 447957.50		kr. 40080.00		kr. 955000.00		1.
— 3768811.52		— 1579751.00		— 1034066.67		— 6026890.54		2.
— 15228678.19		— 30896342.55		— 21050401.37		— 16603784.60		3.
								4.
— 155090.00		— 3247310.00		— 926352.00		— 2212230.00		a.
— 17720.00		— 860550.00		— 1612300.00		— 1107710.00		b.
— —		— 1720.00		— —		— —		c.
— —		— 2177200.00		— —		— —		d.
— —		— —		— —		— —		e.
kr. 172810.00		kr. 6286780.00		kr. 2538652.00		kr. 3319940.00		
— 277830.39		— 4442737.08		— 2856862.58		— 14370621.31		5.
— 501411.90		— 2417681.80		— —		— 445.69		6.
— —		— —		— —		— —		7.
— 316889.88		— 474115.05		— 227551.69		— —		8.
— 7426.32		— 28434.82		— —		— —		9.
— —		— —		— 47683.17		— —		10.
— —		— —		— —		— —		11.
— —		— —		— —		— —		12.
— —		— —		— —		— —		13.
— —		— —		— —		— —		14.
— —		— —		— —		— —		15.
— 15000.00		— 726075.00		— 15000.00		— 200000.00		16.
— 65000.00		— 375000.00		— 14000.00		— —		17.
— 33269.68		— 735984.87		— 98461.76		— 1809.65		18.
— 259654.62		— 150439.00		— —		— 185127.40		19.
— 83529.50		— 34847.11		— 42092.82		— 97698.03		20.
kr. 20906312.00		kr. 48596145.78		kr. 27964852.06		kr. 41761317.22		
kr. 889347.19		kr. 6234542.30		kr. 3459293.34		kr. 1733715.64		1.
— 26959.82		— 2090.30		— —		— —		2.
— —		— —		— —		— —		3.
— 10451639.62		— 19434129.62		— 4253070.38		— 24002401.93		4.
— 417160.92		— 1446209.21		— 381406.51		— 405884.46		5.
— —		— —		— —		— —		6.
— —		— 43929.89		— —		— —		7.
— —		— —		— —		— —		8.
— —		— —		— —		— —		9.
— 7894995.03		— 18779254.45		— 19086275.62		— 13700591.45		10.
— —		— 226347.30		— —		— —		11.
— 198718.42		— 482457.99		— 90700.00		— 577362.05		12.
— —		— —		— —		— —		13.
— —		— 150000.00		— 500000.00		— —		14.
— 900000.00		— 1286479.34		— —		— 1300000.00		15.
— 127491.00		— 510705.38		— 194106.21		— 41361.69		16.
kr. 20906312.00		kr. 48596145.78		kr. 27964852.06		kr. 41761317.22		

215 **Rekstrarreikningur sparisjóðsdeildar bankans í Reykjavík árið 1951.**

Gjöld:

1. Vaxtaylorfærsla frá fyrra ári	kr. 1250189.15
2. Útborgaðir vextir	— 13807196.32
3. Kostnaður við rekstur sparisjóðsdeildarinnar og Austurb.útibús	— 1465692.46
4. Rekstrarhagnaður	— 14053317.27
	<hr/>
	Kr. 30576395.20

Tekjur:

1. Innborgaðir vextir og forvextir	kr. 29681989.14
Par af tilheyrandi næsta ári	— 2314986.03
	<hr/>
	kr. 27367003.11
Ógreiddir vextir	— 2362838.19
	<hr/>
	kr. 29729841.30
2. Ágóði af rekstri Akureyrar-útibús	— 425217.21
3. Ýmsar tekjur	— 421336.69
	<hr/>
	Kr. 30576395.20

Rekstrarreikningur útibúa bankans árið 1951.

	Útibúið á Ísafirði Kr. aur.	Útibúið á Akureyri Kr. aur.	Útibúið á Eskifirði Kr. aur.	Útibúið á Selfossi Kr. aur.
A. Gjöld:				
1. Vaxtaylorfærsla frá f. á. .	168648.62	75075.00	—	—
2. Útborgaðir vextir á árinu	635104.51	1395503.03	678166.86	1075140.36
3. Rekstrarkostnaður	292183.50	474339.63	277363.19	328654.09
4. Tap á rekstri fasteigna ..	—	—	28063.67	—
5. Rekstrarhagnaður	234434.26	875217.21	398642.28	842954.53
	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	Kr. 1330370.89	2820134.87	1382236.00	2246748.98
B. Tekjur:				
1. Vaxtaylorfærsla frá f. á. .	198602.96	367242.01	62800.00	318705.10
2. Innb. vextir og forv. á á.	1109318.25	2282840.77	1300731.57	1906266.99
3. Ýmsar tekjur	22449.68	170052.09	18704.43	21776.89
	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	Kr. 1330370.89	2820134.87	1382236.00	2246748.98

III. VEDDEILDIN

Efnahagur veðdeildarinnar 31. desember 1951.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánunum:	
4. flokkur	kr. 381849.03
5. —	— 355356.16
6. —	— 534572.24
7. —	— 804189.32
8. —	— 987108.87
9. —	— 1130211.91
10. —	— 2490751.80
11. —	— 2761354.38

12. flokkur	kr. 3014326.14	215
13. —	— 4266554.95	
14. —	— 4700759.52	
15. —	— 5054437.14	
16. —	— 6834612.81	
17. —	— 6103158.78	

 kr. 39419243.05

2. Verðbréfaeign:

4. flokkur	kr. 37500.00
7. —	— 1242.67
9. —	— 2500.00
12. —	— 50.00
15. —	— 350.00

 — 41642.67

3. Inneign hjá sparisjóðsdeildinni:

3. flokkur	kr. 30520.34
4. —	— 190658.46
9. —	— 58030.88
10. —	— 213412.59
11. —	— 151852.96
12. —	— 175331.53
13. —	— 429814.01
14. —	— 451849.16
15. —	— 434652.13
16. —	— 439672.90
17. —	— 213118.43

 — 2788913.39

4. Ógreiddir vextir og varasjóðstillög:

4. flokkur	kr. 11165.40
5. —	— 7171.38
6. —	— 12083.69
7. —	— 17966.07
8. —	— 24161.41
9. —	— 30828.94
10. —	— 57553.56
11. —	— 65095.21
12. —	— 79483.29
13. —	— 90099.03
14. —	— 114113.16
15. —	— 98430.77
16. —	— 119078.95
17. —	— 158092.87

 — 885323.73

5. Ýmislegt:

4. flokkur	kr. 2250.00
9. —	— 150.00

 — 2400.00

 Kr. 43137522.84

215

Skuldir:

1. Bankavaxtabréf í umferð:

3. flokkur	kr.	100.00
4. —	—	4100.00
7. —	—	279200.00
8. —	—	403000.00
9. —	—	919600.00
10. —	—	2295400.00
11. —	—	2673100.00
12. —	—	3030600.00
13. —	—	4537400.00
14. —	—	4992800.00
15. —	—	5345300.00
16. —	—	7101000.00
17. —	—	6225000.00

 kr. 37806600.00

2. Skuld við sparisjóðsdeildina:

5. flokkur	kr.	2416.77
6. —	—	169062.18
7. —	—	140956.35
8. —	—	271630.35

 — 584065.65

3. Ógreiddir vextir af bankavaxtabréfum:

3. flokkur	kr.	1687.50
4. —	—	4366.75
6. —	—	1787.50
7. —	—	9430.00
8. —	—	12642.50
9. —	—	31857.50
10. —	—	87720.00
11. —	—	101445.00
12. —	—	102885.00
13. —	—	107710.00
14. —	—	124208.00
15. —	—	123984.00
16. —	—	145240.00
17. —	—	163475.00

 — 1018438.75

4. Varasjóður:

3. flokkur	kr.	28732.84
4. —	—	614956.14
5. —	—	360110.77
6. —	—	375806.25
7. —	—	393811.71
8. —	—	323997.43
9. —	—	270264.23
10. —	—	378597.95
11. —	—	203757.55
12. —	—	135705.96
13. —	—	141357.99

14. flokkur	kr.	149713.84	215
15. —	—	118586.04	
16. —	—	147124.66	
17. —	—	85895.08	
			<hr/>	
			kr.	3728418.44
			<hr/>	
			Kr.	43137522.84

LANDSBANKI ÍSLANDS, Reykjavík, 16. janúar 1952.

Framkvæmdastjórnin:

Jón G. Mariasson. Jón Árnason. Gunnar Viðar.

Svanbjörn Frimannsson.

Framanritaðan reikning höfum við endurskoðað og horið saman við bækur bankans og ekkert fundið við hann að athuga.

Guðbrandur Magnússon. Jón Kjartansson.

Með skírskotun til framanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda kvittar Landsbankanefndin fyrir reikninginn.

Reykjavík, 19. marz 1952.

Gunnar Thoroddsen,
forseti.

Rekstrarreikningur veðdeildarinnar (3.—17. flokkur) 1951.

Gjöld:

1. Vextir af bankavaxtabréfum	kr.	1664649.00
2. Rekstrarkostnaður	—	209000.00
3. Vextir af skuld við Landsbankann	—	28099.28
4. Vextir af verðbréfum	—	—
5. Vextir af bréfum innl. sem aukaafborganir	—	1183.90
6. Rekstrarhagnaður	—	219095.06
			<hr/>
			Kr. 2122027.24

Tekjur:

1. Vextir af lánum	kr.	1724132.25
2. Til varasjóðs vegna rekstrarkostnaðar, ½% af lánum	—	193503.78
3. Dráttarvextir og próvision	—	59070.94
4. Vextir af verðbréfum	—	2773.17
5. Vextir af inneign hjá Landsbankanum	—	39609.16
6. Lántökugjald af nýjum lánum	—	14450.00
7. Vextir af útgefnum bankavaxtabréfum	—	12979.15
8. Vaxta- og teknaútgjaldayfirfærsla, nettó	—	75506.54
9. Endurgreiddir vaxtamiðar	—	2.25
			<hr/>
			Kr. 2122027.24

215

IV. STOFNLÁNADEILDIN

Efnahagur stofnlánadeildar sjávarútvegsins 31. desember 1951.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánnum:			
A-lán	kr.	78945500.00
B-lán	—	14844762.00
			kr. 93790262.00
2. Fyrir fram greiddir vextir af 3% skuldabréfum til 5 ára		kr.	443940.28
Frá dregst: Fært á rekstur 1951		—	397582.94
			— 46357.34
3. Ógreiddir vextir		—	656446.42
4. Verðbréf skuldaskilasjóðs		—	2168700.00
5. Ýmsir skuldunautar		—	374000.00
			Kr. 97035765.76

Skuldir:

1. Stofnlánadeildarbréf í umferð:			
a. 4% til 15 ára, 1946 nafnverð	kr.	2355500.00
b. 4% til 15 ára, 1949 nafnverð	—	849000.00
c. 3% til 5 ára (seld með vöxtum dregnum frá nafnverði), nafnverð	—	7217500.00
			kr. 10422000.00
2. Skuld við seðlabankann		kr.	81056489.66
Að viðbætti skuldbindingu ríkissjóðs vegna vangreiddra afborgana af A-lánnum 31. des. 1951		—	4613504.00
			— 85669993.66
3. Fyrir fram greiddir vextir		—	590826.40
4. Óinnleystir vaxtamiðar		—	94458.40
5. Óráðstafaður tekjuafgangur:			
Frá árinu 1950		kr.	158262.42
Samkvæmt rekstrarreikningi 1951		—	630917.10
			kr. 789179.52
Tap á ýmsum skuldunautum		—	530692.22
			— 258487.30
			Kr. 97035765.76

LANDSBANKI ÍSLANDS, Reykjavík, 16. janúar 1952.

Framkvæmdastjórnin:

Jón G. Mariasson. Jón Árnason. Gunnar Viðar.

Svanbjörn Frímansson.

Rekstrarreikningur stofnlánadeildar sjávarútvegsins árið 1951.

215

Gjöld:

1. Vaxtaylorfærsla frá fyrra ári	kr. 1219574.15
2. Áfallnir vextir af 3% skuldabréfum til 5 ára (vextir greiddir fyrir fram)	— 397582.94
3. Innleystir vaxtamiðar	— 149867.50
4. Vextir af skuld við seðlabankann	— 1990709.43
5. Kostnaður við rekstur deildarinnar	— 67629.92
6. Tekjuafgangur	— 630917.10

Kr. 4456281.04

Tekjur:

1. Innborgaðir vextir og dráttarvextir	kr. 4485119.42
Tilheyrandi næsta ári:	
Fyrir fram greiddir vextir af lánum	kr. 590826.40
Ógreiddir vaxtamiðar 31. des. 1951	— 94458.40
	<hr/>
	kr. 685284.80
Ógreiddir vextir	— 656446.42
	<hr/>
	— 28838.38

Kr. 4456281.04

Framanritaðan efnahags- og rekstrarreikning höfum við endurskoðað og borið saman við bækur bankans og ekkert fundið við hann að athuga.

Guðbrandur Magnússon. Jón Kjartansson.

Með skírskotun til framanritaðrar yfirlýsingar endurskoðenda kvittar Landsbankanefndin fyrir reikninginn.

Reykjavík, 19. marz 1952.

Gunnar Thoroddsen,
forseti.

E F N A H A G S R E I K N I N G U R

216

Iðnlánasjóðs 31. desember 1951.

Eignir:

1. Útlán 31. desember 1950	kr. 1500222.00
Veitt lán á árinu	— 811000.00
	<hr/>
	Kr. 2311222.00
Afborganir á árinu	— 343622.00
	<hr/>
	kr. 1967600.00
2. Innstæða í Útvegsbanka Íslands h.f.	— 436655.91
	<hr/>
	Kr. 2404255.91

216

Skuldir:

1. Stofnsjóður	kr. 2300000.00
2. Viðskiptamenn	— 290.73
3. Fyrir fram greiddir vextir	— 43965.18
4. Afskriftarreikningur	— 60000.00
	<hr/>

Kr. 2404255.91

Reykjavík, 2. janúar 1952.

IÐNLÁNASJÓÐUR

Elías Halldórsson. G. Halldórsson.

217

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs Sturlu Jónssonar árið 1950.

Tekjur:

1. Eftirstöðvar frá fyrra ári	kr. 52703.02
2. Vextir:	
a. Af skuldabréfi Sturlu Friðrikssonar	kr. 2500.00
b. Af bankainnstæðu	— 115.75
	<hr/>
	— 2615.75
	Samtals kr. 55318.77

Gjöld:

Í sjóði til næsta árs:	
1. Skuldabréf Sturlu Friðrikssonar	kr. 50000.00
2. Inneign í Landsbanka Íslands	— 5318.77
	<hr/>
	Samtals kr. 55318.77

Landlæknir, Reykjavík, 24. janúar 1951.

Vilm. Jónsson.

218

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs Sturlu Jónssonar árið 1951.

Tekjur:

1. Eftirstöðvar frá fyrra ári	kr. 55318.77
2. Vextir:	
a. Af skuldabréfi Sturlu Friðrikssonar	kr. 2500.00
b. Af bankainnstæðu	— 208.49
	<hr/>
	— 2708.49
	Samtals kr. 58027.26

Gjöld:

Í sjóði til næsta árs:	
1. Skuldabréf Sturlu Friðrikssonar	kr. 50000.00
2. Inneign í Landsbanka Íslands	— 8027.26
	<hr/>
	Samtals kr. 58027.26

Landlæknir, Reykjavík, 19. janúar 1952.

Vilm. Jónsson.

REGLUGERÐ

219

15. nóv.

fyrir Vatnsveitu Svalbarðseyrar.

1. gr.

Vatnsveita Svalbarðseyrar er fyrirtæki, sem Svalbarðsstrandarhreppur er eigandi að og rekur í þeim tilgangi, að fullnægja vatnsþörf heimila og fyrirtækja á Svalbarðseyri og nágrenni, eftir því sem við verður komið og nánar er fram tekið í reglugerð þessari. Vatnsveitan skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki undir nafninu: Vatnsveita Svalbarðseyrar.

2. gr.

Vatnsveita Svalbarðseyrar hefur einkarétt til sölu vatns á veitusvæðinu.

3. gr.

Hreppsnefnd Svalbarðsstrandarhrepps hefur æðsta vald í málefnum veitunnar, en framkvæmdarstörf, er veituna varða, getur hún falið öðrum, og heimilt er henni að ráða sérstakan umsjónarmann fyrir vatnsveituna, er hafi eftirlit með veitukerfinu og annist önnur þau störf í þágu vatnsveitunnar, sem hreppsnefnd felur honum.

4. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá aðalvatnsæð veitunnar, nema með leyfi hreppsnefndar og aðeins undir stjórn umsjónarmanns veitunnar eða annars, sem hreppsnefnd viðurkennir til þess.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða frá aðalæð í hús sín og annast viðhald þeirra. Gildir það jafnt um gamlar sem nýjar lagnir.

Skýlt er hverjum húseiganda að láta tafarlaust gera við vatnsæðar sínar, ef leki kemur að þeim.

Enginn má eyða vatni að óþörfu, né setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema leyfi hreppsnefndar komi til.

Óheimilt er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

5. gr.

Skýlt er þeim, sem nota vatn frá vatnsveitunni, að fara eftir fyrirmælum umsjónarmanns veitunnar um efni, lagningu og viðhald vatnsæða sinna, og annað það, sem lýtur að vatnslögnum í og við hús þeirra.

Heimilt er umsjónarmanni vatnsveitunnar að fara um hús og lóðir vatnsnotenda til að athuga vatnslagnir og gera þær ráðstafanir í þágu veitunnar, sem hann telur nauðsynlegar. Loka má fyrir vatn meðan hreinsun eða viðgerð fer fram á geymum eða æðum vatnsveitunnar, enda skal slíkt tilkynnt fyrir fram, ef þess er kostur.

6. gr.

Af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem eru sérmetnar til fasteignamats og vatni er veitt í eða úr næst til vatnsæða, skal greiða vatnsskatt, sem nemur 2% af fasteignamatsverðinu árlega. Þó skal lágmark skattsins vera kr. 320.00 fyrir hvert hús. Auk þess skal greiða árlega fastagjald, kr. 150.00 af hverri húseign. Séu fleiri en ein íbúð í sömu húseign, greiðist árlega kr. 100.00 af hverri íbúð, sem fram yfir er.

- 219 Af húsum, sem að dómi hreppsnefndar nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnureksturs, sem útheimtir mikið vatn, skal greiða skatt, sem ákveðinn verður með samningi við hlutaðeigendur.

7. gr.

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða sem hér segir:

a.	Fyrir vatn í steypu, af hverri notaðri sementstunnu	kr.	0.50
b.	— þvott á bifreiðum, í hvert skipti	—	5.00
c.	— hvern nautgrip, sem inni stendur, árgjald	—	10.00
d.	— hvert hross, sem inni stendur, árgjald	—	5.00
e.	— vatnshana í fjárhúsi, ár hvert	—	20.00
f.	— hvern kjötskrokk í sláturhúsi	—	0.60
g.	— hvern slátraðan stórgrip í sláturhúsi	—	6.00
h.	— hverja tunnu kverkaðrar síldar eða matjessíldar	—	0.50
i.	— hverja tunnu sérverkaðrar síldar (hausskorinnar)	—	1.00
j.	— hverja tunnu flakaðrar síldar	—	2.00
k.	— hver 100 kg af söltuðum, ísuðum eða frystum fiski	—	0.40
l.	— hverja tunnu af söltuðum, flökuðum fiski	—	0.60
m.	— fiskþvott, hvert tonn	—	2.00
n.	— hverja tunnu af frystri síld (beitusíld)	—	1.50
o.	— hvert tonn af frystum ís	—	10.00

Fyrir vatn til skipa er gjald kr. 30.00 fyrir hverja smálest. Ef um vatnskaup í stórum stíl er að ræða, er hreppsnefnd heimilt að veita afslátt. Fyrir önnur vatnsnot, sem hér hafa verið nefnd, skal greiða eftir samkomulagi við hreppsnefnd.

8. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að breyta vatnsgjöldum samkvæmt reglugerð þessari um allt að 50% til hækkunar eða lækkunar, bæði í heild og einstökum liðum, fyrir eitt ár í senn.

9. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 15. júlí og 15. október ár hvert, en af vatni til atvinnureksturs við lok hvers mánaðar. Greiðist vatnsskattur ekki á réttum gjalddaga, falla á hann dráttarvextir. Hreppsnefnd hefur á hendi reikningshald og innheimtu vatnsveitunnar.

Reikningsárið er almanaksárið og skulu reikningar vatnsveitunnar endurskoðaðir með reikningum hreppsins ár hvert.

10. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000.00, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Svalbarðsstrandarhrepps hefur samið og samþykkt og gerð er samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. nóvember 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Jónas Guðmundsson.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1952.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 105 24. des. 1951, um breyting á lögum nr. 117/1950, um breyting á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á lögum nr. 9/1951, um breyting á þeim lögum, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 11. júlí 1952, nr. 59.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 115/1936, um þingsköp Alþingis, undirskrifuð af forsetanum 12. september 1952, nr. 60.

Auglýsing um samning um fjarskipti milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, undirskrifuð af utanríkisráðherra 28. október 1952, nr. 61.

Auglýsing um samning um talsmaviðskipti milli Íslands annars vegar og Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar hins vegar, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 62.

Auglýsing um aðild Íslands að samþykkt alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 91, um orlof með launum fyrir farmenn, undirskrifuð af utanríkisráðherra 3. nóvember 1952, nr. 63.

Auglýsing um aðild Íslands að samþykkt alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 98, um beitingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félög og semja sam- eiginlega, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 64.

Samþykkt fyrir Iðnaðarbanka Íslands h.f., undirskrifuð af samgöngumálaráðherra 6. nóvember 1952, nr. 65.

Reglugerð fyrir Iðnaðarbanka Íslands h.f., undirskrifuð af samgöngumálaráðherra sama dag, nr. 66.

Lög um manntal 16. okt. 1952, undirskrifuð af forsetanum 11. nóvember 1952, nr. 67.

Lög um afnám laga nr. 41 26. okt. 1917, um breyting á lögum nr. 30 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 68.

Lög um breyting á lögum nr. 84 1940, um tekjuöflun til íþróttasjóðs, undirskrifuð af forsetanum 12. nóvember 1952, nr. 69.

Lög um breyting á lögum nr. 105 1951, um breyting á lögum nr. 117 1950, um breyting á lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á lögum nr. 9 1951, um breyting á þeim lögum, undirskrifuð af forsetanum 17. nóvember 1952, nr. 70.

Auglýsing um kjör forseta Íslands, undirskrifuð af forsætisráðherra 8. október 1952, nr. 71.

Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 95 5. nóv. 1942 fyrir lærdómsdeild Verzlunarskóla Íslands, undirskrifuð af menntamálaráðherra 19. nóvember 1952, nr. 72.

Lög um tilkynningar aðsetursskipta, undirskrifuð af forsetanum 25. nóvember 1952, nr. 73.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku í Alþjóðabankanum í Washington vegna Sogs- og Laxárvirkjana, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 74.

Lög um breyting á lögum nr. 73 19. júní 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 75.

Lög um breyting á lögum nr. 13 16. marz 1949, um vöruhappdrætti fyrir Samband islenzkra berklasjúklinga, undirskrifuð af forsetanum 26. nóvember 1952, nr. 76.

Auglýsing um viðskiptasamkomulag og greiðslusamning milli Íslands og Austurríkis, undirskrifuð af utanríkisráðherra 29. nóvember 1952, nr. 77.

Auglýsing um bettukjarasamning við Ástralíu, undirskrifuð af utanríkisráðherra 2. desember 1952, nr. 78.

- Lög um breyting á ábúðarlögum, nr. 8 5. febr. 1951, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 79.*
- Auglýsing um breytingar á viðskiptasamkomulagi við Pólland, undirskrifuð af utanríkisráðherra 6. desember 1952, nr. 80.*
- Lög um breyting á lögum nr. 44 5. apríl 1948, um visindalega verndun fiskimiða landgrunnins, undirskrifuð af forsetanum 8. desember 1952, nr. 81.*
- Lög um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 82.*
- Lög um breyting á lögum nr. 82 5. júní 1947, um Matsveina- og veitingahjónaskóla, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 83.*
- Lög um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátautvegsins, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 84.*
- Auglýsing um gildistöku alþjóðasamnings um öryggi mannlífa á hafinu, undirskrifuð af utanríkisráðherra 12. desember 1952, nr. 85.*
- Auglýsing um að Ísland hafi sagt upp alþjóðasamningnum um öryggi á sjó, sem gerður var í London 31. maí 1929, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 86.*
- Lög um breyting á lögum nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík, undirskrifuð af forsetanum 15. desember 1952, nr. 87.*
- Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna byggingar áburðarverksmiðju, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 88.*
- Lög um breyting á lögum nr. 49 7. maí 1946, um húsmæðrafræðslu, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 89.*
- Lög um breyting á lögum nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 90.*
- Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 91.*
- Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku handa stofnlánadeildum Búnaðarbanka Íslands, Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 92.*
- Lög um breyting á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 93.*
- Lög um breyting á lögum nr. 37/1944, um laun forseta Íslands, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 94.*
- Lög um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, undirskrifuð af forsetanum 17. desember 1952, nr. 95.*
- Auglýsing um framlengingu viðskiptasamkomulags milli Íslands og Frakklands, undirskrifuð af utanríkisráðherra 10. desember 1952, nr. 96.*
- Lög um heimild handa ríkisstjórninni til öflunar lánsfjár til smáibúðabygginga, undirskrifuð af forsetanum 22. desember 1952, nr. 97.*
- Lög um eignarnámsheimild á hluta úr jörðinni Breiðuvík í Rauðasandshreppi í Vestur-Barðastrandarrýslu, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 98.*
- Lög um breyting á lögum nr. 115/1936, um þingsköp Alþingis, undirskrifuð af forsetanum 23. desember 1952, nr. 99.*
- Lög um islenzkan ríkisborgararétt, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 100.*
- Lög um breyting á lögum nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 101.*
- Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1953 með viðauka, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 102.*
- Lög um breyting á lögum nr. 61/1947, um váttryggingarfélög fyrir fiskiskip, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 103.*

Lög um ábyrgð rikissjóðs vegna viðskipta við lönd, sem verzla á jafnvirðis- og vöruskiptagrundvelli, undirskrifuð af forsetanum 27. desember 1952, nr. 104.

Lög um bráðabirgðaffárgreiðslur úr rikissjóði á árinu 1953, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 105.

Lög um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtiðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 106.

Lög um breyting á lögum nr. 7/1930, um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 107.

Lög um tekjuskattviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 108.

Lög um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 109.

Lög um eignarnám jarðarinnar Svinadals í Kelduneshreppi í Norður-Pingeyjarsýslu, undirskrifuð af forsetanum 29. desember 1952, nr. 110.

Lög um heimild fyrir rikisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1953, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 111.

Lög um breyting á lögum nr. 1 12. jan. 1952, um breyting á lögum nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 112.

Lög um lausn itaka af jörðum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 113.

Lög um breyting á lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 114.

Auglýsing um gildistöku laga nr. 26 18. febrúar 1943, um breyting á áfengis- lögum, nr. 33 9. jan. 1935, undirskrifuð af dómsmálaráðherra 17. desember 1952, nr. 115.

SAMÞYKKT

220

12. nóv.

um lokun sölubúða í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Öllum sölubúðum kaupmanna og kaupfélaga, og annarra verzlunarfyrirtækja í Vestmannaeyjum, skal lokað í samræmi við ákvæði þau, sem eru í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga skulu sölubúðir vera lokaðar frá kl. 6 síðdegis til kl. 9 árdegis, nema laugardaga skal þeim lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis, og á tímabilinu frá 1. maí til 30. september skal þeim lokað eigi síðar en kl. 12 á hádegis, þó með þeim undantekningum, sem nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 2 síðdegis. Síðustu 2 virka daga fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa sölubúðir opnar til miðnættis.

3. gr.

Búðir, sem eingöngu verzla með brauð og mjólk, skulu lokaðar frá kl. 6 síðdegis til kl. 9 árdegis alla daga nema á laugardögum skal þeim lokað ekki seinna en kl. 4 síðdegis og á sunnudögum ekki seinna en kl. 5 síðdegis.

4. gr.

Á helgidögum þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 17. júní og „þjóðhátíðardag Vestmannaeyja“, mega engar sölubúðir vera opnar nema þær, er getur um í 3. gr.

220

12. nóv.

Á lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja í sölubúðum, á strætum, torgum eða annars staðar utan sölubúða, nema úr sjálfsöllum, nokkurn þann varning, sem verzlunarleyfi þarf til að selja. Heimilt er þó, að selja á þeim tíma vistir, kol, olíu og aðrar nauðsynjar til skipa og báta, ef nauðsyn krefur.

5. gr.

6. gr.

Menn, sem komnir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er, þó eigi lengur en í hálf tíma.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðaskyni, eða til ágóða fyrir stofnanir eða vegna fyrirtækja, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

8. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 100 til 1000 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð.

Mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar samkv. lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru úr gildi felldar samþykktir um lokunartíma sölubúða í Vestmannaeyjum, nr. 18 12. apríl 1921, og nr. 39 1. júní 1938.

Félagsmálaráðuneytið, 12. nóvember 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón S. Ólafsson.

221 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Fanneyjar Sigur-
17. nóv. geirsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 17. nóv. 1952.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Fanneyjar Sigurgeirsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Fanneyjar Sigurgeirsdóttur, og er stofnaður með 1500 króna minningargjöf um hana frá foreldrum hennar, pípulagningameistara Sigurgeir Finnssyni og Þuríði Halldórsdóttur, og eiginmanni hennar Kristbirni Tryggvasyni lækni.

2. gr.

Stjórn sjóðsins skipa á hverjum tíma sömu menn og sitja í stjórn Dýraverndunarfélags Íslands. Handbært fé sjóðsins skal geymt í Landsbanka Íslands.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að því, að komið verði upp hæli fyrir vanhirt og veik dýr í Reykjavík og standa eftir megni straum af rekstri slíks hælís, og getur stjórn Dýraverndunarfélags Íslands í því skyni, hvenær sem henni þykir heppilegt, veitt lán úr sjóðnum til byggingar eða kaupa á hentugu húsi fyrir hélið, eða til hvers konar endurbóta á hælínu síðar meir, enda sé hélið eign Dýraverndunarfélags Íslands og í þess umsjá.

221

17. nóv.

4. gr.

Gjafir, er sjóðnum kunna að áskotnast, skulu leggjast við höfuðstólinn óskertar. Þegar hælínu hefur verið komið upp, skal öllum ársvöxtum af sjóðnum varið til reksturs þess, en þangað til leggjast þeir óskertir við höfuðstólinn.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal birta reikninga sjóðsins á hverju ári í „Dýraverndaranum“.

Reykjavík, 20. marz 1942.

Kristbjörn Tryggvason. Þuríður Halldórsdóttir. Sigurgeir Finnsson.

Samþykkjum skipulagsskrána

Stjórn Dýraverndunarfélags Íslands

Þór. Kristjánsson, L. C. Magnússon, Ólafur Ólafsson,
formaður. ritari. gjaldkeri.

B. Gunnlaugsson. Sigurður Gíslason.

L Ö G R E G L U S A M Þ Y K K T

fyrir Húsavíkurkaupstað.

222

24. nóv.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot eða óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina, eða til óþæginda fyrir vegfarendur. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almennigur fer um eða ætlað er til almenningsafnota, svo sem leikvelli, sölutorg, bryggjur, bólvirki o. s. frv. Um veitingastaði, almennar knattborðsstofur, afgreiðslusvæði bifreiða o. þ. h., kvikmyndahús, leikhús og önnur samkomuhús gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annarra samkomuhúsa, eða annarra staða, þar sem almennigur kemur saman, skal fólk raða sér þannig, að þeir, sem fyrstir koma, fái fyrst afgreiðslu, og haga sér í öllu eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til að varðveita góða reglu.

222

24. nóv.

3. gr.
 Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, kalla, blistra, syngja hátt né hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi háttarlag, sem raskar allsherjarreglu, eða ónáða vegfarendur, viðstadda eða þá, sem búa í nágrenninu.

4. gr.

Bannað er að hafast nokkuð það að, sem raskar næturró manna, og enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast neitt það að, sem veldur ónæði.

5. gr.

Á götum bæjarins, eða þar, sem hætta getur stafað af, má ekki leika knattleik, paradís, feluleik, stikk eða klink, gera rennibrautir, renna sér á skautum eða sleðum, eða hafa um hönd skemmtanir eða leiki, sem hindra umferðina. Sömuleiðis er bannað að hanga utan á vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um göturnar, eða festa við þá sleða, handvagn eða annað, er til óþæginda getur orðið.

6. gr.

Eigi má skjóta af byssum, skammbyssum, lyklabyssum, örvabogum eða öðrum skotvopnum á almannafæri. Á almannafæri má ekki kveikja í púðri, skoteldum eða sprengiefnum. Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á, svo sem um áramót, og séu leyfin bundin við tiltekin svæði. Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkja má aðeins gera með sérstöku samþykki lögreglustjóra og beri verkstjóri og sá, sem verkið lætur vinna, ábyrgð á að allrar varúðar sé gætt. Hlaðnar byssur má ekki bera um götur bæjarins eða annars staðar á almannafæri. Byssur skal alltaf bera þannig, að opið viti upp.

7. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, eða í búningi, sem misbýður vel-sæmi eða getur raskað allsherjarreglu. Sömuleiðis er bannað að sýna af sér hneykslanlega hegðun, t. d. með því að ávarpa menn ókurteisum orðum eða ósæmilegum, vera áberandi ölvaður, eða með því að sýna af sér þar ósæmilegt látbragð, svo sem fletta sig klæðum, gera þarfir sínar o. s. frv.

8. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn við bryggjur bæjarins eða annars staðar svo nærri landi eða skipum á höfninni, að hneyksli valdi.

9. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

10. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglumanna, er þeir gefa til þess að stjórna umferð, eða halda uppi góðri reglu á almannafæri. Ef nauðsyn ber til, getur lögreglan krafist sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga þeir á fullum bótum úr bæjarsjóði fyrir tjón, sem þeir kunna að bíða við það á fatnaði eða limum, en bæjarsjóður á aðgang að þeim seka.

II. KAFLI

222

Ákvarðanir til þess að afstýra tálmunum eða hættum fyrir umferðina.

24. nóv.

11. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum bæjarins. Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu leyti, nema hann hafi til þess fengið leyfi slökkviliðsstjóra. Enginn má raska eða skemma rafmagnsleiðslur eða síma. Enginn má grafa niður á eða dýpka skólp eða vatnsæðar bæjarins nema með leyfi byggingarfulltrúa eða bæjarstjóra.

Brot gegn þessari grein varða sektum, sem ekki séu lægri en 200 kr.

12. gr.

Utan sölubúða er sala á hvers konar varningi bönnuð, nema bæjarstjórnin veiti sérstaka undanþágu frá því, en þó má enginn selja vörur né reka atvinnu, þar sem það tálmar umferð. Heimilt er að selja blöð og bæklinga á götum bæjarins nema slíkt komi í bága við ákvarðanir barnaverndarnefndar, landslög eða sérstakar bæjarsamþykktir. Bannað er sölumönnum að gera vart við sig með ópum, köllum eða söng frá náttmálum til dagmála.

13. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi má enginn láta fyrirberast á húslóðum, húsriðum, húsbökum, girðingum, í garðshliðum eða á stöðum, þar sem gengið er í hús eða á húslóðir, eða fara inn í hýbýli hans í söluerindum. Auk þess getur lögreglan bannað mönnum að hafast við á þessum slóðum, ef hún telur að það geti valdið óþægindum eða hættu.

14. gr.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það, er tálmar umferðina. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur eða sleðar mega ekki standa á götum lengur en nauðsyn er til að fylla þá eða tæma og aldrei á gangstéttum. Bæjarstjórn ákveður í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum standa megi vagnar eða bifreiðar, sem eru notaðar til fólks- eða vöruflutninga, og setur sérstakar reglur þar að lútandi. Má í þeim reglum ákveða gjald í bæjarsjóð fyrir bifreiðastæði.

15. gr.

Á almannafæri má ekki vinna neina þá vinnu, er hindrar umferðina eða gerir hana hættulega, t. d. telgja við, höggva grjót, járna hesta, gera við bifreiðar, reiðhjól eða því um líkt. Á almannafæri og veggsvölum eða í gluggum, sem vita að almannafæri, má ekki hrista gólfábreiður, viðra nærföt, hengja föt til þerris eða þess konar.

16. gr.

Enginn má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, hálmi, ávaxtahýði, pappírsrusli eða þess konar á almannafæri, né heldur skvetta þar vatni eða öðru, sem haft getur í för með sér hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur.

Á götur eða í göturæsi má ekki hella gólfskólpi né öðrum óhreinindum, sem saurga götuna.

17. gr.

Enginn má gera skurð í gangstéttir, götur eða torg bæjarins né raska þeim á annan hátt, nema hann hafi til þess heimild byggingarfulltrúa og samþykki bæjarstjóra, enda setji hann aftur í samt lag það, sem raskað var. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur

222 séu aðvaraðir um farartálmana með nægilega greinilegum ljósum, sem loga skulu frá því dimma tekur til þess að hjart er að morgni. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri þær ráðstafanir, sem hann telur þurfa til að afsýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götuna að nokkru eða öllu leyti meðan á verkinu stendur, eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skuli hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram, eftir að byrjað er á því, getur lögreglustjóri látið ljúka því, eða setja götuna í samt lag aftur á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma.

18. gr.

Þegar nýtt hús er byggt eða eldra hús rifið og byggt upp að nokkru eða öllu leyti, er eiganda eða þeim, sem sér um verkið, ef húsið liggur við almannafæri, skylt að skýra lögreglunni frá áður en verkið byrjar og sanna fyrir henni heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirætlum, sem lögreglustjóri setur, til að afstýra farartálma og hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og eigi má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, mól, leifar af verkefni og annað, sem af byggingunni stafar, skal eigandi færa burt, er húsagerðinni er svo langt komið, að því verði við komið. Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða farartálma, skal taka burtu þegar í stað, þegar lögreglan krefst þess.

Nú brennur hús eða mannvirki eða það er tekið burtu, án þess að annað sé gert í staðinn, og er þá eiganda skylt að ganga svo frá hússtaðinu, að ekki stafi hætta, óþrifnaður né óþrýði af.

19. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður þess konar, sem notaður er við húsa-smíðar, skal vera nægilega traustur, og þeir, sem nota hann, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn. Á slíkum pöllum utanverðum skal vera að minnsta kosti 20 cm há brik og handrið eða reipi í brjósthæð. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott og þess konar, skulu vera nægilega traustir og kjálkarnir búnir járngöddum að neðan, ef stiginn er meira en 4 m langur. Við fjölfarnar götur getur lögreglustjóri fyrirskipað, að vörður standi við stiga meðan á verkinu stendur. Lausir stigar mega ekki standa við húsveggi á almannafæri eftir að dimmt er orðið.

Brot á þessari samþykkt er á ábyrgð þess, sem verkið annast, eða ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð húseigenda.

20. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við að það hrynji, eða einhver hluti þess, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigendur þess að rífa það eða endurbæta það, svo sem þörf gerist til að afstýra hættu, innan ákveðins tíma. Enn fremur getur lögreglustjóri, á kostnað eiganda, gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir vegfarendur eða aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trévegg eða annarri girðingu liggur við hruni eða falli.

21. gr.

Vindur og önnur áhöld, sem notaðar eru til að hefja upp eða renna niður vörum úr húsum, sem liggja að almannafæri, skulu vera nægilega traustar, og þeir, sem nota þær, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn.

22. gr.

222

Um þakrennur og rennsli frá húsi í göturæsin eða rennurnar skal svo um búíð sem fyrir er mælt í byggingarsamþykkt kaupstaðarins, og er húseiganda skylt að halda hvoru tveggja vel við.

24. nóv.

III. KAFLI

Umferðarreglur.

23. gr.

Umferð um götur bæjarins skal fara fram eftir reglum þeim, sem settar eru í umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941, nema öðruvísi sé fyrir mælt í þessari samþykkt.

24. gr.

Vegfarendum er skylt að sýna fyllstu nærgætni gagnvart öðrum vegfarendum, einkum þegar farið er yfir þvera götu, við vegamót og þar sem viðvörunarmerki eru sett. Þeim er skylt að haga sér tafarlaust eftir fyrirmælum, sem lögreglan gefur um umferðina, og þar á meðal nema staðar samstundis og lögreglan gefur stöðvunarmerki.

25. gr.

Lögreglustjóri ákveður gerð umferðarmerkja, hvernig þeim skuli komið fyrir og þýðingu þeirra. Skal lögreglustjóri gefa út nauðsynlegar skýringar á umferðarmerkjum, og skulu þær birtar í Lögbirtingablaðinu, en auglýsingu þeirra hagar hann að öðru leyti eftir því, sem hann telur þörf.

Allir vegfarendur skulu samstundis víkja úr vegi fyrir bifreiðum slökkviliðsins, sjúkrabifreiðum og bifreiðum lögreglunnar, enda gefi þær auðkennd hljóðmerki.

26. gr.

Stéttir meðfram götum eru eingöngu ætlaðar gangandi mönnum. Eftir þeim má ekki fara með sleða, reiðhjól, hjólbörur, vagna né önnur aktól, nema barnavagna, og eigi bera, draga eða velta eða á annan hátt flytja með sér fyrirferðarmikla hluti, svo sem tunnur, hey eða annað, sem tálmar umferðina. Ljái, gadda-hrífur eða skotvopn og aðra hluti, sem tjón getur hlotizt af, má aðeins flytja eftir götunni sjálfri, og skal svo um búíð, að eigi stafi hætta af þeim.

27. gr.

Við gangbrautir og vegamót skulu bifreiðarstjórar, hjólreiðamenn og aðrir ökumenn gæta sérstakrar varkárni og nærgætni. Skulu þeir nema staðar við gangbrautir, ef vegfarandi er þar á ferð fram undan ökutækinu eða á leið fyrir það. Enn fremur skulu ökumenn nema staðar við gangbrautir, ef vegfarandi bíður sýnilega færís að komast yfir götuna eða er í þann veginn að fara út á gangbraut. Þegar ökumenn af þessum ástæðum hafa numið staðar, skulu þeir bíða unz hinir fótgangandi vegfarendur eru komnir leiðar sinnar. Fótgangandi vegfarendur eru og skyldir til að gæta almennrar varkárni, er þeir leggja leið sína út á gangbrautir. Sérstaklega skulu þeir gæta þess, að ökutæki, sem nálgast, hafi nægan tíma og svigrúm til þess að nema staðar utan markalínu gangbrautarinnar, ef þess gerist þörf.

Bannað er að stöðva ökutæki á gangbrautum eða þannig, að nokkur hluti þess taki inn yfir gangbrautina, nema að nauðsyn beri til, svo sem til að forðast árekstur eða slys.

222

24. nív.

28. gr.

Það er bannað að aka eða ríða á móti hópgöngum og líkfyldum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unnt er, eða nema staðar, meðan þær fara fram hjá. Hópganga telst, þegar fólk streymir af íþróttavelli e. þ. h.

Ekki má aka eða ríða um götur, þar sem fólk hefur safnast saman til að hlusta á hornablastur eða þess háttar.

29. gr.

Á miðri götu má ekki nema staðar með hesta eða ökutæki, heldur skal það gert sem næst gangstéttinni, og aðeins halda kyrru fyrir á meðan ferming eða afferming á sér stað. Farþegar skulu og stíga gangstéttarmegin upp í farartækin og úr þeim. Ekki má nema staðar, þar sem hestur eða ökutæki heldur kyrru fyrir, beint á móti hinum megin á götunni. Enn fremur er bannað að nema staðar með hest eða ökutæki á gatnamótum eða nær þeim en 5 metra frá götuhorni, miðað við húsalínu.

Öll farartæki skulu snúa samhliða gangstétt eða götjuaðri meðan þau halda kyrru fyrir.

30. gr.

Fasta afgreiðslu bifreiða má einungis hafa í því húsnæði eða á þeim stað, sem bæjarstjórn hefur samþykkt til slíkra afnota, að fengnum tillögum lögreglustjóra. Getur bæjarstjórn veit leyfið óákveðið eða tiltekinn tíma í senn, takmarkað það við tiltekinn fjölda bifreiða og yfirleitt bundið leyfið þeim skilyrðum, er nauðsynleg eru að hennar dómi. Séu skilyrði bæjarstjórnar fyrir slíku leyfi rofin eða ef aðstæður breytast verulega, að hennar dómi, getur hún fellt leyfið úr gildi fyrirvaralaust. Þessi ákvæði taka einnig til núverandi bifreiðastöðva og bifreiða-afgreiðslna.

Lögreglustjóri eða bæjarstjórn getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð álízt hættuleg eða til sérlegra óþæginda fyrir aðra umferð. Sömuleiðis getur lögreglustjóri eða bæjarstjórn takmarkað bifreiða-ferðir innanbæjar að næturlagi.

31. gr.

Ljós á bifreiðum og reiðhjólum, sem aka um bæinn, mega ekki vera svo sterk né þannig stillt, að þau villi vegfarendum sýn.

Á bifreiðum og reiðhjólum, sem ekið er um lögsagnarumdæmið á tímabilinu frá 1. ágúst til 1. maí skulu vera ljós á þeim tíma sem eftirfarandi tafla segir:

7. jan.	frá kl. 13.30 til kl. 9.50
21. —	— — 16.10 — — 9.15
7. febr.	— — 17.10 — — 8.25
21. —	— — 17.45 — — 7.40
7. marz	— — 18.30 — — 6.30
21. —	— — 19.10 — — 6.00
7. apríl	— — 20.00 — — 5.00
21. —	— — 20.55 — — 4.00
1. ágúst	— — 22.10 — — 2.55
14. —	— — 21.25 — — 3.40
28. —	— — 20.35 — — 4.20
7. sept.	— — 19.50 — — 5.00
21. —	— — 19.00 — — 5.40
7. okt.	— — 18.05 — — 6.25
21. —	— — 17.15 — — 7.10
7. nóv.	— — 16.20 — — 8.05

21. nóv.	frá kl. 15.35 til kl. 8.50
7. des.	— — 15.00 — — 9.35
21. —	— — 14.50 — — 10.00

222

24. nóv.

32. gr.

Ef bifreið mætir vögnum eða vegfarendum á stað, þar sem hvorugir komast fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar þar, sem hinir komast fram hjá henni.

33. gr.

Óheimilt er bifreiðastjórum að gefa hljóðmerki, nema að umferðin gefi til-efni til þess.

Bifreiðastjórar skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að valda eigi hávaða á annan hátt. Þeim ber að sjá um, að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki neinn hávaða, er raski friði.

34. gr.

Auk ákvæða 11. gr. umferðarlaganna skulu hjólreiðamenn gæta þess, sem hér segir:

- Enginn má flytja með sér á reiðhjóli hluti, sem valdið geti hættu eða hindra umferðina.
- Ökuhraði á reiðhjóli má ekki vera meiri en 25 km á klst., en þar sem hjóla- maður sér skammt frá sér, í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem mikil umferð er og vegur er sleipur, skal hjólreiðamaður ávallt aka hægt og gæta sérstakrar varúðar. Sé for eða bleyta á götu, skal aka svo að ekki slettist á aðra vegfarendur, gangstéttir eða byggingar.
- Byrjendur mega ekki æfa sig á hjólum á götum bæjarins. Ekki má hjóla á gangstéttum né yfir þær, og ekki inn eða út úr hliðum.
- Enginn má aka á reiðhjóli, ef hann sökum áhrifa áfengis eða af öðrum orsökum er ekki fær um að stjórna því svo öruggt sé.

Eigandi (umráðamaður) reiðhjóls ber ábyrgð á því, að það fullnægi ákvæðum þessarar samþykktar, er það er í notkun með hans vitund og vilja. Enn fremur ber eigandi (umráðamaður) reiðhjóls ábyrgð á öðrum brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar það þeim, sem yngri eru en 14 ára.

35. gr.

Á almannafæri má ekki ríða eða aka hraðar en á hægu brokki. Ekki má ríða eða aka um gangstéttir bæjarins. Halta hesta, meidda eða svo horaða, að þeir hafa ekki fullan þrótt, má ekki nota til reiðar eða áburðar, né beita þeim fyrir vagn. Ökumenn (vagnstjórar) skulu vera nógu sterkir og þroskaðir til þess starfa. Hesta má ekki slá með öðru en þar til gerðum keyrum eða ólarsvipum, og aldrei má slá hesta í höfuð, fætur eða nára.

Vagnhlass má ekki vera þyngra en svo, að hestum veitist létt að draga það. Sami ökumaður má ekki fara með fleiri en tvo vagna, er tengslaðir séu saman. Það er bannað að festa sleða eða handvagn við aktól, sem hestum er beitt fyrir.

Á almannafæri má ekki taka beizli af hesti, sem beitt er fyrir vagn eða annað ökutæki. Láti nokkur hest standa fyrir sleða, vagni eða undir klyfjum lengur en brún nauðsyn krefur, getur lögreglan látið taka hest frá vagni og klyfjar af hesti og komið hestinum til varðveislu á kostnað þess, er flutningnum stýrir.

Hesta má aldrei binda úti við í kaupstaðnum. Ferðamenn með hesta, sem við- dvöl hafa í kaupstaðnum, skulu tafarlaust koma hestum sínum í hús eða af- girtan haga.

IV. KAFLI

Um friðun almenningseigna o. fl.

36. gr.

Mannvirki og hlutir, hverju nafni sem nefnast, er ætlaðir eru til almenningsafnota eða til prýðis á almannafæri, svo sem minnisvarða, vatnsból, brunahana, brunaboða, síma, rafleiðslutæki, götuljósker, nafnspjöld og töluspjöld á götum og húsum, bekkir, girðingar og annað þess háttar, má enginn skemma eða færa úr stað, eigi heldur ata eða saurga, ríta, rispa, tjarga, mála eða teikna á þá. Þetta á einnig við um þann hluta af húsum, múr- og trégirðingum, sem liggur að almannafæri. Enginn má raska friði fugla, sem eru á hafnarsvæðinu eða annars staðar í lög-sagnarumdæminu.

37. gr.

Enginn má skemma girðingar, sem eru við almannafæri, né setjast í þær eða klifra yfir eða upp um þær. Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjágarða, hvort sem eru girtir eða ógirtir.

38. gr.

Í kirkjugarðinum mega engir leikir eða önnur ótilhlýðileg hegðun eiga sér stað. Tré eða jurtir, sem gróðursettar eru á grafreitum eða leiðum, má enginn rífa upp eða færa úr stað, né spilla eða saurga grafreitinn á nokkurn hátt. Enginn má hafa með sér hund inn í kirkjugarðinn. Skepnum má ekki beita í kirkjugarðinn.

Börn yngri en 14 ára mega ekki vera í kirkjugarðinum, nema í fylgd með fullorðnum, sem bera ábyrgð á framferði þeirra.

39. gr.

Brot gegn reglum þeim, sem bæjarstjórnin setur um skemmtigarða, kirkjugarða, leikvelli og önnur opinber svæði, varða refsingu samkv. samþykkt þessari, enda séu reglurnar festar upp við innganginn inn í garðinn eða svæðið eða á öðrum áberandi stað í garðinum eða svæðinu.

V. KAFLI

Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

40. gr.

Bæjarstjórnin ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld eða mála nöfnin á götuhornin, þar sem þurfa þykir. Húseigendum er skylt að festa á hús sín töluspjöld, sem tákna húsaröð, og skulu þeir halda spjöldum þessum við.

41. gr.

Bæjarstjórnin ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnarvöldum, og útvegur á kostnað bæjarsjóðs spjöld í því skyni svo mörg, sem þurfa þykir. Auglýsingar um sjónleiki, samsöngva, sýningar og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem er, með samþykki hlutaðeigandi húseiganda.

Aðrar auglýsingar má og festa upp með leyfi húsráðanda, þá er lögreglustjóra hafa verið sendar þær samkvæmt prentfrelsislögum.

42. gr.

222

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum, og hreinsa vel staðinn, þar sem þær voru hafðar. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, saurga eða gera ólæsilegar á annan hátt.

VI. KAFLI

Um skemmtistaði og almennar skemmtanir.

43. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar, sem og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjórnarinnar, og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar. Veitinga- og greiðasölu má aðeins hafa um hönd í húsnaði, sem að dómi heilbrigðisnefndar er til þess hæft, og bæjarstjórnin hefur samþykkt. Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

44. gr.

Á almennum veitingahúsum eða samkomustöðum má enginn gerast sekur í ofsalegu atferli eða hávaða, svo að aðrir gestir, húsbóndi eða annað heimilisfólk eða nágrannar hafi ónáði af. Þar má heldur eigi sýna af sér ósæmilega eða hneykslanlega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd. Eigi er heimilt að láta ölvuðum mönnum í té neins konar veitingar umfram lífsnauðsynjar á almennum veitinga- eða samkomustöðum.

Hverjum þeim, sem hefur á hendi veitingasölu matar og drykkja eða selur gistingar, er skylt að gera það, sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í veitingastofu hans eða gistihúsi, sem er á móti góðri reglu og velsæmi. Skal hann sjá um, að loftræsting og þrifnaður sé í góðu lagi. Verði misbrestur á, að reglum þessum sé fylgt, eða fullnægi veitingastaðir ekki skilyrðum 43. gr., er lögreglustjóra heimilt að hanna veitingar á þessum stöðum um stundarsakir, eða fyrir fullt og allt, ef ekki er bætt úr ágöllum, að gefinni aðvörun.

45. gr.

Öllum veitingastöðum og almennum knattborðsstofum skal loka frá kl. 23.30 til kl. 6, og allir gestir, sem eigi hafa þar náttstað, skulu hafa farið út ekki síðar en hálfri stund eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, ef þeir fá náttstað á veitingastaðnum eftir lokunartíma, og heimilt skal félögum að halda samkvæmi, dansleiki eða aðrar skemmtanir fram yfir lokunartíma, ef eigi taka þátt í því aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Þó er lögreglustjóra heimilt að skipa svo fyrir, að hibýlum þeim, sem skemmtunin fer fram í, sé lokað kl. 23.30 og hvorki gestum né félagsmönnum veittur aðgangur eftir þann tíma. Enn fremur mega brúðkaup og önnur boð standa fram yfir hinn tiltekna tíma.

Ákvæði 43. og 44. gr. taka og til knattborðsstofa eftir því sem við á.

46. gr.

Enginn má halda sjónleiki fyrir borgun, nema hann fái til þess leyfi lögreglustjóra, er ákveður í samráði við bæjarstjóra, hve mikið skuli greiða í bæjar-sjóð fyrir hverja sýningu. Leyfi lögreglustjóra þarf einnig til að halda sjónleiki borgunarlaust, eða í góðgerðarskyni, eða til að styrkja fyrirtæki í almennar þarfir, en fyrir slíka sjónleiki skal ekkert gjald greiða í bæjarsjóð.

Íþróttasýningar, myndasýningar, töfrásýningar o. s. frv., eru sömu reglum háðar sem sjónleikir.

222

24. nóv.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í bænum nema með leyfi lögreglustjóra og bæjarstjórnar, og með þeim skilyrðum, að því er útbúnað og loftrými snertir, sem hún til tekur. Ákveður bæjarstjórnin hve mikið gjald skuli greiða í bæjarsjóð fyrir leyfið, annað hvort árlega eða fyrir hverja sýningu. Lögreglustjóri getur einn veitt leyfi til að halda eina sýningu í senn, og ákveður þá í samráði við bæjarstjóra gjald til bæjarsjóðs.

47. gr.

Enginn má fyrir borgun halda samsöngva opinberlega eða aðrar söngskemmtanir né heldur dansleiki, án leyfis lögreglustjóra, er í samráði við bæjarstjóra ákveður hvert gjald skuli greiða í bæjarsjóð. Án leyfis lögreglustjóra má ekki kveikja skotelda eða ganga með logandi blys (sbr. 6. gr.).

48. gr.

Hver sá, sem samkvæmt framanskráðu hefur fengið leyfi til að halda sjónleiki, dansleiki, samsöngva eða aðra þá skemmtun eða sýningu, sem talin er hér að framan, er skyldur að sjá um, að ekkert það fari fram, sem brýtur í bága við reglu eða velsæmi. Ef brestur verður á þessu, er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem við eru staddir, að fara burt. Lögreglustjóri getur og fyrirskipað skoðun á kvikmyndum og bannað sýningu á myndum, sem hann telur skaðlegar eða siðspillandi.

49. gr.

Húseigendur og húsráðendur geta bannað, að sá, er leyfi hefur fengið til að halda skemmtanir samkvæmt 46—48. gr., noti það á þeirra lóð. Sömuleiðis er sérhverjum, sem hefur sjúkling á heimili sínu, eða ef aðrar gildar ástæður eru fyrir hendi, heimilt að krefjast þess, að engar almennar skemmtanir, sem háreisti er að, séu hafðar svo nærri húsi hans, að hætta eða tjón geti af því hlotizt.

50. gr.

Við hvert veitingahús eða almennt samkomuhús skal eigandinn láta gera nægilega mörg vatnssalerni, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húseigandi sjá um, að þeim sé ávallt haldið vel hreinum.

VII. KAFLI

Um almennt hreinlæti og þrífnað o. s. frv.

51. gr.

Eigi má kasta á almannafæri, í höfnina, né í fjöruna, hræjum, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi né öðru slíku og ekki skilja neitt slíkt eftir. Eigi má heldur á þessum stöðum kasta né skilja eftir grjót, mól, sand, sorp, slor, ösku, járnarusl, víra, bréf, ávaxtahýði eða yfirleitt nokkuð það, þótt eigi sé hér sérstaklega talið, sem valdið gæti óheilmæmi, óþrífnaði, tálmunum eða óþrýði. Í ræsi má ekki fleygja neinu því, er stíflað getur vatnsrásina.

52. gr.

Peir, sem flytja vörur, eldivið, mold, mól, sand, hey eða annað um götur bæjarins, skulu gæta þess vandlega, að flutningstækin séu gerð þannig, eftir nánari ákvörðun lögreglustjóra, að ekki valdi óþrífnaði. Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður á almannafæri við flutninginn, fermingu eða affermingu, skal sá, er flytur eða flutningnum ræður, skyldur að hreinsa það upp aftur þegar í stað.

53. gr.

54. gr.

222

24. nóv.

Áburð og annað slíkt, sem óþef leggur af, má aðeins flytja um götur bæjarins í lokuðum vögnum vel þéttum. Má eigi fylla þá svo úr þeim hrynji meðan á flutningnum stendur.

55. gr.

Á húshliðar, gafla eða girðingar, sem vita að almannaþæri, má ekki hengja eða festa á annan hátt neins konar fiskiföng né annað, sem óþrifnaður er af eða óþefur. Eigi má heldur hafa fiskitrönur við almannaþæri. Lifrabræðslu eða aðra vinnu, sem óþrifnaði veldur eða óhollustu, má eigi hafa á öðrum stöðum en þeim, sem heilbrigðisnefndin ákveður.

56. gr.

Á tún, sem liggja að almannaþæri, má ekki bera nokkurn þann áburð, sem megnan óþef leggur af.

57. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt má eigi hafa í nánd við almannaþæri. Þó getur bæjarstjórnin veitt undanþágu frá þessu ákvæði, að fengnum meðmælum heilbrigðisnefndar.

58. gr.

Bannað er að hafa hunda á Húsavík. Undanþágu frá banni þessu má lög-reglustjóri veita þeim mönnum, sem hafa þeirra brýna þörf við fjárgeymslu. Lög-reglustjóri annast um, að hundar, sem hafðir eru í kaupstaðnum í óleyfi, séu sendir burt eða skotnir.

59. gr.

Óheimilt er að slátra skepnum annars staðar en í sláturhúsum, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi, og þá með samþykki lögreglustjóra. Sláturhús og umhverfi þeirra skulu þrífir vel, gólf skoluð daglega, þegar slátrað er, gorilát og sorpgryfjur tæmd jafnóðum og þau fyllast og sullir látnir í sérstakt ílát, en síðan grafnir a. m. k. 1 m í jörð niður. Hundum má ekki hleypa inn í sláturhús eða þar, sem slátrað er.

60. gr.

Skylt er hús- og lóðareigendum að girða lóðir sínar sæmilegum girðingum og halda þeim vel við. Hús- eða lóðareigendum er og skylt að halda hreinum portum og öðrum byggðum eða óbyggðum lóðum kringum hús þeirra, þar á meðal rústum.

Enginn má fleygja sorpi, ösku eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns, eða orsaka að þetta berist inn á lóðina. Hver sem gerist sekur um slíkt, skal sæta sektum og flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað, og gera ráðstafanir til að aftra því, að óhreinindin berist af lóð hans á lóð annars manns.

61. gr.

Þar sem holræsi er komið í götu, skal húseiganda skylt að leggja holræsi frá húsi sínu út í göturæsið, og skal leiða allt skolp frá því og regnvatn af húsum og lóð út í göturæsið. Húseigandi skal sjá um hreinsun á ræsum þeim, er ganga frá húsinu út í göturæsið eða rennum þeim, er liggja kunna út í göturennur, og sjá um, að afrennsli í þeim stíflist ekki.

222

24. nóv.

VIII. KAFLI

Um skepnuhald o. fl.

62. gr.

Enginn má hafa sauðfé heima í landi kaupstaðarins eða á kaupstaðarlóðinni (sbr. 56. gr.) á tímabilinu frá 25. maí til 20. sept. ár hvert, nema í fjárheldri girðingu eða svo öruggri gæzlu, að ágangur á land annarra geti eigi af hlotizt. Ágangsfénað, sem fjárnefnd eða lögreglan hefur handsamað, má selja á opinberu uppboði til lúkningar áföllnum kostnaði við það, ef eigandi leysir það eigi út innan eins sólarhrings frá því honum barst tilkynning um, að það hefði verið handsamað.

63. gr.

Enginn má láta hross eða nautgripi ganga laus á kaupstaðarlóðinni, nema þau séu höfð í gripheldri girðingu. Hross og nautgripir skulu ávallt hýstir á vetrum.

64. gr.

Hænsn, endur og aðrir alifuglar skulu jafnan byrgð inni í heldum girðingum tímabilið frá 1. apríl til 1. okt. ár hvert.

65. gr.

Allan kostnað, er leiðir af ráðstöfunum, sem gerðar eru út af ágangi búfjár, greiðir eigandi fjárins. Sömu leiðis allt það tjón, er ágangur þess kann að hafa valdið. Allan kostnað annan, er leiða kann af ráðstöfunum, er nefnd sú, er um getur í 62. gr., kann að gera, greiða fjáreigendur.

66. gr.

Um sauðfjárrekstra og hrossarekstra, sem koma til bæjarins til útflutnings eða slátrunar, gerir lögreglustjóri þær fyrirskipanir, er nauðsynlegar eru til að afstýra farartálma eða hættu fyrir börn og aðra vegfarendur. Naut, sem farið er með um göt-urnar, skulu ætíð leidd í nægilega traustu bandi, og að minnsta kosti tveir menn fylgja hverju nauti, árgömlu eða eldra. Ekki mega naut standa úti á götu gæzlu-laus. Naut hálfis árs eða eldri mega ekki ganga saman við kýr bæjarbúa.

67. gr.

Hesta, nautgripi, sauðfé og alifugla, sem gengur laust í kaupstaðnum á þeim tíma, sem það er óheimilt samkvæmt áður sögðu, skal lögreglan handsama. Sömu leiðis má sá, er fyrir ágangi þess verður, handsama ágangsfénaðinn til bráðabirgða, en skýra skal hann þá lögreglustjóra frá því tafarlaust. Kostnað við handsömun og varðveizlu fénaðarins greiðir eigandi þess.

IX. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar, hegningarákvæði, kostnað o. fl.

68. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir allt lögsagnarumdæmi Húsavíkurkaupstaðar, en skal því aðeins beitt utan kaupstaðarlóðarinnar, að það þyki við eiga eða því verði við komið.

69. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

70. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 14 ára drýgir, skort á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu. Hagnaður sá, sem sökudólgur kann að hafa haft af broti sínu og enginn einstakur maður á löglegt tilkall til, skal upptækur ger og renna, auk sekta, í bæjarsjóð.

222

24. nóv.

71. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjórinn gerir til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir bæjarsjóður, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

72. gr.

Allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykkt þessari og eigi verður krafizt af einstökum mönnum, greiðir bæjarsjóður.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 frá 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 1919, lög nr. 88 1938 og lög nr. 111 1940, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 24. nóvember 1952.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á heilbrigðissamþykkt fyrir Húsavíkurkaupstað.

223

26. nóv.

Samkvæmt lögum nr. 35 12. febrúar 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, er hér með eftir tillögum landlæknis staðfest eftirfarandi heilbrigðissamþykkt fyrir Húsavíkurkaupstað, er bæjarstjórn kaupstaðarins hefur samþykkt:

HEILBRIGÐISSAMÞYKKT FYRIR HÚSAVÍKURKAUPSTAÐ

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin gildir fyrir lögsagnarumdæmi Húsavíkurkaupstaðar.

2. gr.

Heilbrigðisnefnd skipa þrjú menn. Lögreglustjóri og héraðslæknir eru sjálfkjörnir í nefndina, og er lögreglustjóri formaður hennar. Þriðji nefndarmaðurinn er kosinn af bæjarstjórn úr hópi þeirra, er bæjarstjórn skipa.

223

26. nóv.

3. gr.

Heilbrigðisnefnd hefur á hendi eftirlit, að því er varðar þrifnað, heilbrigði og hollustuhætti, með allri þeirri starfsemi og stofnunum, sem samþykkt þessi fjallar um. Hefur nefndin gát á, að ákvæði samþykktarinnar og ákvæði almennra laga og reglugerða þar að lútandi séu haldin.

Hún ræður heilbrigðisfulltrúa og ákveður starfssvið hans með erindisbréfi, enda komi samþykki bæjarstjórnar til. Heilbrigðisfulltrúi tekur laun úr bæjarsjóði, en lýtur að öðru leyti heilbrigðisnefnd og héraðslækni.

4. gr.

Formaður kveður heilbrigðisnefnd til fundar, svo oft sem honum þykir þurfa og að jafnaði ekki sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Hann er skyldur að kveðja nefndina á fund, þegar einn nefndarmaður óskar þess.

Heilbrigðisfulltrúi skal sitja fundi nefndarinnar, enda séu honum boðaðir fundirnir.

5. gr.

Heilbrigðisnefnd heldur gerðabók, og skulu í hana skráðar fundargerðir.

Nefndin getur falið einhverjum nefndarmanni eða heilbrigðisfulltrúa að vera fundarritari. Fundargerðir skulu að jafnaði sendar bæjarstjórn (bæjarráði).

Formaður annast um, að fyrirskipunum nefndarinnar sé hlýtt. Hann getur þó neitað að framkvæma ályktanir nefndarinnar, og skal þá tafarlaust skjóta málinu til bæjarstjórnar. Nú samþykkir bæjarstjórn ályktanir nefndarinnar, og ber formanni þá skylda til að láta framkvæma þær.

6. gr.

Heilbrigðisnefnd skal láta bóka allar kvartanir og kærur, sem henni berast, og einnig allt það, er henni finnst athuga- og aðfinnsluvert og undir starfssvið hennar heyrir.

7. gr.

Heilbrigðisnefnd skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka allt það, sem samþykkt þessi fjallar um, svo og annað það, er hún telur varða heilbrigði manna eða þrifnaðarháttu, hvort heldur er á almannafæri eða hjá einstaklingum utanhúss eða innan.

Ályktanir og fyrirskipanir nefndarinnar skulu yfirleitt tilkynntar skriflega þeim, sem þær varða, og skal greinilega mælt fyrir um, hverjar umbætur eða ráðstafanir nefndin telur nauðsynlegar.

8. gr.

Nú telur heilbrigðisnefnd nauðsynlegar einhverjar þrifnaðar- eða heilbrigðisráðstafanir, sem kosta fé úr bæjarsjóði, og skal hún þá leggja það mál fyrir bæjarstjórn. Þó getur nefndin á eindæmi sitt látið gera umbætur, sem brýna nauðsyn ber til að gera tafarlaust, en leita skal hún þá samþykkis bæjarstjórnar, svo fljótt sem verða má.

Ágreiningi milli heilbrigðisnefndar eða héraðslæknis annars vegar og bæjarstjórnar hins vegar um heilbrigðisráðstafanir má skjóta til yfirstjórnar heilbrigðismála.

II. KAFLI

Um hreinlæti og þrifnað á lóðum, lendum o. fl.

9. gr.

Lóðareigendum er skylt að girða lóðir sínar sæmilegum girðingum og halda þeim við, enda skal girðingum svo háttáð, að rottur og mýs geti ekki falizt í þeim.

Lóðareigendum er skylt að halda lóðum sínum hreinum og þrifalegum, þ. á m. **223**

26. nóv.

Heilbrigðisnefnd getur fyrirskipað lóðareigendum umbætur á lóðum og girðingum í þrifnaðarskyni eftir þörfum.

Á vori hverju gengst heilbrigðisnefnd fyrir almennri vorhreinsun utan dyra í kaupstaðnum. Skal lóðareigendum þá skylt að annast á sinn kostnað eftir fyrir-mælum nefndarinnar þrif á lóðum sínum og lendum og hafa lokið því innan hæfi-legs frests, er nefndin setur.

10. gr.

Eigi má fleygja ösku, sorpi, hræjum, fiskúrgangi, matarleifum, slori, rusli eða öðru því, er valdið getur óheilmæmi, óþef, óþrifnaði eða óþrýði á lóð annars manns, né í höfnina, né í fjöruna eða annars staðar á almannafæri, né skilja slíkt þar eftir eða valda því, að það berist þangað. Í ræsi má engju fleygja, er valdið getur stíflu.

11. gr.

Áburð og annað þess háttar, sem óþef getur lagt af eða veldur óþrifnaði, skal flytja í vel þéttum vögnum eða þannig umbúið, að það geti eigi runnið niður, hrunið, fokið eða sletzt við flutninginn.

Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður á almannafæri við flutning, skal sá, er flytur eða flutningi ræður, skyldur að hreinsa það upp þegar í stað.

12. gr.

Á hús eða girðingar, sem vita að almannafæri, má ekki hengja eða festa á annan hátt fiskföng né annað, sem óþef getur lagt af eða óþrifnaði valdið.

Í tún eða garða, sem liggja nærri almannafæri, má ekki bera fiskúrgang né neinn þann áburð, sem megnan þef leggur af. Bannað er að bera salernisáburð í matjurtagarða.

III. KAFLI

Um vatnsveitu, vatnsból og frárennsli.

13. gr.

Öll hús innan samþykktarsvæðisins skulu taka neytluvatn úr vatnsveitu bæjarins. Þó getur bæjarstjórn veitt undanþágu frá þessu um lengri eða skemmri tíma, enda veiti heilbrigðisnefnd meðmæli sín til þess og ráði tilhögun vatnsbólsins.

14. gr.

Heilbrigðisnefnd lætur rannsaka neytluvatn á samþykktarsvæðinu svo oft sem þurfa þykir. Hún getur bannað að nota vatn úr vatnsbólum eða látið loka þeim og fylla þau upp, ef henni þykir nauðsyn til bera.

15. gr.

Lagningu allra holræsa á samþykktarsvæðinu, hvort sem á eignum bæjarins eða einstakra manna, skal bera undir heilbrigðisnefnd til samþykkis.

16. gr.

Þar sem holræsi er komið í götu, skal húseigandi leggja holræsi frá húsi sínu út í göturæsið. Skal leiða þangað allt skolp og regnvatn frá húsinu. Húseigandi skal sjá um hreinsun á ræsum þeim, er ganga frá húsinu, og gæta þess, að frárennsli í þeim stíflist ekki.

223

26. nóv.

17. gr.
Þar sem skolpi verður ekki veitt í göturæsi, skal veita því burt í vatnsheldum holræsum samkv. fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

18. gr.

Þar sem því verður við komið, skal leggja öll skolpræsi til sjávar, og skulu þau ná út fyrir stórstraumsfjöruborð. Þó skal forðast að leggja þau til sjávar, þar sem þau geta valdið saurgun baðstaða eða öðrum óþrifnaði.

IV. KAFLI

Um salerni, sorp- og salernishreinsun o. fl.

19. gr.

Öll salerni í kaupstaðnum skulu vera vatnssalerni, enda nái holræsakerfi til hússins. Þetta ákvæði tekur þó ekki til salerna, sem verkamenn nota við útivinnu.

20. gr.

Hverju húsi skulu fylgja nægilega mörg sorpilát úr málm. Skulu þau jafnan vera lokuð, nema meðan þau eru tæmd eða í þau látið. Í sorpilát þessi skal láta allt sorp, ösku og rusl úr húsinu og af lóðinni. Skulu ílátin tæmd, áður en þau fyllast, og sorpið flutt burt. Bæjarstjórn getur látið annast burtflutninginn.

21. gr.

Heilbrigðisnefnd ákveður, hvert slíkt sorp skuli flytja. Skal þannig gengið frá því svæði, að ekki geti lagt þaðan óþef eða annar óþrifnaður borizt til manna-byggða.

V. KAFLI

Um íbúðarhúsnæði.

22. gr.

Íbúð er herbergi, eitt eða fleiri, sem nýtt eru til heimilishalds við sameiginlega eldstó til matseldar.

Íbúðarherbergi er:

1. Herbergi íbúðar, hvert um sig.
2. Herbergi, sem nýtt er til svefnvistar.
3. Herbergi, sem nýtt er til dagvistar í sambandi við svefnherbergi samkvæmt 2. tölulið.

Um stærð og loftrými íbúðarherbergja fer eftir ákvæðum byggingarsamþykktar.

23. gr.

Hverri íbúð skal fylgja:

1. Forstofa eða annað slíkt húsrými.
2. Vatnssalerni eða aðgangur að því í húsinu.
3. Þvottahús eða aðgangur að því í húsinu.

24. gr.

Um íbúðir og íbúðarherbergi í kjöllumur fer eftir almennum lögum, sem á hverjum tíma gilda um það efni, sbr. lög nr. 57 14. júní 1929, svo og eftir ákvæðum byggingarsamþykktar. Heilbrigðisnefnd úrskurðar hverju sinni um nothæfi kjallaherbergja til íbúðar.

25. gr.

Héraðslæknir og heilbrigðisnefnd skulu hafa sérstaka gát á þeim íbúðum og íbúðarherbergjum, sem ástæða er til að ætla að fullnægi ekki nauðsynlegum heilbrigðiskröfum. Getur heilbrigðisnefnd krafizt viðgerða á íbúðum og íbúðarherbergjum, sem ábótavant er, og bannað þau hibýli, sem hún telur óhæf til íbúðar að einhverju leyti eða öllu. Ef gallar eru ekki bættir innan tiltekins tíma, skal með þriggja mánaða fyrirvara senda skriflega tilkynningu um bannið til húseiganda og leigjanda hvernar íbúðar (íbúðarherbergis), enda skal miðað við 14. maí eða 1. okt. næst á eftir, nema svo bráðra aðgerða sé þörf, að framkvæmdir megi ekki dragast.

223

26. nív.

26. gr.

Nú býr húseigandi ekki í kaupstaðnum, og skal hann þá hafa þar umboðsmann, sem heilbrigðisnefnd geti snúið sér til, ef þörf gerist.

VI. KAFLI

Um veggjalýs, kakalaka, rottur og önnur meindýr.

27. gr.

Húsráðendum er skylt að tilkynna heilbrigðisnefnd, ef vart verður við veggjalús, kakalaka eða önnur þess háttar óprif í húsum þeirra eða hibýlum.

Óheimilt er að leigja íbúð eða íbúðarherbergi í húsi, þar sem slíkra óprifa verður vart, fyrr en óprifunum hefur verið útrýmt.

Enginn má flytja sig eða búslóð sína úr þess háttar hibýlum og í önnur hibýli, nema ráðstafanir, sem heilbrigðisnefnd metur gildar, séu gerðar til þess, að óprifin berist ekki með honum.

Skylt er húsráðanda að gera ráðstafanir til að eyða veggjalús og öðrum þess háttar óprifum úr húsum sínum og hlíta um það fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

Nú vanrækir húsráðandi að gera slíkar ráðstafanir innan þess frests, sem honum er settur af heilbrigðisnefnd, og er þá nefndinni heimilt að láta framkvæma ráðstafanirnar á kostnað aðila.

Rottu- eða músagang í húsum skal ætíð tilkynna heilbrigðisnefnd, og gerir hún þá í samráði við bæjarstjórn ráðstafanir til útrýmingar þeirra, eftir því sem föng eru á. Heilbrigðisnefnd getur heimtað af húseigendum endurbætur á húsum, er miðað að því að gera þau rottuheld.

VII. KAFLI

Um gripahús, áburðargeymslu og geymslu húsdýra.

28. gr.

Ekki má reisa peningshús eða áburðargeymslur eða láta fara fram höfuðviðgerðir á slíku mannvirki á samþykktarsvæðinu, nema samþykki heilbrigðisnefndar komi til.

29. gr.

Búpening má ekki hafa í sama húsi og mannaíbúð. Ef peningshús eru byggð áföst við íbúðarhús, skulu þau vera nægilega vel einangruð frá íbúðarhúsinu, að dómi heilbrigðisnefndar.

Húsin skulu vera rúmgóð, björt og loftgóð og þannig gerð, að auðvelt sé að ræsta þau.

Gólf og flór skal gera úr steinsteypu.

p

223

26. nóv.

30. gr.

Opnar forir og áburðarhaugar eru bönnuð á samþykktarsvæðinu. Allur áburður skal geymdur í áburðarhúsum eða safngryfjum.

Skal þannig um þau búið, að ekki geti borizt frá þeim ódaunn eða óhreinindi og að þau séu hættulaus mönnum og skepnum.

Bæjarstjórn lætur gera uppdrætti eða setur nánari fyrirsmæli um gerð slíkrar áburðargeymslu.

31. gr.

Sé annar búpeningur en kýr hafður í fjósi, skal hver tegund gripa vandlega afkróuð.

Alifugla og svín má ekki hafa í fjósum.

Ekki má nota fjós fyrir salerni.

Alifuglar skulu hafðir á afgirtu svæði.

Sömuleiðis skulu svínabú vel afgirt. Ekki má hafa loðdýrabú á samþykktarsvæðinu, nema leyfi heilbrigðisnefndar komi til.

32. gr.

Búfé má ekki ganga laust á götum bæjarins, nema gæzlumaður fylgi því eða það sé í öruggri vörzlu.

33. gr.

Allt hundahald er bannað í Húsavíkurkaupstað, að undanteknum þarfahundum í sambandi við kvikfjárrækt.

VIII. KAFLI

Um vinnustöðvar iðju-, iðnaðar- og verkafólks.

34. gr.

Um vinnustöðvar iðju-, iðnaðar- og verkafólks, þar með taldar verbúðir, verkamanskýli o. þ. u. l. og tilhögun á þeim, að því er lýtur að þrífnaði, heilbrigði og hollustuháttum, fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. 4.—9. gr. laga nr. 24 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum og 3.—15. gr. tilheyrandi reglugerðar nr. 10 16. febr. 1929, um eftirlit með verksmiðjum og vélum með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð nr. 95 30. júní 1941).

Umfram það sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglum skal þess gætt, sem greinir í 35. og 37. gr.

35. gr.

Þeir sem hafa með höndum, þegar samþykkt þessi gengur í gildi, iðju eða iðnað eða annan atvinnurekstur á sérstökum vinnustöðvum, sem um ræðir í 34. gr., skulu þegar í stað tilkynna það heilbrigðisnefnd og láta fylgja tilkynningunni nákvæma lýsingu á hlutaðeigandi vinnustöð og allri tilhögun þar. Getur heilbrigðisnefnd krafizt lagfæringar á því, sem á skortir, að hvað eina fullnægi fyrirskipuðum reglum, og veitir til þess hæfilegan frest.

36. gr.

Á vegum heilbrigðisnefndar skal haldin skrá yfir allar vinnustöðvar, iðnaðar- og verkafólks í umdæminu, og skoðun gerð á þeim, þegar nefndinni þykir þurfa og eigi sjaldnar en einu sinni á ári á hverri stöð. Fulltrúi heilbrigðisnefndar skal jafnan fylgjast með skoðunarmanni ríkisins, er hann gerir aðalskoðun á verksmiðjum, verkstæðum og öðrum vinnustöðvum í umdæminu og árita skoðunargerðina ásamt honum.

IX. KAFLI

223

Um skrifstofur, lesstofur, afgreiðslustofur og verzlunarbúðir, sem ekki lúta sérstöfum fyrir mælum í samþykkt þessari. 26. nóv.

37. gr.

Ekkert húsnæði má taka til afnota sem skrifstofu, lesstofu, afgreiðslustofu eða verzlunarbúð, nema hæð þess undir loft sé a. m. k. 2,5 m, enda skal engum starfsmanni ætlað minna en 10 m³ loftrúm.

Þar sem gert er ráð fyrir mikilli aðsókn aðkomufólks, getur heilbrigðisnefnd ákveðið meira loftrými.

Loftræsting skal vera í góðu lagi.

Séð skal fyrir nægilegum hita og birtu. Skal ljósflötur glugga á útvegg ekki minni en 1/8 gólfplat. Þegar unnið er við annað ljós en dagsljós, getur heilbrigðisnefnd sett sérstök ákvæði um fyrirkomulag og ljósmagn til tryggingar því, að hver starfsmaður fái hæfilega mikla og holla birtu.

Gólf skulu lögð gólfdukk eða öðru því efni, sem telja má jafngilda til hreinlætis. Skulu þau þvegin daglega utan vinnutíma.

Þurrka skal iðulega af öllum húsgögnum, áhöldum, gluggakistum, búðarhillum og þess konar og hreinsa með ryksugu áklæði, vefnaðarvörustranga og því um líkt.

Starfsfólk skal eiga greiðan aðgang að salernum og handlaugum.

X. KAFLI

Um geymslu söluvarnings.

38. gr.

Heilbrigðisnefnd segir fyrir um geymslu á vörum, einkum neyzluvörum (sbr. XIII. kafla), og húsnæði, þar sem slíkar vörur eru geymdar.

Getur hún ákveðið endurbætur, lagfæringar og hreinsun á geymsluhúsi og kveðið á um meðferð vörunnar eftir því sem þurfa þykir.

39. gr.

Geymslur skulu vera vel loftræstar, rakalausar, rottuheldar og þrifalega umgengnar.

40. gr.

Nú verður í slíkum geymslum eða vörum vart einhverra lifandi óþrifa, og skal þá tafarlaust tilkynna það heilbrigðisnefnd, sem gerir ráðstafanir til útrýmingar þeim, enda getur nefndin bannað að nota húsnæði, þangað til óþrifum hefur verið eytt.

XI. KAFLI

Um skóla og aðra kennslustaði.

41. gr.

Um skólahúsnæði og heilbrigðiseftirlit með skólum fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. 55. gr. laga nr. 34 29. apríl 1946, um fræðslu barna og væntanlegar reglugerðir, svo og 9. gr. berklavarnalaga nr. 66 31. desember 1939).

Umfram það, sem enn er fyrir mælt í almennum lögum og reglum skal þess gætt sem greinir í 42.—43. gr.

223

26. nóv.

42. gr.
Ræsting á kennslustofum skal fara fram daglega utan skólatíma, og skulu gólf, borð, bekkir, gluggakistur o. s. frv. rækilega þvegin, en ekki sópuð.

43. gr.

Skóla eða kennslustofu má ekki hafa til annars en kennslu, nema með leyfi heilbrigðisnefndar, enda sé þá fylgt fyrirmælum hennar og kröfum um ræstingu eftir á.

XII. KAFLI

Um kirkjur og almenn samkomuhús.

44. gr.

Kirkjur og önnur almenn samkomuhús skulu vera hæfilega hituð, og loftræsting svo fullkomin, að andrúmsloft haldist sem hreinast.

Veggir, gólf og sæti skulu þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Þvottur og önnur nauðsynleg hreingernig skal framkvæmd eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar, svo sem henni þykir hæfa.

45. gr.

Kirkjugestum skal sjá fyrir greiðum aðgangi að handlaugum, rennandi drykkjarvatni, nægilega mörgum vatnssalernum og þvagstæðum. Séu salerni aðgreind fyrir konur og karla.

XIII. KAFLI

Um meðferð matvæla og annarrar neyzluvöru.

A. Almenn ákvæði.

46. gr.

Um meðferð matvæla og annarrar neyzluvöru fer eftir almennum lögum og reglugerðum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 24 1. febr. 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, og reglugerðir sem settar hafa verið samkvæmt þeim lögum, einkum reglugerðir nr. 49 15. júlí 1936, um tilbúning og dreifingu á matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, og nr. 17 22. febr. 1939, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum).

B. Um mjólk og mjólkurvörur.

47. gr.

Um meðferð mjólkur og mjólkurvöru fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. 46. gr. svo og reglugerð nr. 136 19. október 1946, um mjólk og mjólkurvörur, og bráðabirgðareglur nr. 57 12. marz 1941, um framleiðslu og sölu á rjómais með eða án bragðbætandi efna).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, gilda ákvæði 48. gr.

48. gr.

Mjólk og mjólkurvörur má aðeins selja í búðum, sem heilbrigðisnefnd viðurkennir til þess hæfar. Í mjólkurbúðum má aðeins hafa á boðstólum og fara með gerilsneydda mjólk. Hins vegar má heilbrigðisnefnd leyfa sölu á ógerilsneyddri mjólk milliliðalaust frá framleiðendum til neytenda á samþykktarsvæðinu, enda uppfylli framleiðandi öll þau skilyrði, sem sett eru í lögum og reglum, sem vísað er til í 47. gr.

Einnig er heimilt að selja mjólk og mjólkurvörur á matsölu- og veitinga-
húsum til neyzlu þar. Á slíkum stöðum má þó aðeins selja gerilsneydda mjólk. **223**
26. nóv.

Aldrei má mjólk sú, sem á þennan hátt er seld, vera sambland mjólkur frá
tveimur eða fleirum framleiðendum (heimilum).

Eigi má selja mjólk og mjólkurvörur á götum úti, nema með leyfi heilbrigðis-
nefndar.

C. Um brauðgerðarhús, brauðbúðir, heimabakstur o. fl.

49. gr.

Um brauðgerðarhús, brauðbúðir og bakstur fer eftir almennum lögum og
reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. 46. gr.).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum gilda
ákvæði 50.—53. gr.

50. gr.

Í brauðbúðir skal inngangur vera beint af götu.

Á afgreiðsluborðum má aldrei geyma umbúðalausar vörur, nema í tilluktum
skáp. Brauð skulu jafnan geymd og afhent í hreinum pappír eða öðrum þvilkum
umbúðum. Afgreiðslufólk í brauðbúðum skal forðast að handfjalla vörurnar, enda
nota við afgreiðslu á kökum og öðru þess háttar þar til gerða spaða eða tengur.
Aðrar brauðvörur skulu geymdar í lokuðum skápum. Hillur, skápar og borð skulu
ekki vera fleiri en nauðsyn krefur til geymslu og sýningar á vörum, og skulu
hillur vera eigi minna en 1 cm frá vegg.

51. gr.

Ekki má neyta vöru, sem seld er í brauðbúð þar inni, nema húsnæði og annar
útbúnaður sé til þess gerður, enda komi þé sérstakt leyfi heilbrigðisnefndar til.

52. gr.

Sala á heimabökuðum brauðvörum má því aðeins eiga sér stað, að heilbrigðis-
nefnd hafi áður veitt leyfi til þess og hennar fyrirætlum sé hlýtt um húsakynni,
þrifnað og annað, er hún telur máli skipta.

53. gr.

Brauðvörur má aldrei hafa á boðstólum á götum úti eða torgum, né ganga
með þær milli húsa í framboðsskyni.

D. Um meðferð og sölu kjötvöru.

54. gr.

Um slátrun og meðferð og sölu kjötvöru og sláturs, fer eftir almennum lög-
um og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. 46. gr., svo og lög nr. 5
22. febr. 1949, um kjötmat o. fl., auglýsingu nr. 185 22. nóvember 1940, um nokkr-
ar vörur úr kjöti, og reglugerð nr. 155 8. sept. 1949, um kjötmat o. fl.).

E. Um meðferð og sölu fisks.

55. gr.

Um meðferð og sölu fisks fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum
tíma gilda um það efni (sbr. 46. gr., svo og auglýsingu nr. 186 22. nóv. 1940, um
nokkrar vörur úr fiski).

XIV. KAFLI

Um gistihús, matsöluhús og aðra veitingastaði.

56. gr.

Sá, sem vill fá leyfi lögreglustjóra til að setja á stofn eða reka gistihús, matsöluhús eða veitingastofu, skal hafa til þess meðmæli heilbrigðisnefndar. Um hvers konar veitingasölu og gistihúshald skal gætt fyrir mæla laga nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl., með áorðnum breytingum samkv. lögum nr. 33 13. júní 1937. Að öðru leyti er sú starfsemi háð fyrir mælum 57.—61. gr.

57. gr.

Herbergi, sem leigð eru til gistinga, skulu fullnægja sömu skilyrðum, sem sett eru um venjuleg íbúðarherbergi.

Gólf í gistihúsum og veitingastofum skulu lögð gólfdukk eða öðru jafngildu efni. Veggir og loft skulu máluð eða þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

Allur sængurbúnaður skal fullnægja almennum kröfum um efni og gerð. Skal rúmfatnaður ætíð vel hirtur og laus við fúkkalykt eða aðra ólykt. Skipta skal um rekkjuvoðir og koddaver a. m. k. vikulega, og ávallt, er nýjum gesti er vísað til sængur.

58. gr.

Veitingastofur skulu bjartar og loftgóðar, og skal inngangur í þær greiður um anddyri.

59. gr.

Gestir og starfsfólk skal hafa greiðan aðgang að vatnssalerni og handlaugum, svo og fatageymslum.

60. gr.

Um meðferð matar og annarrar neyzluvöru, sem framleidd er á matsölu- og veitingastöðum, fer eftir almennum lögum og reglum, er á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. 46. gr.).

61. gr.

Starfsfólk sé ekki haldið næmum sjúkdómi, hafi heilt hörund og sé hreinlegt í klæðaburði og umgengni.

XV. KAFLI

Um baðhús og baðstöðvar, sundhús og sundstöðvar, íþróttahús og íþróttasvæði.

62. gr.

Baðhús skulu vera björt og rúmgóð, með góðri loftræstingu og nægilegum hita. Gólf og veggir í 1,80 m hæð skulu vera lagðir flísum eða öðru jafngildu efni.

Biðstofur og búningsklefar skulu bjartir, nægilega rúmgóðir, loftræstir og heitir. Biðstofur og herbergi starfsfólks eru undanþegin ákvæðum um flísalagningu.

Baðker skulu þannig, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

63. gr.

Sundlaugar allar skulu vera steinsteyptar og vel sléttar innan.

Útisundlaug má ekki vera nær peningshúsum, safngryfjum, sorphaugum og öðru slíku en 200 m. Skal svo um búa, að vatn úr umhverfi sundlaugar geti ekki runnið í hana eða safnazt fyrir í kringum hana.

64. gr.

223

26. nóv.

Sundlaugavatn skal vera hreint.

Skal hreinsa og tæma laugarnar nægilega oft og gera aðrar þær ráðstafanir, sem heilbrigðisnefnd telur þurfa, til þess að verjast of miklum gerlafjöldi í vatninu.

65. gr.

Hver sundlaugarnotandi skal sápuþvo sig, áður en hann fer í laugina, enda fylgi hæfilega mörg steypuböð hverri sundlaug.

Ekki má hleypa fleiri baðgestum í laugina en svo, að a. m. k. 3,5 m² af yfirborði vatnsins komi á hvern fullorðinn mann eða 1,9 m² á hvert barn.

66. gr.

Nú vita menn eða grunar, að sundlaug sé eða verði útbreiðslustaður sjúkdóms, og skal þá tafarlaust tilkynna það héraðslækni og heilbrigðisnefnd, sem gera viðeigandi ráðstafanir, enda getur nefndin látið loka lauginni um tíma, meðan rannsókn eða sóttþreinsun fer fram.

67. gr.

Starfsfólk við baðhús og sundlaugar sé ekki haldið næmum sjúkdómi. Skal það gæta fullkomins hreinlætis og vera hreinlega til fara.

68. gr.

Búnings- og baðklefa, svo og biðstofur, gólf og ganga skal þvo og ræsta svo oft, sem þurfa þykir, og a. m. k. einu sinni á dag.

69. gr.

Útibaðstaðir, aðrir en sundlaugar, skulu og háðir eftirliti heilbrigðisnefndar. Skal þess einkum gætt, að ekki sé hætta á, að vatnið (sjórinn) saurgist frá skolpveitum, sorpi eða því um líku.

70. gr.

Húsakynni íþrótt- og leikfimiúska skulu vera björt (ljósflötur glugga a. m. k. 1/6 gólfplat) rúmgóð og hæfilega upphituð. Séð skal fyrir nægilegri loftræstingu. Má aldrei nota þau örar en svo, að nægilegur tími gefist til nauðsynlegrar hreinsunar og loftræstingar.

Auk æfingasala skulu vera búningsherbergi, baðherbergi og áhaldaherbergi.

71. gr.

Íþróttasvæði undir berum himni skulu þannig gerð, að þrifleg séu og af þeim stafi sem minnst ryk eða önnur óþrif. Séð skal um hreinsun á þeim eftir þörfum.

72. gr.

Í öllum þeim stofnunum, sem í þessum kafla getur, eða í sambandi við þær, skulu vera nægilega mörg vatnssalerni, þvottastæði og þvottaskálar.

Séu salerni aðgreind fyrir konur og karla.

XVI. KAFLI

Um rakarastofur, hárgreiðslustofur og snyrtistofur.

73. gr.

Rakarastofur, hárgreiðslustofur og aðrar snyrtistofur skulu vera hjartar og rúmgóðar með nægilegri loftræstingu og upphitun. Gólf og veggir skulu þannig, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

Starfsfólk og gestir skulu eiga greiðan aðgang að salernum og þvottaskálum.

223

26. nóv.

Starfsfólk sé ekki haldið næmum sjúkdómi. Skal það í hvívetna gæta hins ýtrasta hreinlætis og vera klætt hreinni, hvíttri yfirhöfn.

74. gr.

75. gr.

Ekki má taka til meðferðar fólk, sem vitanlega er haldið næmum húðsjúkdómi, eða ástæða er til að ætla, að svo sé ástatt um.

XVII. KAFLI

Um barnaheimili, elliheimili, sjúkrahús, lækningastofur og aðrar heilbrigðisstofnanir.

76. gr.

Um sjúkrahús og lækningastofur og tilhögun á þeim fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.).

77. gr.

Vistherbergi slíkra stofnana skulu vera björt og hlý, vel loftræst og rúmgóð. Séð skal fyrir nægilegum fatageymslum, salernum og hreinlætistækjum. Veggir allir og gólf skulu þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

Ekki má þurrka þvott í vistherbergjum.

Í húsakynnum skal vandleg ræsting fara fram a. m. k. einu sinni á dag.

Um heilbrigði starfsfólks fer eftir 67. gr.

78. gr.

Heilbrigðisnefnd getur í samráði við yfirlækni sjúkrahúss og lækni elliheimilis og annarra slíkra stofnana, sem ekki eru sérstök fyrirmæli um í samþykkt þessari, sett reglur um tölu sjúklinga eða vistmanna í hverju herbergi, um loftrými þeirra og önnur skipulags- og heilbrigðisatriði.

79. gr.

Biðstofur í heilbrigðisstofnunum skulu vera nægilega rúmgóðar, miðað við venjulega áætlaða aðsókn. Í biðstofu skulu vera hæfilega mörg sæti og snagar fyrir yfirhafnir.

XVIII. KAFLI

Um eftirlit með skipum, bátum, bifreiðum o. fl.

80. gr.

Um eftirlit með skipum og bátum fer eftir þeim lögum og reglum, sem á hverjum tíma þar um gilda (sbr. lög nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, með áorðnum breytingum samkvæmt lögum nr. 38 30. júní 1942, svo og tilskipun nr. 43 20. nóvember 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra).

Skal heilbrigðisnefnd ávallt eiga greiðan aðgang til eftirlits þessa.

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglum, skal þess gætt sem greinir í 81.—86. gr.

81. gr.

Eigi má flytja í skipum eða bátum sjúklinga með næma sjúkdóma, nema með ráði héraðslæknis, sem hefur um það samráð við landlækni, þegar mikið er í húfi.

82. gr.

223

26. n.óv.

Nú verður vart við í bát eða skipi veikindi eða lasleika, sem vera kann næmur sjúkdómur eða óþrifasjúkdómur, sem borizt geta manna á milli, svo sem kláða eða lús, og skal þá skipstjóri eða formaður þegar í stað tilkynna það héraðslækni, enda sé fylgt fyrirmælum hans um sóttvarnir eða útrýmingarráðstafanir.

83. gr.

Nú verður meindýra, svo sem veggjalúsar, rottu eða kakalaka, vart í bát eða skipi, og skal þá skipstjóri eða formaður tafarlaust tilkynna það héraðslækni eða heilbrigðisnefnd, er gerir nauðsynlegar útrýmingarráðstafanir.

84. gr.

Hafnsögumenn, tollþjónar, skipaskoðunarmenn og aðrir eftirlitsmenn skulu skyldir að tilkynna héraðslækni eða heilbrigðisnefnd allt, sem þeir telja athugavert um atriði þau, er í 80.—83. gr. segir.

85. gr.

Skipstjórar, formenn og útgerðarmenn bera ábyrgð á því, að fyrirmælum heilbrigðisnefndar varðandi þrifnað, heilbrigði og hollustuhætti í skipum þeirra og bátum sé hlýtt.

Kyrrsetja má skip eða bát, þangað til fyrirmælum heilbrigðisnefndar eða héraðslæknis hefur verið fullnægt.

86. gr.

Eftirlit heilbrigðisnefndar með bifreiðum, varðandi þrifnað, heilbrigði og hollustuhætti, tekur til allra leigubifreiða og áætlunarbifreiða, sem skrásettar eru á Húsavík.

87. gr.

Í öllum leigubifreiðum, sem notaðar eru til fólksflutnings, skal ávallt gætt fyllsta þrifnaðar og hreinlætis.

Ákvæði 81. gr. taka til leigubifreiða.

88. gr.

Bifreiðastjórar og bifreiðaeigendur bera ábyrgð á því, að fyrirmælum heilbrigðisnefndar varðandi þrifnað, heilbrigði og hollustuhætti í bifreiðum þeirra sé hlýtt.

Nú óhlýðnast bifreiðarstjóri eða bifreiðareigandi fyrirmælum heilbrigðisnefndar, og má þá taka bifreið úr umferð, unz kröfum nefndarinnar er fullnægt.

89. gr.

Ákvæði þessa kafla taka einnig til flugvéla, sem farþega flytja, eftir því sem við getur átt.

XIX. KAFLI

Um fangelsi og vistarverur handtekinna manna.

90. gr.

Heilbrigðisnefnd sker úr um allt, er varðar hollustuhætti húsakynna samkvæmt þessum kafla.

91. gr.

Gæta skal fyllsta hreinlætis, þvo gólf daglega, á meðan klefi er í notkun, og jafnan milli mannaskipta. Séð skal fyrir nægilegum hita og góðri loftræstingu.

223

26. nóv.

Nú kemur í ljós, að einhver vistmanna er haldinn næmum sjúkdómi eða óþrifa-kvilla, þar með talinn kláði og lús, eða grunur leikur á um slíkt, og skal þá vista hann einan í herbergi, enda sé héraðslækni tafarlaust gert viðvart.

Um hreinsun herbergis og rúmfatnaðar eftir slíka menn skal fara eftir fyrir-mælum héraðslæknis.

92. gr.

XX. KAFLI

Um líkgeymslu, líkhús og kirkjugarða.

93. gr.

Um kirkjugarða og meðferð líka fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 64 23. júní 1932, reglugerð nr. 83 25. júlí 1934, hvort tveggja um kirkjugarða, lög nr. 42 10. nóvember 1913 og reglugerð nr. 24 1. apríl 1936, hvort tveggja um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.

Um flutning líka milli sókna fer eftir ákvæðum 6. greinar laga nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma með áorðnum breytingum samkvæmt lögum nr. 28 27. júní 1941 og ákvæðum reglugerðar nr. 159 27. september 1941, um flutning líka.

94. gr.

Ókistulögð lík má ekki geyma í heimahúsum lengur en 3 sólarhringa og aldrei lengur en 7 sólarhringa, þó að kistulögð séu, nema sérstakt leyfi héraðslæknis komi til, eða þau séu í loftheldri málmkistu.

Héraðslæknir getur fyrirskipað, að lík fólks, sem dáið hefur úr næmum sjúkdómi, skuli þegar í stað kistulögð og flutt í líkhús.

95. gr.

Fundin eða sjórekin lík skal ætíð flytja í líkhús og kistuleggja, þegar að lokinni lögskipaðri rannsókn.

Fer að öðru leyti um meðferð þeirra samkvæmt ákvæðum tilvitnaðra laga og reglugerðar um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.

96. gr.

Líkhús skulu þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

Loftræsting sé góð. Ef gluggar eru á líkhúsi, skulu þeir vita á móti norðri. Í líkhúsum skal vera vatnsveita og handlaugar. Niðurfallsop skal vera úr gólfinu, sem halli að opinu.

Líkhús skulu þriffin, svo oft sem þurfa þykir og jafnan þegar í stað, eftir að þar hafa verið geymd ókistulögð lík.

97. gr.

Vatnsból megi aldrei vera nær kirkjugarði á jafnsléttu eða undan brekku en 200 metra.

XXI. KAFLI

Um aðstoð við sóttvarnir.

98. gr.

Heilbrigðisnefnd skal aðstoða héraðslækni við almennar sóttvarnir eftir óskum hans og þörfum. Skal henni heimilt, ef hættuleg farsótt kemur upp og héraðslæknir telur nauðsynlegt, að setja um stundarsakir og eftir hans tillögum sérstök viðeigandi fyrirmæli um hreinlæti utan húss og innan, meðferð og dreifingu mat-

væla og annað, er að heilsuvernd lýtur, svo og að ráða fólk til bráðabirgða til sótt- 223
gæzlu, eftirlits eða hjúkrunar.

26. nóv.

XXII. KAFLI

Lokaákvæði.

99. gr.

Heilbrigðisnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum samþykktar þessarar, þar sem um er að ræða ástand, sem eldra er en hún, eða ríkar ástæður þykja annars til.

100. gr.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að gera frekari kröfur til tryggingar þrífnaði, heilbrigði og hollustuháttum en beinlínis er fyrir mælt í samþykkt þessari, varðandi hvert einstakt atriði, enda séu þær kröfur í samræmi við ákvæði samþykktarinnar um hliðstæð atriði eða almennt viðurkenndar þrífnaðar- og heilbrigðisreglur.

Fyrirmæli samkvæmt ákvæðum þessarar greinar birtir heilbrigðisnefnd, eftir því sem á stendur, með almennri auglýsingu eða skriflegri tilkynningu til þess eða þeirra, sem í hlut eiga.

101. gr.

Bæjarstjórn skal ávallt leita umsagnar heilbrigðisnefndar um ráðstafanir, er varða heilbrigðismál.

102. gr.

Brot á samþykkt þessari eða óhlýðni við löglegar fyrirskipanir heilbrigðisnefndar varða sektum til bæjarsjóðs, allt að 5000 kr.

Nú vanrækir maður að vinna verk, er heilbrigðisnefnd hefur löglega fyrirskipað, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, og er þá nefndinni heimilt að láta vinna það, sem þarf, á kostnað aðilja. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjarsjóði, en innheimta síðan hjá aðilja, ef þörf gerist með lögtaki.

103. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal fara að hætti opinberra mála.

104. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi jafnskjótt og hún hefur verið staðfest og birt í Stjórnartíðindum, og fellur þá úr gildi heilbrigðissamþykkt fyrir Húsavíkurþorp, nr. 79 7. júní 1904.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 26. nóvember 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Gústav A. Jónasson.

224

3. des.

S A M Þ Y K K T

um breyting á samþykkt nr. 75 29. ágúst 1931, um sýsluvegasjóð fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

1. Frá Þjóðveginum í Smiðjukleifum í Þingmannadal um Fossá að Auðshaugi.
2. Frá Haukabergsá að Siglunesi á Barðaströnd.
3. Frá Gjögrum um Hænuvík, Hænuvíkurháls og Kollsvík að Breiðavík.
4. Frá Þjóðveginum við Bjarngötudal um Máberg að Melanesi.
5. Frá Þjóðveginum í Tálknafjarðarbotni að Suðureyri.
6. Frá Þjóðveginum í Hvestu fram dalinn að Fremri-Hvestu.
7. Frá Þjóðveginum við Bakka um Grænuhlíð og Feigsdal að Granda.
8. Frá Þjóðveginum við Kolmúladal að Öskubrekku.
9. Frá Þjóðveginum við Brautarholt í Selárdal að Uppsölum.
10. Frá Reykjafirði um Trostansfjörð, Sperðlahlíð, Langabotn og Krosseyri að Steinanesi.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, um sýsluvegasjóði, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 3. desember 1952.

Hermann Jónasson.

Brynjólfur Ingólfsson.

- 225 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Félagsheimilissjóð Starfsmanna-
3. des. félags Reykjavíkurbæjar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. des. 1952.

Skipulagsskráin er þannig:

S K I P U L A G S S K R Á

fyrir Félagsheimilissjóð Starfsmannafélags Reykjavíkurbæjar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Félagsheimilissjóður Starfsmannafélags Reykjavíkurbæjar.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Starfsmannafélags Reykjavíkurbæjar, og fer stjórn félagsins með stjórn hans.

Sjóðnum skal varið til að koma upp félagsheimili fyrir Starfsmannafélag Reykjavíkurbæjar með því að kaupa eða byggja hús í þessu skyni og standa undir rekstri þess.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins, sem stofnaður er um áramótin 1951—1952, er kr. 18882.75, sem er ágóði af happdrætti, er Starfsmannafélag Reykjavíkurbæjar efndi til í nóvembermánuði 1951. 3. des.

225

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Kr. 10.00 af árstillagi hvers félagsmanns Starfsmannafélag Reykjavíkurbæjar.
2. Allur ágóði af skemmtunum félagsins.
3. Vextir og annað fé, sem sjóðnum kann að áskotnast.

Framlag það, sem um ræðir í 1. lið, skal greitt sjóðnum eigi síðar en 15. des. ár hvert.

5. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Landsbanka Íslands eða með öðrum hætti, sem stjórnin er sammála um að telja jafn tryggilegan.

Til þess að taka út fé sjóðsins þarf undirskrift formanns og gjaldkera.

6. gr.

Til að ráðstafa fé sjóðsins þarf samþykkt almenns félagsfundar, sbr. 12. gr. félagslaga og skal þess getið í fundarboði.

7. gr.

Sjóðurinn hefur sérstakt reikningshald, og undanþeginn er hann öllum fjárskuldbindingum félagsins, sbr. þó 2. mgr. 2. gr.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

9. gr.

Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af endurskoðendum félagsins og lagður fram til samþykktar á aðalfundi félagsins.

10. gr.

Um breytingar á skipulagsskrá þessari fer með sama hætti og breytingar á lögum félagsins.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 273 30. des. 1950, varðandi gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja.

226

5. des.

39. gr. e-liður reglugerðarinnar hljóði svo:

Benzedrin, Mecodrin og önnur skyld efni og álíka hættuleg efni (t. d. Pervitin, Eufodrin o. s. frv.) og sölt þeirra, og er óheimilt að láta úti í einu meira en 150 mg handa einstaklingi. Nær þetta einnig til amfetamínlyfja og annarra skyldra efna, sem ætluð eru til að sjúga í nefið eða til annarra áþekkra nota.

226 Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum
5. des. þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 5. desember 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Gústav A. Jónasson.

227
10. des.

BRÁÐABIRGÐAGJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Hvammstangahrepps.

1. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem standa á lóð, er liggur að vegi eða opnu svæði, þar sem vatnsæðar hreppsins liggja, skal greiða tengigjald kr. 200.00 fyrir hvert hús ásamt 3% af fasteignamatsverði hússins.

2. gr.

Af öllum húsum, sem um getur í 1. gr., skal greiða árlegan vatnsskatt til vatnsveitunnar, kr. 100.00 af hverju húsi ásamt 3% af fasteignamatsverði. Ef fleiri en ein íbúð er í sama húsi, skal greiða kr. 100.00 fyrir hverja íbúð, sem er umfram eina í sama húsi.

Gjald af hverri bifreið, sem skrásett er á Hvammstanga, skal vera kr. 50.00 árlega. Fyrir vatnshana í útihúsum skal árlegt gjald vera kr. 25.00 af hverjum. Fyrir hvern kjötskrokk í sláturhúsi skal greiða kr. 0.10.

3. gr.

Húseigandi ábyrgist vatnsskattinn, svo og hver bifreiðareigandi. Gjaldldagi á vatnsskatti skal vera 15. nóvember ár hvert. Vatnsskattur greiðist oddvita eða þeim, er hreppsnefnd felur reikningshald vatnveitunnar.

4. gr.

Vatnsskatt má taka lögtaki og skal hann tryggður með lögveðrétti í hlutað-eigandi fasteign næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvammstanga-hrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. desember 1952.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð um Þorgerði Þorvarðsdóttur, húsmæðrakennara, Gerðuminning“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 12. desember 1952. 12. des.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð um Þorgerði Þorvarðsdóttur, húsmæðrakennara, Gerðuminning.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Gerðuminning, og er gefinn til minningar um Guðríði Þorgerði Þorvarðsdóttur, fædda að Stað í Súgandafirði 27. september 1916, er fórst í flugslysínu mikla við Héðinsfjörð 29. maí 1947, af vandamönnum hennar og vinum. Sjóðurinn er nú, 31. maí 1951, rúmar 25 000 krónur — tuttugu og fimm þúsund krónur —.

2. gr.

Sjóðurinn, sem er eign Húsmæðrakennarskóla Íslands, skal vera í vörzlu 5 manna úthlutunarnefndar. Fyrstu úthlutunarnefnd sjóðsins skipa: Ragnheiður Þorvarðsdóttir, systir hinnar látnu, Anna Gísladóttir, kennari við Húsmæðrakennarskólann, Ragnheiður Jónsdóttir, skólustjóri Kvennaskólans í Reykjavík, Guðrún Markúsdóttir og Þórunn Hafstein, báðar skólasystur Þorgerðar. Síðar skal úthlutunarnefnd sjóðsins skipuð sem hér segir: Skólustjóra eða einhverjum af kennurum Húsmæðrakennarskólans, skólustjóra Kvennaskólans í Reykjavík, einni af námsmeyjum Húsmæðrakennarskólans, er þær sjálfar tilnefna, fulltrúa, er gamlir nemendur Húsmæðrakennarskólans tilnefna og fulltrúa af ætt Þorgerðar. Allir skulu fulltrúar úthlutunarnefndar vera búsettir í Reykjavík. Sjóðsstjórnin skiptir þannig með sér störfum, að einn er formaður, annar gjaldkeri, þriðji ritari og tveir meðstjórnendur.

3. gr.

Sjóðsstjórnin skal sjá um ávöxtun höfuðstóls sjóðsins. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, er ábyrgð ríkissjóðs fylgir eða í Söfnunarsjóði Íslands. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal sjóðsstjórnin árlega birta ársreikninginn endurskoðaðan í Lögbirtingablaðinu eða í B-deild Stjórnartíðinda og í skýrslum Húsmæðrakennarskólans, þegar þær eru gefnar út.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Helming vaxta skal leggja við höfuðstólinn þangað til sjóðurinn nemur kr. 50000.00, þá $\frac{1}{3}$ vaxta þangað til sjóðurinn er orðinn kr. 75000.00, úr því $\frac{1}{4}$ vaxta þangað til höfuðstóllinn er orðinn kr. 100000.00; eftir það skal leggja $\frac{1}{10}$ vaxta við höfuðstólinn og má þá úthlutunarnefnd færa út starfssvið sjóðsins, ef ástæða þykir til, en jafnan skal sjóðurinn þó fyrst og fremst vera styrktarsjóður. Komi það fyrir eitthvert ár, að ekki sé veittur styrkur úr sjóðnum, sbr. 5. gr., eða eigi svo hár, sem þar getur, skulu vextir þeir, sem til útborgunar komu, en eigi var úthlutað, lagðir við höfuðstólinn.

5. gr.

Þeim hluta af vöxtum sjóðsins, er ekki á að leggja við höfuðstólinn samkvæmt 4. gr., skal varið til að styrkja efnalitlar námsmeyjar Húsmæðrakennarskóla Ís-

228 lands til framhaldsnáms í húsmæðrafræðslu erlendis, enda hafi þær kynnt sig að
12. des. áhuga og dugnaði við námið í skólanum. Nú sækja engar námsmeyjar skólans um styrk úr sjóðnum til framhaldsnáms erlendis, og má þá verja þeim hluta vaxta sjóðsins, sem til útborgunar kemur, til þess að styrkja eina eða fleiri af stúlkum þeim, sem nám stunda í skólanum. Stúlkur, sem lokið hafa námi í Kvennaskólanum í Reykjavík og nám stunda í Húsmæðrakennaraskóla Íslands, skulu, að öðru jöfnu, sitja fyrir styrkveitingu, hvort heldur er til framhaldsnáms erlendis eða á meðan þær stunda nám í skólanum.

6. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum ber að senda formanni úthlutunarnefndar fyrir 20. febrúar ár hvert. Úthlutun á styrk skal fara fram fyrir 10. marz hið sama ár, þegar um styrkúthlutun er að ræða. Eigi má veita sama styrkþega styrk oftari en þrisvar sinnum.

7. gr.

Sjóðinn ber að efla með framlögum frá nemendum Húsmæðrakennaraskólans. Þá má og efla hann með minningargjöfum.

8. gr.

Leggist Húsmæðrakennaraskóli Íslands niður um skemmri eða lengri tíma, skal ávaxta höfuðstól sjóðsins samkvæmt 4. gr., þangað til skólinn eða hliðstæð stofnun tekur aftur til starfa, og skal sjóðsnefnd hans annast þá ávöxtun.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

229 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Landkynningarsjóð Íslands“, útgefin
19. des. á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 19. des. 1952.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Landkynningarsjóð Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Landkynningarsjóður Íslands“. Tilgangur hans er að kynna Ísland og íslenzka menningu erlendis. Stofnfé hans er eitt þúsund krónur, og tekjur hans eru arður Landsútgáfunnar h. f. samkvæmt lögum þess félags og þau framlög önnur, er sjóðnum kunna að áskotnast, svo og tekjur af ráðstöfunum sjóðsins, sbr. 3. grein.

2. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn, og er formaður Landsútgáfunnar sjálfkjörinn formaður sjóðsins, en varaformaður félagsins varaformaður hans. Auk þessara tveggja manna skulu eiga sæti í stjórninni: einn fulltrúi Tónskáldafélags Íslands eða annars félags íslenzkra listskapenda eða Menntamálaráðs Íslands eða annarrar menningarstofnunar ríkisins, einn fulltrúi Ferðaskrifstofu ríkisins eða annarrar íslenzkrar ferðaskrifstofu, er annast landkynningu erlendis, svo og einn fulltrúi íslenzks útlutningssambands, er selur íslenzka framleiðslu til annarra landa.

Óski þessir aðilar ekki að tilnefna fulltrúa í sjóðstjórn fer tilnefning þeirra

fram á stjórnarfundum Landsútgáfunnar, þannig að sem best sé gætt áhugamála aðiljanna. 229

19. des.

Árlega skal einn ofangreindra þriggja fulltrúa ganga úr stjórninni, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti, en síðan eftir starfsaldri. Stjórnarmenn skipa sér varamenn í forföllum. Fundur sjóðstjórnar er lögmaður, ef auk formanns eða varaformanns eru mættir tveir aðrir stjórnarmenn.

3. gr.

Stjórnin má ráðstafa vöxtum sjóðsins og árlega allt að því helmingi af höfuðstólnum. Stofnfé sjóðsins má þó eigi skerða. Stjórnin skal árlega efna til fjársöfnunar eða happdrættis eða annarrar fjáröflunar til ágóða fyrir sjóðinn. Reikningar sjóðsins skulu árlega lagðir fram endurskoðaðir á aðalfundi Stefs.

4. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ

230

22. des.

um breyting á reglugerð nr. 107 5. ágúst 1949, um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berkla sjúklinga.

Samkvæmt lögum frá 26. nóv. 1952 verða eftirtaldar breytingar á reglugerðinni frá 1. janúar 1953:

1. gr.

Flokkar happdrættisins verða 12 í stað 6 áður.

2. gr.

Verðmæti vinninga samanlagt verður kr. 2 400 000.00. Orðin „stighækkandi“ í 2. málsgrein 6. gr. fellur niður.

3. gr.

Verð ársmiða verður kr. 120.00.

4. gr.

9. grein orðist svo:

Um vinninga í 1. flokki skal dregið 10. janúar og í 2. flokki 5. febrúar og síðan 5. hvers mánaðar eða næsta virkan dag á eftir, ef þessa daga ber upp á helgidag.

Fjármálaráðuneytið, 22. desember 1952.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir Suður-Þingeyjarsýslu og Húsavíkurbæ.

I. KAFLI

Stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Suður-Þingeyjarsýsla er eitt fjallskilafélag, sem skiptist í deildir eftir því sem landi hagar og fjöll og vatnsföll deila.

Sýslunefndin ákveður takmörk deilda eftir tillögum hlutaðeigandi sveitarfélaga.

2. gr.

Sýslunefndin í Suður-Þingeyjarsýslu hefur á hendi yfirstjórn allra málefna fjallskilafélagsins, samkvæmt gildandi sveitarstjórnarlögum, en hreppsnefndir hafa að öðru leyti alla stjórn og framkvæmd á fjallskilamálum deildanna.

3. gr.

Hver hreppsnefnd getur valið einn mann eða fleiri úr sínum flokki til að hafa á hendi stjórn og umsjón allra fjallskilamála hreppsins, og nefnast þeir fjallskilastjórar.

Þar sem svo hagar til, að ein fjallskiladeild tilheyrir tveimur eða fleiri hreppum, kjósa hlutaðeigandi hreppsnefndir sameiginlega fjallskilastjórn, er hafi störf þessi á hendi í umboði nefndanna.

II. KAFLI

Notkun upprekstrarlanda.

4. gr.

Allt land skiptist í öræfi, afréttir og heimalönd. Það skulu vera afréttir sem áður hafa verið.

Sýslunefnd getur ákveðið nýjar afréttir, ef nauðsyn ber til, eftir tillögum hreppsnefnda og með samþykki landeiganda.

5. gr.

Hver hreppsnefnd skal semja skrá með tölu og ummerkjum yfir þær afréttir, er hún hefur umsjón með, og rita hana í gerðabók hreppsins eða sérstaka fjallskilabók. Þar skal og rita allar ákvarðanir, sem gerðar eru viðkomandi fjallskilum hreppsins, og getur sýslunefnd ávallt krafizt afrits úr bókum þessum.

6. gr.

Heimilt er að nota til sumargöngu fyrir sauðfé afréttir allar, svo og heimalönd þau, er nægilegt landrými hafa og landkosti að dómi hlutaðeigandi hreppsnefndar. Ef þurfa þykir, skal hreppsnefnd láta meta til ítölu öll slík beitolönd, er sveitinni tilheyra, og hafa eftirlit með því, að þeim sé ekki ofboðið með sumarheit búpenings (sbr. lög nr. 85 1943).

7. gr.

Nú hefur ítölumat farið fram í tiltekið landssvæði, samkvæmt áður nefndum lögum, og í ljós komið, að einstaka fjáreigendur skortir land til sumararbeita fyrir fé sitt, og skulu þeir þá greiða upprekstrargjald til fjallskilasjóðs, er síðan greiðir hagatoll til þeirra landeigenda, er landrými hafa, fram yfir eigin þarfir og leyfa upprekstur í það. Skal hreppsnefnd ákveða gjöld þessi innan sveitar.

Þar sem svo hagar til, að afréttir eru í eigu eins eða fárra manna, ákveður hreppsnefndin gjöldin í samráði við þá, og getur falið þeim innheimtu sjálfum.

Heimilt er þeim fjáreiganda, sem skortir land til sumarþeir, að útvega sér það sjálfur, en tilkynna skal hann það hreppsnefndinni eigi síðar en 1. júní ár hvert. Þó fjáreigandi fái land til sumargöngu utan síns hrepps, verða eigi lögð á hann fjallskil þar, beinlínis, heldur fer þar um eftir samningi milli hlutaðeigandi hreppsnefnda, sbr. 24. gr.

8. gr.

Nú verður hreppur fyrir ágangi á afrétt eða heimalönd af fé úr öðrum hreppi, og á þá sá, er fyrir áganginum verður, kröfurétt á hinn um hagagjald.

Skýlt er, að sveitarstjórnir hlutaðeigandi hreppa geri með sér samning til tiltekins tíma um bætur fyrir áganginn eftir ástæðum á hverjum stað. Greiðast slík uslagjöld af hlutaðeigandi fjallskiladeild.

9. gr.

Sauðfé það, sem ekki hefur nægilegt landrymi til sumargöngu í heimalandi fjáreiganda, skal reka til afréttar eigi síðar en 10. júlí.

10. gr.

Rétt er þeim, sem verður fyrir ágangi á engjum sínum af sumargöngufé, að kæra það fyrir hreppsnefnd, og getur hann skotið máli sínu til fullnaðarúrskurðar sýslunefndar, ef ekki næst samkomulag.

11. gr.

Nú eiga tveir eða fleiri menn upprekstrarland saman, og skiptast þá upp- og nekkstrargjöld milli þeirra, eftir tiltölu hvers eins í upprekstrarlandi, þó einn leyfi upprekstur frekar en annar.

12. gr.

Eigi má eigandi eða umráðamaður lands, sem notað er til sumargöngu, taka sauðfé eða annan búpening í land sitt af mönnum, sem heimili eiga utan hrepps, nema með samþykki hlutaðeigandi hreppsnefndar.

Sú hreppsnefnd, sem telur of mörgu fé sleppt til sumargöngu í þau lönd, sem að hreppamörkum liggja, getur lagt það mál fyrir sýslunefnd, er tekur ákvörðun um, hvort ítölumat þurfi fram að fara.

III. KAFLI

Fjárréttir.

13. gr.

Fjárréttir skiptast í aðalréttir og aukaréttir. Aðalréttir eru nú: Miðvíkurrétt við Víkurskarð, Gljúfrárrétt í Höfðahverfi, Fnjóskárrétt og Lokastaðarétt í Fnjóskadal, Nauteyrrétt á Flateyjardal, Fellsrétt í Kinn, Litlutungurétt, Fótarrétt og Víðikersrétt í Bárðardal, Baldursheimsrétt og Reykjahlíðarétt í Mývatnssveit, Hallbjarnarstaðarétt í Reykjadal, Hraunsrétt í Aðaldal, Skógarétt í Reykjahverfi, Tungugerðisrétt á Tjörnesi og Húsavíkurrétt. — Hver aukarétt heyrir undir einhverja aðalrétt. Á aukaréttum skal rétta fyrr en á aðalrétt þeirri, er aukaréttin heyrir undir, enda gangi úrtíningsfé þaðan til aðalréttar og dragist þar upp.

231

24. des.

Skylt er hverri fjallskiladeild að annast byggingu og viðhald nauðsynlegra rétta á sínu svæði. Skulu fjáreigendur, sem sókn eiga til réttar, sjá sér þar fyrir nægilegu dilkrúmi á sinn kostnað, og hlíta samþykktum fjallskiladeildar um gerð þeirra, ef um nýbyggingu réttar er að ræða. Sama gildir um aðrar fjallskiladeildir, sem fjár geta átt von á réttinni.

Kostnað af byggingu almennings- og geymslurúms ber fjallskiladeildin.

14. gr.

Nú þykir þörf að fjölga fjárréttum, eða færa gamla rétt á annan hentugri stað, og skal þá hreppsnefnd sú eða hreppsnefndir, er hlut eiga að máli, bera málið undir atkvæði búenda í fjallskiladeildinni á almennum fundi.

Sé um aukarétt að ræða, ræður meiri hluti atkvæða málinu til fullnaðarlykta, en um aðalrétt þarf samþykki sýslunefndar til þess, að ákvörðun sé gild.

15. gr.

Valdi réttarbygging grasnámi eða jarðusla, skal bæta það landeiganda, ef krafizt er, eftir mati tveggja óvilhallra manna, er dómkvaddir séu af sýslumanni.

Endurgjald til jarðeiganda, sem og kostnað af matsgerðinni, telst með bygg-ingarkostnaði réttarinnar.

IV. KAFLI

Smölun til rúnings.

16. gr.

Allir þeir, sem jörð hafa til ábúðar, eru skyldir til að smala lönd sín á vorin eftir því, sem hreppsnefnd ákveður. Nú er jörð í eyði og enginn ákveðinn notandi að henni, ber þá fjallskiladeildinni að hlutast til um, að landið sé smalað til rúnings, ef þörf telst til og á kostnað landeiganda, eða taka ákvörðun um, hvernig kostnaður af smöluninni sé borinn uppi. Sama gildir um smölun afréttar, ef fé rennur þangað fyrir rúning.

17. gr.

Hreppsnefnd hefur vald til að ákveða hvenær vorsmölun skuli fara fram. Ókunnugt fé, sem þá kemur fyrir, og eigendur ráðstafa ekki sjálfir, ber finnanda að rýja, ef unnt er, og einnig marka unglömb. Skal hann gera eigendum aðvart um ullina, og gera grein fyrir mörkum á lömbum. Þóknun fyrir rúning má nema allt að andvirði helmings ullarinnar.

V. KAFLI

Hreinsun heimalanda.

18. gr.

Hver búandi er skyldur að hreinsa heimaland sitt á hverju hausti í sambandi við almenn fjallskil og eftir nánari fyrirmælum hreppsnefndar. Skal hreppsnefnd meta smölun þeirra til fyrstu réttar, og reikna sem framlag til fjallskila vinnu þá, sem lögð er til smölunarinnar. Rekstur til réttar reiknast með fjallskilum.

Hreppsnefnd getur skipað fyrir um almenna hreinsun heimalanda á haustin, hvenær sem henni þykir nauðsynlegt.

19. gr.

Nú liggja heimalönd tveggja eða fleiri hreppa saman, og skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir koma sér saman um, hvernig hreinsuninni skal hagað á því svæði.

21. gr.

Hver búandi er skyldur að hirða fé það, er finnst í heimalöndum, eftir að hinni almennu hreinsun er lokið, og reka til næsta bæjar þá leið, er það á að ganga. Nú kemur fjárrekstur til manns frá næsta bæ, og er hann skyldur að reka hann tafarlaust áfram rétta leið, nema kvöld sé komið eða óveður, svo að eigi sé fært. Skal þá beita fénu eða gefa hey ella, unz fært er að reka. Hver sá, sem sleppir fjárrekstri, sætir sektum.

231

24. des.

VI. KAFLI

Göngur og réttir.

22. gr.

Hver sem á sauðkindur eða geitfé ber að telja fram við hreppsnefnd fyrir 1. ágúst ár hvert allt sitt fé og gera fjallskil fyrir það á þann hátt sem hún ákveður. Skyldur er hver húsráðandi að inna fjallskil af hendi fyrir heimilisfólk sitt.

Enginn fjáreigandi er undanþeginn fjallskilum, þótt hann hafi sleppt fé sínu í heimaland. Þó getur hreppsnefnd undanskilið að meira eða minna leyti það fé, sem geymt er í eyjum eða girðingum, sem vel er við haldið. Gera má um þetta sveitarsamþykkt á lögmætum fundi, enda hafi þess verið getið í fundarboði, að málið verði borið þar fram.

23. gr.

Hreppsnefnd skal skipta löndum, sem hún hefur forsögn um fjallskil á, í tiltekin leitarsvæði og kveða á um, hvað marga menn þarf í hverja leit, og til hvaða réttar fé þaðan skuli ganga. Einnig skipar hún fyrir um hvers konar fjallskilavinnu aðra, inna þarf af höndum.

24. gr.

Þegar hreppar fá í haustgöngum ójafna fjártölu — svo að máli skiptir — hver úr annars löndum, þá er þeim hreppi, sem fleira fær féð, skylt að greiða hinum áfallinn gangnakostnað fyrir það.

Enginn hreppur verður krafinn um meiri liðsauka í göngur en nemi þeirri mannatölu, sem hann þarf að senda til fjársóknar á réttir hlutaðeigandi hrepps, en mismunurinn að öðru leyti reiknaður til verðs. Hafi upprekstur átt sér stað úr þeim hreppi, sem krafinn er, í lönd þess hrepps, sem kröfuna gerir, á hann þó rétt á sérstökum liðsafla með tilliti til þess. Hagagjald fyrir sumargöngu fjárins sé greitt eftir samkomulagi. Skulu hreppar gera með sér glögga samninga um þessi viðskipti, og séu þeir ekki uppsegjanlegir nema með tilteknum fyrirvara. Ágreiningi hreppa um þessi atriði má skjóta til fullnaðarúrskurðar sýslunefndar.

25. gr.

Nú vanrækir einhver þau fjallskil, sem á hann hafa skipzt, og er honum það sjálfrátt, eða hann leggur ógildan mann til fjallskila, — þá er það gangnarof og varðar 100—300 króna fébótum, er renna í fjallskilasjóð. Auk þess greiðir sá, er brotlegur verður, göngurnar eftir mati, nema leitarforingi eða hreppsnefnd fái mann til að inna þau af hendi, á hans kostnað.

26. gr.

Hæfan gangnamann skal álíta þann, er leitarforingi og minnst helmingur leitarmanna tekur gildan, þó aldrei yngri en 14 ára. Nú verður einhver leitarmanna sannur að óhlýðni, hirðuleysi eða handvömm, sem honum sjálfum er um að kenna, þá skal svo álíta sem enginn hafi verið lagður til fjallskila í það sinni, og að auki sæti aðili fébótum sem fyrir gangnarof. — Nú er leitarmaður ekki talinn fullgildur,

231 en þó eigi heim sendur, og reiknast honum þá kaup eftir mati leitarforingja og 24. des. hreppsnefndar.

27. gr.

Þrenn skulu fjallskil haust hvert. Auk þess skal hreppsnefnd heimilt að skipa fyrir um fleiri fjallskil, ef þörf þykir. Því aðeins skulu tvenn fjallskil látin nægja, að samþykki sýslunefndar liggja fyrir.

Nú kemur óveður, er gangnamenn eru af stað komnir og göngur byrjaðar, svo að þær verða að litlu gagni eða engu, og er þá komið undir álit hlutaðeigandi hreppsnefndar, hvort telja skuli, að nokkrar göngur hafi verið gerðar í það sinn.

28. gr.

Haustgöngur skulu byrja svo snemma ár hvert, að fyrstu réttardagar á aðalréttum verði þessir:

- a. 15. september: Nauteyrarrétt.
- b. 16. september: Gljúfrár-, Fells-, Litlutungu-, Skóga-, Húsavíkur- og Tungu-gerðis-réttir.
- c. 17. september: Lokastaða-, Víðikers- og Reykjahlíðar-réttir.
- d. 18. september: Miðvíkur-, Baldurheims-, Hallbjarnarstaða-, Hrauns- og Fótár-réttir.
- e. 19. september: Fnjóskárrétt.

Sjö dagar skulu líða milli gangna.

29. gr.

Hreppsnefnd skal birta með umburðarbréfi, er berist sem þingboð um hreppinn, nokkru á undan fjallskilum, hvað hver fjáreigandi skal leggja til fjallskilanna. Sé þar tekið fram, hvernig göngum skuli hagað í hvert skipti, tilnefndir leitarforingjar og þeir menn, sem sendir eru á aðrar fjárréttir. Hreppsnefnd skipar réttarstjóra, er hefur umsjón með réttun fjárins og sundurdrætti. — Getur hann kvatt sér til aðstoðar svo marga menn, sem þarf til þess, að sundurdráttur fjárins gangi greiðlega.

Óhlýðni og þrjózka gegn skipun réttarstjóra varðar sektum.

30. gr.

Hver fjáreigandi er skyldur til að hafa svo marga menn á þeirri fjárrétt, sem hann á sókn að, sem þarf, til þess að fé hans verði dregið svo greiðlega, sem réttarstjóri mælir fyrir. Skal að minnsta kosti einn maður vera kominn til réttar frá hverjum fjáreiganda, þá réttað er og sundurdráttur byrjar, enda má enginn reka fé frá réttinni, fyrir en honum er lokið, nema réttarstjóri leyfi.

31. gr.

Leitarforingjar skipa fyrir um, hvernig göngum skal hagað í hverri leit. Þeir sjá um, svo sem unnt er, að hver gangnamaður leysi hlutverk sitt vel af hendi, og að fjársöfnin séu rekin með reglu til réttar í tækan tíma. Svo hafa þeir og umsjón með geymslu fjárins, þar til réttarforingi tekur við því. Eru gangnamenn skyldir að hlýða leitarforingja, og varðar sektum sem fyrir gangnarof, ef út af er brugðið.

Leitarforingja er skylt að sjá um, eftir því sem frekast er hægt, að vanmetafé, eða nytjar af því, komist til byggða. Ella verði svo frá því gengið, að fundið verði.

32. gr.

Í hverri fjallskiladeild skal vera fjallskilasjóður, og er heimilt að jafna niður ákveðnu gjaldi til hans eftir tölu þess fjár, sem þar er fjallskilaskyldt. Í hann mega renna hagagjöld, eftirstöðvar af skylduvinnu til fjallskila, fundarlaun fyrir fé úr öræfaleitum og eftirleitum, sem gerðar eru á kostnað fjallskiladeildarinnar, sektir og fleira.

33. gr.

231

Tekjum fjallskilsjóðs skal verja til að standa straum af fjallskilakostnaði, sem eigi verður auðveldlega inntur af höndum með skylduvinnu, svo sem til að borga aukaleitir, öræfaleitir, eftirleitargjald fyrir fjáreigendur í deildinni, réttarbyggingar o. fl.

24. des.

Reikningar fjallskilasjóða skulu gerðir samtímis reikningum sveitarsjóða og fylgja þeim til sýslunefndar.

34. gr.

Þyki einhverjum sér gerð of mikil fjallskil, hefur hann rétt til að kæra það fyrir hreppsnefnd, er leggur úrskurð á kæru hans. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til sýslunefndar. Enginn getur með því að kæra skotið sér undan að inna þau fjallskil af hendi, er honum voru gerð.

VII. KAFLI

Eftirleitir og öræfaleitir.

35. gr.

Þá er fjallskilum er að fullu lokið, má hreppsnefnd leyfa eftirleit á afrétti, annaðhvort fyrir umsamda borgun eða á kostnað leitarmanna sjálfra.

Fjárleitir á öræfum, sem ekki geta talizt til nokkurra afrétta, skulu gerðar eftir sömu reglum sem eftirleitir, en heimilt er, að þær fari fram samtímis fjallskilum.

36. gr.

Fundarlaun fyrir fé, sem finnst í öræfaleit, skal vera $\frac{1}{3}$ hluti verðs fjárins, samkvæmt mati finnandans, en $\frac{1}{5}$ hluti verðs fyrir það fé, sem finnst í eftirleit á afrétt. Vilji fjallskilastjóri ekki leysa féð út samkvæmt þessu mati, er finnandinn skyldur til að kaupa féð tilsvarendi verði.

Fyrir óheimt fé, sem finnst í heimalöndum, eða við smölun fjár, þó í afrétt sé, eftir að fjallskilum er lokið, er ekki skylt að greiða fundarlaun.

Fé, sem finnst í öræfaleit, er skylt að farga sama haust.

37. gr.

Hver maður skal auðkenna fé sitt með glöggu marki á eyrum, og brennimarki á hægri horni, eða öðru ótvíræðu einkenni, ef eigandaskipti hafa farið fram á kind, eða eyrnamark skemmzt.

Um markréttindi fer sem í lögum er ákveðið. Hver fjáreigandi er skyldur að auðkenna fé sitt á vinstra horni með þessum sveitarbrennimörkum; eða aluminiummerki í eyra, með sömu einkennisstöfum:

Tjörneshreppur	Þ 2	Húsavíkurkaupstaður ...	Þ 3
Reykjahreppur	Þ 4	Aðaldælahreppur	Þ 5
Reykdælahreppur	Þ 6	Skútustaðahreppur	Þ 7
Bárðdælahreppur	Þ 8	Ljósavatnshreppur	Þ 9
Hálshreppur	Þ 10	Flateyjarhreppur	Þ 11
Grýtubakkahreppur	Þ 12	Svalbarðsstrandarhreppur	Þ 13

38. gr.

Öll fjármörk sýslunnar skal rita í eina skrá, er sýslunefnd semur, og skal prenta hana svo oft, er sýslunefnd álitur þurfa, og útbýta meðal búenda í fjallskilafélaginu.

231 Hver búandi er skyldur að geyma markaskrána meðal þeirra heimilisskjala, er fylgja býli hans, og skila næsta ábúanda, þá er hann flytur af jörðinni.

24. des. Vilji menn taka upp eða nota mörk, sem eigi standa í markaskránni, skulu þeir fá til þess leyfi Markaðóms Þingeyjar- og Eyjafjarðarsýslu og auk þess birta það í Lögbirtingablaðinu og senda lýsingu þess til hreppsnefnda í næstu sveitum.

VIII. KAFLI

Óskilafé.

39. gr.

Nú kemur fyrir við vorsmölun ómarkað lamb, sem engin móðir finnst að, og skal þá tilkynna það fjallskilastjóra, sem ákveður hvernig lambið skuli markað eða auðkennt. Verður lamb þetta eign fjallskilasjóðs, ef réttur eigandi kemur ekki fram síðar.

Á haustréttum annast réttarstjóri, að öll vafalömb, sem koma fyrir í réttum, séu dregin í sérstakan dilk, þar sem eigi er annað fé, og mönnum gefinn kostur á að láta lambsmæður helga sér lömbin. Þeir ómerkingar, sem ekki spyrjast upp, teljast óskilafé. Óskilafé, sem ekki finnast eigendur að, skal hreppsnefnd hirða og senda lýsingu af í næstu sveitir. Það fé, sem enginn hefur getað helgað sér fyrir lok sláturtíðar, skal fargað, og verði hvernar kindar haldið sérstöku.

Sé talið líklegt, að sýkingarhætta geti stafað af óskilafé, skal því slátrað án tafar eftir hverjar réttir.

Því óskilafé, sem einhver einkenni hefur, skal hreppsnefnd lýsa í opinberu blaði. Hafi enginn sannað eignarrétt sinn á fénu innan sex mánaða frá birtingu auglýsingarinnar fellur verð þess í fjallskilasjóð að frádregnum kostnaði.

IX. KAFLI

Fjárrekstrar.

40. gr.

Þegar sauðfé er rekið um hérað, skal þess gætt, að rekstri hverjum fylgi nægilega margir og duglegir rekstrarmenn, svo að sem minnstur bagi verði að fyrir þá, er lönd þau eiga, sem um er rekið eða í er að. Eigi má leggja upp með slíka rekstra að morgni fyrr en markljóst er orðið, og eigi halda áfram að kveldi eftir að fer að skyggja, nema brýna nauðsyn beri til.

Allt fé í sláturfjárrekstrum skal vera merkt ákveðnum rekstrarmerkjum, sem séu svo glögg, að þau sjáist tilsýndar í björtu, og svo traust, að þau máist ekki af, þó að votviðri gangi. Rekstrarmönnum ber að gæta þess vandlega, að annað fé lendi eigi saman við reksturinn, en verði það, skulu þeir, þegar þeir verða þess varir, draga það fé úr rekstrinum og annast um, að það komist í átt Haga sína, eigendum kostnaðarlaust.

Skaða, sem hlýzt af því, að út af þessu er brugðið, ber eiganda eða umsjónarmanni rekstursins að greiða eiganda fjárins, en sannist það, að skaðinn stafi af skýtingarleysi rekstrarmanns, skal hann auk þess sæta sektum.

Skylt er sláturhúsum að láta fara fram markskoðun á öllu fé, sem þar er leitt til slátrunar.

41. gr.

Sýslunefndin sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda út af fjallskilamálum.

Enn fremur geta einstakir menn komið sér saman um að leggja slík ágreiningsmál undir úrskurð sýslunefndar.

42. gr.

231

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 100—1000 kr. eftir málavöxtum, er renni í fjallskilasjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið, eða í sýslusjóð. 24. des.

43. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal fara með sem almenn lögreglumál.

44. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi fjallskilareglugerð fyrir Suður-Þingeyjarsýslu nr. 107, frá 1. september 1937.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. desember 1952.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

AUGLÝSING

232

um innheimtu skemmtanaskatts árið 1953. 29. des.

Ákveðið hefur verið að nota heimild laga nr. 111 29. desember 1952 til þess að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi árið 1953.

Leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum eru undanþegnar álaginu.

Í menntamálaráðuneytinu, 29. desember 1952.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

GJALDSKRÁ

233

fyrir eftirlit með öryggisráðstöfunum á vinnustöðum. 30. des.

Samkvæmt 45. gr. laga nr. 23 1. febrúar 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra atvinnufyrirtækja skulu árlega greiða gjald í ríkissjóð fyrir eftirlit með verksmiðjum, vinnustöðum og vélum, svo sem hér segir:

A. Persónugjald:

Fyrir hvern verkamann eða konu, sem vinnur í fyrirtæki, skal greiða árlega kr. 6.00.

233 Skal tala verkafólks miðuð við það, sem hún er þegar fyrirtæki er í fullum 30. des. gangi við venjulegan rekstur, t. d. vertíðarrekstur frystihúsa eða síldarverksmiðju.

B. Eimkatlar og hylki fyrir þrýsting:

1. flokkur. Gjald kr. 30.00.

Lágþrýstieimkatlar með allt að 2 kg/cm² þrýstingi og katlar með hærri þrýstingi, sem hafa allt að 2 m² hitaflöt. Opnir eimhitaðir geymar og lokuð eimhituð hylki með allt að 2 m³ rúmtaki. Þrýstiloftshylki með allt að 2 m³ rúmtaki.

2. flokkur. Gjald kr. 75.00.

Eimkatlar, sem hafa meiri þrýsting en 2 kg/cm² og eru með hitafleti frá 2 m² til 30 m². Lokuð eimhituð hylki, sem hafa stærra rúmtak en 2 m³. Eimhitaðir suðukatlar og þurrkarar. Þó suðuketill eða þurrkari sé með hræribúnaði eða öðrum hreyfibúnaði reiknast aðeins gjald vegna aflvélar, en ekki vegna vélbúnaðar. Reykhitaðir forkatlar og yfirhitunarkerfi. Þrýstiloftshylki með meira en 2 m³ rúmtaki.

3. flokkur. Gjald kr. 150.00.

Eimkatlar með meira en 30 m² hitafleti.

C. Aflvélar:

Af hverju hestafla aflvélar greiðist kr. 1.00. Fyrir varaafvlél greiðist kr. 0.25 af hestafla. Fyrir hvern rafmótor, sem notaður er til aflyfirfærslu frá eigin rafstöð fyrirtækis greiðist kr. 2.00.

D. Vinnuvélar:

1. flokkur. Gjald kr. 2.50.

Dælur, sem nota allt að 5 hö, ádráttarsteinar, brjóstsykurgerðarvélar, gosdrykkjagerðarvélar, bókbandsvélar, fægivélar skósmiða, saumavélar, mjólkurstöðvarvélar, brauðgerðarvélar, skógerðarvélar, hnappagatavélar, prjónavélar, sniðavélar.

2. flokkur. Gjald kr. 5.00.

Dælur, sem nota frá 5 til 10 hö, hræritæki í kerjum, málmismiðavélar, loftblásarar, plastiðnaðarvélar, gúmiðnaðarvélar, reyklásarar, leðurgerðarvélar, þrýstiloftspjöppur, sem nota allt að 5 hö.

3. flokkur. Gjald kr. 10.00.

Prentvélar, oliuburðarvélar, dúkafægivélar, vökvaprýstipressur, hjámiðjuþrýstipressur, skrúfupressur, niðursuðuvélar, sápuðgerðarvélar, súkkulaði elti- vélar, málningargerðarvélar, fataþvottavélar, gærurotunarvélar, sútunarvélar, flöskuafyllingarvélar, síldar- og fiskimjölsvélar, síldarolíuvélar, ullarvinnslu- vélar, steinsmiðavélar, dósa- og flöskupvottavélar, grjótmulningsvélar, flóka- gerðarvélar, tuskutætarar, dælur sem nota meira en 10 hö, þrýstiloftspjöppur, sem nota 5 til 10 hö, hampvinnsluvélar, pappagerðarvélar.

4. flokkur. Gjald kr. 25.00.

Skipadráttarvindur, einfaldir sveifflugálgar (fastir), einfaldar lyftivindur, þrýstiloftspjöppur, sem nota meira en 10 hö, gasframleiðslutæki, fallhamrar, steypuhrærivélar.

5. flokkur. Gjald kr. 50.00.

Farstólar í vörugálgum (krönum), farandkranar (gjaldið reiknast auk afl- vélargjalds), lyftitæki í vörugæymslum, lyftivagnar, bifreiðalyftur (loftþjöppu- og aflvélargjald innifalið).

6. flokkur. Gjald kr. 75.00.

233

Skipadráttarvagnar, kolakraninn í Reykjavík og aðrir svipaðir vörukranar (gjaldið reiknast auk aflvélagjalds og farstólagjalds). Fólkslyftur og aðrar sjálfvirkar lyftur með fallhemlum.

30. des.

7. flokkur. Gjald kr. 100.00.

Jarðýtur, vélskóflur, ámokstursvélar og aðrar svipaðar vélar, fallhamrar (aflvélagjald innifalið).

E. Frystivélar:

1. flokkur. Gjald kr. 10.00.

Frystivélar með allt að 10 000 kg/cal. afköstum.

2. flokkur. Gjald kr. 25.00.

Frystivélar með 10 000 til 20 000 kg/cal. afköstum.

3. flokkur. Gjald kr. 50.00.

Frystivélar með 20 000 til 50 000 kg/cal. afköstum.

4. flokkur. Gjald kr. 100.00.

Frystivélar með yfir 50 000 kg/cal. afköstum.

F. Verkpallar:

Ef verkpallar eru við hús, sem eru í smíðum, greiðist kr. 0.10 af hverjum teningsmetra hússins. Ef hús er aðeins einnar hæðar íbúðarhús, eða ef vegg hæð húss undir þakskegg er ekki yfir 3,5 m, greiðist ekki gjald vegna verkpalla.

Ef verkpallar eru notaðir við endurbætur, lagfæringar eða málun húsa eða skipa, eða við hleðslu á vörum, greiðist kr. 0.25 fyrir hvern hlaupandi lengdar-metra verkpalls. Þó skal ekki greiða gjald af verkpöllum, sem eru í minna en tveggja metra hæð frá jörð.

Fyrir færanlega verkpalla, sem hanga í strengjum eða eru færanlegir upp og niður á einni eða tveim stöðum, greiðist kr. 25.00.

G. Losun og lestun skipa:

Ef skip, sem flytur vörur, er yfir 100 smálestir að stærð, greiðist kr. 0.05 fyrir hverja smálest, sem losuð er úr því eða lestuð í það.

Af losun og lestun vöruflutningaskips, sem er minna en 100 smálestir að stærð og af losun og lestun fiskiskips greiðist ekki gjald.

H. Húsakynni án véla:

Fyrir íbúðarskála verkafólks greiðist kr. 0.50 af hverjum fermetra gólfplat.

